ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 10

32. árgangur

20.2.2025

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2025/EES/10/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/419 frá 23. janúar 2019 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Japan samkvæmt lögum um vernd persónuauðkennaupplýsinga 1

2025/EES/10/02 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2316 frá 22. desember 2021 um Evrópuár æskunnar (2022) 59

2025/EES/10/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/914 frá 4. júní 2021 um föst samningsákvæði um miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 68

2025/EES/10/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/691 frá 28. apríl 2022 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 99

2025/EES/10/05 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/693 frá 27. mars 2023 um breytingu á ákvörðunum (ESB) 2017/1214, (ESB) 2017/1215, (ESB) 2017/1216, (ESB) 2017/1217, (ESB) 2017/1218, (ESB) 2017/1219 og (ESB) 2018/680 að því er varðar gildistíma viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun 117

2025/EES/10/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1562 frá 27. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 121

2025/EES/10/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/818 frá 28. nóvember 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 153/2013 að því er varðar framlengingu tímabundinna neyðarráðstafana um kröfur miðlægra mótaðila um tryggingar 155

2025/EES/10/08 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/205 frá 7. nóvember 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1239 að því er varðar stofnun gagnasafns fyrir sameiginlega gátt fyrir siglingar í Evrópu og um breytingu á viðaukanum við hana 158

2025/EES/10/09 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1681 frá 6. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar brunaþol byggingarvara 365

2025/EES/10/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2024/404 frá 30. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar að uppfæra viðeigandi ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að ljúka við gerð verklags sem gildir um bilun í þráðlausum fjarskiptum og að fella brott viðbæti viðaukans við þá reglugerð 379

2025/EES/10/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/216 frá 11. janúar 2024 um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 að því er varðar skráða sjúkdóma í lagardýrum og skrána yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma 409

2025/EES/10/12 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1229 frá 20. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 með því að fastsetja sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri og aðferðir til greiningar á þessum efnum í fóðri 413

2025/EES/10/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1685 frá 17. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr 420

2025/EES/10/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1723 frá 20. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni fyrir beitardýr til mjólkurframleiðslu af nautgripa-, sauðfjár- og geitakyni (leyfishafi er International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi hans er GAB Consulting GmbH) 424

2025/EES/10/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1727 frá 20. júní 2024 um að taka tiltekin fóðuraukefni af markaði 427

2025/EES/10/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1730 frá 20. júní 2024 um leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín (leyfishafi er LANXESS Chemical B.V.) 434

2025/EES/10/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1743 frá 21. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) 440

2025/EES/10/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1750 frá 24. júní 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014 444

2025/EES/10/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1755 frá 25. júní 2024 um leyfi fyrir ediksýru, kalsíumasetati og natríumdíasetati sem fóðuraukefni fyrir fiska 447

2025/EES/10/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1757 frá 25. júní 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 96/2013 452

2025/EES/10/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1786 frá 27. júní 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda (leyfishafi er BASF SE) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2013 456

2025/EES/10/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1810 frá 1. júlí 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1113/2013 460

2025/EES/10/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1839 frá 3. júlí 2024 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 með því að fella brott *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. sem gjafa fóðuraukefnisins öxarbrjótsútdráttar 464

2025/EES/10/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1989 frá 22. júlí 2024 um leyfi fyrir úndek-10-enali, terpíneólasetati, d,l-borneóli, l-karvóni, d-kamfóru, d,l-ísóbornýlasetati, 3-própýlídenþalíði, fenýlediksýru, metýlsalisýlati, þýmóli, karvakróli, bensóþíasóli, terpínóleni, d,l-ísóborneóli, trans-mentóni, d,l-bornýlasetati, 3-bútýlíd-enþalíði, fenýlasetaldehýði, fenetýlasesati, fenetýlfenýlasetati, metýlfenýlasetati, etýlfenýlasetati, ísóbútýlfenýlasetati, 3-metýlbútýlfenýlasetati, 2-metoxýfenóli, 2-metoxý-4-metýlfenóli, 4-etýlgvæjakóli, 2-metoxý-4-vínýlfenóli, 4-etýlfenóli, 2-metýlfenóli, 4-metýlfenóli, 2,6-dímetoxýfenóli, fenóli, 2,6-dímetýlfenóli, 2-ísóprópýlfenóli, bensen-1,3-díóli, a-fellandreni, a-terpíneni, ?-terpíneni og l-límóneni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/245 að því er varðar skilmála leyfis fyrir d,l-ísómentóni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 468

2025/EES/10/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2039 frá 29. júlí 2024 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173 með því að fella brott fóðurau-kefni í viðaukanum við hana 548

2025/EES/10/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2040 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1070 að því er varðar að koma á umbreytingarráðstöfunum vegna endurnýjunar á leyfi fyrir blöndu með 25-hýdroxýkólekalsíferóli sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 146008 550

2025/EES/10/27 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/177 frá 11. febrúar 2020 um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 93/49/EBE og 93/61/EBE og framkvæmdartilskipunum 2014/21/ESB og 2014/98/ESB að því er varðar plöntuskaðvalda á fræjum og öðru plöntufjölgunarefni 552

2025/EES/10/28 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1648 frá 23. september 2022 um breytingu á tilskipun 2003/91/EB að því er varðar undanþágu fyrir lífrænt ræktuð yrki grænmetistegunda sem henta til lífrænnar framleiðslu 629

2025/EES/10/29 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/908 frá 17. janúar 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti fastra sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 634

2025/EES/10/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/246 frá 16. janúar 2024 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar *Pythium oligandrum* af stofni M1, *Trichoderma atroviride* af stofni AGR2 og *Trichoderma atroviride* af stofni AT10 636

2025/EES/10/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1314 frá 15. maí 2024 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir díþíanón í eða á tilteknum afurðum 639

2025/EES/10/32 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1318 frá 15. maí 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir próþíókónasól í eða á tilteknum afurðum 652

2025/EES/10/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1355 frá 21. maí 2024 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensóvindíflúpýr, klórantranilípról, emamektín, kínklórak, spírómesífen og tríflúmúrón í eða á tilteknum afurðum 670

2025/EES/10/34 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1180 frá 14. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/758 að því er varðar staðla sem varða eCall-neyðarsímtal 705

2025/EES/10/35 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1675 frá 26. júní 2023 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af framseldri reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2021/1958 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar skynvætt hraðastillingarkerfi þeirra og fyrir gerðarviðurkenningu þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar 708

2025/EES/10/36 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 frá 13. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviður-kenningu tiltekinna vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi þeirra og um breytingu á þeirri reglugerð 710

2025/EES/10/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1721 frá 19. júní 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar sniðmát fyrir viðurkenningu skynvædds hraðastillingarkerfis, þreytu- og athyglisvarakerfis, atvikarita, búnaðar sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss og háþróaðs truflunarvarakerfis 727

2025/EES/10/38 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/230 frá 25. október 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1342 að því er varðar upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti 759

2025/EES/10/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1023 frá 8. apríl 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu laktítóli 764

2025/EES/10/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1611 frá 6. júní 2024 um leyfi til að setja á markað ísómaltúlósaduft sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2017/2470 767

2025/EES/10/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2047 frá 29. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 771

2025/EES/10/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2063 frá 30. júlí 2024 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 776

2025/EES/10/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2049 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 782

2025/EES/10/44 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2061 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað safa úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 785

2025/EES/10/45 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2062 frá 30. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru 791

2025/EES/10/46 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2067 frá 31. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar að fella færslur SF-001 til SF-010 brott úr skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu 794

2025/EES/10/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2101 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 797

2025/EES/10/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2102 frá 30. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa og að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa sem er framleiddur með afleiddum stofni Escherichia coli BL-21 800

2025/EES/10/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2105 frá 31. júlí 2024 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 807

2025/EES/10/50 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2048 frá 4. júlí 2023 um leiðréttingu á framseldum reglugerðum (ESB) nr. 626/2011, (ESB) 2019/2015, (ESB) 2019/2016 og (ESB) 2019/2018 að því er varðar kröfur um orkumerkingar loftjöfnunarsamstæðna, ljósgjafa, kælitækja og kælitækja sem eru notuð við beina sölu 811

2025/EES/10/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/859 frá 18. mars 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar flokkun efnisins natríumsalisýlats með tilliti til hámarksgildis leifa í matvælum úr dýraríkinu 831

2025/EES/10/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/860 frá 18. mars 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið 17ß-estradíól 834

2025/EES/10/53 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1331 frá 28. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa forefni fíkniefna, ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM) og önnur efni, á skrá yfir skráð efni 837

2025/EES/10/54 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/905 frá 27. febrúar 2023 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilgreindum sýkingalyfjum fyrir dýr eða í afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar inn í Sambandið frá þriðju löndum 841

2025/EES/10/55 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/875 frá 21. mars 2024 um að samþykkja skrá yfir skammstafanir og skýringarmyndir, sem eru sameiginlegar fyrir allt Sambandið, sem nota skal á umbúðir dýralyfja að því er varðar 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 847

2025/EES/10/56 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/878 frá 21. mars 2024 um að samþykkja samræmdar reglur um stærð lítilla innri umbúðaeininga dýralyfja eins og um getur í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 854

2025/EES/10/57 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1328 frá 16. maí 2024 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi oktametýlsýklótetrasíloxani (D4), dekametýlsýklópent-asíloxani (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxani (D6)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 856

2025/EES/10/58 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1682 frá 4. mars 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar að bæta við unnum húsdýraáburði sem efnisþáttaefniviði í ESB-áburðarvörur 862

2025/EES/10/59 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2462 frá 19. september 2024 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar úndekaflúoróhexansýru (PFHxA), sölt hennar og skyld efni 868

2025/EES/10/60 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2564 frá 19. júní 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar samræmda flokkun og merkingu á tilteknum efnum 875

2025/EES/10/61 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1696 frá 19. júní 2024 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu asíbensólar-S-metýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389 895

2025/EES/10/62 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1718 frá 19. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/617 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metalaxýli-M 898

2025/EES/10/63 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1892 frá 10. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amísúlbróm, S-absisínsýru, þíenkarbasón og valífenalat 905

2025/EES/10/64 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1487 frá 29. maí 2024 um að skilgreina gagnakröfur vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og um að koma á vinnuáætlun um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru á markaðnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 909

2025/EES/10/65 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/324 frá 19. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, brómúkónasól, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flúópýram, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekóprópP, mepíkvat, metsúlfúrónmetýl, fosfan og pýraklóstróbín 918

2025/EES/10/66 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1734 frá 21. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar að úthluta til aðildarríkjanna mati á virka efninu deltametríni í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun 922

2025/EES/10/67 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1749 frá 24. júní 2024 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metkónasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 924

2025/EES/10/68 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1768 frá 26. júní 2024 um samþykki fyrir grunnefninu *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 930

2025/EES/10/69 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2151 frá 17. desember 2020 um reglur um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar á einnota plastvörum sem eru tilgreindar í D-hluta viðaukans við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið 934

2025/EES/10/70 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1944 frá 5. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar birtingu tilvísana í evrópsku matsskjölin fyrir varmaeinangrunarplötur úr kísiltvíoxíði alsett örholum og stífum einingum úr pólýúretanfrauði til að festa tengihluta við útveggi og aðrar byggingarvörur 945

2025/EES/10/71 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1399 frá 10. nóvember 2023 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, þilja og klæðninga úr gegnheilum viði með tilliti til viðbragða við bruna og um breytingu á ákvörðun 2006/213/EB 948

2025/EES/10/72 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/782 frá 4. mars 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar lágmarkskröfur um menntun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga 952

2025/EES/10/73 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2000 frá 24. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1070 til að rökstyðja skýrslugjöf um beitingu hennar og til að gera kleift að nota virk loftnetskerfi 961

2025/EES/10/74 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1012 frá 7. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 að því er varðar að setja viðmiðanir um þjónustu- og öryggisstig öruggra og verndaðra bílastæðasvæða og verklagsreglur um vottun þeirra 964

2025/EES/10/75 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/893 frá 21. apríl 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/340 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð 975

2025/EES/10/76 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1028 frá 20. mars 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar skilgreiningu á flóknum, vélknúnum loftförum og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar 1040

2025/EES/10/77 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 um samræmingu á kvöðum um skýrslugjöf á sviði löggjafar í tengslum við umhverfið og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 og (ESB) nr. 995/2010, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB og 2010/63/ESB, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipun ráðsins 86/278/EBE 1045

2025/EES/10/78 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2431 frá 24. október 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu 1058

2025/EES/10/79 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2049 frá 14. júlí 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar vörur með viðbættu kvikasilfri sem falla undir framleiðslu-, innflutnings- og útflutningsbann 1096

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/419 **2025/EES/10/01**

frá 23. janúar 2019

samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Japan samkvæmt lögum um vernd persónuauðkennaupplýsinga

(tilkynnt með númeri C(2019) 304) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) ([1]), einkum 3. mgr. 45. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

1. INNGANGUR

1) Í reglugerð (ESB) 2016/679 eru settar reglur um miðlun persónuupplýsinga frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila í Evrópusambandinu til þriðju landa og alþjóðastofnana að því marki sem slík miðlun fellur undir gildissvið hennar. Mælt er fyrir um reglur um alþjóðlega miðlun persónuupplýsinga í V. kafla þeirrar reglugerðar, nánar tiltekið 44.-50. gr. Flæði persónuupplýsinga til og frá löndum utan Evrópusambandsins er nauðsynlegt til að víkka út alþjóðlega samvinnu og alþjóðaviðskipti, samhliða því að tryggja að ekki verði grafið undan verndarstigi persónuupplýsinga í Evrópusambandinu.

2) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, skv. 3. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, á grundvelli framkvæmdargerðar, að þriðja land, yfirráðasvæði eða einn eða fleiri tilgreindur geiri innan þriðja lands eða alþjóðastofnun tryggi fullnægjandi vernd. Samkvæmt þessu skilyrði getur miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands, yfirráðasvæðis, geira eða alþjóðastofnunar farið fram án þess að þörf sé á frekari heimildum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 45. gr. og 103. forsendu reglugerðarinnar.

3) Eins og tilgreint er í 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skal samþykkt ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi byggjast á ítarlegri greiningu á réttarkerfi þriðja landsins bæði hvað varðar gildandi reglur um gagnainnflytjendur og takmarkanir og verndarráðstafanir er varða aðgang opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum. Í matinu þarf að ákvarða hvort viðkomandi þriðja land tryggi verndarstig sem er í „meginatriðum jafngilt“ því sem tryggt er í Evrópusambandinu (104. forsenda reglugerðar (ESB) 2016/679). Eins og Dómstóll Evrópusambandsins hefur gert ljóst krefst þetta ekki sama verndarstigs ([2]). Nánar tiltekið mega þær leiðir sem viðkomandi þriðja land hefur til málskots vera ólíkar þeim sem notaðar eru í Evrópusambandinu enda reynist þær í reynd vera árangursríkar til að tryggja fullnægjandi vernd ([3]). Af þeim sökum krefst staðallinn um fullnægjandi vernd þess ekki að reglur Sambandsins

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 5.1.2023, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1.

([2]) Mál C-362/14, *Maximillian Schrems* gegn *Data Protection Commissioner* („*Schrems*“), ECLI:EU:C:2015:650, 73. mgr.

([3]) *Schrems*, 74. mgr.

séu endurteknar lið fyrir lið. Prófun felst fremur í því að kanna hvort erlenda kerfið í heild veiti áskilið verndarstig ([4]), með efnislegum réttindum til friðhelgi einkalífs og skilvirkri framkvæmd þeirra, eftirliti og framfylgd.

4) Framkvæmdastjórnin hefur gert vandaða greiningu á japönskum lögum og venjum. Á grundvelli niðurstaðna sem mótaðar eru í forsendum 6 til 175 kemst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að Japan tryggi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem miðlað er til fyrirtækja sem falla undir gildissvið persónuverndarlaganna ([5]) og að uppfylltum þeim viðbótarskilyrðum sem um getur í þessari ákvörðun. Mælt er fyrir um þessi skilyrði í viðbótarreglum (I. viðauki) sem persónuverndarnefndin (e. Personal Information Protection Commission, PPC) ([6]) samþykkti og í opinberum skýringum (e. representations), tryggingum (e. assurances) og skuldbindingum (e. commitments) japönsku ríkisstjórnarinnar gagnvart framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (II. viðauki).

5) Þessi ákvörðun hefur þau áhrif að miðlun frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) ([7]) til slíkra fyrirtækja í Japan getur farið fram án þess að afla þurfi frekari heimilda. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á beina beitingu reglugerðar (ESB) 2016/679 gagnvart slíkum fyrirtækjum þegar skilyrði 3. gr. eru uppfyllt.

2. REGLUR UM VINNSLU UPPLÝSINGA Á VEGUM REKSTRARAÐILA

2.1. Japanski ramminn um persónuvernd

6) Réttarkerfið, sem kveður á um friðhelgi einkalífs og persónuvernd í Japan, á rætur sínar að rekja til stjórnarskrárinnar sem sett var 1946.

7) Í 13. gr. stjórnarskrárinnar stendur:

„Virða skal alla þjóðina sem einstaklinga. Réttur þeirra til lífs, frelsis og leitar að hamingju skal, að því marki sem hann skerðir ekki almenna velferð, vera kjarninn í lagasetningu og öðrum málefnum ríkisins.“

8) Á grundvelli þeirrar greinar hefur Hæstiréttur Japans skýrt rétt einstaklinga að því er varðar vernd persónuauðkennaupplýsinga. Í ákvörðun frá árinu 1969 viðurkenndi hann réttinn til friðhelgi einkalífs og persónuverndar sem stjórnarskrárvarinn rétt ([8]). Einkum var það niðurstaða dómsins að „sérhver einstaklingur hafi frelsi til þess að verja persónuauðkennaupplýsingar um sig gegn afhendingu til þriðja aðila eða opinberri birtingu án gildrar ástæðu.“ Enn fremur var það niðurstaða Hæstaréttar, í úrskurði frá 6. mars 2008 („Juki-Net“) ([9]), að „verja skuli frelsi borgaranna í einkalífi gagnvart meðferð opinbers valds, og má líta svo á að einn þáttur í frelsi einstaklingsins í einkalífi sé sá að sérhver einstaklingur hafi frelsi til þess að verja persónuauðkennaupplýsingar um sig gegn afhendingu til þriðja aðila eða opinberri birtingu án gildrar ástæðu“ ([10]).

9) Hinn 30. maí 2003 samþykkti Japan röð laga á sviði persónuverndar:

— Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga (persónuverndarlögin, APPI)

— Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila (APPIHAO)

— Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu sjálfstæðra stjórnsýslustofnana (APPI-IAA)

([4]) Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins, *Skipti á persónuupplýsingum og vernd þeirra í hnattvæddum heimi*, COM(2017)7 frá 10.1.2017, liður 3.1, bls. 6-7.

([5]) Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga (Lög nr. 57, 2003, persónuverndarlögin).

([6]) Nánari upplýsingar um persónuverndarnefndina má finna á eftirfarandi hlekk: https://www.ppc.go.jp/en/ (þ.m.t. samskiptaupplýsingar vegna fyrirspurna og kvartana: https://www.ppc.go.jp/en/contactus/access/).

([7]) Þessi ákvörðun varðar EES. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) kveður á um rýmkun innri markaðar Evrópusambandsins svo hann nái til EES-ríkjanna þriggja, Íslands, Liechtensteins og Noregs. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 6. júlí 2018 ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um að taka reglugerð (ESB) 2016/679 upp í XI. viðauka EES-samningsins og öðlaðist ákvörðunin gildi 20. júlí 2018. Reglugerðin fellur því undir þann samning.

([8]) Hæstiréttur, dómur sameinaðs dómstóls (e. Grand Bench) frá 24. desember 1969, Keishu 23. bindi, nr. 12, bls. 1625.

([9]) Hæstiréttur, dómur frá 6. mars 2008, Minshu 62. bindi, nr. 3, bls. 665.

([10]) Hæstiréttur, dómur frá 6. mars 2008, Minshu 62. bindi, nr. 3, bls. 665.

10) Tvenn síðarnefndu lögin (breytt árið 2016) fela í sér ákvæði um vernd persónuauðkennaupplýsinga af hálfu opinberra aðila. Gagnavinnsla, sem fellur undir gildissvið þessara laga, er ekki markmiðið með þeirri niðurstöðu um fullnægjandi vernd sem fram kemur í þessari ákvörðun, sem takmarkast við vernd persónuauðkennaupplýsinga hjá „rekstraraðilum, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar," í skilningi persónuverndarlaganna.

11) Persónuverndarlögin hafa verið endurbætt á undanförnum árum. Breytt persónuverndarlög voru birt 9. september 2015 og öðluðust gildi 30. maí 2017. Með breytingunni voru innleiddar ýmsar nýjar verndarráðstafanir og hún styrkti einnig gildandi verndarráðstafanir og færði þannig japanska persónuverndarkerfið nær því evrópska. Þetta felur meðal annars í sér safn framfylgjanlegra einstaklingsbundinna réttinda eða stofnun óháðs eftirlitsyfirvalds (persónuverndarnefndin, PPC) sem annast eftirlit með og framkvæmd persónuverndarlaganna.

12) Auk persónuverndarlaganna er vinnsla persónuauðkennaupplýsinga, sem fellur undir gildissvið þessarar ákvörðunar, bundin framkvæmdarreglum sem gefnar eru út á grundvelli persónuverndarlaganna. Þetta felur í sér breytingu á fyrirmælum ríkisstjórnarinnar um að framfylgja persónuverndarlögunum frá 5. október 2016 og svokölluðum framfylgdarreglum þeirra laga sem persónuverndarnefndin samþykkti ([11]). Báðir reglubálkarnir eru lagalega bindandi og framfylgjanlegir og öðluðust gildi á sama tíma og breyttu persónuverndarlögin.

13) Enn fremur gaf ríkisstjórn Japans (sem samanstendur af forsætisráðherra og ráðherrum í ríkisstjórn hans) 28. október 2016 út „grunnstefnu" til að „stuðla, með heildstæðum og öruggum hætti, að ráðstöfunum varðandi vernd persónuauðkennaupplýsinga". Samkvæmt 7. gr. persónuverndarlaganna er „grunnstefnan" gefin út sem ríkisstjórnarákvörðun og felur í sér stefnumið er varða framfylgd persónuverndarlaganna, sem beinast bæði að ríki og sveitarfélögum.

14) Nýlega breytti japanska ríkisstjórnin „grunnstefnunni" með ríkisstjórnarákvörðun sem samþykkt var 12. júní 2018. Með það fyrir augum að auðvelda alþjóðlega gagnamiðlun felur þessi ríkisstjórnarákvörðun persónuverndarnefndinni, sem lögbæru yfirvaldi sem annast stjórnsýslu og framkvæmd persónuverndarlaganna, „vald til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að brúa mismun á kerfum og starfsemi milli Japans og viðkomandi annars lands á grundvelli 6. gr. laganna í því skyni að tryggja viðeigandi meðferð persónuauðkennaupplýsinga sem berast frá því landi". Í ákvörðun ríkisstjórnarinnar er kveðið svo á um að þetta feli í sér vald til að koma á aukinni vernd á grundvelli samþykktar persónuverndarnefndarinnar á strangari reglum sem koma til viðbótar og ganga lengra en þær reglur sem mælt er fyrir um í persónuverndarlögunum og fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt þeirri ákvörðun skulu þessar strangari reglur vera bindandi og unnt að framfylgja þeim gagnvart japönskum rekstraraðilum.

15) Á grundvelli 6. gr. persónuverndarlaganna og viðkomandi ríkisstjórnarákvörðunar samþykkti persónuverndarnefndin 15. júní 2018 „Viðbótarreglur samkvæmt persónuverndarlögunum vegna meðhöndlunar persónuauðkennaupplýsinga sem miðlað er frá Evrópusambandinu á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi" („viðbótarreglurnar") með það í huga að auka vernd persónuauðkennaupplýsinga sem miðlað er frá Evrópusambandinu til Japans á grundvelli núverandi ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi. Þessar viðbótarreglur eru lagalega bindandi fyrir japanska rekstraraðila og framfylgjanlegar, bæði af hálfu persónuverndarnefndarinnar og dómstóla, á sama hátt og ákvæði persónuverndarlaganna sem fá viðbót af strangari og/eða ítarlegri reglum á grundvelli viðbótarreglnanna ([12]). Þar sem japönskum rekstraraðilum, sem taka á móti og/eða vinna frekar persónuupplýsingar frá Evrópusambandinu, mun verða lagalega skylt að fara að viðbótarreglunum munu þeir þurfa að tryggja (t.d. með tæknilegri („merkingu") eða skipulagslegum aðferðum (vistun í sérstöku gagnasafni)) að þeir geti auðkennt slíkar persónuupplýsingar á „lífsferli" þeirra ([13]). Í eftirfarandi liðum er efni hverrar viðbótarreglu greint sem hluti af mati á þeim greinum í persónuverndarlögunum sem hún kemur sem viðbót við.

16) Ólíkt því sem var fyrir breytinguna 2015, þegar þetta féll undir valdsvið ýmissa ráðuneyta í Japan á tilteknum sviðum, veita persónuverndarlögin persónuverndarnefndinni heimild til að samþykkja "viðmiðunarreglur" „til að tryggja rétta og skilvirka framkvæmd aðgerða sem rekstraraðili grípur til" samkvæmt persónuverndarreglunum. Með viðmiðunarreglum sínum leggur persónuverndarnefndin fram áreiðanlega túlkun á þessum reglum, einkum persónuverndarlögunum.

([11]) Aðgengilegt á: https://www.ppc.go.jp/files/pdf/PPC_rules.pdf

([12]) Sjá viðbótarreglur, (inngangskafli).

([13]) Þetta er ekki dregið í efa með þeirri almennu kröfu að halda skrár (einungis) í tiltekinn tíma. Jafnvel þótt uppruni gagnanna sé meðal þeirra upplýsinga sem rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar og afla þeirra, þurfa að staðfesta skv. 1. mgr. 26. gr. persónuverndarlaganna, varðar krafan skv. 4. mgr. 26. gr. persónuverndarlaganna, í tengslum við 18. gr. reglna persónuverndarnefndarinnar, aðeins tiltekið skráningarform (sjá 16. gr. reglna persónuverndarnefndarinnar) og kemur ekki í veg fyrir að rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, tryggi auðkenningu gagna til lengri tíma. Þetta hefur persónuverndarnefndin staðfest og hún lýst því yfir að „upplýsingar um uppruna ESB-gagna verði að geyma hjá rekstraraðilum, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, eins lengi og þörf krefur til að unnt sé að fara að viðbótarreglunum".

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengnar eru frá persónuverndarnefndinni eru þessar viðmiðunarreglur óaðskiljanlegur hluti af lagarammanum og ber að lesa þær með texta persónuverndarlaganna, fyrirmælum ríkisstjórnarinnar, reglum persónuverndarnefndarinnar og spurningum og svörum ([14]) sem persónuverndarnefndin tekur saman. Þær eru því „bindandi fyrir rekstraraðila“. Ef tekið er fram í viðmiðunarreglunum að rekstraraðili „verði“ eða „ætti ekki“ að aðhafast á tiltekinn hátt mun persónuverndarnefndin telja það brot á lögunum ef ekki er farið að viðkomandi ákvæðum ([15]).

2.2. **Efnislegt og persónulegt gildissvið**

17) Gildissvið persónuverndarlaganna ákvarðast af skilgreindum hugtökum sem eru persónuauðkennaupplýsingar (e. personal information), persónuupplýsingar (e. personal data) og rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar (e. personal information handling business operator). Á sama tíma kveða persónuverndarlögin á um nokkrar mikilvægar undanþágur frá gildissviði hennar, einkum að því er varðar persónuupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd (e. anonymously processed personal data) og sérstakar tegundir vinnslu hjá tilteknum rekstraraðilum. Þótt hugtakið „vinnsla“ sé ekki notað í persónuverndarlögunum er í þeim notað jafngilt hugtak „meðhöndlun“ sem tekur, samkvæmt upplýsingum frá persónuverndarnefndinni, til „hvers konar aðgerða varðandi persónuupplýsingar“, þ.m.t. öflunar, ílags, uppsöfnunar, skipulagningar, geymslu, ritstýringar/vinnslu, endurnýjunar, eyðingar, frálags, nýtingar eða miðlunar persónuauðkennaupplýsinga.

2.2.1. *Skilgreining á persónuauðkennaupplýsingum*

18) Í fyrsta lagi greina persónuverndarlögin, hvað varðar efnislegt gildissvið, persónuauðkennaupplýsingar (e. personal information) frá persónuupplýsingum (e. personal data) þar sem einungis tiltekin ákvæði laganna gilda um fyrrnefnda flokkinn. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna felur hugtakið „persónuauðkennaupplýsingar“ í sér hvers kyns upplýsingar um lifandi einstakling sem gera það kleift að bera kennsl á þann einstakling. Í skilgreiningunni er gerður greinarmunur á tveimur flokkum persónuauðkennaupplýsinga: i. einstaklingsbundnir auðkenniskóðar og ii. aðrar persónuauðkennaupplýsingar sem nota má til að bera kennsl á tiltekinn einstakling. Síðarnefndi flokkurinn tekur einnig til upplýsinga sem gera kennsl í sjálfu sér ekki möguleg en með „einföldum samanburði“ við aðrar upplýsingar er hægt að bera kennsl á tiltekinn einstakling. Samkvæmt viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar ([16]) skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort unnt sé að líta svo á að þær henti „einföldum samanburði“, með tilliti til raunverulegrar stöðu („ástands“) rekstraraðilans. Gengið er út frá því að meðal (venjulegur) rekstraraðili annist (eða geti annast) slíkan samanburð með þeim aðferðum sem hann ræður yfir. Upplýsingar henta t.d. ekki „einföldum samanburði“ við aðrar upplýsingar ef rekstraraðili þarf að sýna óvanalegt framtak eða fremja lögbrot til að afla sér upplýsinga til samanburðar frá einum eða fleiri rekstraraðilum.

2.2.2. *Skilgreining á persónuupplýsingum*

19) Einungis tiltekin form persónuauðkennaupplýsinga falla undir hugtakið „persónuupplýsingar“ samkvæmt persónuverndarlögunum. Í reynd eru „persónuupplýsingar“ skilgreindar sem „persónuauðkennaupplýsingar sem mynda gagnagrunn persónuauðkennaupplýsinga“, þ.e. „heildarsafn upplýsinga“ sem samanstendur af persónuauðkennaupplýsingum sem eru „skipulagðar kerfisbundið til að unnt sé að leita að tilteknum persónuauðkennaupplýsingum í tölvu“ ([17]) eða „eru samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar skipulagðar kerfisbundið til að leita megi auðveldlega að tilteknum persónuauðkennaupplýsingum“ en „þó ekki þær sem hafa samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar lítinn möguleika á að skaða réttindi og hagsmuni einstaklinga þegar litið er til þess með hvaða hætti þær eru notaðar“ ([18]).

20) Þessi undantekning er tilgreind nánar í 1. mgr. 3. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar en samkvæmt þeim verður að uppfylla eftirfarandi þrjú skilyrði samanlögð: i. heildarupplýsingarnar verða að hafa verið „gefnar út í þeim tilgangi að selja þær miklum fjölda ótilgreindra aðila og útgáfa þeirra brýtur ekki í bága við ákvæði laga eða fyrirmæla sem byggjast á þeim“,

([14]) Persónuverndarnefndin, spurningar og svör, 16. febrúar 2017 (breytt 30. maí 2017), aðgengilegt á eftirfarandi hlekk: https://www.ppc.go.jp/files/pdf/kojouhouQA.pdf. Í spurningum og svörum eru nefnd nokkur atriði sem fjallað er um í viðmiðunarreglunum með því að gefa hagnýt dæmi, s.s. hvað teljist vera viðkvæmar persónuupplýsingar, túlkun á samþykki einstaklinga, miðlun þriðju aðila í tengslum við skýjavinnslu eða skylda til að halda skrá um miðlun yfir landamæri. Spurningarnar og svörin liggja aðeins fyrir á japönsku.

([15]) Í kjölfar sérstakrar spurningar hefur persónuverndarnefndin upplýst Evrópska persónuverndarráðið um að „japanskir dómstólar byggi túlkun sína á viðmiðunarreglunum þegar þeir beita reglum persónuverndarlaganna eða persónuverndarnefndarinnar í einstökum málum sem höfðuð eru fyrir þeim og hafa því vísað beint í texta viðmiðunarreglna persónuverndarnefndarinnar í dómum sínum. Því eru viðmiðunarreglur persónuverndarnefndarinnar bindandi fyrir rekstraraðila einnig frá þessu sjónarhorni. Persónuverndarnefndinni er ekki kunnugt um að dómstóllinn hafi nokkru sinni vikið frá viðmiðunarreglunum.“ Með hliðsjón af þessu vísaði persónuverndarnefndin framkvæmdastjórinni á dóm á sviði persónuverndar, þar sem rétturinn byggði afdráttarlaust á viðmiðunarreglum í niðurstöðum sínum (sjá ákvörðun Héraðsdóms Osaka frá 19. maí 2006, Hanrei Jiho, bindi 1948, bls. 122, þar sem dómstóllinn úrskurðaði að rekstraraðilanum bæri skylda til að grípa til aðgerða vegna öryggiseftirlits sem byggðist á slíkum viðmiðunarreglum).

([16]) Viðmiðunarreglur persónuverndarnefndarinnar (útgáfa almennra reglna), bls. 6.

([17]) Þetta nær yfir hvers kyns rafræn skráningarkerfi. Í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar (almenn útgáfa, bls. 17) eru sérstök dæmi um þetta, t.d. skrá yfir tölvupóstföng sem vistuð eru í biðlarahugbúnaði fyrir tölvupóst.

([18]) Ákvæði 4. og 6. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna.

ii. þær verður að vera hægt að „kaupa hvenær sem er af miklum fjölda ótilgreindra aðila“ og iii. persónuupplýsingarnar sem þær hafa að geyma verður „að veita í upprunalegum tilgangi án þess að bæta við öðrum upplýsingum sem varða lifandi einstakling“. Samkvæmt þeim útskýringum sem bárust frá persónuverndarnefndinni var þessi þrönga undantekning innleidd með það að markmiði að útiloka símaskrár eða áþekkar tegundir skráa.

21) Þessi greinarmunur á „persónuauðkennaupplýsingum“ og „persónuupplýsingum“ er mikilvægur varðandi söfnun upplýsinga í Japan þar sem slíkar upplýsingar eru e.t.v. ekki alltaf hluti af „gagnagrunni fyrir persónuauðkenn-aupplýsingar“ (t.d. stöku gagnamengi sem er safnað og unnið handvirkt) og því gilda ekki þau ákvæði persónu-verndarlaganna sem varða einungis persónuupplýsingar ([19]).

22) Á hinn bóginn mun þessi greinarmunur ekki varða persónuupplýsingar sem fluttar eru frá Evrópusambandinu til Japans á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi. Þar sem slíkum upplýsingum er yfirleitt miðlað með rafrænum hætti (að því gefnu að það teljist venjuleg leið á tölvuöld til að skiptast á gögnum, einkum þegar vegalengdir eru miklar eins og á milli ESB og Japans), og verða þar með hluti af rafrænu skráningarkerfi gagnainnflytjanda, falla slík gögn ESB í flokkinn „persónuupplýsingar “ samkvæmt persónuverndarlögunum. Í því undantekningartilviki þar sem persónuupplýsingum væri miðlað frá ESB með öðrum hætti (t.d. á pappír) falla þær áfram undir persónuverndarlögin ef þær verða, að miðlun lokinni, hluti af „heildarsafni upplýsinga“ sem eru skipulagðar kerfisbundið með þeim hætti að auðvelt er að leita að tilteknum upplýsingum (ii. liður 4. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna). Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar er þetta svo þegar upplýsingarnar eru settar fram „í samræmi við ákveðna reglu“ og gagnagrunnurinn inniheldur t.d. efnisyfirlit eða atriðaskrá til að auðvelda leitina. Þetta samsvarar skilgreiningunni á „skráningarkerfi“ í 1. mgr. 2. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

2.2.3. *Skilgreining á varðveittum persónuupplýsingum*

23) Tiltekin ákvæði persónuverndarlaganna, einkum 27.–30. gr. sem varða einstaklingsbundin réttindi, gilda eingöngu um tiltekinn flokk persónuupplýsinga, nánar tiltekið „varðveittar persónuupplýsingar“. Þær eru skilgreindar skv. 7. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna sem persónuupplýsingar aðrar en þær sem eru annaðhvort: „samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar taldar líklegar til að skaða almannahagsmuni eða aðra hagsmuni ef veitt er vitneskja um tilvist eða fjarveru þeirra“ eða ii. „merktar til eyðingar innan tímabils sem er ekki lengra en eitt ár samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar“.

24) Að því er fyrri flokkinn af þessum tveimur varðar eru settar fram útskýringar um hann í 4. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar sem ná yfir fjórar tegundir undanþága ([20]). Þessar undanþágur hafa svipuð markmið og þau sem talin eru upp í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, þ.e. vernd skráða einstaklingsins („umbjóðanda“ samkvæmt íðorðanotkun persónuverndarlaganna) og frelsi annarra, þjóðaröryggi, almannaöryggi, framfylgd löggjafar á sviði refsiréttar eða önnur mikilvæg markmið sem varða hagsmuni almennings. Enn fremur leiðir það af orðalagi i.-iv. liðar 1. mgr. 4. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar að beiting þeirra gerir alltaf ráð fyrir sérstakri áhættu fyrir einhverja þá hagsmuni sem njóta verndar ([21]).

25) Síðari flokkurinn hefur verið tilgreindur nánar í 5. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar. Í tengslum við 7. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna eru persónuupplýsingar sem eru „til eyðingar“ innan sex mánaða undanþegnar gildissviði hugtaksins um varðveittar persónuupplýsingar og þar af leiðandi einstaklingsbundnum réttindum samkvæmt persónuverndarlögunum. Persónuverndarnefndin hefur útskýrt að þessi undanþága miði að því að hvetja rekstraraðila til að varðveita og vinna gögn í eins skamman tíma og unnt er. Þetta myndi þó þýða að skráðir einstaklingar í Evrópusambandinu myndu ekki geta nýtt sér mikilvæg réttindi af neinni annarri ástæðu en þeirri hversu lengi hlutaðeigandi rekstraraðili varðveitir gögn þeirra.

26) Til að takast á við þetta ástand er gerð sú krafa í viðbótarreglu 2 að persónuupplýsingar, sem miðlað er frá Evrópusambandinu „verði meðhöndlaðar sem varðveittar persónuupplýsingar í skilningi 7. mgr. 2. gr. laganna, óháð tímamörkum fyrir eyðingu þeirra“. Af þeim sökum hefur varðveislutíminn engin áhrif á réttindi sem veitt eru skráðum einstaklingum í Evrópusambandinu.

([19]) Dæmi um þetta er 23. gr. persónuverndarlaganna um skilyrði fyrir miðlun persónuupplýsinga til þriðju aðila.

([20]) Nánar tiltekið persónuupplýsingar i. „þar sem fyrir hendi er möguleiki á að líf, líkamleg friðhelgi eða eignir umbjóðanda eða þriðja aðila skaðist verði veitt vitneskja um tilvist eða fjarveru slíkra upplýsinga“, ii. upplýsingar „þar sem fyrir hendi er möguleiki á að verði veitt vitneskja um tilvist eða fjarveru slíkra upplýsinga myndi slíkt hvetja til eða ýta undir ólögmætt eða óréttmætt athæfi“, iii. upplýsingar „þar sem fyrir hendi er möguleiki á að verði veitt vitneskja um tilvist eða fjarveru slíkra persónuupplýsinga geti slíkt grafið undan þjóðaröryggi, eyðilagt traustsamband við erlent land eða alþjóðastofnun eða valdið óhagræði í samningaviðræðum við erlent land eða alþjóðastofnun“ og iv. upplýsingar „þar sem fyrir hendi er möguleiki á að verði veitt vitneskja um tilvist eða fjarveru slíkra upplýsinga geti slíkt hindrað að unnt verði að viðhalda almannaöryggi og allsherjarreglu, s.s. með forvörnum gegn, bælingu eða rannsóknum á afbrotum“.

([21]) Við þessi skilyrði er ekki nauðsynlegt að tilkynna um einstaklinginn. Þetta er í samræmi við h-lið 2. mgr. 23. gr. almennu persónu-verndarreglugerðarinnar sem kveður á um að skráðir einstaklingar þurfi ekki að fá upplýsingar um takmörkunina ef það „kann að skaða tilgang hennar“.

2.2.4. *Skilgreining á persónuauðkennaupplýsingum sem unnar eru undir nafnleynd*

27) Mælt er fyrir um kröfur, sem gilda um persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd, eins og skilgreint er í 9. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna, í 2. þætti 4. kafla laganna („Skyldur rekstraraðila sem vinnur upplýsingar undir nafnleynd“). Á hinn bóginn falla slíkar upplýsingar ekki undir ákvæði 1. þáttar IV. kafla persónuverndarlaganna sem inniheldur greinar sem áskilja verndarráðstafanir og réttindi vegna persónuverndar sem eiga við um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þeim lögum. Enda þótt „persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd“ falli ekki undir „almennar“ reglur um persónuvernd (þær sem tilgreindar eru í 1. þætti IV. kafla og í 42. gr. persónuverndarlaganna) falla þær þó undir gildissvið persónuverndarlaganna, einkum 36.–39. gr.

28) Samkvæmt 9. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna eru „persónuauðkennaupplýsingar sem eru unnar undir nafnleynd“ upplýsingar er varða einstakling sem hafa verið „búnar til við vinnslu persónuauðkennaupplýsinga“ á grundvelli ráðstafana sem mælt er fyrir um í persónuverndarlögunum (1. mgr. 36. gr.) og tilgreindar eru í reglum persónuverndarnefndarinnar (19. gr.) með þeirri niðurstöðu að ógerlegt hefur reynst að bera kennsl á tiltekinn einstakling eða endurheimta persónuauðkennaupplýsingarnar.

29) Af þessum ákvæðum, sem persónuverndarnefndin hefur einnig staðfest, leiðir að aðferðin við að gera persónuauðkennaupplýsingar „nafnlausar“ þarf ekki að vera tæknilega óafturkræf. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. persónuverndarlaganna þurfa rekstraraðilar, sem meðhöndla „persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd“, einungis að koma í veg fyrir endurauðkenningu með því að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi „lýsinga o.s.frv. og einstaklingsbundinna auðkenniskóða sem er eytt úr persónuauðkennaupplýsingum sem notaðar eru til að leiða fram upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd og upplýsingar sem tengjast vinnsluaðferð sem notuð er.“

30) Þar sem „persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd“, eins og þær eru skilgreindar í persónu verndarlögunum, innihalda gögn sem enn er mögulegt að nota til að endurauðkenna einstaklinginn, kann það að þýða að persónuupplýsingar, sem miðlað er frá Evrópusambandinu, gætu glatað hluta af tiltækri vernd á grundvelli ferlis sem myndi samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 teljast vera notkun „gerviauðkenna“ fremur en „nafnleysi“ (sem breytir þannig ekki eðli þeirra sem persónuupplýsinga).

31) Til að takast á við slíka stöðu er í viðbótarreglunum kveðið á um viðbótarkröfur sem gilda einungis um persónu upplýsingar sem er miðlað frá Evrópusambandinu samkvæmt þessari ákvörðun. Samkvæmt 5. reglu í viðbótarreglunum skulu slíkar persónuauðkennaupplýsingar eingöngu teljast „persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd“ í skilningi persónuverndarlaganna „ef rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, gerir ráðstafanir sem gerir öllum ókleift að auðkenna einstaklinginn að nýju, s.s. með því að eyða upplýsingum er varða vinnsluaðferð o.s.frv.“. Þessar upplýsingar hafa verið tilgreindar í viðbótarreglunum sem upplýsingar er tengjast lýsingum og einstaklingsbundnum auðkenniskóðum sem hefur verið eytt úr persónuauðkennaupplýsingum sem notaðar voru til að mynda „persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd“ og einnig upplýsingum sem tengjast vinnsluaðferðum sem notaðar er við eyðingu þessara lýsinga og einstaklingsbundnu auðkenniskóða. Með öðrum orðum er þess krafist í viðbótarreglunum að rekstraraðili sem býr til „persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd“ eyðileggi „lykil“ sem gerir það kleift að auðkenna upplýsingar að nýju. Þetta þýðir að persónuupplýsingar sem eru upprunnar í Evrópusambandinu falla einungis undir ákvæði persónuverndarlaganna hvað varðar „persónuauðkennaupplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd“ í tilvikum þar sem þær myndu á sama hátt teljast nafnlausar upplýsingar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 ([22]).

2.2.5. *Skilgreining á rekstraraðila sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar (PIHBO)*

32) Að því er persónulegt gildissvið varðar gilda persónuverndarlögin aðeins um rekstraraðila sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar. Rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, er skilgreindur í 5. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna sem „aðili sem miðlar gagnagrunni með persónuauðkennaupplýsingum o.s.frv. til nota í viðskiptum”, að undanskildum ríkisstofnunum og stjórnsýslustofnunum, bæði á miðlægum og staðbundnum vettvangi.

33) Samkvæmt viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar merkir „rekstur“ hvers konar “atferli sem miðar að því að sinna, í þágu tiltekins markmiðs, hvort sem er í hagnaðarskyni eða ekki, endurtekið og stöðugt, félagslega viðurkenndri starfsemi”. Félög sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila (s.s. í reynd samtök) eða einstaklingar teljast vera rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, ef þau afhenda (nota) gagnagrunn persónuauðkennaupplýsinga o.s.frv. í rekstri sínum ([23]). Því er hugtakið „rekstur“ samkvæmt persónuverndarlögunum afar víðtækt þar sem það tekur ekki eingöngu til starfsemi í hagnaðarskyni heldur einnig til starfsemi sem ekki er rekin í hagnaðarskyni á vegum hvers kyns félaga og einstaklinga. „Notkun í rekstri“ nær einnig til persónuauðkennaupplýsinga sem eru ekki notaðar í (ytri) viðskiptatengslum rekstraraðila heldur innan fyrirtækis, t.d. við vinnslu starfsmannaupplýsinga.

([22]) Sjá reglugerð (ESB) 2016/679, 26. forsendu.
([23]) Viðmiðunarreglur persónuverndarnefndarinnar (útgáfa almennra reglna), bls. 18.

34) Hvað þá varðar sem njóta þeirrar verndar sem fram kemur í persónuverndarlögunum er enginn greinarmunur gerður í lögunum á grundvelli ríkisfangs, búsetu eða staðsetningar einstaklings. Sama gildir um möguleika einstaklinga til að leita réttar síns, hvort heldur er fyrir persónuverndarnefndinni eða dómstólum.

2.2.6. *Hugtökin ábyrgðaraðili og vinnsluaðili*

35) Samkvæmt persónuverndarlögunum er ekki gerður sérstakur greinarmunur á skyldum sem lagðar eru á ábyrgðaraðila og vinnsluaðila. Þótt þessi greinarmunur sé ekki fyrir hendi hefur það ekki áhrif á vernd þar sem allir rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, falla undir öll ákvæði laganna. Rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, sem felur vörsluaðila (ígildi vinnsluaðila samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni) meðhöndlun persónuupplýsinga, fellur áfram undir skyldur samkvæmt persónuverndarlögunum og viðbótarreglum hvað þau gögn varðar sem hann fær í sína vörslu. Samkvæmt 22. gr. persónuverndarlaganna ber honum enn fremur skylda til „að hafa nauðsynlegt og viðeigandi eftirlit“ með vörsluaðilanum. Þá er vörsluaðilinn, líkt og persónuverndarnefndin hefur staðfest, bundinn af öllum skyldum í persónuverndarlögunum og viðbótarreglunum.

2.2.7. *Sviðsbundnar undanþágur*

36) Í 76. gr. persónuverndarlaganna eru tilteknar tegundir gagnavinnslu undanskildar beitingu IV. kafla laganna sem inniheldur miðlæg persónuverndarákvæði (grundvallarreglur, skyldur rekstraraðila, einstaklingsbundin réttindi og eftirlit af hálfu persónuverndarnefndarinnar). Vinnsla sem fellur undir sviðsbundna undanþágu í 76. gr. er einnig undanþegin framfylgdarheimildum persónuverndarnefndarinnar skv. 2. mgr. 43. gr. persónuverndarlaganna ([24]).

37) Viðkomandi flokkar sviðsbundinna undanþága í 76. gr. persónuverndarlaganna eru skilgreindir með því að nota tvöfalda viðmiðun sem byggist á tegund vinnslu sem rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, notar varðandi persónuauðkennaupplýsingar og á tilgangi vinnslunnar. Nánar tiltekið gildir undanþágan um: i. útvarpsstofnanir, útgefendur dagblaða, samskiptastofur eða önnur fréttamiðlafyrirtæki (þ.m.t. einstaklinga sem hafa fréttamennsku að atvinnu), að því marki sem þau vinna persónuauðkennaupplýsingar í þágu fréttamennsku, ii. einstaklinga sem fást við fagleg ritstörf, að því marki sem það felur í sér persónuauðkennaupplýsingar, iii. háskóla og önnur samtök eða hópa sem hafa akademískt nám að markmiði eða hverja þá aðila sem tilheyra slíkum samtökum, að því marki sem þeir vinna persónuauðkennaupplýsingar í þágu akademískra fræða, iv. trúarstofnanir að því marki sem þær vinna persónuauðkennaupplýsingar í þágu trúmála (þ.m.t. öll tengd starfsemi), og v. stjórnmálasamtök að því marki sem þau vinna persónuauðkennaupplýsingar í þágu stjórnmálastarfsemi sinnar (þ.m.t. öll tengd starfsemi). Vinnsla persónuauðkennaupplýsinga í einhverjum þeim tilgangi sem talinn er upp í 76. gr. af hálfu annarra tegunda rekstraraðila, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, sem og vinnsla eins af skráðum rekstraraðilum, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, í öðrum tilgangi, t.d. í tengslum við atvinnumál, falla áfram undir ákvæði IV. kafla.

38) Til að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga, sem er miðlað frá Evrópusambandinu til rekstraraðila í Japan, ætti einungis vinnsla persónuauðkennaupplýsinga, sem fellur undir gildissvið IV. kafla persónuverndarlaganna, þ.e. af hálfu rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, að falla undir þessa ákvörðun að því marki sem vinnsluaðstæður samrýmast ekki einni af sviðsbundnu undanþágunum. Því ætti að laga gildissvið hennar að gildissviði persónuverndarlaganna. Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru frá persónuverndarnefndinni ætti að líta á það sem alþjóðlega miðlun ef rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar og fellur undir þessa ákvörðun, breytir síðar tilganginum með notkuninni (að því marki sem það er heimilt) og félli þar með undir eina af sviðsbundnu undanþágunum í 76. gr. persónuverndarlaganna (enda falli vinnsla persónuauðkennaupplýsinga í slíkum tilvikum ekki lengur undir IV. kafla persónuverndarlaganna og væri því utan gildissviðs hans). Sama gildir ef rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, lætur aðila, sem fellur undir 76. gr. persónuverndarlaganna, í té persónuauðkennaupplýsingar til notkunar í einhverjum þeim vinnslutilgangi sem tilgreindur er í því ákvæði. Að því er persónuupplýsingar, sem miðlað er frá Evrópusambandinu, varðar telst þetta því vera framsending með fyrirvara um viðeigandi verndarráðstafanir (sér í lagi þær sem tilgreindar eru í 24. gr. persónuverndarlaganna og 4. viðbótarreglu). Þegar rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, treystir á samþykki skráða einstaklingsins ([25]) verður hann að veita honum allar nauðsynlegar upplýsingar, m.a. um að persónuauðkennaupplýsingarnar njóti ekki lengur verndar persónuverndarlaganna.

([24]) Að því er aðra rekstraraðila varðar skal persónuverndarnefndin ekki koma í veg fyrir, þegar hún beitir rannsóknar- og framfylgdarheimildum sínum, að þeir geti neytt réttar síns til tjáningarfrelsis, akademísks frelsis, trúfrelsis og stjórnmálafrelsis (1. mgr. 43. gr. persónuverndarlaganna).

([25]) Eins og persónuverndarnefndin hefur útskýrt er samþykki túlkað í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar sem „fyrirætlun umbjóðanda þess efnis að hann samþykki meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga um sig með aðferð sem rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, tilgreinir“. Í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar (útgáfa almennra reglna, bls. 24) eru taldar upp leiðir til að veita samþykki sem teljast vera „venjulegir viðskiptahættir í Japan“, þ.e. munnlegt samkomulag, skil á eyðublöðum eða öðrum skjölum, samþykki í tölvupósti, merking við reit á vefsíðu, smellur á heimasíðu, notkun samþykkishnapps, snertiborðs o.s.frv. Aðferðir þessar teljast í öllum tilvikum vera skýlaust samþykki.

2.3. **Verndarráðstafanir, réttindi og skyldur**

2.3.1. *Takmörkun tilgangs*

39) Vinnsla persónuupplýsinga ætti að fara fram í sérstökum tilgangi og í kjölfarið eingöngu notuð að því marki sem það er ekki ósamrýmanlegt tilgangi vinnslunnar. Þessi meginregla um gagnavernd er tryggð skv. 15. og 16. gr. persónuverndarlaganna.

40) Persónuverndarlögin byggjast á þeirri meginreglu að rekstraraðili verður að tilgreina tilganginn með notkuninni „eins nákvæmlega og unnt er“ (1. mgr. 15. gr.) og er eftir það bundinn af þeim tilgangi við vinnslu upplýsinganna.

41) Í því sambandi er í 2. mgr. 15. gr. persónuverndarlaganna kveðið á um að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, megi ekki breyta upphaflegum tilgangi „umfram það sem eðlilegt má teljast miðað við tilgang með notkun eins og honum hefur verið breytt fyrir fram“, sem er túlkað þannig í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndinnar að það samsvari því sem skráði einstaklingurinn getur á hlutlægan hátt séð fyrir á grundvelli „eðlilegra félagslegra viðmiða og gilda“ ([26]).

42) Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. persónuverndarlaganna er rekstraraðilum, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, enn fremur bannað að meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar umfram „það sem nauðsynlegt er til að ná fram tilganginum með notkuninni“ sem tilgreindur er í 15. gr. nema fyrir liggi fyrirframsamþykki skráðs einstaklings, fyrir utan það ef ein af undanþágunum í 3. mgr. 16. gr. á við ([27]).

43) Þegar um er að ræða persónuauðkennaupplýsingar sem fengnar eru hjá öðrum rekstraraðila er þeim rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, að jafnaði frjálst að ákveða nýjan tilgang með notkuninni ([28]). Til að tryggja að við miðlun frá Evrópusambandinu verði viðkomandi viðtakandi bundinn af þeim tilgangi sem lá að baki miðlun upplýsinganna er gerð krafa um það í 3. viðbótarreglu að í tilvikum „þar sem [rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar,] tekur við persónuupplýsingum sem hefur áður verið miðlað frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi“ (framsending) verði viðtakandinn að „tilgreina í hvaða tilgangi þessar persónuupplýsingar verði notaðar innan ramma tilgangsins með notkuninni sem lá að baki upphaflegri eða síðari viðtöku þeirra“. Með öðrum orðum þá tryggir reglan að tilgangurinn, sem tilgreindur er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, í tengslum við miðlun ákvarði áfram vinnsluna og að breyting á þeim tilgangi á einhverju stigi vinnslukeðjunnar í Japan myndi krefjast samþykkis skráða einstaklingsins í ESB. Til þess að fá þetta samþykki verður rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuupplýsingar, að hafa samband við skráða einstaklinginn og ef það er ekki mögulegt verður einfaldlega að fylgja upphaflegum tilgangi.

2.3.2. *Lögmæt og sanngjörn vinnsla*

44) Viðbótarverndin sem um getur í 43. forsendu er ekki síður mikilvæg vegna þess að japanska kerfið tryggir einnig á grundvelli meginreglunnar um takmarkanir tilgangs að persónuupplýsingar séu unnar með lögmætum og sanngjörnum hætti.

45) Samkvæmt persónuverndarlögunum er þess krafist að þegar rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, safnar persónuauðkennaupplýsingum verði hann að tilgreina nákvæmlega tilganginn með notkun þeirra ([29]) og upplýsa skráða einstaklinginn um það án tafar (eða birta það almenningi) hvaða tilgangi notkunin þjónar ([30]). Enn fremur er í 17. gr. persónuverndarlaganna kveðið á um að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, skuli ekki afla persónuauðkennaupplýsinga með blekkingum eða á annan óviðeigandi hátt. Samþykkis skráða einstaklingsins er krafist (2. mgr. 17. gr. persónuverndarlaganna) vegna öflunar tiltekinna flokka upplýsinga, t.d. persónuauðkennaupplýsinga sem krefjast sérstakrar meðferðar.

([26]) Í spurningum og svörum sem persónuverndarnefndin gefur út er að finna nokkur dæmi til skýringar á þessu hugtaki. Dæmi um aðstæður þar sem breytingin helst innan hæfilega viðeigandi marka ná einkum til notkunar á persónuauðkennaupplýsingum sem eru fengnar frá kaupendum vara eða þjónustu í tengslum við viðskipti í því skyni að upplýsa viðkomandi kaupendur um aðrar viðeigandi vörur eða þjónustu sem standa til boða (t.d. rekstraraðili líkamsræktarklúbbs sem skráir netföng meðlima til að upplýsa þá um námskeið og dagskráratriði). Jafnframt má í þessum spurningum og svörum finna dæmi um aðstæður þar sem breyting á tilgangi með notkun er ekki heimil, þ.e. ef félag sendir upplýsingar um vörur og þjónustu félagsins á netföng sem það hefur safnað saman til að vara við svikum eða þjófnaði á skírteinum meðlima.

([27]) Þessar undanþágur geta komið til vegna annarra laga og reglna eða varðað aðstæður þar sem meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga er nauðsynleg i. til að „vernda mannslíf, líkamlega friðhelgi eða eignir“, ii. til að „efla almenna hollustuhætti eða stuðla að heilbrigði barna“ eða iii. til „að starfa með ríkisstofnunum eða -aðilum eða fulltrúum þeirra“ að framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra. Enn fremur eiga i. og ii. flokkur aðeins við ef erfitt reynist að fá samþykki skráðs einstaklings og iii. flokkur á einungis við ef hætta er á að það að sækjast eftir samþykki skráðs einstaklings kæmi niður á framkvæmd slíkra verkefna.

([28]) Að því sögðu er, á grundvelli 1. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna, að meginreglu til nauðsynlegt að afla samþykkis einstaklingsins fyrir afhendingu gagna til þriðja aðila. Þannig getur einstaklingurinn haft einhverja stjórn á því hvort annar rekstraraðili geti notað gögn um hann.

([29]) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. persónuverndarlaganna verður slík tilgreining að vera „eins skýr og unnt er“.

([30]) Ákvæði 1. mgr. 18. gr. persónuverndarlaganna.

46) Eins og sjá má af 41. og 42. forsendu er rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, þar af leiðandi bannað að vinna persónuauðkennaupplýsingarnar í öðrum tilgangi nema skráði einstaklingurinn hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkri vinnslu eða ef ein af undanþágunum skv. 3. mgr. 16. gr. persónuverndarlaganna á við.

47) Að lokum, þegar um er að ræða frekari afhendingu persónuauðkennaupplýsinga til þriðja aðila ([31]), takmarkast slík afhending skv. 1. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna við sérstök tilvik þar sem almenna reglan er fyrirframsamþykki skráða einstaklingsins ([32]). Í 2., 3. og 4. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna er kveðið á um undantekningar frá kröfunni um að afla samþykkis. Þó gilda þessar undantekningar eingöngu um upplýsingar sem ekki eru viðkvæmar og útheimta að rekstraraðilinn upplýsi hlutaðeigandi einstaklinga fyrir fram um þá fyrirætlan sína að afhenda þriðja aðila persónuauðkennaupplýsingar um þá og möguleikann á að andmæla frekari afhendingu ([33]).

48) Að því er miðlun frá Evrópusambandinu varðar er nauðsynlegt að persónuupplýsingum hafi fyrst verið safnað og þær unnar í ESB í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679. Í þessu mun alltaf felast annars vegar söfnun og vinnsla, þ.m.t. vegna miðlunar frá Evrópusambandinu til Japans, á einhverjum þeim lagagrundvelli sem tíundaður er í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar og hins vegar söfnun í sérstökum, skýrum og lögmætum tilgangi og bann við frekari vinnslu, þ.m.t. með miðlun, á þann hátt sem er ósamrýmanlegur þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

49) Rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuupplýsingarnar og tekur við upplýsingunum, mun, í kjölfar miðlunarinnar, í samræmi við 3. viðbótarreglu, þurfa að „staðfesta“ sérstakan tilgang sem býr að baki miðluninni (þ.e. tilganginn sem tilgreindur er samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679) og vinna frekar úr þeim upplýsingum í samræmi við þann tilgang ([34]). Þetta þýðir ekki aðeins að sá sem upphaflega aflar slíkra persónuupplýsinga í Japan heldur einnig síðari viðtakandi upplýsinganna (þ.m.t. vörsluaðili) er bundinn af þeim tilgangi sem tilgreindur er í reglugerðinni.

50) Enn fremur verður rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuupplýsingar, að afla, að meginreglu til, samþykkis skráða einstaklingsins ef hann vill breyta, skv. 1. mgr. 16. gr. persónuverndarlaganna, tilganginum sem áður var tilgreindur í reglugerð (ESB) 2016/679. Án þessa samþykkis telst hvers kyns gagnavinnsla, sem er umfram það svigrúm sem nauðsynlegt er til að ná fram tilganginum með notkuninni, vera brot á 1. mgr. 16. gr. sem er refsinæmt fyrir persónuverndarnefndinni og dómstólunum.

51) Þar sem miðlun samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 krefst gilds lagagrundvallar og ákveðins tilgangs sem endurspeglast í tilgangi með notkun sem er „staðfestur“ samkvæmt persónuverndarlögunum þýðir þetta að samsetning viðeigandi ákvæða persónuverndarlaganna og 3. viðbótarreglu tryggir áframhaldandi lögmæti vinnslu gagna ESB í Japan.

2.3.3. *Nákvæmni og lágmörkun gagna*

52) Gögn skulu vera nákvæm og uppfærð ef nauðsyn krefur. Þau ættu einnig að vera nægileg, viðeigandi og ekki umfangsmeiri en tilgangur að baki vinnslu þeirra gefur tilefni til.

53) Þessar meginreglur eru tryggðar í japönskum lögum með 1. mgr. 16. gr. persónuverndarlaganna þar sem meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga er bönnuð umfram „það sem nauðsynlegt er til að ná fram tilganginum með notkuninni“. Eins og persónuverndarnefndin hefur útskýrt útilokar þetta ekki einungis ófullnægjandi notkun á gögnum og óhóflega notkun gagna (umfram það sem nauðsynlegt er til að ná fram tilganginum með notkuninni) heldur felur þetta einnig í sér bann við meðhöndlun gagna sem skipta ekki máli til að ná fram tilganginum með notkuninni.

([31]) Þótt vörsluaðilar séu undanþegnir hugtakinu „þriðji aðili“ að því er varðar beitingu 23. gr. (sjá 5. mgr.) á þessi undanþága aðeins við að því marki sem vörsluaðilinn meðhöndlar persónuupplýsingar innan marka umboðsins („innan þess svigrúms sem nauðsynlegt er til að ná fram tilganginum með notkuninni“), þ.e. kemur fram sem vinnsluaðili.

([32]) Aðrar forsendur (í sérstökum undantekningartilvikum) eru: i. afhending persónuauðkennaupplýsinga „sem byggist á lögum og reglum“, ii. tilvik „þar sem nauðsynlegt er að vernda mannslíf, líkamlega friðhelgi eða eignir og þar sem erfitt er að fá samþykki umbjóðanda“, iii. tilvik „þar sem sérstök þörf er á að efla almenna hollustuhætti eða stuðla að heilbrigði barna og þar sem erfitt er að fá samþykki umbjóðanda“, og iv. tilvik „þar sem þörf er á samstarfi að því er varðar ríkisstofnun eða sveitarfélag eða aðila sem þau fela framkvæmd mála sem mælt er fyrir um í lögum og reglum og þegar fyrir hendi er möguleiki á að það að leita eftir samþykki umbjóðanda geti truflað framkvæmd umræddra mála“.

([33]) Upplýsingarnar, sem veita á, taka einkum til flokka persónuupplýsinga, sem deila á með þriðja aðila, og miðlunaraðferðarinnar. Enn fremur verður rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuupplýsingar, að upplýsa skráða einstaklinginn um möguleikann á að andmæla miðluninni og hvernig koma á slíkri beiðni á framfæri.

([34]) Samkvæmt ii. lið 1. mgr. 26. gr. persónuverndarlaganna er þess krafist að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuupplýsingar, „staðfesti“ (sannprófi), þegar hann tekur við persónuupplýsingum frá þriðja aðila, „upplýsingar um öflun þriðja aðila á persónuupplýsingunum“, þ.m.t. tilganginn með slíkri öflun. Þótt það sé ekki tilgreint sérstaklega í 26. gr. að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuupplýsingar, verði að virða þennan tilgang er þess krafist sérstaklega í 3. viðbótarreglu.

54) Að því er þá skyldu varðar að halda gögnum nákvæmum og uppfærðum er þess krafist í 19. gr. persónuverndarlaganna að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, „leitist við að halda persónuupplýsingum nákvæmum og uppfærðum innan þess svigrúms sem nauðsynlegt er til að ná fram tilgangi með notkuninni“. Þetta ákvæði ætti að túlka í tengslum við 1. mgr. 16. gr. persónuverndarlaganna: samkvæmt útskýringum frá persónuverndarnefndinni telst vinnsla persónuauðkennaupplýsinganna ekki ná tilganginum með notkuninni og því verði meðhöndlun þeirra ólögmæt skv. 1. mgr. 16. gr. ef rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, uppfyllir ekki tilskildar kröfur um nákvæmni.

2.3.4. *Geymslutakmörkun*

55) Að meginreglu til ætti ekki að geyma gögn lengur en þörf er á miðað við tilganginn með vinnslu persónuupplýsinganna.

56) Samkvæmt 19. gr. persónuverndarlaganna er þess krafist að rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkenn aupplýsingar, „leitist við [...] að eyða persónuupplýsingum án tafar þegar slík notkun er ekki lengur nauðsynleg“. Þetta ákvæði þarf að lesa með hliðsjón af 1. mgr. 16. gr. persónuverndarlaganna þar sem meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga er bönnuð umfram „það sem nauðsynlegt er til að ná fram tilganginum með notkuninni“. Þegar tilganginum með notkuninni hefur verið náð er vinnsla persónuauðkennaupplýsinga ekki lengur talin nauðsynleg og því ekki hægt að halda henni áfram (nema rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, afli samþykkis skráða einstaklingsins fyrir því).

2.3.5. *Gagnaöryggi*

57) Vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera með þeim hætti að öryggi þeirra sé tryggt, þ.m.t. vernd gegn óleyfilegri eða ólöglegri vinnslu og gegn glötun, eyðileggingu eða tjóni fyrir slysni. Í því skyni ættu rekstraraðilar að gera viðeigandi tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn hugsanlegri ógn. Þessar ráðstafanir ætti að meta með tilliti til nýjustu tækni og tengds kostnaðar.

58) Þessi meginregla er innleidd í japönsk lög með 20. gr. persónuverndarlaganna þar sem kveðið er á um að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, „skuli gera nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir vegna öryggiseftirlits með persónuupplýsingum, þ.m.t. koma í veg fyrir leka, tap eða tjón á persónuupplýsingum sem eru til meðhöndlunar“. Í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar er útskýrt til hvaða ráðstafana skuli gripið, þ.m.t. aðferða við að koma á grunnstefnum, reglum um meðferð gagna og ýmsum „eftirlitsaðgerðum“ (um skipulagslegt öryggi sem og mannlegt, efnislegt og tæknilegt öryggi) ([35]). Að auki er í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar og sérstakri tilkynningu (8. viðbætir við „Efni öryggisstjórnunarráðstafana sem grípa þarf til“) sem persónuverndarnefndin birtir gerð nánari grein fyrir ráðstöfunum sem varða öryggisatvik, sem varða t.d. leka persónuauðkennaupplýsinga, sem er hluti af öryggisstjórnunarráðstöfunum sem rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, eiga að grípa til ([36]).

59) Enn fremur skal, vegna öryggiseftirlits, tryggja „nauðsynlegt og viðeigandi eftirlit“ skv. 20. og 21. gr. persónuverndarlaganna þegar starfsmenn eða undirverktakar meðhöndla persónuauðkennaupplýsingarnar. Að lokum varðar það, skv. 83. gr. persónuverndarlaganna, allt að eins árs fangelsi að leka eða stela persónuauðkennaupplýsingum af ásetningi.

2.3.6. *Gagnsæi*

60) Upplýsa ber skráða einstaklinga um helstu þætti í vinnslu persónuupplýsinga um þá.

61) Í 1. mgr. 18. gr. persónuverndarlaganna er þess krafist að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, geri upplýsingar um tilgang með notkun persónuauðkennaupplýsinga sem hann hefur fengið aðgengilegar skráða einstaklingnum nema í „tilvikum þar sem tilgangur með notkun hefur verið birtur almenningi fyrir fram“. Hið sama gildir ef breytingar á tilgangi teljast heimilar (3. mgr. 18. gr.). Þetta tryggir einnig að skráður einstaklingur fái upplýsingar um þá staðreynd að upplýsinga um hann hafi verið aflað. Þótt þess sé almennt ekki krafist í persónuverndarlögunum að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, upplýsi skráða einstaklinginn um væntanlega viðtakendur persónuauðkennaupplýsinga á stigi söfnunar eru slíkar upplýsingar nauðsynlegt skilyrði fyrir síðari afhendingu til þriðja aðila (viðtakanda) á grundvelli 2. mgr. 23. gr., þ.e. þegar það er gert án fyrirframsamþykkis skráða einstaklingsins.

([35]) Viðmiðunarreglur persónuverndarnefndarinnar (útgáfa almennra reglna), bls. 41 og bls. 86-98.

([36]) Samkvæmt þætti 3-3-2 í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar er þess krafist að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, sjái um nauðsynlegar rannsóknir ef slíkur leki, tjón eða tap á sér stað og meti einkum umfang brotsins með tilliti til réttinda og hagsmuna einstaklingsins sem og eðli og umfang viðkomandi persónuauðkennaupplýsinga.

62) Að því er „varðveittar persónuupplýsingar“ varðar er í 27. gr. persónuverndarlaganna kveðið á um að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, skuli upplýsa skráða einstaklinginn um auðkenni sitt (samskiptaupplýsingar), tilganginn með notkuninni og málsmeðferð vegna svara við beiðni varðandi einstaklingsbundinn rétt skráða einstaklingsins skv. 28., 29. og 30. gr. persónuverndarlaganna.

63) Þar sem litið er, samkvæmt viðbótarreglunum, á persónuupplýsingar, sem er miðlað frá Evrópusambandinu, sem „varðveittar persónuupplýsingar“ án tillits til varðveislutímabils þeirra (nema það falli undir undanþágur) falla þær ávallt undir kröfur um gagnsæi samkvæmt báðum fyrrnefndum ákvæðum.

64) Bæði kröfurnar í 18. gr. og skyldan til að upplýsa um tilgang með notkun skv. 27. gr. persónuverndarlaganna falla undir sömu undantekningar, sem byggjast aðallega á sjónarmiðum er varða almannahagsmuni og vernd réttinda og hagsmuna skráða einstaklingsins, þriðju aðila og ábyrgðaraðilans ([37]). Samkvæmt túlkuninni, sem fram kemur í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar, gilda þessar undantekningar við mjög sérstakar aðstæður, s.s. ef hætta er á að upplýsingar um tilgang með notkun grafi undan lögmætum ráðstöfunum rekstraraðilans til að vernda tiltekna hagsmuni (t.d. baráttu gegn svikum, iðnaðarnjósnum, skemmdarverkum).

2.3.7. *Sérstakir gagnaflokkar*

65) Sérstakar verndarráðstafanir ættu að vera til staðar á meðan vinnsla „sérstakra gagnaflokka“ stendur yfir.

66) „Persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana“ eins og skilgreint er í 3. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna. Það ákvæði vísar til „persónuauðkennaupplýsinga er varða kynþátt umbjóðanda, sannfæringu, félagslega stöðu, heilsufarssögu, sakaskrá, hvort hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum brots, eða aðrar lýsingar o.s.frv. sem eru samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar lýsingar sem krefjast sérstakrar varúðar við meðhöndlun til að koma í veg fyrir að umbjóðandi verði fyrir ósanngjarnri mismunun, fordómum eða öðru óhagræði“. Þessir flokkar samrýmast að miklu leyti skránni yfir viðkvæmar upplýsingar skv. 9. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Einkum samsvarar „heilsufarsaga“ heilsufarsupplýsingum en „sakaskrá, hvort hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum brots“ er í meginatriðum það sama og flokkarnir sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Flokkarnir, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. persónuverndarlaganna, eru túlkaðir frekar í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar og viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar. Samkvæmt 8. lið í þætti 2.3 í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar skal túlka undirflokka í „heilsufarssaga“, sem tilgreindir eru í ii. og iii. lið 2. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar, þannig að þeir nái yfir erfðafræðilegar upplýsingar og lífkennaupplýsingar. Enn fremur, þótt skráin tiltaki ekki sérstaklega hugtökin „þjóðernislegur uppruni“ og „pólitísk skoðun“ eru í henni vísanir til „kynþáttar“ og „sannfæringar“. Eins og útskýrt er í 1. og 2. lið í þætti 2.3 í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar tekur tilvísun til „kynþáttar“ til „þjóðernislegra tengsla eða tengsla við tiltekinn heimshluta“ en „sannfæring“ tekur bæði til trúarlegra og stjórnmálalegra sjónarmiða.

67) Eins og ljóst er af orðalagi ákvæðisins er þetta ekki tæmandi skrá þar sem bæta má við fleiri flokkum upplýsinga að því marki sem vinnsla þeirra skapar hættu á „ósanngjarnri mismunun, fordómum eða öðru óhagræði fyrir umbjóðandann“.

68) Þótt hugtakið „viðkvæmar“ upplýsingar sé í eðli sínu félagsleg hugsmíð sem byggist á menningarlegum og lagalegum hefðum, siðferðilegum sjónarmiðum, stefnuvali o.s.frv. í tilteknu þjóðfélagi hefur framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af mikilvægi þess að tryggja fullnægjandi verndarráðstafanir gagnvart viðkvæmum upplýsingum þegar þeim er miðlað til rekstraraðila í Japan, komist að því að sú sérstaka vernd sem „persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana“ njóta samkvæmt japönskum lögum nái til allra flokka sem viðurkenndir eru sem „viðkvæmar upplýsingar“ í reglugerð (ESB) 2016/679. Í þessu skyni er í 1. viðbótarreglu kveðið á um að upplýsingar, sem er miðlað frá Evrópusambandinu og varða kynlíf einstaklings, kynhneigð eða stéttarfélagsaðild, skuli unnar af hálfu rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, „á sama hátt og persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana í skilningi 3. mgr. 2. gr. [persónuverndarlaganna].“

([37]) Þetta eru i. tilvik þar sem möguleiki er á að það að upplýsa skráðan einstakling um tilgang með notkun eða gera hann opinberan myndi „skaða líf, líkamlega friðhelgi, eignir eða önnur réttindi og hagsmuni umbjóðanda eða þriðja aðila“ eða „réttindi eða lögmæta hagsmuni [...] rekstraraðila sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar“, ii. tilvik þar sem „þörf er á samstarfi að því er varðar ríkisstofnun eða sveitarfélag“ við framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra og ef slíkar upplýsingar eða afhending myndi raska slíkum „málum“, iii. tilvik þar sem tilgangur með notkun byggist greinilega á þeim aðstæðum sem ríktu þegar gagnanna var aflað.

69) Að því er varðar frekari efnislegar verndarráðstafanir, sem gilda um persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana skv. 2. mgr. 17. gr. persónuverndarlaganna, er rekstraraðilum, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, ekki heimilt að afla slíkra upplýsinga án fyrirframsamþykkis hlutaðeigandi einstaklings, með fyrirvara um takmarkaðar undantekningar ([38]). Enn fremur er þessi flokkur persónuauðkennaupplýsinga útilokaður frá möguleikanum á að afhenda þriðja aðila upplýsingar á grundvelli málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna (sem gerir það kleift að senda gögn til þriðju aðila án fyrirframsamþykkis hlutaðeigandi einstaklings).

2.3.8. *Ábyrgðarskylda*

70) Samkvæmt meginreglunni um ábyrgðarskyldu er gerð krafa um að aðilar sem vinna með upplýsingar geri með skilvirkum hætti viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að uppfylla skyldur sínar varðandi persónuvernd og geti sýnt fram á slíkt, einkum gagnvart lögbæru eftirlitsyfirvaldi.

71) Eins og fram kemur í 34. nmgr. (49. forsenda) er gerð krafa um að rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, staðfesti skv. 1. mgr. 26. gr. persónuverndarlaganna deili á þriðja aðila sem veitir þeim persónuupplýsingar og við hvaða „aðstæður“ þriðji aðili hefur aflað slíkra upplýsinga (ef um er að ræða persónuupplýsingar sem þessi ákvörðun tekur til, samkvæmt persónuverndarlögunum og 3. viðbótarreglu, skulu þessar aðstæður fela það í sér að upplýsingarnar koma frá Evrópusambandinu sem og hvaða tilgangur lá að baki upprunalegri miðlun upplýsinganna). Meðal annars miðar sú ráðstöfun að því að tryggja lögmæti gagnavinnslu í allri vinnslukeðju rekstraraðila, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, sem vinna með persónuupplýsingar. Enn fremur er þess krafist skv. 3. mgr. 26. gr. persónuverndarlaganna að rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, skrái viðtökudag og (skyldubundnar) upplýsingar sem þeir fá frá þriðja aðila skv. 1. mgr., sem og nafn viðkomandi einstaklings (skráður einstaklingur), þá gagnaflokka sem unnið er með og, að því marki sem það skiptir máli, að skráði einstaklingurinn hafi veitt samþykki sitt fyrir miðlun persónuupplýsinga um sig. Eins og tilgreint er í 18. gr. reglna persónuverndarnefndarinnar skal varðveita þessar skrár í a.m.k. eitt til þrjú ár, allt eftir aðstæðum. Við framkvæmd verkefna sinna getur persónuverndarnefndin krafist framlagningar slíkra skráa ([39]).

72) Rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, verða að bregðast skjótt og með viðeigandi hætti við kvörtunum frá viðkomandi einstaklingum vegna vinnslu persónuauðkennaupplýsinga um þá. Til að auðvelda meðferð kvartana skulu þeir koma á fót „kerfi sem er nauðsynlegt til að ná [þessu] markmiði“, sem vísar til þess að þeir komi á viðeigandi verklagsreglum innan sinna raða (t.d. úthluta ábyrgð eða útvega tengilið).

73) Að lokum skapa persónuverndarlögin ramma um þátttöku atvinnugreinasamtaka við að tryggja að tilskildum ákvæðum verði fylgt í ríkum mæli (sjá 4. þátt IV. kafla). Hlutverk slíkra viðurkenndra samtaka um vernd persónuauðkennaupplýsinga ([40]) er að stuðla að vernd persónuauðkennaupplýsinga með því að styðja fyrirtæki með sérþekkingu sinni en einnig stuðla að framkvæmd verndarráðstafana, einkum með því að taka einstakar kvartanir til meðferðar og aðstoða við lausn tengdra ágreiningsmála. Í því skyni geta þau farið fram á að rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar og taka þátt, samþykki nauðsynlegar ráðstafanir, ef við á ([41]). Enn fremur skulu rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, í tilvikum þegar um er að ræða öryggisbrest við meðferð upplýsinga eða önnur öryggisatvik, að jafnaði upplýsa persónuverndarnefndina, sem og skráða einstaklinginn (eða almenning) og grípa til nauðsynlegra aðgerða, þ.m.t. ráðstafana til að lágmarka hvers kyns tjón og koma í veg fyrir að svipuð atvik endurtaki sig ([42]). Enda þótt þetta séu valfrjálsar áætlanir voru 44 samtök skráð 10. ágúst 2017 hjá persónuverndarnefndinni, þar sem þau stærstu, Japan Information Processing and Development Center (JIPDEC), ein og

([38]) Undanþágurnar eru eftirfarandi: i. „tilvik sem byggjast á lögum og reglum“, ii. „tilvik þar sem nauðsynlegt er að vernda mannslíf, líkamlega friðhelgi eða eignir og þar sem erfitt er að fá samþykki umbjóðanda“, iii. „tilvik þar sem sérstök þörf er á að efla almenna hollustuhætti eða stuðla að heilbrigði barna og þar sem erfitt er að fá samþykki umbjóðanda“, iv. „tilvik þar sem þörf er á samstarfi að því er varðar ríkisstofnun eða sveitarfélag eða aðila sem þau fela framkvæmd mála sem mælt er fyrir um í lögum og reglum og þegar fyrir hendi er möguleiki á að það að leita eftir samþykki umbjóðanda trufli framkvæmd umræddra mála“ og v. tilvik þar sem skráður einstaklingur, hið opinbera, sveitarfélag, aðili sem fellur undir einn flokkanna í 1. mgr. 76. gr. eða aðrir aðilar sem mælt er fyrir um í reglum persónuverndarnefndarinnar birtir almenningi umræddar persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana. Annar flokkur varðar „önnur tilvik, sem mælt er fyrir um í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar að jafngildi þeim tilvikum sem tilgreind eru í hverjum lið hér að framan“ og samkvæmt núverandi fyrirmælum ríkisstjórnarinnar þar sem einkum er fjallað um áberandi einkenni einstaklings (t.d. sýnilegt heilsufarsástand) ef viðkvæmra gagna hefur verið aflað (óviljandi) með sjónrænni athugun, myndupptöku eða ljósmyndun af skráðum einstaklingi, t.d. með eftirlitsmyndavélum.

([39]) Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. persónuverndarlaganna getur persónuverndarnefndin krafist þess, að því marki sem þurfa þykir til að koma viðkomandi ákvæðum persónuverndarlaganna til framkvæmda, að rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, leggi fram nauðsynlegar upplýsingar eða efni sem varðar meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga.

([40]) Í persónuverndarlögunum er m.a. að finna reglur um faggildingu slíkra samtaka; sjá 47.–50. gr. persónuverndarlaganna.

([41]) Ákvæði 52. gr. persónuverndarlaganna.

([42]) Tilkynning persónuverndarnefndarinnar nr. 1/2017 „Um aðgerðir sem grípa skal til þegar öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga eða annað atvik á sér stað“.

sér töldu 15 436 rekstraraðila sem þátttakendur ([43]). Viðurkenndar áætlanir taka til atvinnugreinasamtaka eins og t.d. samtaka japanskra verðbréfasala (e. Japan Securities Dealers Association), samtaka japanskra ökuskóla (e. Japan Association of Car Driving Schools) eða samtaka hjúskapamiðlara (e. Association of Marriage Brokers ([44]).

74) Viðurkennd samtök um vernd persónuauðkennaupplýsinga leggja fram ársskýrslur um starfsemi sína. Samkvæmt „Yfirliti yfir stöðu á framkvæmd persónuverndarlaganna á fjárhagsárinu 2015“, sem persónuverndarnefndin gaf út, bárust viðurkenndum samtökum um vernd persónuauðkennaupplýsinga alls 442 kvartanir, þau kröfðust 123 útskýringa frá rekstraraðilum innan lögsögu sinnar, fóru fram á gögn frá þessum rekstraraðilum í 41 tilviki, gáfu 181 fyrirmæli og settu fram tvenn tilmæli ([45]).

2.3.9. *Takmarkanir á framsendingum*

75) Frekari miðlun gagna til viðtakenda í þriðja landi utan Japans má ekki grafa undan þeirri vernd sem slíkar persónuupplýsingar, sem er miðlað frá Evrópusambandinu til rekstraraðila í Japan, njóta. Slíkar „framsendingar“, sem teljast vera alþjóðlegar miðlanir frá Japan frá sjónarhóli japansks rekstraraðila, ætti aðeins að heimila ef sá sem nýtur áfram verndar utan Japans fellur sjálfur undir reglur sem tryggja svipað verndarstig og tryggt er í japanska réttarkerfinu.

76) Fyrsta verndin er bundin í 24. gr. persónuverndarlaganna sem bannar almennt miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila utan yfirráðasvæðis Japans án fyrirframsamþykkis hlutaðeigandi einstaklings. Með 4. viðbótarreglu er tryggt að þegar gögnum er miðlað frá Evrópusambandinu hafi samþykkið verið sérlega vel upplýst enda hafi í því verið gerð sú krafa að viðkomandi einstaklingi skuli „veittar upplýsingar um aðstæður við miðlunina sem eru nauðsynlegar til að umbjóðandinn geti tekið ákvörðun um samþykki sitt“. Á þeim grundvelli skal skráða einstaklingnum tilkynnt að upplýsingunum verði miðlað til annars lands (utan gildissviðs persónuverndarlaganna) og um tiltekið viðtökuland. Þannig getur hann metið þá áhættu varðandi friðhelgi einkalífs sem fylgir miðluninni. Eins og ráða má af 23. gr. persónuverndarlaganna (sjá 47. forsendu) ættu þær upplýsingar, sem veittar eru umbjóðanda, einnig að taka til skyldubundinna liða skv. 2. mgr. þeirra, þ.e.a.s. flokka persónuupplýsinga sem eru afhentar þriðja aðila og aðferðar við afhendingu þeirra.

77) Í 24. gr. persónuverndarlaganna, sem beitt er ásamt gr. 11-2 í reglum persónuverndarnefndarinnar, eru nokkrar undantekningar frá þessari reglu um samþykki. Samkvæmt 24. gr. gilda enn fremur sömu undanþágur og þær sem gilda skv. 1. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna einnig um alþjóðlega miðlun upplýsinga ([46]).

78) Til að tryggja áframhaldandi vernd við miðlun persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu til Japans samkvæmt þessari ákvörðun eflir 4. viðbótarregla vernd við framsendingu rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, á slíkum upplýsingum til þriðja lands. Þetta er gert með því að takmarka og afmarka grundvöll fyrir alþjóðlegri miðlun sem rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, geta notað í stað samþykkis. Nánar tiltekið, og með fyrirvara um undanþágurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna, er einungis heimilt að framsenda persónuupplýsingar, sem miðlað er samkvæmt þessari ákvörðun, án samþykkis í tveimur tilvikum: i. ef gögnin eru send til þriðja lands sem persónuverndarnefndin hefur viðurkennt skv. 24. gr. persónuverndarlaganna að veiti vernd sambærilega þeirri sem tryggð er í Japan ([47]), eða ii. ef rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkenn-aupplýsingar og viðtakandi sem er þriðji aðili hafa í sameiningu gert ráðstafanir sem veita sambærilega vernd og fæst með persónuverndarlögunum, með hliðsjón af viðbótarreglunum, með samningi, annars konar bindandi samkomulagi eða bindandi fyrirkomulagi innan fyrirtækjahóps. Seinni flokkurinn samsvarar gerningunum sem notaðir eru samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 til að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir (einkum samningsákvæði og bindandi fyrirtækjareglur). Auk þess, eins og persónuverndarnefndin hefur staðfest, fellur miðlunin, jafnvel í þeim tilvikum, áfram undir almennu reglurnar sem gilda um veitingu persónuupplýsinga til þriðja aðila samkvæmt persónuverndarlögunum (þ.e. kröfuna um að afla samþykkis skv. 1. mgr. 23. gr. eða, að öðrum kosti,

([43]) Samkvæmt tölum sem eru birtar á vefsetri miðstöðvar Japan um vinnslu og þróun upplýsinga (Japan Information Processing and Development Center (JIPDEC)) að því er varðar persónuverndarstig (e. PrivacyMark), dagsett 2. október 2017.

([44]) Persónuverndarnefndin, skrá yfir viðurkennd samtök um vernd persónuauðkennaupplýsinga, aðgengileg á vefslóðinni: https://www.ppc.go.jp/personal/nintei/list/ eða https://www.ppc.go.jp/files/pdf/nintei_list.pdf

([45]) Persónuverndarnefndin, Yfirlit yfir stöðu á framkvæmd persónuverndarlaganna á fjárhagsárinu 2015 (október 2016), aðgengilegt (einungis á japönsku) á vefslóðinni: https://www.ppc.go.jp/files/pdf/personal_sekougaiyou_27ppc.pdf

([46]) Sjá 32. nmgr.

([47]) Samkvæmt 11. gr. reglna persónuverndarnefndarinnar er með þessu ekki aðeins krafist efnislegra reglna sem eru jafngildar persónuverndarlögunum, undir skilvirku eftirliti óháðs eftirlitsyfirvalds, heldur einnig að framkvæmd viðkomandi reglna í viðkomandi þriðja landi sé tryggð.

kröfuna um upplýsingar um undanþágu skv. 2. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna). Ef ekki er hægt að ná í skráðan einstakling varðandi beiðni um samþykki eða til að veita honum fyrir fram tilskildar upplýsingar skv. 2. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna er miðlunin ekki heimil.

79) Af þeim sökum útiloka kröfurnar, sem settar eru fram í 4. viðbótarreglu, notkun miðlunargerninga sem mynda ekki bindandi tengsl milli japanska gagnaútflytjandans og gagnainnflytjandans í viðkomandi þriðja landi sem tryggja ekki þá vernd sem krafist er, utan þeirra tilvika þegar persónuverndarnefndin hefur komist að raun um að viðkomandi þriðja land tryggi sambærilega vernd og þá sem tryggð er í persónuverndarlögunum ([48]). Þetta á t.d. við um reglur efnahagssamvinnukerfis Asíu- og Kyrrahafsríkja um friðhelgi einkalífsins yfir landamæri (e. APEC Cross Border Privacy Rules (CBPR) System), þar sem Japan er þátttökuhagkerfi ([49]), enda er vernd í því kerfi ekki leidd af fyrirkomulagi sem bindur útflytjandann og innflytjandann á grundvelli tvíhliða tengsla þeirra og er greinilega á lægra stigi en sú sem er tryggð með samblandi persónuverndarlaganna og viðbótarreglnanna ([50]).

80) Að lokum er frekari verndarráðstöfun vegna (fram)sendingar leidd af 20. og 22. gr. persónuverndarlaganna. Samkvæmt þessum ákvæðum þarf rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar (gagnaútflytjandi), að tryggja eftirlit með rekstraraðila í þriðja landi (gagnainnflytjanda), þegar sá síðarnefndi kemur fram fyrir hans hönd, þ.e. sem (undir-)vinnsluaðli, að því er varðar örugga gagnavinnslu.

2.3.10. *Réttindi einstaklinga*

81) Líkt og lög Evrópusambandsins um persónuvernd gera veita persónuverndarlögin einstaklingum ýmis framfylgjanleg réttindi. Í því felst rétturinn til aðgangs („afhending upplýsinga“), leiðréttingar og eyðingar og andmælaréttur („notkunarréttur fellur niður“).

82) Í fyrsta lagi á skráður einstaklingur, skv. 1. og 2. mgr. 28. gr. persónuverndarlaganna, rétt á að fara fram á það við rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, að hann „afhendi skráða einstaklingnum varðveittar persónuupplýsingar sem hægt er að nota til að bera kennsl á hann“ og skal rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, „afhenda skráða einstaklingnum varðveittar persónuupplýsingar“ við móttöku slíkrar beiðni. Ákvæði 29. gr. (réttur til leiðréttingar) og 30. gr. (réttur til fá notkun fellda niður) eru með sama skipulagi og 28. gr.

83) Í 9. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar er tilgreint að afhending persónuauðkennaupplýsinga, eins og um getur í 2. mgr. 28. gr. persónuverndarlaganna, skuli vera skrifleg nema rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, og skráði einstaklingurinn hafi komið sér saman um annað.

84) Þessi réttindi eru háð þrenns konar takmörkunum, sem varða réttindi og hagsmuni einstaklingsins eða þriðju aðila ([51]), alvarlega truflun á starfsemi rekstraraðila, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar ([52]), svo og tilvik þar sem afhending upplýsinga myndi brjóta gegn öðrum lögum eða reglum ([53]). Aðstæðum sem myndu falla undir þessar takmarkanir svipar til nokkurra undanþága sem gilda skv. 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sem heimila

([48]) Fram að þessu hefur persónuverndarnefndin enn ekki samþykkt ákvörðun skv. 24. gr. persónuverndarlaganna varðandi viðurkenningu á að þriðja land veiti vernd jafngilda þeirri sem tryggð er í Japan. Eina ákvörðunin sem hún íhugar að samþykkja sem stendur varðar EES. Að því er varðar hugsanlegar aðrar ákvarðanir í framtíðinni mun framkvæmdastjórnin fylgjast náið með stöðunni og, ef nauðsyn krefur, gera viðeigandi ráðstafanir til að taka á hugsanlegum skaðlegum áhrifum með tilliti til áframhaldandi verndar (sjá 176., 177. og 184. forsendu og 1. mgr. 3. gr. hér á eftir).

([49]) Þó hafa einungis tvö japönsk fyrirtæki fengið vottun samkvæmt reglum efnahagssamvinnukerfis Asíu- og Kyrrahafsríkja um friðhelgi einkalífsins yfir landamæri (APEC CBPR System) (sjá https://english.jipdec.or.jp/sp/protection_org/cbpr/list.html). Utan Japans hafa einungis fáir rekstraraðilar fengið vottun samkvæmt þessu kerfi eða 23 bandarísk fyrirtæki (sjá https://www.trustarc.com/consumer-resources/trusted-directory/#apec-list).

([50]) Sem dæmi engar skilgreiningar eða sérstök vernd fyrir viðkvæm gögn, engin skylda um takmarkaða varðveislu gagna. Sjá einnig álit Vinnuhópsins 02/2014, 29. gr., um viðmið vegna krafna um bindandi fyrirtækjareglur, sem lögð var fyrir landsbundin persónuverndaryfirvöld í ESB og reglur um friðhelgi einkalífs yfir landamæri, sem lögð var fyrir ábyrgðaraðila reglna efnahagssamvinnukerfis Asíu- og Kyrrahafsríkja um friðhelgi einkalífsins yfir landamæri 6. mars 2014.

([51]) Samkvæmt persónuverndarnefndinni geta aðeins slíkir hagsmunir réttlætt takmörkun sem er „vert að vernda samkvæmt lögum“. Þetta mat þarf að framkvæma í hverju tilviki fyrir sig „með tilliti til röskunar grundvallarréttinda til friðhelgi einkalífs, þ.m.t. persónuverndar eins og hún er staðfest í stjórnarskrá og með dómafordæmum.“ Verndaðir hagsmunir geta m.a. tekið til viðskiptaleyndarmála eða annarra atvinnuleyndarmála.

([52]) Hugtakinu „alvarleg röskun á eðlilegri framkvæmd á starfsemi rekstraraðila“ er lýst í viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar með mismunandi dæmum, s.s. endurteknum og samhljóða flóknum beiðnum sama einstaklings þegar slíkar beiðnir hafa í för með sér verulega byrði fyrir rekstraraðila sem getur dregið úr getu hans til að svara öðrum beiðnum (viðmiðunarreglur persónuverndarnefndarinnar (útgáfa almennra reglna), bls. 62). Almennt séð hefur persónuverndarnefndin staðfest að þessi flokkur takmarkist við undantekningartilvik sem varða meira en einungis óþægindi. Einkum getur rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, ekki hafnað afhendingu upplýsinga einungis vegna þess að mikils magns gagna er krafist.

([53]) Eins og persónuverndarnefndin hefur staðfest verða slík lög að virða réttinn til friðhelgi einkalífs eins og hann er tryggður í stjórnarskránni og þar með „endurspegla nauðsynlega og réttlætanlega takmörkun“.

takmarkanir á réttindum einstaklinga af ástæðum sem varða „vernd hins skráða eða réttindi og frelsi annarra“ eða tengjast „öðrum mikilvægum markmiðum sem þjóna almannahagsmunum“. Þótt sá flokkur mála þar sem afhending upplýsinga myndi brjóta gegn „öðrum lögum eða reglum“ kunni að virðast víðtækur verða lög og reglur, sem kveða á um takmarkanir hvað þetta varðar, að virða stjórnarskrárvarinn rétt til friðhelgi einkalífs og mega einungis setja takmarkanir að því marki sem nýting þessa réttar myndi „raska almennri velferð“ ([54]). Þetta krefst jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem í húfi eru.

85) Samkvæmt 3. mgr. 28. gr. persónuverndarlaganna er þess krafist að einstaklingur verði tafarlaust upplýstur um það ef umbeðnar upplýsingar eru ekki fyrir hendi eða ef hlutaðeigandi rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, ákveður að veita ekki aðgang að varðveittum upplýsingum.

86) Í öðru lagi á skráður einstaklingur rétt á því skv. 1. og 2. mgr. 29. gr. persónuverndarlaganna að fara fram á að varðveittar persónuupplýsingar um hann verði leiðréttar, bætt verði við þær eða þeim eytt í tilvikum þar sem upplýsingarnar eru óáreiðanlegar. Við móttöku slíkrar beiðni skal rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, „framkvæma nauðsynlega rannsókn“ og „gera leiðréttingar o.s.frv. á efni varðveittra upplýsinga“ á grundvelli niðurstaðna slíkrar rannsóknar.

87) Í þriðja lagi á skráður einstaklingur rétt á því skv. 1. og 2. mgr. 30. gr. persónuverndarlaganna að fara fram á það við rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, að hann hætti að nota slíkar upplýsingar eða eyði þeim þegar meðferð þeirra fer í bága við 16. gr. (varðandi takmörkun vegna tilgangs) eða hefur verið aflað með óviðeigandi hætti í trássi við 17. gr. persónuverndarlaganna (varðandi öflun með blekkingum, öðrum óviðeigandi hætti eða, ef um er að ræða viðkvæm gögn, án samþykkis). Á sama hátt á einstaklingurinn rétt á því skv. 3. og 4. mgr. 30. gr. persónuverndarlaganna að fara fram á það við rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, að hann hætti að veita þriðja aðila upplýsingar ef það fer í bága við ákvæði 1. mgr. 23. gr. eða 24. gr. persónuverndarlaganna (að því er varðar miðlun til þriðja aðila, þ.m.t. miðlun milli landa).

88) Þegar beiðnin er stofnuð skal rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, hætta notkun upplýsinganna tafarlaust, eða miðlun til þriðja aðila, eftir því sem þurfa þykir til að bæta fyrir brotið eða, ef mál fellur undir undantekningu (einkum ef notkun myndi leiða til sérlega mikils kostnaðar) ([55]), gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.

89) Ólíkt lögum ESB hafa persónuverndarlögin og aðrar viðkomandi reglur ekki að geyma lagaákvæði sem fjalla sérstaklega um möguleikann á að leggjast gegn vinnslu í beinum markaðslegum tilgangi. Slík vinnsla mun þó samkvæmt þessari ákvörðun fara fram í tengslum við miðlun persónuupplýsinga sem áður var safnað í Evrópusambandinu. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skal skráður einstaklingur ávallt eiga möguleika á að andmæla miðlun upplýsinga í þeim tilgangi að vinna með þær í þágu beinnar markaðssetningar. Eins og útskýrt er í 43. forsendu skv. 3. viðbótarreglu er enn fremur gerð sú krafa að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, vinni þær upplýsingar sem berast samkvæmt ákvörðuninni í sama tilgangi og lá að baki miðlun gagnanna frá Evrópusambandinu nema skráði einstaklingurinn samþykki að breyta tilgangi með notkuninni. Af þeim sökum verður rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar í Japan, ekki leyft að vinna gögnin í þágu beinnar markaðssetningar nema með samþykki skráða einstaklingsins í ESB ef miðlunin hefur farið fram í öðrum tilgangi en vegna beinnar markaðssetningar.

90) Í öllum tilvikum, sem um getur í 28. og 29. gr. persónuverndarlaganna, er þess krafist að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, tilkynni einstaklingnum án tafar um niðurstöðu beiðni hans og þarf hann enn fremur að útskýra sérhverja synjun (synjun að hluta) á grundvelli lögboðinna undantekninga sem kveðið er á um í 27.–30. gr. (31. gr. persónuverndarlaganna).

([54]) Ákvæði 13. gr. stjórnarskrárinnar hefur Hæstiréttur túlkað þannig að þar sé kveðið á um réttinn til friðhelgi einkalífs (sjá 7. og 8. forsendu hér að framan). Þótt unnt sé að takmarka þennan rétt í tilvikum þar sem hann „raskar almennri velferð“ segir Hæstiréttur í dómi sínum frá 6. mars 2008 (sjá 8. forsendu) með skýrum orðum að vega og meta þurfi hvers kyns takmarkanir (sem heimila í þessu tilviki opinberu yfirvaldi að safna og vinna persónuupplýsingar) gagnvart réttinum til friðhelgi einkalífs og hafa hliðsjón af þáttum á borð við eðli viðkomandi upplýsinga, áhættu sem vinnsla þessara upplýsinga skapar fyrir einstaklinga, gildandi verndarráðstafanir og ávinning af vinnslunni fyrir almannahagsmuni. Þessu svipar mjög til þess jafnvægis sem krafist er samkvæmt lögum ESB, á grundvelli nauðsynjarreglunnar og meðalhófsreglunnar, til að heimila takmarkanir á réttindum og verndarráðstöfunum á sviði persónuverndar.

([55]) Frekari útskýringar á þessum undantekningum er að finna á bls. 217 í athugasemdum við grein Katsuya Uga, prófessors, um endurskoðun á persónuverndarlögunum frá 2015. Sem dæmi um slíka beiðni sem veldur „miklum útgjöldum“ má nefna tilvik þar sem aðeins sum nöfn á löngum lista (t.d. í skrá) eru afgreidd í trássi við meginregluna um takmarkanir tilgangs og skráin hefur þegar verið sett í sölu sem hefði það í för með sér að mjög kostnaðarsamt yrði að innkalla þessi eintök og setja ný í þeirra stað. Í sama dæmi, þegar eintök af skránni hafa þegar verið seld mörgum og ómögulegt er að safna þeim öllum saman, væri einnig „erfitt að hætta notkun“. Í þessum aðstæðum gæti dæmi um „aðra nauðsynlega aðgerð“ verið að birta eða dreifa tilkynningu um leiðréttingu. Slík aðgerð útilokar ekki aðrar úrlausnir (fyrir dómstólum), hvort sem um er að ræða brot á réttindum til friðhelgi einkalífs, skaða á orðstír (meiðyrði) vegna birtingar eða brot gegn öðrum hagsmunum.

91) Að því er varðar skilyrði fyrir því að leggja fram beiðni er í 32. gr. persónuverndarlaganna (ásamt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar) gert ráð fyrir að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, geti ákvarðað eðlilega málsmeðferð, þ.m.t. með tilliti til þeirra upplýsinga sem þörf er á til að bera kennsl á varðveittar persónuupplýsingar. Samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar mega rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, þó ekki leggja „óhóflega byrði á umbjóðanda“. Í vissum tilvikum geta rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, einnig innheimt gjöld enda verði fjárhæð þeirra „innan þeirra marka sem sanngjörn geta talist m.t.t. raunverulegs kostnaðar“ (33. gr. persónuverndarlaganna).

92) Loks getur einstaklingurinn andmælt því að persónuauðkennaupplýsingar um hann séu veittar þriðja aðila skv. 2. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna eða hafnað því að veita samþykki sitt skv. 1. mgr. 23. gr. (og komið þannig í veg fyrir afhendingu ef enginn annar lagagrundvöllur væri fyrir hendi). Einstaklingurinn getur á sama hátt stöðvað vinnslu gagna í öðrum tilgangi með því að hafna því að veita samþykki sitt skv. 1. mgr. 16. gr. persónuverndarlaganna.

93) Ólíkt lögum ESB hafa persónuverndarlögin og aðrar viðkomandi reglur ekki að geyma almenn ákvæði sem fjalla um ákvarðanir sem hafa áhrif á skráða einstaklinginn og eru einungis byggðar á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga. Hins vegar er fjallað um málefnið í tilteknum sviðsbundnum sérreglum sem gilda í Japan og varða sérstaklega þessa tegund vinnslu. Þetta tekur til sviða þar sem fyrirtæki eru líklegust til að grípa til sjálfvirkrar vinnslu persónuupplýsinga til að taka ákvarðanir sem varða einstaklinga (t.d. fjármálageirans). Sem dæmi er í „Ítarlegum viðmiðunarreglum um eftirlit með stórum bönkum“ (e. Comprehensive Guidelines for Supervision over Major Banks), eins og þær voru endurskoðaðar í júní 2017, gerð krafa um að viðkomandi einstaklingur fái sérstakar útskýringar á ástæðum þess að beiðni um gerð lánssamnings var hafnað. Þessar reglur tryggja þannig vernd líkast til í frekar takmörkuðum fjölda tilvika þar sem „innflytjandinn“, japanski rekstraraðilinn sjálfur, tæki sjálfur ákvarðanir með sjálfvirkum hætti (frekar en „útflytjandinn“, ábyrgðaraðili gagna í ESB).

94) Hvað sem öðru líður mun ábyrgðaraðili gagna í Evrópusambandinu, að því er varðar persónuupplýsingar sem safnað hefur verið í Sambandinu, að jafnaði taka ákvarðanir sem byggjast á sjálfvirkri vinnslu (sem tengist hlutaðeigandi skráðum einstaklingi með beinum hætti) og fellur því undir reglugerð (ESB) 2016/679 ([56]). Þetta tekur til sviðsmynda miðlunar þegar erlendur (t.d. japanskur) rekstraraðili, sem kemur fram sem umboðsaðili (vinnsluaðili) fyrir hönd ábyrgðaraðila í ESB (eða undirverktaki vinnsluaðila fyrir hönd vinnsluaðila í ESB sem hefur móttekið gögnin frá ábyrgðaraðila í ESB sem safnaði þeim), annast vinnsluna og tekur síðan ákvörðun á þeim grundvelli. Af þessum sökum er ólíklegt að það hafi áhrif á vernd persónuupplýsinga, sem miðlað er samkvæmt þessari ákvörðun, að ekki séu fyrir hendi sértækar reglur um sjálfvirka ákvarðanatöku í persónuverndarlögunum.

2.4. **Eftirlit og framfylgd**

2.4.1. *Óháð eftirlit*

95) Til að tryggja fullnægjandi persónuvernd í reynd ætti að vera til staðar óháð eftirlitsyfirvald sem hefur vald til að vakta og framfylgja því að farið sé að reglum um persónuvernd. Þetta yfirvald ætti að vera algerlega sjálfstætt og óhlutdrægt í störfum sínum og þegar það beitir heimildum sínum.

96) Í Japan er það persónuverndarnefndin sem ber ábyrgð á vöktun og framfylgd persónuverndarlaganna. Í henni eiga sæti formaður og átta nefndarmenn sem forsætisráðherra skipar með samþykki beggja deilda japanska þingsins (Diet). Skipunartími formanns og nefndarmanna er fimm ár, með möguleika á endurnýjun (64. gr. persónuverndarlaganna). Einungis má víkja nefndarmönnum frá störfum af góðum og gildum ástæðum við sérstakar aðstæður sem heyra til undantekninga ([57]) og þeir skulu ekki taka virkan þátt í stjórnmálastarfi. Auk þess skulu nefndarmenn í fullu starfi hvergi sinna launuðu starfi eða atvinnustarfsemi samkvæmt persónuverndarlögunum. Allir nefndarmenn falla einnig undir innri reglur sem koma í veg fyrir þátttöku þeirra í umfjöllunum ef upp koma mögulegir hagsmunaárekstrar. Persónuverndarnefndin nýtur aðstoðar skrifstofu undir stjórn framkvæmdastjóra sem komið hefur verið á fót í þeim tilgangi að sinna þeim verkefnum sem persónuverndarnefndinni eru falin (70. gr. persónuverndarlaganna). Bæði nefndarmenn og allir opinberir starfsmenn skrifstofunnar eru bundnir af ströngum reglum um þagnarskyldu (72. gr., 82. gr. persónuverndarlaganna).

([56]) Á hinn bóginn mun það, í undantekningartilvikum þar sem japanski rekstraraðilinn hefur bein tengsl við skráða einstaklinginn í ESB, að jafnaði vera vegna þess að rekstraraðilinn hefur beint athygli sinni að einstaklingnum í Evrópusambandinu með því að bjóða honum vörur eða þjónustu eða fylgjast með hegðun hans. Í þeirri sviðsmynd fellur japanski rekstraraðilinn sjálfur undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2016/679 (2. mgr. 3. gr.) og þarf því að fara með beinum hætti að lögum ESB um persónuvernd.

([57]) Samkvæmt 65. gr. persónuverndarlaganna er uppsögn gegn vilja viðkomandi nefndarmanns aðeins möguleg á grundvelli eins af eftirfarandi: i. gjaldþrotameðferðar, ii. sakfellingar fyrir brot á persónuverndarlögunum eða lögum um notkun kenninúmera (e. Numbers Use Act), iii. hefur verið dæmdur til fangelsisvistar án nauðungarvinnu eða enn strangari refsingar, iv. viðkomandi er ófær um að gegna skyldustörfum vegna andlegra eða líkamlegra sjúkdóma eða misferlis.

97) Heimildir persónuverndarnefndarinnar, sem hún beitir algerlega óháð öðrum ([58]), er einkum að finna í 40., 41. og 42. gr. persónuverndarlaganna. Samkvæmt 40. gr. getur persónuverndarnefndin beðið rekstraraðila, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, um að gefa skýrslu eða leggja fram skjöl um vinnsluaðgerðir og getur einnig framkvæmt úttektir, bæði á vettvangi og á bókhaldi eða öðrum skjölum. Eftir því sem þurfa þykir til að framfylgja persónuverndarlögunum getur persónuverndarnefndin einnig veitt rekstraraðilum, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, leiðsögn eða ráðgjöf varðandi meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga. Persónuverndarnefndin hefur þegar nýtt sér þessa heimild skv. 41. gr. persónuverndarlaganna með því að beina leiðbeiningum til Facebook í kjölfar opinberana Facebook/ Cambridge Analytica.

98) Umfram allt hefur persónuverndarnefndin, í kjölfar kvörtunar eða að eigin frumkvæði, í einstökum tilvikum heimild til að gefa út tilmæli og fyrirmæli til að framfylgja persónuverndarlögunum og öðrum bindandi reglum (þ.m.t. viðbótarreglunum). Mælt er fyrir um þessar heimildir í 42. gr. persónuverndarlaganna. Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um tveggja þrepa ferli þar sem persónuverndarnefndin getur gefið út fyrirmæli (einungis) í kjölfar fyrirframgefinna tilmæla en í 3. mgr. er gert ráð fyrir beinni samþykkt fyrirmæla í brýnum tilvikum.

99) Enda þótt ekki séu öll ákvæði talin upp í 1. mgr. 42. gr. 1. þáttar IV. kafla persónuverndarlaganna, sem ákvarðar einnig gildissvið 2. mgr. 42. gr., má útskýra þetta með því að sum þessara ákvæða varða ekki skuldbindingar rekstraraðilans sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar ([59]) og að öll mikilvæg vernd sé þegar veitt með öðrum ákvæðum sem eru talin upp þar. Sem dæmi getur það að uppfylla ekki þessa kröfu, þótt ekki sé getið um 15. gr. (þar sem þess er krafist að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, ákveði tilgang með notkun og vinni úr viðkomandi persónuauðkennaupplýsingum eingöngu innan þess ramma) leitt til þess að tilmæli, sem byggjast á broti á 1. mgr. 16. gr., séu ekki virt (sem bannar rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingarnar, að vinna persónuauðkennaupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt er til að ná fram tilgangi með notkun nema hann fái til þess samþykki skráða einstaklingsins) ([60]). Annað ákvæði, sem ekki er tilgreint í 1. mgr. 42. gr., er 19. gr. persónuverndarlaganna um áreiðanleika og varðveislu gagna. Ef ekki er farið að því ákvæði er hægt að framfylgja því annaðhvort sem broti á 1. mgr. 16. gr. eða á grundvelli brots á 2. mgr. 29. gr., ef viðkomandi einstaklingur fer fram á leiðréttingu eða eyðingu rangra eða óhóflegra gagna og rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingarnar, neitar að verða við beiðninni. Að því er varðar réttindi skráðs einstaklings skv. 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (1. mgr.) og 30. gr. (1. mgr.) er eftirlit af hálfu persónuverndarnefndarinnar tryggt með því að veita henni framkvæmdarheimildir sem samsvara *skyldum* rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, sem mælt er fyrir um í þeim greinum.

100) Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. persónuverndarlaganna getur persónuverndarnefndin lagt fram tilmæli, ef hún viðurkennir að fyrir hendi sé „þörf á að vernda réttindi og hagsmuni einstaklings í þeim tilvikum þar sem [rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar] hefur brotið gegn“ tilteknum ákvæðum persónuverndarlaganna, um „að stöðva brotið eða gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta úr brotinu“. Slík tilmæli eru ekki bindandi en opna leið fyrir bindandi fyrirmæli skv. 2. mgr. 42. gr. persónuverndarlaganna. Á grundvelli þessa ákvæðis getur hún, ef ekki er farið að tilmælunum „án lögmætra ástæðna“ og persónuverndarnefndin „viðurkennir að alvarlegt brot gagnvart réttindum eða hagsmunum einstaklings sé yfirvofandi“, fyrirskipað rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, að grípa til aðgerða í samræmi við tilmælin.

101) Viðbótarreglurnar skýra enn frekar og styrkja framfylgdarheimildir persónuverndarnefndarinnar. Nánar tiltekið, í tilvikum þegar gögn eru flutt inn frá Evrópusambandinu, mun persónuverndarnefndin ætíð líta á það þegar rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, grípur ekki, án lögmætrar ástæðu, til aðgerðar í samræmi við tilmæli skv. 1. mgr. 42. gr. persónuverndarlaganna, sem yfirvofandi alvarlegt brot á réttindum og hagsmunum einstaklings í skilningi 2. mgr. 42. gr. og þar með sem brot sem gefur tilefni til útgáfu bindandi fyrirmæla. Enn fremur samþykkir persónuverndarnefndin eingöngu sem „lögmæta ástæðu“ fyrir því að fara ekki að tilmælum „atburð af óvenjulegum toga [sem kemur í veg fyrir reglufylgni] sem rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, hefur ekki stjórn á og sem ekki hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti (t.d. náttúruhamfarir)“ eða tilvik þar sem nauðsyn þess að grípa til aðgerðar varðandi tilmæli „er ekki lengur til staðar þar sem rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, hefur gripið til annarrar aðgerðar sem bætir að fullu fyrir brotið.“

([58]) Sjá 62. gr. persónuverndarlaganna.

([59]) Sem dæmi varða tiltekin ákvæði valkvæðar ráðstafanir rekstraraðila sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar (32., 33. gr. persónuverndarlaganna) eða skuldbindingar sem fela í sér „ýtrustu viðleitni“ og því ekki hægt að framfylgja þeim sem slíkum (31., 35., 36. (6. mgr.) og 39. gr. persónuverndarlaganna). Tilteknum ákvæðum er ekki beint til rekstraraðila sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar heldur annarra aðila. Þetta á t.d. við að því er varðar 23. gr. (4. mgr.), 26. gr. (2. mgr.) og 34. gr. persónuverndarlaganna (þó er framfylgd 2. mgr. 26. gr. persónuverndarlaganna tryggð með möguleikanum á refsiviðurlögum skv. i. lið 88. gr. persónuverndarlaganna).

([60]) Eins og útskýrt er hér að framan í 48. forsendu mun gagnaútflytjandi í ESB enn fremur skilgreina, í tengslum við miðlun, „tilganginn með notkun“ sem er að þessu leyti bundinn af skuldbindingunni skv. b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Lögbært persónuverndaryfirvald (DPA) í Evrópusambandinu getur framfylgt þessari skuldbindingu.

102) Ef ekki er farið að fyrirmælum persónuverndarnefndarinnar telst það refsivert brot skv. 84. gr. persónuverndarlaganna og heimilt er að refsa rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, sem fundin hefur verið sekur, með allt að sex mánaða fangelsisvist með vinnu eða sekt sem nemur allt að 300 000 jenum. Samkvæmt i. lið 85. gr. persónuverndarlaganna er enn fremur lítill vilji til samstarfs við persónuverndarnefndina eða hindrun á rannsókn hennar gerð refsiverð með sekt sem nemur allt að 300 000 jenum. Þessi refsiviðurlög gilda auk þeirra viðurlaga sem hægt er að beita vegna verulegra brota á persónuverndarlögunum (sjá 108. forsendu).

2.4.2. *Réttarúrræði*

103) Til að tryggja fullnægjandi vernd og einkum framfylgd einstaklingsbundinna réttinda ætti skráður einstaklingur að hafa skilvirk stjórnsýslu- og réttarúrræði, þ.m.t. skaðabætur.

104) Áður en eða í stað þess að leita stjórnsýslu- eða réttarúrræðis getur einstaklingur ákveðið að leggja fram kvörtun vegna vinnslu persónuupplýsinga um hann hjá ábyrgðaraðilanum sjálfum. Á grundvelli 35. gr. persónuverndarlaganna skulu rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, leitast við að fara með slík kvörtunarmál „með viðeigandi hætti og tafarlaust“ og koma á innri kerfum fyrir meðferð kvartana til að ná þessu markmiði. Samkvæmt ii. lið 61. gr. persónuverndarlaganna ber persónuverndarnefndin auk þess ábyrgð á „nauðsynlegri sáttaumleitun vegna kvörtunar sem lögð er fram og samstarfi sem rekstraraðila sem vinnur úr kvörtuninni stendur til boða“, en í báðum tilvikum er um að ræða kvartanir sem útlendingar leggja fram. Í þessu tilliti hefur japanski löggjafinn einnig falið miðlægum stjórnvöldum það verkefni að grípa til „nauðsynlegra aðgerða“ til að gera rekstraraðilum, sem meðhöndla persónuauðkenn-aupplýsingar, kleift að leysa úr kvörtunarmálum og greiða fyrir því (9. gr.) og skulu sveitarfélög leitast við að tryggja sáttaumleitun í slíkum málum (13. gr.). Í þessu tilliti geta einstaklingar lagt fram kvörtun hjá einni af meira en 1700 neytendamiðstöðvum sem sveitarfélög hafa komið á fót á grundvelli laga um neytendaöryggi (e. Consumer Safety Act) ([61]), auk þess að eiga möguleika á að leggja fram kvörtun hjá Neytendamálamiðstöð Japans (e. National Consumer Affairs Centre of Japan). Einnig er hægt að leggja fram slíkar kvartanir vegna brota á persónuverndarlögunum. Samkvæmt 19. gr. grundvallarlaganna um neytendavernd ([62]) skulu sveitarfélög leitast við að sinna sáttaumleitunum vegna kvartana og láta málsaðilum í té nauðsynlega sérþekkingu. Þetta fyrirkomulag við lausn deilumála virðist nokkuð skilvirkt og nam lausnarhlutfallið 91,2% í yfir 75 000 kvörtunarmálum á árinu 2015.

105) Brot rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, á ákvæðum persónuverndarlaganna geta haft í för með sér að höfðað verði einkamál sem og sakamál á hendur honum og að viðurlögum verði beitt. Í fyrsta lagi getur einstaklingur, telji hann að brotið hafi verið á réttindum sínum skv. 28., 29. og 30. gr. persónuverndarlaganna, farið fram á lögbannsúrræði með því að óska eftir að dómstóllinn fyrirskipi að rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauð-kennaupplýsingar, fari að beiðni hans samkvæmt einu þessara ákvæða, þ.e. afhendi varðveittar persónuupplýsingar (28. gr.), leiðrétti varðveittar persónuupplýsingar sem eru rangar (29. gr.) eða hætti ólögmætri vinnslu eða afhendingu til þriðja aðila (30. gr.). Slíkt mál er hægt að höfða án þess að nauðsynlegt sé að styðjast við 709. gr. laga um meðferð einkamála ([63]) eða á annan hátt við skaðabótarétt ([64]). Þetta þýðir einkum að einstaklingurinn þarf ekki að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni.

106) Í öðru lagi, í tilviki þar sem meint brot varðar ekki réttindi einstaklinga skv. 28., 29. og 30. gr. heldur almennar meginreglur um persónuvernd eða skuldbindingar rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, getur hlutaðeigandi einstaklingur höfðað einkamál gegn rekstraraðilanum á grundvelli skaðabótaákvæða í lögum Japans um meðferð einkamála, einkum 709. gr. Þótt þess sé krafist við málshöfðun skv. 709. gr. að fyrir liggi sök (ásetningur eða gáleysi) og sönnun á tjóni getur slíkt tjón bæði verið efnislegt og óefnislegt skv. 710. gr. laga um meðferð einkamála. Engar takmarkanir eru gerðar varðandi bótafjárhæð.

107) Að því er tiltæk úrræði varðar vísar 709. gr. laga Japans um meðferð einkamála til fébóta. Japönsk dómaframkvæmd hefur þó túlkað þessa grein þannig að hún veiti einnig rétt til að krefjast lögbanns ([65]). Ef skráður einstaklingur höfðar mál skv. 709. gr. laga um meðferð einkamála og heldur því fram að réttindi hans eða hagsmunir hafi beðið tjón af broti varnaraðilans gegn ákvæðum persónuverndarlaganna getur krafan, auk skaðabóta, tekið til beiðni um lögbann, einkum í því skyni að stöðva ólöglega vinnslu.

([61]) Lög nr. 50 frá 5. júní 2009.

([62]) Lög nr. 60 frá 22. ágúst 2012.

([63]) Ákvæði 709. gr. laga um meðferð einkamála er helsti lagagrundvöllur skaðamótamála. Samkvæmt þessu ákvæði skal „sá sem af ásetningi eða gáleysi hefur brotið gegn hvers kyns réttindum annarra, eða verndað hagsmuni annarra með lögmætum hætti, bera ábyrgð á að bæta þann skaða sem af hlýst“.

([64]) Dómur Hæstaréttar Tókýó frá 20. maí 2015 (óbirtur), dómur héraðsdóms Tókýó frá 8. september 2014, Westlaw Japan 2014WLJPCA09088002. Sjá einnig 1. og 3. mgr. 34. gr. persónuverndarlaganna.

([65]) Sjá dóm Hæstaréttar frá 24. september 2002 (Hanrei Times, 1106 bindi, bls. 72).

108) Í þriðja lagi getur skráður einstaklingur, auk einkaréttarlegra úrræða (skaðabótamál), beint kvörtun sinni til ríkissaksóknara eða embættismanns rannsóknarlögreglunnar (e. judicial police official) vegna brota á persónuverndarlögunum sem geta varðað refsingu. Í VII. kafla persónuverndarlaganna er að finna refsiákvæði. Mikilvægasta ákvæðið (84. gr.) tengist því þegar rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, fer ekki að fyrirmælum persónuverndarnefndarinnar skv. 2. og 3. mgr. 42. gr. Ef rekstraraðili fer ekki að fyrirmælum persónuverndarnefndarinnar getur formaður nefndarinnar (sem og hver annar embættismaður) ([66]) framsent málið til ríkissaksóknara eða embættismanns rannsóknarlögreglunnar og hafið þannig meðferð sakamáls. Viðurlög við brotum á fyrirmælum persónuverndarnefndarinnar er allt að sex mánaða fangelsisvist með vinnu eða sekt sem nemur allt að 300 000 jenum. Meðal annarra ákvæða persónuverndarlaganna, þar sem kveðið er á um viðurlög við brotum á persónuverndarlögunum sem hafa áhrif á réttindi og hagsmuni skráðra einstaklinga, er 83. gr. persónuverndarlaganna (um að „veita eða nota með leynd“ gagnagrunn með persónuauðkennaupplýsingum „í þeim tilgangi að [...] hagnast ólöglega“) og i. liður 88. gr. persónuverndarlaganna (um það þegar þriðji aðili lætur hjá líða að upplýsa rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingarnar, með réttum hætti þegar sá síðarnefndi tekur við persónuupplýsingum í samræmi við 1. mgr. 26. gr. persónuverndarlaganna og einkum um fyrri öflun þriðja aðilans á slíkum upplýsingum). Viðurlög við slíkum brotum á persónuverndarlögunum eru, eftir því sem við á, fangelsi með vinnu í allt að eitt ár eða sekt sem nemur allt að 500 000 jenum (í tilviki 83. gr.) eða stjórnsýslusekt sem nemur allt að 100 000 jenum (í tilviki i. liðar 88. gr.). Þótt líklegt megi telja að hótun um refsiviðurlög hafi mikil varnaðaráhrif á bæði stjórnendur rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, og þá einstaklinga sem meðhöndla gögnin kemur skýrt fram í 87. gr. persónuverndarlaganna að hafi fulltrúi, starfsmaður eða aðrir starfsmenn fyrirtækis gerst brotlegir við 83.–85. gr. persónuverndarlaganna skuli „refsa aðilanum og leggja á sekt, sem fram kemur í viðkomandi greinum, á fyrrnefnt fyrirtæki“. Í því tilviki geta bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið sætt viðurlögum sem nema allt að hámarksfjárhæðinni.

109) Að lokum geta einstaklingar einnig leitað réttar síns gagnvart aðgerðum eða aðgerðaleysi persónuverndarnefndarinnar. Í þessu tilliti eru fyrir hendi í japönskum lögum margar leiðir til leita stjórnsýslu- og réttarúrræða.

110) Ef einstaklingur er ekki sáttur við þær aðgerðir sem persónuverndarnefndin grípur til getur hann skotið málinu til æðra stjórnsýslustigs samkvæmt lögum um meðferð stjórnsýslukæra (e. Administrative Complaint Review Act) ([67]). Aftur á móti getur einstaklingur, sem telur að persónuverndarnefndin hefði átt að bregðast við en látið það hjá líða, farið fram á það við persónuverndarnefndina, skv. gr. 36–3 þeirra laga, að hún geri ráðstafanir eða setji fram stjórnsýsluleiðbeiningar ef hann telur að „ákvörðun hafi ekki verið tekin eða stjórnsýsluleiðbeiningar settar fram sem eru nauðsynlegar til að leiðrétta brotið“.

111) Að því er réttarúrræði varðar, samkvæmt lögunum um höfðun stjórnsýslumála, getur einstaklingur sem er ekki sáttur við stjórnsýsluákvörðun persónuverndarnefndarinnar höfðað mál um fyrirmæli (*mandamus*) ([68]) og óskað eftir að dómstóllinn fyrirskipi persónuverndarnefndinni að grípa til frekari aðgerða ([69]). Í vissum tilvikum getur dómstóllinn einnig gefið út bráðabirgðaúrskurð um fyrirmæli (*mandamus*) til að koma í veg fyrir varanlegt tjón ([70]). Enn fremur getur einstaklingur farið fram á afturköllun ákvörðunar persónuverndarnefndarinnar samkvæmt sömu lögum ([71]).

112) Að lokum getur einstaklingur einnig, skv. 1. mgr. 1. gr. laga um bótaskyldu ríkisins, höfðað mál gegn persónuverndarnefndinni til að fá greiddar bætur frá ríkinu ef hann hefur orðið fyrir tjóni vegna þess að fyrirmæli sem persónuverndarnefndin gaf út til rekstraraðila voru ólögmæt eða persónuverndarnefndin hefur ekki beitt valdheimildum sínum.

3. AÐGANGUR OPINBERRA YFIRVALDA Í JAPAN AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM SEM MIÐLAÐ HEFUR VERIÐ FRÁ EVRÓPUSAMBANDINU OG NOTKUN ÞEIRRA Á ÞEIM

113) Framkvæmdastjórnin hefur einnig metið takmarkanir og verndarráðstafanir, þ.m.t. fyrirkomulag sem varðar eftirlit og einstaklingsbundnar úrlausnir sem fyrir liggur í japönskum lögum að því er varðar söfnun og síðari notkun persónuupplýsinga, sem opinber yfirvöld miðla til rekstraraðila í Japan í þágu almannahagsmuna, einkum vegna framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar og í þágu þjóðaröryggis („aðgangur stjórnvalda“). Í þessu tilliti hefur japanska ríkisstjórnin látið framkvæmdastjórninni í té skýringar, tryggingar og skuldbindingar sem hafa verið undirritaðar á æðsta ráðherra- og stjórnsýslustigi sem er að finna í II. viðauka við þessa ákvörðun.

([66]) Ákvæði 2. mgr. 239. gr. laga um meðferð sakamála.
([67]) Lög nr. 160 frá 2014.
([68]) Gr. 37–2 laga um höfðun stjórnsýslumála.
([69]) Samkvæmt 6. mgr. 3. gr. laga um höfðun stjórnsýslumála vísar hugtakið „aðgerð vegna fyrirmæla (*mandamus*)“ til aðgerðar þar sem leitað er eftir úrskurði dómstólsins gegn stjórnsýslustofnun um að hún taki þá stjórnsýsluákvörðun sem hún „hefði átt“ að gera í upphafi en gerði ekki.
([70]) Gr. 37–5 laga um höfðun stjórnsýslumála.
([71]) Ákvæði 1. þáttar II. kafla í lögum um höfðun stjórnsýslumála.

3.1. **Almennur lagarammi**

114) Aðgangur stjórnvalda, sem fara með framkvæmd opinbers yfirvalds í Japan, verður að vera í fullu samræmi við lög (lögmætisreglan). Hvað þetta varðar eru í stjórnarskrá Japans ákvæði sem takmarka og setja ramma um söfnun persónuupplýsinga á vegum opinberra yfirvalda. Eins og áður hefur komið fram, að því er varðar vinnslu rekstraraðila, sem byggist á 13. gr. stjórnarskrárinnar sem ver m.a. réttinn til frelsis, hefur Hæstiréttur Japans viðurkennt réttinn til friðhelgi einkalífs og persónuverndar ([72]). Mikilvægur þáttur í þessum rétti er frelsi einstaklingsins til að koma í veg fyrir að persónuauðkennaupplýsingar um hann verði afhentar þriðja aðila án hans leyfis ([73]). Í þessu felst réttur til skilvirkrar verndar persónuupplýsinga gegn misnotkun og (einkum) ólöglegum aðgangi. Viðbótarvernd er tryggð með 35. gr. stjórnarskrárinnar um rétt allra manna til að njóta friðhelgi fyrir heimili, skjöl og eignir, sem krefst þess að opinber yfirvöld afli sér heimildar hjá dómstóli á grundvelli „fullnægjandi ástæðu“ ([74]) í öllum tilvikum þegar um er að ræða „leit og haldlagningu“. Í dómi sínum frá 15. mars 2017 (mál sem varðar GPS-staðsetningarkerfi) gerði Hæstiréttur grein fyrir að þessi krafa um heimild dómstóls gildir í hvert sinn sem stjórnvöld ráðast („fara“) inn í einkalíf með þeim hætti að þau bæla niður vilja einstaklingsins, þ.e. í tengslum við „rannsókn með þvingunarúrræðum“. Dómari getur aðeins gefið út slíka heimild á grundvelli raunverulegs gruns um brot, þ.e. þegar áþreifanleg sönnunargögn eru lögð fram á grundvelli þess að sá sem rannsóknin beinist hafi framið refsivert brot ([75]). Af þessum sökum hafa japönsk yfirvöld enga lagaheimild til að safna persónuauðkennaupplýsingum með þvingunarúrræðum þegar ekkert brot gegn lögum hefur átt sér stað ([76]), t.d. til að koma í veg fyrir brot eða aðra öryggisógn (eins og raunin er í rannsóknum á grundvelli þjóðaröryggis).

115) Samkvæmt meginreglunni um beint lagaboð (e. reservation of law principle) verður að heimila gagnasöfnun sem hluta af rannsókn með þvingunarúrræðum sérstaklega í lögunum (eins og fram kemur t.d. í 1. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála varðandi söfnun upplýsinga með þvingunarúrræðum vegna rannsóknar sakamáls). Þessi krafa gildir einnig um aðgang að rafrænum upplýsingum.

116) Að auki tryggir 2. mgr. 21. gr. stjórnarskrárinnar trúnað um allar samskiptaleiðir, með takmörkunum sem eru einungis heimilaðar með löggjöf á grundvelli almannahagsmuna. Með 4. gr. laga um fjarskiptafyrirtæki, en samkvæmt þeim er óheimilt að rjúfa trúnað um samskipti sem fjarskiptafyrirtækið annast, er þessari þagnarskyldu komið til framkvæmda með almennum lögum. Þetta hefur verið túlkað á þann veg að óheimilt sé að birta upplýsingar um samskipti nema með samþykki notenda eða ef slíkt er byggt á afdráttarlausri undanþágu frá refsiábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum ([77]).

117) Stjórnarskráin tryggir einnig rétt til aðgangs að dómstólum (32. gr.) og rétt til að lögsækja ríkið til að fá úrlausn í máli þar sem einstaklingur hefur beðið tjón af ólögmætum aðgerðum embættismanns (17. gr.).

118) Að því er varðar einkum réttinn til persónuverndar er í 1., 2. og 3. þætti III. kafla persónuverndarlaganna mælt fyrir um almennar meginreglur sem taka til allra geira, þ.m.t. opinbera geirans. Í 3. gr. persónuverndarlaganna er einkum kveðið á um að meðhöndla skuli allar persónuauðkennaupplýsingar í samræmi við meginregluna um að virða persónu einstaklingsins. Þegar persónuauðkennaupplýsingum hefur verið safnað („aflað“) af lögbærum yfirvöldum ([78]), m.a. sem hluta af rafrænum skrám, fellur meðhöndlun þeirra undir lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu

([72]) Sjá sem dæmi dóm Hæstaréttar frá 12. september 2003, í máli nr. 1656 (2002 (Ju)). Hæstiréttur hefur lagt sérstaka áherslu á að „einstaklingur skuli hafa frelsi til að vernda eigin persónuauðkennaupplýsingar gegn því að þær verði afhentar þriðja aðila eða gerðar aðgengilegar almenningi án ríkra ástæðna.“

([73]) Dómur Hæstaréttar frá 6. mars 2008 (Juki-net).

([74]) „Fullnægjandi ástæður“ eru einungis til staðar þegar viðkomandi einstaklingur (grunaður, ákærður) er talinn hafa framið brot og leitin og haldlagningin eru nauðsynleg vegna rannsóknar sakamálsins. Sjá dóm Hæstaréttar frá 18. mars 1969, í máli nr. 100 (1968 (Shi)).

([75]) Sjá 1. mgr. 156. gr. reglna um meðferð sakamála.

([76]) Vert er að taka fram að samkvæmt lögum um refsingu fyrir skipulagða brotastarfsemi og eftirlit með ávinningi af afbrotum frá 15. júní 2017 varð til nýtt afbrot þar sem undirbúningur hryðjuverka og tiltekinna annarra tegunda skipulagðrar brotastarfsemi er gerður refsiverður. Rannsóknir má því aðeins hefja að fyrir liggi raunverulegur grunur, byggður á sönnunargögnum, um að öll þrjú nauðsynleg skilyrði fyrir að teljast brot (þátttaka skipulagðra glæpasamtaka, „skipulagning“ og „undirbúningur að framkvæmd“ brots) hafi verið uppfyllt. Sjá einnig t.d. 38.–40. gr. laga um varnir gegn undirróðri (e. Subversive Activities Prevention Act) (lög nr. 240 frá 21. júlí 1952).

([77]) Ákvæði 8. mgr. 15. gr. viðmiðunarreglna um vernd persónuauðkennaupplýsinga á sviði fjarskipta.

([78]) Stjórnsýsluaðilar eins og þeir eru skilgreindir í 1. mgr. 2. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Samkvæmt upplýsingum frá japönskum stjórnvöldum falla öll opinber yfirvöld, að héraðslögreglunni undanskilinni, undir skilgreininguna „stjórnsýsluaðilar“. Héraðslögreglan starfar jafnframt innan lagaramma sem settur er með samþykktum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í héraði (sjá 11. gr. persónuverndarlaganna og grunnstefnuna) þar sem mælt er fyrir um ákvæði um vernd persónuauðkennaupplýsinga sem jafngilda lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Sjá B-lið I. þáttar í II. viðauka. Eins og persónuverndarnefndin hefur útskýrt þarf samkvæmt „grunnstefnunni“ að samþykkja þessar samþykktir á efnislegum grundvelli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila og ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála gefur út tilkynningar til að veita sveitarfélögum nauðsynlegar leiðbeiningar hvað þetta varðar. Eins og persónuverndarnefndin hefur lagt áherslu á skal „setja samþykkt um vernd persónuauðkennaupplýsinga í hverju héraði innan þessara marka [...] á grundvelli grunnstefnunnar og efnisinnihalds tilkynninganna.“

stjórnsýsluaðila (APPIHAO) ([79]). Að meginreglu til tekur þetta ([80]) einnig til vinnslu persónuauðkennaupplýsinga vegna framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar eða í þágu þjóðaröryggis. Lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila kveða m.a. á um að opinber yfirvöld: i. megi aðeins varðveita persónuauðkennaupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er til að þau geti sinnt skyldustörfum sínum, ii. skuli ekki nota slíkar upplýsingar í „óréttmætum“ tilgangi eða afhenda þær þriðja aðila án rökstuðnings, iii. skuli tilgreina tilganginn og ekki breyta þeim tilgangi umfram það sem eðlilegt má telja að skipti máli varðandi upprunalegan tilgang (takmörkun vegna tilgangs), iv. skuli að jafnaði ekki nota eða veita þriðja aðila varðveittar persónuauðkennaupplýsingar í öðrum tilgangi og, telji þau það nauðsynlegt, setja takmarkanir varðandi tilgang eða notkunaraðferðir þriðja aðila, v. skuli leitast við að tryggja að upplýsingarnar séu réttar (gæði gagna), vi. skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja tilhlýðilega upplýsingastjórnun og koma í veg fyrir leka, tap eða tjón (gagnaöryggi), og vii. skuli kappkosta að afgreiða kvartanir sem varða meðhöndlun upplýsinganna hratt og örugglega ([81]).

3.2. **Aðgangur og notkun opinberra yfirvalda í Japan í þeim tilgangi að framfylgja löggjöf á sviði refsiréttar**

119) Japönsk lög kveða á um ýmsar takmarkanir á aðgangi að og notkun persónuupplýsinga í þeim tilgangi að framfylgja lögum á sviði refsiréttar, svo og eftirlits- og úrlausnarleiðir sem veita fullnægjandi verndarráðstafanir til þess að vernda þessi gögn í reynd gegn ólögmætu athæfi og hættu á misnotkun.

3.2.1. *Lagagrundvöllur og gildandi takmarkanir/verndarráðstafanir*

120) Innan japanska lagarammans er heimilt að safna rafrænum upplýsingum í þeim tilgangi að framfylgja löggjöf á sviði refsiréttar á grundvelli heimildar dómstóls (söfnun með þvingunarúrræðum) eða beiðni um valfrjálsa afhendingu upplýsinga.

3.2.1.1. Rannsókn með þvingunarúrræðum á grundvelli heimildar dómstóls

121) Eins og fram kemur í 115. forsendu verður að heimila gagnaöflun, sem hluta af rannsókn með þvingunarúrræðum, sérstaklega í lögum og hún má aðeins fara fram á grundvelli heimildar dómstóls sem „gefin er út á fullnægjandi grundvelli“ (35. gr. stjórnarskrárinnar). Að því er varðar rannsókn á refsiverðum brotum endurspeglast þessi krafa í ákvæðum laganna um meðferð sakamála. Í 1. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála er kveðið á um að þvingunarúrræðum „skuli ekki beita nema sett hafi verið sérákvæði í þessum lögum“. Að því er söfnun rafrænna upplýsinga varðar eru einu viðkomandi ([82]) lagastoðirnar í þessu tilliti 218. gr. laganna um meðferð sakamála (leit og haldlagning) og gr. 222–2 í lögunum um meðferð sakamála en samkvæmt þeim skal koma þvingunarúrræðum varðandi hlerun á rafrænum samskiptum án samþykkis beggja aðila til framkvæmda á grundvelli annarra laga, þ.e. laga um hleranir vegna rannsóknar sakamála („lög um símhleranir“). Í báðum tilvikum gildir krafan um heimild dómstóls.

122) Nánar tiltekið geta ríkissaksóknarar, aðstoðarmenn ríkissaksóknara eða embættismenn rannsóknarlögreglunnar skv. 1. mgr. 218. gr. laganna um meðferð sakamála framkvæmt leit eða haldlagningu (þ.m.t. krafist gagna) ef þörf krefur vegna rannsóknar á broti, hafi fengist til þess heimild dómara fyrir fram ([83]). Meðal annars skal slík heimild dómara innihalda nafn þess sem er grunaður eða ákærður, brot sem ákært er fyrir ([84]), skrár á rafsegulmiðlum sem leggja skal hald á og „stað eða hluti“ sem ber að skoða (1. mgr. 219. gr. laganna um meðferð sakamála).

([79]) Persónuauðkennaupplýsingar, sem opinberir starfsmenn stjórnsýsluaðila hafa aflað sér við skyldustörf sín og eru í vörslu fyrrnefnds stjórnsýsluaðila til skipulagslegra nota, falla undir skilgreininguna „varðveittar persónuauðkennaupplýsingar“ í skilningi 3. mgr. 2. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, svo fremi að þær séu skráðar í „stjórnsýsluskjöl“. Þetta tekur til rafrænna upplýsinga sem slíkir aðilar safna og vinna frekar, að því gefnu að skilgreiningin á „stjórnsýsluskjölum“ í 2. mgr. 2. gr. laganna um aðgang að upplýsingum í vörslu stjórnsýsluaðila (lög nr. 42 frá 1999) nái yfir skrár á rafsegulmiðlum.

([80]) Samkvæmt gr. 53–2 í lögunum um meðferð sakamála er IV. kafli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila þó undanskilinn að því er varðar „gögn sem varða réttarhöld“ en samkvæmt mótteknum upplýsingum er þar að finna rafrænar upplýsingar, sem aflað hefur verið og byggjast á heimild dómstóls eða beiðni um samstarf af frjálsum vilja sem er liður í rannsókn sakamáls. Að því er varðar upplýsingar sem er safnað á sviði þjóðaröryggis geta einstaklingar á sama hátt ekki beitt fyrir sig réttindum sínum samkvæmt lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila ef yfirmaður opinbera yfirvaldsins hefur „gildar ástæður“ til að ætla að afhending upplýsinga sé „líkleg til að skaða þjóðaröryggi“ (sjá iv. lið 14. gr.). Þess er þó krafist að opinber yfirvöld heimili a.m.k. afhendingu upplýsinga að hluta til þegar því verður við komið (15. gr.).

([81]) Sjá sérstakar tilvísanir í lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila í 2. lið b-liðar í 1. lið A-liðar II. þáttar II. viðauka.

([82]) Þó að 220. gr. laganna um meðferð sakamála heimili leit og haldlagningu „á staðnum“ án heimildar dómstóls þegar ríkissaksóknari, aðstoðarmaður ríkissaksóknara eða embættismaður rannsóknarlögreglunnar handtekur grunaðan mann/brotamann á það ekki við í tengslum við miðlun og þar með að því er varðar þessa ákvörðun.

([83]) Samkvæmt 1. mgr. 222. gr. ásamt 110. gr. laganna um meðferð sakamála skal sýna þeim aðila sem ráðstöfunin beinist gegn fram á heimild dómstóls til leitar eða haldlagningar á skrám.

([84]) Sjá einnig 2. mgr. 189. gr. laganna um meðferð sakamála en samkvæmt henni skal embættismaður rannsóknarlögreglunnar rannsaka grunaðan brotamann og sönnunargögn er varða brotið „þegar hann telur að brot hafi verið framið“. Á sama hátt er í 1. mgr. 155. gr. reglnanna um meðferð sakamála gerð krafa um að skrifleg beiðni um heimild dómstóls innihaldi a.m.k. það „brot sem ákært er fyrir“ og „samantekt á málsatvikum brotsins“.

123) Að því er hlerun samskipta varðar er einungis heimilt að grípa til slíkra ráðstafana með ströngum skilyrðum skv. 3. gr. laganna um símhleranir. Einkum verða opinber yfirvöld að afla sér fyrirframheimildar dómstóls sem aðeins má gefa út vegna rannsóknar á tilteknum alvarlegum brotum (sem skráð eru í viðauka við lögin) ([85]) og þegar „afar erfitt er að bera kennsl á brotamanninn eða skýra nánar aðstæður/atriði í tengslum við verknaðinn með öðrum hætti“ ([86]). Samkvæmt 5. gr. laganna um símhleranir er heimildin gefin út til takmarkaðs tíma og getur dómarinn sett viðbótarskilyrði. Enn fremur er í lögunum um símhleranir kveðið á um ýmsar frekari tryggingar, s.s. nauðsynlega aðkomu vitna (12. og 20. gr.), bann við því að hlera samskipti tiltekinna hópa sem njóta sérréttinda (t.d. lækna, lögfræðinga) (15. gr.), skyldu til að hætta hlerunum ef það er ekki lengur réttlætanlegt, jafnvel innan gildistíma heimildarinnar (18. gr.), eða almenna kröfu um að tilkynna viðkomandi einstaklingi það og heimila aðgang að skránum innan þrjátíu daga eftir að hlerunum hefur verið hætt (23., 24. gr.).

124) Að því er varðar öll þvingunarúrræði sem byggjast á heimild dómstóls má aðeins framkvæma athugun „sem nauðsynleg er til að ná markmiði hennar“, þ.e. ef markmiðin sem stefnt er að með rannsókninni nást ekki á annan hátt, (1. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála). Þótt viðmiðanir vegna ákvörðunar á nauðsyn séu ekki tilgreindar frekar í lögunum hefur Hæstiréttur Japans úrskurðað að dómari, sem gefur út heimild, skuli framkvæma heildarmat, einkum með hliðsjón af i. alvarleika brotsins og hvernig það var framið, ii. verðmæti og mikilvægi efnanna sem leggja á hald á sem sönnunargagna, iii. líkunum (hættunni) á því að hægt verði að fela eða eyðileggja sönnunargögn og iv. því að hve miklu leyti haldlagningin getur skaðað viðkomandi einstakling ([87]).

3.2.1.2. Beiðni um valfrjálsa afhendingu upplýsinga á grundvelli „fyrirspurnareyðublaðs“

125) Opinberum yfirvöldum er einnig heimilt, innan marka valdheimilda sinna, að safna rafrænum upplýsingum á grundvelli beiðna um valfrjálsa afhendingu upplýsinga. Hér er átt við form samstarfs án þvingunarúrræða þar sem ekki er hægt að framfylgja beiðninni ([88]) og leysa þannig opinber yfirvöld undan þeirri skyldu að afla heimildar hjá dómstóli.

126) Að því marki sem slík beiðni beinist að rekstraraðila og varðar persónuauðkennaupplýsingar skal rekstraraðilinn fara að kröfum persónuverndarlaganna. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. persónuverndarlaganna geta rekstraraðilar aðeins afhent þriðju aðilum persónuauðkennaupplýsingar í vissum tilvikum án samþykkis einstaklingsins sem í hlut á, þ.m.t. þegar afhending er „byggð á lögum og reglum“ ([89]). Á sviði framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar er kveðið á um lagagrundvöll slíkra beiðna í 2. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála þar sem kveðið er á um að heimilt sé að „krefja einkaaðila um að gefa skýrslu um nauðsynleg atriði sem varða rannsóknina“. Þar sem slíkt „fyrirspurnareyðublað“ er aðeins leyfilegt sem hluti af rannsókn sakamáls er alltaf gert ráð fyrir að sterkur grunur leiki á um að brot hafi þegar verið framið ([90]). Þar eð slíkar rannsóknir eru almennt í höndum héraðslögreglu gilda auk þess takmarkanir skv. 2. mgr. 2. gr. lögreglulaganna ([91]). Samkvæmt því ákvæði „einskorðast“ starfsemi lögreglu við það að sinna störfum sínum og skyldum (þ.e. að koma í veg fyrir, bæla niður og rannsaka brot). Að auki skal lögreglan í störfum sínum starfa með óhlutdrægum, fordómalausum og sanngjörnum hætti og aldrei misnota vald sitt „á nokkurn þann hátt sem getur skert réttindi og frelsi einstaklings sem tryggð eru í stjórnarskrá Japans“ (sem felur í sér, eins og tilgreint er, rétt til friðhelgi einkalífs og persónuverndar) ([92]).

127) Sérstaklega að því er varðar 2. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála hefur ríkislögregluembættið, sem það alríkisyfirvald sem fer m.a. með öll málefni er varða sakamálalögregluna, gefið út fyrirmæli til héraðslögreglunnar ([93])

([85]) Í viðaukanum er fjallað um níu tegundir afbrota, t.d. brot sem tengjast fíkniefnum og skotvopnum, mansali og skipulögðum morðum. Vakin er athygli á því að brot sem varðar „undirbúning hryðjuverka og annarrar skipulagðrar brotastarfsemi“, sem var nýlega kynnt til sögunnar (sjá 76. nmgr.), er ekki að finna í þessari takmarkandi skrá.

([86]) Samkvæmt 23. gr. laganna um símhleranir verður rannsóknaryfirvaldið enn fremur að tilkynna einstaklingum, sem hafa sætt símhlerunum á samskiptum sínum (og eru þannig í hlerunarskránni), skriflega um það.

([87]) Sjá 1. lið b-liðar í 1. lið A-liðar II. þáttar í II. viðauka.

([88]) Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa hefur lítill samstarfsvilji rekstraraðila ekki haft í för með sér neikvæðar afleiðingar (þ.m.t. viðurlög) samkvæmt lögum. Sjá a-lið 2. liðar í A-lið II. þáttar II. viðauka.

([89]) Samkvæmt viðmiðunarreglum persónuverndarnefndarinnar (útgáfa almennra reglna) er í i. lið 1. mgr. 23. gr. kveðið á um grundvöll fyrir afhendingu persónuauðkennaupplýsinga til að bregðast við bæði heimild dómstóls (218. gr. laganna um meðferð sakamála) og „fyrirspurnareyðublaði“ (2. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála).

([90]) Þetta merkir að einungis er heimilt að nota „fyrirspurnareyðublaðið“ til að afla upplýsinga í einstökum málum en ekki til að safna persónuupplýsingum í stórum stíl. Sjá einnig 1. lið b-liðar í 2. lið A-liðar I. þáttar II. viðauka.

([91]) Einnig reglur héraðsnefndarinnar um almannaöryggi, sjá 1. mgr. 189. gr. laganna um meðferð sakamála.

([92]) Sjá einnig 3. gr. lögreglulaganna en samkvæmt henni felst það í embættiseiði sem allir lögreglumenn sverja „að vera trúr þeirri skyldu að verja og halda í heiðri stjórnarskrá og lög Japans og gegna skyldum sínum af óhlutdrægni, á grundvelli réttlætis, af sanngirni og án fordóma“.

([93]) Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 31. gr. lögreglulaganna skal aðalframkvæmdastjóri svæðisskrifstofa lögreglunnar (staðbundinna útibúa ríkislögregluembættisins) „stjórna og hafa eftirlit með“ héraðslögreglunni.

um „rétta notkun skriflegra fyrirspurna í rannsóknarmálum“. Samkvæmt þessari tilkynningu skal leggja fram beiðnir á fyrirframákveðnu eyðublaði („eyðublað nr. 49“ eða svokallað „fyrirspurnareyðublað“ ([94]), þær skulu varða skrár „sem varða tiltekna rannsókn“ og skulu þær upplýsingar sem óskað er eftir vera „nauðsynlegar fyrir [þá] rannsókn“. Í hverju tilviki skal aðalrannsakandi „rannsaka að fullu nauðsyn, innihald, o.s.frv., tiltekinnar fyrirspurnar“ og fá innra samþykki háttsetts embættismanns.

128) Enn fremur hefur Hæstiréttur Japans, í tveimur dómum frá 1969 og 2008 ([95]), mælt fyrir um takmarkanir að því er varðar úrræði án þvingunar sem hafa áhrif á réttinn til friðhelgi einkalífs ([96]). Einkum taldi dómstóllinn að slík úrræði yrðu að vera „réttmæt“ og innan „almennt leyfðra marka“, þ.e.a.s. þau yrðu að vera nauðsynleg vegna rannsóknar á grunuðum einstaklingi (söfnun sönnunargagna) og framkvæmdar „með viðeigandi aðferðum til að ná fram tilgangi [rannsóknarinnar]“ ([97]). Í dómunum kemur fram að í þessu felist prófun á því hvort meðalhófs hafi verið gætt, að teknu tilliti til allra málavaxta (t.d. umfangs skerðingar á rétti til friðhelgi einkalífs, þ.m.t. væntinga um friðhelgi einkalífs, alvarleika brotsins, hverjar líkur eru á að afla megi gagnlegra sönnunargagna, mikilvægis þeirra sönnunargagna, hugsanlegra annarra rannsóknaraðferða o.s.frv.). ([98]).

129) Auk þessara takmarkana á beitingu opinbers valds er rekstraraðilunum sjálfum ætlað að kanna („staðfesta“) nauðsyn og „réttmæti“ afhendingar til þriðja aðila ([99]). Þetta tekur til þess hvort lög komi í veg fyrir samstarf þeirra. Slíkar lagaskyldur, sem stangast á, má m.a. leiða af trúnaðarskyldum, s.s. 134. gr. almennra hegningarlaga (varðandi samband læknis, lögfræðings, prests o.s.frv. og skjólstæðings/umbjóðanda hans). Jafnframt skal „sérhver aðili sem stundar fjarskiptastarfsemi, á meðan hann gegnir því starfi, varðveita leyndarmál annarra sem hann hefur fengið vitneskju um að því er tekur til samskipta sem eru í umsjón fjarskiptafyrirtækja“ (2. mgr. 4. gr. laganna um fjarskiptafyrirtæki). Þessi skuldbinding er studd viðurlögum, sem mælt er fyrir um í 179. gr. laganna um fjarskiptafyrirtæki, en samkvæmt þeim skal hver sá sem rofið hefur trúnað um samskipti sem fjarskiptafyrirtæki annast teljast sekur um hegningarlagabrot sem varðar allt að tveggja ára fangelsi með vinnu eða sekt sem nemur allt að einni milljón jena ([100]). Þótt þessi krafa sé ekki algild og geri einkum ráð fyrir ráðstöfunum sem brjóta í bága við trúnað um samskipti, sem teljast vera „réttmætar athafnir“ í skilningi 35. gr. almennra hegningarlaga ([101]), nær þessi undantekning ekki til viðbragða við beiðnum opinberra yfirvalda, án þvingunarúrræða, um afhendingu rafrænna upplýsinga skv. 2. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála.

3.2.1.3. Frekari notkun upplýsinga sem safnað hefur verið

130) Þegar opinber yfirvöld í Japan safna persónuauðkennaupplýsingum fellur það undir gildissvið laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Í þeim lögum er að finna reglur um meðhöndlun (vinnslu)

([94]) Á fyrirspurnareyðublaðinu verður einnig að tilgreina samskiptaupplýsingar viðkomandi „afgreiðslufulltrúa“ („heiti einingar [staða], nafn afgreiðslufulltrúa, símanúmer vinnustaðar, innanhússnúmer o.s.frv.“).

([95]) Dómur Hæstaréttar frá 24. desember 1969 (1965(A) 1187), dómur Hæstaréttar frá 15. apríl 2008 (2007(A) 839).

([96]) Japönsk stjórnvöld hafa, enda þótt þessir dómar varði ekki söfnun rafrænna upplýsinga, útskýrt að beiting viðmiðana Hæstaréttar nái yfir hvers konar skerðingar af hálfu opinberra yfirvalda á réttinum til friðhelgi einkalífs, þ.m.t. allra „rannsókna á valfrjálsum grundvelli“, og því séu viðmiðin einnig bindandi fyrir japönsk yfirvöld þegar þau leggja fram beiðni um valfrjálsa afhendingu upplýsinga. Sjá 1. lið b-liðar í 2. lið A-liðar II. þáttar II. viðauka.

([97]) Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa skal líta til þessara þátta sem „réttmætra í samræmi við félagslega samþykktar viðmiðanir.“ Sjá 1. lið b-liðar í 2. lið A-liðar II. þáttar II. viðauka.

([98]) Að því er varðar sambærilega þætti í tengslum við rannsóknir með þvingunarúrræðum (hleranir) sjá einnig dóm Hæstaréttar frá 16. desember 1999, 1997 (A) 636.

([99]) Í þessu sambandi hafa japönsk yfirvöld bent á viðmiðunarreglur persónuverndarnefndarinnar (útgáfu almennra reglna) og lið 5/14 í „spurningum og svörum“ sem persónuverndarnefndin tók saman vegna beitingar persónuverndarlaganna. Samkvæmt japönskum yfirvöldum „eru rekstraraðilar sífellt varfærnari þegar kemur að því svara slíkum beiðnum í ljósi þess að einstaklingar eru í auknum mæli orðnir meðvitaðir um friðhelgi einkalífs síns, auk þess sem slíkar beiðnir kalla á aukið vinnuálag“. Sjá 2. lið A-liðar II. þáttar II. viðauka, einnig með vísan til tilkynningar ríkislögregluembættisins frá 1999. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem borist hafa, hafa vissulega komið upp tilvik þar sem rekstraraðilar hafa neitað samstarfi. Sem dæmi tilgreindi LINE (vinsælasta samskiptasmáforritið í Japan) eftirfarandi í skýrslu sinni um gagnsæi frá 2017: „Þegar okkur [...] berast beiðnir frá rannsóknaryfirvöldum o.s.frv. staðfestum við hvort þær eru tilhlýðilegar með tilliti til lögmætis, notendaverndar o.s.frv. Ef fram koma lagalegir annmarkar á beiðninni munum við hafna beiðninni á þeim tíma. Ef krafan er of víðtæk miðað við tilgang rannsóknarinnar biðjum við rannsóknaryfirvöld um rökstuðning. Ef rökstuðningurinn er ekki fullnægjandi munum við ekki verða við beiðninni.“ Aðgengilegt á netinu á: https://linecorp.com/en/security/transparency/top

([100]) Viðurlögin eru þriggja ára fangelsi með vinnu eða sekt sem nemur allt að 2 milljónum jena fyrir hvern þann sem „stundar fjarskiptastarfsemi“.

([101]) „Réttmætar athafnir“ samkvæmt almennum hegningarlögum eru einkum athafnir fjarskiptafyrirtækis sem eru í samræmi við úrræði ríkisins sem hafa lagagildi (þvingunarúrræði), t.d. þegar rannsóknaryfirvöld gera ráðstafanir á grundvelli heimildar sem dómari gefur út. Sjá 2. lið b-liðar í 2. lið A. liðar II. þáttar II. viðauka, með vísun til viðmiðunarreglna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í fjarskiptafyrirtækjum.

„varðveittra persónuauðkennaupplýsinga“ og settar ýmsar takmarkanir og verndarráðstafanir (sjá 118. forsendu) ([102]). Enn fremur felur heimild stjórnsýsluaðila til að varðveita persónuauðkennaupplýsingar „aðeins þegar varðveisla þeirra er nauðsynleg til að fara með þau mál sem falla undir lögsögu hans og kveðið er á um í lögum og reglum“ (1. mgr. 3. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila) einnig í sér takmarkanir, a.m.k. óbeint, varðandi upphaflegu söfnunina.

3.2.2. *Óháð eftirlit*

131) Í Japan er söfnun rafrænna upplýsinga á sviði framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar ([103]) fyrst og fremst á ábyrgð héraðslögreglunnar ([104]) og sætir mismiklu eftirliti í þessu tilliti.

132) Í fyrsta lagi þarf lögreglan að afla heimildar dómstóls fyrir fram í öllum tilvikum þar sem rafrænna upplýsinga er aflað með þvingunarúrræðum (leit og haldlagning) (sjá 121. forsendu). Í slíkum tilvikum mun söfnunin því verða könnuð fyrir fram af dómara, á grundvelli strangrar reglu um „fullnægjandi ástæðu“.

133) Jafnvel þótt ekki fari fram fyrirframathugun dómara á beiðnum um valfrjálsa afhendingu upplýsinga geta rekstraraðilar sem fá slíka beiðnir andmælt þeim án þess að eiga neikvæðar afleiðingar á hættu (og þurfa að taka tillit til áhrifa hvers kyns afhendinga á friðhelgi einkalífsins). Enn fremur skal lögreglan, skv. 1. mgr. 192. gr. laganna um meðferð sakamála, ávallt eiga samstarf við ríkissaksóknara og samhæfa aðgerðir sínar aðgerðum hans (og héraðsnefndarinnar um almannaöryggi) ([105]). Á hinn bóginn getur ríkissaksóknari gefið nauðsynlegar almennar leiðbeiningar þar sem settar eru fram reglur varðandi réttláta rannsókn og/eða gefið út sérstök fyrirmæli að því er varðar einstaka rannsókn (193. gr. laganna um meðferð sakamála). Ef slíkum leiðbeiningum og/eða fyrirmælum er ekki fylgt getur ákæruvaldið höfðað mál vegna agabrota (194. gr. laganna um meðferð sakamála). Þar af leiðandi starfar héraðslögreglan undir eftirliti ríkissaksóknara.

134) Í öðru lagi er hvorri deild japanska þingsins um sig heimilt, skv. 62. gr. stjórnarskrárinnar, að framkvæma rannsóknir í tengslum við stjórnvöld, þ.m.t. að því er varðar lögmæti upplýsingaöflunar lögreglunnar. Í því skyni getur það krafist viðveru og skýrslutöku af vitnum og/eða framlagningar skýrslna. Þessar rannsóknarheimildir eru tilgreindar nánar í lögum þingsins, einkum XII. kafla. Nánar tiltekið er í 104. gr. laga þingsins kveðið á um að ríkisstjórnin, opinberar stofnanir og aðrir hlutar ríkisins „verði að fara að beiðnum þingdeildar eða nefnda hennar um að taka saman skýrslur og skrár sem taka þarf tillit til við rannsókn“. Einungis er heimilt að neita að þessu ef stjórnvöld gefa trúverðuga ástæðu sem þingið telur viðunandi eða ef gefin er út formleg yfirlýsing um að gerð skýrslnanna eða skránna myndi „skaða þjóðarhagsmuni verulega“ ([106]). Auk þess geta þingmenn lagt skriflegar spurningar fyrir ríkisstjórnina (74. og 75. gr. laga þingsins), og áður hafa slíkar „skriflegar fyrirspurnir“ einnig beinst að meðferð persónuauðkennaupplýsinga af hálfu stjórnsýslunnar ([107]). Hlutverk japanska þingsins við eftirlit með framkvæmdavaldinu er stutt kvöðum um skýrslugjöf, t.d. skv. 29. gr. laga um símhleranir.

135) Í þriðja lagi sætir héraðslögreglan einnig óháðu eftirliti innan framkvæmdavaldsins. Þetta tekur einkum til héraðsnefndanna um almannaöryggi sem settar eru á fót í héraði til að tryggja lýðræðislega stjórnsýslu og pólitískt hlutleysi lögreglunnar ([108]). Í þessum nefndum sitja fulltrúar sem héraðsstjórinn tilnefnir með samþykki héraðsþingsins (úr hópi borgara sem ekki hafa gegnt stöðu opinberra starfsmanna innan lögreglunnar á næstliðnum fimm árum) og hafa öruggan skipunartíma (nánar tiltekið þarf góða ástæðu fyrir brottvikningu) ([109]). Samkvæmt upplýsingum sem borist hafa lúta þær ekki fyrirmælum og því er hægt að líta svo á að þær séu algerlega sjálfstæðar ([110]). Að því er varðar verkefni og valdsvið héraðsnefndanna um almannaöryggi, skv. 3. mgr. 38. gr. ásamt 2. gr. og 2. mgr. 36. gr. lögreglulaga, bera þær ábyrgð á „að vernda réttindi og frelsi einstaklings“. Í þessu skyni hafa þær valdheimildir til að

([102]) Að því er varðar réttindi hlutaðeigandi einstaklinga, sjá þátt 3.1.

([103]) Að meginreglu til getur ríkissaksóknari, eða aðstoðarmaður hans að fyrirmælum ríkissaksóknara, rannsakað brot telji hann það nauðsynlegt (1. mgr. 191. gr. laganna um meðferð sakamála).

([104]) Samkvæmt upplýsingum sem borist hafa fer ríkislögregluembættið ekki með rannsókn einstakra sakamála. Sjá a-lið 1. liðar A-liðar II. þáttar II. viðauka.

([105]) Sjá einnig 246. gr. laganna um meðferð sakamála en samkvæmt þeim er rannsóknarlögreglunni skylt að senda málsskjöl til ríkissaksóknara að lokinni rannsókn á refsiverðu broti („meginreglan um að senda inn öll mál“).

([106]) Að öðrum kosti getur þingið farið fram á að eftirlits- og endurskoðunarstjórn sértilgreindra leyndarmála (e. Board of Oversight and Review of Specially Designated Secrets) láti fara fram rannsókn þegar beiðni um svar er synjað. Sjá gr. 104-II í lögum japanska þingsins.

([107]) Sjá 4. lið B-liðar II. þáttar II. viðauka.

([108]) Að auki hefur héraðsþingið, í samræmi við ákvæði 100. gr. laga um sjálfstjórn sveitarfélaga, heimild til að rannsaka starfsemi fullnustuyfirvalda sem komið er á fót á héraðsstigi, þ.m.t. héraðslögreglunnar.

([109]) Sjá 39.–41. gr. lögreglulaga. Sjá einnig 42. gr. lögreglulaga að því er varðar pólitískt hlutleysi.

([110]) Sjá 3. lið B-liðar II. þáttar II. viðauka („kerfi sjálfstæðra ráða“).

„hafa eftirlit“ ([111]) með allri rannsóknarstarfsemi héraðslögreglunnar, þ.m.t. söfnun persónuupplýsinga. Einkum geta nefndirnar „gefið héraðslögreglunni ítarleg fyrirmæli, eða fyrirmæli í tilteknu úttektarmáli þar sem brot lögreglumanna í starfi eru rannsökuð, ef nauðsyn krefur“ ([112]). Fái héraðslögreglustjóri ([113]) slík fyrirmæli eða komist hann sjálfur á snoðir um hugsanlegt misferli (þ.m.t. brot á lögum eða aðra vanrækslu skyldustarfa) ber honum skylda til að gera úttekt á málinu þegar í stað og tilkynna niðurstöðu úttektarinnar til héraðsnefndarinnar um almannaöryggi (3. mgr. 56. gr. lögreglulaga). Telji hann það nauðsynlegt er honum einnig heimilt að tilnefna einn nefndarmanna til að fara yfir stöðu framkvæmdarinnar. Ferlið heldur áfram þar til héraðsnefndin um almannaöryggi lítur svo á að tekið hafi verið á atvikinu með viðunandi hætti.

136) Að því er varðar rétta beitingu laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila hefur viðkomandi ráðherra eða yfirmaður stofnunar (t.d. ríkislögreglustjóri) þar að auki framkvæmdarvald, undir eftirliti ráðuneytis innanríkis- og fjarskiptamála. Samkvæmt 49. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila er ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála „heimilt að safna skýrslum um stöðu framkvæmdar á þessum lögum“ frá yfirmönnum stjórnsýsluaðila (ráðherra). Til stuðnings þessu eftirlitshlutverki kemur innlegg frá 51 „miðstöð alhliða upplýsinga“ ráðuneytis innanríkis- og fjarskiptamála (einni í hverju héraði Japans) sem meðhöndla árlega þúsundir fyrirspurna frá einstaklingum ([114]) (sem getur á móti leitt í ljós hugsanleg brot á lögunum). Telji ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála það nauðsynlegt til að tryggja að farið verði að ákvæðum laganna getur það óskað eftir því að lagðar verði fram skýringar og efni og gefið út álit varðandi meðferð persónuauðkennaupplýsinga af hálfu viðkomandi stjórnsýsluaðila (50. og 51. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila).

3.2.3. *Einstaklingsbundnar úrlausnir*

137) Auk eftirlits að eigin frumkvæði (e. ex officio oversight) hafa einstaklingar einnig ýmsa möguleika á að fá einstaklingsbundna úrlausn, bæði fyrir milligöngu óháðra yfirvalda (s.s. héraðsnefndanna um almannaöryggi eða persónuverndarnefndarinnar) og japanskra dómstóla.

138) Í fyrsta lagi, að því er varðar persónuauðkennaupplýsingar sem stjórnsýsluaðilar safna, er þeim síðarnefndu skylt að „kappkosta að afgreiða kvartanir með réttum og skjótum hætti“ vegna síðari vinnslu þeirra (48. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila). Þótt IV. kafli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, sem fjallar um réttindi einstaklinga, gildi ekki um persónuauðkennaupplýsingar sem skráðar eru í „skjöl sem tengjast réttarhöldum og haldlögðum hlutum“ (2. mgr. gr. 53–2. laganna um meðferð sakamála) – sem tekur til persónuauðkennaupplýsinga sem safnað er sem hluta af rannsókn sakamáls – geta einstaklingar lagt fram kvörtun og skírskotað til almennra meginreglna um persónuvernd, s.s. þeirrar skyldu að varðveita aðeins persónuauðkenn-aupplýsingar „þegar varðveisla þeirra er nauðsynleg í þágu [löggæslustarfa]“ (1. mgr. 3. gr. laganna um vernd persónu-auðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila).

139) Að auki tryggir 79. gr. lögreglulaga einstaklingum, sem hafa áhyggjur af „framkvæmd skyldustarfa“ af hálfu starfsfólks lögreglunnar, rétt til að leggja fram kvörtun hjá (þar til bærri) óháðri héraðsnefnd um almannaöryggi. Nefndin mun taka slíkar kvartanir til „dyggilegrar“ meðferðar í samræmi við lög og staðbundnar samþykktir og skal tilkynna umkvörtunar-aðilanum skriflega um niðurstöðurnar. Á grundvelli heimilda sinna til að hafa eftirlit með héraðslögreglunni og „gefa henni fyrirmæli“ að því er varðar „brot starfsfólks í starfi“ (3. mgr. 38. gr. og 1. mgr. gr. 43–2 í lögreglulögum), getur hún óskað eftir því að héraðslögreglan rannsaki málsatvik, geri viðeigandi ráðstafanir á grundvelli niðurstöðu rannsóknarinnar og gefi skýrslu um niðurstöðurnar. Telji nefndin að rannsókn lögreglunnar hafi ekki verið fullnægjandi getur hún einnig gefið fyrirmæli um meðferð kvörtunarinnar.

140) Til að auðvelda meðferð kvartana hefur ríkislögregluembættið gefið út „tilkynningu“ til lögreglunnar og héraðsnefndanna um almannaöryggi um rétta meðhöndlun kvartana vegna framkvæmdar lögreglumanna á skyldustörfum sínum. Í þessu skjali mælir ríkislögregluembættið fyrir um staðla um túlkun og framkvæmd 79. gr.

([111]) Sjá 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 38. gr. lögreglulaga.

([112]) Sjá 3. mgr. 38. gr. og 1. mgr. gr. 43-2 í lögreglulögum. Ef héraðsnefndin um almannaöryggi „setur fram tilmæli“ í skilningi 1. mgr. gr. 43–2 getur hún fyrirskipað nefnd, sem héraðsnefndin tilnefnir, að fylgjast með framkvæmd þeirra (2. mgr.). Einnig getur héraðsnefndin mælt með viðurlögum eða brottvikningu héraðslögreglustjóra (e. Chief of the Prefectural Police) (2. mgr. 50. gr.) og annarra lögreglumanna (4. mgr. 55. gr. lögreglulaga).

([113]) Sama á við um yfirlögreglustjóra (e. Superintendent General) í tilviki höfuðborgarlögreglunnar í Tókýó (sjá 1. mgr. 48. gr. lögreglulaga).

([114]) Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa voru alls 5 186 fyrirspurnir frá einstaklingum meðhöndlaðar í „miðstöðvum alhliða upplýsinga“ á fjárhagsárinu 2017 (apríl 2017 til mars 2018).

lögreglulaga. Meðal annars er þar gerð krafa um að héraðslögreglan komi á fót „meðhöndlunarkerfi fyrir kvartanir“ og meðhöndli og tilkynni allar kvartanir „tafarlaust“ til þar til bærrar héraðsnefndar um almannaöryggi. Í tilkynningunni eru kvartanir skilgreindar sem kröfur um að bæta úr „sérstöku óhagræði sem orðið hefur af völdum lögreglumanns vegna ólöglegs eða óviðeigandi atferlis“ ([115]) eða „því að lögreglumaður hafi ekki gripið til nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd skyldustarfa sinna“ ([116]) og „kvörtunarmálum/óánægju vegna óviðeigandi háttsemi lögreglumanns við skyldustörf“. Efnislegt gildissvið kvörtunar er þannig skilgreint vítt og nær yfir sérhverja kvörtun vegna ólögmætrar söfnunar gagna og umkvörtunaraðilinn þarf ekki að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða lögreglumanns. Það sem meira er, í tilkynningunni er mælt fyrir um að útlendingar (meðal annarra) skuli fá aðstoð við að leggja fram kvörtun. Í kjölfar kvörtunar er þess krafist að héraðsnefndir um almannaöryggi sjái til þess að héraðslögreglan kanni málsatvik, geri ráðstafanir „í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar“ og gefi skýrslur um niðurstöðurnar. Telji nefndin að könnunin hafi verið ófullnægjandi skal hún gefa út fyrirmæli um meðferð kvörtunarinnar sem héraðslögreglunni er skylt að fylgja. Á grundvelli þeirra skýrslna sem berast og ráðstafana sem gripið er til skal nefndin tilkynna einstaklingnum m.a. um hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að bregðast við kvörtuninni. Í tilkynningu ríkislögregluembættisins er lögð áhersla á að kvartanir fái „raunverulega meðferð“ og að tilkynna skuli um niðurstöðuna „innan tímamarka [...] sem telst viðeigandi í ljósi félagslegra viðmiða (e. social norms) og heilbrigðrar skynsemi“.

141) Í öðru lagi, í ljósi þess að eðlilega þarf að leita úrlausnar erlendis, í erlendu kerfi og á erlendu tungumáli, hafa japönsk yfirvöld, í því skyni að greiða fyrir úrlausn fyrir einstaklinga í ESB þegar persónuupplýsingum þeirra er miðlað til rekstraraðila í Japan og síðan skoðaðar af opinberum yfirvöldum, nýtt valdheimildir sínar til að koma á fót sérstöku fyrirkomulagi, undir stjórn og eftirliti persónuverndarnefndarinnar, fyrir meðferð og úrlausn kvartana á þessu sviði. Þetta fyrirkomulag byggist á samstarfsskyldunni sem opinber yfirvöld í Japan falla undir samkvæmt persónuverndarlögunum og sérstöku hlutverki persónuverndarnefndarinnar varðandi alþjóðlega gagnamiðlun frá þriðju löndum skv. 6. gr. persónuverndarlaganna og grunnstefnunni (sem japönsk stjórnvöld komu á með fyrirmælum ríkisstjórnar (e. Cabinet Order)). Nánari upplýsingar um þetta fyrirkomulag eru settar fram í skýringum, tryggingum og skuldbindingum sem mótteknar hafa verið frá japönskum stjórnvöldum og fylgja þessari ákvörðun sem II. viðauki. Fyrirkomulagið fellur ekki undir neina varanlega kröfu og er opið öllum einstaklingum, óháð því hvort viðkomandi er grunaður eða sakaður um refsiverðan verknað.

142) Samkvæmt kerfinu getur einstaklingur, sem grunar að opinber yfirvöld í Japan hafi safnað eða notað gögn um hann sem miðlað hefur verið frá Evrópusambandinu (þ.m.t. yfirvöld sem bera ábyrgð á framfylgd löggjafar á sviði refsiréttar) í trássi við gildandi reglur, lagt fram kvörtun hjá persónuverndarnefndinni (persónulega eða fyrir milligöngu persónuverndaryfirvalds síns í skilningi 51. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Persónuverndarnefndinni verður skylt að taka kvörtunina til meðferðar og byrja á því að upplýsa lögbær opinber yfirvöld um það, þ.m.t. viðeigandi eftirlitsaðila. Þessum yfirvöldum er skylt að vinna með persónuverndarnefndinni, „þ.m.t. með því að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar og viðeigandi efni, svo að nefndin geti metið hvort söfnun persónuauðkennaupplýsinga eða notkun þeirra í kjölfarið hafi farið fram í samræmi við gildandi reglur“ ([117]). Þessi skylda, sem leiðir af 80. gr. persónuverndarlaganna (sem skyldar opinber yfirvöld í Japan til að eiga samstarf við persónuverndarnefndina), gildir almennt og nær því til endurskoðunar á hvers kyns rannsóknarúrræðum sem þau yfirvöld hafa notað, sem hafa enn fremur skuldbundið sig til slíks samstarfs með skriflegri tryggingu frá þar til bærum ráðuneytum og yfirmönnum stofnana, eins og fram kemur í II. viðauka.

143) Sýni matið fram á að brotið hafi verið gegn gildandi reglum „felur samstarf hlutaðeigandi opinberra yfirvalda við persónuverndarnefndina í sér þá skyldu að bæta fyrir brotið“, sem felur í tilviki ólögmætrar söfnunar persónuauðkennaupplýsinga í sér eyðingu slíkra upplýsinga. Mikilvægt er að þessi skylda sé framkvæmd undir eftirliti persónuverndarnefndarinnar sem „staðfestir, áður en hún lýkur matinu, að bætt hafi verið að fullu fyrir brotið“.

144) Þegar matinu er lokið skal persónuverndarnefndin tilkynna einstaklingnum um niðurstöðu matsins innan hæfilegs tíma, þ.m.t. um hverja þá aðgerð til úrbóta sem gripið hefur verið til þar sem við á. Á sama tíma skal persónuverndarnefndin einnig upplýsa einstaklinginn um möguleikann á því að fá staðfestingu á niðurstöðunni frá lögbæra opinbera yfirvaldinu

([115]) Forsendan „sérstakt óhagræði“ gefur einungis til kynna að framferði lögreglu (eða aðgerðaleysi) þurfi að varða umkvörtunaraðilann persónulega en ekki að hann þurfi að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

([116]) Að fara að lögum, þ.m.t. lagaskilyrðum um söfnun og notkun persónuupplýsinga, er hluti af þessum skyldustörfum. Sjá 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. lögreglulaga.

([117]) Við matið mun persónuverndarnefndin starfa með ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála sem getur, eins og útskýrt er í 136. forsendu, farið fram á að lagðar verði fram útskýringar og efni og álit gefin út varðandi meðhöndlun viðkomandi stjórnsýsluaðila á persónuauðkennaupplýsingum (50. og 51. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila).

og hjá hvaða yfirvaldi eigi að leggja fram beiðni um slíka staðfestingu. Möguleikinn á að fá slíka staðfestingu, þ.m.t. ástæðurnar sem liggja að baki ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, getur aðstoðað einstaklinginn við að gera frekari ráðstafanir, m.a. leita réttarúrræðis. Takmarka má ítarlegar upplýsingar um niðurstöður matsins ef gild ástæða er til að ætla að miðlun slíkra upplýsinga geti haft í för með sér áhættu fyrir yfirstandandi rannsókn.

145) Í þriðja lagi getur einstaklingur, sem er ósammála ákvörðun dómara um haldlagningu (heimild dómstóls) ([118]) er varðar persónuupplýsingar um hann eða ráðstöfunum lögreglu eða ákæruvalds sem framkvæmir slíka ákvörðun, lagt fram beiðni um að ákvörðunin eða slíkar ráðstafanir verði afturkallaðar eða þeim breytt (1. mgr. 429. gr., 1. og 2. mgr. 430. gr. laganna um meðferð sakamála, 26. gr. laganna um símhleranir) ([119]). Ef endurskoðunarrétturinn telur að annaðhvort sjálf heimildin eða framkvæmd hennar („málsmeðferð við haldlagningu“) sé ólögleg mun hann verða við beiðninni og gefa fyrirmæli um að hinu haldlagða skuli skilað ([120]).

146) Í fjórða lagi getur einstaklingur, sem telur að söfnun persónuauðkennaupplýsinga um sig í tengslum við rannsókn sakamáls hafi verið ólögmæt, borið fyrir sig slíkt ólögmæti þegar sakamál hans er tekið til meðferðar, sem óbeinna form eftirlits dómstóla. Fallist dómstóllinn á það leiðir það til þess að sönnunargögnin verða ekki tekin til greina.

147) Loks getur dómstóll, skv. 1. mgr. 1. gr. laganna um bótaskyldu ríkisins, veitt bætur ef opinber embættismaður, sem fer með vald ríkisins, hefur við skyldustörf sín, með ólögmætum og röngum hætti (af ásetningi eða gáleysi), valdið viðkomandi einstaklingi tjóni. Samkvæmt 4. gr. laganna um bótaskyldu ríkisins er bótaábyrgð ríkisins vegna tjóns byggð á ákvæðum laganna um meðferð einkamála. Að því er þetta varðar er í 710. gr. laganna um meðferð einkamála mælt fyrir um að bótaábyrgð nái einnig yfir annað tjón en eignatjón, og taki þar af leiðandi til miska (e. moral damage) (t.d. í formi „sálræns tjóns“ (e. mental distress)). Þar með eru talin tilvik þar sem ráðist hefur verið gegn friðhelgi einkalífs einstaklings með ólöglegu eftirliti og/eða söfnun persónuauðkennaupplýsinga um hann (t.d. með ólögmætri framkvæmd heimildar dómstóls) ([121]).

148) Auk fébóta geta einstaklingar einnig fengið fram lögbann með vissum skilyrðum (t.d. eyðingu persónuupplýsinga sem opinber yfirvöld hafa safnað) á grundvelli réttinda sinna til friðhelgi einkalífs skv. 13. gr. stjórnarskrárinnar ([122]).

149) Að því er varðar allar þessar leiðir til úrlausnar kveður úrræðið til lausnar deilumálum, sem japönsk stjórnvöld hafa komið á fót, á um að einstaklingur sem enn er ósáttur við niðurstöðu málsmeðferðarinnar geti leitað til persónuverndarnefndarinnar „sem skal upplýsa einstaklinginn um hina ýmsu möguleika og ítarlegar málsmeðferðarreglur til að leita réttar síns samkvæmt japönskum lögum og reglum.“ Enn fremur mun nefndin „veita einstaklingnum stuðning, m.a. ráðgjöf og aðstoð við að hefja frekari málarekstur gegn viðkomandi stjórnsýslustofnun eða dómsaðila.“

150) Í þessu felst m.a. að nýta réttarfarsleg réttindi samkvæmt lögunum um meðferð sakamála. Sem dæmi, „ef matið leiðir í ljós að einstaklingur liggi undir grun í sakamáli mun persónuverndarnefndin upplýsa hann um það“ ([123]) og einnig um möguleikann, skv. 259. gr. laganna um meðferð sakamála, á að óska eftir því við ákæruvaldið að fá tilkynningu um það ef það hyggst ekki höfða sakamál. Einnig, ef matið leiðir í ljós að mál, sem varðar persónuauðkennaupplýsingar einstaklingsins, hafi verið opnað og að málinu sé lokið mun persónuverndarnefndin upplýsa einstaklinginn um að heimilt sé að skoða málsskjölin skv. 53. gr. laganna um meðferð sakamála (og 4. gr. laga um endanlegar skrár

([118]) Þar á meðal er heimild til símhlerunar en í lögunum um símhleranir (23. gr.) er mælt fyrir um sérstaka tilkynningarskyldu vegna hennar. Samkvæmt því ákvæði verður rannsóknaryfirvaldið að tilkynna einstaklingum, sem sætt hafa hlerun samskipta sinna (og eru þannig í hlerunarskránni), skriflega um það. Annað dæmi er 3. mgr. 100. gr. laganna um meðferð sakamála sem kveður á um að dómstóllinn skuli, þegar hann hefur lagt hald á póstsendingar eða símskeyti sem sakborningur sendi eða sem send voru til hans, tilkynna sendanda eða viðtakanda um það nema hætta sé á að slík tilkynning kunni að hindra málarekstur fyrir dómstóli. Í 1. mgr. 222. gr. laganna um meðferð sakamála er vísað til þessa ákvæðis vegna leitar og haldlagningar sem rannsóknaryfirvald framkvæmir.

([119]) Þótt slík beiðni hafi ekki sjálfkrafa þau áhrif að fresta framkvæmd ákvörðunar um haldlagningu getur endurskoðunarrétturinn fyrirskipað frestun þar til hann hefur tekið ákvörðun um efnisatriði í málinu. Sjá 2. mgr. 429. gr., 432. gr. ásamt 424. gr. laganna um meðferð sakamála.

([120]) Sjá 1. lið C-liðar II. þáttar II. viðauka.

([121]) Sjá 2. lið C-liðar II. þáttar II. viðauka.

([122]) Sjá t.d. dóm héraðsdóms Tókýó frá 24. mars 1988 (nr. 2925); dóm héraðsdóms Osaka frá 26. apríl 2007 (nr. 2925). Samkvæmt héraðsdómi Osaka þarf að vega og meta ýmsa þætti, s.s.: i. eðli og innihald viðkomandi persónuauðkennaupplýsinga, ii. hvernig þeim hefur verið safnað, iii. óhagræði fyrir einstaklinginn ef upplýsingunum er ekki eytt og iv. almannahagsmuni, þ.m.t. óhagræði fyrir opinbera yfirvaldið af því ef upplýsingunum er eytt.

([123]) Ákæruvaldið skal í öllum tilvikum gefa hinum ákærða tækifæri, eftir að sakamál er hafið, til að skoða sönnunargögnin (sjá 298.–299. gr. laganna um meðferð sakamála). Að því er varðar brotaþola sjá 316.–333. gr. laganna um meðferð sakamála.

sakamála). Mikilvægt er að einstaklingurinn fái aðgang að málsskjölum um sig enda myndi það auðvelda honum skilning á rannsókninni sem gerð er á hendur honum og þar með undirbúning hugsanlegrar málshöfðunar (t.d. skaðabótakröfu) í máli þar sem hann telur að gögnum hafi verið safnað um hann eða þau notuð með ólögmætum hætti.

3.3. **Aðgangur og notkun opinberra yfirvalda í Japan í þágu þjóðaröryggis**

151) Samkvæmt japönskum yfirvöldum eru engin lög í Japan sem heimila öflun upplýsinga með þvingunarúrræðum eða „stjórnsýsluhleranir“ nema um rannsókn sakamáls sé að ræða. Þegar um þjóðaröryggi er að ræða má því einungis afla upplýsinga frá upplýsingaveitu sem almennur aðgangur er að eða sem afhentar eru af frjálsum vilja. Rekstraraðilar sem fá beiðni um valfrjálsa samvinnu (í formi afhendingar rafrænna upplýsinga) eru ekki skuldbundnir að lögum til að veita slíkar upplýsingar ([124]).

152) Samkvæmt upplýsingum, sem borist hafa, hafa auk þess aðeins fjórar ríkisstofnanir vald til að safna rafrænum upplýsingum frá japönskum rekstraraðilum af ástæðum er varða þjóðaröryggi, nánar tiltekið: i. leyniþjónustu- og rannsóknarskrifstofa ríkisstjórnarinnar (e. Cabinet Intelligence & Research Office (CIRO)), ii. varnarmálaráðuneytið, iii. lögreglan (bæði ríkislögreglan ([125]) og héraðslögreglan) og iv. leyniþjónustan í þágu almannaöryggis (leyniþjónustan) (e. Public Security Intelligence Agency (PSIA)). Leyniþjónustu- og rannsóknarskrifstofa ríkisstjórnarinnar safnar þó aldrei upplýsingum beint frá rekstraraðilum, ekki heldur með hlerun samskipta. Fái hún upplýsingar frá öðrum stjórnvöldum til að láta ríkisstjórninni í té greiningu verða hin fyrrnefndu jafnframt að fara að lögum, þ.m.t. hlíta þeim takmörkunum og verndarráðstöfunum sem greindar eru í þessari ákvörðun. Starfsemi hennar skiptir því ekki máli í sambandi við miðlun.

3.3.1. *Lagagrundvöllur og gildandi takmarkanir/verndarráðstafanir*

153) Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa safnar varnarmálaráðuneytið (rafrænum) upplýsingum á grundvelli laga um stofnun varnarmálaráðuneytis. Samkvæmt 3. gr. þeirra er það hlutverk varnarmálaráðuneytisins að stjórna og reka herinn og „sinna tengdum málum til að tryggja frið í landinu og sjálfstæði þess, og öryggi þjóðarinnar.“ Í 4. mgr. 4. gr. er kveðið á um að varnarmálaráðuneytið skuli hafa lögsögu yfir „vörnum og gæslu“, aðgerðum varnarliðs og sendingu heraflans á vettvang, þ.m.t. nauðsynlegri upplýsingaöflun til að sinna þessum málum. Það hefur aðeins heimild til að safna (rafrænum) upplýsingum frá rekstraraðilum með valfrjálsri samvinnu.

154) Að því er héraðslögregluna varðar felur ábyrgð hennar og skyldur m.a. í sér „að halda uppi almannaöryggi og reglu“ (2. mgr. 35. gr. ásamt 1. mgr. 2. gr. lögreglulaga). Innan þessa valdsviðs er lögreglunni heimilt að safna upplýsingum en aðeins á valfrjálsum grundvelli og án viðurlaga. Enn fremur skal starfsemi lögreglu „einskorðast við“ það sem nauðsynlegt er til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum. Að auki skal hún starfa með „óhlutdrægum, óvilhöllum, fordómalausum og sanngjörnum“ hætti og aldrei misnota vald sitt „á nokkurn hátt þannig að skerði réttindi og frelsi einstaklings sem tryggð eru í stjórnarskrá Japans“ (2. gr. lögreglulaga).

155) Loks getur leyniþjónustan (PSIA) framkvæmt rannsóknir samkvæmt lögum um varnir gegn undirróðri (SAPA) og lögum um eftirlit með samtökum sem framið hafa tilviljanakennd fjöldamorð (ACO) (hér á eftir nefnd lög um tilviljanakennd fjöldamorð) ef slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar til að undirbúa samþykkt eftirlitsráðstafana gegn tilteknum samtökum ([126]). Samkvæmt báðum lögunum getur nefndin um rannsóknir í þágu almannaöryggis gefið út, að beiðni aðalframkvæmdastjóra leyniþjónustunnar, tilteknar „ákvarðanir“ (eftirlit/bann í tilviki laganna um tilviljanakennd fjöldamorð ([127]), kveðið á um niðurlagningu/bann í tilviki laganna um varnir gegn undirróðri ([128]) og í þessu samhengi getur leyniþjónustan framkvæmt rannsóknir ([129]). Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa fara þessar rannsóknir

([124]) Því geta rekstraraðilar kosið að hafna samstarfi án hættu á viðurlögum eða öðrum neikvæðum afleiðingum. Sjá 1. lið A-liðar III. þáttar II. viðauka.

([125]) Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa er hlutverk ríkislögreglunnar þó fyrst og fremst að samhæfa rannsóknir hinna ýmsu deilda héraðslögreglunnar og skiptast á upplýsingum við erlend yfirvöld. Jafnvel í þessu hlutverki er ríkislögreglan háð eftirliti landsnefndarinnar um almannaöryggi sem ber m.a. ábyrgð á vernd réttinda og frelsis einstaklinga (1. mgr. 5. gr. lögreglulaga).

([126]) Sjá 3. lið 1. liðar A-liðar III. þáttar II. viðauka. Gildissvið hvorra laga um sig er takmarkað þar sem lögin um varnir gegn undirróðri vísa til „hryðjuverkaundirróðurs“ og lögin um tilviljanakennd fjöldamorð til „tilviljanakenndra fjöldamorða“ (í merkingunni „hryðjuverkaundirróður“ samkvæmt lögunum um varnir gegn undirróðri „sem veldur því að fjöldi fólks er myrtur á tilviljunarkenndan hátt“).

([127]) Sjá 5. og 8. gr. laganna um tilviljanakennd fjöldamorð. Eftirlitsákvörðun felur einnig í sér kvöð um skýrslugjöf fyrir þá stofnun sem ráðstöfunin varðar. Að því er réttarfarsreglur varðar, einkum gagnsæiskröfur og fyrirframleyfi nefndarinnar um rannsóknir í þágu almannaöryggis, sjá 12., 13. og 15.–27. gr. laganna um tilviljanakennd fjöldamorð.

([128]) Sjá 5. og 7. gr. laganna um varnir gegn undirróðri. Að því er réttarfarsreglur varðar, einkum kröfur um gagnsæi og fyrirframleyfi nefndarinnar um rannsóknir í þágu almannaöryggis, sjá 11.–25. gr. laganna um varnir gegn undirróðri.

([129]) Sjá 27. gr. laganna um varnir gegn undirróðri og 29. og 30. gr. laganna um tilviljanakennd fjöldamorð.

alltaf fram á valfrjálsum grundvelli, sem þýðir að leyniþjónustan má ekki þvinga eiganda persónuauðkennaupplýsinga til að veita slíkar upplýsingar ([130]). Í hverju tilviki skulu eftirlit og rannsóknir aðeins nema því lágmarki sem nauðsynlegt er til að ná fram tilgangi að baki eftirlitinu og mega ekki undir neinum kringumstæðum setja „óeðlilegar“ takmarkanir á þau réttindi og það frelsi sem tryggð eru með stjórnarskrá Japans (1. mgr. 3. gr. laganna um varnir gegn undirróðri/ laganna um tilviljanakennd fjöldamorð). Enn fremur má leyniþjónustan, skv. 2. mgr. 3. gr. laganna um varnir gegn undirróðri/laganna um tilviljanakennd fjöldamorð, ekki undir neinum kringumstæðum misnota slíkt eftirlit eða rannsóknir sem framkvæmdar eru til undirbúnings slíku eftirliti. Hafi leyniþjónustufulltrúi misnotað vald sitt samkvæmt viðkomandi lögum með því að þvinga einstakling til að gera eitthvað sem honum er ekki skylt að gera eða með því að hindra hann í að neyta réttinda sinna getur það varðað refsingu skv. 45. gr. laganna um varnir gegn undirróðri eða 42. gr. laganna um tilviljanakennd fjöldamorð. Loks er í báðum lögunum sérstaklega mælt fyrir um að ákvæði þeirra „megi ekki undir neinum kringumstæðum túlka með víðari hætti“, þ.m.t. þær valdheimildir sem veittar eru í þeim (2. gr. laganna um varnir gegn undirróðri/laganna um tilviljanakennd fjöldamorð).

156) Í öllum tilvikum þar sem um er að ræða aðgang stjórnvalda af þjóðaröryggisástæðum, sem lýst er í þessum þætti, gilda takmarkanirnar sem Hæstiréttur Japans mælir fyrir um varðandi rannsóknir á valfrjálsum grundvelli, sem merkir að söfnun (rafrænna) upplýsinga verður að vera í samræmi við nauðsynjarregluna og meðalhófsregluna („viðeigandi aðferð“) ([131]). Eins og yfirvöld í Japan hafa staðfest sérstaklega fer „söfnun og vinnsla upplýsinga aðeins fram að því marki sem þurfa þykir til að lögbært opinbert yfirvald geti sinnt sérstökum skyldustörfum sínum og einnig á grundvelli sérstakra ógna“. Því „útilokar þetta fjöldasöfnun og tilviljanakennda söfnun eða aðgang að persónuauðkenna-upplýsingum af ástæðum er varða þjóðaröryggi“ ([132]).

157) Þegar öllum persónuauðkennaupplýsingum sem opinber yfirvöld varðveita í þágu þjóðaröryggis hefur verið safnað njóta þær verndar samkvæmt lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila þegar kemur að síðari geymslu, notkun og afhendingu þeirra (sjá 118. forsendu).

3.3.2. *Óháð eftirlit*

158) Söfnun persónuauðkennaupplýsinga í þágu þjóðaröryggis fellur undir eftirlit á nokkrum stigum frá hinum þremur greinum ríkisvaldsins.

159) Í fyrsta lagi getur japanska þingið kannað, í gegnum sérnefndir sínar, lögmæti rannsókna á grundvelli heimilda þess til þinglegrar grannskoðunar (62. gr. stjórnarskrárinnar, 104. gr. japanskra þingskaparlaga; sjá 134. forsendu). Þetta eftirlitshlutverk er stutt sértækum kvöðum um skýrslugjöf um starfsemina sem fram fer samkvæmt nokkrum fyrrnefndra lagastoða ([133]).

160) Í öðru lagi er margs konar eftirlitsfyrirkomulag fyrir hendi innan framkvæmdavaldsins.

161) Að því er varnarmálaráðuneytið varðar er eftirlitið á hendi skrifstofu yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar (skrifstofa yfireftirlitsaðila) (IGO) ([134]) sem komið hefur verið á fót á grundvelli 29. gr. laganna um stofnun varnarmálaráðuneytis sem skrifstofu innan varnarmálaráðuneytisins undir umsjón varnarmálaráðherra (sem það heyrir beint undir) en óháð rekstrardeildum varnarmálaráðuneytisins. Skrifstofa yfireftirlitsaðila hefur það hlutverk að tryggja að farið sé að lögum og reglum og að embættismenn varnarmálaráðuneytisins sinni skyldustörfum sínum á tilhlýðilegan hátt. Meðal valdheimilda hans er heimild til að framkvæma svokallaðar varnarmálaúttektir (e. "Defence Inspections"), bæði með reglulegu millibili („reglubundnar varnarskoðanir“) og í einstökum tilvikum („sérstakar varnarskoðanir“), sem til þessa

([130]) Sjá 3. lið 1. liðar A-liðar III. þáttar II. viðauka.

([131]) Sjá b-lið 2. liðar A-liðar III. þáttar II. viðauka. „Það leiðir af dómaframkvæmd Hæstaréttar að til þess að beina megi beiðni um samstarf af frjálsum vilja til rekstraraðila verði slík beiðni að vera nauðsynleg vegna rannsóknar á ætluðu broti og vera eðlileg til þess að tilgangur rannsóknarinnar náist. Þrátt fyrir að rannsóknir rannsóknaryfirvalda á sviði þjóðaröryggis séu frábrugðnar rannsóknum rannsóknaryfirvalda á sviði löggæslu, bæði að því er varðar lagagrundvöll þeirra og tilgang, gilda meginreglurnar um „nauðsyn rannsóknar“ og „tilhlýðilega aðferð“ á sama hátt á sviði þjóðaröryggis og ber að hlíta þeim þar sem tekið er viðeigandi tillit til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki.“

([132]) Sjá b-lið 2. liðar A-liðar III. þáttar II. viðauka.

([133]) Sjá t.d. 36. gr. laganna um varnir gegn undirróðri/31. gr. laganna um tilviljanakennd fjöldamorð (varðandi leyniþjónustuna).

([134]) Yfirmaður skrifstofu yfireftirlitsaðilans er fyrrum ríkissaksóknari. Sjá 3. lið B-liðar III. þáttar II. viðauka.

hafa einnig tekið til tilhlýðilegrar meðferðar persónuauðkennaupplýsinga ([135]). Í tengslum við slíkar úttektir getur skrifstofa yfireftirlitsaðila komið inn á staði (skrifstofur) og óskað eftir framlagningu skjala eða upplýsinga, m.a. skýringum vararáðherra varnarmálaráðuneytisins. Úttektinni er lokið með skýrslu til varnarmálaráðherra þar sem settar eru fram niðurstöður og ráðstafanir til úrbóta (en aftur er unnt að sannreyna framkvæmd hennar með frekari úttektum). Skýrslan er síðan grundvöllur fyrirmæla frá varnarmálaráðherra um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takast á við ástandið; vararáðherranum er falin framkvæmd slíkra ráðstafana og ber að gefa skýrslu um eftirfylgni.

162) Að því er héraðslögregluna varðar er eftirlit tryggt af hálfu óháðra héraðsnefnda um almannaöryggi, eins og útskýrt er í forsendu 135 varðandi framfylgd löggjafar á sviði refsiréttar.

163) Að lokum, eins og fram hefur komið, má leyniþjónustan einungis framkvæma rannsóknir að því marki sem nauðsynlegt er til að samþykkja fyrirmæli um bann, niðurlagningu eða eftirlitsákvörðun samkvæmt lögunum um varnir gegn undirróðri/lögunum um tilviljanakennd fjöldamorð, og óháða ([136]) nefndin um rannsóknir í þágu almannaöryggis annast fyrirframeftirlit með þessum ákvörðunum. Að auki annast sérstaklega tilnefndir eftirlitsmenn reglubundnar úttektir/úttektir með reglulegu millibili (sem varða með heildstæðum hætti starfsemi leyniþjónustunnar) ([137]) og sérstakar innri úttektir ([138]) á starfsemi einstakra deilda/skrifstofa o.s.frv., sem geta leitt til fyrirmæla til yfirmanna viðkomandi deilda o.s.frv. um að gera ráðstafanir til úrbóta eða umbóta.

164) Þetta eftirlitsfyrirkomulag, sem er styrkt enn frekar með möguleika einstaklinga til virkrar íhlutunar persónuverndar nefndarinnar sem óháðs eftirlitsyfirvalds (sjá 168. lið hér á eftir), veitir fullnægjandi tryggingar gegn hættu á því að japönsk yfirvöld misnoti valdheimildir sínar á sviði þjóðaröryggis og gegn hvers kyns ólögmætri söfnun rafrænna upplýsinga.

3.3.3. *Einstaklingsbundnar úrlausnir*

165) Að því er einstaklingsbundna úrlausn mála varðar, í tengslum við persónuauðkennaupplýsingar sem stjórnsýsluaðilar safna og „varðveita“ þar af leiðandi, er þeim síðarnefndu skylt að „kappkosta að afgreiða kvartanir með réttum og skjótum hætti“ vegna slíkrar vinnslu (48. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila).

166) Ólíkt því sem á við um rannsóknir sakamála hafa einstaklingar (þ.m.t. erlendir ríkisborgarar sem búa erlendis) enn fremur að meginreglu til rétt til afhendingar ([139]), leiðréttingar (þ.m.t. eyðingar) og tímabundinnar stöðvunar á notkun/veitingu samkvæmt lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Að því sögðu getur yfirmaður stjórnsýsluaðila synjað um afhendingu upplýsinga „sem gildar ástæður eru til að ætla að geti skaðað þjóðaröryggi“ (iv. liður 14. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila) og getur jafnvel gert það án þess að láta uppi tilvist slíkra upplýsinga (17. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila). Jafnvel þótt einstaklingur kunni að fara fram á tímabundna stöðvun notkunar eða eyðingu skv. i. lið 1. mgr. 36. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, hafi stjórnsýsluaðilinn fengið upplýsingarnar með ólögmætum hætti eða varðveiti/noti þær umfram það sem nauðsynlegt er til að ná fram tilgreindum tilgangi, getur yfirvaldið á sama hátt hafnað beiðninni ef það telur að tímabundin stöðvun notkunar „sé líkleg til að hindra eðlilega framkvæmd mála er varðar tilganginn með notkun varðveittra persónuauðkennaupplýsinga vegna eðlis viðkomandi mála“ (38. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila). Ef auðvelt er að aðskilja og útiloka hluta sem falla undir undanþágu skulu stjórnsýsluaðilar þó afhenda upplýsingar a.m.k. að hluta (sjá t.d. 1. mgr. 15. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila) ([140]).

([135]) Sjá 3. lið B-liðar III. þáttar II. viðauka. Samkvæmt dæminu sem gefið var tók reglubundin varnarmálaúttekt árið 2016, með tilliti til „upplýsinga um/undirbúning þess að fara að lagaskilyrðum“ m.a. til „stöðu verndar persónuauðkennaupplýsinga“ (stjórnunar, geymslu o.s.frv.). Í niðurstöðuskýrslu fundust tilvik um óviðeigandi gagnastjórnun og kallað var eftir úrbótum í þessu tilliti. Varnarmálaráðuneytið birti skýrsluna á vefsetri sínu.

([136]) Samkvæmt lögum um stofnun opinberrar nefndar um rannsóknir í þágu almannaöryggis skulu formaður nefndarinnar og nefndarmenn „beita valdheimildum sínum með sjálfstæðum hætti“ (3. gr.). Þeir eru skipaðir af forsætisráðherra með samþykki beggja deilda japanska þingsins og aðeins má víkja þeim úr starfi „af gildri ástæðu“ (t.d. vegna fangelsunar, misferlis, geðröskunar eða líkamlegra raskana, upphafs gjaldþrotameðferðar).

([137]) Reglugerð um reglubundna úttekt leyniþjónustunnar (aðalframkvæmdastjóri leyniþjónustunnar, fyrirmæli nr. 4, 1986).

([138]) Reglugerð um sérstaka úttekt leyniþjónustunnar (aðalframkvæmdastjóri leyniþjónustunnar, fyrirmæli nr. 11, 2008). Sérstakar úttektir skulu fara fram þegar aðalframkvæmdastjóri leyniþjónustunnar telur þörf á því.

([139]) Þetta vísar til réttarins til að fá afrit af „varðveittum persónuauðkennaupplýsingum“.

([140]) Sjá einnig möguleikann á „valkvæðri afhendingu upplýsinga“ jafnvel í tilvikum þar sem „upplýsingar sem ekki ber skylda til að afhenda“ eru hluti af „varðveittum persónuauðkennaupplýsingum“ og sem óskað er eftir að verði afhentar (16. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila).

167) Í öllum tilvikum verður stjórnsýsluaðilinn að taka skriflega ákvörðun innan tiltekins tíma (30 daga tímabils sem hægt er að framlengja um 30 daga til viðbótar að uppfylltum tilteknum skilyrðum). Ef beiðninni er hafnað, er samþykkt að hluta eða ef einstaklingurinn telur framferði stjórnsýsluaðilans af öðrum ástæðum „ólöglegt eða óréttlátt“ getur einstaklingurinn óskað eftir stjórnsýslulegri endurskoðun á grundvelli laga um stjórnsýslukærur ([141]). Í því tilviki skal yfirmaður stjórnsýsluaðilans sem ‚tekur ákvörðun um kæruna hafa samráð við endurskoðunarnefndina á sviði afhendingar upplýsinga og verndar persónuauðkennaupplýsinga (42. og 43. gr. laganna um vernd persónuauðkenna-upplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila) sem er sérhæfð, óháð nefnd þar sem sæti eiga fulltrúar sem eru skipaðir af forsætisráðherra með samþykki beggja deilda japanska þingsins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa getur endurskoðunarnefndin kannað málið ([142]) og hvað þetta varðar óskað eftir því að stjórnsýsluaðilinn leggi fram viðkomandi varðveittar persónuauðkennaupplýsingar, þ.m.t. allt trúnaðarefni, sem og frekari upplýsingar og skjöl. Enda þótt lokaskýrslan sem send er umkvörtunaraðilanum og stjórnsýsluaðilanum og birt er opinberlega sé ekki lagalega bindandi er henni fylgt í nær öllum tilvikum ([143]). Enn fremur hefur einstaklingurinn möguleika á að vefengja ákvörðun um áfrýjun fyrir dómstólum á grundvelli laganna um höfðun stjórnsýslumála. Með þessu opnast möguleiki á eftirliti dómstóla með notkun á undanþágu(m) vegna þjóðaröryggis, m.a. hvort slík undanþága hafi verið misnotuð eða hvort enn megi réttlæta hana.

168) Til að auðvelda nýtingu framangreindra réttinda samkvæmt lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila hefur ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála komið á fót 51 „miðstöð alhliða upplýsinga“ sem veita heildstæðar upplýsingar um þessi réttindi, viðeigandi ferli til að leggja fram beiðni og mögulegar leiðir til úrlausnar ([144]). Að því er stjórnsýsluaðilana varðar er þess krafist að þeir veiti „upplýsingar sem stuðla að því að tilgreina varðveittar persónuauðkennaupplýsingar“ ([145]) og geri „aðrar viðeigandi ráðstafanir til hægðarauka fyrir einstaklinginn sem hyggst leggja fram beiðnina“ (1. mgr. 47. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýslu-aðila).

169) Eins og á við um rannsóknir á sviði framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar geta einstaklingar einnig fengið einstaklingsbundna úrlausn á sviði þjóðaröryggis með því að hafa beint samband við persónuverndarnefndina. Það mun setja af stað sértæka málsmeðferð við lausn deilumála sem japönsk stjórnvöld hafa komið á laggirnar fyrir einstaklinga frá ESB sem verða fyrir því að persónuupplýsingum um þá er miðlað samkvæmt þessari ákvörðun (sjá ítarlegar útskýringar í 141.–144. forsendu og 149. forsendu).

170) Auk þess geta einstaklingar leitað réttarúrræðis með því að höfða skaðabótamál samkvæmt lögum um bótaskyldu ríkisins sem nær einnig yfir miska og, með tilteknum skilyrðum, eyðingu gagna sem hefur verið safnað (sjá 147. forsendu).

4. NIÐURSTAÐA: FULLNÆGJANDI VERND PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM MIÐLAÐ ER FRÁ EVRÓPUSAMBANDINU TIL REKSTRARAÐILA Í JAPAN

171) Framkvæmdastjórnin telur að persónuverndarlögin, að viðbættum viðbótarreglunum í I. viðauka, ásamt þeim skýringum, tryggingum og skuldbindingum sem er að finna í II. viðauka, tryggi vernd persónuupplýsinga sem er miðlað frá Evrópusambandinu, sem er í meginatriðum sambærileg þeirri sem er tryggð með reglugerð (ESB) 2016/679.

172) Enn fremur telur framkvæmdastjórnin að á heildina litið geri eftirlitskerfi og leiðir til úrlausna í japönskum lögum það kleift að greina brot rekstraraðila, sem taka við og meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, og refsa þeim fyrir þau og bjóða skráða einstaklingnum lagaleg úrræði til að fá aðgang að persónuupplýsingum sem tengjast honum og, loks, að slík gögn verði leiðrétt eða þeim eytt.

([141]) Lög um stjórnsýslukærur (lög nr. 160 frá 2014), einkum 1. mgr. 1. gr.

([142]) Sjá 9. gr. laganna um að koma á fót endurskoðunarnefnd á sviði afhendingar upplýsinga og verndar persónuauðkennaupplýsinga (lög nr. 60 frá 2003).

([143]) Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa var það aðeins í tveimur tilvikum af yfir 2000, á þeim 13 árum sem liðin eru frá árinu 2005 (þegar lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila öðluðust gildi), sem stjórnsýsluaðilinn fór ekki að skýrslunni þrátt fyrir að endurskoðunarnefndin hafi vefengt stjórnsýsluákvarðanir í allmörgum tilvikum. Ef stjórnsýsluaðilinn tekur ákvörðun sem víkur frá niðurstöðum skýrslunnar verður hann auk þess að tilgreina ástæður þess með skýrum hætti. Sjá C-lið III. þáttar II. viðauka með vísan til iv. liðar 1. mgr. 50. gr. laganna um stjórnsýslukærur.

([144]) Þessar miðstöðvar alhliða upplýsinga, ein í hverju héraði, veita borgurunum skýringar varðandi persónuauðkennaupplýsingar sem opinber yfirvöld hafa safnað (t.d. fyrirliggjandi gagnagrunna) og gildandi reglur um vernd persónuupplýsinga (lögin um vernd persónuauð-kennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila), m.a. hvernig nýta megi réttinn til afhendingar, leiðréttingar eða tímabundinnar stöðvunar á notkun. Jafnframt gegna miðstöðvarnar hlutverki tengiliðar vegna fyrirspurna/kvartana frá borgurum. Sjá a-lið 4. liðar C-liðar II. þáttar II. viðauka.

([145]) Sjá einnig 10. og 11. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila varðandi „skrá yfir persónuauð-kennaupplýsingar“ sem inniheldur þó víðtækar undantekningar þegar um er að ræða „skjöl með persónuauðkennaupplýsingum“ sem eru gerð eða fengin í þágu rannsókna sakamála eða fjalla um mál sem varða öryggi og aðra mikilvæga hagsmuni ríkisins (sjá i. og ii. lið 2. mgr. 10. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila).

173) Að síðustu telur framkvæmdastjórnin, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um japanskt réttarkerfi, þ.m.t. skýringa, trygginga og skuldbindinga japanskra stjórnvalda sem er að finna í II. viðauka, að hvers kyns inngrip opinberra yfirvalda í Japan í grundvallarréttindi einstaklinga þegar persónuupplýsingum um þá er miðlað frá Evrópusambandinu til Japans, í þágu almannahagsmuna, einkum framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar og vegna þjóðaröryggis, verði takmarkað við það sem telst algerlega nauðsynlegt til að ná því lögmæta markmiði sem um er að ræða, og að skilvirk réttarvernd gegn slíku inngripi sé fyrir hendi.

174) Í ljósi niðurstaðna þessarar ákvörðunar telur framkvæmdastjórnin því að Japan tryggi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem er miðlað frá Evrópusambandinu til rekstraraðila sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar í Japan, sem heyra undir persónuverndarlögin, að undanskildum þeim tilvikum þar sem viðtakandinn fellur undir einn af þeim flokkum sem taldir eru upp í 1. mgr. 76. gr. persónuverndarlaganna og tilgangur vinnslunnar samsvarar að öllu leyti eða hluta til einhverjum þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í því ákvæði.

175) Á grundvelli þessa kemst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að regla 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 um fullnægjandi vernd, túlkuð í ljósi sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum *Schrems*-dómsins ([146]), sé uppfyllt.

5. AÐGERÐ PERSÓNUVERNDARYFIRVALDA OG UPPLÝSINGAR TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

176) Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins ([147]) og eins og viðurkennt er í 4. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 ætti framkvæmdastjórnin að fylgjast stöðugt með þróun mála í þriðja landinu eftir að ákvörðun um hvort vernd sé fullnægjandi hefur verið samþykkt, til að meta hvort Japan tryggi áfram vernd sem er í meginatriðum sambærileg. Krafist er slíkrar könnunar, í öllum tilvikum, þegar framkvæmdastjórninni berast hvers kyns upplýsingar sem gefa tilefni til rökstudds efa hvað þetta varðar.

177) Framkvæmdastjórnin ætti því að fylgjast stöðugt með stöðunni að því er varðar lagarammann og raunverulegar starfsvenjur við vinnslu persónuupplýsinga eins og hún er metin í þessari ákvörðun, m.a. hversu vel japönsk yfirvöld fara að þeim skýringum, tryggingum og skuldbindingum sem er að finna í II. viðauka. Til að auðvelda þetta ferli er þess vænst að japönsk yfirvöld upplýsi framkvæmdastjórnina um mikilvæga þróun sem varðar þessa ákvörðun, bæði að því er varðar vinnslu rekstraraðila á persónuupplýsingum og takmarkanir og verndarráðstafanir sem gilda um aðgang opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum. Þetta ætti að taka til hvers kyns ákvarðana sem persónuverndarnefndin samþykkir skv. 24. gr. persónuverndarlaganna um viðurkenningu á að þriðja land veiti vernd sambærilega þeirri sem tryggð er í Japan.

178) Til að framkvæmdastjórnin geti gegnt eftirlitshlutverki sínu á skilvirkan hátt ættu aðildarríkin enn fremur að upplýsa hana um hvers kyns viðeigandi aðgerðir sem landsbundin persónuverndaryfirvöld grípa til, einkum að því er varðar fyrirspurnir eða kvartanir skráðra einstaklinga í Evrópusambandinu vegna miðlunar persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu til rekstraraðila í Japan. Einnig ætti að upplýsa framkvæmdastjórnina um hvers kyns vísbendingar um að aðgerðir opinberra yfirvalda í Japan, sem bera ábyrgð á að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot, eða á þjóðaröryggi, þ.m.t. hvers konar eftirlitsaðilar, tryggi ekki þá vernd sem krafist er.

179) Aðildarríki og stjórnsýsluaðilar þeirra verða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta lagagerðum stofnana Sambandsins, þar sem talið er að þessar lagagerðir séu lögmætar og að þeim fylgi réttaráhrif, þar til þær eru afturkallaðar, dæmdar ógildar eða því lýst yfir að þær séu ógildar í kjölfar beiðni um forúrskurð eða yfirlýsingu um ólögmæti þeirra. Af þeim sökum er ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um hvort vernd sé fullnægjandi, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, bindandi fyrir alla stjórnsýsluaðila þeirra aðildarríkja sem hún tekur til, þ.m.t. óháð eftirlitsyfirvöld þeirra. Jafnframt, eins og Dómstóllinn gerir grein fyrir í *Schrems*-dómnum ([148]) og viðurkennt er í 5. mgr. 58. gr. reglugerðarinnar, ef landsbundið persónuverndaryfirvald dregur í efa, þ.m.t. vegna kvörtunar, að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um hvort vernd sé fullnægjandi samrýmist grundvallarréttindum einstaklingsins til friðhelgi einkalífs og persónuverndar, verða landslög að sjá fyrir lagalegum úrræðum til að leggja þessi andmæli fyrir landsdómstól sem verður, ef fram koma efasemdir, að fresta málsmeðferð og leggja fram beiðni um forúrskurð til Evrópudómstólsins ([149]).

([146]) Sjá 3. nmgr. hér að framan.
([147]) *Schrems*, 76. mgr.
([148]) *Schrems*, 65. mgr.
([149]) *Schrems*, 65. mgr. „Það er skylda innlenda löggjafans að sjá fyrir lagalegum úrræðum sem gera hlutaðeigandi innlendu eftirlitsyfirvaldi kleift að leggja andmæli, sem það telur á rökum reist, fyrir innlenda dómstóla til þess þeir geti lagt fram beiðni um forúrskurð í þeim tilgangi að rannsaka gildi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar ef þeir deila efasemdum um gildi hennar.“

6. REGLUBUNDIN ENDURSKOÐUN Á NIÐURSTÖÐUM UM FULLNÆGJANDI VERND

180) Við beitingu 3. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 ([150]) og í ljósi þeirrar staðreyndar að líklegt má telja að það verndarstig sem réttarkerfi Japans veitir muni breytast ætti framkvæmdastjórnin að kanna reglulega, eftir að þessi ákvörðun hefur verið samþykkt, hvort niðurstöðurnar, sem varða það hvort sú vernd sem Japan tryggir sé fullnægjandi, séu enn byggðar á staðreyndum og rökstuddar lagalega.

181) Í þessu skyni skal fyrsta endurskoðun þessarar ákvörðunar fara fram innan tveggja ára frá gildistöku hennar. Í kjölfar fyrstu endurskoðunar og með hliðsjón af niðurstöðum hennar mun framkvæmdastjórnin ákveða, í nánu samráði við nefndina sem komið var á fót skv. 1. mgr. 93. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar, hvort viðhalda skuli tveggja ára tímabilinu. Síðari endurskoðanir skulu þó ætíð fara fram á a.m.k. fjögurra ára fresti ([151]). Endurskoðunin ætti að taka til allra þátta framkvæmdar þessarar ákvörðunar, einkum beitingar viðbótarreglnanna (með sérstakri áherslu á vernd við framsendingu), beitingar reglnanna um samþykki, þ.m.t. þegar um er að ræða afturköllun, skilvirkni þess að nýta sér einstaklingsbundin réttindi, sem og takmarkana og verndarráðstafana er varða aðgang stjórnvalda, þ.m.t. leiða til úrlausnar eins og sett er fram í II. viðauka við þessa ákvörðun. Hún ætti einnig að taka til skilvirkni eftirlits og framfylgdar að því er varðar reglurnar sem gilda bæði um rekstraraðila sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar og á sviði framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar og þjóðaröryggis.

182) Til að framkvæma endurskoðunina ætti framkvæmdastjórnin að funda með persónuverndarnefndinni, ásamt eftir því sem við á, öðrum japönskum yfirvöldum sem bera ábyrgð á aðgangi stjórnvalda, þ.m.t. viðkomandi eftirlitsaðilum. Fulltrúum aðila að Evrópska persónuverndarráðinu skal vera frjálst að taka þátt í þessum fundi. Innan ramma sameiginlegu endurskoðunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að fara fram á að persónuverndarnefndin veiti ítarlegar upplýsingar um alla þætti sem skipta máli varðandi niðurstöðuna um fullnægjandi vernd, þ.m.t. um takmarkanir og verndarráðstafanir er varða aðgang stjórnvalda ([152]). Framkvæmdastjórnin ætti einnig að leita skýringa á öllum upplýsingum sem henni berast og máli skipta fyrir þessa ákvörðun, þ.m.t. opinberum skýrslum frá japönskum yfirvöldum eða öðrum hagsmunaaðilum í Japan, Evrópska persónuverndarráðinu, hinum ýmsu persónuverndaryfirvöldum, hópum borgaralegs samfélags, fjölmiðlaumfjöllun, eða öðrum tiltækum upplýsingum.

183) Á grundvelli sameiginlegu endurskoðunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að taka saman opinbera skýrslu sem lögð verður fyrir Evrópuþingið og ráðið.

7. ÁKVÖRÐUNIN UM HVORT VERND SÉ FULLNÆGJANDI FELLD TÍMABUNDIÐ ÚR GILDI

184) Ef framkvæmdastjórnin ályktar, á grundvelli reglulegra og sérstakra kannana eða annarra fyrirliggjandi upplýsinga, að ekki sé lengur hægt að líta svo á að sú vernd sem réttarkerfi Japans veitir sé í meginatriðum sambærileg vernd í Evrópusambandinu, ætti hún að upplýsa lögbær japönsk yfirvöld um það og fara fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana innan tilgreindra, hæfilegra tímamarka. Þetta tekur einnig til reglna sem gilda bæði um rekstraraðila og opinber yfirvöld í Japan sem bera ábyrgð á framfylgd löggjafar á sviði refsiréttar eða þjóðaröryggi. Slík málsmeðferð færi t.d. af stað í tilvikum þar sem framsending, m.a. á grundvelli ákvarðana persónuverndarnefndarinnar skv. 24. gr. persónuverndarlaganna um að þriðja land teljist veita jafngilda vernd og þá sem tryggð er í Japan, mun ekki lengur fara fram samkvæmt verndarráðstöfunum sem tryggja áframhaldandi vernd í skilningi 44. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

185) Ef lögbærum japönskum yfirvöldum mistekst, eftir tilgreinda tímabilið, að sýna fram á með fullnægjandi hætti að þessi ákvörðun byggist áfram á fullnægjandi vernd ætti framkvæmdastjórnin að hefja málsmeðferð til beitingar 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 sem leiðir til þess að ákvörðunin er, að hluta eða að fullu, felld tímabundið niður eða felld úr gildi. Að öðrum kosti ætti framkvæmdastjórnin að hefja málsmeðferð til að breyta þessari ákvörðun, einkum með því að setja viðbótarskilyrði fyrir gagnamiðlun eða með því að takmarka gildissvið niðurstaðna um fullnægjandi vernd við gagnamiðlun þar sem áframhaldandi vernd í skilningi 44. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar er tryggð.

([150]) Í 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 segir „í framkvæmdargerðinni skal kveða á um fyrirkomulag reglubundinnar endurskoðunar, a.m.k. á fjögurra ára fresti, þar sem tekið skal tillit til viðeigandi þróunar í þriðja landinu eða hjá alþjóðastofnuninni.“

([151]) Í 3. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 er kveðið á um að reglubundin endurskoðun skuli fara fram á a.m.k. fjögurra ára fresti. Sjá einnig Evrópska persónuverndarráðið, Adequacy Referential, WP 254 endursk. 01.

([152]) Sjá einnig IV. þátt II. viðauka: „Við reglubundna endurskoðun á ákvörðun um hvort vernd sé fullnægjandi munu persónuverndarnefndin og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skiptast á upplýsingum um vinnslu gagna samkvæmt skilyrðunum um fullnægjandi vernd, þ.m.t. þeim sem sett eru fram í þessari skýringu.“

186) Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hefja málsmeðferð sem leiðir til þess að ákvörðunin er felld tímabundið niður eða felld úr gildi ef vísbendingar eru um að rekstraraðilar, sem taka við persónuupplýsingum samkvæmt þessari ákvörðun, fari ekki að viðbótarreglunum í I. viðauka og/eða reglunum sé ekki framfylgt með skilvirkum hætti, eða ef japönsk yfirvöld fara ekki að skýringum, tryggingum og skuldbindingum sem settar eru fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.

187) Framkvæmdastjórnin ætti einnig að íhuga að hefja málsmeðferð sem leiðir til þess að ákvörðun þessari verði breytt, hún felld tímabundið niður eða felld úr gildi ef lögbær yfirvöld í Japan veita ekki, í tengslum við sameiginlega endurskoðun eða á annan hátt, upplýsingar eða nánari skýringar sem nauðsynlegar eru til að meta verndarstig persónuupplýsinga sem miðlað er frá Evrópusambandinu til Japans eða hvort farið sé að ákvæðum þessarar ákvörðunar. Í þessu sambandi ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til þess að hve miklu leyti hægt er að afla viðkomandi upplýsinga frá öðrum heimildum.

188) Þegar brýna nauðsyn ber til, t.d. þegar hætta er á alvarlegu broti á réttindum skráðra einstaklinga, ætti framkvæmdastjórnin að íhuga að samþykkja ákvörðun um að fella þessa ákvörðun tímabundið niður eða fella hana úr gildi sem ætti að öðlast gildi án tafar, skv. 3. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, í tengslum við 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([153]).

8. **LOKAATHUGASEMDIR**

189) Evrópska persónuverndarráðið birti álit sitt ([154]) sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar.

190) Evrópuþingið hefur samþykkt ályktun varðandi áætlun um stafræn viðskipti (e. digital trade strategy) þar sem framkvæmdastjórnin er hvött til að setja í forgang og hraða samþykkt ákvarðana um hvort vernd sé fullnægjandi með helstu viðskiptalöndum, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/679, sem mikilvægri leið til að standa vörð um miðlun persónuupplýsinga frá Evrópusambandinu ([155]). Evrópuþingið hefur einnig samþykkt ályktun varðandi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga af hálfu Japans ([156]).

191) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 93. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 varðar telst Japan tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem er miðlað frá Evrópusambandinu til rekstraraðila, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar í Japan og falla undir persónuverndarlögin, með viðbótum samkvæmt viðbótarreglunum, sem settar eru fram í I. viðauka, og þeim skýringum, tryggingum og skuldbindingum sem er að finna í II. viðauka.

([153]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([154]) Álit 28/2018 varðandi drög að framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Japan, samþykkt 5. desember 2018.

([155]) Evrópuþingið, ályktun frá 12. desember 2017 „Stefnt að áætlun um stafræn viðskipti“ (2017/2065 (INI)). Sjá einkum 8. lið („...minnir á að miðla má persónuupplýsingum til þriðju landa án þess að beita almennum reglum viðskiptasamninga ef kröfurnar, bæði nú og í framtíðinni, sem felast í [...] V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 eru uppfylltar; viðurkennir að ákvarðanir um hvort vernd sé fullnægjandi, þ.m.t. þær sem eru bundnar við tiltekna hluta og geira, eru grundvallaraðferð til að standa vörð um miðlun persónuupplýsinga frá ESB til þriðja lands; bendir á að ESB hefur aðeins samþykkt ákvarðanir um hvort vernd sé fullnægjandi með fjórum af 20 stærstu viðskiptaaðilum sínum...“) og 9. lið („ hvetur framkvæmdastjórnina til að setja í forgang og hraða samþykkt ákvarðana um hvort vernd sé fullnægjandi, að því tilskildu að þriðju lönd tryggi með landslögum sínum eða alþjóðlegum skuldbindingum, vernd sem er í meginatriðum sambærileg þeirri sem tryggð er í Evrópusambandinu...“).

([156]) Evrópuþingið, ályktun frá 13. desember 2018 „Um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga af hálfu Japans“ (2018/2979 (RSP)).

2. Þessi ákvörðun tekur ekki til persónuupplýsinga sem miðlað er til viðtakenda sem heyra undir einn eftirfarandi flokka, að því marki sem tilgangur með vinnslu persónuupplýsinganna, í heild eða að hluta, samsvarar einhverjum þeim tilgangi sem talinn er upp, eftir því sem við á:

a) útvarpsstofnanir, útgefendur dagblaða, samskiptastofur og önnur fréttamiðlunarfyrirtæki (þ.m.t. einstaklingar sem hafa fréttamennsku að atvinnu) að því marki sem þau vinna persónuupplýsingar í þágu fréttamennsku,

b) einstaklingar sem fást við fagleg ritstörf, að því marki sem það felur í sér persónuupplýsingar,

c) háskólar og önnur samtök eða hópar sem hafa akademískt nám að markmiði eða hverjir þeir aðilar sem tilheyra slíkum samtökum, að því marki sem þeir vinna persónuupplýsingar í þágu akademískra fræða,

d) trúarstofnanir að því marki sem þær vinna persónuupplýsingar í þágu trúmála (þ.m.t. öll tengd starfsemi) og

e) stjórnmálasamtök að því marki sem þau vinna persónuupplýsingar í þágu stjórnmálastarfsemi sinnar (þ.m.t. öll tengd starfsemi).

2. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnaflæði til tiltekins rekstraraðila í Japan innan gildissviðs 1. gr., í því skyni að vernda einstaklinga með tillit til vinnslu persónuupplýsinga um þá, skal hlutaðeigandi aðildarríki án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa stöðugt eftirlit með beitingu lagarammans sem þessi ákvörðun byggist á, þ.m.t. skilyrðum fyrir framsendingum, í því skyni að meta hvort Japan haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd í skilningi 1. gr.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem persónuverndarnefndinni eða öðru lögbæru yfirvaldi í Japan tekst ekki að tryggja að farið sé að lagarammanum sem þessi ákvörðun byggist á.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda í Japan í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum um sig sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.

4. Innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um þessa ákvörðun til aðildarríkjanna og á a.m.k. fjögurra ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin meta niðurstöðu 1. mgr. 1. gr. á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t. upplýsinga sem eru fengnar sem hluti af sameiginlegu endurskoðuninni sem framkvæmd er ásamt viðeigandi japönskum yfirvöldum.

5. Ef framkvæmdastjórnin hefur vísbendingar um að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbærum yfirvöldum í Japan um það. Ef nauðsyn krefur getur hún ákveðið að fella þessa ákvörðun tímabundið niður, breyta henni eða fella hana úr gildi eða takmarka gildissvið hennar, einkum þegar vísbendingar eru um að:

a) rekstraraðilar í Japan, sem hafa fengið persónuupplýsingar frá Evrópusambandinu samkvæmt þessari ákvörðun, virði ekki þær viðbótarverndarráðstafanir sem settar eru fram í viðbótarreglunum í I. viðauka við þessa ákvörðun eða ekki er nægilegt eftirlit og framfylgd að því er þetta varðar,

b) opinber yfirvöld í Japan fari ekki að skýringum, tryggingum og skuldbindingum sem settar eru fram í II. viðauka við þessa ákvörðun, þ.m.t. að því er varðar skilyrði og takmarkanir á söfnun og aðgangi opinberra japanskra yfirvalda að persónuupplýsingum sem er miðlað samkvæmt þessari ákvörðun til að framfylgja löggjöf á sviði refsiréttar eða standa vörð um þjóðaröryggi.

Framkvæmdastjórnin getur einnig lagt fram slík drög að ráðstöfunum ef skortur á samstarfsvilja japanskra stjórnvalda hindrar framkvæmdastjórnina í að ákvarða hvort niðurstaðan í 1. mgr. 1. gr. hefur orðið fyrir áhrifum af því.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Věra JOUROVÁ

framkvæmdastjóri.

1. VIÐAUKI

VIÐBÓTARREGLUR SAMKVÆMT LÖGUM UM VERND PERSÓNUAUÐKENNAUPPLÝSINGA VARÐANDI MEÐHÖNDLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM MIÐLAÐ ER FRÁ ESB Á GRUNDVELLI ÁKVÖRÐUNAR UM HVORT VERND SÉ FULLNÆGJANDI

Efnisyfirlit

(1) Persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana (3. mgr. 2. gr. laganna) 38

(2) Varðveittar persónuupplýsingar (7. mgr. 2. gr. laganna) 39

(3) Tilgreining á tilgangi með notkun, takmörkun vegna tilgangs með notkun (15. gr. (1. mgr.), 16. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. og 3. mgr.) laganna) 40

(4) Takmarkanir á afhendingu til þriðju aðila í öðru landi (24. gr. laganna og gr. 11-2 í reglunum) 41

(5) Upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd (9. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 36. gr. laganna) 41

[Hugtök]

„Lögin“	Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga (Lög nr. 57, 2003)
„Fyrirmæli ríkisstjórnarinnar“	Fyrirmæli ríkisstjórnarinnar um að framfylgja lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga (Fyrirmæli ríkisstjórnarinnar nr. 507, 2003)
„Reglur“	Reglur varðandi framfylgd laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga (Reglur persónuverndarnefndarinnar nr. 3, 2016)
„Leiðbeiningar varðandi almennar reglur“	Leiðbeiningar varðandi lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga (Bindi um almennar reglur) (Tilkynning persónuverndarnefndarinnar nr. 65, 2015)
„ESB“	Evrópusambandið, þ.m.t. aðildarríki þess og, í ljósi EES-samningsins, Ísland, Liechtenstein og Noregur
„Almenna persónuverndarreglugerðin“	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin)
„Ákvörðun um hvort vernd sé fullnægjandi“	Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að þriðja land eða yfirráðasvæði innan þess þriðja lands o.s.frv. tryggi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga skv. 45. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar

Í þeim tilgangi að framkvæma gagnkvæma og snurðulausa miðlun persónuupplýsinga milli Japans og ESB skilgreindi persónuverndarnefndin ESB sem annað land sem hefur komið á fót kerfi til verndar persónuauðkennaupplýsingum sem viðurkennt er að hafi reglur sem jafngilda reglum í Japan er varða vernd réttinda og hagsmuna einstaklinga á grundvelli 24. gr. laganna og hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samtímis því ákveðið að Japan tryggi fullnægjandi vernd persónuupplýsinga skv. 45. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Hér með mun gagnkvæm og snurðulaus miðlun persónuupplýsinga eiga sér stað milli Japans og ESB á þann hátt sem tryggir öfluga vernd réttinda og hagsmuna einstaklinga. Til að tryggja þessa öflugu vernd varðandi persónuauðkennaupplýsingar sem berast frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi, og í ljósi þeirrar staðreyndar að þrátt fyrir víðtæka samleitni milli kerfanna tveggja þá er nokkuð mikilvægur munur á þeim, hefur persónuverndarnefndin samþykkt þessar viðbótarreglur á grundvelli ákvæða laganna um framkvæmd o.s.frv. samstarfs við stjórnvöld annarra landa og í því skyni að tryggja viðeigandi meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga sem berast frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi hjá rekstraraðilum sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar og rétta og skilvirka framkvæmd skuldbindinganna sem mælt er fyrir um í slíkum reglum ([1]).

([1]) Ákvæði 4., 6., 8., 24., 60., og 78. gr. laganna og 11. gr. reglnanna.

Í 6. gr. laganna er einkum kveðið á um valdheimild til að grípa til nauðsynlegrar lagasetningar og annarra aðgerða með það fyrir augum að tryggja aukna vernd persónuauðkennaupplýsinga og setja upp alþjóðlega samræmt kerfi varðandi persónuauðkenn-aupplýsingar með strangari reglum sem bæta við og ganga lengra en þær sem mælt er fyrir um í lögunum og fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Persónuverndarnefndin hefur því valdheimild, sem það lögbæra yfirvald sem ber ábyrgð á almennri stjórnsýslu varðandi lögin, til að setja strangari reglur, skv. 6. gr. laganna, með því að setja fram þessar viðbótarreglur sem vernda réttindi og hagsmuni einstaklinga með öflugri hætti að því er varðar meðhöndlun persónuupplýsinga frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi, þ.m.t. með tilliti til skilgreiningarinnar á persónuauðkennaupplýsingum sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana skv. 3. mgr. 2. gr. laganna og varðveittum persónuupplýsingum skv. 7. gr. 2. gr. laganna (þ.m.t. varðandi viðeigandi varðveislutímabil).

Viðbótarreglurnar eru á þessum grundvelli bindandi fyrir rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, sem tekur við persónuupplýsingum sem miðlað er frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi og verður því að hlíta þeim. Persónuverndarnefndin getur framfylgt öllum réttindum og skyldum sem lagalega bindandi reglum á sama hátt og ákvæðum laganna sem þau bæta strangari og/eða ítarlegri reglum við. Ef um er að ræða brot á réttindum og skyldum sem leiðir af viðbótarreglunum geta einstaklingar einnig fengið úrlausn fyrir dómstólum á sama hátt og um ákvæði laganna væri að ræða sem þau bæta strangari og/eða ítarlegri reglum við.

Að því er varðar framfylgd af hálfu persónuverndarnefndarinnar þá hefur hún, ef rekstraraðilar sem meðhöndla persónu-auðkennaupplýsingar uppfylla ekki eina eða fleiri skyldur samkvæmt viðbótarreglunum, valdheimild til að grípa til ráðstafana skv. 42. gr. laganna. Að því er varðar persónuauðkennaupplýsingar almennt sem berast frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi telst það þegar rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar grípur ekki til aðgerða í samræmi við tilmæli skv. 1. mgr. 42. gr. laganna, án lögmætrar ástæðu ([2]), vera yfirvofandi alvarlegt brot á réttindum og hagsmunum einstaklings í skilningi 2. mgr. 42. gr. laganna.

1) Persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana (3. mgr. 2. gr. laganna)

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. laganna

3) Með „persónuauðkennaupplýsingum sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana“ er í þessum lögum átt við persónu-auðkennaupplýsingar er varða kynþátt umbjóðanda, sannfæringu, félagslega stöðu, heilsufarssögu, sakaskrá, hvort hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum brots eða aðrar lýsingar o.s.frv. sem eru samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar lýsingar sem krefjast sérstakrar varúðar við meðhöndlun til að koma í veg fyrir að umbjóðandinn verði fyrir ósanngjarnri mismunun, fordómum eða öðru óhagræði.

Ákvæði 2. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar

Þessar lýsingar o.s.frv. sem mælt er fyrir um í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar skv. 3. mgr. 2. gr. laganna eru lýsingar o.s.frv. sem innihalda einhver af neðangreindum atriðum (nema þau sem falla undir heilsufarsskýrslu eða brotaferil umbjóðanda):

i) upplýsingar um líkamlega skerðingu, vitsmunalega skerðingu, andlega skerðingu (þ.m.t. þroskahömlun) eða aðra líkamlega og andlega virkniskerðingu samkvæmt reglum persónuverndarnefndarinnar,

ii) niðurstöður úr læknisskoðun eða öðrum rannsóknum (hér á eftir nefnd „læknisskoðun o.s.frv.“ í eftirfarandi lið) til að fyrirbyggja og snemmgreina sjúkdóm sem læknir eða annar aðili sem sinnir læknisstörfum (hér á eftir nefndur „læknir o.s.frv.“ í eftirfarandi lið) framkvæmir á umbjóðanda,

iii) upplýsingar um að læknir hafi, á grundvelli niðurstaðna úr læknisskoðun o.s.frv. eða vegna sjúkdóms, meiðsla eða annarra andlegra og líkamlegra breytinga, veitt umbjóðanda leiðbeiningar varðandi bætt andlegt og líkamlegt ástand eða læknishjálp eða lyfjaávísun,

iv) upplýsingar um að handtaka, leit, haldlagning, varðhald, saksókn eða önnur málsmeðferð í tengslum við refsimál hafi farið fram gegn umbjóðanda sem liggur undir grun eða er varnaraðili,

([2]) Skilja ber lögmætar ástæður sem atburð af óvenjulegum toga sem rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar hefur ekki stjórn á og sem ekki hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti (t.d. náttúruhamfarir) eða þegar þörf á því að grípa til aðgerða varðandi tillögu sem persónuverndarnefndin gefur út skv. 1. mgr. 42. gr. laganna er ekki lengur til staðar þar sem rekstraraðilinn sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar hefur gripið til annarra aðgerða sem bæta úr brotinu að öllu leyti.

v) upplýsingar um að rannsókn, ráðstafanir að því er varðar athugun og vernd, skýrslugjöf og ákvörðun, verndarráðstafanir eða önnur málsmeðferð í tengslum við mál er varða vernd ungmenna hafa farið fram gegn umbjóðanda sem ungmenni sem fremur afbrot eða einstaklingi sem grunaður er um slíkt skv. 1. mgr. 3. gr. laganna um ungmenni.

Ákvæði 5. gr. reglnanna

Líkamleg og andleg virkniskerðing sem mælt er fyrir um í reglum persónuverndarnefndarinnar skv. i. lið 2. gr. fyrirmælanna skal vera einhver af neðangreindum skerðingum:

i) líkamleg skerðing sem sett er fram í töflu sem fylgir lögum um velferð einstaklinga með líkamlega skerðingu (lög nr. 289 frá 1949)

ii) vitsmunaleg skerðing sem um getur í lögunum um velferð einstaklinga með vitsmunalega skerðingu (lög nr. 37 frá 1960)

iii) andleg skerðing sem um getur í lögum um geðheilbrigði og velferð einstaklinga með andlega skerðingu (lög nr. 123 frá 1950) (þ.m.t. þroskahömlun sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. laga um stuðning við einstaklinga með þroskahömlun, og að undanskilinni vitsmunalegri skerðingu samkvæmt lögum um velferð einstaklinga með vitsmunalega skerðingu)

iv) sjúkdómur sem engin meðferð er til við eða aðrir sérstakir sjúkdómar þegar alvarleiki þeirra, sem mælt er fyrir um í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar skv. 1. mgr. 4. gr. laganna um alhliða stuðning við fólk með fötlun í daglegu lífi og félagslífi (lög nr. 123 frá 2005), er sambærilegur sjúkdómum sem ráðherra heilbrigðis-, vinnu- og velferðarmála mælir fyrir um samkvæmt viðkomandi málsgrein.

Ef persónuupplýsingar, sem berast frá ESB á grundvelli ákvörðunarinnar um hvort vernd sé fullnægjandi, innihalda gögn varðandi kynlíf eða kynhneigð einstaklings eða stéttarfélagsaðild einstaklings, sem eru skilgreind sem sérstakir flokkar persónuupplýsinga samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni, ber rekstraraðilum sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar að meðhöndla þær persónuupplýsingar á sama hátt og persónuauðkennaupplýsingar sem krefjast sérstakra varúðarráðstafana í skilningi 3. mgr. 2. gr. laganna.

2) Varðveittar persónuupplýsingar (7. mgr. 2. gr. laganna)

Ákvæði 7. mgr. 2. gr. laganna

7) Með „varðveittum persónuupplýsingum“ í þessum lögum er átt við persónuupplýsingar sem rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, hefur heimild til að afhenda, leiðrétta, bæta við eða eyða innihaldi úr, hætta notkun á, eyða og hætta að afhenda þriðja aðila, og sem skulu hvorki vera þær sem eru samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar líklegar til að skaða almannahagsmuni eða aðra hagsmuni, ef veitt er vitneskja um tilvist eða fjarveru þeirra, né heldur þær sem ber að eyða innan tímabils sem er ekki lengra en eitt ár samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

Ákvæði 4. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar

Upplýsingar sem mælt er fyrir um í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar skv. 7. mgr. 2. gr. skulu vera eftirfarandi:

i) persónuupplýsingar þar sem fyrir hendi er möguleiki á að líf, líkamleg friðhelgi eða eignir umbjóðanda eða þriðja aðila skaðist ef veitt er vitneskja um tilvist eða fjarveru þeirra,

ii) persónuupplýsingar þar sem fyrir hendi er möguleiki á að verði veitt vitneskja um tilvist eða fjarveru slíkra persónuupplýsinga myndi slíkt hvetja til eða ýta undir ólögmætt eða óréttmætt athæfi,

iii) persónuupplýsingar þar sem fyrir hendi er möguleiki á að verði veitt vitneskja um tilvist eða fjarveru þeirra geti slíkt grafið undan þjóðaröryggi, eyðilagt trúnaðarsamband við erlent land eða alþjóðastofnun eða valdið óhagræði í samningaviðræðum við erlent land eða alþjóðastofnun,

iv) persónuupplýsingar þar sem fyrir hendi er möguleiki á að verði veitt vitneskja um tilvist eða fjarveru slíkra upplýsinga geti slíkt hindrað að unnt verði að viðhalda almannaöryggi og allsherjarreglu, s.s. með forvörnum gegn, bælingu og rannsóknum á brotum.

Ákvæði 5. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar

Tímabilið sem mælt er fyrir um í fyrirmælum ríkisstjórnarinnar skv. 7. mgr. 2. gr. laganna skal vera sex mánuðir.

Meðhöndla skal persónuupplýsingar, sem berast frá ESB á grundvelli ákvörðunarinnar um hvort vernd sé fullnægjandi, sem varðveittar persónuupplýsingar í skilningi 7. mgr. 2. gr. laganna, óháð tímamörkum fyrir eyðingu þeirra.

Ef persónuupplýsingar, sem berast frá ESB á grundvelli ákvörðunarinnar um hvort vernd sé fullnægjandi, falla undir gildissvið persónuupplýsinga sem eru samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar „líklegar til að skaða almannahagsmuni eða aðra hagsmuni ef veitt er vitneskja um tilvist eða fjarveru þeirra," er ekki þörf á að meðhöndla slíkar upplýsingar sem varðveittar persónuupplýsingar (sjá 4. gr. fyrirmæla ríkisstjórnarinnar, Leiðbeiningar varðandi almennar reglur, „2–7. Varðveittar persónuupplýsingar").

3) Tilgreining á tilgangi með notkun, takmörkun vegna tilgangs með notkun (15. gr. (1. mgr.), 16. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. og 3. mgr.) laganna)

Ákvæði 1. mgr. 15. gr. laganna

1) Rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar skal, í tengslum við meðhöndlun slíkra upplýsinga, tilgreina tilgang með notkun persónuauðkennaupplýsinganna (hér á eftir nefndur „tilgangur með notkun") eins ítarlega og kostur er.

Ákvæði 1. mgr. 16. gr. laganna

1) Rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar skal ekki nema fyrir liggi fyrirframsamþykki umbjóðanda meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt telst til að ná fram tilgangi með notkun eins og hann er tilgreindur samkvæmt ákvæðum fyrri greinar.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 26. gr. laganna

1) Rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, skal þegar honum berast persónuupplýsingar frá þriðja aðila staðfesta þau atriði sem sett eru fram hér á eftir samkvæmt reglum persónuverndarnefndarinnar. (sleppt)

   i. (sleppt)

   ii. við hvaða aðstæður áðurnefndur þriðji aðili aflaði persónuupplýsinganna

3) Rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, skal að lokinni staðfestingu samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skrá, samkvæmt reglum persónuverndarnefndarinnar, hvaða dag persónuupplýsingarnar bárust, atriði sem varða áðurnefnda staðfestingu og önnur atriði sem mælt er fyrir um í reglum persónuverndarnefndarinnar.

Ef rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, meðhöndla slíkar upplýsingar umfram það sem nauðsynlegt telst til að ná fram tilgangi með notkun eins og hann er tilgreindur í 1. mgr. 15. gr. laganna skulu þeir afla fyrirframsamþykkis viðkomandi umbjóðanda (1. mgr. 16. gr. laganna). Þegar persónuupplýsingar berast frá þriðja aðila skulu rekstraraðilar, sem meðhöndla persónuauðkennaupplýsingar, samkvæmt reglunum, staðfesta viss atriði, s.s. við hvaða aðstæður áðurnefndur þriðji aðili aflaði persónuupplýsinganna, og skrá þessi atriði (1. og 3. mgr. 26. gr. laganna).

Ef rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, tekur við persónuupplýsingum frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi skal staðfesta og skrá við hvaða aðstæður áðurnefndra persónuupplýsinga var aflað, eins og mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. 26. gr., þ.m.t. í hvaða notkunartilgangi þær voru fengnar frá ESB.

Á sama hátt, ef rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, berast slíkar persónuupplýsingar frá öðrum rekstraraðila, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, sem var áður miðlað frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi, skal staðfesta og skrá við hvaða aðstæður áðurnefndra persónuupplýsinga var aflað, eins og mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. 26. gr., þ.m.t. í hvaða notkunartilgangi þær voru fengnar.

Í framangreindum tilvikum skal rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, tilgreina tilgang með notkun á áðurnefndum persónuupplýsingum innan ramma þess tilgangs með notkun sem lá að baki upphaflegri eða síðari öflun upplýsinganna, eins og hann er staðfestur og skráður skv. 1. og 3. mgr. 26. gr., og nota upplýsingarnar innan umrædds ramma (eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laganna).

4) Takmörkun á afhendingu til þriðju aðila í öðru landi (24. gr. laganna; gr. 11-2 í reglunum)

Ákvæði 24. gr. laganna

Rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, nema í þeim tilvikum sem sett eru fram í hverjum lið undir 1. mgr. í greininni hér að framan, skal við afhendingu persónuupplýsinga til þriðja aðila (að undanskildum aðila sem hefur komið á fót kerfi í samræmi við staðla sem mælt er fyrir um í reglum persónuverndarnefndarinnar að séu nauðsynlegir til að halda áfram að gera ráðstöfun sem samsvarar ráðstöfun sem rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, á að gera við meðhöndlun persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðum þessa þáttar; notað í þessari merkingu hér á eftir í þessari grein) í öðru landi (þ.e. landi eða svæði sem staðsett er utan yfirráðasvæðis Japans; notað í þessari merkingu hér á eftir) (að undanskildum þeim sem eru samkvæmt reglum persónuverndarnefndarinnar önnur lönd sem hafa komið á fót kerfi fyrir vernd persónuauðkennaupplýsinga sem viðurkennt er að hafi staðla sem samsvara stöðlum í Japan er varða vernd réttinda og hagsmuna einstaklinga; notað í þessari merkingu hér á eftir í þessari grein), fá samþykki umbjóðanda fyrir fram þess efnis að hann samþykki afhendingu til þriðja aðila í öðru landi. Í því tilviki gilda ákvæði fyrri greinar ekki.

Ákvæði gr. 11-2 í reglunum

Staðlarnir sem mælt er fyrir um í reglum persónuverndarnefndarinnar skv. 24. gr. laganna skulu falla undir einhvern eftirfarandi þátta:

i. rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar og aðili sem tekur við persónuupplýsingum hafi tryggt, í tengslum við meðhöndlun móttökuaðilans á afhentum persónuupplýsingum, að ráðstafanir séu framkvæmdar í samræmi við inntak ákvæða skv. 1. þáttar IV. kafla laganna með viðeigandi og sanngjörnum aðferðum

ii. aðili sem tekur við persónuupplýsingum hefur fengið viðurkenningu sem byggist á alþjóðlegum ramma um meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga.

Rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, skal, í tilvikum þar sem hann afhendir þriðja aðila í öðru landi persónuupplýsingar sem honum hafa borist frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi, fá samþykki umbjóðanda fyrir fram þess efnis að hann samþykki afhendingu til þriðja aðila í öðru landi skv. 24. gr. laganna, eftir að umbjóðandinn hefur fengið nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður við miðlunina til geta tekið ákvörðun um samþykki sitt, að undanskildum þeim tilvikum sem falla undir einhvern liða i til iii:

i. þegar þriðji aðili er í landi sem er samkvæmt reglunum erlent land sem hefur komið á fót kerfi fyrir vernd persónuauðkennaupplýsinga og viðurkennt er að búi yfir stöðlum sem samsvara stöðlum í Japan er varða vernd réttinda og hagsmuna einstaklingsins,

ii. þegar rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar og þriðji aðilinn, sem tekur við persónuupplýsingunum hafa, í tengslum við meðhöndlun þriðja aðila á persónuupplýsingum, komið til framkvæmda í sameiningu ráðstöfunum sem veita vernd sambærilegri vernd í lögunum, með hliðsjón af reglunum, með viðeigandi og sanngjörnum aðferðum (þ.e. samningi, annars konar bindandi samkomulagi eða bindandi fyrirkomulagi innan fyrirtækjahóps),

iii. þegar tilvik falla undir sérhvern liða 1. mgr. 23. gr. laganna.

5) Upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd (9. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 36. gr. laganna)

Ákvæði 9. mgr. 2. gr. laganna

9) Með „upplýsingum sem unnar eru undir nafnleynd“ í þessum lögum er átt við upplýsingar er varða einstakling, sem geta komið fram við vinnslu persónuauðkennaupplýsinga, þannig að hvorki er unnt að bera kennsl á tiltekinn einstakling með ráðstöfun, sem sett er fram í sérhverjum eftirfarandi liða í samræmi við þá skiptingu persónuauðkennaupplýsinga sem sett er fram í hverjum þessara liða, né heldur að endurheimta persónuauðkennaupplýsingarnar.

i. Persónuauðkennaupplýsingar sem falla undir i. lið 1. mgr.

Eyðing hluta lýsinga o.s.frv. sem er að finna í áðurnefndum persónuauðkennaupplýsingum (þ.m.t. að skipta út áðurnefndum hluta lýsinga o.s.frv. fyrir aðrar lýsingar o.s.frv. með aðferð sem er óregluleg og leyfir endurheimt áðurnefnds hluta lýsingar o.s.frv.)

ii. Persónuauðkennaupplýsingar sem falla undir ii. lið 1. mgr.

Eyðing allra einstaklingsbundinna auðkenniskóða sem er að finna í áðurnefndum persónuauðkennaupplýsingum (þ.m.t. að skipta út áðurnefndum einstaklingsbundnum auðkenniskóðum fyrir aðrar lýsingar o.s.frv. með aðferð sem er óregluleg og leyfir endurheimt áðurnefndra einstaklingsbundinna auðkenniskóða)

Ákvæði 1. mgr. 36. gr. laganna

1) Rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar skal, þegar hann býr til upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd (takmarkast við upplýsingar sem mynda gagnagrunna upplýsinga sem unnar eru undir nafnleynd o.s.frv.; notað í þessari merkingu hér á eftir), vinna persónuauðkennaupplýsingar í samræmi við staðlana sem eru samkvæmt reglum persónuverndarnefndarinnar nauðsynlegir til að ekki sé hægt að bera kennsl á tiltekinn einstakling eða endurheimta þær persónuauðkennaupplýsingar sem notaðar voru við vinnsluna.

Ákvæði 19. gr. reglnanna

Staðlar sem mælt er fyrir um í reglum persónuverndarnefndarinnar skv. 1. mgr. 36. gr. laganna skulu vera sem hér segir:

i) Eyðing lýsinga o.s.frv. í heild eða að hluta sem geta borið kennsl á tiltekinn einstakling sem er að finna í persónuauðkennaupplýsingum (þ.m.t. að skipta út slíkum lýsingum o.s.frv. fyrir aðrar lýsingar o.s.frv. með aðferð sem er óregluleg og leyfir endurheimt lýsinga o.s.frv. í heild eða að hluta)

ii) Eyðing allra einstaklingsbundinna auðkenniskóða sem er að finna í persónuauðkennaupplýsingum (þ.m.t. að skipta út slíkum kóðum fyrir aðrar lýsingar o.s.frv. með aðferð sem er óregluleg og leyfir endurheimt einstaklingsbundinna auðkenniskóða)

iii) Eyðing þessara kóða (takmarkast við þá kóða sem tengja saman margfaldar gagnkvæmar upplýsingar sem rekstraraðili, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar, meðhöndlar í raun) sem tengir persónuauðkennaupplýsingar og upplýsingar sem fást með aðgerðum á persónuauðkennaupplýsingum (þ.m.t. að skipta út áðurnefndum kóðum fyrir þá kóða aðra sem ekki er hægt að tengja við áðurnefndar persónuauðkennaupplýsingar og upplýsingar sem fást með aðgerðum á áðurnefndum persónuauðkennaupplýsingum með aðferð sem er óregluleg og leyfir endurheimt áðurnefndra kóða)

iv) Eyðing sértækra lýsinga o.s.frv. (þ.m.t. að skipta út slíkum lýsingum o.s.frv. fyrir aðrar lýsingar o.s.frv. með aðferð sem er óregluleg og leyfir endurheimt sértæku lýsinganna o.s.frv.)

v) Auk þeirra aðgerða, sem settar eru fram í hverjum lið hér að framan, að grípa til viðeigandi aðgerða sem byggjast á niðurstöðum skoðunar á eiginleikum o.s.frv. gagnagrunns með persónuauðkennaupplýsingum o.s.frv., s.s. muninum á lýsingum o.s.frv. í persónuauðkennaupplýsingum og lýsingum o.s.frv. í öðrum persónuauðkennaupplýsingum sem mynda gagnagrunn persónuauðkennaupplýsinga o.s.frv. sem geymir áðurnefndar persónuauðkennaupplýsingar.

Ákvæði 2. mgr. 36. gr. laganna

2) Rekstraraðili sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingar skal, þegar hann hefur búið til upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd, í samræmi við staðlana sem eru samkvæmt reglum persónuverndarnefndarinnar nauðsynlegir til að koma í veg fyrir upplýsingaleka hvað varðar þessar lýsingar o.s.frv. og einstaklingsbundna auðkenniskóða sem eytt er úr persónuauðkennaupplýsingunum, sem eru notaðar til að búa til upplýsingarnar sem unnar eru undir nafnleynd, og upplýsingar er varða vinnsluaðferð sem notuð er samkvæmt ákvæðum næstu málsgreinar hér að framan, gera ráðstafanir varðandi öryggiseftirlit með slíkum upplýsingum.

Ákvæði 20. gr. reglnanna

Staðlar sem mælt er fyrir um í reglum persónuverndarnefndarinnar skv. 2. mgr. 36. gr. laganna skulu vera sem hér segir:

i) Skilgreina með skýrum hætti heimild og ábyrgð aðila sem meðhöndlar upplýsingar er varða þessar lýsingar o.s.frv. og einstaklingsbundna auðkenniskóða, sem var eytt úr persónuauðkennaupplýsingum sem notaðar voru til að búa til upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd, og upplýsingar er varða vinnsluaðferð sem notuð er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 36. gr. (takmarkast við þær sem leyfa endurheimt persónuauðkennaupplýsinganna með því að nota slíkar tengdar upplýsingar) (hér á eftir nefndar „upplýsingar sem varða vinnsluaðferð o.s.frv.“ í þessari grein).

ii) Setja reglur og verklagsreglur um meðhöndlun upplýsinga sem varða vinnsluaðferð o.s.frv., meðhöndlun upplýsinga sem varða vinnsluaðferð o.s.frv. á viðeigandi hátt í samræmi við reglurnar og verklagsreglurnar, mat á stöðu meðhöndlunar og gera, á grundvelli niðurstaðna úr slíku mati, nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta

iii) Gera nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðili, sem hefur ekki lagalega heimild til að meðhöndla upplýsingar sem varða vinnsluaðferð o.s.frv., meðhöndli upplýsingar sem varða vinnsluaðferð o.s.frv.

Persónuauðkennaupplýsingar, sem berast frá ESB á grundvelli ákvörðunar um hvort vernd sé fullnægjandi, skulu eingöngu teljast upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd í skilningi 9. mgr. 2. gr. laganna ef rekstraraðilinn, sem meðhöndlar persónuauðkennaupplýsingarnar, gerir ráðstafanir til að enginn geti afturkallað upplýsingar um einstakling sem hefur verið breytt í ópersónugreinanlegar upplýsingar, s.s. með því að eyða upplýsingum er varða vinnsluaðferð o.s.frv. (þ.e. upplýsingum er varða þessar lýsingar o.s.frv. og einstaklingsbundnum auðkenniskóðum sem var eytt úr persónuauðkennaupplýsingunum sem notaðar voru til að búa til upplýsingar sem unnar eru undir nafnleynd, og upplýsingum er varða vinnsluaðferð sem notuð er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 36. gr. laganna (takmarkast við þá sem geta endurheimt persónuauðkennaupplýsingarnar með því að nota slíkar tengdar upplýsingar)).

———

2. VIÐAUKI

Věra Jourová, framkvæmdastjóri dóms-, neytenda- og kynjajafnréttismála hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Virðulegi framkvæmdastjóri,

Ég fagna uppbyggilegum samræðum milli Japans og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem miða að því að koma á ramma um gagnkvæma miðlun persónuupplýsinga milli Japans og ESB.

Að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til ríkisstjórnar Japans sendi ég meðfylgjandi skjal sem veitir yfirlit yfir lagarammann varðandi aðgengi japanskra stjórnvalda að upplýsingum.

Þetta skjal varðar mörg ráðuneyti og stofnanir japanskra stjórnvalda og að því er varðar efni skjalsins bera viðeigandi ráðuneyti og stofnanir (stjórnarskrifstofan, ríkislögregluembættið, persónuverndarnefndin, ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála, dómsmálaráðuneytið, leyniþjónustan, ráðuneyti varnarmála) ábyrgð á þeim köflum sem falla innan valdsviðs þeirra. Hér á eftir má finna viðkomandi ráðuneyti og stofnanir ásamt viðeigandi undirskriftum þeirra.

Persónuverndarnefndin tekur við öllum fyrirspurnum varðandi þetta skjal og mun samræma nauðsynleg viðbrögð meðal viðkomandi ráðuneyta og stofnana.

Það er von mín að þetta skjal verði gagnlegt við ákvarðanatöku framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Ég þakka ykkar mikla framlag fram að þessu í þágu þessa málefnis.

Virðingarfyllst,

Yoko Kamikawa

Dómsmálaráðherra

Þetta skjal var sett fram af dómsmálaráðuneytinu og eftirfarandi hlutaðeigandi ráðuneytum og stofnunum.

Koichi Hamano

Ráðgjafi, stjórnarskrifstofan

Schunichi Kuryu

Ríkislögreglustjóri

Mari Sonoda

Aðalframkvæmdastjóri persónuverndarnefndarinnar

Mitsuru Yasuda

Aðstoðarráðherra, ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála

Seimei Nakagawa

Leyniþjónustan í þágu almannaöryggis

Kenichi Takahashi

Aðstoðarvarnarmálaráðherra á sviði stjórnsýslumála

14. september 2018

Söfnun og notkun opinberra yfirvalda í Japan á persónuauðkennaupplýsingum til að framfylgja löggjöf á sviði refsiréttar og vegna þjóðaröryggis

Eftirfarandi skjal veitir yfirlit yfir lagarammann um söfnun og notkun opinberra yfirvalda í Japan á (rafrænum) persónuauðkennaupplýsingum til að framfylgja löggjöf á sviði refsiréttar og vegna þjóðaröryggis (hér á eftir nefndur „aðgangur stjórnvalda“), einkum að því er varðar tiltæka lagagrunna, gildandi skilyrði (takmarkanir) og verndarráðstafanir, þ.m.t. óháð eftirlit og einstaklingsbundna möguleika á úrlausn. Þessari skýringu er beint til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í því skyni að sýna fram á skuldbindingu og veita tryggingu fyrir því að aðgangur stjórnvalda að persónuauðkennaupplýsingum sem miðlað er frá ESB til Japans verði takmarkaður við það sem er nauðsynlegt og hóflegt, háð óháðu eftirliti og að viðkomandi einstaklingar geti fengið úrlausn fyrir dómstólum ef um er að ræða hugsanlegt brot á grundvallarréttindum þeirra til friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Í þessari skýringu er einnig mælt fyrir um að koma eigi á fót nýju fyrirkomulagi vegna úrlausna undir stjórn persónuverndarnefndarinnar til að meðhöndla kvartanir frá einstaklingum í ESB varðandi aðgang stjórnvalda að persónuupplýsingum um þá sem hefur verið miðlað frá ESB til Japans.

I. Almennar lagalegar meginreglur sem skipta máli varðandi aðgang stjórnvalda

Við framkvæmd opinbers valds verður aðgangur stjórnvalda að vera í fullu samræmi við lög (lögmætisreglan). Í Japan eru persónuauðkennaupplýsingar verndaðar bæði í einkageiranum og opinbera geiranum með marglaga fyrirkomulagi.

A. Stjórnskipulegur rammi og meginreglan um beint lagaboð

Í 13. gr. stjórnarskrárinnar og við dómaframkvæmd er rétturinn til friðhelgi einkalífs viðurkenndur sem stjórnarskrárvarinn réttur. Í þessu sambandi hefur niðurstaða Hæstaréttar verið sú að það teljist eðlilegt að einstaklingar vilji ekki að aðrir hafi aðgang að persónuauðkennaupplýsingum þeirra án gildrar ástæðu og að vernda ætti þessar væntingar ([1]). Frekari vernd er að finna í 2. mgr. 21. gr. stjórnarskrárinnar sem tryggir trúnað um samskipti og 35. gr. stjórnarskrárinnar sem tryggir réttinn til að sæta ekki leit og haldlagningu án heimildar dómstóls, sem þýðir að söfnun á persónuauðkennaupplýsingum, þ.m.t. aðgangur, með þvingunarúrræðum þarf alltaf að grundvalla á heimild dómstóls. Einungis er heimilt að gefa út slíka heimild vegna rannsóknar á broti sem hefur þegar verið framið. Af þeim sökum leyfir lagarammi Japans ekki söfnun upplýsinga með þvingunarúrræðum í þágu þjóðaröryggis (en ekki rannsóknar sakamáls).

Í samræmi við fyrirvara meginreglunnar um beint lagaboð verður söfnun upplýsinga með þvingunarúrræðum enn fremur að vera heimiluð sérstaklega með lögum. Ef um er að ræða söfnun án þvingunarúrræða/valfrjálsa söfnun eru upplýsingarnar sóttar úr heimild sem almennur aðgangur er að eða fengnar á grundvelli valfrjálsrar afhendingar upplýsinga, t.d. beiðni sem ekki er hægt að framfylgja gegn einstaklingi eða lögaðila sem hafa upplýsingarnar í vörslu sinni. Slíkt er þó eingöngu heimilt að því marki sem opinbert yfirvald hefur heimild til að framkvæma rannsóknina, þar eð hvert opinbert yfirvald getur eingöngu starfað innan valdsviðs síns sem mælt er fyrir um í lögum (óháð því hvort starfsemi þess hefur áhrif á réttindi og frelsi einstaklinga eða ekki). Þessi meginregla á við um getu yfirvalds til að safna persónuauðkennaupplýsingum.

B. Sértækar reglur varðandi vernd persónuauðkennaupplýsinga

Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga (APPI) og lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila (APPIHAO), sem byggjast á stjórnarskrárákvæðum og fjalla nánar um þau, tryggja réttinn til persónuauðkennaupplýsinga bæði í einkageiranum og opinbera geiranum.

Í 7. gr. persónuverndarlaganna er mælt fyrir um að persónuverndarnefndin skuli setja fram „grunnstefnu um vernd persónuauðkennaupplýsinga“ (grunnstefna). Grunnstefnan, sem er samþykkt með ákvörðun ríkisstjórnar Japans sem grunnstofnunar japanska ríkisins (forsætisráðherra og ráðherrar), skal ákvarða stefnuna varðandi vernd persónuauðkennaupplýsinga í Japan. Með þessum hætti þjónar persónuverndarnefndin, sem sjálfstætt eftirlitsyfirvald, því hlutverki að vera „stjórnstöð“ í kerfi Japans fyrir vernd persónuauðkennaupplýsinga.

Þegar stjórnsýsluaðilar safna persónuauðkennaupplýsingum, og án tillits til hvort slíkt er gert með þvingunarúrræðum eða ekki, verða þeir að meginreglu til ([2]) að uppfylla kröfur laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila eru almenn lög sem gilda um vinnslu „varðveittra

([1]) Hæstiréttur, dómur frá 12. september 2003 (2002 (Ju) nr. 1656).

([2]) Hvað varðar undanþágur með tilliti til 4. kafla laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, sjá bls. 16 hér á eftir.

persónuauðkennaupplýsinga“ ([3]) af hálfu „stjórnsýsluaðila“ (eins og skilgreint er í 1. mgr. 2. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila). Þau ná því einnig yfir gagnavinnslu á sviði framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar og þjóðaröryggis. Meðal opinberra yfirvalda sem hafa heimild til að innleiða aðgang stjórnvalda eru öll yfirvöld nema héraðslögreglan, landsbundin stjórnvöld sem falla undir skilgreininguna á „stjórnsýsluaðilum“. Meðhöndlun héraðslögreglunnar á persónuauðkennaupplýsingum fellur undir héraðssamþykktir ([4]) þar sem kveðið er á um meginreglur um vernd persónuauðkennaupplýsinga, réttindi og skyldur jafngildar þeim sem gilda í lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila.

II. **Aðgangur stjórnvalda í þeim tilgangi að framfylgja löggjöf á sviði refsiréttar**

A) Lagagrunnur og takmarkanir

1) Söfnun persónuauðkennaupplýsinga með þvingunarúrræðum

(a) Lagagrunnur

Samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar skal réttur sérhvers einstaklings til að njóta friðhelgi fyrir heimili sitt, skjöl og eignir gegn inngöngu, leit og haldlagningu ekki takmarkaður nema að fenginni heimild dómstóls sem veitt er á grundvelli „fullnægjandi ástæðu“ og skal staðnum, þar sem leitin skal fara fram, lýst nákvæmlega og þeim hlutum sem leggja skal hald á. Af þessum sökum getur söfnun rafrænna upplýsinga með þvingunarúrræðum af hálfu opinberra yfirvalda í tengslum við rannsókn sakamáls eingöngu farið fram á grundvelli heimildar dómstóls. Þetta gildir um bæði söfnun á rafrænum skrám sem innihalda (persónuauðkenna) upplýsingar og hlerun á samskiptum í rauntíma (svokölluð símhlerun). Eina undantekningin frá þessari reglu (sem á þó ekki við í tengslum við rafræna miðlun persónuauðkennaupplýsinga erlendis frá) er í 1. mgr. 220. gr. laganna um meðferð sakamála ([5]), þar sem ríkissaksóknara, aðstoðarsaksóknara eða embættismanni rannsóknarlögreglunnar er heimilað, við handtöku á grunuðum eða „augljósum brotamanni“, að framkvæma nauðsynlega leit og haldlagningu „á handtökustað“.

Í 1. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála er kveðið á um að þvingunarúrræðum við rannsókn „skuli ekki beitt nema sett hafi verið sérákvæði í þessi lög“. Að því er varðar söfnun rafrænna upplýsinga með þvingunarúrræðum eru viðeigandi lagastoðir hvað það varðar 1. gr. 218. gr. laganna um meðferð sakamála (um að ríkissaksóknari, aðstoðarsaksóknari eða embættismaður rannsóknarlögreglunnar geti, ef nauðsyn krefur vegna rannsóknar á broti, framkvæmt leit, haldlagningu eða athugun að fenginni heimild sem dómari veitir) og 2. mgr. 222. gr. laganna um meðferð sakamála (um að grípa skuli til þvingunarúrræða að því er varðar hlerun á rafrænum samskiptum án samþykkis aðilanna á grundvelli annarra laga). Seinna ákvæðið vísar til laga um hleranir vegna rannsóknar sakamáls (lög um símhleranir) en í 1. mgr. 3. gr. þeirra er mælt fyrir um við hvaða skilyrði hægt er að hlera samskipti sem varða tiltekin alvarleg afbrot á grundvelli heimildar til hlerunar sem dómari veitir ([6]).

Að því er lögregluna varðar liggur rannsóknaryfirvaldið í öllum tilvikum hjá héraðslögreglunni en hins vegar framkvæmir ríkislögreglan ekki neina sakamálarannsókn á grundvelli laganna um meðferð sakamála.

(b) Takmarkanir

Stjórnarskráin og heimildarsamþykktirnar takmarka söfnun rafrænna upplýsinga með þvingunarúrræðum, sbr. túlkun dómaframkvæmdar, þar sem einkum er kveðið á um viðmiðanir sem dómstólum ber að nota þegar heimild er gefin út. Auk þess mæla lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila fyrir um ýmsar takmarkanir er gilda bæði um söfnun og meðhöndlun upplýsinga (en staðbundnar samþykktir endurtaka í meginatriðum sömu viðmiðanir fyrir héraðslögregluna).

1) Takmarkanir sem leiðir af stjórnarskránni og heimildarsamþykktinni

Í 1. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála er kveðið á um að þvingunarúrræðum skuli ekki beita nema sett hafi verið sérákvæði í þessum lögum. Í 1. mgr. 218. gr. laganna um meðferð sakamála er mælt fyrir um að haldlagning o.s.frv. geti farið

([3]) Með „varðveittum persónuauðkennaupplýsingum“ í 5. mgr. 2. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila er átt við persónuauðkennaupplýsingar sem starfsmaður stjórnsýsluaðila hefur útbúið eða aflað í starfi sínu og þessi stjórnsýsluaðili varðveitir til nota fyrir starfsmenn innan einingarinnar.

([4]) Hvert hérað hefur sínar eigin „héraðssamþykktir“ sem gilda um vernd persónuauðkennaupplýsinga af hálfu héraðslögreglunnar. Engar enskar þýðingar eru til á þessum héraðssamþykktum.

([5]) Í 1. mgr. 220. gr. laganna um meðferð sakamála er kveðið á um að þegar ríkissaksóknari, aðstoðarsaksóknari eða embættismaður rannsóknarlögreglunnar handtekur grunaðan einstakling geti hann, ef nauðsyn krefur, gripið til eftirfarandi ráðstafana: a) farið inn á heimili annars einstaklings o.s.frv. í leit að hinum grunaða, b) framkvæmt leit, haldlagningu og athugun á handtökustað.

([6]) Nánar tiltekið er í þessu ákvæði mælt fyrir um að „ríkissaksóknara eða rannsóknarlögreglunni sé heimilt í tilvikum sem falla undir einhvern eftirfarandi liða, þ.e. þegar upp kemur rökstuddur grunur um að samskipti muni eiga sér stað varðandi framkvæmd, undirbúning, samsæri um eftirfylgniaðgerðir, s.s. bælingu sönnunargagna o.s.frv., fyrirmæli og önnur innbyrðis samskipti varðandi brot sem lýst er í áðurnefndum liðum (hér á eftir nefnd „röð brota“ í öðrum og þriðja lið), auk samskipta um atriði sem tengjast áðurnefndu broti (hér á eftir nefnd „samskipti sem tengjast brotum“ í þessari málsgrein) og í þeim tilvikum þar sem afar erfitt er að bera kennsl á afbrotamanninn eða skýra frá aðstæðum/upplýsingum um verknaðinn eftir öðrum leiðum, að hlera samskipti í tengslum við afbrot á grundvelli hlerunarheimildar sem dómari veitir, varðandi samskiptaleiðir, sem eru tilgreindar með símanúmerum og öðrum númerum/kóðum til að bera kennsl á uppruna eða áfangastað símans og hinn grunaði notar á grundvelli samnings við fjarskiptafyrirtæki, o.s.frv. (nema í þeim tilvikum þegar telja má að ekki sé rökstuddur grunur um að þau séu notuð sem „samskipti sem tengjast brotum“) eða í þeim tilvikum þar sem ástæða er til að ætla að þau séu notuð sem „samskipti í tengslum við brot“, er heimilt að hlera samskipti í tengslum við brot með þessum samskiptaaðferðum.“

fram á grundvelli heimildar sem dómari veitir aðeins „ef nauðsyn krefur vegna rannsóknar á broti“. Þótt viðmiðanir varðandi mat á nauðsyn séu ekki tilgreindar nánar í almennum lögum hefur Hæstiréttur ([7]) fellt dóm þess efnis að við mat á nauðsyn ákvarðana ætti dómari að framkvæma heildarmat, einkum með tilliti til eftirfarandi þátta:

a) alvarleika brots og hvernig það var framið,

b) gildis og vægis efnisins sem haldlagt var sem sönnunargagn,

c) hvaða líkur eru á yfirhylmingu eða eyðingu á haldlögðu efni,

d) umfangs óhagræðis vegna haldlagningar,

e) annarra tengdra skilyrða.

Einnig fylgja takmarkanir kröfunum í 35. gr. stjórnarskrárinnar um að sýna fram á „fullnægjandi ástæðu“. Samkvæmt staðlinum „fullnægjandi ástæða“ er hægt að gefa út handtökuskipanir ef: 1) það er nauðsynlegt vegna rannsóknar sakamáls (sjá dóm Hæstaréttar frá 18. mars 1969 (1968 (Shi) nr. 100) sem er nefndur hér að framan), 2) upp kemur sú staða að hinn grunaði (hinn ákærði) er talinn hafa framið brot (1. mgr. 156. gr. reglnanna um meðferð sakamála) ([8]), 3) heimild varðandi rannsókn á líkama, hlutum, heimili eða öðrum stöðum aðila annarra en hins grunaða ætti eingöngu að veita ef raunhæft má telja að munirnir sem á að leggja hald á séu til staðar (2. mgr. 102. gr. laganna um meðferð sakamála). Þegar dómari telur að skjalfest sönnun rannsóknaryfirvalda sé ekki fullnægjandi grundvöllur gruns um brot skal hann synja beiðni um heimild. Rétt er að benda á í þessu tilliti að „undirbúningur í þeim tilgangi að fremja“ brot af ásettu ráði samkvæmt lögum um refsingu fyrir skipulagða brotastarfsemi og eftirlit með ávinningi af afbrotum (t.d. öflun fjármagns í tengslum við hryðjuverkastarfsemi) er brot í sjálfu sér og getur því verið háður rannsókn með þvingunarúrræðum á grundvelli heimildar dómstóls.

Loks, þegar heimildin varðar rannsókn á líkama, hlutum, heimili eða öðrum stöðum aðila annars en hins grunaða eða ákærða, skal hún eingöngu veitt þegar telja má víst að hlutirnir, sem haldleggja á, séu til staðar (2. mgr. 102. gr. og 1. mgr. 222. gr. laganna um meðferð sakamála).

Að því er varðar sérstaklega hlerun samskipta í þágu rannsóknar sakamála á grundvelli laganna um símhleranir má hún aðeins fara fram þegar ströngum kröfum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr., hefur verið fullnægt. Samkvæmt því ákvæði krefst hlerun alltaf fyrirframheimildar dómstóls sem aðeins er heimilt að gefa út í takmörkuðum tilvikum ([9]).

2) Takmarkanir sem leiðir af lögum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila

Að því er varðar söfnun ([10]) og frekari meðhöndlun (þ.m.t. einkum varðveislu, umsýslu og notkun) persónuauðkennaupplýsinga af hálfu stjórnsýsluaðila er í lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila einkum mælt fyrir um eftirfarandi takmarkanir:

a) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila er stjórnsýsluaðilum eingöngu heimilt að varðveita persónuauðkennaupplýsingar þegar varðveisla er nauðsynleg til að þeir geti sinnt þeim skyldum sem falla innan lögsögu þeirra eins og kveðið er á um í lögum og reglum. Við varðveislu ber þeim að tilgreina (eftir því sem unnt er) tilgang með notkun á persónuauðkennaupplýsingunum. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 3. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila skulu stjórnsýsluaðilar ekki varðveita persónuauðkenna-upplýsingar umfram það sem telst nauðsynlegt til að ná fram tilgangi með notkun sem þannig er tilgreindur og skulu ekki breyta tilgangi með notkun umfram það sem telja má viðeigandi miðað við upphaflega tilganginn.

b) Í 5. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila er kveðið á um að yfirmaður stjórnsýsluaðila skuli leitast við að halda varðveittu persónuauðkennaupplýsingunum nákvæmum og uppfærðum, innan þeirra marka sem teljast nauðsynleg til að ná tilgangi með notkun.

c) Í 1. mgr. 6. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila er kveðið á um að yfirmaður stjórnsýsluaðila skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir leka, tap eða tjón, sem og tilhlýðilega umsýslu varðandi varðveittu persónuauðkennaupplýsingarnar.

d) Samkvæmt 7. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila skal enginn (þ.m.t. fyrrum) starfsmaður afhenda öðrum aðila persónuauðkennaupplýsingarnar sem aflað hefur verið án þess að hafa fyrir því rökstuddar ástæður, eða nota slíkar upplýsingar í óréttmætum tilgangi.

([7]) Dómur frá 18. mars 1969 (1968 (Shi) nr. 100)

([8]) Í 1. mgr. 156. gr. reglnanna um meðferð sakamála er kveðið á um að: „Þegar beiðnin, sem sett er fram í 1. mgr. greinarinnar hér að framan, er lögð fram skal beiðandinn láta í té efni sem liggur því til grundvallar hvort hinn grunaði eða ákærði ætti að teljast hafa framið brot.“

([9]) Sjá 6. nmgr.

([10]) Í 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila er umfang varðveislu takmarkað og þar með einnig söfnun persónuauðkennaupplýsinga.

e) Enn fremur er í 1. mgr. 8. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila kveðið á um að yfirmaður stjórnsýsluaðila skuli ekki nota eða útvega öðrum aðila persónuauðkennaupplýsingar sem eru í vörslu hans í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er nema kveðið sé á um annað í lögum og reglum. Enda þótt finna megi í 2. mgr. 8. gr. undantekningar frá þessari reglu við sérstakar aðstæður gilda þær einungis ef ekki er líklegt að slík stök afhending upplýsinga skaði réttindi og hagsmuni skráðs einstaklings eða þriðja aðila með „ósanngjörnum“ hætti.

f) Samkvæmt 9. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila skal yfirmaður stjórnsýsluaðilans setja, þegar varðveittar persónuauðkennaupplýsingar eru afhentar öðrum aðila, ef nauðsyn krefur, takmarkanir varðandi tilgang og aðferðir við notkun eða aðrar nauðsynlegar takmarkanir; hann getur einnig krafist þess að aðilinn sem fær upplýsingarnar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir leka og varðandi tilhlýðilega upplýsingastjórnun.

g) Í 48. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila er kveðið á um að yfirmaður stjórnsýsluaðila skuli leitast við að vinna úr öllum kvörtunum er varða meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga á tilhlýðilegan og skjótan hátt.

2) Öflun persónuauðkennaupplýsinga með beiðnum um valfrjálst samstarf (valfrjáls rannsókn)

a) Lagagrundvöllur

Auk þvingunarúrræða eru persónuauðkennaupplýsingar annaðhvort fengnar frá heimildum sem frjálst aðgengi er að eða á grundvelli valfrjálsrar afhendingar, þ.m.t. af hálfu rekstraraðila sem hafa slíkar upplýsingar í vörslu sinni.

Að því er það síðarnefnda varðar veitir 2. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu heimild til að leggja fram „skriflegar fyrirspurnir um rannsóknarefni“ (svokölluð „fyrirspurnareyðublöð“). Samkvæmt lögunum um meðferð sakamála er aðilum sem fyrirspurn er beint til skylt að gefa sig fram við rannsóknaryfirvöld. Þó er ekki hægt að þvinga þá til að gefa skýrslu ef opinberu skrifstofurnar eða opinberu og/eða einkareknu stofnanirnar sem fá fyrirspurnir neita að verða við því. Ef aðilar gefa sig ekki fram til að svara fyrirspurnum er ekki unnt að beita refsiviðurlögum eða öðrum viðurlögum. Ef rannsóknaryfirvöld telja að umbeðnar upplýsingar séu ómissandi þurfa þau að afla þeirra með leit og haldlagningu á grundvelli heimildar dómstóls.

Rekstraraðilar verða sífellt varfærnari þegar kemur að því að svara slíkum beiðnum í ljósi þess að einstaklingar eru í auknum mæli orðnir meðvitaðri um friðhelgi einkalífs síns, auk þess sem slíkar beiðnir kalla á aukið álag ([11]). Þegar aðilar ákveða hvort þeir eigi að vinna með yfirvöldum taka rekstraraðilar einkum tillit til eðlis umbeðinna upplýsinga, sambands síns við aðilann sem upplýsingarnar snerta, áhættu varðandi orðstír sinn, áhættu varðandi málsóknir o.s.frv.

b) Takmarkanir

Að því er söfnun rafrænna upplýsinga með þvingunarúrræðum varðar takmarka stjórnarskráin, eins og dómaframkvæmd túlkar hana, og heimildarsamþykktin valfrjálsar rannsóknir. Auk þess hafa rekstraraðilar ekki lagalega heimild til að afhenda upplýsingar við tilteknar aðstæður. Að lokum kveða lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila á um ýmsar takmarkanir sem eiga bæði við um söfnun og meðhöndlun upplýsinga (en staðbundnar samþykktir endurtaka í meginatriðum sömu viðmiðanir fyrir héraðslögregluna).

1) Takmarkanir sem leiðir af stjórnarskránni og heimildarsamþykktinni

Með tilliti til 13. gr. stjórnarskrárinnar setti Hæstiréttur í tveimur úrskurðum, frá 24. desember 1969 (1965 (A) nr. 1187) og 15. apríl 2008 (2007 (A) nr. 839), takmarkanir á valfrjálsar rannsóknir á vegum rannsóknaryfirvalda. Þó að þessir úrskurðir hafi tengst tilvikum þar sem persónuauðkennaupplýsingum (í formi mynda) var safnað með ljósmyndun/kvikmyndun eru niðurstöðurnar mikilvægar hvað varðar valfrjálsar rannsóknir (án þvingunarúrræða) sem hafa áhrif á einkalíf einstaklings almennt. Þeir gilda því og þeim þarf að fylgja, að því er varðar söfnun persónuauðkennaupplýsinga á grundvelli valfrjálsrar rannsóknar, með tilliti til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki.

Í samræmi við þessa úrskurði er lögmæti valfrjálsrar rannsóknar háð því að þrjár viðmiðanir séu uppfylltar, þ.e.a.s.:

— „grunur um brot“ (þ.e. meta þarf hvort brot hafi verið framið),

— „nauðsyn þess að rannsaka“ (þ.e. meta þarf hvort beiðni sé innan þess umfangs sem nauðsynlegt er vegna rannsóknarinnar) og

([11]) Sjá einnig tilkynningu sem ríkislögreglan gaf út 7. desember 1999 (bls. 9) þar sem sama atriði er nefnt.

— „tilhlýðileiki aðferða“ (þ.e. meta þarf hvort valfrjáls rannsókn er „tilhlýðileg“ eða hæfileg miðað við tilgang rannsóknarinnar) ([12]).

Að teknu tilliti til þessara þriggja framangreindra viðmiðana er lögmæti valfrjálsrar rannsóknar metið út frá því hvort hægt sé að álíta hana hæfilega í samræmi við félagslega samþykktar viðmiðanir.

Sú krafa að rannsókn verði að teljast „nauðsynleg“ leiðir einnig beint af 197. gr. laganna um meðferð sakamála og hefur verið staðfest í leiðbeiningunum sem ríkislögregluembættið gaf út til héraðslögreglunnar varðandi notkun „fyrirspurnareyðublaða“. Í tilkynningu ríkislögregluembættisins frá 7. desember 1999 er kveðið á um ýmsar takmarkanir varðandi málsmeðferð, þ.m.t. kröfuna um að nota „fyrirspurnareyðublöð“ einungis ef nauðsyn krefur vegna rannsóknarinnar. Auk þess er 1. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála bundin við rannsókn sakamála og því einungis unnt að beita henni ef til staðar er rökstuddur grunur um að brot hafi verið framið. Á hinn bóginn er þessi lagagrundvöllur ekki fyrir hendi að því er varðar söfnun og notkun persónuauðkennaupplýsinga ef brot á lögum hefur enn ekki átt sér stað.

2) Takmarkanir að því er varðar tiltekna rekstraraðila

Viðbótartakmarkanir gilda á tilteknum sviðum á grundvelli þeirrar verndar sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Í fyrsta lagi ber rannsóknaryfirvöldum og fjarskiptafyrirtækjum sem hafa persónuauðkennaupplýsingar í vörslu sinni skylda til að virða trúnað um samskipti, eins og tryggt er með 2. mgr. 21. gr. stjórnarskrárinnar ([13]). Þar að auki hafa fjarskiptafyrirtæki sömu skyldum að gegna skv. 4. gr. laganna um fjarskiptafyrirtæki ([14]). Samkvæmt „leiðbeiningunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í fjarskiptafyrirtækjum“, sem ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála gaf út á grundvelli stjórnarskrárinnar og laga um fjarskiptafyrirtæki, skulu fjarskiptafyrirtæki, í tilvikum þar sem trúnaður um samskipti er í húfi, ekki afhenda persónuauðkennaupplýsingar varðandi trúnað um samskipti til þriðju aðila nema þeir hafi fengið samþykki einstaklingsins eða geti treyst á eina af „réttmætum ástæðum“ fyrir því að fara ekki að almennum hegningarlögum. Hið síðarnefnda tengist „réttmætum athöfnum“ (35. gr. almennra hegningarlaga), „sjálfsvörn“ (36. gr. almennra hegningarlaga) og „afstýringu bráðar hættu“ (37. gr. almennra hegningarlaga). „Réttmætar athafnir“ samkvæmt almennum hegningarlögum eru einungis þær athafnir fjarskiptafyrirtækis sem það framkvæmir til að uppfylla þvingunarúrræði ríkisins, sem útiloka valfrjálsa rannsókn. Fari rannsóknaryfirvöld fram á persónuauðkennaupplýsingar á grundvelli „fyrirspurnareyðublaðs“ (2. mgr. 197. gr. laganna um meðferð sakamála) er fjarskiptafyrirtæki því óheimilt að afhenda upplýsingarnar.

Í öðru lagi hljóta rekstraraðilar að hafna beiðnum um valfrjálst samstarf þegar þeim er bannað með lögum að afhenda persónuauðkennaupplýsingar. Sem dæmi felur þetta í sér tilvik þar sem rekstraraðila ber skylda til að virða trúnað við meðferð upplýsinga, t.d. skv. 134. gr. almennra hegningarlaga ([15]).

3) Takmarkanir á grundvelli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila

Að því er varðar söfnun og frekari meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga af hálfu stjórnsýsluaðila kveða lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila á um takmarkanir, eins og útskýrt er hér að framan í 2. mgr. b-liðar 1. liðar í A-lið II. þáttar. Samsvarandi takmarkanir má leiða af héraðssamþykktunum sem gilda um héraðslögregluna.

B) Eftirlit

1) Eftirlit dómsvalds

Að því er varðar söfnun persónuauðkennaupplýsinga með þvingunarúrræðum þarf hún að vera byggð á heimild dómstóls ([16]) og er þannig háð fyrirframskoðun dómara. Ef rannsóknin var ólögmæt getur dómari útilokað slík sönnunargögn í eftirfylgjandi meðferð sakamáls fyrir dómi. Einstaklingur getur farið fram á útilokun slíkra gagna í sakamálameðferð sinni fyrir dómi með þeim rökum að rannsóknin hafi verið ólögmæt.

([12]) Alvarleiki brots og hversu aðkallandi það er eru þættir sem skipta máli þegar meta skal „tilhlýðileika aðferða“.

([13]) Í 2. mgr. 21. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Ekki skal halda uppi ritskoðun af neinu tagi né heldur rjúfa trúnað um samskiptaleiðir“.

([14]) Í 4. gr. laganna um fjarskiptafyrirtæki stendur: „1) Ekki skal rjúfa trúnað um samskipti sem fjarskiptafyrirtæki annast. 2) Að því er varðar samskipti sem fjarskiptafyrirtæki annast skal enginn sem tekur þátt í starfsemi fjarskiptafyrirtækis ljóstra upp um trúnaðarmál sem hann hefur öðlast vitneskju um í starfi sínu. Hið sama á við jafnvel eftir að hann hefur látið af störfum.“

([15]) Í 134. gr. almennra hegningarlaga stendur: „1) Afhendi læknir, lyfjafræðingur, dreifingaraðili lyfja, ljósmóðir, lögfræðingur, verjandi, lögbókandi eða annar aðili sem áður var í slíku starfi, án þess að hafa fyrir því rökstuddar ástæður, trúnaðarupplýsingar annars aðila sem hann hefur öðlast vitneskju um í slíku starfi sínu skal beita fangelsun með vinnu í allt að 6 mánuði eða leggja á sekt allt að 100 000 jenum. 2) Hið sama skal gilda um tilvik þar sem aðili sem er eða var virkur í trúarlegri starfsgrein afhendir, án þess að hafa fyrir því rökstuddar ástæður, trúnaðarupplýsingar annars aðila sem hann hefur öðlast vitneskju um á meðan hann tók þátt í slíkri trúarlegri starfsemi.“

([16]) Sjá 5. nmgr. varðandi undanþágu frá þessari reglu.

2) Eftirlit á grundvelli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila

Í Japan hefur ráðherra eða ráðuneytisstjóri hvers ráðuneytis, eða yfirmaður hverrar stofnunar, heimild til að hafa eftirlit og annast framfylgd á grundvelli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, en ráðherra innanríkis- og fjarskiptamála getur rannsakað framfylgd allra annarra ráðuneyta á lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila.

Ef ráðherra innanríkis- og fjarskiptamála telur, s.s. á grundvelli rannsóknar á framfylgd laganna um vernd persónuauðkenn-aupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila ([17]), úrvinnslu kvartana eða fyrirspurna sem beint er til einnar af miðstöðvum ráðuneytisins fyrir alhliða upplýsingar, slíkt nauðsynlegt til að ná tilgangi laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, getur hann, á grundvelli 50. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, farið fram á það við yfirmann stjórnsýsluaðila að hann sendi efni og útskýringar varðandi meðhöndlun persónuauðkenn-aupplýsinga af hálfu viðkomandi stjórnsýsluaðila. Ráðherra getur beint til yfirmanns stjórnsýsluaðila áliti varðandi vinnslu persónuauðkennaupplýsinga hjá stjórnsýsluaðilanum ef hann telur það nauðsynlegt til að ná tilgangi laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Auk þess getur ráðherrann t.a.m. óskað eftir endurskoðun á viðkomandi ráðstöfunum með þeim aðgerðum, sem hann getur gripið til skv. 50. og 51. gr. laganna, þegar grunur leikur á um að brot eða óviðeigandi framkvæmd á lögunum hafi átt sér stað. Þetta stuðlar að því að tryggja samræmda beitingu og framfylgd laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila.

3) Eftirlit nefndanna um almannaöryggi að því er varðar lögregluna

Að því er varðar yfirstjórn lögreglunnar fellur ríkislögregluembættið undir eftirlit landsnefndarinnar um almannaöryggi en héraðslögreglan fellur undir eftirlit einnar af héraðsnefndunum um almannaöryggi sem komið er á fót í hverju héraði. Sérhver þessara eftirlitsaðila tryggir lýðræðislega stjórn og pólitískt hlutleysi yfirstjórnar lögreglunnar.

Landsnefndin um almannaöryggi fer með þau mál sem heyra undir lögsögu hennar samkvæmt lögreglulögum og öðrum lögum. Í þessu felst skipan ríkislögreglustjóra og hærra settra lögreglumanna í staðarlögreglunni, ásamt því að koma á heildstæðum stefnum sem mæla fyrir um grundvallarleiðbeiningar eða ráðstafanir að því er varðar yfirstjórn ríkislögregluembættisins.

Í héraðsnefndunum um almannaöryggi sitja fulltrúar fólksins í viðkomandi héraði samkvæmt lögreglulögum og þær hafa umsjón með embætti héraðslögreglunnar sem kerfi sjálfstæðra ráða. Héraðsstjóri skipar nefndarfulltrúa með samþykki héraðsþings á grundvelli 39. gr. lögreglulaganna. Skipunartími þeirra er þrjú ár og ekki má víkja þeim úr starfi gegn vilja þeirra nema til komi sértækar ástæður sem tilgreindar eru í lögum (s.s. vanhæfni til að sinna störfum sínum, brot á skyldum, misferli o.s.frv.) og óhæði þeirra þannig tryggt (sjá 40. og 41. gr. lögreglulaganna). Til að tryggja pólitískt hlutleysi nefndarfulltrúa er þeim enn fremur bannað skv. 42. gr. lögreglulaganna að starfa á sama tíma hjá löggjafarstofnun, taka sæti í framkvæmdastjórn stjórnmálaflokks eða annarri pólitískri stofnun eða taka virkan þátt í pólitískri hreyfingu. Þótt sérhver nefnd heyri undir valdsvið viðkomandi héraðsstjóra felur það ekki í sér að hann hafi vald til að gefa út leiðbeiningar um það hvernig störfum hennar skuli hagað.

Samkvæmt 3. mgr. 38. gr. ásamt 2. gr. og 2. mgr. 36. gr. lögreglulaganna bera héraðsnefndirnar um almannaöryggi ábyrgð á „að vernda réttindi og frelsi einstaklings“. Í því skyni skulu héraðslögreglustjórar gefa nefndunum skýrslur varðandi aðgerðir innan valdsviðs síns, m.a. á reglulegum fundum sem haldnir eru þrisvar eða fjórum sinnum í mánuði. Nefndirnar gefa leiðbeiningar um þessi mál með því að koma á fót heildstæðum stefnum.

Í ljósi eftirlitshlutverks síns geta héraðsnefndirnar um almannaöryggi enn fremur gefið út leiðbeiningar til héraðslögreglunnar í einstökum málum á sérstökum grundvelli ef þær meta það nauðsynlegt í tengslum við úttekt á starfsemi héraðslögreglunnar eða misferli af hálfu starfsfólks hennar. Einnig geta nefndirnar, ef þær telja það nauðsynlegt, fengið tilnefndan nefndarfulltrúa til að skoða stöðu framkvæmdar á útgefnum leiðbeiningum (gr. 43-2 í lögreglulögunum).

([17]) Til að tryggja gagnsæi og auðvelda ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála eftirlitið ber yfirmanni stjórnsýsluaðila, skv. 11. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, að skrá hvert atriði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, s.s. heiti stjórnsýsluaðilans sem varðveitir skrána, tilgang með notkun skrárinnar, aðferð við söfnun persónuauðkennaupplýsinganna o.s.frv. (svokölluð „skrá yfir persónuauðkennaupplýsingar“). Þó eru þær skrár yfir persónuauðkennaupplýsingar, sem falla undir 2. mgr. 10. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, s.s. þær sem gerðar eru eða aflað er sem hluta af sakamálarannsókn eða varða mál sem eru mikilvæg vegna þjóðaröryggis, undanskildar tilkynningarskyldu til ráðuneytis innanríkis- og fjarskiptamála og skyldu til að fella þær inn í opinberu skrána. Þó er þess krafist skv. 7. gr. laganna um umsýslu opinberra skráa og skjalasafna (e. Public Records and Archives Management Act) að yfirmaður stjórnsýsluaðila skrái ávallt flokkun, titil, varðveislutímabil og geymslustaðsetningu, o.s.frv., stjórnsýsluskjala („skrá yfir umsýslu stjórnsýsluskjala“). Atriðaskrá beggja skráa er birt á netinu og gerir einstaklingum kleift að athuga hvers konar persónuauðkennaupplýsingar eru í skránni og hvaða stjórnsýsluaðili hefur þær í vörslu sinni.

4) Eftirlit japanska þingsins

Japanska þingið getur framkvæmt rannsóknir í tengslum við starfsemi opinberra yfirvalda og í því skyni farið fram á afhendingu skjala og vitnisburð frá vitnum (62. gr. stjórnarskrárinnar). Í þessu samhengi getur lögbær nefnd japanska þingsins skoðað hvort upplýsingaöflun lögreglunnar hafi farið fram með tilhlýðilegum hætti.

Þessar valdheimildir eru tilgreindar nánar í þingskaparlögum japanska þingsins. Samkvæmt 104. gr. þeirra getur japanska þingið farið fram á það við ríkisstjórnina og opinberar stofnanir að þau afhendi þær skýrslur og skrár sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framkvæma rannsókn þingsins. Enn fremur geta þingmenn lagt fram „skriflegar fyrirspurnir“ skv. 74. gr. þingskaparlaga japanska þingsins. Forseti þingsins verður að samþykkja slíkar fyrirspurnir og að meginreglu til þarf ríkisstjórnin að svara þeim skriflega innan sjö daga (þegar ekki er mögulegt að svara innan þess tímafrests er nauðsynlegt að rökstyðja það og setja nýjan frest, sjá 75. gr. þingskaparlaga japanska þingsins). Skriflegar fyrirspurnir japanska þingsins hafa áður fjallað um meðhöndlun stjórnsýslunnar á persónuauðkennaupplýsingum ([18]).

C) Einstaklingsbundnar úrlausnir

Samkvæmt 32. gr. japönsku stjórnarskrárinnar skal engum neitað um réttinn til aðgangs að dómstólum. Að auki tryggir 17. gr. stjórnarskrárinnar sérhverjum aðila rétt til að höfða skaðabótamál gegn ríkinu eða opinberum aðila (eins og kveðið er á um í lögum) ef hann hefur borið skaða af ólögmætum aðgerðum opinbers embættismanns.

1) Réttarúrræði gegn söfnun upplýsinga með þvingunarúrræðum á grundvelli heimildar dómstóls (430. gr. laga um meðferð sakamála)

Samkvæmt 2. mgr. 430. gr. laganna um meðferð sakamála getur einstaklingur, sem er ósáttur við þær ráðstafanir sem lögreglumaður gerir varðandi haldlagningu hluta (þ.m.t. ef í þeim koma fram persónuauðkennaupplýsingar) á grundvelli heimildar dómstóls, lagt fram beiðni (svokallað „kvörtunarígildi“) hjá lögbærum dómstól um að slíkar ráðstafanir verði „afturkallaðar eða þeim breytt“.

Leggja má fram slíka vefengingu án þess að slíkt kalli á bið einstaklingsins eftir niðurstöðu málsins. Ef dómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið nauðsynlegt að framkvæma haldlagningu, eða að aðrar ástæður séu fyrir því að telja haldlagninguna ólögmæta, getur hann gefið fyrirmæli um að slíkar ráðstafanir verði afturkallaðar eða þeim breytt.

2) Réttarúrræði samkvæmt lögunum um réttarfar í einkamálum og lögum um bótaskyldu ríkisins

Telji einstaklingar að brotið hafi verið á rétti þeirra til friðhelgi einkalífs skv. 13. gr. stjórnarskrárinnar geta þeir höfðað einkamál þar sem þeir óska eftir því að persónuauðkennaupplýsingum sem safnað er við rannsókn sakamáls verði eytt.

Einnig getur einstaklingur höfðað mál til greiðslu skaðabóta á grundvelli laganna um bótaskyldu ríkisins, ásamt viðeigandi greinum laganna um meðferð einkamála, ef hann telur að brotið hafi verið á rétti sínum til friðhelgi einkalífs og hann orðið fyrir skaða vegna söfnunar persónuauðkennaupplýsinga um sig eða vegna eftirlits ([19]). Í ljósi þess að „skaðinn“ sem fellur undir bótakröfu takmarkast ekki við eignatjón (710 gr. laganna um meðferð einkamála) getur þetta einnig átt við um „sálrænt tjón“. Dómari skal meta fjárhæð skaðabóta fyrir slíkan miska á grundvelli „frjáls mats með hliðsjón af mismunandi þáttum í hverju máli“ ([20]).

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna um bótaskyldu ríkisins veita rétt til bóta þegar i. opinber embættismaður, sem fer með vald ríkisins eða opinbers aðila, hefur, ii. í störfum sínum iii. af ásetningi eða af gáleysi iv. með ólögmætum hætti, v. valdið öðrum aðila tjóni.

Einstaklingurinn verður að höfða mál í samræmi við lögin um réttarfar í einkamálum. Samkvæmt gildandi reglum getur hann gert það fyrir þeim dómstól sem fer með lögsögu á þeim stað þar sem misgerðin er leiddi til bótaskyldu átti sér stað.

([18]) Sjá t.d. skriflega fyrirspurn efri deildar þingsins nr. 92 frá 27. mars 2009 varðandi meðhöndlun upplýsinga sem safnað er í tengslum við rannsóknir sakamála, þ.m.t. trúnaðarbrot lögreglu og ákæruyfirvalda.

([19]) Dæmi um slíka málsókn er „Skrá varnarmálaskrifstofunnar“ (héraðsdómur Niigata, úrskurður frá 11. maí 2006 (2002(Wa) nr. 514)). Í því máli útbjó opinber embættismaður varnarmálaskrifstofunnar skrá yfir þá einstaklinga sem höfðu lagt fram beiðnir um afhendingu stjórnsýsluskjala hjá varnarmálaskrifstofunni, hélt henni við og dreifði. Í þeirri skrá var að finna lýsingar úr persónuauðkennaupplýsingum stefnanda. Stefnandi hélt því fram að brotið hefði verið á friðhelgi einkalífs hans, rétti til vitneskju o.s.frv. og fór fram á að sakborningur greiddi skaðabætur skv. 1. mgr. 1. gr. laganna um bótaskyldu ríkisins. Dómstóllinn samþykkti beiðnina að hluta til þannig að stefnandi fékk bætur að nokkru leyti.

([20]) Hæstiréttur, úrskurður frá 5. apríl 1910 (1910(O) nr. 71).

3) Einstaklingsbundnar úrlausnir vegna ólögmætra/óviðeigandi rannsókna af hálfu lögreglunnar: kvörtun til héraðsnefndarinnar um almannaöryggi (79. gr. lögreglulaga)

Samkvæmt 79. gr. lögreglulaga ([21]), eins og útskýrt er nánar í leiðbeiningum frá ríkislögreglustjóra til héraðslögreglunnar og héraðsnefndanna um almannaöryggi ([22]), geta einstaklingar lagt fram skriflega kvörtun ([23]) hjá þar til bærri héraðsnefnd um almannaöryggi vegna hvers konar ólögmætrar eða óviðeigandi hegðunar lögreglumanns við skyldustörf sín, þ.m.t. skyldustörfum er varða söfnun og notkun persónuauðkennaupplýsinga. Nefndin skal taka slíkar kvartanir til dyggilegrar meðferðar í samræmi við lög og staðbundnar samþykktir og tilkynna umkvörtunaraðilanum skriflega um niðurstöðurnar.

Á grundvelli eftirlitsvalds héraðsnefndarinnar um almannaöryggi, skv. 3. mgr. 38. gr. lögreglulaganna, skal hún gefa út tilmæli til héraðslögreglunnar um að rannsaka staðreyndir, gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar og gefa nefndinni skýrslu um niðurstöðurnar. Þar sem nefndin telur slíkt nauðsynlegt getur hún einnig gefið út leiðbeiningar um meðferð kvörtunarinnar, t.d. ef hún telur að framkvæmd rannsóknar á vegum lögreglunnar hafi verið ófullnægjandi. Þessari framkvæmd er lýst í tilkynningunni sem embætti ríkislögreglustjóra gaf út til yfirmanns héraðslögreglunnar.

Tilkynningin til umkvörtunaraðilans um niðurstöðu rannsóknarinnar er einnig send í ljósi skýrslna lögreglu um rannsóknina og þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið að beiðni nefndarinnar.

4) Einstaklingsbundnar úrlausnir samkvæmt lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila og lögunum um meðferð sakamála

a) Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila

Samkvæmt 48. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila verða stjórnsýsluaðilar að leitast við að afgreiða sérhverja kvörtun um meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga með tilhlýðilegum og skjótum hætti. Til að geta veitt einstaklingum alhliða upplýsingar (t.d. um fyrirliggjandi rétt til afhendingar, leiðréttingar, leiðréttingar og frestunar á notkun samkvæmt lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila) og sem tengiliður fyrirspurna hefur ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála komið á fót miðstöðvum alhliða upplýsinga vegna afhendingar upplýsinga/verndar persónuauðkennaupplýsinga í hverju héraði á grundvelli 2. mgr. 47. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Einstaklingar sem eru ekki búsettir í Japan geta einnig lagt fram fyrirspurnir. Sem dæmi má nefna að á fjárhagsárinu 2017 (apríl 2017 til mars 2018) var heildarfjöldi fyrirspurnarmála o.s.frv. sem miðstöðvar alhliða upplýsinga svöruðu 5186.

Ákvæði 12. og 27. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila veita einstaklingum rétt til að fara fram á afhendingu og leiðréttingu varðveittra persónuauðkennaupplýsinga. Enn fremur geta einstaklingar, skv. 36. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, farið fram á að notkun á varðveittum persónuauðkennaupplýsingum verði frestað eða að þeim verði eytt hafi stjórnsýsluaðilinn ekki aflað þeirra á lögmætan hátt eða varðveitt eða notað slíkar upplýsingar í trássi við lög.

Að því er varðar persónuauðkennaupplýsingar sem safnað hefur verið (annaðhvort á grundvelli heimildar dómstóls eða á grundvelli „fyrirspurnareyðublaðs“) og varðveittar eru í þágu rannsóknar sakamáls ([24]) falla slíkar upplýsingar þó almennt innan flokksins „persónuauðkennaupplýsingar skráðar í skjöl sem tengjast réttarhöldum og hlutum sem hald hefur verið lagt á“. Slíkar persónuauðkennaupplýsingar eru undanskildar gildissviði einstaklingsbundinna réttinda í 4. kafla laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila skv. gr. 53-2 í lögunum um meðferð sakamála ([25]). Vinnsla slíkra

([21]) Sjá 79. gr. lögreglulaga (útdráttur):
1. Hver sá sem hyggst kvarta vegna þess hvernig starfsmenn héraðslögreglunnar sinna skyldustörfum sínum getur lagt fram skriflega kvörtun til héraðsnefndarinnar um almannaöryggi á grundvelli málsmeðferðarreglnanna sem lýst er í samþykktinni um landsnefndina um almannaöryggi.
2. Héraðsnefndin um almannaöryggi, sem hefur tekið við kvörtun eins og kveðið er á um í málsgreininni hér að framan, skal taka hana til dyggilegrar meðferðar í samræmi við lög og staðbundnar samþykktir og tilkynna umkvörtunaraðilanum skriflega um niðurstöðurnar nema í eftirfarandi tilvikum:
    1) Líta má svo á að kvörtunin hafi verið lögð fram til að hindra héraðslögregluna við lögmæta framkvæmd skyldustarfa sinna.
    2) Núverandi búsetustaður þess sem leggur kvörtunina fram er ókunnur.
    3) Líta má svo á að kvörtunin hafi verið lögð fram sameiginlega með öðrum umkvörtunaraðilum og aðrir umkvörtunaraðilar hafi þegar fengið niðurstöður sameiginlegu kvörtunarinnar.

([22]) Embætti ríkislögreglustjóra, tilkynning um tilhlýðilega meðhöndlun kvartana vegna þess hvernig lögreglumenn sinna skyldustörfum sínum, 13. apríl 2001, með viðhengi 1 „Staðlar varðandi túlkun/framkvæmd á 79. gr. lögreglulaga“.

([23]) Samkvæmt tilkynningunni frá embætti ríkislögreglustjóra (sjá fyrri neðanmálsgrein) skulu einstaklingar sem eiga erfitt með að leggja fram skriflega kvörtun fá aðstoð. Þetta á sérstaklega við um útlendinga.

([24]) Hins vegar myndu liggja fyrir skjöl sem ekki eru flokkuð sem „skjöl sem tengjast réttarhöldum“ þar sem þau eru ekki upplýsingar sem aflað er með heimild dómstóls eða skriflegum fyrirspurnum um rannsóknarefni heldur verða til á grundvelli slíkra skjala. Þetta gæti verið tilvik þar sem einkaupplýsingar falla ekki undir 1. mgr. 45. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila og því ekki undanskildar gildissviði 4. kafla þeirra laga.

([25]) Í ákvæðum 2. mgr. í gr. 53-2 í lögunum um meðferð sakamála er mælt fyrir um að ákvæði IV. kafla laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila gildi ekki um persónuauðkennaupplýsingar í skjölum sem tengjast réttarhöldum og haldlögðum hlutum.

persónuauðkennaupplýsinga og réttindi einstaklingsins til aðgangs og leiðréttingar er þess í stað háð sérreglum samkvæmt lögum um meðferð sakamála og lögum um endanlegar skrár sakamála (sjá hér á eftir) ([26]). Undanþágan er réttlætt á grundvelli ýmissa þátta, s.s. verndar friðhelgi einkalífs hlutaðeigandi aðila, trúnaðar um rannsóknir og réttrar framkvæmdar málsmeðferðar í sakamáli. Að þessu sögðu gilda áfram ákvæði 2. kafla laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila um meginreglur varðandi meðhöndlun slíkra upplýsinga.

b) Lög um meðferð sakamála

Samkvæmt lögunum um meðferð sakamála velta möguleikar á aðgangi að persónuauðkennaupplýsingum sem safnað er í þágu rannsóknar sakamáls bæði á stöðu málsmeðferðar og því hvaða hlutverki einstaklingurinn gegnir í rannsókninni (grunaður, ákærður, brotaþoli o.s.frv.).

Sem undantekning frá reglunni í 47. gr. laganna um meðferð sakamála um að skjöl sem tengjast réttarhaldi skuli ekki gerð opinber áður en réttarhaldið hefst (þar sem það gæti vegið að heiðri hlutaðeigandi einstaklinga og/eða brotið gegn einkalífi þeirra og hindrað rannsóknina/réttarhaldið), er skoðun slíkra upplýsinga af hálfu brotaþola heimil að meginreglu til, að því marki sem það telst nauðsynlegt með tilliti til þess tilgangs sem liggur að baki ákvæði 47. gr. laganna um meðferð sakamála ([27]).

Almennt komast grunaðir einstaklingar að því að þeir liggja undir grun í sakamálarannsókn þegar annaðhvort rannsóknarlögregla eða ríkissaksóknari yfirheyrir þá. Ef ríkissaksóknari ákveður síðar að gefa ekki út ákæru skal hann tafarlaust upplýsa hinn grunaða um það að fram kominni beiðni hans (259. gr. laganna um meðferð sakamála).

Í kjölfar útgáfu ákæru skal ríkissaksóknari enn fremur veita hinum ákærða eða lögfræðingi hans tækifæri til að skoða sönnunargögnin fyrir fram áður en hann fer fram á að dómstóllinn rannsaki þau (299. gr. laganna um meðferð sakamála). Þetta gerir hinum ákærða kleift að skoða persónuauðkennaupplýsingar um sig sem safnað hefur verið við rannsókn sakamáls.

Að lokum er vernd persónuauðkennaupplýsinga, sem safnað hefur verið í tengslum við rannsókn sakamáls, hvort sem þær varða hinn grunaða, hinn ákærða eða annan aðila (t.d. brotaþola), tryggð með trúnaðarkvöðinni (100. gr. laga um opinbera þjónustu) og hótun um refsingu ef trúnaður er rofinn um trúnaðarupplýsingar við opinber skyldustörf (xii. liður 109. gr. laganna um opinbera þjónustu).

5) Einstaklingsbundnar úrlausnir vegna ólögmætra/óviðeigandi rannsókna af hálfu opinberra yfirvalda: kvörtun til persónuverndarnefndarinnar

Í samræmi við 6. gr. persónuverndarlaganna skulu stjórnvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir í samstarfi við stjórnvöld þriðju landa til að byggja upp alþjóðlega samræmanlegt kerfi varðandi persónuauðkennaupplýsingar á grundvelli samstarfs við alþjóðastofnanir og innan annarra alþjóðlegra ramma. Á grundvelli þessa ákvæðis felur grunnstefnan um vernd persónuauðkennaupplýsinga (samþykkt með ríkisstjórnarákvörðun) persónuverndarnefndinni, sem lögbæru yfirvaldi á sviði almennrar stjórnunar persónuverndarlaganna, vald til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að brúa mismun á kerfum og starfsemi milli Japans og hlutaðeigandi erlends lands í því skyni að tryggja viðeigandi meðferð persónuauðkennaupplýsinga sem berast frá því landi.

Enn fremur er persónuverndarnefndinni falið það verkefni, eins og kveðið er á um í i. og ii. lið 61. gr. persónuverndarlaganna, að skipuleggja og kynna grunnstefnu ásamt því að miðla málum í kvörtunum sem lagðar eru fram gegn rekstraraðilum. Að lokum skulu stjórnsýsluaðilar eiga náin samskipti og samstarf sín á milli (80. gr. persónuverndarlaganna).

Á grundvelli þessara ákvæða mun persónuverndarnefndin fara með kvartanir, sem einstaklingar leggja fram, samkvæmt eftirfarandi:

a) Hafi einstaklingur grun um að opinber yfirvöld í Japan, þ.m.t. yfirvöld sem bera ábyrgð á þeim aðgerðum sem um getur í II. kafla og III. kafla þessarar „skýringar“, hafi safnað eða notað gögn um hann, sem miðlað hefur verið frá ESB, í trássi við gildandi reglur, m.a. þær sem falla undir þessa „skýringu“, getur hann lagt fram kvörtun til persónuverndarnefndarinnar (sjálfur eða fyrir milligöngu persónuverndaryfirvalds síns).

b) Persónuverndarnefndin fjallar um kvörtunina, m.a. með því að nýta valdheimildir sínar skv. 6. gr., ii. lið 61. gr. og 80. gr. persónuverndarlaganna, og upplýsir lögbær opinber yfirvöld, þ.m.t. viðeigandi eftirlitsstofnanir, um kvörtunina.

([26]) Samkvæmt lögunum um meðferð sakamála og lögunum um endanlegar skrár sakamála er aðgangur og leiðréttingt tengd haldlögðum hlutum ásamt skjölum/persónuauðkennaupplýsingum varðandi málsmeðferð í sakamálum háð einstöku og aðskildu reglukerfi sem miðar að því að vernda einkalíf hlutaðeigandi aðila, trúnað um rannsóknir og rétta framkvæmd málsmeðferðar í sakamáli o.s.frv.

([27]) Nánar tiltekið, í því skyni að bæta vernd brotaþola er brotaþolum heimilt að meginreglu til að skoða upplýsingar um hlutlæg sönnunargögn hvað varðar skrár sem tengjast ekki ákæru í málum sem kalla á þátttöku brotaþola með þeim hætti sem mælt er fyrir um í gr. 316-33 og áfram í lögunum um meðferð sakamála.

Þessi yfirvöld eiga að starfa með persónuverndarnefndinni skv. 80. gr. persónuverndarlaganna, s.s. með því að afhenda nauðsynlegar upplýsingar og viðeigandi efni, til að persónuverndarnefndin geti metið hvort söfnun eða síðari notkun persónuauðkennaupplýsinga hafi verið í samræmi við gildandi reglur. Persónuverndarnefndin mun starfa með ráðuneyti innanríkis- og fjarskiptamála við gerð mats síns.

c) Ef sýnt er fram á það í matinu að brotið hafi verið gegn gildandi reglum felur samstarf hlutaðeigandi opinberra yfirvalda við persónuverndarnefndina í sér þá skyldu að bæta fyrir brotið.

Ef persónuauðkennaupplýsingum hefur verið safnað á ólögmætan hátt samkvæmt gildandi reglum skal það fela í sér eyðingu þeirra persónuauðkennaupplýsinga sem safnað hefur verið.

Ef brotið hefur verið gegn gildandi reglum mun persónuverndarnefndin einnig staðfesta, áður en hún lýkur matinu, að bætt hafi verið fyrir brotin að fullu.

d) Þegar matinu er lokið skal persónuverndarnefndin tilkynna einstaklingnum um niðurstöðu matsins innan hæfilegs tíma, m.a. um hvers kyns aðgerðir til úrbóta sem gripið hefur verið til þar sem við á. Í þessari tilkynningu skal persónuverndarnefndin einnig upplýsa einstaklinginn um möguleikann á því að fá staðfestingu á niðurstöðunni frá lögbæra opinbera yfirvaldinu og um það yfirvald sem beina skal slíkri beiðni um staðfestingu til.

Takmarka má ítarlegar upplýsingar um niðurstöður matsins ef gild ástæða er til að ætla að miðlun slíkra upplýsinga geti haft í för með sér áhættu fyrir yfirstandandi rannsókn.

Ef kvörtunin varðar söfnun eða notkun persónuupplýsinga á sviði framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar mun persónuverndarnefndin, ef matið leiðir í ljós að opnað hafi verið mál sem varðar persónuauðkennaupplýsingar einstaklingsins og það til lykta leitt, upplýsa einstaklinginn um að heimilt sé að skoða málsskjölin skv. 53. gr. laganna um meðferð sakamála og 4. gr. laganna um endanlegar skrár sakamála.

Ef matið leiðir í ljós að einstaklingur liggur undir grun í sakamáli mun persónuverndarnefndin upplýsa hann um það og einnig möguleikann á að leggja fram beiðni skv. 259. gr. laganna um meðferð sakamála.

e) Ef einstaklingur er áfram ósáttur við niðurstöðu þessarar málsmeðferðar getur hann leitað til persónuverndarnefndarinnar sem skal upplýsa hann um hina ýmsu möguleika og ítarlegar málsmeðferðarreglur varðandi leið til að leita réttar síns samkvæmt japönskum lögum og reglum. Persónuverndarnefndin mun veita einstaklingnum stuðning, m.a. ráðgjöf og aðstoð við að höfða frekara mál gegn viðkomandi stjórnsýslustofnun eða dómsaðila.

III. **Aðgangur stjórnvalda í þágu þjóðaröryggis**

A. Lagagrundvöllur og takmarkanir varðandi söfnun persónuauðkennaupplýsinga

1) Lagagrundvöllur fyrir söfnun upplýsinga af hálfu hlutaðeigandi ráðuneytis/stofnunar

Eins og tilgreint er hér að framan þarf söfnun persónuauðkennaupplýsinga af hálfu stjórnsýsluaðila í þágu þjóðaröryggis að vera innan valdsviðs þeirra.

Í Japan eru engin lög sem heimila söfnun upplýsinga með þvingunarúrræðum einungis í þágu þjóðaröryggis. Samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar er einungis mögulegt að safna persónuauðkennaupplýsingum með þvingunarúrræðum á grundvelli heimildar sem dómstóll gefur út vegna rannsóknar á broti. Slíka heimild er því einungis unnt að gefa út vegna rannsóknar sakamáls. Þetta þýðir að í japanska réttarkerfinu er ekki heimilt að beita þvingunarúrræðum í þágu þjóðaröryggis vegna söfnunar á upplýsingum eða aðgangs að þeim. Á sviði þjóðaröryggis geta hlutaðeigandi ráðuneyti eða stofnanir þess í stað einungis fengið upplýsingar frá heimildum sem almennur aðgangur er að eða við valfrjálsa afhendingu rekstraraðila eða einstaklinga. Rekstraraðilar sem fá beiðni um valfrjálst samstarf eru ekki lagalega skuldbundnir til að veita slíkar upplýsingar og af þeim sökum hefur synjun samstarfs af þeirra hálfu ekki för með sér neikvæðar afleiðingar.

Ýmis ráðuneyti og stofnanir hafa skyldum að gegna á sviði þjóðaröryggis.

1) Stjórnarskrifstofan

Stjórnarskrifstofan annast upplýsingaöflun og rannsóknir varðandi mikilvægar stefnur ríkisstjórnarinnar ([28]) sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. laga um ríkisstjórnina ([29]). Stjórnarskrifstofan hefur þó engar heimildir til að safna persónuauðkennaupplýsingum beint frá rekstraraðilum. Hún safnar, fellir inn, greinir og metur upplýsingar frá opnum upplýsingaveitum, öðrum opinberum yfirvöldum o.s.frv.

2) Ríkislögreglan/héraðslögreglan

Í hverju héraði hefur héraðslögreglan valdheimildir til að safna upplýsingum innan valdsviðs síns skv. 2. gr. lögreglulaga. Vera má að ríkislögreglan safni upplýsingum beint innan valdsviðs síns samkvæmt lögreglulögum. Þetta á einkum við um starfsemi öryggisskrifstofu ríkislögreglunnar og ráðuneytis utanríkis- og leyniþjónustumála. Samkvæmt 24. gr. lögreglulaga fer öryggisskrifstofan með málefni er varða öryggislögregluna ([30]) og ráðuneyti utanríkis- og leyniþjónustumála með málefni er varða erlenda ríkisborgara, sem og japanska ríkisborgara sem eru með starfsstöðvar í öðrum löndum.

3) Leyniþjónustan í þágu almannaöryggis (PSIA)

Beiting laganna um varnir gegn undirróðri og laganna um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljunarkennd fjöldamorð fellur í meginatriðum undir valdsvið leyniþjónustunnar. Þetta er stofnun á vegum dómsmálaráðuneytisins.

Í lögum um varnir gegn undirróðri og lögum um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljanakennd fjöldamorð er kveðið á um að heimilt sé að samþykkja stjórnsýsluákvörðun (t.d. ráðstafanir sem fyrirskipa takmarkanir á aðgerðum slíkra samtaka, að þau verði leyst upp o.s.frv.), með ströngum skilyrðum, gegn samtökum sem fremja tiltekna alvarlega verknaði („hryðjuverkaundirróður“ eða „tilviljunarkennd fjöldamorð“) sem brjóta gegn „almannaöryggi“ eða „grundvallarkerfi samfélagsins“ samkvæmt stjórnarskránni. „Hryðjuverkaundirróður“ fellur undir gildissvið laganna um varnir gegn undirróðri (sjá 4. gr. sem tekur til aðgerða á borð við uppreisn gegn stjórnvöldum, frumkvæðis að utanaðkomandi ófriði, morðs í pólitískum tilgangi o.s.frv.) á meðan lögin um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljanakennd fjöldamorð taka til „tilviljanakenndra fjöldamorða“ (sjá 4. gr. þeirra laga). Ákvarðanir samkvæmt lögum um varnir gegn undirróðri og lögum um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljanakennd fjöldamorð geta einungis tekið til nákvæmlega tilgreindra samtaka sem fela í sér sérstaka innri eða ytri ógn við almannaöryggi.

Í þessu skyni veita lögin um varnir gegn undirróðri og lögin um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljanakennd fjöldamorð lagaheimild til rannsókna. Grunnrannsóknarheimildir fulltrúa leyniþjónustunnar eru settar fram í 27. gr. laganna um varnir gegn undirróðri og 29. gr. laganna um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljanakennd fjöldamorð. Leyniþjónustan framkvæmir rannsóknir samkvæmt þessum ákvæðum að því marki sem þær eru nauðsynlegar með tilliti til framangreindra ákvarðana um eftirlit með samtökum (til að mynda eru hópar róttækra vinstrimanna, *Aum Shinrikyo*-sértrúarsöfnuðurinn og tiltekinn innlendur hópur með náin tengsl við Norður-Kóreu dæmi um fyrri rannsóknir). Rannsóknir þessar geta þó ekki grundvallast á beitingu þvingunarúrræða og því er ekki hægt að þvinga stofnun, sem hefur persónuauðkennaupplýsingar í vörslu sinni, til að afhenda slíkar upplýsingar.

Söfnun og notkun upplýsinga sem veittar eru leyniþjónustunni á valfrjálsum grundvelli er með fyrirvara um viðeigandi verndarráðstafanir og takmarkanir sem kveðið er á um í lögum, m.a. trúnað um samskipti sem tryggður er í stjórnarskránni og reglur um meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga samkvæmt lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila.

4) Varnarmálaráðuneyti

Að því er upplýsingasöfnun varnarmálaráðuneytisins varðar safnar það upplýsingum á grundvelli 3. og 4. gr. laganna um stofnun varnarmálaráðuneytis að því marki sem nauðsynlegt er vegna framkvæmdar mála er varða valdsvið þess, m.a. að því er varðar varnir og gæslu, aðgerðir varnarliðs og sendingu land-, sjó- og flughers á vettvang. Varnarmálaráðuneytið getur einungis safnað upplýsingum í þessum tilgangi á grundvelli valfrjáls samstarfs og frá heimildum sem frjáls aðgangur er að. Það safnar ekki upplýsingum um almenning.

2) Takmarkanir og verndarráðstafanir

a) Lögboðnar takmarkanir

1) Almennar takmarkanir á grundvelli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila

Lög um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila eru almenn lög sem gilda um söfnun og meðhöndlun persónuauðkennaupplýsinga af hálfu stjórnsýsluaðila á öllum sviðum slíkra aðila. Því gilda þær takmarkanir og verndarráðstafanir, sem lýst er í 2. mgr. b-liðar 1. liðar A-liðar II. þáttar, einnig um varðveislu, geymslu, notkun o.s.frv. persónuauðkennaupplýsinga á sviði þjóðaröryggis.

([28]) Framkvæmd þessa er á hendi leyniþjónustu- og rannsóknarskrifstofu ríkisstjórnarinnar á grundvelli 4. gr. fyrirmæla um stofnun stjórnarskrifstofunnar.

([29]) Þetta nær einnig yfir „söfnun og rannsóknir á vitneskju varðandi mikilvægar stefnur ríkisstjórnarinnar“.

([30]) Öryggislögreglan ber ábyrgð á starfsemi á sviði eftirlits með afbrotum sem varðar almannaöryggi og þjóðarhagsmuni. Þetta nær yfir eftirlit með afbrotum og upplýsingaöflun um ólöglega starfsemi sem tengist öfgasinnuðum vinstrihópum, hægrihópum og skaðlegri starfsemi sem beinist gegn Japan.

2) Sértækar takmarkanir sem gilda um lögregluna (bæði ríkislögregluna og héraðslögregluna)

Eins og tilgreint er hér að framan í þeim hluta sem tekur á söfnun upplýsinga í þeim tilgangi að framfylgja lögum getur lögreglan einungis safnað upplýsingum innan valdsviðs síns og þegar hún gerir það getur hún, skv. 2. mgr. 2. gr. lögreglulaga, einungis starfað að því marki sem "einskorðast við“ framkvæmd skyldustarfa hennar og með „óhlutdrægum, fordómalausum og sanngjörnum“ hætti. Enn fremur „skal hún aldrei misnota vald sitt á nokkurn þann hátt að skerði réttindi og frelsi einstaklings sem tryggð eru í stjórnarskrá Japans“.

3) Sértækar takmarkanir sem gilda um varnarmálaráðuneytið

Bæði í 3. gr. laganna um varnir gegn undirróðri og 3. gr. laganna um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljanakennd fjöldamorð er kveðið á um að rannsóknir, sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum þessum, skuli einungis fara fram að því lágmarki sem nauðsynlegt er til að ná þeim tilgangi sem stefnt er að og skulu ekki framkvæmdar þannig að hamli grundvallarmannréttindum með ósanngjörnum hætti. Samkvæmt 45. gr. laganna um varnir gegn undirróðri og 42. gr. laganna um eftirlit með samtökum sem hafa framið tilviljanakennd fjöldamorð telst misnotkun fulltrúa leyniþjónustunnar á valdi sínu enn fremur vera refsivert brot og liggja við því þyngri viðurlög en við „almennri“ misnotkun valds á öðrum sviðum í opinbera geiranum.

4) Sértækar takmarkanir sem gilda um varnarmálaráðuneytið

Að því er varðar söfnun/niðurröðun upplýsinga af hálfu varnarmálaráðuneytisins, eins og um getur í 4. gr. laganna um stofnun varnarmálaráðuneytis, er starf þessa ráðuneytis við upplýsingasöfnun takmarkað við það sem er „nauðsynlegt“ til að það geti sinnt skyldum sínum varðandi 1) varnir og gæslu, 2) aðgerðir sem varnarher skal grípa til 3) skipulag, starfsmannafjölda, aðstöðu og búnað varnarhers á landi, sjó og í lofti og sendingu hans á vettvang.

b) Aðrar takmarkanir

Eins og útskýrt er hér að framan í 1. mgr. b-liðar 2. liðar A-liðar II. þáttar varðandi rannsóknir sakamála leiðir af dómaframkvæmd Hæstaréttar að til þess að mega beina beiðni um samstarf af frjálsum vilja til rekstraraðila verður slík beiðni að vera nauðsynleg vegna rannsóknar á ætluðu broti og vera hófleg til þess að ná fram tilgangi með rannsókninni.

Þrátt fyrir að rannsóknir rannsóknaryfirvalda á sviði þjóðaröryggis séu frábrugðnar rannsóknum rannsóknaryfirvalda á sviði löggæslu, bæði að því er varðar lagagrundvöll og tilgang, gilda meginreglurnar um „nauðsyn rannsóknar“ og „tilhlýðilega aðferð“ á sama hátt á sviði þjóðaröryggis og ber að hlíta þeim þar sem tekið er viðeigandi tillit til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki.

Samanlagt tryggja takmarkanir hér að framan að söfnun og vinnsla upplýsinga fari aðeins fram að því marki sem þurfa þykir til að lögbært opinbert yfirvald geti sinnt skyldustörfum sínum og einnig á grundvelli sérstakra ógnana. Þetta útilokar fjöldasöfnun og tilviljanakennda söfnun eða aðgang að persónuauðkennaupplýsingum af ástæðum er varða þjóðaröryggi.

B. Eftirlit

1) Eftirlit á grundvelli laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila

Eins og útskýrt er hér að framan í 2. mgr. b-liðar II. þáttar hefur ráðherra eða yfirmaður hvers ráðuneytis eða stofnunar í opinbera geiranum í Japan vald til að hafa eftirlit með og framfylgja því að lögunum um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila sé fylgt í ráðuneyti eða stofnun hans. Enn fremur er ráðherra innanríkis- og fjarskiptamála heimilt að rannsaka hvernig framfylgd laganna stendur, óska eftir því að hver ráðherra leggi fram efni og útskýringar á grundvelli 49. og 50. gr. laganna og beina áliti sínu til sérhvers ráðherra á grundvelli 51. gr. laganna. Sem dæmi getur hann, með þeim aðgerðum sem hann getur gripið til skv. 50. og 51. gr. laganna, óskað eftir endurskoðun á ráðstöfunum.

2) Eftirlit með lögreglu af hálfu nefndanna um almannaöryggi

Eins og útskýrt er í „II. Upplýsingar sem safnað er í þeim tilgangi að framfylgja löggjöf á sviði refsiréttar“, fara sjálfstæðar héraðsnefndir um almannaöryggi með eftirlit með starfsemi héraðslögreglunnar.

Að því er ríkislögregluna varðar er eftirlitshlutverkið í höndum landsnefndarinnar um almannaöryggi. Samkvæmt 5. gr. lögreglulaganna ber þessi nefnd einkum ábyrgð á „vernd réttinda og frelsis einstaklings“. Í því skyni skal hún einkum koma á heildstæðum stefnum þar sem fram koma reglur varðandi yfirstjórn þeirra mála sem lýst er í hverjum lið 4. mgr. 5. gr. lögreglulaganna og þar sem mælt er fyrir um aðrar grunnstefnur eða ráðstafanir sem nýta ætti til að inna af hendi fyrrnefnd störf. Landsnefndin um almannaöryggi nýtur sama sjálfstæðis og héraðsnefndirnar um almannaöryggi.

3) Eftirlit með varnarmálaráðuneytinu af hálfu skrifstofu yfireftirlitsmanns lagaframkvæmdar

Skrifstofa yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar er sjálfstæð skrifstofa innan varnarmálaráðuneytisins, sem er undir beinni stjórn varnarmálaráðherra skv. 29. gr. laganna um stofnun varnarmálaráðuneytis. Skrifstofa yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar getur framkvæmt úttektir á því hvort opinberir starfsmenn varnarmálaráðuneytisins fari að lögum og reglum. Þessar úttektir eru nefndar „varnarmálaúttektir“.

Skrifstofa yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar framkvæmir úttektir frá sjónarhóli sjálfstæðrar skrifstofu til að tryggja að lögum sé fylgt í öllu ráðuneytinu og þ.m.t. af hálfu varnarhers. Hún sinnir störfum sínum óháð rekstrardeildum varnarmálaráðuneytisins. Í kjölfar úttektar gefur skrifstofa yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar varnarmálaráðherra tafarlaust skýrslu, með beinum hætti, um niðurstöður sínar ásamt nauðsynlegum ráðstöfunum til úrbóta. Á grundvelli skýrslu skrifstofu yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar getur varnarmálaráðherra gefið skipun um nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á aðstæðum. Vararáðherra ber ábyrgð á framkvæmd þessara ráðstafana og skal gefa varnarmálaráðherra skýrslu um stöðu slíkrar framkvæmdar.

Í þágu gagnsæis að eigin frumkvæði ráðuneytisins eru niðurstöður varnarmálaúttekta nú birtar á vefsetri varnarmálaráðuneytisins (þótt þess sé ekki krafist samkvæmt lögum).

Fyrir hendi eru þrír flokkar varnarmálaúttekta:

i. reglubundnar varnarmálaúttektir sem eru framkvæmdar með reglulegu millibili ([31]),

ii. varnamálaúttektir vegna athugana sem eru framkvæmdar til að athuga hvort skilvirkar ráðstafanir til úrbóta hafi verið gerðar og

iii. sérstakar varnarmálaúttektir sem framkvæmdar eru í tilteknum málum að beiðni varnarmálaráðherra.

Í tengslum við slíkar úttektir getur skrifstofa yfireftirlitsmanns lagaframkvæmdar farið fram á skýrslur frá viðkomandi skrifstofu, framlagningu skjala, farið á staðinn til að framkvæma úttektina, krafist skýringa frá vararáðherra o.s.frv. Með tilliti til eðlis úttektarverkefna skrifstofu yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar er skrifstofunni stýrt af háttsettum sérfræðingum í lögum (áður yfirsaksóknarar).

4) Eftirlit með leyniþjónustunni

Leyniþjónustan annast bæði reglubundnar og sérstakar úttektir á starfsemi hverrar skrifstofu sinnar og embætta (leyniþjónustuembættið, skrifstofur leyniþjónustunnar og undirskrifstofur o.s.frv.). Að því er reglubundnu úttektina varðar er aðstoðarforstjóri og/eða framkvæmdastjóri tilnefndur sem úttektaraðili. Slíkar úttektir varða einnig stjórnun persónuauðkennaupplýsinga.

5) Eftirlit japanska þingsins

Að því er upplýsingasöfnun í löggæslutilgangi varðar getur japanska þingið rannsakað, innan þar til bærrar nefndar, lögmæti upplýsingasöfnunar á sviði þjóðaröryggis. Rannsóknarheimildir japanska þingsins byggjast á 62. gr. stjórnarskrárinnar og 74. og 104. gr. þingskaparlaga japanska þingsins.

C. Einstaklingsbundnar úrlausnir

Leita má einstaklingsbundinna úrlausna eftir sömu leiðum og eiga við á sviði framfylgdar löggjafar á sviði refsiréttar. Þetta felur einnig í sér nýja fyrirkomulagið við úrlausnir, sem persónuverndarnefndin stjórnar og hefur eftirlit með, þar sem kvartanir einstaklinga í ESB eru meðhöndlaðar og leyst er úr þeim. Sjá í þessu tilliti viðeigandi kafla í C-hluta II. þáttar.

Að auki eru sértækar leiðir til einstaklingsbundinna úrlausna aðgengilegar á sviði þjóðaröryggis.

Persónuauðkennaupplýsingar sem stjórnsýsluaðili safnar í þágu þjóðaröryggis falla undir ákvæði 4. kafla laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila. Þetta felur í sér réttinn til að óska eftir afhendingu upplýsinga (12. gr.), leiðréttingu (þ.m.t. viðbót eða eyðingu) (27. gr.) varðveittra persónuauðkennaupplýsinga um einstakling, svo og réttinn til að

([31]) Sem dæmi um úttekt sem snýr að þeim atriðum sem falla undir þessa skýringu má vísa í reglubundnu varnarmálaúttektina frá 2016, með tilliti til „upplýsinga um/undirbúning þess að farið verði að lagaskilyrðum“, þar sem lögð var m.a. áhersla á vernd persónuauðkennaupplýsinga í úttektinni. Nánar tiltekið varðaði úttektin stjórnun, geymslu o.s.frv. á persónuauðkennaupplýsingum. Í skýrslu sinni greindi skrifstofa yfireftirlitsaðila lagaframkvæmdar marga óviðeigandi þætti í stjórnun persónuauðkennaupplýsinga sem þörfnuðust umbóta, m.a. þar sem gögnin vorum ekki varin með lykilorði. Skýrslan er aðgengileg á vefsetri varnarmálaráðuneytisins.

óska eftir fresti á notkun persónuauðkennaupplýsinga ef stjórnsýsluaðili hefur aflað viðkomandi upplýsinga með ólögmætum hætti (36. gr.). Að því sögðu er nýting slíks réttar, á sviði þjóðaröryggis, tilteknum takmörkunum háð: ekki verður orðið við beiðnum um afhendingu upplýsinga, leiðréttingu eða frestun ef þær varða „upplýsingar sem yfirmaður stjórnsýsluaðila hefur ástæðu til að ætla að myndu skaða þjóðaröryggi ef þær yrðu afhentar eða skaða tengsl við annað land eða alþjóðastofnun, sem byggð eru á gagnkvæmu trausti, eða valda óhagræði í samningaviðræðum við annað land eða alþjóðastofnun“ (iv. liður 14. gr.). Því fellur ekki öll valfrjáls upplýsingasöfnun í tengslum við þjóðaröryggi undir þessa undanþágu þar sem hið síðarnefnda krefst alltaf raunhæfs mats á þeirri áhættu sem fylgir afhendingu þeirra.

Enn fremur getur einstaklingurinn, ef beiðni hans er synjað á grundvelli þess að viðkomandi upplýsingar teljist ekki hæfar til afhendingar í skilningi iv. liðar 14. gr., lagt fram stjórnsýslukæru til endurskoðunar á slíkri ákvörðun, t.d. með þeim rökum að skilyrðin sem sett eru fram í iv. lið 14. gr. hafi ekki verið uppfyllt í viðkomandi máli. Í því tilviki skal yfirmaður viðkomandi stjórnsýsluaðila hafa samráð við endurskoðunarnefndina á sviði afhendingar upplýsinga og verndar persónuauðkenna-upplýsinga áður en hann tekur ákvörðun. Þessi nefnd mun taka kæruna til sjálfstæðrar meðferðar. Nefndin er afar sérhæfð og sjálfstæð stofnun og í henni eiga sæti fulltrúar sem forsætisráðherra hefur skipað, með samþykki beggja deilda japanska þingsins, ásamt fólki með afburðasérþekkingu ([32]). Nefndin hefur ríkar rannsóknarheimildir, m.a. möguleika á að óska eftir gögnum og afhendingu viðkomandi persónuauðkennaupplýsinga, fjalla um málið fyrir luktum dyrum og beita Vaughn-skráningaraðferðinni ([33]). Nefndin leggur því næst fram skriflega skýrslu sem viðkomandi einstaklingur fær senda ([34]). Niðurstöður þeirrar skýrslu eru gerðar opinberar. Þótt skýrslan sé formlega séð ekki lagalega bindandi fer hlutaðeigandi stjórnsýsluaðili eftir nánast öllum skýrslum ([35]).

Að lokum getur einstaklingurinn, skv. 3. mgr. 3 gr. laganna um höfðun stjórnsýslumála, höfðað dómsmál til að fá hnekkt þeirri ákvörðun stjórnsýsluaðila að afhenda ekki persónuauðkennaupplýsingarnar.

IV. **Reglubundin endurskoðun**

Við reglubundna endurskoðun á ákvörðun um fullnægjandi vernd munu persónuverndarnefndin og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skiptast á upplýsingum um vinnslu gagna samkvæmt skilyrðum ákvörðunarinnar um fullnægjandi vernd, þ.m.t. þeim sem sett eru fram í þessari skýringu.

———————

([32]) Sjá 4. gr. laganna um stofnun endurskoðunarnefndar á sviði afhendingar upplýsinga og verndar persónuauðkennaupplýsinga.

([33]) Sjá 9. gr. laganna um stofnun endurskoðunarnefndar á sviði afhendingar upplýsinga og verndar persónuauðkennaupplýsinga.

([34]) Sjá 16. gr. laganna um stofnun endurskoðunarnefndar á sviði afhendingar upplýsinga og verndar persónuauðkennaupplýsinga.

([35]) Á síðustu þremur árum hafa ekki verið nein fordæmi fyrir því að hlutaðeigandi stjórnsýsluaðili taki ákvörðun sem stangast á við niðurstöður nefndarinnar. Ef farið er lengra aftur í tímann eru afar fá dæmi um þetta: einungis tvö tilvik af samtals 2000 málum frá árinu 2005 (árið sem lögin um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila öðluðust gildi). Þegar stjórnsýsluaðili tekur ákvörðun sem stangast á við niðurstöður nefndarinnar skal hann, skv. 4. lið 1. mgr. 50. gr. laga um stjórnsýslukærur, eins og honum er beitt í stað 2. mgr. 42. gr. laganna um vernd persónuauðkennaupplýsinga í vörslu stjórnsýsluaðila, tilgreina með skýrum hætti ástæðurnar fyrir því.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2021/2316 **2025/EES/10/02**

frá 22. desember 2021

um Evrópuár æskunnar (2022) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 165. gr. og 4. mgr. 166. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 165. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) er kveðið á um að aðgerðir Sambandsins skuli m.a. miða að því að hvetja ungt fólk til þátttöku í lýðræðislegu starfi í Evrópu.

2) Í Bratislava-vegvísinum frá 16. september 2016 skuldbundu 27 þjóðhöfðingjar eða leiðtogar ríkisstjórna sig til að „veita æskunni betri tækifæri“, einkum með því að Sambandið veitti styrk til aðildarríkja til að berjast gegn atvinnuleysi ungmenna og styrkja áætlanir Sambandsins sem tileinkaðar eru ungmennum.

3) Í Rómaryfirlýsingunni frá 25. mars 2017 hétu leiðtogar aðildarríkjanna 27 og Evrópuráðsins, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar því að vinna að „Sambandi þar sem ungt fólk öðlast bestu menntun og þjálfun og getur stundað nám og starfað víðsvegar um álfuna“.

4) Í æskulýðsáætlun Evrópusambandsins 2019–2027, sem byggð er á ályktun ráðsins frá 26. nóvember 2018 ([3]), er viðurkennt að ungt fólk mótar eigið líf, stuðlar að jákvæðum breytingum í samfélaginu og bætir metnað Sambandsins. Þar er einnig viðurkennt að stefna í æskulýðsmálum getur stuðlað að því að skapa rými þar sem ungt fólk getur gripið tækifæri og samsamað sig gildum Sambandsins. Dýrmæt reynsla hefur gefist af fyrri Evrópuárum, s.s. Evrópsku járnbrautarári 2021, Evrópuári menningararfsins 2018, Evrópuári borgara árin 2013–2014 og Evrópuári sjálfboðaliða 2011, sem ætti að styðja framtíðarviðleitni við að virkja og valdefla ungt fólk við að móta framtíð sína og framtíð Evrópu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 462, 28.12.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2022 frá 23. september 2022 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 31, 20.4.2023, bls. 77.

([1]) Álit frá 8. desember 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. desember 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. desember 2021.

([3]) Stjtíð. ESB C 456, 18.12.2018, bls. 1.

5) NextGenerationEU, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/241 ([4]), tryggir að græn og stafræn umskipti gangi hratt fyrir sig og gefur möguleika á því að koma í sameiningu sterkari undan COVID-19-heimsfaraldrinum. NextGenerationEU opnar að nýju heim fullan af tækifærum fyrir ungt fólk, þar á meðal gæðastörf og hvernig það lagar sig að breytingum í samfélaginu. Markmið Sambandsins er að virkja ungt fólk til að taka fullan þátt í útbreiðslu NextGenerationEU og auka þannig hlutverk þess í grænu og stafrænu umskiptunum.

6) Forseti framkvæmdastjórnarinnar tilkynnti í stefnuræðu sinni, sem flutt var 15. september 2021, að framkvæmdastjórnin mundi leggja til að 2022 yrði Evrópuár æskunnar („Evrópuárið“). Forseti framkvæmdastjórnarinnar lagði áherslu trú sína á framtíð Evrópu þar sem ungt fólk veitir innblástur og bætti við að „ef við ætlum að laga Sambandið okkar að ungu fólki verður því að vera mögulegt að móta framtíð Evrópu“. Evrópa þarfnast sýnar alls ungs fólks, aðkomu þess og þátttöku til að byggja upp betri framtíð og hún verður að gefa ungu fólki möguleika fyrir framtíðina, framtíð sem er grænni, stafrænni og meira inngildandi. Þess vegna lagði forsetinn til „ár tileinkað valdeflingu þeirra sem hafa gefið öðrum svo mikið“.

7) Evrópuárið ætti að vekja okkur til umhugsunar um framtíð ungmenna og virka þátttöku þeirra í uppbyggingu framtíðar Evrópu. Þess vegna ætti að fella stefnu í æskulýðsmálum inn í allar viðeigandi stefnur Sambandsins.

8) Virk þátttaka ungs fólks í lýðræðislegum ferlum skiptir sköpum fyrir nútíð og framtíð Evrópu og lýðræðissamfélög hennar. Í samræmi við ályktanir ráðsins frá 1. desember 2020 um að efla lýðræðisvitund og lýðræðislega þátttöku ungs fólks í Evrópu ([5]) og frá 21. júní 2021 um að styrkja fjölþrepa stjórnun til að auka þátttöku ungs fólks í ákvörðunarferlum ([6]), orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. desember 2020 um aðgerðaáætlun fyrir evrópskt lýðræði og ályktun Evrópuþingsins frá 11. nóvember 2015 um endurbætur kosningalaga Evrópusambandsins ([7]), miðar Evrópuárið að því að styðja við virka þátttöku ungs fólks í lýðræðislegu starfi í Evrópu, m.a. með því að styðja við starfsemi sem miðar að virkri þátttöku ungs fólks með ólíkan bakgrunn á ýmsum vettvangi, svo sem ráðstefnu um framtíð Evrópu, eflingu borgaralegrar þátttöku og sjálfboðaliðastarfi og auka þannig vitund um gildi Sambandsins og grundvallarréttindi og evrópska sögu og menningu, leiða saman ungt fólk og aðila sem taka ákvarðanir á staðar-, svæðis- og landsvísu og á vettvangi Sambandsins og stuðla að samrunanum í Evrópu.

9) Í ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 25. september 2015 sem ber yfirskriftina „Umbreyting heimsins: Áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030“ („áætlun 2030“) var mikilvægi hlutverks ungs fólks sem breytingaafls á alþjóðavettvangi viðurkennt og fullyrt að styðja þyrfti ungt fólk „til að beina takmarkalausri getu sinni til aðgerða að því að skapa betri heim“. Evrópuárið er raunverulegt framlag til áætlunar 2030, sem leggur áherslu á að „börn og ungar konur og menn eru mikilvægir fulltrúar breytinga“ og ætti að vera enn frekari hvati fyrir framkvæmd áætlunar 2030, leiðina að sjálfbærri þróun og getu ungs fólks til að móta nútíð og framtíð, ekki einungis í Sambandinu heldur einnig í samstarfslöndum Sambandsins og á plánetunni okkar í heild.

10) Í samræmi við ályktanir ráðsins frá 5. júní 2020 um ungmenni í ytri aðgerðum þar sem áhersla var lögð á framlag ungra kynslóða við að byggja upp sterkari, lögmætari, friðsamari og lýðræðislegri samfélög ætti Evrópuárið að stuðla að aukinni þátttöku ungmenna í ytri aðgerðum Sambandsins þvert á allar stefnur, skapa ný tækifæri til menntunar, náms og skiptináms, þróa samstarf og umræður milli ungs fólks frá Sambandinu og samstarfslöndum, þ.m.t. samstarf til austurs, á vesturhluta Balkanskaga og við nágrannalöndin til suðurs, til að nýta þann vettvang sem til er fyrir samtal við ungmenni, samstarf eins og Samstarfsmiðstöð ungmenna í Afríkusambandinu og ESB (e. „AU-EU Youth Cooperation Hub“) og samráðsvettvang ungmenna í Sambandinu (e. „Union's Youth Sounding Board“) og auka hlutdeild þátttöku ungmenna í stefnumótandi samskiptum og opinberum diplómatískum aðgerðum.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/241 frá 12. febrúar 2021 um að koma á fót Endurreisnar- og viðnámssjóðnum (Stjtíð. ESB L 57, 18.2.2021, bls. 17).
([5]) Stjtíð. ESB C 415, 1.12.2020, bls. 16.
([6]) Stjtíð. ESB C 241, 21.6.2021, bls. 3.
([7]) Stjtíð. ESB C 366, 27.10.2017, bls. 7.

11) Evrópsku æskulýðsmarkmiðin, sem eru óaðskiljanlegur hluti af æskulýðsáætlun Evrópusambandsins 2019–2027 og ungt fólk hefur þróað til góða fyrir ungt fólk að því er varðar samtal við ungmenni, eru vitnisburður um ákafa margra ungra Evrópubúa í að taka þátt í að skilgreina í hvaða átt þróun Sambandsins ætti að fara.

12) Evrópuárið ætti að ýta undir árangursríka framkvæmd 1. meginreglu Evrópustoðar félagslegra réttinda ([8]), sem beinir athyglinni að því að „allir hafa rétt á inngildandi menntun af miklum gæðum, þjálfun og námi alla ævi“. Í því samhengi ætti Evrópuárið að ýta undir merkjanlega framför í áttina að því að koma í framkvæmd, fyrir árið 2025, evrópsku menntunarsvæði, sem miðar að því að örva ungt fólk í persónulegum, félagslegum og faglegum þroska og hlúa að borgaravitund með því að skapa raunverulegt evrópskt svæði til náms og ryðja úr vegi hindrunum fyrir sjálfvirkri, gagnkvæmri viðurkenningu prófgráða, staðfestingu á menntun og hæfi og námstíma í Sambandinu. Evrópuárið ætti að huga að félagslegri stöðu og velferð ungs fólks. Evrópuárið ætti að stuðla að árangursríkri framkvæmd 3. meginreglu Evrópustoðar félagslegra réttinda, sem beinir athyglinni að því að „allir hafa rétt á jafnri meðferð og tækifærum varðandi atvinnu, félagslega vernd, menntun og aðgengi að vörum og þjónustu sem almenningi stendur til boða“.

13) Evrópuárið ætti að styðja viðleitni Sambandsins til að auka atvinnutækifæri ungs fólks sem hluta af endurbótaáætluninni í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins eins og kemur fram í ályktun Evrópuþingsins frá 8. október 2020 um atvinnutryggingu fyrir unga fólkið (Youth Guarantee) ([9]), þar sem lögð var áhersla á að ráðstafanir varðandi útgöngubann hefðu orsakað skyndilega truflun á formlegri og óformlegri menntun ungs fólks, svo og á óformlegu námi, starfsþjálfun, starfsnámi, samningsbundnu námi og störfum, og hefði haft áhrif á tekjur ungs fólks, tekjumöguleika og velferð, þ.m.t. heilsu þess og einkum andlega heilsu. Bæði í þeirri ályktun og ályktun sinni frá 17. desember 2020 um félagslega sterka Evrópu fyrir réttlát umskipti ([10]), fordæmdi Evrópuþingið ástundun ólaunaðs starfsnáms þegar það tengist ekki öflun menntunar og hæfis, sem túlka má sem misnotkun á ungu launafólki í gróðaskyni og brot á réttindum þeirra. Í ályktun sinni frá 17. desember 2020 hvatti Evrópuþingið framkvæmdastjórnina til að setja lagaramma fyrir skilvirkt og framfylgjanlegt bann við slíku ólaunuðu starfsnámi, starfsþjálfun og samningsbundnu námi.

14) Evrópuárið ætti að vera enn frekari hvati fyrir sköpun atvinnutækifæra af miklum gæðum fyrir ungmenni með framtaksverkefninu um stuðning við atvinnumál ungmenna, þ.m.t. með tilmælum ráðsins frá 30. október 2020 um að styrkja atvinnutryggingu fyrir ungmenni ([11]) og nýja framtaksverkefninu stefnið að, lærið, fullkomnið, öðlist (Aim, Learn, Master, Achieve (ALMA)) sem framkvæmdastjórnin hefur lagt til að verði komið í framkvæmd innan ramma Félagsmálasjóðs Evrópu Plús (ESF+) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1057 ([12]). ALMA-framtaksverkefnið ætti að vera hreyfanleikaáætlun fyrir ungmenni þvert á landamæri fyrir illa sett fólk sem hefur ekki atvinnu, menntun eða þjálfun.

15) Evrópuárið ætti að stuðla að viðurkenningu á æskulýðsstarfi og markmiðum ályktunar ráðsins frá 1. desember 2020 um ramma til að koma á fót áætlun fyrir æskulýðsstarf í Evrópu ([13]) („evrópska áætlunin fyrir æskulýðsstarf“) og Bonn-ferlið, og þar með stuðla að því að styrkja skipulag æskulýðsstarfs í því skyni að gera það sjálfbært og auka viðnámsþrótt þess í öllu Sambandinu, ásamt því að styrkja samstarf yfir landamæri. Evrópuárið ætti einnig að stuðla að fullgildingu hæfni sem fæst með óformlegu og formlausu námi, þ.m.t. í æskulýðsstarfi, og viðurkenna jafnframt mikið gildi náms í æskulýðsstarfi samhliða formlegri menntun og þörfina á að styrkja samstarf æskulýðsstarfs og formlegrar menntunar.

([8]) Stjtíð. ESB C 428, 13.12.2017, bls. 10.
([9]) Stjtíð. ESB C 395, 29.9.2021, bls. 101.
([10]) Stjtíð. ESB C 445, 29.10.2021, bls. 75.
([11]) Tilmæli ráðsins frá 30. október 2020 um brú að störfum – styrking atvinnutryggingar fyrir unga fólkið og kemur í stað tilmæla ráðsins frá 22. apríl 2013 um að setja á fót atvinnutryggingu fyrir unga fólkið (Stjtíð. ESB C 372, 4.11.2020, bls. 1).
([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1057 frá 24. júní 2021 um að koma á fót Félagsmálasjóði Evrópu Plús (ESF+) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 1296/2013 (Stjtíð. ESB L 231, 30.6.2021, bls. 21).
([13]) Stjtíð. ESB C 415, 1.12.2020, bls. 1.

16) Í ályktun sinni frá 10. febrúar 2021 um áhrif COVID-19 á ungmenni og íþróttaiðkun ([14]) lagði Evrópuþingið áherslu á sérstaklega alvarleg áhrif sem COVID-19-heimsfaraldurinn hefur haft á ungt fólk sem er ekki að mennta sig, í atvinnu eða starfsþjálfun og beindi athyglinni að þörfinni á að takast á við vandamálin sem ungt fólk í viðkvæmum hópum stendur frammi fyrir, þ.m.t. ungt fólk með fötlun. Það tók einnig fram að atvinnuleysi og fátækt hefði aukist stöðugt síðan COVID-19-heimsfaraldurinn braust út og hvatti framkvæmdastjórnina og aðildarríkin til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vinna gegn hrikalegum afleiðingunum á atvinnumál ungmenna. Það minnti líka á hlutverk sjálfboðaliða við að þróa lífsleikni og atvinnufærni fyrir ungt fólk og velti því upp hvort Evrópska samstöðusveitin, sem sett var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/888 ([15]), gæti aðstoðað ungt fólk við að opna á tækifæri umfram nærsamfélög sín.

17) COVID-19-heimsfaraldurinn hefur haft djúp félagsleg og efnahagsleg áhrif á samfélag okkar í heild og hefur leitt til fordæmalausrar aukningar á geðrænum vandamálum, einkum meðal ungs fólks. Þess vegna ætti Evrópuárið að stuðla að umræðu og þróun sjálfbærra lausna, þ.m.t. forvarnaraðgerða, til að hjálpa til við að takast á við þessar áskoranir.

18) Evrópuárið ætti að stuðla að því að hrint verði í framkvæmd evrópsku áætluninni fyrir æskulýðsstarf og ályktunum ráðsins frá 5. júní 2019 um ungt fólk og framtíð starfa ([16]), frá 10. desember 2019 um stafrænt æskulýðsstarf ([17]) og frá 7. desember 2017 um snjallt æskulýðsstarf ([18]).

19) Í ljósi mikilvægis þess að takast á við loftslags- og náttúruvá í samræmi við skuldbindingar Sambandsins um að innleiða Parísarsamninginn, sem samþykktur var samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ([19]) (Parísarsamningurinn), og til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og evrópska samkomulagsins um þróunarsamvinnu, ætti Evrópuárið að stuðla að samþættingu loftslags- og náttúrutengdra aðgerða og framkvæmd markmiðanna sem sett voru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019, sem ber yfirskriftina „Grænt samkomulag í Evrópu“, á sanngjarnan og inngildandi hátt, Horizon Europe-leiðangranna, sem settir eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 ([20]) og Fær í 55% pakkans sem settur er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júlí 2021 og ber yfirskriftina „Fær í 55% pakkinn: afgreiðsla loftslagsmarkmiðs Evrópusambandsins 2023 á leiðinni til loftslagshlutleysis“, einkum með því að hvetja ungt fólk til að móta sín eigin framtaksverkefni og skapandi hugmyndir um hvernig ná má viðeigandi markmiðum og þar með viðurkenna sköpunarhæfni og nýsköpunargetu ungs fólks.

20) Evrópuárið ætti að vera enn frekari hvati fyrir ályktun Evrópuþingsins frá 15. september 2020 um árangursríkar ráðstafanir til að gera Erasmus+, áætlunina um Skapandi Evrópu (e. Creative Europe) og Evrópsku samstöðusveitina „grænni“ ([21]), þar sem lögð var áhersla á að með stuðningi sínum við formlega og óformlega menntun, nám og starfsþjálfun og starfsemi, sem ungmenni geta tekið þátt í, skiptir Erasmus+ sköpum fyrir vitundarvakningu meðal Evrópubúa, einkum ungra kynslóða, til að hvetja þá til að taka virka og upplýsta afstöðu til sjálfbærni og viðkomandi stefna og verða virkir og meðvitaðir framtíðarborgarar. Evrópuþingið beindi einnig í þeirri ályktun athyglinni að veigamiklu hlutverki æskulýðssamtaka og borgaralegra samtaka í þeim efnum við að deila bestu starfsvenjum og framkvæma verkefni sem auka vitundarvakningu yngri kynslóða um sjálfbærni.

([14]) Stjtíð. ESB C 465, 17.11.2021, bls. 82.
([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/888 frá 20. maí 2021 um að koma á fót áætlun um Evrópsku samstöðusveitina (e. European Solidarity Corps Programme) og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) 2018/1475 og (ESB) nr. 275/2014 (Stjtíð. ESB L 202, 8.6.2021, bls. 32).
([16]) Stjtíð. ESB C 189, 5.6.2019, bls. 28.
([17]) Stjtíð. ESB C 414, 10.12.2019, bls. 2.
([18]) Stjtíð. ESB C 418, 7.12.2017, bls. 2.
([19]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.
([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 frá 28. apríl 2021 um að koma á fót Horizon Europe – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, um reglur hennar um þátttöku og miðlun og um niðurfellingu reglugerða (ESB) nr. 1290/2013 og (ESB) nr. 1291/2013 (Stjtíð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 1).
([21]) Stjtíð. ESB C 385, 22.9.2021, bls. 2.

21) Evrópuárið ætti að byggjast á og leita samlegðaráhrifa við viðburði og framtaksverkefni í Evrópu, s.s. Evrópska æskulýðsviðburðinn, Evrópsku æskulýðsvikuna, evrópsku æskulýðshöfuðborgina, menningarhöfuðborg Evrópu, Evrópudaginn og Dagar evrópskrar arfleifðar, ásamt herferð Evrópuráðsins „Ungmenni fyrir lýðræði, lýðræði fyrir ungmenni“.

22) Í stefnuræðu sinni lagði forseti framkvæmdastjórnarinnar áherslu á að „Evrópa þarfnaðist allra sinna ungmenna“. Í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1877 ([22]) ætti Evrópuárið á leið sinni til að uppfylla markmið sín að vera fyllilega inngildandi og á virkan hátt stuðla að þátttöku ungs fólks með ólíkan bakgrunn, ungs fólks sem hefur færri tækifæri og ungs fólks frá ytri svæðunum.

23) Mikilvægt er að Evrópuárið stuðli að auknum áhuga og virkri þátttöku ungs fólks í lýðræðislegu starfi og kosningaferli, einkum á vettvangi Sambandsins. Samkvæmt könnun Evrópuþingsins á viðhorfum almennings í Evrópu (Eurobarometer) eftir kosningar árið 2019 var kosningaþátttaka ungs fólks í þeim kosningum mun meiri (42%) en í kosningum til Evrópuþingsins árið 2014 (28%). Hvetja ætti enn frekar til kosningaþátttöku ungs fólks.

24) Evrópuárið á traustar rætur í meginreglunum sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallar réttindi („sáttmálinn“). Einkum reynir Evrópuárið með aðgerðum sínum og starfsemi að tryggja fullkomið kynjajafnrétti og bann við mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernislegs uppruna, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar, og að stuðla að beitingu sáttmálans. Í stefnu ESB um réttindi barnsins, sem sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 2021 og ber yfirskriftina „Stefnuáætlun ESB um réttindi barnsins“, og Evrópuábyrgð fyrir börn, sem komið var á fót með tilmælum ráðsins (ESB) 2021/1004 ([23]), er settur nýr mælikvarði í fyrirsvari barna og táninga og þar eru börn og ungt fólk viðurkennd sem virkir borgarar og fulltrúar breytinga.

25) Til að tryggja skilvirka og áhrifaríka framkvæmd Evrópuársins ætti það að nýta að fullu þær aðferðir sem þegar eru fyrir hendi. Til að nýta sem best aukið vægi Evrópuársins og hafa auk þess jákvæð áhrif á ungt fólk ætti að leita samlegðaráhrifa og samstillingar og einkum milli Evrópuársins og áætlana Sambandsins, þ.m.t. áætlanir með alþjóðlega útbreiðslu sem einkum beinist að ungu fólki og áætlanir sem eru ekki þverþjóðlegar eða alþjóðlegar í eðli sínu, einkum áætlanir sem tengjast menntun og þjálfun, íþróttum, menningu og fjölmiðlun, ungmennum og heilbrigði þeirra, þ.m.t. andleg heilsa, svo og samstöðu, sjálfboðaliðastarfi, atvinnumálum og félagslegri inngildingu, rannsóknum og nýsköpun, iðnaði og fyrirtækjum, stafrænni stefnu, landbúnaði og dreifbýlisþróun, þar sem í þessum áætlunum er lögð áhersla á unga bændur, umhverfismál og loftslag, samheldnistefnu, fólksflutninga, öryggi og alþjóðasamstarf og þróun. Einnig ætti að leita samlegðaráhrifa og samstillingar milli Evrópuársins og starfsemi sem aðildarríkin ráðast í. Samlegðaráhrif og samstilling ættu að byggja á slíkum áætlunum Sambandsins og starfsemi sem aðildarríkin ráðast í.

26) Með því að skapa umhverfi sem samtímis stuðlar að markmiðum Evrópuársins og á vettvangi Sambandsins og á lands-, svæðis- og staðarvísu má ná fram meiri samlegðaráhrifum og betri nýtingu úrræða. Að því er þetta varðar ætti framkvæmdastjórnin tímanlega að upplýsa og eiga náið samstarf við Evrópuþingið, ráðið, aðildarríkin, svæðanefndina, efnahags- og félagsmálanefndina og aðila og samtök sem starfa við æskulýðsmál á vettvangi Sambandsins. Til að tryggja að starfsemi sem er þróuð fyrir Evrópuárið hafi evrópska vídd er mikilvægt að hvetja aðildarríkin til samstarfs sín í milli.

27) Samræming Evrópuársins á vettvangi Sambandsins ætti að veita svigrúm til samsköpunar. Framkvæmdastjórnin ætti að kveðja saman, til sameiginlegra eða aðskilinna funda, hagsmunaaðila og fulltrúa samtaka eða aðila á sviði æskulýðsmála og landsbundna samræmingaraðila til að aðstoða við samsköpun og framkvæmd Evrópuársins á vettvangi Sambandsins. Samræmingaraðili æskulýðsstarfs í ESB ætti að gegna lykilhlutverki á þessum fundum og við að ná til ýmissa hagsmunaaðila og fulltrúa samtaka eða aðila á sviði æskulýðsmála.

([22]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1877 frá 22. október 2021 um ramma ráðstafana til að gera áætlanirnar Erasmus+ og Evrópsku samstöðusveitina 2021–2027 aðgengilegar fyrir alla (Stjtíð. ESB L 378, 26.10.2021, bls. 15).

([23]) Tilmæli ráðsins (ESB) 2021/1004 frá 14. júní 2021 um að koma á fót Evrópuábyrgð fyrir börn (Stjtíð. ESB L 223, 22.6.2021, bls. 14).

28) Evrópuárið ætti einnig að leggja áherslu á aðgerðir og starfsemi með mögulegan evrópskan virðisauka. Túlka ber hugtakið „evrópskur virðisauki“ í víðum skilningi og má sýna fram á hann eftir mismunandi leiðum, s.s. þar sem aðgerðir eða starfsemi er þverþjóðleg í eðli sínu, einkum með tilliti til samstarfs sem miðar að því að ná varanlegum kerfislægum áhrifum eða stuðla að evrópskri samkennd hjá ungu fólki, aukinni vitund og eignarhaldi á gildum Sambandsins og grundvallarréttindum, þ.m.t. kynjajafnrétti og getu til að taka þátt í fulltrúa- og þátttökulýðræði Sambandsins.

29) Evrópuárið ætti að stuðla að útbreiðslu góðra starfsvenja, framkvæmd kannana og rannsókna og söfnun gagna, tölfræðilegra upplýsinga og annarra eigindlegra eða megindlegra upplýsinga um stöðu ungs fólks í Sambandinu, þ.m.t. áhrif COVID-19-heimsfaraldursins, með því að nota heimildir eins og Youth Wiki, ESB-skýrsluna um ungmenni og framfarastuðul ungmenna (e. Youth Progress Index).

30) Á vettvangi Sambandsins ætti nauðsynleg fjárúthlutun vegna framkvæmdar þessarar ákvörðunar að vera tilgreind innan fjárhagsrammans til margra ára vegna 2021–2027. Fjárveiting til framkvæmdar þessarar ákvörðunar ætti að vera 8 milljónir evra að lágmarki. Viðbótarfjárstuðningur við Evrópuárið ætti að koma úr viðeigandi áætlunum og gerningum Sambandsins, með fyrirvara um að fjármagn sé fyrir hendi, og í samræmi við gildandi reglur. Fjármögnun Evrópuársins ætti ekki að vera fjármögnun verkefna yfirstandandi áætlana innan Sambandsins í óhag og ætti að miða að því að tryggja varanlega arfleifð Evrópuársins fram yfir 2022. Með fyrirvara um heimildir fjárveitingavaldsins og í samræmi við 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) ætti að tilgreina fjármögnun þeirrar arfleifðar innan fjárhagsrammans til margra ára vegna 2021–2027.

31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna sem lagðar eru til, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.

32) Í ljósi áhrifanna sem COVID-19-heimsfaraldurinn hafði á ungt fólk og af hans sökum brýnnar þarfar á markmiði Evrópuársins um að heiðra, styðja og virkja ungt fólk eftir COVID-19-heimsfaraldurinn, er talið viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum, sem um getur í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið (TEU), sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

33) Vegna afleiðinganna af COVID-19-heimsfaraldrinum er tímanleg beiting þessarar ákvörðunar í þeim tilgangi að tryggja fljóta framkvæmd Evrópuársins nauðsynleg. Þessi ákvörðun ætti að öðlast gildi sem fyrst daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og ætti að gilda frá 1. janúar 2022.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Árið 2022 skal vera „Evrópuár æskunnar“ (hér á eftir nefnt „Evrópuárið“).

2. gr.

Markmið

Í samræmi við markmið æskulýðsáætlunar Evrópusambandsins 2019–2027 og evrópsku æskulýðsmarkmiðin, eins og þau eru skilgreind í æskulýðsáætlun Evrópusambandsins 2019–2027 og viðauka 3 við hana, sem hafa þverfaglega nálgun og miða að því að tryggja að tekið sé nægilegt tillit til hagsmuna og þarfa ungs fólk í pólitískum aðgerðum á öllum stigum, skal

heildarmarkmið Evrópuársins vera að ýta undir viðleitni Sambandsins, aðildarríkjanna og svæðis- og staðaryfirvalda, ásamt borgarasamfélaginu, til að valdefla, heiðra, styðja og virkja ungt fólk, þ.m.t. það sem hefur færri tækifæri eftir COVID-19-heimsfaraldurinn, með það fyrir augum að hafa jákvæð áhrif til langs tíma á ungt fólk. Evrópuárið skal einkum leitast við að:

a) endurvekja jákvætt viðhorf gagnvart ungu fólki og beina kastljósinu sérstaklega að neikvæðum áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins á það, en leggja þó áherslu á það hvernig grænu umskiptin, stafrænu umskiptin og aðrar stefnur Sambandsins bjóða upp á tækifæri fyrir ungt fólk og þjóðfélagið í heild, sækja innblástur í aðgerðir, framtíðarsýn og innsæi ungs fólks til að styrkja og endurnæra sameiginleg evrópsk verkefni og hlusta á ungt fólk, taka tillit til þarfa þess og áhyggjuefna og styðja ungt fólk við að þróa raunveruleg og inngildandi tækifæri og niðurstöður og jafnframt nýta til fulls fjármögnunarleiðir Sambandsins til þess,

b) valdefla og styðja ungt fólk, þ.m.t. með æskulýðsstarfi, einkum ungt fólk sem hefur færri tækifæri, ungt fólk sem stendur höllum fæti og ungt fólk með ólíkan bakgrunn, ungt fólk sem tilheyrir viðkvæmum og jaðarsettum hópum, ungt fólk úr dreifbýli, frá fjarlægum, minna þróuðum svæðum og ungt fólk frá ystu svæðum, til að ná sér í viðeigandi þekkingu og hæfni og þannig verða virkir og öflugir borgarar sem eru drifkraftur breytinga, innblásnir af tilfinningu um að tilheyra Evrópu; frekari viðleitni til að byggja upp getu ungmenna til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og til borgaralegrar þátttöku meðal ungs fólks, sem og meðal allra hagsmunaaðila sem gæta hagsmuna þess og með því að hvetja til framlags ungs fólks af ólíkum bakgrunni í mikilvægum samráðsferlum, s.s. ráðstefnu um framtíð Evrópu og með þátttöku í samtali ESB við ungmenni,

c) styðja ungt fólk til að öðlast betri skilning á og á virkan hátt kynna því hin ýmsu tækifæri sem standa því til boða í gegnum opinberar stefnur á vettvangi Sambandsins, á lands-, svæðis- og staðarvísu í því skyni að styðja við persónulega, félagslega, efnahagslega og faglega þróun þess í grænum, stafrænum og inngildandi heimi, en stefna að því á sama tíma að fjarlægja þær hindranir sem eftir eru,

d) samþætta æskulýðsstefnu þvert á öll viðeigandi stefnusvið Sambandsins í samræmi við æskulýðsáætlun Evrópusambandsins 2019–2027 til að koma sjónarhorni ungmenna að í stefnumótun á öllum sviðum.

3. gr.

Tegundir ráðstafana

1. Þær ráðstafanir, sem gera skal til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 2. gr., skulu ná yfir eftirfarandi aðgerðir á vettvangi Sambandsins og, byggt á fyrirliggjandi möguleikum, á lands-, svæðis eða staðarvísu og, þar sem við á, í samstarfslöndum, í tengslum við markmið Evrópuársins:

a) ráðstefnur, viðburðir, bæði menningarlegir og annars konar, og stefnufrumkvæði sem beint er að ungu fólki til að stuðla að inngildandi og aðgengilegu samtali um áskoranir, þ.m.t. áhrif COVID-19-heimsfaraldursins, sem ungt fólk, þ.m.t. ungt fólk sem hefur færri tækifæri og tilheyrir viðkvæmum hópum, stendur frammi fyrir, s.s. félagsleg staða þess, aðgangur að menntun og þjálfun og vinnuaðstæður og aðgerðir sem hagsmunaaðilar á ýmsum vettvangi geta gripið til,

b) að stuðla að þátttöku ungmenna og auka notkun fyrirliggjandi og nýrra og nýstárlegra verkfæra, leiða og áætlana sem gera öllu ungu fólki kleift að ná til stefnumótenda með því að tilgreina, safna og deila reynslu og góðum starfsvenjum og auka vitund stefnumótenda um þessi verkfæri, leiðir og áætlanir,

c) að safna hugmyndum með því að nota þátttakendamiðaðar aðferðir í viðleitni til að skapa og framkvæma Evrópuárið í sameiningu,

d) í því skyni að örva ungt fólk til að taka virkan þátt í að byggja upp þjóðfélag sem er meira inngildandi, grænt og stafrænt, herferðir til upplýsingar, menntunar og vitundarvakningar til að miðla gildum eins og virðingu, jafnrétti, réttlæti, einingu, sjálfboðaliðastarfi, tilfinningu um að tilheyra og upplifa öryggi og tilfinningu um að á það sé hlustað og það virt,

e) að skapa rými og verkfæri til að skiptast á skoðunum um hvernig áskoranir verða að möguleikum og hugmyndir að aðgerðum í anda frumkvöðla og á sama tíma efla sköpunargáfu, samfélag og samstarf,

f) að framkvæma kannanir og rannsóknir á stöðu ungs fólks í Sambandinu með sérstakri áherslu á áhrif COVID-19-heimsfaraldursins, undirbúa og nota samræmdar evrópskar hagskýrslur eða önnur viðeigandi gögn á vettvangi Sambandsins og stuðla að kynningu og miðlun þessara niðurstaðna á evrópskum, landsbundnum eða svæðisbundnum vettvangi,

g) að stuðla að áætlunum, fjármögnunartækifærum, verkefnum, aðgerðum og netkerfum sem skipta ungt fólk máli, þ.m.t. í gegnum samfélagsmiðla og netsamfélög.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta tilgreint aðra starfsemi sem getur stuðlað að markmiðum Evrópuársins og veitt heimild til að vísa til Evrópuársins þegar sú starfsemi er kynnt, að svo miklu leyti sem hún stuðlar að því að ná þessum markmiðum. Meginstofnanir og aðilar Sambandsins og aðildarríki geta einnig tilgreint aðra slíka starfsemi og gert tillögu um hana til framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

Samræming á landsvísu

Aðildarríki skulu vera ábyrg fyrir að skipuleggja þátttöku í Evrópuárinu á landsvísu. Aðildarríki skulu tilnefna landsbundna samræmingaraðila í þeim tilgangi. Landsbundnir samræmingaraðilar skulu tryggja að viðeigandi starfsemi sé samræmd á landsvísu. Þeir skulu einnig tryggja að ungt fólk, æskulýðssamtök og borgaraleg samtök, þ.m.t. landsbundin ungmennaráð, þar sem þau eru til staðar, og aðrir viðeigandi hagsmunaaðilar, taki virkan þátt í og komi að samsköpun, framkvæmd og endurskoðun framkvæmdar starfsemi Evrópuársins á vettvangi Sambandsins.

5. gr.

Samræming á vettvangi Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal kveðja landsbundnu samræmingaraðilana saman til fundar til þess að samræma starfsemi Evrópuársins. Fundirnir skulu einnig veita tækifæri til að skiptast á upplýsingum um framkvæmd Evrópuársins á vettvangi Sambandsins og á landsbundnum vettvangi. Fulltrúum Evrópuþingsins er heimilt að sitja þessa fundi sem áheyrnarfulltrúar og mega leggja sitt af mörkum á þeim.

2. Samræming Evrópuársins á vettvangi Sambandsins skal vera með þverlægri nálgun með það í huga að skapa samlegðaráhrif milli hinna ýmsu áætlana og framtaksverkefna Sambandsins sem skipta máli fyrir ungt fólk og skal taka tilhlýðilegt tillit til þess á landsbundnum vettvangi.

3. Framkvæmdastjórnin skal kveðja saman til fundar hagsmunaaðila og fulltrúa samtaka eða aðila á sviði æskulýðsmála, þ.m.t. evrópska æskulýðsvettvanginn og önnur æskulýðssamtök, til að aðstoða við samsköpun og framkvæmd Evrópuársins á vettvangi Sambandsins.

6. gr.

Samvinna á alþjóðlegum vettvangi

Að því er varðar Evrópuárið skal framkvæmdastjórnin, þar sem þörf er á, starfa með alþjóðlegum félögum og lögbærum alþjóðlegum samtökum og tryggja á sama tíma sýnileika þátttöku Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal einkum tryggja samstarf við Evrópuráðið, þ.m.t. með æskulýðssamstarfi milli Evrópusambandsins og Evrópuráðsins og með því að mynda sterk tengsl við herferð Evrópuráðsins „Ungmenni fyrir lýðræði, lýðræði fyrir ungmenni“ og alþjóðleg æskulýðsnet og -samtök.

7. gr.

Eftirlit og mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2023, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina skýrslu um framkvæmd, niðurstöður og heildarmat á þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun. Í þeirri skýrslu skulu vera hugmyndir um frekari sameiginlega viðleitni á sviði æskulýðsmála í því skyni að skapa varanlega arfleifð Evrópuársins.

8. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Gjört í Brussel 22. desember 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D.M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. LOGAR

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/914 **2025/EES/10/03**

frá 4. júní 2021

um föst samningsákvæði um miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) ([1]), einkum 7. mgr. 28. gr. og c-lið 2. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tækniþróun greiðir fyrir gagnaflæði yfir landamæri sem er nauðsynlegt til að víkka út alþjóðlega samvinnu og alþjóðaviðskipti. Á sama tíma er nauðsynlegt að tryggja að ekki sé grafið undan þeirri vernd einstaklinga sem tryggð er með reglugerð (ESB) 2016/679 þegar persónuupplýsingum er miðlað til þriðju landa, þ.m.t. þegar um er að ræða framsendingu ([2]). Ákvæðum um miðlun upplýsinga í V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 er ætlað að tryggja samfellu þessarar öflugu verndar þegar persónuupplýsingum er miðlað til þriðja lands ([3]).

2) Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, ef framkvæmdastjórnin tekur ekki ákvörðun um hvort vernd sé fullnægjandi skv. 3. mgr. 45. gr., getur ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili því aðeins miðlað persónuupplýsingum til þriðja lands að hann hafi gert viðeigandi verndarráðstafanir og með því skilyrði að fyrir hendi séu framfylgjanleg réttindi og skilvirk lagaleg úrræði fyrir skráða einstaklinga. Hægt er að sjá fyrir slíkum verndarráðstöfunum í stöðluðum ákvæðum um persónuvernd sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. c-lið 2. mgr. 46. gr.

3) Hlutverk fastra samningsákvæða takmarkast við að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir vegna persónuverndar fyrir alþjóðlega gagnaflutninga. Af þeim sökum er ábyrgðaraðilanum eða vinnsluaðilanum, sem miðlar persónuupplýsingum til þriðja lands („gagnaútflytjandinn“) og ábyrgðaraðilanum eða vinnsluaðilanum, sem tekur við persónuupplýsingunum („gagnainnflytjandinn“), frjálst að fella þessi föstu samningsákvæði inn í víðtækari samning og bæta við öðrum ákvæðum eða viðbótarverndarráðstöfunum, að því tilskildu að þau stangist ekki með beinum eða óbeinum hætti á við föstu samningsákvæðin eða hafi áhrif á grundvallarréttindi eða frelsi skráðra einstaklinga. Ábyrgðaraðilar og vinnsluaðilar eru hvattir til að gera viðbótarverndarráðstafanir með hjálp samningsbundinna skuldbindinga sem koma til viðbótar föstum samningsákvæðum ([4]). Notkun fastra samningsákvæða er með fyrirvara um að gagnaútflytjandi og/eða gagnainnflytjandi hafi samningsbundnar skyldur til að tryggja að viðeigandi forréttindi og friðhelgi séu virt.

4) Gagnaútflytjandinn verður, auk þess að nota föst samningsákvæði til að sjá fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum vegna miðlunar skv. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, að uppfylla almennar skyldur sínar sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Þessar skyldur fela meðal annars í sér að ábyrgðaraðilinn skal veita skráðum einstaklingum upplýsingar um að hann hyggist miðla persónuupplýsingum um þá til þriðja lands skv. f-lið 1. mgr. 13. gr. og f-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Ef um er að ræða miðlun skv. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skulu slíkar upplýsingar fela í sér tilvísun í viðeigandi verndarráðstafanir og með hvaða hætti hægt er að fá afrit af þeim eða upplýsingar um hvar þær hafa verið gerðar aðgengilegar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 336/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 78.

([1]) Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1.

([2]) Ákvæði 44. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

([3]) Sjá einnig dóm Dómstólsins frá 16. júlí 2020 í máli C-311/18, *Data Protection Commissioner* gegn *Facebook Ireland Ltd* og *Maximillian Schrems* („Schrems II“), ECLI:EU:C:2020:559, 93. mgr.

([4]) 109. forsenda reglugerðar (ESB) 2016/679.

5) Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2001/497/EB ([5]) og 2010/87/ESB ([6]) innihalda föst samningsákvæði til að auðvelda miðlun persónuupplýsinga frá ábyrgðaraðila gagna með staðfestu í Sambandinu til ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila með staðfestu í þriðja landi sem veitir ekki fullnægjandi vernd. Þessar ákvarðanir voru byggðar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([7]).

6) Samkvæmt 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 haldast ákvörðun 2001/497/EB og ákvörðun 2010/87/ESB í gildi uns þeim er breytt, skipt út eða þær felldar úr gildi, ef nauðsyn krefur, með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er samþykkt skv. 2. mgr. 46. gr. þeirrar reglugerðar. Krafist var uppfærslu á föstu samningsákvæðunum í ákvörðununum í ljósi nýrra krafna í reglugerð (ESB) 2016/679. Enn fremur hefur orðið veruleg þróun í stafræna hagkerfinu frá því að ákvarðanirnar voru samþykktar með víðtækri notkun nýrra og flóknari vinnsluaðgerða þar sem margir gagnainnflytjendur og -útflytjendur koma við sögu, langar og flóknar vinnslukeðjur og viðskiptatengsl sem eru í þróun. Þetta kallar á nútímavæðingu fastra samningsákvæða til að endurspegla betur þennan veruleika, þannig að tekið sé tillit til viðbótaraðstæðna við vinnslu og miðlun og til að gefa kost á sveigjanlegri nálgun, t.d. með tilliti til þess fjölda aðila sem geta gerst aðilar að samningnum.

7) Ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili getur notað föstu samningsákvæðin, sem sett eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, til að sjá fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum í skilningi 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 fyrir miðlun persónuupplýsinga til vinnsluaðila eða ábyrgðaraðila með staðfestu í þriðja landi, sbr. þó túlkun á hugtakinu alþjóðleg miðlun í reglugerð (ESB) 2016/679. Föstu samningsákvæðin má aðeins nota fyrir slíka miðlun að því marki sem vinnsla innflytjandans fellur ekki undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2016/679. Þetta tekur einnig til miðlunar ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, sem ekki hefur staðfestu í Sambandinu, á persónuupplýsingum, að því marki sem vinnslan fellur undir reglugerð (ESB) 2016/679 (skv. 2. mgr. 3. gr. hennar), vegna þess að hún tengist því að bjóða skráðum einstaklingum vörur eða þjónustu í Sambandinu eða hafa eftirlit með hegðun þeirra að því marki sem hún á sér stað innan Sambandsins.

8) Í ljósi almennrar samræmingar á reglugerð (ESB) 2016/679 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([8]) ætti að vera mögulegt að nota föstu samningsákvæðin einnig í tengslum við samning, eins og um getur í 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, vegna miðlunar persónuupplýsinga til undirverktaka vinnsluaðila í þriðja landi af hálfu vinnsluaðila sem er ekki meginstofnun eða stofnun Sambandsins en fellur undir reglugerð (ESB) 2016/679 og vinnur persónuupplýsingar fyrir hönd meginstofnunar eða stofnunar Sambandsins í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Að því tilskildu að samningurinn endurspegli sömu persónuverndarskyldur og settar eru fram í samningnum eða annarri réttargerð milli ábyrgðaraðilans og vinnsluaðilans skv. 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, einkum með því að veita fullnægjandi ábyrgðir fyrir tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að vinnslan uppfylli kröfur þeirrar reglugerðar, mun þetta tryggja að farið sé að 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Einkum er það svo þegar ábyrgðaraðili og vinnsluaðili nota föstu samningsákvæðin í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um föst samningsákvæði milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila skv. 7. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 og 7. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([9]).

9) Ef vinnslan felur í sér gagnaflutninga frá ábyrgðaraðilum, sem falla undir reglugerð (ESB) 2016/679, til vinnsluaðila utan gildissvæðis hennar eða frá vinnsluaðilum, sem falla undir reglugerð (ESB) 2016/679, til undirverktaka vinnsluaðila utan gildissvæðis hennar ættu föstu samningsákvæðin, sem sett eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, einnig að gera kleift að uppfylla kröfurnar í 3. og 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

10) Í föstu samningsákvæðunum, sem sett eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, eru almenn ákvæði sameinuð með sérsniðinni nálgun til að koma til móts við mismunandi aðstæður við miðlun og því hversu flóknar nútíma vinnslukeðjur eru. Til viðbótar við almennu ákvæðin ættu ábyrgðaraðilar og vinnsluaðilar að velja sérsniðið sem á við um þeirra aðstæður, í því skyni að sníða skyldur sínar samkvæmt föstu samningsákvæðunum að hlutverki sínu og ábyrgð í

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB (Stjtíð. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19).

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/87/ESB frá 5. febrúar 2010 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (Stjtíð. ESB L 39, 12.2.2010, bls. 5).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39), sjá 5. forsendu.

([9]) C(2021) 3701.

tengslum við gagnavinnsluna sem um er að ræða. Það ætti að vera mögulegt að fleiri en tveir aðilar geti fylgt föstu samningsákvæðunum. Enn fremur ætti viðbótarábyrgðaraðilum og vinnsluaðilum að vera heimilt að gerast aðilar að föstu samningsákvæðunum sem gagnaútflytjendur eða -innflytjendur á öllum gildistíma samningsins sem þeir eru hluti af.

11) Til að sjá fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum ættu föstu samningsákvæðin að tryggja að persónuupplýsingunum, sem miðlað er á þessum grundvelli, sé veitt vernd sem er í meginatriðum sambærileg þeirri sem tryggð er í Sambandinu ([10]). Í því skyni að tryggja gagnsæi vinnslunnar ættu skráðir einstaklingar að fá afrit af föstu samningsákvæðunum og einkum vera upplýstir um þá flokka persónuupplýsinga sem unnið er með, réttinn til að fá afrit af föstu samningsákvæðunum og alla framsendingu. Aðeins ætti að heimila framsendingu gagnainnflytjanda til þriðja aðila í öðru þriðja landi ef þriðji aðilinn fylgir föstu samningsákvæðunum, ef áframhaldandi vernd er tryggð með öðrum hætti, eða í sérstökum aðstæðum, s.s. á grundvelli skýrs, upplýsts samþykkis hins skráða einstaklings.

12) Með vissum undantekningum, einkum að því er varðar tilteknar skyldur sem varða eingöngu tengslin milli gagnaútflytjanda og gagnainnflytjanda, ættu skráðir einstaklingar að geta skírskotað til og framfylgt, ef nauðsyn krefur, föstu samningsákvæðunum sem haghafar sem eru þriðju aðilar. Jafnvel þótt aðilum ætti að vera heimilt að velja löggjöf eins aðildarríkis sem gildir um föstu samningsákvæðin verða þau lög að heimila réttindi haghafa sem er þriðji aðili. Til að auðvelda úrlausn í einstökum málum ætti að krefjast þess í föstu samningsákvæðunum að gagnainnflytjandinn upplýsi skráða einstaklinga um tengilið og taki tafarlaust á kvörtunum eða beiðnum. Komi upp ágreiningur milli gagnainnflytjanda og skráðs einstaklings, sem skírskotar til réttar síns sem haghafi sem er þriðji aðili, ætti skráði einstaklingurinn að geta lagt fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsyfirvaldi eða vísað deilunni til valdbærra dómstóla í Evrópusambandinu.

13) Til að tryggja skilvirka framfylgd ætti að krefjast þess að gagnainnflytjandinn lúti lögsögu slíks yfirvalds og dómstóla og að hann skuldbindi sig til að hlíta hvers kyns bindandi ákvörðun samkvæmt gildandi lögum aðildarríkisins. Einkum ætti gagnainnflytjandinn að samþykkja að svara fyrirspurnum, gangast undir úttektir og fara að þeim ráðstöfunum sem eftirlitsyfirvaldið samþykkir, þ.m.t. ráðstafanir til úrbóta og jöfnunaraðgerðir. Auk þess ætti gagnainnflytjandinn að eiga þess kost að bjóða skráðum einstaklingum tækifæri til að leita úrlausnar hjá óháðum aðila sem sér um lausn deilumála, honum að kostnaðarlausu. Í samræmi við 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 ætti að heimila að félög eða aðrar stofnanir séu í fyrirsvari fyrir skráða einstaklinga í deilum gegn gagnainnflytjandanum ef þeir svo kjósa.

14) Í föstu samningsákvæðunum ætti að kveða á um reglur um bætur á milli aðilanna, að því er varðar skráða einstaklinga, og reglur um skaðleysisgreiðslur milli aðilanna. Ef skráður einstaklingur hefur beðið eignatjón eða óefnislegt tjón vegna brots á réttindum haghafa sem er þriðji aðili, samkvæmt föstu samningsákvæðunum, ætti hann að eiga rétt á bótum. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á bótaábyrgð samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679.

15) Ef um er að ræða miðlun til gagnainnflytjanda sem gegnir hlutverki vinnsluaðila eða undirverktaka vinnsluaðila ættu sértækar kröfur að gilda í samræmi við 3. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Í föstu samningsákvæðunum ætti að krefjast þess að gagnainnflytjandinn geri aðgengilegar allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að skyldurnar, sem settar eru fram í ákvæðunum, séu uppfylltar og að gagnaútflytjandinn heimili og leggi sitt af mörkum til úttektar á vinnslustarfsemi sinni. Að því er varðar ráðningu gagnainnflytjanda á undirverktaka vinnsluaðila, í samræmi við 2. og 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, ætti í föstu samningsákvæðunum einkum að setja fram tilhögun varðandi almenna eða sértæka heimild frá gagnaútflytjandanum og kröfuna um skriflegan samning við undirverktaka vinnsluaðila sem tryggir sama verndarstig og samkvæmt ákvæðunum.

16) Rétt þykir að kveða á um mismunandi verndarráðstafanir í föstu samningsákvæðunum sem taka til sérstakra aðstæðna við miðlun vinnsluaðila á persónuupplýsingum í Sambandinu til ábyrgðaraðila í þriðja landi og endurspegla takmarkaðar sjálfstæðar skyldur vinnsluaðila samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Einkum ætti í stöðluðu samningsákvæðunum að gera þá kröfu að vinnsluaðilinn upplýsi ábyrgðaraðilann ef hann getur ekki fylgt fyrirmælum hans, þ.m.t. ef slík fyrirmæli brjóta í bága við persónuverndarlög Sambandsins, og gera kröfu um að ábyrgðaraðilinn geri ekki neitt það sem gæti komi í veg fyrir að vinnsluaðilinn uppfylli skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Í þeim ætti einnig að gera þá kröfu að aðilarnir aðstoði hver annan við að svara fyrirspurnum og beiðnum frá skráðum einstaklingum samkvæmt þeim landslögum sem gilda um gagnainnflytjandann, eða vegna gagnavinnslu í Sambandinu,

([10]) *Schrems II*, 96. og 103. mgr. Sjá einnig reglugerð (ESB) 2016/679, 108. og 114. forsendu.

samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Viðbótarkröfur til að taka á áhrifum af lögum þriðja viðtökulands á það hvort ábyrgðaraðili fari að ákvæðunum, einkum hvernig skuli fara með bindandi beiðnir frá opinberum yfirvöldum í þriðja landinu um afhendingu miðlaðra persónuupplýsinga, ættu að gilda þegar vinnsluaðili í Sambandinu sameinar persónuupplýsingarnar sem berast frá ábyrgðaraðila í þriðja landi og persónuupplýsingarnar sem vinnsluaðilinn safnar í Sambandinu. Á hinn bóginn eru engar slíkar kröfur réttlætanlegar ef útvistunin felur einungis í sér vinnslu persónuupplýsinga sem hafa verið fengnar frá ábyrgðaraðilanum og miðlun þeirra til baka og sem hafa í öllum tilvikum heyrt og munu heyra áfram undir lögsögu viðkomandi þriðja lands.

17) Aðilarnir skulu geta sýnt fram á að farið sé að föstu samningsákvæðunum. Einkum ætti að gera kröfu um að gagnainnflytjandinn haldi viðeigandi skjöl um vinnslustarfsemina sem hann ber ábyrgð á og upplýsi gagnaútflytjandann án tafar ef hann er af einhverjum ástæðum ófær um að fara að ákvæðunum. Gagnaútflytjandinn ætti þá að stöðva miðlunina tímabundið og, í sérstaklega alvarlegum tilvikum, hafa rétt til að rifta samningnum, að því marki sem um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt föstum samningsákvæðum, ef gagnainnflytjandinn brýtur gegn ákvæðunum eða er ófær um að uppfylla þau. Sértækar reglur skulu gilda þegar landslög hafa áhrif á hvernig farið er að ákvæðunum. Persónuupplýsingum, sem hefur verið miðlað áður en samningurinn féll úr gildi, ásamt öllum afritum af þeim, ætti, að vali gagnaútflytjanda, að skila til gagnaútflytjandans eða eyða í heild sinni.

18) Í föstu samningsákvæðunum ætti að kveða á um sérstakar verndarráðstafanir, einkum með hliðsjón af dómaframkvæmd Dómstólsins ([11]), til að taka á hvers kyns áhrifum laga þriðja lands, sem er viðtökuland, á það hvort gagnainnflytjandi fari að ákvæðunum, einkum hvernig fara eigi með bindandi beiðnir frá opinberum yfirvöldum í því landi um birtingu persónuupplýsinga sem hefur verið miðlað.

19) Miðlun og vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt föstum samningsákvæðum ætti ekki að fara fram ef lög og venjur þriðja viðtökulands koma í veg fyrir að gagnainnflytjandinn fari að ákvæðunum. Í þessu samhengi ætti ekki að líta svo á að lög og venjur, sem virða eðli grundvallarréttinda og frelsis og ganga ekki lengra en það sem telst nauðsynlegt og hóflegt í lýðræðisþjóðfélagi til að standa vörð um eitthvert af þeim markmiðum sem talin eru upp í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, stangist á við föstu samningsákvæðin. Aðilarnir ættu að ábyrgjast að þegar þeir samþykkja föstu samningsákvæðin þá hafi þeir enga ástæðu til að ætla að lög og venjur, sem gilda um gagnainnflytjandann, samrýmist ekki þessum kröfum.

20) Aðilarnir ættu einkum að taka tillit til sérstakra aðstæðna við miðlunina (s.s. efnis og gildistíma samningsins, eðlis gagnanna sem miðla á, tegundar viðtakanda, tilgangs vinnslunnar), laga og venja þriðja viðtökulands, sem máli skipta í ljósi aðstæðna við miðlunina og hvers konar verndarráðstafana sem gerðar eru til viðbótar þeim sem eru samkvæmt föstu samningsákvæðunum (þ.m.t. viðeigandi samningsbundnar, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem gilda um sendingu persónuupplýsinga og vinnslu þeirra í viðtökulandinu). Að því er varðar þau áhrif sem slík lög og venjur hafa á það hvort farið sé að föstu samningsákvæðunum má líta á ólíka þætti sem hluta af heildarmati, þ.m.t. áreiðanlegar upplýsingar um beitingu laga í framkvæmd (s.s. dómaframkvæmd og skýrslur óháðra eftirlitsaðila), hvort beiðnir eru fyrir hendi eða ekki innan sama geira og, að uppfylltum ströngum skilyrðum, skjalfesta hagnýta reynslu gagnaútflytjandans og/eða gagnainnflytjandans.

21) Gagnainnflytjandinn ætti að tilkynna gagnaútflytjandanum ef hann hefur ástæðu til að ætla, eftir að hafa samþykkt föstu samningsákvæðin, að hann geti ekki uppfyllt föstu samningsákvæðin. Ef gagnaútflytjandinn fær slíka tilkynningu eða verður þess var á annan hátt að gagnainnflytjandinn geti ekki lengur uppfyllt föstu samningsákvæðin ætti hann að tilgreina viðeigandi ráðstafanir til að takast á við aðstæður, ef nauðsyn krefur í samráði við lögbæru eftirlitsyfirvöldin. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér viðbótarráðstafanir sem gagnaútflytjandinn og/eða gagnainnflytjandinn hafa samþykkt, eins og tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og trúnað. Gera ætti þá kröfu að gagnaútflytjandinn stöðvi miðlunina tímabundið ef hann telur að ekki sé unnt að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir eða ef lögbær eftirlitsyfirvöld gefa fyrirmæli um það.

([11]) *Schrems II*.

22) Eftir því sem unnt er ætti gagnainnflytjandinn að tilkynna gagnaútflytjandanum og skráða einstaklingnum um það ef hann fær lagalega bindandi beiðni frá opinberu yfirvaldi (þ.m.t. dómsyfirvaldi) samkvæmt lögum viðtökulandsins um birtingu persónuupplýsinga sem miðlað er samkvæmt föstu samningsákvæðunum. Á sama hátt ætti hann að tilkynna þeim ef hann verður var við beinan aðgang opinberra yfirvalda að slíkum persónuupplýsingum í samræmi við lög þess þriðja lands sem er viðtökuland. Ef gagnainnflytjandinn er, þrátt fyrir bestu viðleitni, ekki í aðstöðu til að tilkynna gagnaútflytjandanum og/eða skráða einstaklingnum um einstaka beiðnir um birtingu upplýsinga ætti hann að veita gagnaútflytjandanum eins miklar upplýsingar, sem máli skipta, um beiðnirnar og unnt er. Að auki ætti gagnainnflytjandinn að veita gagnaútflytjandanum samanteknar upplýsingar með reglulegu millibili. Gera ætti þá kröfu að gagnainnflytjandinn skrái allar beiðnir sem berast um birtingu upplýsinga og svarið sem er lagt fram og geri þær upplýsingar aðgengilegar gagnaútflytjandanum eða lögbæru eftirlitsyfirvaldi, eða hvoru tveggja, sé þess óskað. Ef gagnainnflytjandinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að sannreyna lögmæti slíkrar beiðni samkvæmt lögum viðtökulandsins, að gildar ástæður séu til að ætla að beiðnin sé ólögmæt samkvæmt lögum þriðja viðtökulandsins ætti hann að vefengja hana, þ.m.t., eftir því sem við á, með því að nýta tiltæka möguleika til að áfrýja. Ef gagnainnflytjandi getur ekki lengur staðið við föstu samningsákvæðin ætti hann að upplýsa gagnaútflytjandann um það, þ.m.t. ef það er afleiðing þess að óskað er eftir birtingu upplýsinga.

23) Þar sem þarfir hagsmunaaðila, tækni og vinnsluaðgerðir kunna að breytast ætti framkvæmdastjórnin að meta framkvæmd föstu samningsákvæðanna í ljósi reynslunnar, sem hluti af reglubundnu mati á reglugerð (ESB) 2016/679 sem um getur í 97. gr. þeirrar reglugerðar.

24) Ákvörðun 2001/497/EB og ákvörðun 2010/87/EB ættu að falla úr gildi þrem mánuðum eftir að þessi ákvörðun öðlast gildi. Á því tímabili ættu gagnaútflytjendur og gagnainnflytjendur, að því er varðar 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, áfram að geta notað föstu samningsákvæðin sem sett eru fram í ákvörðunum 2001/497/EB og 2010/87/ESB. Á 15 mánaða viðbótartímabili ættu gagnaútflytjendur og gagnainnflytjendur, að því er varðar 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, að geta haldið áfram að reiða sig á föst samningsákvæði sem sett eru fram í ákvörðunum 2001/497/EB og 2010/87/ESB við framkvæmd samninga sem þeir hafa gert sín á milli fyrir þann dag þegar þessar ákvarðanir eru felldar úr gildi, að því tilskildu að vinnsluaðgerðirnar, sem eru efni samningsins, haldist óbreyttar og að með því að treysta á ákvæðin sé tryggt að miðlun persónuupplýsinga sé háð viðeigandi verndarráðstöfunum í skilningi 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Ef gerðar eru breytingar á samningnum sem skipta máli ætti að gera þá kröfu að gagnaútflytjandinn beri fyrir sig nýjan grundvöll fyrir gagnaflutning samkvæmt samningnum, einkum með því að skipta út núverandi föstum samningsákvæðum fyrir föstu samningsákvæðin sem sett eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun. Hið sama ætti að gilda um alla undirverktökusamninga við undirverktaka vinnsluaðila um vinnsluaðgerðir sem falla undir samninginn.

25) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina og Evrópska persónuverndarráðið í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skiluðu þau sameiginlegu áliti 14. janúar 2021 ([12]) sem tillit hefur verið tekið til við undirbúning þessarar ákvörðunar.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 93. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Föstu samningsákvæðin, sem sett eru fram í viðaukanum, teljast fela í sér viðeigandi verndarráðstafanir í skilningi 1. mgr. 46. gr. og c-liðar 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 fyrir miðlun ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila á persónuupplýsingum, sem eru unnar samkvæmt þeirri reglugerð (gagnaútflytjandi) til ábyrgðaraðila eða (undirverktaka) vinnsluaðila þar sem vinnsla þeirra á upplýsingunum fellur ekki undir þá reglugerð (gagnainnflytjandi).

2. Í föstu samningsákvæðunum eru einnig sett fram réttindi og skyldur ábyrgðaraðila og vinnsluaðila, að því er tekur til þeirra málefna sem um getur í 3. og 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, að því er varðar miðlun persónuupplýsinga frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila eða frá vinnsluaðila til undirverktaka vinnsluaðila.

([12]) Sameiginlegt álit Evrópska persónuverndarráðsins og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar 1/2021 um framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um föst samningsákvæði um miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa í málefnum sem um getur í c-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

2. gr.

Þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis beita valdheimildum til að gera ráðstafanir til úrbóta skv. 58. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 til að bregðast við því að gagnainnflytjandinn heyrir eða mun heyra undir lög eða venjur í þriðja viðtökulandi sem koma í veg fyrir að hann uppfylli föstu samningsákvæðin, sem sett eru fram í viðaukanum, sem leiðir til tímabundinnar stöðvunar á eða banns við gagnaflutningum til þriðju landa, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta beitingu föstu samningsákvæðanna sem sett eru fram í viðaukanum í reynd, á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga sem hluta af reglubundna matinu sem krafist er í 97. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

4. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Ákvörðun 2001/497/EB fellur úr gildi frá og með 27. september 2021.

3. Ákvörðun 2010/87/ESB fellur úr gildi frá og með 27. september 2021.

4. Samningar sem gerðir eru fyrir 27. september 2021 á grundvelli ákvörðunar 2001/497/EB eða ákvörðunar 2010/87/ESB, skulu teljast kveða á um viðeigandi verndarráðstafanir í skilningi 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 til 27. desember 2022, að því tilskildu að vinnsluaðgerðirnar, sem eru efni samningsins, haldist óbreyttar og að það að treyst sé á þessi ákvæði tryggi að miðlun persónuupplýsinga falli undir viðeigandi verndarráðstafanir.

Gjört í Brussel 4. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

FÖST SAMNINGSÁKVÆÐI

I. ÞÁTTUR

1. ákvæði

Tilgangur og gildissvið

a) Markmið þessara föstu samningsákvæða er að tryggja að kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) ([1]) séu uppfylltar vegna miðlunar persónuupplýsinga til þriðja lands.

b) Samningsaðilarnir:

i. einstaklingar eða lögaðilar, opinber yfirvöld, sérstofnanir eða aðrir aðilar (hér á eftir nefndir „aðilar“) sem miðla persónuupplýsingunum sem skráðar eru í A-hluta I. viðauka (hér á eftir nefndir „gagnaútflytjendur“) og

ii. aðilarnir í þriðja landi sem taka við persónuupplýsingum frá gagnaútflytjandanum, beint eða óbeint fyrir milligöngu annars aðila sem einnig er samningsaðili að þessum ákvæðum, eins og skráð er í A-hluta I. viðauka (hér á eftir nefndur „gagnainnflytjandinn“)

hafa samþykkt þessi föstu samningsákvæði (hér á eftir nefnd: „ákvæði“).

c) Þessi ákvæði gilda að því er varðar miðlun persónuupplýsinga eins og tilgreint er í B-hluta I. viðauka.

d) Viðbætirinn við þessi ákvæði, sem inniheldur viðaukana sem um getur í þeim, er óaðskiljanlegur hluti þessara ákvæða.

2. ákvæði

Áhrif og óbreytanleiki ákvæðanna

a) Í þessum ákvæðum eru settar fram viðeigandi verndarráðstafanir, þ.m.t. framfylgjanleg réttindi og skilvirk lagaleg úrræði fyrir skráða einstaklinga skv. 1. mgr. 46. gr. og c-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og, að því er varðar miðlun upplýsinga frá ábyrgðaraðilum til vinnsluaðila og/eða vinnsluaðila til vinnsluaðila, föst samningsákvæði skv. 7. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, að því tilskildu að þeim sé ekki breytt, nema til að velja viðeigandi sérsnið eða til að bæta við eða uppfæra upplýsingar í viðbætinum. Þetta kemur ekki í veg fyrir að samningsaðilar hafi föstu samningsákvæðin sem mælt er fyrir um í þessum ákvæðum í víðtækari samningi og/eða bæti við öðrum ákvæðum eða viðbótarverndarráðstöfunum, svo fremi þau stangist hvorki beint né óbeint á við ákvæðin eða hafi áhrif á grundvallarréttindi eða frelsi skráðra einstaklinga.

b) Þessi ákvæði eru með fyrirvara um skuldbindingar sem gagnaútflytjandi heyrir undir með skírskotun til reglugerðar (ESB) 2016/679.

3. ákvæði

Haghafar sem eru þriðju aðilar

a) Skráðir einstaklingar geta skírskotað til og framfylgt þessum ákvæðum, sem haghafar sem eru þriðju aðilar, gagnvart gagnaútflytjanda og/eða gagnainnflytjanda, með eftirfarandi undantekningum:

i. 1., 2., 3., 6., 7. ákvæði,

([1]) Ef gagnaútflytjandinn er vinnsluaðili, sem fellur undir reglugerð (ESB) 2016/679 og kemur fram fyrir hönd meginstofnunar eða stofnunar Sambandsins sem ábyrgðaraðili, tryggja þessi ákvæði einnig, þegar ráðinn er annar vinnsluaðili (vinnsla hjá undirverktaka), sem fellur ekki undir reglugerð (ESB) 2016/679, að farið sé að ákvæðum 4. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39), að því marki sem þessi ákvæði og persónuverndarskyldur sem sett eru fram í samningnum eða annarri réttargerð á milli ábyrgðaraðilans og vinnsluaðilans skv. 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 séu samræmd. Þetta mun einkum eiga við ef ábyrgðaraðili og vinnsluaðili treysta á föstu samningsákvæðin í ákvörðun 2021/915.

ii. 8. ákvæði – fyrsta sérsnið: e-liður ákvæðis 8.5 og b-liður ákvæðis 8.9; annað sérsnið: b-liður ákvæðis 8.1, b-, c-, d- og e-liður ákvæðis 8.9; þriðja sérsnið: a-, c- og d-liður ákvæðis 8.9 og a-, c-, d-, e-, f- og g-liður ákvæðis 8.9; fjórða sérsnið: b-liður ákvæðis 8.1 og b-liður ákvæðis 8.3,

iii. 9. ákvæði – annað sérsnið: a-, c-, d- og e-liður 9. ákvæðis; þriðja sérsnið: a-, c-, d- og e-liður 9. ákvæðis,

iv. 12. ákvæði – fyrsta sérsnið: a- og d- liður 12. ákvæðis; annað og þriðja sérsnið: a-, d- og f-liður 12. ákvæðis,

v. 13. ákvæði,

vi. c-, d- og e-liður ákvæðis 15.1,

vii. e-liður 16. ákvæðis,

viii. 18. ákvæði – fyrsta, annað og þriðja sérsnið, a- og b-liður 18. ákvæðis; fjórða sérsnið, 18. ákvæði.

b) Ákvæði a-liðar hafa ekki áhrif á réttindi skráðra einstaklinga samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679.

4. ákvæði

Túlkun

a) Ef hugtökin, sem eru skilgreind í reglugerð (ESB) 2016/679, eru notuð í þessum ákvæðum skulu þau hafa sömu merkingu og í þeirri reglugerð.

b) Þessi ákvæði skulu lesin og túlkuð í ljósi ákvæðanna í reglugerð (ESB) 2016/679.

c) Þessi ákvæði skal ekki túlka á þann hátt að þau stangist á við réttindi og skyldur sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/679.

5. ákvæði

Stigskipting

Ef til þess kemur að þessi ákvæði stangast á við ákvæði skyldra samninga, sem voru í gildi milli samningsaðilanna þegar þessi ákvæði voru samþykkt eða tekin upp síðar, skulu ákvæði þessi ganga framar.

6. ákvæði

Lýsing á miðlun

Nánari upplýsingar um miðlunina, einkum þá flokka persónuupplýsinga sem miðlað er og tilganginn með miðluninni, eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

7. ákvæði - valkvætt

Ákvæði um aðild

a) Aðili, sem er ekki samningsaðili að þessum ákvæðum, getur hvenær sem er, með samþykki samningsaðilanna, gerst aðili að þessum ákvæðum sem gagnaútflytjandi eða gagnainnflytjandi með því að fylla út viðbætinn og undirrita A-hluta I. viðauka.

b) Þegar viðbætirinn hefur verið fylltur út og A-hluti I. viðauka undirritaður skal inngönguaðilinn verða samningsaðili að þessum ákvæðum og hann skal hafa réttindi og skyldur gagnaútflytjanda eða gagnainnflytjanda í samræmi við tilgreiningu hans í A-hluta I. viðauka.

c) Inngönguaðilinn skal hvorki hafa réttindi né skyldur sem leiða af þessum ákvæðum frá því tímabili áður en hann varð samningsaðili.

II. ÞÁTTUR — SKYLDUR AÐILA

8. ákvæði

Verndarráðstafanir vegna persónuverndar

Gagnaútflytjandinn ábyrgist að hann hafi gripið til eðlilegra ráðstafana til að ákvarða að gagnainnflytjandinn geti, með framkvæmd viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana, uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessum ákvæðum.

FYRSTA SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til ábyrgðaraðila

8.1 **Takmörkun tilgangs**

Gagnainnflytjandi skal einungis vinna persónuupplýsingarnar í þeim sérstaka tilgangi sem miðlunin þjónar, eins og sett er fram í B-hluta I. viðauka. Honum er einungis heimilt að vinna persónuupplýsingar í öðrum tilgangi:

i. ef hann hefur fengið fyrirframsamþykki skráða einstaklingsins,

ii. ef það er nauðsynlegt til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur í tengslum við tiltekna stjórnsýslumeðferð, eftirlit eða dómsmeðferð eða

iii. ef nauðsyn krefur til að vernda brýna hagsmuni skráða einstaklingsins eða annars einstaklings.

8.2 **Gagnsæi**

a) Til að gera skráðum einstaklingum kleift að neyta réttar síns með skilvirkum hætti skv. 10. ákvæði skal gagnainnflytjandinn upplýsa þá, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu gagnaútflytjandans:

i. um auðkenni sitt og samskiptaupplýsingar,

ii. um þá flokka persónuupplýsinga sem unnar eru,

iii. um réttinn til að fá afrit af þessum ákvæðum,

iv. ef hann hyggst framsenda persónuupplýsingarnar til þriðju aðila, um viðtakanda eða flokka viðtakenda (eins og við á í því skyni að veita mikilvægar upplýsingar), hver tilgangur slíkrar framsendingar er og ástæðuna fyrir því skv. ákvæði 8.7.

b) Ákvæði a-liðar skulu ekki gilda ef skráði einstaklingurinn hefur þegar fengið upplýsingarnar, þ.m.t. þegar gagnaútflytjandinn hefur þegar veitt slíkar upplýsingar, eða ef það að láta upplýsingarnar í té reynist ómögulegt eða hefði í för með sér óhóflega fyrirhöfn fyrir gagnainnflytjandann. Í síðara tilvikinu skal gagnainnflytjandinn, að því marki sem hægt er, gera upplýsingarnar aðgengilegar öllum.

c) Samningsaðilarnir skulu, samkvæmt beiðni, gera afrit af þessum ákvæðum, þ.m.t. viðbætinum eins og hann var fylltur út af þeim, aðgengilegt skráðum einstaklingi án endurgjalds. Samningsaðilarnir mega, eftir því sem þurfa þykir til að vernda viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. persónuupplýsingar, afmá hluta texta viðbætisins áður en þeir deila afriti en þeir skulu leggja fram samantekt þar að lútandi ef skráði einstaklingurinn myndi að öðrum kosti ekki geta skilið efni hennar eða neytt réttar síns. Samningsaðilarnir skulu, samkvæmt beiðni, láta skráða einstaklingnum í té ástæðurnar fyrir því, að því marki sem unnt er, án þess að láta í té upplýsingarnar sem voru afmáðar.

d) Ákvæði a- til c-liðar hafa ekki áhrif á skyldur gagnaútflytjanda skv. 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

8.3 **Áreiðanleiki og lágmörkun gagna**

a) Sérhver samningsaðili skal tryggja að persónuupplýsingar séu réttar og uppfærðar eftir þörfum. Gagnainnflytjandinn skal gera allar ráðstafanir sem eðlilegar mega teljast til að tryggja að persónuupplýsingum sem eru óáreiðanlegar, með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar, verði eytt eða þær leiðréttar án tafar.

b) Ef annar samningsaðilinn verður var við að persónuupplýsingar, sem hann hefur miðlað eða móttekið, séu óáreiðanlegar eða úreltar skal hann tilkynna hinum aðilanum um það án ótilhlýðilegrar tafar.

c) Gagnainnflytjandinn skal tryggja að persónuupplýsingarnar séu nægilegar, viðeigandi og takmarkaðar við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

8.4 **Geymslutakmörkun**

Gagnainnflytjandinn skal ekki geyma persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er miðað við tilganginn með vinnslu þeirra. Hann skal gera viðeigandi tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að þessi skylda sé uppfyllt, þ.m.t. að gögnum ([2]) og öllum öryggisafritum við lok geymslutímabilsins sé eytt eða þau gerð nafnlaus.

8.5 **Öryggi við vinnslu**

a) Gagnainnflytjandinn og einnig gagnaútflytjandinn skulu, meðan á flutningi stendur, gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga, þ.m.t. vernd gegn öryggisrofi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar, taps, breytingar, óleyfilegrar birtingar eða aðgangs (hér á eftir nefnt „öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga“). Við mat á viðeigandi öryggisstigi skulu þeir taka tilhlýðilegt tillit til nýjustu tækni, kostnaðar við framkvæmd, eðlis, umfangs, samhengis og tilgangs vinnslunnar og áhættunnar sem fylgir vinnslunni fyrir skráða einstaklinginn. Samningsaðilarnir skulu einkum íhuga að grípa til dulkóðunar eða notkunar gerviauðkenna, þ.m.t. við flutning, ef unnt er að ná tilgangi vinnslunnar á þann hátt.

b) Samningsaðilarnir hafa komið sér saman um tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem settar eru fram í II. viðauka. Gagnainnflytjandinn skal gera reglulegar athuganir til að tryggja að þessar ráðstafanir haldi áfram að veita viðunandi öryggi.

c) Gagnainnflytjandi skal tryggja að aðilar, sem hafa heimild til vinnslu persónuupplýsinga, hafi gengist undir trúnaðarskyldu eða heyri undir viðeigandi lögboðna trúnaðarskyldu.

d) Ef um er að ræða öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga sem gagnainnflytjandinn vinnur samkvæmt þessum ákvæðum skal gagnainnflytjandinn gera viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við öryggisbrestinum við meðferð persónuupplýsinga, þ.m.t. ráðstafanir til að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum hans.

e) Við öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga, sem líklegt er að leiði til áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, skal gagnainnflytjandinn tilkynna bæði gagnaútflytjandanum og lögbæra eftirlitsyfirvaldinu um það samkvæmt 13. ákvæði, án ótilhlýðilegrar tafar. Slík tilkynning skal innihalda i. lýsingu á eðli öryggisbrestsins (þ.m.t., ef mögulegt er, flokkun og áætlaðan fjölda skráðra einstaklinga og viðkomandi gagna um persónuupplýsingar), ii. líklegar afleiðingar, iii. þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða fyrirhugað er að gera til að taka á brestinum og iv. upplýsingar um tengilið þar sem hægt er að fá frekari upplýsingar. Gagnainnflytjandinn getur, ef hann getur ekki veitt allar upplýsingarnar á sama tíma, gert það í áföngum og án ótilhlýðilegrar frekari tafar.

f) Ef um er að ræða öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga, sem líklegt er að leiði af sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, skal gagnainnflytjandinn einnig tilkynna viðkomandi skráðum einstaklingum um öryggisbrestinn og eðli hans, án ótilhlýðilegrar tafar, ef samstarf við gagnaútflytjandann krefst þess, ásamt upplýsingunum sem um getur í ii. til iv. lið e-liðar, nema gagnainnflytjandinn hafi gert ráðstafanir til að draga verulega úr áhættu fyrir réttindi eða frelsi einstaklinga, eða ef tilkynning kostar óhóflega fyrirhöfn. Í síðara tilvikinu skal gagnainnflytjandinn þess í stað senda út almenna orðsendingu eða grípa til svipaðra ráðstafana til að upplýsa almenning um öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga.

g) Gagnainnflytjandinn skal skjalfesta allar viðeigandi staðreyndir máls sem varða öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga, þ.m.t. afleiðingar hans og allar aðgerðir til úrbóta sem hafa verið gerðar, og halda skrá yfir þær.

8.6 **Viðkvæmar upplýsingar**

Ef miðlunin tekur til persónuupplýsinga sem leiða í ljós kynþátt eða þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu, eða stéttarfélagsaðild, erfðafræðilegar upplýsingar, lífkennaupplýsingar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti, heilsufarsupplýsingar eða upplýsingar er varða kynlíf einstaklings eða kynhneigð, eða upplýsingar er varða sakfellingar í refsimálum og refsiverð brot (hér á eftir „viðkvæmar upplýsingar“) skal gagnainnflytjandi beita sérstökum takmörkunum og/eða viðbótarverndarráðstöfunum sem lagaðar eru að sérstöku eðli gagnanna og áhættunnar sem um er að ræða. Þetta getur falið í sér takmarkanir á aðgangi starfsfólks að persónuupplýsingum, viðbótaröryggisráðstafanir (s.s. notkun gerviauðkenna) og/eða viðbótartakmarkanir að því er varðar frekari birtingu upplýsinga.

([2]) Þetta útheimtir að gögnin séu gerð nafnlaus þannig að enginn geti lengur borið kennsl á einstaklinginn, í samræmi við 26. forsendu reglugerðar (ESB) 2016/679, og að þetta ferli sé varanlegt.

8.7 **Framsendingar**

Gagnainnflytjandinn skal ekki afhenda þriðja aðila, sem er staðsettur utan Evrópusambandsins, persónuupplýsingarnar ([3]) (í sama landi og gagnainnflytjandinn eða í öðru þriðja landi, hér á eftir nefnd „framsending“) nema þriðji aðilinn sé eða samþykki að vera bundinn af ákvæðunum, samkvæmt viðeigandi sérsniði. Að öðrum kosti getur gagnainnflytjandi aðeins framsent ef:

i. það er til lands sem nýtur góðs af ákvörðun um að vernd sé fullnægjandi skv. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 sem tekur til framsendingar,

ii. þriðji aðili tryggir með öðrum hætti viðeigandi verndarráðstafanir skv. 46. eða 47. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 að því er varðar vinnsluna sem um er að ræða,

iii. þriðji aðilinn gerir bindandi gerning við gagnainnflytjandann sem tryggir sömu persónuvernd og er samkvæmt þessum ákvæðum og gagnainnflytjandinn lætur gagnaútflytjandanum í té afrit af þessum verndarráðstöfunum,

iv. það er nauðsynlegt til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur í tengslum við tiltekna stjórnsýslumeðferð, eftirlit eða dómsmeðferð,

v. það er nauðsynlegt til að vernda brýna hagsmuni skráða einstaklingsins eða annars einstaklings eða

vi. gagnainnflytjandinn hefur, ef önnur skilyrði gilda ekki, fengið ótvírætt samþykki skráða einstaklingsins fyrir framsendingu við sérstakar aðstæður, eftir að hafa tilkynnt honum um tilgang þess, hver viðtakandinn er og hugsanlega áhættu sem fylgir slíkum framsendingum vegna skorts á viðeigandi verndarráðstöfunum vegna persónuverndar. Í því tilviki skal gagnainnflytjandinn upplýsa gagnaútflytjandann og, ef sá síðarnefndi æskir þess, senda honum afrit af upplýsingunum sem hann fékk til skráða einstaklingsins.

Framsending er með fyrirvara um að gagnainnflytjandinn fari að öllum öðrum verndarráðstöfunum samkvæmt þessum ákvæðum, einkum takmörkun tilgangs.

8.8 **Vinnsla í umboði gagnainnflytjanda**

Gagnainnflytjandinn skal tryggja að allir þeir sem starfa undir hans stjórn, þ.m.t. vinnsluaðili, vinni gögnin einungis samkvæmt fyrirmælum hans.

8.9 **Skjalfesting og að farið sé að tilskildum ákvæðum**

a) Sérhver samningsaðili skal geta sýnt fram á að hann uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt þessum ákvæðum. Einkum skal gagnainnflytjandinn halda til haga viðeigandi skjölum um þá vinnslustarfsemi sem fram fer á hans ábyrgð.

b) Gagnainnflytjandinn skal gera slík skjöl aðgengileg lögbæru eftirlitsyfirvaldi að beiðni þess.

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

8.1 **Fyrirmæli**

a) Gagnainnflytjandinn skal einungis vinna persónuupplýsingar samkvæmt skjalfestum fyrirmælum frá gagnaútflytjandanum. Gagnaútflytjandinn getur gefið slík fyrirmæli á samningstímanum.

b) Gagnainnflytjandinn skal tafarlaust upplýsa gagnaútflytjandann ef hann er ófær um að fylgja þessum fyrirmælum.

8.2 **Takmörkun tilgangs**

Gagnainnflytjandi skal einungis vinna persónuupplýsingarnar í þeim sérstaka tilgangi sem miðlunin þjónar, eins og fram kemur í B-hluta I. viðauka, nema hann fái frekari fyrirmæli frá gagnaútflytjanda.

([3]) Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) kveður á um rýmkun innri markaðar Evrópusambandsins svo hann nái til EES-ríkjanna þriggja, Íslands, Liechtensteins og Noregs. Löggjöf Sambandsins um gagnavernd, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2016/679, fellur undir EES-samninginn og hefur verið felld inn í XI. viðauka hans. Af þeim sökum telst hvers konar birting upplýsinga af hálfu gagnainnflytjanda til þriðja aðila, sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, ekki vera framsending að því er varðar þessi ákvæði.

8.3 **Gagnsæi**

Gagnaútflytjandinn skal, samkvæmt beiðni, gera afrit af þessum ákvæðum, þ.m.t. viðbætinum eins og hann var útfylltur af samningsaðilunum, aðgengilegt skráðum einstaklingi án endurgjalds. Gagnaútflytjanda er heimilt, eftir því sem þurfa þykir til að vernda viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. ráðstafanirnar sem lýst er í II. viðauka og persónuupplýsingar, afmá hluta texta viðbætisins við þessi ákvæði áður en þeir deila afriti en þeir skulu leggja fram samantekt þar að lútandi ef skráði einstaklingurinn myndi að öðrum kosti ekki geta skilið efni hennar eða neytt réttar síns. Samningsaðilarnir skulu, samkvæmt beiðni, láta skráða einstaklingnum í té ástæðurnar fyrir því, að því marki sem unnt er, án þess að láta í té upplýsingarnar sem voru afmáðar. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á skyldur gagnaútflytjanda skv. 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

8.4 **Áreiðanleiki**

Ef gagnainnflytjandinn verður var við að persónuupplýsingar, sem hann hefur móttekið, séu óáreiðanlegar eða úreltar skal hann tilkynna gagnaútflytjandanum um það án ótilhlýðilegrar tafar. Í því tilviki skal gagnainnflytjandinn vinna með gagnaútflytjandanum að því að eyða gögnunum eða leiðrétta þau.

8.5 **Tímalengd vinnslu og eyðing eða skil gagna**

Vinnsla af hálfu gagnainnflytjanda skal aðeins fara fram í þann tíma sem tilgreindur er í B-hluta I. viðauka. Eftir að gagnainnflytjandinn hefur látið í té vinnsluþjónustu skal hann, að vali gagnaútflytjanda, eyða öllum persónuupplýsingum sem unnar hafa verið fyrir hönd gagnaútflytjandans og votta gagnaútflytjandanum að hann hafi gert það eða skila gagnaútflytjandanum öllum persónuupplýsingum sem unnar hafa verið fyrir hans hönd og eyða afritum sem til eru. Þar til gögnunum hefur verið eytt eða þeim skilað skal gagnainnflytjandinn halda áfram að tryggja að farið sé að þessum ákvæðum. Ef um er að ræða landslög sem gilda um gagnainnflytjandann og banna að persónuupplýsingum sé skilað eða eytt skal gagnainnflytjandinn ábyrgjast að hann muni halda áfram að tryggja að farið sé að þessum ákvæðum og að hann muni aðeins vinna úr þeim að því marki og eins lengi og krafist er samkvæmt landslögum. Þetta hefur ekki áhrif á 14. ákvæði, einkum kröfuna í e-lið 14. ákvæðis um að gagnainnflytjandinn tilkynni gagnaútflytjandanum á gildistíma samningsins, ef hann hefur ástæðu til að ætla að hann falli undir eða hafi fallið undir lög eða venjur sem samrýmast ekki kröfunum í a-lið 14. ákvæðis.

8.6 **Öryggi við vinnslu**

a) Gagnainnflytjandinn og einnig gagnaútflytjandinn skulu, meðan á flutningi stendur, gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga, þ.m.t. vernd gegn öryggisrofi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar, taps, breytingar, óleyfilegrar birtingar eða aðgangs (hér á eftir nefnt „öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga“). Við mat á viðeigandi öryggisstigi skulu samningsaðilarnir taka tilhlýðilegt tillit til nýjustu tækni, kostnaðar við framkvæmd, eðlis, umfangs, samhengis og tilgangs vinnslunnar og áhættunnar sem fylgir vinnslunni fyrir skráðu einstaklingana. Samningsaðilarnir skulu einkum íhuga að grípa til dulkóðunar eða notkunar gerviauðkenna, þ.m.t. við flutning, ef unnt er að ná tilgangi vinnslunnar á þann hátt. Ef um er að ræða notkun gerviauðkenna skulu viðbótarupplýsingar, sem gera kleift að úthluta persónuupplýsingum til tiltekins skráðs einstaklings, vera áfram undir fullu eftirliti gagnaútflytjandans, ef þess er kostur. Þegar gagnainnflytjandinn uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari málsgrein skal hann a.m.k. framkvæma þær tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir sem tilgreindar eru í II. viðauka. Gagnainnflytjandinn skal gera reglulegar athuganir til að tryggja að þessar ráðstafanir haldi áfram að veita viðunandi öryggi.

b) Gagnainnflytjandinn skal einungis veita starfsfólki sínu aðgang að persónuupplýsingum að því marki sem er bráðnauðsynlegt vegna framkvæmdar, stjórnunar og eftirlits með samningnum. Hann skal tryggja að aðilar, sem hafa heimild til vinnslu persónuupplýsinga, hafi gengist undir trúnaðarskyldu eða heyri undir viðeigandi lögboðna trúnaðarskyldu.

c) Ef um er að ræða öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga sem gagnainnflytjandinn vinnur samkvæmt þessum ákvæðum skal gagnainnflytjandinn gera viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við öryggisbrestinum, þ.m.t. ráðstafanir til að draga úr skaðlegum áhrifum hans. Gagnainnflytjandinn skal einnig tilkynna gagnaútflytjandanum um brotið án ótilhlýðilegrar tafar eftir að hann verður var við öryggisbrestinn. Slík tilkynning skal innihalda upplýsingar um tengilið þar sem hægt er að fá meiri upplýsingar, lýsingu á eðli öryggisbrestsins (þ.m.t., ef mögulegt er, flokkun og áætlaðan fjölda skráðra einstaklinga og viðkomandi gagna um persónuupplýsingar), líklegar afleiðingar og þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða fyrirhugað er að gera til að taka á öryggisbrestinum, þ.m.t., eftir því sem við á, ráðstafanir til að draga úr skaðlegum áhrifum hans. Ef, og að því marki sem, ekki er mögulegt að láta allar upplýsingar í té á sama tíma skal upphaflega tilkynningin innihalda upplýsingarnar sem þá eru tiltækar og síðan skal veita frekari upplýsingar, eftir því sem þær verða fáanlegar, án ástæðulausrar tafar.

d) Gagnainnflytjandinn skal vinna með gagnaútflytjandanum og aðstoða hann við að gera honum kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, einkum að tilkynna lögbæra eftirlitsyfirvaldinu og þeim skráðu einstaklingum sem verða fyrir áhrifum, að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar og þeirra upplýsinga sem gagnainnflytjandinn hefur aðgang að.

8.7 **Viðkvæmar upplýsingar**

Ef miðlunin tekur til persónuupplýsinga sem leiða í ljós kynþátt eða þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu, eða stéttarfélagsaðild, erfðafræðilegar upplýsingar, lífkennaupplýsingar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti, heilsufarsupplýsingar eða upplýsingar er varða kynlíf einstaklings eða kynhneigð, eða upplýsingar er varða sakfellingar í refsimálum og refsiverð brot (hér á eftir „viðkvæmar upplýsingar“) skal gagnainnflytjandinn beita sérstökum takmörkunum og/eða viðbótarverndarráðstöfunum sem lýst er í B-hluta I. viðauka.

8.8 **Framsendingar**

Gagnainnflytjandinn skal einungis birta þriðja aðila persónuupplýsingarnar samkvæmt skjalfestum fyrirmælum frá gagnaútflytjandanum. Að auki má aðeins birta þriðja aðila sem er staðsettur utan Evrópusambandsins, persónuupplýsingarnar ([4]) (í sama landi og gagnainnflytjandinn eða í öðru þriðja landi, hér á eftir nefnd „framsending“) ef þriðji aðilinn er eða samþykkir að vera bundinn af ákvæðunum, samkvæmt viðeigandi sérsniði, eða ef:

i. framsendingin er til lands sem nýtur góðs af ákvörðun um að vernd sé fullnægjandi skv. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 sem tekur til framsendingar,

ii. þriðji aðili tryggir með öðrum hætti viðeigandi verndarráðstafanir skv. 46. eða 47. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 að því er varðar vinnsluna sem um er að ræða,

iii. framsendingin er nauðsynleg til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur í tengslum við tiltekna stjórnsýslumeðferð, eftirlit eða dómsmeðferð eða

iv. framsendingin er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni skráða einstaklingsins eða annars einstaklings.

Framsending er með fyrirvara um að gagnainnflytjandinn fari að öllum öðrum verndarráðstöfunum samkvæmt þessum ákvæðum, einkum takmörkun tilgangs.

8.9 **Skjalfesting og að farið sé að tilskildum ákvæðum**

a) Gagnainnflytjandinn skal svara fyrirspurnum gagnaútflytjandans sem lúta að vinnslu samkvæmt þessum ákvæðum á skjótan og fullnægjandi hátt.

b) Samningsaðilarnir skulu geta sýnt fram á að farið sé að þessum ákvæðum. Einkum skal gagnainnflytjandinn halda til haga viðeigandi skjölum um þá vinnslustarfsemi sem fram fer fyrir hönd gagnaútflytjandans.

c) Gagnainnflytjandinn skal láta gagnaútflytjandanum í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að skyldurnar sem settar eru fram í þessum ákvæðum séu uppfylltar og, að beiðni gagnaútflytjandans, heimila og leggja sitt af mörkum til úttekta á þeirri vinnslustarfsemi sem fellur undir þessi ákvæði, með hæfilegu millibili eða ef merki eru um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Þegar ákvörðun er tekin um endurskoðun eða úttekt getur gagnaútflytjandi tekið tillit til viðeigandi vottana sem gagnainnflytjandi hefur undir höndum.

d) Gagnaútflytjandi getur valið á milli þess að annast úttektina sjálfur eða veitt óháðum úttektaraðila umboð til þess. Úttektir geta falið í sér skoðanir á athafnasvæðum eða á efnislegri aðstöðu gagnainnflytjanda og skulu þær, eftir því sem við á, framkvæmdar með hæfilegum fyrirvara.

e) Samningsaðilarnir skulu gera upplýsingarnar, sem um getur í b- og c-lið, þ.m.t. niðurstöður allra úttekta, aðgengilegar lögbærum eftirlitsyfirvöldum sé þess óskað.

([4]) Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) kveður á um rýmkun innri markaðar Evrópusambandsins svo hann nái til EES-ríkjanna þriggja, Íslands, Liechtensteins og Noregs. Löggjöf Sambandsins um gagnavernd, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2016/679, fellur undir EES-samninginn og hefur verið felld inn í XI. viðauka hans. Af þeim sökum telst hvers konar birting upplýsinga af hálfu gagnainnflytjanda til þriðja aðila, sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, ekki vera framsending að því er varðar þessi ákvæði.

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

8.1 **Fyrirmæli**

a) Gagnaútflytjandinn hefur tilkynnt gagnainnflytjandanum að hann sé vinnsluaðili samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila hans sem gagnaútflytjandinn skal gera aðgengileg gagnainnflytjandanum áður en vinnsla hefst.

b) Gagnainnflytjandinn skal einungis vinna úr persónuupplýsingunum samkvæmt skjalfestum fyrirmælum ábyrgðaraðila, sem gagnaútflytjandi miðlar til gagnainnflytjanda, og skjalfestum viðbótarfyrirmælum frá gagnaútflytjandanum. Slík viðbótarfyrirmæli skulu ekki brjóta í bága við fyrirmæli ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðili eða gagnaútflytjandi getur gefið frekari skjalfest fyrirmæli varðandi gagnavinnsluna á samningstímanum.

c) Gagnainnflytjandinn skal tafarlaust upplýsa gagnaútflytjandann ef hann er ófær um að fylgja þessum fyrirmælum. Ef gagnainnflytjandinn er ófær um að fylgja fyrirmælum ábyrgðaraðilans skal gagnaútflytjandinn tafarlaust tilkynna það ábyrgðaraðilanum.

d) Gagnaútflytjandinn ábyrgist að hann hafi lagt sömu persónuverndarskyldur á gagnainnflytjandann og mælt er fyrir um í samningnum eða öðrum réttargerðum milli ábyrgðaraðilans og gagnaútflytjandans sem heyra undir lög Sambandsins eða lög aðildarríkis ([5]).

8.2 **Takmörkun tilgangs**

Gagnainnflytjandi skal einungis vinna persónuupplýsingarnar í þeim sérstaka tilgangi sem miðlunin þjónar, eins og fram kemur í B-hluta I. viðauka, nema hann fái frekari fyrirmæli frá ábyrgðaraðila, sem gagnaútflytjandi miðlar til gagnainnflytjanda, eða frá gagnaútflytjanda.

8.3 **Gagnsæi**

Gagnaútflytjandinn skal, samkvæmt beiðni, gera afrit af þessum ákvæðum, þ.m.t. viðbætinum eins og hann var útfylltur af samningsaðilunum, aðgengilegt skráðum einstaklingi án endurgjalds. Gagnaútflytjanda er heimilt, eftir því sem þurfa þykir til að vernda viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. persónuupplýsingar, að afmá hluta texta viðbætisins áður en hann deilir afriti en hann skal leggja fram samantekt þar að lútandi ef skráði einstaklingurinn myndi að öðrum kosti ekki geta skilið efni hennar eða neytt réttar síns. Samningsaðilarnir skulu, samkvæmt beiðni, láta skráða einstaklingnum í té ástæðurnar fyrir því, að því marki sem unnt er, án þess að láta í té upplýsingarnar sem voru afmáðar.

8.4 **Áreiðanleiki**

Ef gagnainnflytjandinn verður var við að persónuupplýsingar, sem hann hefur móttekið, séu óáreiðanlegar eða úreltar skal hann tilkynna gagnaútflytjandanum um það án ótilhlýðilegrar tafar. Í því tilviki skal gagnainnflytjandinn vinna með gagnaútflytjandanum að því að leiðrétta gögnin eða eyða þeim.

8.5 **Tímalengd vinnslu og eyðing eða skil gagna**

Vinnsla af hálfu gagnainnflytjanda skal aðeins fara fram í þann tíma sem tilgreindur er í B-hluta I. viðauka. Eftir að gagnainnflytjandinn hefur látið í té vinnsluþjónustu skal hann, að vali gagnaútflytjanda, eyða öllum persónuupplýsingum sem unnar hafa verið fyrir hönd ábyrgðaraðilans og votta gagnaútflytjandanum að hann hafi gert það eða skila gagnaútflytjandanum öllum persónuupplýsingum sem unnar hafa verið fyrir hans hönd og eyða afritum sem til eru. Þar til gögnunum hefur verið eytt eða þeim skilað skal gagnainnflytjandinn halda áfram að tryggja að farið sé að þessum ákvæðum. Ef um er að ræða landslög sem gilda um gagnainnflytjandann og banna að persónuupplýsingum sé skilað eða eytt skal gagnainnflytjandinn ábyrgjast að hann muni halda áfram að tryggja að farið sé að þessum ákvæðum og að hann muni aðeins vinna úr þeim að því marki og eins lengi og krafist er samkvæmt landslögum. Þetta hefur ekki áhrif á 14. ákvæði, einkum kröfuna í e-lið 14. ákvæðis um að gagnainnflytjandinn tilkynni það gagnaútflytjandanum á gildistíma samningsins, ef hann hefur ástæðu til að ætla að hann falli undir eða hafi fallið undir lög eða venjur sem samrýmast ekki kröfunum í a-lið 14. ákvæðis.

([5]) Sjá 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og, ef ábyrgðaraðili er meginstofnun eða stofnun ESB, 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.

8.6 **Öryggi við vinnslu**

a) Gagnainnflytjandinn og einnig gagnaútflytjandinn skulu, meðan á flutningi stendur, gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga, þ.m.t. vernd gegn öryggisrofi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar, taps, breytingar, óleyfilegrar birtingar eða aðgangs (hér á eftir nefnt „öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga“). Við mat á viðeigandi öryggisstigi skulu þeir taka tilhlýðilegt tillit til nýjustu tækni, kostnaðar við framkvæmd, eðlis, umfangs, samhengis og tilgangs vinnslunnar og áhættunnar sem fylgir vinnslunni fyrir skráða einstaklinginn. Samningsaðilarnir skulu einkum íhuga að grípa til dulkóðunar eða notkunar gerviauðkenna, þ.m.t. við flutning, ef unnt er að ná tilgangi vinnslunnar á þann hátt. Ef um er að ræða notkun gerviauðkenna skulu viðbótarupplýsingar, sem gera kleift að úthluta persónuupplýsingum til tiltekins skráðs einstaklings, vera áfram undir fullu eftirliti gagnaútflytjandans eða ábyrgðaraðilans, ef þess er kostur. Þegar gagnainnflytjandinn uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari málsgrein skal hann a.m.k. framkvæma þær tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir sem tilgreindar eru í II. viðauka. Gagnainnflytjandinn skal gera reglulegar athuganir til að tryggja að þessar ráðstafanir haldi áfram að veita viðunandi öryggi.

b) Gagnainnflytjandinn skal einungis veita starfsfólki sínu aðgang að upplýsingunum að því marki sem er bráðnauðsynlegt vegna framkvæmdar, stjórnunar og eftirlits með samningnum. Hann skal tryggja að aðilar, sem hafa heimild til vinnslu persónuupplýsinga, hafi gengist undir trúnaðarskyldu eða heyri undir viðeigandi lögboðna trúnaðarskyldu.

c) Ef um er að ræða öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga sem gagnainnflytjandinn vinnur samkvæmt þessum ákvæðum skal gagnainnflytjandinn gera viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við öryggisbrestinum, þ.m.t. ráðstafanir til að draga úr skaðlegum áhrifum hans. Gagnainnflytjandinn skal einnig, án ótilhlýðilegrar tafar, tilkynna gagnaútflytjandanum og, eftir því sem við á og mögulegt er, ábyrgðaraðilanum um öryggisbrestinn eftir að hann hefur orðið var við hann. Slík tilkynning skal innihalda upplýsingar um tengilið þar sem hægt er að fá meiri upplýsingar, lýsingu á eðli brestsins (þ.m.t., ef mögulegt er, flokkun og áætlaðan fjölda skráðra einstaklinga og viðkomandi gagna um persónuupplýsingar), líklegar afleiðingar og þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða fyrirhugað er að gera til að taka á öryggisbresti við meðferð gagna, þ.m.t., eftir því sem við á, ráðstafanir til að draga úr skaðlegum áhrifum hans. Ef, og að því marki sem, ekki er mögulegt að láta allar upplýsingar í té á sama tíma skal upphaflega tilkynningin innihalda upplýsingarnar sem þá eru tiltækar og síðan skal veita frekari upplýsingar, eftir því sem þær verða fáanlegar, án ástæðulausrar tafar.

d) Gagnainnflytjandinn skal vinna með gagnaútflytjandanum og aðstoða hann við að gera honum kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, einkum að tilkynna ábyrgðaraðilanum svo að sá síðarnefndi geti tilkynnt lögbæra eftirlitsyfirvaldinu og þeim skráðu einstaklingum sem verða fyrir áhrifum, að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar og þeirra upplýsinga sem gagnainnflytjandinn hefur aðgang að.

8.7 **Viðkvæmar upplýsingar**

Ef miðlunin tekur til persónuupplýsinga sem leiða í ljós kynþátt eða þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu, eða stéttarfélagsaðild, erfðafræðilegar upplýsingar, lífkennaupplýsingar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti, heilsufarsupplýsingar eða upplýsingar er varða kynlíf einstaklings eða kynhneigð, eða upplýsingar er varða sakfellingar í refsimálum og refsiverð brot (hér á eftir „viðkvæmar upplýsingar“) skal gagnainnflytjandinn beita sérstökum takmörkunum og/eða viðbótarverndarráðstöfunum sem settar eru fram í B-hluta I. viðauka.

8.8 **Framsendingar**

Gagnainnflytjandinn skal einungis birta þriðja aðila persónuupplýsingarnar samkvæmt skjalfestum fyrirmælum frá ábyrgðaraðila sem gagnaútflytjandi miðlar til gagnainnflytjanda. Að auki má aðeins birta þriðja aðila sem er staðsettur utan Evrópusambandsins, persónuupplýsingarnar ([6]) (í sama landi og gagnainnflytjandinn eða í öðru þriðja landi, hér á eftir nefnd „framsending“) ef þriðji aðilinn er eða samþykkir að vera bundinn af ákvæðunum, samkvæmt viðeigandi sérsniði, eða ef:

i. framsendingin er til lands sem nýtur góðs af ákvörðun um að vernd sé fullnægjandi skv. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 sem tekur til framsendingar,

([6]) Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) kveður á um rýmkun innri markaðar Evrópusambandsins svo hann nái til EES-ríkjanna þriggja, Íslands, Liechtensteins og Noregs. Löggjöf Sambandsins um gagnavernd, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2016/679, fellur undir EES-samninginn og hefur verið felld inn í XI. viðauka hans. Af þeim sökum telst hvers konar birting upplýsinga gagnainnflytjanda til þriðja aðila, sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, ekki vera framsending að því er varðar þessi ákvæði.

ii. þriðji aðili tryggir með öðrum hætti viðeigandi verndarráðstafanir skv. 46. eða 47. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,

iii. framsendingin er nauðsynleg til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur í tengslum við tiltekna stjórnsýslumeðferð, eftirlit eða dómsmeðferð eða

iv. framsendingin er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni skráða einstaklingsins eða annars einstaklings.

Framsending er með fyrirvara um að gagnainnflytjandinn fari að öllum öðrum verndarráðstöfunum samkvæmt þessum ákvæðum, einkum takmörkun tilgangs.

8.9 **Skjalfesting og að farið sé að tilskildum ákvæðum**

a) Gagnainnflytjandinn skal svara fyrirspurnum gagnaútflytjandans eða ábyrgðaraðilans sem lúta að vinnslu samkvæmt þessum ákvæðum á skjótan og fullnægjandi hátt.

b) Samningsaðilarnir skulu geta sýnt fram á að farið sé að þessum ákvæðum. Einkum skal gagnainnflytjandinn halda til haga viðeigandi skjölum um þá vinnslustarfsemi sem fram fer fyrir hönd ábyrgðaraðilans.

c) Gagnainnflytjandinn skal gera allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að skyldurnar, sem settar eru fram í þessum ákvæðum, séu uppfylltar, aðgengilegar gagnaútflytjandanum sem skal láta ábyrgðaraðilanum þær í té.

d) Gagnainnflytjandi skal heimila og leggja sitt af mörkum til úttekta gagnaútflytjanda á vinnslustarfseminni, sem fellur undir þessi ákvæði, með hæfilegu millibili eða ef merki eru um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Hið sama gildir þegar gagnaútflytjandi fer fram á úttekt samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila. Þegar ákvörðun er tekin um úttekt getur gagnaútflytjandi tekið tillit til viðeigandi vottana sem gagnainnflytjandi hefur undir höndum.

e) Ef úttektin er gerð samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila skal gagnaútflytjandinn gera niðurstöðurnar aðgengilegar ábyrgðaraðilanum.

f) Gagnaútflytjandi getur valið á milli þess að annast úttektina sjálfur eða veitt óháðum úttektaraðila umboð til þess. Úttektir geta falið í sér skoðanir á athafnasvæðum eða á efnislegri aðstöðu gagnainnflytjanda og skulu þær, eftir því sem við á, framkvæmdar með hæfilegum fyrirvara.

g) Samningsaðilarnir skulu gera upplýsingarnar, sem um getur í b- og c-lið, þ.m.t. niðurstöður allra úttekta, aðgengilegar lögbærum eftirlitsyfirvöldum sé þess óskað.

FJÓRÐA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til ábyrgðaraðila

8.1 **Fyrirmæli**

a) Gagnaútflytjandinn skal einungis vinna úr persónuupplýsingunum samkvæmt skjalfestum fyrirmælum frá gagnainnflytjandanum sem starfar sem ábyrgðaraðili.

b) Gagnaútflytjandinn skal tafarlaust upplýsa gagnainnflytjandann ef hann er ófær um að fylgja þessum fyrirmælum, þ.m.t. ef slík fyrirmæli brjóta í bága við reglugerð (ESB) 2016/679 eða önnur persónuverndarlög Sambandsins eða aðildarríkis.

c) Gagnainnflytjandinn skal ekki gera neitt það sem gæti komið í veg fyrir að gagnaútflytjandinn uppfylli skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679, þ.m.t. í tengslum við vinnslu hjá undirverktaka eða að því er varðar samvinnu við lögbær eftirlitsyfirvöld.

d) Eftir að gagnaútflytjandinn hefur látið í té vinnsluþjónustu skal hann, að vali gagnainnflytjanda, eyða öllum persónuupplýsingum sem unnar hafa verið fyrir hönd gagnainnflytjandans og votta gagnainnflytjandanum að hann hafi gert það eða skila gagnainnflytjandanum öllum persónuupplýsingum sem unnar hafa verið fyrir hans hönd og eyða afritum sem til eru.

8.2 **Öryggi við vinnslu**

a) Aðilarnir skulu gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga, þ.m.t. meðan á flutningi stendur, og vernd gegn öryggisrofi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar, taps, breytingar, óleyfilegrar birtingar eða aðgangs (hér á eftir nefnt „öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga“). Við mat á viðeigandi öryggisstigi skulu þeir taka tilhlýðilegt tillit til nýjustu tækni, kostnaðar við framkvæmd, eðlis persónuupplýsinganna ([7]), eðlis, umfangs, samhengis og tilgangs vinnslunnar og áhættunnar sem fylgir vinnslunni fyrir skráða einstaklinga og einkum íhuga að grípa til dulkóðunar eða notkunar gerviauðkenna, þ.m.t. við flutning, ef unnt er að ná tilgangi vinnslunnar á þann hátt.

b) Gagnaútflytjandinn skal aðstoða gagnainnflytjandann við að tryggja viðeigandi öryggi gagnanna í samræmi við a-lið. Gagnaútflytjandinn skal tilkynna gagnainnflytjandanum án ótilhlýðilegrar tafar eftir að hann verður var við öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga og aðstoða hann við að bregðast við öryggisbrestinum, ef brot á persónuupplýsingum varðar persónuupplýsingar sem gagnaútflytjandinn vinnur samkvæmt þessum ákvæðum.

c) Gagnaútflytjandi skal tryggja að aðilar, sem hafa heimild til vinnslu persónuupplýsinga, hafi gengist undir trúnaðarskyldu eða heyri undir viðeigandi lögboðna trúnaðarskyldu.

8.3 **Skjalfesting og að farið sé að tilskildum ákvæðum**

a) Samningsaðilarnir skulu geta sýnt fram á að farið sé að þessum ákvæðum.

b) Gagnaútflytjandinn skal láta gagnainnflytjandanum í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að skyldurnar sem settar eru fram í þessum ákvæðum séu uppfylltar og heimila og leggja sitt af mörkum til úttekta.

9. ákvæði

Notkun undirverktaka vinnsluaðila

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

a) 1. valkostur: SÉRSTAKT FYRIRFRAMLEYFI Gagnainnflytjandinn má ekki ráða undirverktaka vinnsluaðila til neinnar vinnslu sem hann innir af hendi fyrir hönd gagnaútflytjandans samkvæmt þessum ákvæðum nema með sérstakri fyrirfram veittri skriflegri heimild gagnaútflytjandans. Gagnainnflytjandi skal leggja fram beiðni um sérstaka heimild a.m.k. [*tilgreinið tímabil*] áður en undirverktaki vinnsluaðila er fenginn til starfa, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að gera gagnaútflytjanda kleift að taka ákvörðun um heimildina. Skrána yfir undirverktaka vinnsluaðila, sem gagnaútflytjandi viðurkennir, er að finna í III. viðauka. Samningsaðilar skulu uppfæra III. viðauka reglulega.

2. valkostur: ALMENN SKRIFLEG HEIMILD Gagnainnflytjandinn hefur almenna heimild gagnaútflytjanda til að ráða undirverktaka vinnsluaðila samkvæmt samþykktri skrá. Gagnainnflytjandinn skal gera gagnaútflytjanda sérstaklega viðvart skriflega um allar fyrirhugaðar breytingar á skránni með því að bæta við eða skipta út undirverktökum vinnsluaðila með a.m.k. [*tilgreinið tímabil*] fyrirvara og gefa þannig gagnaútflytjanda nægan tíma til að andmæla slíkum breytingum áður en undirverktakar vinnsluaðila eru ráðnir. Gagnainnflytjandinn skal veita gagnaútflytjanda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera honum kleift að neyta andmælaréttar síns.

b) Þegar gagnainnflytjandinn fær undirverktaka vinnsluaðila til að annast tiltekna vinnslustarfsemi (fyrir hönd gagnaútflytjandans) skal hann gera það með skriflegum samningi þar sem kveðið er efnislega á um sömu persónuverndarskyldur og þær sem eru bindandi fyrir gagnainnflytjandann samkvæmt þessum ákvæðum, þ.m.t. með tilliti til réttinda haghafa sem er þriðji aðili gagnvart skráðum einstaklingum. ([8]) Samningsaðilarnir samþykkja að með því að fara að þessu ákvæði uppfylli gagnainnflytjandi skyldur sínar samkvæmt ákvæði 8.8. Gagnainnflytjandinn skal tryggja að undirverktaki vinnsluaðila uppfylli þær skyldur sem gagnainnflytjandinn ber samkvæmt þessum ákvæðum.

([7]) Þetta tekur til þess hvort miðlun og frekari vinnsla feli í sér persónuupplýsingar sem leiða í ljós kynþátt eða þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu, eða stéttarfélagsaðild, erfðafræðilegar upplýsingar, lífkennaupplýsingar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti, heilsufarsupplýsingar eða upplýsingar er varða kynlíf einstaklings eða kynhneigð, eða upplýsingar er varða sakfellingar í refsimálum og refsiverð brot.

([8]) Undirverktaki vinnsluaðila, sem gerist aðili að þessum ákvæðum samkvæmt viðeigandi sérsniði, getur uppfyllt þessa kröfu í samræmi við 7. ákvæði.

c) Gagnainnflytjandinn skal, að beiðni gagnaútflytjandans, láta honum í té afrit af slíkum samningi við undirverktaka vinnsluaðila og allar síðari breytingar á honum. Gagnainnflytjandinn má, eftir því sem þurfa þykir til að vernda viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. persónuupplýsingar, afmá texta samningsins áður en hann deilir afriti.

d) Gagnainnflytjandi skal áfram bera fulla ábyrgð gagnvart gagnaútflytjandanum á því að skyldur undirverktaka vinnsluaðilans séu uppfylltar í samræmi við samning hans við gagnainnflytjanda. Gagnainnflytjandinn skal tilkynna gagnaútflytjandanum ef undirverktaki vinnsluaðila uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum.

e) Gagnainnflytjandi skal gera samkomulag við undirverktaka vinnsluaðila um ákvæði varðandi haghafa sem er þriðji aðili þar sem gagnaútflytjandi skal, ef til þess kemur að gagnainnflytjandi er ekki lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða er ógjaldfær, hafa rétt til að segja upp samningi við undirverktaka vinnsluaðila og gefa undirverktaka vinnsluaðila fyrirmæli um að eyða persónuupplýsingunum eða skila þeim.

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

a) 1. valkostur: SÉRSTAKT FYRIRFRAMLEYFI Gagnainnflytjandinn má ekki ráða undirverktaka vinnsluaðila til neinnar vinnslu sem hann innir af hendi fyrir hönd gagnaútflytjandans samkvæmt þessum ákvæðum nema með sérstakri fyrirfram veittri skriflegri heimild ábyrgðaraðilans. Gagnainnflytjandi skal leggja fram beiðni um sérstaka heimild a.m.k. [*tilgreinið tímabil*] áður en undirverktaki vinnsluaðila er fenginn til starfa, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að gera ábyrgðaraðila kleift að taka ákvörðun um heimildina. Hann skal tilkynna gagnaútflytjandanum um slíka ráðstöfun. Skrána yfir undirverktaka vinnsluaðila, sem ábyrgðaraðili viðurkennir, er að finna í III. viðauka. Samningsaðilar skulu uppfæra III. viðauka reglulega.

2. valkostur: ALMENN SKRIFLEG HEIMILD Gagnainnflytjandinn hefur almenna heimild ábyrgðaraðila til að ráða undirverktaka vinnsluaðila samkvæmt samþykktri skrá. Gagnainnflytjandi skal gera ábyrgðaraðila sérstaklega viðvart skriflega um allar fyrirhugaðar breytingar á skránni með því að bæta við eða skipta út undirverktökum vinnsluaðila með a.m.k. [*tilgreinið tímabil*] fyrirvara og gefa þannig ábyrgðaraðila nægan tíma til að andmæla slíkum breytingum áður en undirverktakar vinnsluaðila eru ráðnir. Gagnainnflytjandi skal veita ábyrgðaraðilanum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera honum kleift að neyta andmælaréttar síns. Gagnainnflytjandinn skal upplýsa gagnaútflytjandann um ráðningu undirverktaka vinnsluaðila.

b) Þegar gagnainnflytjandinn fær undirverktaka vinnsluaðila til að annast tiltekna vinnslustarfsemi (fyrir hönd ábyrgðar aðilans) skal hann gera það með skriflegum samningi þar sem kveðið er efnislega á um sömu persónuverndarskyldur og þær sem eru bindandi fyrir gagnainnflytjandann samkvæmt þessum ákvæðum, þ.m.t. með tilliti til réttinda haghafa sem er þriðji aðili fyrir skráða einstaklinga. [9] Samningsaðilarnir samþykkja að með því að fara að þessu ákvæði uppfylli gagnainnflytjandi skyldur sínar samkvæmt ákvæði 8.8. Gagnainnflytjandinn skal tryggja að undirverktaki vinnsluaðila uppfylli þær skyldur sem gagnainnflytjandinn ber samkvæmt þessum ákvæðum.

c) Gagnainnflytjandinn skal, að beiðni gagnaútflytjanda eða ábyrgðaraðila, láta í té afrit af slíkum samningi við undirverktaka vinnsluaðila og allar síðari breytingar á honum. Gagnainnflytjandinn má, eftir því sem þurfa þykir til að vernda viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. persónuupplýsingar, afmá texta samningsins áður en hann deilir afriti.

d) Gagnainnflytjandi skal áfram bera fulla ábyrgð gagnvart gagnaútflytjandanum á því að skyldur undirverktaka vinnslu aðilans séu uppfylltar í samræmi við samning hans við gagnainnflytjanda. Gagnainnflytjandinn skal tilkynna gagnaútflytjandanum ef undirverktaki vinnsluaðila uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum.

e) Gagnainnflytjandi skal gera samkomulag við undirverktaka vinnsluaðila um ákvæði varðandi haghafa sem er þriðji aðili þar sem gagnaútflytjandi skal, ef til þess kemur að gagnainnflytjandi er ekki lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða er ógjaldfær, hafa rétt til að segja upp samningi við undirverktaka vinnsluaðila og gefa undirverktaka vinnsluaðila fyrirmæli um að eyða persónuupplýsingunum eða skila þeim.

(9) Undirverktaki vinnsluaðila, sem gerist aðili að þessum ákvæðum samkvæmt viðeigandi sérsniði, getur uppfyllt þessa kröfu í samræmi við 7. ákvæði.

10. ákvæði

Réttindi skráðra einstaklinga

FYRSTA SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til ábyrgðaraðila

a) Gagnainnflytjandinn skal, ef við á og með aðstoð gagnaútflytjandans, ef einhver er, meðhöndla fyrirspurnir og beiðnir sem honum berast frá skráðum einstaklingi varðandi vinnslu persónuupplýsinga hans og nýtingu réttar hans samkvæmt þessum ákvæðum án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en einum mánuði eftir að fyrirspurn eða beiðni berst. ([10]) Gagnainnflytjandinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir slíkum fyrirspurnum, beiðnum og því að skráðir einstaklingar neyti réttinda sinna. Allar upplýsingar sem skráðum einstaklingi eru veittar skulu vera skiljanlegar og aðgengilegar, á skýru og einföldu máli.

b) Einkum skal gagnainnflytjandinn, að beiðni skráða einstaklingsins, endurgjaldslaust:

   i. veita skráða einstaklingnum staðfestingu á því hvort unnið sé með persónuupplýsingar er varða hann sjálfan og, í því tilviki, afrit af upplýsingunum er varða hann og upplýsingunum í I. viðauka; ef persónuupplýsingar hafa verið eða verða framsendar skal veita upplýsingar um viðtakendur eða flokka viðtakenda (eins og við á í því skyni að veita mikilvægar upplýsingar), sem persónuupplýsingarnar hafa verið eða verða framsendar til, tilgang slíkra framsendinga og ástæðu þeirra samkvæmt ákvæði 8.7; og veita upplýsingar um réttinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi í samræmi við i. lið c-liðar 12. ákvæðis,

   ii. leiðrétta óáreiðanleg eða ófullnægjandi gögn varðandi skráðan einstakling,

   iii. eyða persónuupplýsingum um skráðan einstakling ef slíkar upplýsingar eru í vinnslu eða ef þær hafa verið unnar í trássi við eitthvert þessara ákvæða, sem tryggja réttindi haghafa sem er þriðji aðili, eða ef skráði einstaklingurinn dregur til baka samþykki sitt sem vinnslan byggist á.

c) Þegar gagnainnflytjandi vinnur persónuupplýsingar í beinum markaðslegum tilgangi skal hann hætta vinnslu ef skráði einstaklingurinn andmælir því.

d) Gagnainnflytjandinn skal ekki taka ákvörðun sem byggir eingöngu á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinganna sem hefur verið miðlað (hér á eftir nefnd „ákvörðun með sjálfvirkum hætti“) sem hefði réttaráhrif gagnvart skráða einstaklingnum eða veruleg áhrif gagnvart honum sjálfum með svipuðum hætti, nema með ótvíræðu samþykki skráða einstaklingsins eða ef honum er það heimilt samkvæmt lögum viðtökulandsins, að því tilskildu að í slíkum lögum sé mælt fyrir um viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi og lögmæta hagsmuni skráða einstaklingsins. Í því tilviki skal gagnainnflytjandinn, ef nauðsyn krefur og í samstarfi við gagnaútflytjandann:

   i. upplýsa skráða einstaklinginn um fyrirhugaða ákvörðun með sjálfvirkum hætti, fyrirsjáanlegar afleiðingar og þau rök sem liggja þar að baki og

   ii. koma í framkvæmd viðeigandi verndarráðstöfunum, a.m.k. með því að gera skráða einstaklingnum kleift að vefengja ákvörðunina, láta skoðun sína í ljós og fá endurskoðun frá manneskju.

e) Þegar beiðnir frá skráðum einstaklingum eru óhóflegar, einkum vegna þess að þær eru endurteknar, er gagnainnflytjanda heimilt að setja upp sanngjarnt gjald með tillit til stjórnsýslukostnaðar við að verða við beiðninni, eða neita að fjalla um beiðnina.

f) Gagnainnflytjandinn getur synjað beiðni skráðs einstaklings ef slík synjun er heimil samkvæmt lögum viðtökulandsins og er nauðsynleg og hófleg í lýðræðisþjóðfélagi til að vernda eitthvert af markmiðunum sem talin eru upp í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

g) Ef gagnainnflytjandi hyggst synja beiðni skráðs einstaklings skal hann upplýsa skráða einstaklinginn um ástæður synjunarinnar og möguleikann á því að leggja fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsyfirvaldi og/eða leita úrlausnar fyrir dómstólum.

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

a) Gagnainnflytjandi skal þegar í stað tilkynna gagnaútflytjandanum um allar beiðnir sem hann fær frá skráðum einstaklingi. Hann skal ekki svara beiðninni sjálfur nema gagnaútflytjandinn hafi veitt honum heimild til þess.

([10]) Lengja má frestinn um tvo mánuði að hámarki eftir því sem þurfa þykir, með hliðsjón af fjölda beiðna og því hversu flóknar þær eru. Gagnainnflytjandinn skal upplýsa skráða einstaklinginn um slíka framlengingu með tilhlýðilegum og skjótum hætti.

b) Gagnainnflytjandinn skal aðstoða gagnaútflytjandann við að uppfylla þá skyldu sína að svara beiðnum skráðra einstaklinga um að neyta réttar síns samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Hvað þetta varðar skulu samningsaðilarnir setja fram í II. viðauka viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, sem taka tillit til eðlis vinnslunnar, sem nota skal við veitingu aðstoðarinnar, sem og umfang þeirrar aðstoðar sem krafist er.

c) Þegar gagnainnflytjandinn uppfyllir skyldur sínar samkvæmt a- og b-lið skal hann fylgja fyrirmælum gagnaútflytjandans.

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

a) Gagnainnflytjandinn skal þegar í stað tilkynna gagnaútflytjandanum og, eftir því sem við á, ábyrgðaraðilanum um sérhverja beiðni sem honum berst frá skráðum einstaklingi, án þess að svara þeirri beiðni nema ábyrgðaraðilinn hafi veitt honum heimild til þess.

b) Gagnainnflytjandinn skal aðstoða ábyrgðaraðilann, eftir því sem við á í samvinnu við gagnaútflytjandann, við að uppfylla þá skyldu sína að svara beiðnum skráðra einstaklinga um að neyta réttar síns samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 eða reglugerð (ESB) 2018/1725 eftir því sem við á. Hvað þetta varðar skulu samningsaðilarnir setja fram í II. viðauka viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, sem taka tillit til eðlis vinnslunnar, sem nota skal við veitingu aðstoðarinnar, sem og umfang þeirrar aðstoðar sem krafist er.

c) Þegar gagnainnflytjandinn uppfyllir skyldur sínar samkvæmt a- og b-lið skal hann fylgja fyrirmælum ábyrgðaraðilans eins og gagnaútflytjandinn miðlar þeim.

FJÓRÐA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til ábyrgðaraðila

Samningsaðilarnir skulu aðstoða hver annan við að svara fyrirspurnum og beiðnum frá skráðum einstaklingum samkvæmt þeim landslögum sem gilda um gagnainnflytjandann eða, vegna gagnavinnslu gagnaútflytjandans í ESB, samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679.

11. ákvæði

Úrlausn

a) Gagnainnflytjandinn skal upplýsa skráða einstaklinga á gagnsæju og aðgengilegu sniði, með því að senda tilkynningu sérstaklega eða á vefsetri sínu, um tengilið sem hefur heimild til að meðhöndla kvartanir. Hann skal taka tafarlaust á sérhverri kvörtun sem honum berst frá skráðum einstaklingi.

[Valkostur: Gagnainnflytjandinn samþykkir að skráðir einstaklingar geti einnig lagt fram kvörtun hjá óháðum aðila sem sér um lausn deilumála ([11]), skráðum einstaklingum að kostnaðarlausu. Hann skal upplýsa skráðu einstaklingana, með þeim hætti sem sett er fram í a-lið, um slíkt fyrirkomulag úrlausna og að þeir þurfi ekki að nota það eða fylgja tiltekinni röð við að leita úrlausna.]

FYRSTA SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til ábyrgðaraðila

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

b) Komi upp deila milli skráðs einstaklings og eins af samningsaðilunum að því er varðar hvernig farið sé að þessum ákvæðum skal sá samningsaðili leitast við að leysa málið tímanlega í vinsemd. Samningsaðilarnir skulu upplýsa hvor annan um slíkar deilur og vinna saman að lausn þeirra, eftir því sem við á.

c) Þegar skráður einstaklingur skírskotar til réttinda hagafa sem er þriðji aðili skv. 3. ákvæði skal gagnainnflytjandi samþykkja ákvörðun skráða einstaklingsins um að:

i. leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi í aðildarríkinu þar sem hann hefur fasta búsetu eða vinnustað eða hjá lögbæru eftirlitsyfirvaldi skv. 13. ákvæði,

ii. vísa deilunni til þar til valdbærra dómstóla í skilningi 18. ákvæðis.

([11]) Gagnainnflytjandinn getur aðeins boðið óháða lausn í deilumáli fyrir milligöngu gerðardóms ef hann hefur staðfestu í landi sem hefur fullgilt New York-samninginn um fullnustu gerðardómsúrskurða.

d) Samningsaðilarnir samþykkja að skráði einstaklingurinn megi njóta fyrirsvars stofnunar, samtaka eða félags sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

e) Gagnainnflytjandinn skal hlíta ákvörðun sem er bindandi samkvæmt gildandi lögum ESB eða lögum aðildarríkis.

f) Gagnainnflytjandinn samþykkir að val skráða einstaklingsins hafi ekki áhrif á efnislegan rétt hans eða réttarfarsleg réttindi til að leita úrræða í samræmi við gildandi lög.

12. ákvæði

Bótaábyrgð

FYRSTA SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til ábyrgðaraðila

FJÓRÐA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til ábyrgðaraðila

a) Sérhver samningsaðili skal bera ábyrgð gagnvart hinum samningsaðilunum á tjóni sem hann veldur öðrum samningsaðilum vegna brota á þessum ákvæðum.

b) Sérhver samningsaðili skal bera ábyrgð gagnvart skráða einstaklingnum og skal skráði einstaklingurinn eiga rétt á að fá skaðabætur vegna eignatjóns eða óefnislegs tjóns sem samningsaðilinn veldur skráða einstaklingnum með því að brjóta á réttindum haghafa sem er þriðji aðili samkvæmt þessum ákvæðum. Þetta hefur ekki áhrif á bótaábyrgð gagnaútflytjanda samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679.

c) Ef fleiri en einn samningsaðili bera ábyrgð á tjóni sem skráður einstaklingur verður fyrir vegna brota á þessum ákvæðum skulu allir ábyrgir samningsaðilar bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn og er skráða einstaklingnum heimilt að höfða mál fyrir dómstólum gegn hverjum og einum þessara samningsaðila.

d) Samningsaðilarnir samþykkja að ef einn samningsaðili ber ábyrgð skv. c-lið skal hann eiga rétt á að krefja hina samningsaðilana um þann hluta skaðabótanna til baka sem samsvarar ábyrgð þeirra á tjóninu.

e) Gagnainnflytjandinn getur ekki borið fyrir sig háttsemi vinnsluaðila eða undirverktaka vinnsluaðila til að firra sig bótaábyrgð.

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

a) Sérhver samningsaðili skal bera ábyrgð gagnvart hinum samningsaðilunum á tjóni sem hann veldur öðrum samningsaðilum vegna brota á þessum ákvæðum.

b) Gagnainnflytjandinn skal bera ábyrgð gagnvart skráða einstaklingnum og skal skráði einstaklingurinn eiga rétt á að fá skaðabætur vegna eignatjóns eða óefnislegs tjóns sem gagnainnflytjandinn eða undirverktaki vinnsluaðila veldur skráða einstaklingnum með því að brjóta á réttindum haghafa sem er þriðji aðili samkvæmt þessum ákvæðum.

c) Þrátt fyrir b-lið skal gagnaútflytjandi bera ábyrgð gagnvart skráða einstaklingnum og skal skráði einstaklingurinn eiga rétt á að fá skaðabætur vegna eignatjóns eða óefnislegs tjóns sem gagnaútflytjandi eða gagnainnflytjandi (eða undirverktaki vinnsluaðila hans) veldur skráða einstaklingnum með því að brjóta á réttindum haghafa sem er þriðji aðili samkvæmt þessum ákvæðum. Þetta hefur ekki áhrif á bótaábyrgð gagnaútflytjanda og, ef gagnaútflytjandinn er vinnsluaðili sem kemur fram fyrir hönd ábyrgðaraðila, bótaábyrgð ábyrgðaraðila samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 eða reglugerð (ESB) 2018/1725, eftir því sem við á.

d) Samningsaðilarnir samþykkja að ef gagnaútflytjandinn ber ábyrgð samkvæmt c-lið varðandi tjón af völdum gagnainn flytjandans (eða undirverktaka vinnsluaðila hans) skuli hann eiga rétt á að krefja gagnainnflytjandann um þann hluta skaðabótanna sem samsvarar ábyrgð gagnainnflytjandans á tjóninu.

e) Ef fleiri en einn samningsaðili bera ábyrgð á tjóni sem skráður einstaklingur verður fyrir vegna brota á þessum ákvæðum skulu allir ábyrgir samningsaðilar bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn og er skráða einstaklingnum heimilt að höfða mál fyrir dómstólum gegn hverjum og einum þessara samningsaðila.

f) Samningsaðilarnir samþykkja að ef einn samningsaðili ber ábyrgð skv. e-lið skuli hann eiga rétt á að krefja hina samningsaðilana um þann hluta skaðabótanna til baka sem samsvarar ábyrgð þeirra á tjóninu.

g) Gagnainnflytjandinn getur ekki borið fyrir sig háttsemi undirverktaka vinnsluaðila til að firra sig bótaábyrgð.

13. ákvæði

Eftirlit

FYRSTA SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til ábyrgðaraðila

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

a) [Ef gagnaútflytjandinn hefur staðfestu í aðildarríki Evrópusambandsins:] Eftirlitsyfirvaldið sem ber ábyrgð á að tryggja að gagnaútflytjandinn fari að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/679 að því er varðar gagnaflutninginn, eins og fram kemur í C-hluta I. viðauka, skal gegna hlutverki lögbærs eftirlitsyfirvalds.

[Ef gagnaútflytjandinn hefur ekki staðfestu í aðildarríki Evrópusambandsins, en fellur undir gildissvæði reglugerðar (ESB) 2016/679 í samræmi við 2. mgr. 3. gr. hennar og hefur tilnefnt fulltrúa skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679:] Eftirlitsyfirvald aðildarríkisins þar sem fulltrúinn í skilningi 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 hefur staðfestu, eins og tilgreint er í C-hluta I. viðauka, skal gegna hlutverki lögbærs eftirlitsyfirvalds.

[Ef gagnaútflytjandinn hefur ekki staðfestu í aðildarríki Evrópusambandsins, en fellur undir gildissvæði reglugerðar (ESB) 2016/679 í samræmi við 2. mgr. 3. gr. hennar, án þess þó að þurfa að tilnefna fulltrúa skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679:] Eftirlitsyfirvald í einu þeirra aðildarríkja þar sem skráðir einstaklingar, sem persónuupplýsingum er miðlað um samkvæmt þessum ákvæðum í tengslum við sölu vöru eða þjónustu til þeirra eða þar sem eftirlit er haft með hegðun þeirra, eru staðsettir, sbr. C-hluta I. viðauka, skal vera lögbært eftirlitsyfirvald.

b) Gagnainnflytjandinn samþykkir að falla undir lögsögu og vinna með lögbæru eftirlitsyfirvaldi að málsmeðferð sem miðar að því að tryggja að farið sé að þessum ákvæðum. Einkum skal gagnainnflytjandinn samþykkja að svara fyrirspurnum, gangast undir úttektir og fara að þeim ráðstöfunum sem eftirlitsyfirvaldið samþykkir, þ.m.t. ráðstöfunum til úrbóta og til að bæta tjón. Hann skal láta eftirlitsyfirvaldinu í té skriflega staðfestingu um að gripið hafi verið til nauðsynlegra aðgerða.

III. ÞÁTTUR – LANDSLÖG OG SKYLDUR EF OPINBER YFIRVÖLD HAFA AÐGANG AÐ GÖGNUNUM

14. ákvæði

Landslög og venjur sem hafa áhrif á hvernig farið er að ákvæðunum

FYRSTA SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til ábyrgðaraðila

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

FJÓRÐA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til ábyrgðaraðila *(ef vinnsluaðili í ESB sameinar persónuupplýsingarnar sem berast frá ábyrgðaraðila í þriðja landi og persónuupplýsingarnar sem vinnsluaðili í ESB safnar)*

a) Samningsaðilarnir ábyrgjast að þeir hafi enga ástæðu til að ætla að lög og venjur í þriðja landi, sem er viðtökuland, sem eiga við um vinnslu gagnainnflytjandans á persónuupplýsingunum, þ.m.t. kröfur um birtingu persónuupplýsinga eða ráðstafanir sem heimila aðgang opinberra yfirvalda, komi í veg fyrir að gagnainnflytjandinn uppfylli skyldur sínar samkvæmt þessum ákvæðum. Þetta er byggt á þeim skilningi að lög og venjur, sem virða eðli grundvallarréttinda og mannfrelsis og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er og hóflegt í lýðræðisþjóðfélagi til að standa vörð um eitthvert af markmiðunum sem talin eru upp í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, stangist ekki á við þessi ákvæði.

b) Samningsaðilarnir lýsa því yfir að þeir hafi, þegar þeir veita ábyrgðina sem um getur í a-lið, tekið tilhlýðilegt tillit til einkum eftirfarandi þátta:

i. sérstakra aðstæðna við miðlunina, þ.m.t. lengdar vinnslukeðjunnar, fjölda aðila sem eiga hlut að máli og þeirra flutningsleiða sem notaðar eru, fyrirhugaðrar framsendingar, tegundar viðtakanda, tilgangs vinnslu, flokka og sniðs persónuupplýsinga sem miðlað er, atvinnuvegarins þar sem miðlunin á sér stað, geymslustaðar þeirra gagna sem er miðlað,

ii. laga og venja þriðja lands sem er viðtökuland, þ.m.t. þeirra sem krefjast þess að opinberum yfirvöldum séu látnar í té upplýsingar eða að aðgangur slíkra yfirvalda sé heimilaður, sem skipta máli í ljósi sérstakra aðstæðna við miðlunina, og gildandi takmarkana og verndarráðstafana ([12]),

iii. allra viðeigandi samningsbundinna, tæknilegra eða skipulagslegra verndarráðstafana sem gerðar eru til viðbótar verndarráðstöfunum samkvæmt þessum ákvæðum, þ.m.t. ráðstafana sem gerðar eru meðan á flutningi stendur og við vinnslu persónuupplýsinga í viðtökulandinu.

c) Gagnainnflytjandinn ábyrgist að hann hafi, við framkvæmd matsins samkvæmt b-lið, gert sitt ýtrasta til að veita gagnaútflytjandanum viðeigandi upplýsingar og samþykkir að hann muni halda áfram samstarfi við gagnaútflytjandann til að tryggja að farið sé að þessum ákvæðum.

d) Samningsaðilarnir samþykkja að skjalfesta matið samkvæmt b-lið og gera það aðgengilegt lögbæru eftirlitsyfirvaldi að fenginni beiðni þar um.

e) Gagnainnflytjandinn samþykkir að tilkynna það gagnaútflytjanda án tafar, eftir að hann hefur samþykkt þessi ákvæði og á öllum samningstímanum, ef hann hefur ástæðu til að ætla að hann falli eða hafi fallið undir lög eða venjur sem samrýmast ekki kröfum a-liðar, þ.m.t. í kjölfar breytinga á lögum þriðja landsins eða ráðstöfunar (s.s. beiðni um birtingu upplýsinga) sem bendir til beitingar slíkra laga í raun sem er ekki í samræmi við kröfur a-liðar. [Fyrir þriðja sérsnið: Gagnaútflytjandinn skal senda tilkynninguna til ábyrgðaraðilans.]

f) Eftir tilkynningu samkvæmt e-lið, eða ef gagnaútflytjandi hefur að öðru leyti ástæðu til að ætla að gagnainnflytjandinn geti ekki lengur uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessum ákvæðum, skal gagnaútflytjandinn án tafar tilgreina viðeigandi ráðstafanir (t.d. tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og trúnað) sem gagnaútflytjandinn og/eða gagnainnflytjandinn skulu gera til að takast á við aðstæðurnar [fyrir þriðja sérsnið: ef við á, í samráði við ábyrgðaraðilann]. Gagnaútflytjandinn skal stöðva gagnaflutninginn tímabundið ef hann telur að ekki sé hægt að tryggja viðeigandi verndarráðstafanir fyrir slíka miðlun eða ef fyrirmæli berast frá [fyrir þriðja sérsnið: ábyrgðaraðilanum eða] lögbæru eftirlitsyfirvaldi í þá veru. Í því tilviki skal gagnaútflytjandinn hafa rétt til að segja samningnum upp, að því marki sem hann varðar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessum ákvæðum. Ef fleiri en tveir samningsaðilar koma að samningnum getur gagnaútflytjandinn aðeins nýtt sér þennan rétt til uppsagnar gagnvart viðkomandi samningsaðila, nema samningsaðilarnir hafi komið sér saman um annað. Ef samningnum er sagt upp samkvæmt þessu ákvæði skulu d- og e-liður 16. ákvæðis gilda.

15. ákvæði

Skyldur gagnainnflytjandans ef opinber yfirvöld hafa aðgang

FYRSTA SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til ábyrgðaraðila

ANNAÐ SÉRSNIÐ: Miðlun frá ábyrgðaraðila til vinnsluaðila

ÞRIÐJA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til vinnsluaðila

FJÓRÐA SÉRSNIÐ: Miðlun frá vinnsluaðila til ábyrgðaraðila *(ef vinnsluaðili í ESB sameinar persónuupplýsingarnar sem berast frá ábyrgðaraðila í þriðja landi og persónuupplýsingarnar sem vinnsluaðili í ESB safnar)*

([12]) Að því er varðar áhrif slíkra laga og venja á það hvort farið er að þessum ákvæðum má líta á ólíka þætti sem hluta af heildarmati. Slíkir þættir geta falið í sér viðeigandi og skjalfesta hagnýta reynslu af fyrri tilvikum þar sem opinber yfirvöld óska eftir birtingu upplýsinga, eða að slík ósk sé ekki fyrir hendi, sem nær yfir tímaramma sem er nægilega dæmigerður. Þetta á einkum við um innri skrár eða önnur skjöl sem gerð eru með samfelldum hætti í samræmi við áreiðanleikakönnun og vottuð á vettvangi framkvæmdastjórnar, að því tilskildu að hægt sé að miðla þessum upplýsingum með lögmætum hætti til þriðju aðila. Þegar fengin reynsla er nýtt til þess að komast að þeirri niðurstöðu að ekki verði hjá því komist að gagnainnflytjandinn uppfylli þessi ákvæði þarf að styðja við hana með öðrum viðeigandi, hlutlægum þáttum og það er undir samningsaðilunum komið að íhuga vandlega hvort þessir þættir hafi til samans nægilegt vægi, með tilliti til áreiðanleika þeirra og hversu dæmigerðir þeir eru, til að styðja þá niðurstöðu. Samningsaðilarnir verða einkum að taka tillit til þess hvort fengin reynsla þeirra sé staðfest og ekki í mótsögn við áreiðanlegar upplýsingar sem eru opinberlega aðgengilegar eða aðgengilegar á annan hátt um hvort beiðnir liggi fyrir eða ekki innan sama geira og/eða hvort lögunum sé beitt í reynd, s.s. í dómaframkvæmd og í skýrslum óháðra eftirlitsaðila.

15.1 **Tilkynning**

a) Gagnainnflytjandinn samþykkir að tilkynna gagnaútflytjandanum og, ef hægt er, skráða einstaklingnum um það án tafar (með hjálp gagnaútflytjandans ef nauðsyn krefur) ef hann:

i. fær lagalega bindandi beiðni frá opinberu yfirvaldi, þ.m.t. dómsyfirvöldum, samkvæmt lögum viðtökulandsins um birtingu persónuupplýsinga sem er miðlað samkvæmt þessum ákvæðum; slík tilkynning skal fela í sér upplýsingar um persónuupplýsingarnar sem óskað er eftir, yfirvaldið sem leggur fram beiðni, lagagrundvöll beiðninnar og svarið sem veitt er, eða

ii. verður þess var að opinber yfirvöld hafi beinan aðgang að persónuupplýsingum sem miðlað er samkvæmt þessum ákvæðum í samræmi við lög viðtökulandsins; slíkar tilkynningar skulu innihalda allar upplýsingar sem eru tiltækar innflytjandanum.

[Fyrir þriðja sérsnið: Gagnaútflytjandinn skal senda tilkynninguna til ábyrgðaraðilans.]

b) Ef gagnainnflytjanda er bannað að tilkynna gagnaútflytjandanum og/eða skráða einstaklingnum samkvæmt lögum viðtökulandsins samþykkir gagnainnflytjandinn að gera sitt ítrasta til að fá undanþágu frá banninu með það í huga að miðla eins miklum upplýsingum og unnt er svo fljótt sem auðið er. Gagnainnflytjandinn samþykkir að skjalfesta bestu viðleitni sína til að geta sýnt fram á hana að beiðni gagnaútflytjanda.

c) Þegar lög viðtökulandsins heimila það samþykkir gagnainnflytjandinn að veita gagnaútflytjandanum, með reglulegu millibili allan samningstímann, eins miklar upplýsingar og viðeigandi er um mótteknar beiðnir (einkum fjölda beiðna, tegund gagna sem beðið er um, yfirvöld sem leggja fram beiðni, hvort beiðni hafi verið vefengd og niðurstöður slíkra vefenginga o.s.frv.). [Fyrir þriðja sérsnið: Gagnaútflytjandinn skal senda upplýsingarnar til ábyrgðaraðilans.]

d) Gagnainnflytjandinn samþykkir að varðveita upplýsingarnar samkvæmt a- til c-lið á gildistíma samningsins og að gera þær aðgengilegar lögbæru eftirlitsyfirvaldi að fenginni beiðni þar um.

e) Ákvæði a- til c-liðar hafa ekki áhrif á þá skyldu gagnainnflytjandans, samkvæmt e-lið 14. ákvæðis og 16. ákvæði, að upplýsa gagnaútflytjandann tafarlaust ef hann er ófær um að fara að þessum ákvæðum.

15.2 **Könnun á lögmæti og lágmörkun gagna**

a) Gagnainnflytjandinn samþykkir að sannreyna lögmæti beiðni um birtingu upplýsinga, einkum hvort hún sé innan þeirra valdheimilda sem opinbera yfirvaldinu, sem leggur fram beiðnina, eru veittar, og að vefengja beiðnina ef hann kemst að þeirri niðurstöðu, eftir ítarlegt mat, að gildar ástæður séu til að ætla að beiðnin sé ólögmæt samkvæmt lögum viðtökulandsins, gildandi skuldbindingum samkvæmt þjóðarétti og meginreglum um alþjóðlega háttvísi. Gagnainnflytjandinn skal hafa möguleika á áfrýjun með sömu skilyrðum. Þegar gagnainnflytjandi vefengir beiðni skal hann leita eftir tímabundnum ráðstöfunum með það fyrir augum að fresta áhrifum beiðninnar þar til lögbært dómsyfirvald hefur skorið úr um málsatvik. Hann skal ekki birta persónuupplýsingarnar sem óskað er eftir fyrr en þess er krafist samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum. Þessar kröfur hafa ekki áhrif á skyldur gagnainnflytjanda samkvæmt e-lið 14. ákvæðis.

b) Gagnainnflytjandinn samþykkir að skjalfesta lagalegt mat sitt og hvers konar vefengingar á beiðni um birtingu upplýsinga og, að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum viðtökulandsins, að gera skjölin aðgengileg gagnaútflytjandanum. Hann skal einnig gera það aðgengilegt lögbæru eftirlitsyfirvaldi að fenginni beiðni þar um. [Fyrir þriðja sérsnið: Gagnaútflytjandinn skal gera matið aðgengilegt ábyrgðaraðilanum.]

c) Gagnainnflytjandinn samþykkir að veita eins litlar upplýsingar og heimilt er þegar hann svarar beiðni um birtingu upplýsinga á grundvelli skynsamlegrar túlkunar á beiðninni.

IV. KAFLI – LOKAÁKVÆÐI

16. ákvæði

Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum og uppsögn

a) Gagnainnflytjandi skal þegar í stað tilkynna gagnaútflytjandanum ef hann er ófær um að fara að þessum ákvæðum, hver sem ástæðan kann að vera.

b) Ef gagnainnflytjandinn brýtur gegn þessum ákvæðum eða er ófær um að fara að þeim skal gagnaútflytjandinn stöðva tímabundið miðlun persónuupplýsinga til gagnainnflytjandans þar til tryggt er að farið sé aftur að ákvæðum eða samningnum er sagt upp. Þetta hefur ekki áhrif á f-lið 14. ákvæðis.

c) Gagnaútflytjandinn hefur rétt til að segja samningnum upp, að því marki sem hann varðar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessum ákvæðum, ef:

   i. gagnaútflytjandinn hefur stöðvað tímabundið miðlun persónuupplýsinga til gagnainnflytjanda samkvæmt b-lið og ef ekki er farið að þessum ákvæðum að nýju innan hæfilegs frests og eigi síðar en einum mánuði eftir tímabundnu stöðvunina,

   ii. gagnainnflytjandinn brýtur verulega eða viðvarandi gegn þessum ákvæðum eða

   iii. gagnainnflytjandinn fer ekki að bindandi ákvörðun valdbærs dómstóls eða eftirlitsyfirvalds varðandi skyldur sínar samkvæmt þessum ákvæðum.

BR-059	TP: Notað í þeim tilvikum þegar skipið óskar eftir að sjóferð þess hefjist á hafnarsvæði um leið og það er á komið á upphafsstað. Þegar þessi kostur er valinn verður skýrslugjafi að tilkynna um áætlaðan komudag og -tíma til staðarins þar sem hafnsögumaður kemur um borð (fyrir skip sem lúta hafnsögu), eða áætlaðan komudag og -tíma við komu inn á hafnarsvæði (fyrir skip sem lúta ekki hafnsögu), eða áætlaðan brottfarartíma frá viðleguplássi (þegar skipið fer frá viðleguplássi). TS: Notað ef skipið gerir ráð fyrir því að sjóferð þess hefjist á hafnarsvæði eftir komu á upphafsstað þar sem ætlunin er að hefja sjóferðina. Þegar þessi kostur er valinn verður skýrslugjafi að tilkynna hvenær eigi að sigla frá staðnum þar sem hafnsögumaður kemur um borð (fyrir skip sem lúta hafnsögu) eða hvenær ætlunin sé að sigla út úr höfninni (fyrir skip sem lúta ekki hafnsögu). TA: Notað í þeim tilvikum þegar skipið óskar eftir að sigla inn á hafnarsvæði með því að tilgreina hvenær áætlað er að það komi að viðleguplássi (eða að akkerislægi í höfn). Þegar þessi kostur er valinn verður skýrslugjafinn að tilkynna um áætlaðan komudag og -tíma til viðlegupláss. On_hold: Notað ef beiðni um að sigla inn á hafnarsvæði er sett í biðstöðu (t.d. vegna þess að heimild liggur ekki enn fyrir).
BR-060	Vísa skal til gagnastaksins „Flutningsmáti skips, kóðaður“ til að beita samsvarandi tegund kóða í tilmælum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1681 **2025/EES/10/09**

frá 6. mars 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að ákvarða nothæfisflokka að því er varðar brunaþol byggingarvara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB ([2]) er komið á kerfi fyrir flokkun eftir nothæfi byggingarvara með tilliti til brunaþols þeirra. Kerfið byggir á samhæfðri lausn við mat á þessu nothæfi og flokkun niðurstaða þessa mats.

2) Ákvörðun 2000/367/EB nær ekki yfir tiltekna nothæfisflokka og takmarkar þannig möguleikann á að tilgreina nákvæmara nothæfi. Því er nauðsynlegt að ákvarða nothæfisflokka sem eru uppfærðir að nýjustu tækni- og markaðsþróun.

3) Bæta ætti við nýjum flokkunum fyrir brunahólfandi einingar eða vörur sem eru ekki berandi og viðeigandi fyrir ekki berandi þakhluta, brunahólfandi efni fyrir loftræstistokka, brunaþéttingar, samsettar brunaþéttingar, þéttingar samskeyta, og loftristir.

4) Fjarlægja ætti úreldu R-flokkunina fyrir brunahólfandi burðareiningar sem á við um gólf og þök þar sem hún fellur í raun undir töfluna sem tengist burðareiningum sem eru ekki brunahólfandi.

5) Tækniframfarir í matsaðferðum krefjast einnig nákvæmari útskýringa og viðmiðunarpunkta að því er varðar vörurnar, þ.m.t. endurskoðaðra upplýsinga í athugasemdum.

6) Í þágu lagalegs skýrleika og til að gera framleiðendum kleift að tilgreina nægilega nákvæma nothæfisflokka byggingarvara, með tilliti til brunaþols þeirra, í samræmi við nýjustu tækni- og markaðsþróun ætti að fella ákvörðun 2000/367/EB úr gildi.

7) Framkvæmdastjórnin þarf að ákveða nothæfisflokka, með tilliti til nauðsynlegra eiginleika byggingarvara, í samræmi við 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011. Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar á að nota þá flokka í samhæfðum stöðlum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1681, 13.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 9, 20.2.2025, bls. 19.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 16.3.2006, bls. 27.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB frá 3. maí 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE varðandi flokkun byggingarvara, mannvirkja og hluta þeirra eftir nothæfi með tilliti til brunaþols (Stjtíð. ESB L 133, 6.6.2000, bls. 26).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Nothæfisflokkar að því er varðar brunaþol eru ákvarðaðir eins og fram kemur í viðaukanum.

2. gr.

Ákvörðun 2000/367/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í ákvörðun 2000/367/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

A. TÁKN

Að því er varðar þennan viðauka gilda eftirfarandi tákn:

<table>
<tr><td>R</td><td colspan="2">Burðarþol</td></tr>
<tr><td>E</td><td colspan="2">Heilleiki</td></tr>
<tr><td>I</td><td colspan="2">Einangrun</td></tr>
<tr><td>W</td><td colspan="2">Geislun</td></tr>
<tr><td>M</td><td colspan="2">Kraftrænt álag</td></tr>
<tr><td>C</td><td colspan="2">Sjálfvirk lokun</td></tr>
<tr><td>C0-5</td><td colspan="2">Ending sjálfvirkrar lokunar:</td></tr>
<tr><td></td><td>Notkunarflokkur (C)</td><td>Fjöldi lota</td></tr>
<tr><td></td><td>5</td><td>≥ 200 000</td></tr>
<tr><td></td><td>4</td><td>≥ 100 000</td></tr>
<tr><td></td><td>3</td><td>≥ 50 000</td></tr>
<tr><td></td><td>2</td><td>≥ 10 000</td></tr>
<tr><td></td><td>1</td><td>≥ 500</td></tr>
<tr><td></td><td>0</td><td>≥ 1</td></tr>
<tr><td>S</td><td colspan="2">Reykútbreiðsla (með tilliti til loftræstikerfa)/reykþétting (með tilliti til hurða)</td></tr>
<tr><td>P</td><td colspan="2">Samfella í aflgjöf og merkjasendingu við staðlaða tímahitaferilinn</td></tr>
<tr><td>PH</td><td colspan="2">Samfella í aflgjöf og merkjasendingu við stöðugan hita</td></tr>
<tr><td>G/O</td><td colspan="2">Brunaþol gagnvart bruna frá reykháfi</td></tr>
<tr><td>K</td><td colspan="2">Brunavarnarhæfni</td></tr>
<tr><td>T</td><td colspan="2">Hitaflokkur, gefinn upp sem hámarkshitastig gass í °C (ganghiti)</td></tr>
<tr><td>D</td><td colspan="2">Tímalengd stöðugleika við stöðugt hitastig</td></tr>
<tr><td>DH</td><td colspan="2">Tímalengd stöðugleika við staðlaða tímahitaferilinn</td></tr>
<tr><td>F</td><td colspan="2">Virkni vélknúinna reyk- og hitavifta</td></tr>
<tr><td>B</td><td colspan="2">Virkni náttúrulegra reyk- og hitaræsikerfa</td></tr>
</table>

B. NOTHÆFISFLOKKAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR BRUNAÞOL BYGGINGARVARA

Almennt

Í evrópskum flokkunarstöðlum fyrir brunaþol, samræmdum evrópskum vörustöðlum, evrópskum prófunarstöðlum og viðkomandi evrópskum þolhönnunarstöðlum (Eurocodes) eru lýsingar eða tilvísanir í viðeigandi skilgreiningar, prófanir og nothæfisviðmiðanir.

Ef tilgreindur flokkur ósamhverfra byggingarhluta gildir aðeins frá annarri hliðinni skulu þessar upplýsingar fylgja flokknum.

Eftirfarandi nothæfisflokkar eru gefnir upp í mínútum nema annað sé tekið fram.

1. **Burðareiningar sem eru ekki brunahólfandi**

Tafla 1

Gildir um	Veggi, gólf, hækkuð gólf, þök, burðarbita, súlur, svalir, gangvegi og stiga										
R		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360

2. **Brunahólfandi burðareiningar**

Tafla 2.1

Gildir um	Veggi										
RE		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
REI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
REI-M		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
REW		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360

Tafla 2.2

Gildir um	Gólf, þök, þakglugga, ofanljós og hlera										
RE		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
REI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
C	Heimilt er að tilgreina C-flokkunina ef til staðar er sjálflokandi búnaður og einingunni eða vörunni var ekki lokað handvirkt fyrir prófunina. Að því er varðar endingu sjálfvirkrar lokunar er að öðrum kosti heimilt að bæta við tölustöfunum 0–5 við C-flokkunina, samkvæmt notkunarflokknum, í tilvikum þegar lotubundin prófun hefur verið framkvæmd.										

Tafla 2.3

Gildir um	Upphækkuð gólf										
RE		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
REI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Tilgreina skal flokkunina með hliðsjón af áreiti. Það að táknið „r“ sé ekki tilgreint vísar til áreitis við staðlað tímahitaferli (fullt brunaþol) en það að táknið sé tilgreint vísar til áhrifa stöðugs hitastigs við 500 °C (minnkað áreiti). Upphækkuð gólf sem uppfylla staðlaða tímahitaferilinn fyrir áreiti á tilteknu tímabili teljast uppfylla skilyrðin um minnkað áreiti á a.m.k. sama tímabili.										

3. **Vörur og kerfi til að verja burðareiningar**

Tafla 3.1

Gildir um	Loft án eigin brunaþols
Mat á framlagi til brunaþols byggingareininga: Sett fram með sömu flokkun og fyrir burðareiningarnar sem varðar eru.	
Athugasemdir	Ef viðmiðanirnar varðandi „hluta-raunbruna“ eru einnig uppfylltar er tákninu „sn“ bætt við flokkunina.

Tafla 3.2

Gildir um	Brunavarnarklæðningu (hvarfgjarna), plötur (plötur og fleka), múrhúðun (úðaða), klæðningar og skilrúm
Mat á framlagi til brunaþols byggingareininga: Sett fram með sömu flokkun og fyrir burðareiningarnar sem varðar eru.	
Athugasemdir	Tákninu "IncSlow“ er bætt við flokkunina ef klæðningin uppfyllir viðmiðanirnar með tilliti til hæga brunaferilsins.

4. **Einingar eða vörur sem eru ekki berandi en eru brunahólfandi**

Tafla 4.1

Gildir um	Skilveggi (þ.m.t. skilveggi með óeinangruðum hlutum) og fasta glugga										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI-M		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EW		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360

Tafla 4.2

Gildir um	Ekki berandi þakhluta										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EW		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360

Tafla 4.3

Gildir um	Holrýmistálma										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Sérstakri tilvísun er bætt við flokkunina ef einingin stenst prófun á skyndilegu áreiti á holrýmistálmum.										

Tafla 4.4

Gildir um	Loft með eigin brunaþol										
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Bætt er við flokkunina með því að gefa til kynna hvernig einingin hefur verið prófuð og vísað er til elds ofan frá „(a→b)“, neðan frá „(b→a)“ eða bæði „(a ↔b)“.										

Tafla 4.5

Gildir um	Úthliðar (léttveggi) og útveggi (þ.m.t. glerhlutar)										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EW		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Við flokkunina er bætt „(i→o)“, „(o→i)“ eða „(i↔o)“ til að gefa til kynna hvort einingin hafi verið prófuð og uppfylli kröfurnar einungis innan frá, utan frá eða frá báðum hliðum, eftir því sem við á. Með því að bæta við viðskeytinu „ef“ er gefið til kynna að prófunin hafi verið framkvæmd á grundvelli ytri brunaferils.										

Tafla 4.6

Gildir um	Brunahólfandi efni fyrir loftræstistokka										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem tengjast heilleika (E) skal brunahólfandi efnið einnig: a) vera prófað frá báðum hliðum og b) hámarka útbreiðslu við 360 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við tilgreint þversnið rásarinnar meðan á brunaprófun stendur. Það er engin S-flokkun fyrir þessa vöru þar sem hún hefur ekkert nothæfi með tilliti til reyks við umhverfishita. Táknin „ve“ og/eða „ho“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt.										

Tafla 4.7

Gildir um	Brunaþéttingar										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Flokkunin er sett fram sem flokkun brunahólfandi burðarvirkis sem lagnir liggja í gegnum. Bætt er við flokkun brunaþéttinga röralagna með „U/U“, „C/U“, „U/C“ eða „C/C“, með hliðsjón af útfærslu á enda prófaða rörsins innan í bræðsluofni og fyrir utan bræðsluofn, eftir því sem við á (U – ekki lokað, C – lokað).										

Tafla 4.8

Gildir um	Samsettar brunaþéttingar										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Flokkunin er sett fram sem flokkun brunahólfandi burðarvirkis sem lagnir liggja í gegnum. Bæta skal öðrum viðeigandi flokkunum samsettra eininga við flokkunina, eins og tilgreint er í þessum viðauka.										

Tafla 4.9

Gildir um	Þéttingar samskeyta										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Eftirfarandi táknum er bætt við flokkunina: — táknin „H“ eða „V“ eða „T“ gefa til kynna að flokkunin eigi við um samsvarandi legu (lárétt burðarvirki, lóðrétt burðarvirki – lóðrétt samskeyti, lóðrétt burðarvirki – lárétt samskeyti, eftir því sem við á), — táknin „M“ eða „F“ eða „B“ gefa til kynna tegund samskeyta (framleidd (e. *Manufactured*), gerð á staðnum (e. *Field*) eða bæði framleidd og gerð á staðnum (e. *Both*), eftir því sem við á), — táknin „X“ eða „Mxxx“ gefa til kynna hreyfigetu (engin hreyfing eða framkölluð hreyfing (í %), eftir því sem við á), þ.m.t. hnévísirinn „lat“ eða „shear“ sem gefur til kynna framkölluðu hreyfinguna og — táknin „W w1 to w2“ gefa til kynna breiddarsvið samskeytis (í mm) sem flokkunarviðmiðunin uppfyllir (w1 táknar neðri mörk breiddar og w2 táknar efri mörk breiddar).										

Tafla 4.10

Gildir um	Brunaþolnar dyrasamstæður, opnanlega glugga (í veggjum og þaki), opnanleg ofanljós og hlera (þ.m.t. sem eru að hluta til úr gleri, eru með lokunarbúnaði og önnur glugga- og hurðarjárn)										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EW		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
S_{200}	Að því er varðar einingar og vörur sem uppfylla viðmið um reykþéttingu, með hliðsjón af því hvaða prófunarskilyrði eru uppfyllt.										
S_{a3} eða S_{a4}	Að því er varðar einingar og vörur sem uppfylla viðmið um reykþéttingu, með hliðsjón af því hvaða prófunarskilyrði eru uppfyllt.										
C	Heimilt er að tilgreina C-flokkunina ef til staðar er sjálflokandi búnaður og einingin eða varan var ekki lokuð handvirkt fyrir prófunina. Að því er varðar endingu sjálfvirkrar lokunar er að öðrum kosti heimilt að bæta við tölustöfunum 0–5 við C-flokkunina, samkvæmt notkunarflokknum, í tilvikum þegar lotubundin prófun hefur verið framkvæmd.										

Gildir um	Brunaþolnar dyrasamstæður, opnanlega glugga (í veggjum og þaki), opnanleg ofanljós og hlera (þ.m.t. sem eru að hluta til úr gleri, eru með lokunarbúnaði og önnur glugga- og hurðarjárn)
Athugasemdir	Við EI-flokkunina er bætt viðskeytinu „1“ eða „2“ til að gefa til kynna hvaða skilgreining á einangrun sé notuð. Ef um er að ræða að flokkunin nái ekki yfir hitun á bæði lokunar- og opnunarhlið skal það koma skýrt fram í flokkuninni. Þessi tafla tekur ekki til vara fyrir reykræsingu. Viðbótarflokkun fyrir reykþéttingu stórra iðnaðardyrasamstæðna þar sem útbreiðslan er að hámarki 50 m^3/klst. er möguleg.

Tafla 4.11

Gildir um	Lokunarkerfi fyrir færibönd og færibrautir										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EW		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
C	Heimilt er að tilgreina C-flokkunina ef til staðar er sjálflokandi búnaður og einingin eða varan var ekki lokuð handvirkt fyrir prófunina. Að því er varðar endingu sjálfvirkrar lokunar er að öðrum kosti heimilt að bæta við C-flokkunina með tölustöfunum 0–5, samkvæmt notkunarflokknum, í tilvikum þegar lotubundin prófun hefur verið framkvæmd.										
Athugasemdir	Við EI-flokkunina er bætt viðskeytinu „1“ eða „2“ til að gefa til kynna hvaða skilgreining á einangrun sé notuð. Nota skal EI-flokkun þegar prófunareintakið er rör eða rás og ef ekkert mat hefur verið framkvæmt á lokunarkerfi færibandakerfisins. Táknið „T“ gefur til kynna viðvarandi starfhæfni fjarlægingarbúnaðar og/eða hólfandi búnaðar fyrir færibandakerfi.										

Tafla 4.12

Gildir um	Loftristir										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EW		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Tákninu „eldþolið“ er bætt við flokkunina ef viðmiðanirnar eru uppfylltar að því er varðar heilleika í opinni stöðu. Tákninu „IncSlow“ er bætt við ef viðmiðanirnar með tilliti til glóðarbrunaferilsins eru uppfylltar.										

Tafla 4.13

Gildir um	Þjónustulagnir og -stokka										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Flokkunin er skilgreining á því hvernig einingin hefur verið prófuð og vísað er til elds innan frá „(i→o)“ eða utan frá „(o→i)“ eða bæði „(i ↔o)“. Auk þess gefa táknin „ve“ og/eða „ho“ til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt.										

Tafla 4.14

Gildir um	Reykháfa										
	G + fjarlægð í mm (t.d. G 50) eða O + fjarlægð í mm (t.d. O 50)										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360

T (ganghiti) í °C	80	100	120	140	160	200	250	300	400	450	600
Athugasemdir	Ekki er gerð krafa um fjarlægð þegar um innbyggðar byggingarvörur er að ræða. Flokkunin er skilgreining á því hvernig einingin hefur verið prófuð og vísað er til elds utan frá „(o→i)“ eða bæði „(i ↔o)“. Táknin „ve“ og/eða „ho“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt.										

Tafla 4.15

Gildir um	Vegg- og loftklæðningar										
K_1	10	15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
K_2	10	15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Viðskeytin „1“ og „2“ gefa til kynna undirlagið, viðmiðanirnar um brunaeiginleika og reglurnar um rýmkun sem notaðar eru í þessari flokkun.										

5. **Vörur til notkunar í loftræstikerfum (að undanskildum reyk- og hitaútblásturskerfum)**

Tafla 5.1

Gildir um	Brunaþolnar loftræstirásir										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
S	Útbreiðsla að hámarki 10 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar meðan á brunaprófun stendur.										

Gildir um	Brunaþolnar loftræstirásir
Athugasemdir	Til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem tengjast heilleika (E) þarf útbreiðslan í loftrásinni einnig að vera að hámarki 15 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar meðan á brunaprófun stendur. Flokkunin er skilgreining á því hvernig einingin hefur verið prófuð og vísað er til elds innan frá „(i→o)“ eða utan frá „(o→i)“ eða bæði „(i ↔o)“. Táknin „ve“ og/eða „ho“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt. Flokkunin skal gefa til kynna þrýstingsmuninn sem notaður er í prófuninni.

Tafla 5.2

Gildir um	Brunalokur										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
S	Útbreiðsla að hámarki 200 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við tilgreint þversnið rásarinnar: a) minnsta stærð við umhverfishita, b) stærsta stærð við umhverfishita og meðan á brunaprófun stendur.										
Athugasemdir	Til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem tengjast heilleika (E) skal brunalokan einnig: a) vera prófuð frá báðum hliðum og b) hámarka útbreiðslu við 360 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við tilgreint þversnið rásarinnar meðan á brunaprófun stendur. Táknin „ve“ og/eða „ho“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt (t.d. hengd upp á vegg) og/eða lárétt (t.d. standandi á gólfi). Táknið „H“ gefur til kynna brunaloku sem getur uppfyllt heilleika (E) eða heilleika og einangrun (EI) á flokkunartímabilinu með blaðið lárétt miðað við ás eða rúmfræðilega legu. Táknið „V“ gefur til kynna brunaloku sem getur uppfyllt heilleika (E) eða heilleika og einangrun (EI) á flokkunartímabilinu með blaðið lóðrétt miðað við ás eða rúmfræðilega legu.										

6. **Vörur til notkunar í þjónustukerfum rafmagns, aflstýringar og fjarskipta í byggingum**

Tafla 6.1

Gildir um	Eldvarnarkerfi fyrir kaplakerfi og tilheyrandi íhluti										
P		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Með flokkuninni skal tilgreina: Gerðir kapla sem geta verið settir upp innan í eldvarnakerfum, þ.e. allir staðlaðir kaplar eða einungis sérstakir kaplar, og kapla sem hægt er að verja, ásamt rekstrarspennu, þ.e.: — allar gerðir rafmagnskapla (300/500 V málspenna) fyrir allt að 230/400 V rekstrarspennu (þrífasa riðstraumur) — allar gerðir rafmagnskapla (450/750 V málspenna allt að 0,6/1 kV) fyrir allt að 400/690 V rekstrarspennu (þrífasa riðstraumur) — allar gerðir merkja-/stýrikapla (allt að 170 V málspenna) fyrir allt að 110 V rekstrarspennu eða — allar samsetningar af ofangreindum möguleikum.										

Tafla 6.2

Gildir um	Óvarða rafmagns-, aflstýringar- og fjarskiptakapla með innbyggt brunaþol										
P_{ca}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Að því er varðar rafmagnskapla og aflstýringarkapla skal flokkunin gefa til kynna þá málspennu sem nothæfisviðmiðanirnar uppfylla.										

Tafla 6.3

Gildir um	Óvarða mjóa rafmagns-, aflstýringar- og fjarskiptakapla með innbyggt brunaþol (< 20 mm þvermál og stærð leiðara er ≤ 2,5 mm^2)										
PH_{ca}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Að því er varðar rafmagnskapla og aflstýringarkapla skal flokkunin gefa til kynna þá málspennu sem nothæfisviðmiðanirnar uppfylla.										

7. **Vörur til notkunar í reyk- og hitaútblásturskerfum**

Tafla 7.1

Gildir um	Reykstýrirásir fyrir eitt hólf										
E_{600}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
S	Útbreiðsla að hámarki 5 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar við umhverfishita og að hámarki 5 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar meðan á brunaprófun stendur.										
Athugasemdir	Til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem tengjast heilleika (E) þarf útbreiðslan í loftrásinni einnig að vera að hámarki 10 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar meðan á brunaprófun stendur. Við flokkunina er bætt viðskeytinu „single“ til að gefa til kynna að vörur séu eingöngu ætlaðar til notkunar í einu hólfi. Táknin „ve“ og/eða „ho“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt innan í hólfinu. Gildin „500“, „1000“ og „1500“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar allt að þessum undirþrýstingsgildum mælt í Pa við umhverfishita.										

Tafla 7.2

Gildir um	Brunaþolnar reykstýrirásir fyrir mörg hólf										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
S	Útbreiðsla að hámarki 5 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar við umhverfishita og að hámarki 5 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar meðan á brunaprófun stendur.										

Gildir um	Brunaþolnar reykstýrirásir fyrir mörg hólf
Athugasemdir	Til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem tengjast heilleika (E) þarf útbreiðslan í loftrásinni einnig að vera að hámarki 10 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við yfirborðsflöt rásarinnar meðan á brunaprófun stendur. Við flokkunina er bætt viðskeytinu „multi“ til að gefa til kynna að vörur séu ætlaðar til notkunar í mörgum hólfum. Táknin „ve“ og/eða „ho“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt. Gildin „500“, „1000“ og „1500“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar allt að þessum undirþrýstingsgildum mælt í Pa við umhverfishita.

Tafla 7.3

Gildir um	Reykstýrilokur fyrir eitt hólf										
E_{600}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
S	Útbreiðsla að hámarki 200 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við tilgreint þversnið rásarinnar: a) minnstu stærð við umhverfishita, b) stærstu stærð við umhverfishita og meðan á brunaprófun stendur.										
Athugasemdir	Til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem tengjast heilleika (E) skal reykstýrilokan fyrir eitt hólf einnig: a) vera prófuð frá báðum hliðum og b) standast prófun á því að viðhalda opnun og c) hámarka útbreiðslu við 360 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við tilgreint þversnið rásarinnar meðan á brunaprófun stendur 1) minnstu stærð við umhverfishita og 2) stærstu stærð við umhverfishita og meðan á brunaprófun stendur. Við flokkunina er bætt viðskeytinu „single“ til að gefa til kynna að vörur séu ætlaðar til notkunar í einu hólfi. Táknin „ved“, „vew“, „vedw“ og/eða „hod“, „how“, „hodw“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt, ásamt uppsetningu í rás eða í vegg/gólfi eða bæði, eftir því sem við á. Táknið „H“ gefur til kynna reykstýriloku fyrir eitt hólf sem getur uppfyllt heilleika (E) á flokkunartímabilinu með blaðið lárétt miðað við ás eða rúmfræðilega legu. Táknið „V“ gefur til kynna reykstýriloku fyrir eitt hólf sem getur uppfyllt heilleika (E) á flokkunartímabilinu með blaðið lóðrétt miðað við ás eða rúmfræðilega legu. Gildin „500“, „1000“ og „1500“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar allt að þessu undirþrýstingsgildi mælt í Pa við umhverfishita. Táknið „AA“ gefur til kynna notkun þar sem virkjun fer sjálfkrafa fram og táknið „MA“ gefur til kynna notkun þar sem þarf að grípa handvirkt inn í eða þar sem virkjun fer sjálfkrafa fram. Táknin „C_{300}“, „$C_{10\,000}$“, „C_{MOD}“ eða „$C_{300}(N)$“, „$C_{10\,000}(N)$“, „$C_{MOD}(N)$“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar í kerfum sem eru einungis til reykstýringar, reykstýrikerfum sem er að fullu stjórnað og reykstýrikerfum sem eru sameinuð kerfum sem stýra umhverfisþáttum eða fjölþrepastýrðum reykstýrilokum sem ætlaðar eru til notkunar í kerfi með stýrðri eða stillanlegri stöðu og sem er prófað við álag eða án álags (N), eftir því sem við á. Táknið „HOT 400/30“ (hátt notkunarhitastig) gefur til kynna að reykstýrilokan fyrir eitt hólf hafi verið látin undirgangast viðbótarprófun til að sýna fram á að það sé hægt að opna og loka henni í 30 mínútur við hita allt að 400 °C.										

Tafla 7.4

Gildir um	Brunaþolnar reykstýrilokur fyrir mörg hólf										
E		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
EI		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
S	Útbreiðsla að hámarki 200 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við tilgreint þversnið rásarinnar: a) minnstu stærð við umhverfishita, b) stærstu stærð við umhverfishita og meðan á brunaprófun stendur.										
Athugasemdir	Til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem tengjast heilleika (E) eða heilleika og einangrun (EI) skal brunaþolna reykstýrilokan fyrir mörg hólf einnig: a) vera prófuð frá báðum hliðum og b) standast prófun á því að viðhalda opnun og c) hámarka útbreiðslu við 360 $m^3/(m^2klst.)$ miðað við tilgreint þversnið rásarinnar meðan á brunaprófun stendur 1) minnstu stærð við umhverfishita og 2) stærstu stærð við umhverfishita og meðan á brunaprófun stendur. Við flokkunina er bætt viðskeytinu „multi“ til að gefa til kynna að vörur séu ætlaðar til notkunar í mörgum hólfum. Táknin „ved“, „vew“, „vedw“ og/eða „hod“, „how“, „hodw“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar lóðrétt og/eða lárétt, ásamt uppsetningu í rás eða í vegg/gólfi eða bæði, eftir því sem við á. Táknið „H“ gefur til kynna brunaþolna reykstýriloku fyrir mörg hólf sem getur uppfyllt heilleika (E) eða heilleika og einangrun (EI) á flokkunartímabilinu með blaðið lárétt miðað við ás eða rúmfræðilega legu. Táknið „V“ gefur til kynna brunaþolna reykstýriloku fyrir mörg hólf sem getur uppfyllt heilleika (E) eða heilleika og einangrun (EI) á flokkunartímabilinu með blaðið lóðrétt miðað við ás eða rúmfræðilega legu. Gildin „500“, „1000“ og „1500“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar allt að þessu undirþrýstingsgildi mælt í Pa við umhverfishita. Táknið „AA“ gefur til kynna notkun þar sem virkjun fer sjálfkrafa fram og táknið „MA“ gefur til kynna notkun þar sem þarf að grípa handvirkt inn í eða þar sem virkjun fer sjálfkrafa fram. Táknin „C_{300}“, „$C_{10\,000}$“, „C_{MOD}“ eða „$C_{300}(N)$“, „$C_{10\,000}(N)$“, „$C_{MOD}(N)$“ gefa til kynna að varan sé ætluð til notkunar í kerfum sem eru einungis til reykstýringar, reykstýrikerfum sem er að fullu stjórnað og reykstýrikerfum sem eru sameinuð kerfum sem stýra umhverfisþáttum eða fjölþrepastýrðum reykstýrilokum sem ætlaðar eru til notkunar í kerfi með stýrðri eða stillanlegri stöðu og sem er prófað við álag eða án álags (N), eftir því sem við á. Táknið „HOT 400/30“ (hátt notkunarhitastig) gefur til kynna að brunaþolna reykstýrilokan fyrir mörg hólf hafi verið látin undirgangast viðbótarprófun til að sýna fram á að það sé hægt að opna og loka henni í 30 mínútur við hita allt að 400 °C.										

Tafla 7.5

Gildir um	Reyktálma										
D_{600}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
DH		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360

Tafla 7.6

Gildir um	Vélknúnar reyk- og hitaútblástursviftur, þ.m.t. tengibúnað										
F_{200}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
F_{300}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
F_{400}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
F_{600}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
F_{842}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360

Tafla 7.7

Gildir um	Náttúruleg reyk- og hitaútblásturskerfi										
B_{300}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
B_{600}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
B_{θ}		15	20	30	45	60	90	120	180	240	360
Athugasemdir	Þar sem θ gefur til kynna áreitisskilyrði (hitastig) sem er hærra en 300 °C. Þessar vörur eru hannaðar til að þær opnist ef eldur kemur upp og hafa enga heilleikaflokkun (E).										

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDARSTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/404 **2025/EES/10/10**

frá 30. janúar 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar að uppfæra viðeigandi ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að ljúka við gerð verklags sem gildir um bilun í þráðlausum fjarskiptum og að fella brott viðbæti viðaukans við þá reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 43. gr. og a-lið 1. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ([2]) er mælt fyrir um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu sem gilda fyrir almenna flugumferð (svokallaðar „flugreglur“).

2) Tiltekin nýleg ákvæði, sem samþykkt voru af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO), verða að endurspeglast í reglum Sambandsins. Einkum ættu viðeigandi hlutar ICAO-breytingar 45 á 2. viðauka, breytinga 77–79 á 3. viðauka, breytingar 92 á II. bindi í 10. viðauka, breytingar 52 á 11. viðauka við Chicago-samninginn, breytingar 7A og 7B og breytingar 8 og 9 á skjali nr. 4444 (PANS-ATM) og breytingar á skjali nr. 7030 (svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu) að endurspeglast í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012. Því ætti að breyta tilteknum skilgreiningum sem tengjast veðurskilyrðum, tilteknum ákvæðum sem tengjast flugumferðarstjórnarþjónustu, s.s. heimildum sem tengjast sérlegu sjónflugi, aðgerðum sem skal grípa til ef vikið er frá gildandi flugáætlun, styttum stöðutilkynningum, útsendingu veðurskeyta, og tilteknum kröfum varðandi þráðlaus talfjarskipti og orðfæri, t.d. upplýsingum um flugrastarflokkinn, notkun gagnatengingakerfa í fjarskiptum til að forðast tiltekin veðurskilyrði, og heimildum fyrir staðlaðar blindbrottflugs- og aðflugsleiðir. Að auki ætti að koma á heildstæðu verklagi sem gildir um bilun í þráðlausum fjarskiptum.

3) Þegar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 923/2012 hafa áhrif á hlítni við staðla og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ættu aðildarríkin formlega að tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni um síðari breytingar á frávikum, sem áður hefur verið tilkynnt um, eða hvers konar ný frávik, sem verða til við breytingar á þessari reglugerð, í samræmi við viðeigandi ákvörðun ráðsins um að koma á viðmiðunum og verklagsreglu til að ákvarða þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar samþykkt eða breytingar á alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum, og tilkynningu um frávik að því er varðar samþykkta alþjóðlega staðla. Enn fremur, að teknu tilliti til nýrra skuldbindinga Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“), sem innleiddar voru með 4. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, um að veita upplýsingar um samræmi þeirrar gerðar og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar voru á grundvelli hennar, við alþjóðlega staðla og ráðlagðar starfsvenjur, er viðbótin við viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 ekki lengur nauðsynleg.

4) Því ætti að fella brott 5. gr. og viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 og breyta ákvæðum 6. gr. til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/404, 11.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 20.2.2025, bls. 27.

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

5) Til að tryggja samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 ([3]) að því er varðar merkin sem á að nota, við öll skyggnisskilyrði, þegar bilun verður í þráðlausum fjarskiptum milli flugumferðarþjónustudeildarinnar og ökutækja eða gangandi vegfarenda á umferðarsvæði flugvalla, ætti að breyta 1. viðbæti um merki í reglugerð (ESB) nr. 923/2012 þannig að hann innihaldi viðeigandi ákvæði úr reglugerð (ESB) nr. 139/2014.

6) Í 6. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 er að finna allnokkrar minniháttar ritvillur og misritanir. Því ætti að breyta 6. viðbæti til að leiðrétta þessar villur.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 til samræmis við það.

8) Til að tryggja snurðulausa framkvæmd ráðstafananna, sem eru innleiddar með þessari reglugerð, og viðhalda um leið samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu, ætti iðnaðurinn og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna að fá nægan tíma til að aðlaga sig að ráðstöfununum sem eru innleiddar með þessari reglugerð, einkum þeim sem tengjast nýja rammanum um verklag sem gildir um bilun í þráðlausum fjarskiptum og um verklagsreglur og orðfæri að því er varðar staðlaðar blindbrottflugs- og aðflugsleiðir. Í því ljósi ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda tólf mánuðum eftir gildistöku hennar.

9) Til að tryggja að flugáætlanir, sem skráðar eru í samræmi við 6. viðbæti viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, séu réttar ættu leiðréttingarnar, sem innleiddar eru með þessari framkvæmdarreglugerð, að koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi hennar.

10) Flugöryggisstofnunin aðstoðaði framkvæmdastjórnina í samræmi við b- og c-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og lagði tilheyrandi álit nr. 02/2023 fyrir framkvæmdastjórnina 18. ágúst 2023.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um beitingu sameiginlegra öryggisreglna um almenningsflug, sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 21. liðar kemur eftirfarandi:

„21. „AIRMET-skeyti“: upplýsingar sem aðalveðurstofa gefur út um tilvist eða væntanlega tilvist tiltekinna veðurfyrirbæra á flugleið, og þróun þessara fyrirbæra í tíma og rúmi, sem geta haft áhrif á öryggi loftfara í lægri flughæðum og voru ekki fyrir hendi í veðurspá fyrir flug í lægri flughæðum innan viðkomandi flugupplýsingasvæðis eða undirsvæðis þess,“.

b) Í stað liðar 89a kemur eftirfarandi:

„89a „blindaðflug“: aðflug og lending með stjórntækjum fyrir leiðsögu sem byggist á blindaðflugsverklagi. Unnt er að framkvæma blindaðflug á tvo eftirfarandi vegu:

a) með tvívíddarblindaðflugi þar sem eingöngu er notuð leiðsaga í láréttum fleti og

b) með þrívíddarblindaðflugi þar sem bæði er notuð leiðsaga í láréttum og lóðréttum fleti,“.

c) Í stað 119. liðar kemur eftirfarandi:

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

„119. „SIGMET-skeyti“: upplýsingar sem aðalveðurstofa gefur út um tilvist eða væntanlega tilvist tiltekinna veðurfyrirbæra á flugleið og annarra fyrirbæra í andrúmsloftinu sem gætu ógnað öryggi loftfara sem og um þróun þessara fyrirbæra í tíma og rúmi,“.

d) Eftirfarandi 148., 149., 150. og 151. lið er bætt við:

„148. „aðalveðurstofa“ (MWO): veðurstofa sem hefur það hlutverk að vakta veðurskilyrði sem hafa áhrif á flug og veita upplýsingar um tilvist eða væntanlega tilvist tiltekinna veðurfyrirbæra á flugleið og annarra fyrirbæra í andrúmsloftinu sem gætu ógnað öryggi loftfara innan tiltekins ábyrgðarsvæðis,

149. „skýrsla um ástand flugbrautar“ (e. *runway condition report*, RCR): ítarleg, stöðluð skýrsla varðandi ástand yfirborðs flugbrautar og áhrif þess á afkastagetu flugvélarinnar við lendingu og flugtak, sem lýst er með ástandskóða flugbrautar,

150. „smitsjúkdómur“: smitandi sjúkdómur sem orsakast af smitvaldi sem berst frá manni til manns með beinni snertingu við sýktan einstakling eða með óbeinum hætti, t.d. vegna snertingar við smitferju, dýr, smitberandi hlut, vöru eða umhverfi, eða með skiptum á vökva sem er mengaður af smitvaldi,

151. „lýðheilsa“: allir heilsufarstengdir þættir, nánar tiltekið heilsufar, m.a. sjúkdómstilvik og fötlun, ákvarðandi þættir sem hafa áhrif á heilsufar, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu, fjármagn sem veitt er til heilbrigðisþjónustu, veiting og almennur aðgangur að heilbrigðisþjónustu og kostnaður og fjármögnun heilbrigðisþjónustu, sem og dánarorsakir.“

2) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Ákvæðum hlítt

Aðildarríki skulu sjá til þess að farið sé að sameiginlegum reglum og ákvæðum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð án þess að hafa áhrif á ákvæðin um sveigjanleika í 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og verndarráðstafanirnar í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.“

3) Ákvæði 5. gr. falla brott.

4) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„Þegar reglugerð þessi hefur öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin, með stuðningi Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu og Flugöryggisstofnunar Evrópu, koma á varanlegu ferli:

a) til að tryggja að allar breytingar, sem samþykktar eru innan ramma Chicago-samningsins og varða gildissvið þessarar reglugerðar, séu undir eftirliti og háðar greiningu,

b) til að þróa tillögur að breytingum á viðaukanum við þessa reglugerð, ef nauðsyn krefur.“

5) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2025, að undanskildum ákvæðum 22. liðar í viðaukanum sem koma til framkvæmda frá og með gildistöku hennar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður SERA.3212 bætist við:

„**SERA.3212 Óvissa að því er varðar staðsetningu á umferðarsvæði flugvalla þar sem flugumferðarþjónusta er veitt**

a) Að undanskildum ákvæðum b-liðar skal flugmaður, sem er í vafa um staðsetningu loftfarsins með tilliti umferðar svæðisins, tafarlaust:

1) stöðva loftfarið, og

2) samtímis tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild um kringumstæðurnar (þ.m.t. síðustu þekktu staðsetninguna).

b) Ef flugmaður er í vafa um staðsetningu loftfarsins með tilliti til umferðarsvæðisins en er áskynja um að loftfarið sé á flugbraut skal hann tafarlaust:

1) tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild um kringumstæðurnar (þ.m.t. síðustu þekktu staðsetninguna),

2) ef honum er unnt að staðsetja hentuga akbraut í grenndinni, yfirgefa flugbrautina eins fljótt og auðið er, nema fyrirmæli flugumferðarþjónustudeildar kveði á um annað; og svo

3) stöðva loftfarið.

c) Ökumaður ökutækis, sem er í vafa um staðsetningu ökutækisins með tilliti til umferðarsvæðisins, skal tafarlaust:

1) tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild um kringumstæðurnar (þ.m.t. síðustu þekktu staðsetninguna),

2) samtímis yfirgefa lendingarsvæðið, akbrautina eða annan hluta umferðarsvæðisins og koma sér í örugga fjarlægð eins fljótt og auðið er, nema fyrirmæli flugumferðarþjónustudeildar kveði á um annað; og svo

3) stöðva ökutækið.“

2) Í stað inngangsorðanna í b-lið SERA.5005 kemur eftirfarandi:

„Nema flugumferðarstjórnardeild gefi út flugheimild má hvorki hefja flug né lenda á flugvelli innan flugstjórnarsviðs eða koma inn í vallarsvið eða umferðarhring hans þegar tilkynnt veðurskilyrði á flugvellinum eru undir eftirfarandi lágmörkum:“.

3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.5010:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Sérlegt sjónflug má leyfa innan flugstjórnarsviðs, háð flugheimild. Eftirfarandi viðbótarskilyrði gilda nema þegar lögbært yfirvald hefur veitt þyrlum heimild fyrir sérstakar aðstæður t.d., en þó ekki eingöngu, lögreglu- og sjúkraflug, leitar- og björgunaraðgerðir og flug í tengslum við slökkvistarf:“.

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) flugumferðarstjórnardeild skal ekki veita loftfari heimild til sérlegs sjónflugs til að hefja flug eða lenda á flugvelli innan flugstjórnarsviðs eða koma inn í umferðarhring innan flugstjórnarsviðs þegar tilkynnt veðurskilyrði á flugvellinum eru undir eftirfarandi lágmörkum:

1) vallarskyggni er minna en 1500 m eða, fyrir þyrlur, minna en 800 m,

2) skýjahula er lægri en 180 m (600 fet).“

4) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.8015:

a) í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Starfræksla þar sem flugheimildar er krafist:

1) Flugheimild skal fengin áður en farið er í flug undir stjórn eða ef að hluti flugs er flug undir stjórn. Óskað skal slíkrar heimildar með því að leggja fram flugáætlun til flugumferðarstjórnardeildar.

2) Þegar tilgreint er í flugáætlun að upphafshluti flugs verði óstjórnað flug, og að síðari hluti flugsins muni njóta flugumferðarstjórnarþjónustu, skulu flugliðar fá flugheimild frá hlutaðeigandi flugumferðarstjórnardeild áður en þeir fara inn á svæðið þar sem flugið, sem er undir stjórn, mun hefjast.

3) Þegar tilgreint er í flugáætlun að upphafshluti flugs muni falla undir flugumferðarstjórnarþjónustu, og að síðari hlutinn verði óstjórnað flug, skal loftfarið að jafnaði fá flugheimild að þeim punkti þar sem flug undir stjórn endar.

4) Flugstjóri loftfars skal upplýsa flugumferðarstjórn ef flugheimild er ekki fullnægjandi. Í slíkum tilvikum skal flugumferðarstjórnardeildin gefa út breytta heimild ef unnt er.

5) Þegar loftfar hefur óskað eftir heimild sem veitir því forgang fram yfir aðra umferð, skal skýrsla lögð fram með skýringu á nauðsyn slíks forgangs ef hlutaðeigandi flugumferðarstjórnardeild óskar eftir því.

6) *Hugsanleg endurgerð á flugheimild meðan á flugi stendur.* Ef búist er við, fyrir brottför, með hliðsjón af flugþoli og breytingu á flugheimild, að taka þurfi ákvörðun um að fara til annars lendingarstaðar skal hlutaðeigandi flugumferðarstjórnardeildum tilkynnt með viðbótarupplýsingum í flugáætluninni um breytta flugleið (þegar um hana er vitað) og um breyttan lendingarstað.

7) Loftfar á flugvelli með flugturni skal ekki aka eftir umferðarsvæði flugvallarins án heimildar frá flugturni hans og skal fylgja öllum fyrirmælum frá honum.

8) Þegar flugumferðarstjóri, sem veitir kögunarþjónustu flugumferðarþjónustu, veitir flugmanni ratsjárstefningu eða úthlutar honum beinni flugleið sem er ekki í flugáætluninni, sem veldur því að loftfar í blindflugi fer út af útgefinni flugþjónustuleið eða útgefnu blindflugsverklagi, skal hann gefa út heimildir þannig að hindranabilið, sem mælt er fyrir um, sé ávallt til staðar þar til flugmaðurinn fer aftur á flugleið eða fer inn á útgefna flugþjónustuleið eða útgefið blindflugsverklag.“

b) Í stað 3. og 4. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„3) flugleið:

i. flugleiðinni skal lýst nákvæmlega í hverri flugheimild þegar það telst nauðsynlegt,

ii. orðasambandið „flugheimild samkvæmt flugáætlun“ (e. *cleared via flight planned route*) skal ekki notað við veitingu endurgerðrar heimildar,

4) flughæð eða flughæðir alla flugleiðina eða á einstökum hlutum hennar ásamt breytingum á hæðum ef þörf krefur,“.

c) Eftirfarandi 5. og 6. lið er bætt við e-lið:

„5) Ökumenn ökutækja, sem aka eða hyggjast aka á umferðarsvæðinu, skulu lesa til baka fyrir flugumferðarstjóra alla öryggistengda hluta fyrirmæla sem veitt eru munnlega, t.d. fyrirmæli um að aka inn á, bíða við, fara yfir og aka á flugbraut eða akbraut loftfara.

6) Flugumferðarstjórinn skal hlusta á endurlesturinn til að fullvissa sig um að ökumaður ökutækisins hafi skilið fyrirmælin rétt og skal tafarlaust leiðrétta allt misræmi sem endurlesturinn leiðir í ljós.“

5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.8020:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) *Frávik frá gildandi flugáætlun*. Ef flug undir stjórn víkur óviljandi frá gildandi flugáætlun skal brugðist við á eftirfarandi hátt:

1) Frávik frá ferli: ef loftfar hefur farið út af fyrirhuguðum ferli skulu tafarlausar ráðstafanir gerðar til að breyta stefnu þess svo að það komist aftur inn á fyrirhugaðan feril sinn svo fljótt sem gerlegt er.

2) Frávik frá þeirri Mach-tölu eða sýndum flughraða sem flugumferðarstjórnin hefur úthlutað: hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild skal tilkynnt um það tafarlaust.

3) Frávik frá Mach-tölu/raunhraða: ef Mach-talan eða raunhraðinn, sem haldið er í farflugslagi, breytist um plús eða mínus 0,02 Mach eða meira, eða ef raunhraðinn breytist um plús eða mínus 19 km/klst. (10 hnúta) eða meira frá gildandi flugáætlun, skal tilkynna það hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild.

4) Breyttur áætlaður tími: ef áætlaður tími við næsta stöðumið, við mörk flugupplýsingasvæðis eða við áætlaðan ákvörðunarflugvöll breytist, hvert af þessu sem fyrst kemur, um meira en tvær mínútur frá því sem flugumferðarþjónustu hefur verið tjáð eða um hvern þann tíma, sem lögbært yfirvald ákveður, þá skal, svo fljótt sem verða má, tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild breyttan áætlaðan tíma, að undanskildu því þegar ADS-C er virkt og starfhæft í loftrými þar sem ADS-C-þjónusta er veitt,

5) Þar sem ADS-C-samkomulag er fyrir hendi skal flugumferðarþjónustudeildinni að auki tilkynnt sjálfvirkt um gagnatengingu þegar breytingar eiga sér stað sem fara fram yfir þau mörk sem um getur í ADS-C-atburðarsamningi.“

b) Eftirfarandi 3. liður c-liðar bætist við:

„3) Breyting á Mach-tölu/raunhraða: auðkenning loftfars, umbeðin Mach-tala/raunhraði.“

6) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.8025:

a) Ákvæði 3. liðar a-liðar falla brott.

b) Eftirfarandi b- og c-lið er bætt við:

„b) Að teknu tilhlýðilegu tilliti til krafna í SERA.14065 varðandi rásarskipti í fjarskiptum skal stöðutilkynningin innihalda eftirfarandi þætti:

1) auðkenningu loftfars,

2) stöðu,

3) tíma,

4) hraða, ef heimilaður af flugumferðarstjórnardeild, og

5) aðrar upplýsingar samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar.

c) Þættirnir, sem lýst er í b-lið, skulu tilkynntir eins og lýst er í 2. lið A-liðar í 5. viðbæti.“

7) Í stað b-liðar í SERA.8035 kemur eftirfarandi:

„b) Ef fjarskiptabilun kemur í veg fyrir að hægt sé að fara að ákvæðum a-liðar skal fylgja verklaginu sem gildir um fjarskiptabilanir, eins og tilgreint er í SERA.14083.“

8) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.9010:

a) Í stað 8. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:

„8) yfirborðsástand flugbrautar,“.

b) Í stað 8. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„8) yfirborðsástand flugbrautar,“.

c) Í stað 7. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„7) yfirborðsástand flugbrautar eða flugbrauta sem nota á fyrir flugtak,“.

9) Í stað SERA.12020 kemur eftirfarandi:

„**SERA.12020 Skipti á stöðutilkynningum**

a) Flugumferðarþjónustudeildir skulu senda, svo fljótt sem auðið er, sérstakar og óvenjubundnar tilkynningar frá loftfari til:

1) annarra viðkomandi loftfara,

2) viðkomandi aðalveðurstofu í samræmi við 3. lið A-liðar í 5. viðbæti, og

3) annarra viðkomandi flugumferðarþjónustudeilda.

b) Þegar flugumferðarþjónustudeildir taka á móti sérstökum stöðutilkynningum frá loftfari með talfjarskiptum varðandi hemlunarskilyrði sem samsvara ekki skýrslunni um ástand flugbrautar skulu þær tafarlaust senda tilkynningarnar áfram til viðeigandi rekstraraðila flugvallar.

c) Útsendingar til loftfara skulu endurteknar með reglulegu millibili og í ákveðinn tíma, sem viðkomandi flugumferðarþjónustudeild ákveður.“

10) Í stað fyrirsagnar 13. þáttar kemur eftirfarandi:

„13. ÞÁTTUR

Ratsjársvari fyrir kögunarsvarratsjá (SSR) og ADS-B-sendar“.

11) Í stað SERA.13015 kemur eftirfarandi:

„**SERA.13015 Stillingar um borð vegna auðkenningar loftfars**

a) Loftför, sem eru búin ratsjársvara sem notar S-starfsháttt (Mode S) eða ADS-B-sendi með auðkenningargetu, skulu senda út auðkenningu loftfars, eins og hún er tilgreind í flugáætluninni eða, ef flugáætlun hefur ekki verið lögð fram, einkennisstafi loftfars, nema flugrekandi/umráðandi loftfars hafi undir höndum heimild frá lögbæru yfirvaldi til að nota annað en einkennisstafi loftfars sem auðkenningu loftfars fyrir flug án flugáætlunar.

b) Ef þess verður vart á flugstöðuskjánum að auðkenning loftfars, sem er send út frá loftfari sem er búið ratsjársvara sem notar S-starfsháttt eða ADS-B-sendi, er frábrugðin því sem búist er við frá loftfarinu skal óskað eftir því að flugmaður staðfesti og, ef nauðsyn krefur, endursendi rétta auðkenningu loftfarsins.

c) Ef misræmið er enn þá til staðar eftir að flugmaðurinn hefur staðfest að rétt auðkenning loftfars hafi verið gefin með ratsjársvara sem notar S-starfsháttt eða ADS-B-sendi með auðkenningargetu skal flugumferðarþjónustudeildin grípa til eftirfarandi aðgerða:

1) tilkynna flugmanninum um viðvarandi misræmi,

2) ef mögulegt er, leiðrétta merkið sem sýnir auðkenningu loftfarsins á flugstöðuskjánum, og

3) tilkynna næstu stjórnstöð og öðrum viðkomandi deildum, sem notast við S-starfsháttt eða ADS-B-sendi til auðkenningar, að auðkenning loftfars sem loftfarið sendi sé rangt.“

12) Í stað 1. liðar a-liðar í lið SERA.14035 kemur eftirfarandi:

„1) Sending allra talna sem eru notaðar til að senda kallmerki loftfars, stefnu, vindátt og -hraða, og flugbraut skal gerð þannig að hver tölustafur er borinn fram sérstaklega.

i. Fluglög skulu send út með því að bera fram hvern tölustaf sérstaklega, að undanskildu fluglagi í heilum hundruðum.

ii. Stilling hæðarmælis skal send út með því að bera fram hvern tölustaf sérstaklega, að undanskildri stillingunni fyrir 1000 hPa, sem skal senda svona „EITT ÞÚSUND“ („ONE THOUSAND“).

iii. Allar tölur, sem eru notaðar í sendingu ratsjársvarakóða, skulu sendar út með því að bera fram hvern tölustaf sérstaklega, nema þegar ratsjársvarakóðar innihalda eingöngu heil þúsund skulu upplýsingarnar sendar út með því að bera fram fjölda þúsunda ásamt orðinu „ÞÚSUND“ („THOUSAND“).“

13) Eftirfarandi c-lið er bætt við SERA.14045:

„c) Orðalagið „FLUGTAK“ („TAKE-OFF“) skal aðeins nota í þráðlausum talfjarskiptum þegar loftfar hefur heimild til flugtaks eða þegar flugtaksheimild er afturkölluð.“

14) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á SERA.14065:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) Nema sá veitandi flugleiðsöguþjónustu sem ber ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu og er samþykktur af hlutaðeigandi lögbæru yfirvald kveði á um annað, skal upphafskall til flugumferðarþjónustudeildar, eftir rásarskipti í fjarskiptum milli loftfara og jarðstöðva, innihalda eftirfarandi þætti:

1) kallmerki þeirrar flugumferðarþjónustudeildar sem kallað er í,

2) kallmerki og beint þar á eftir orðið „Heavy“ eða „Super“, allt eftir því hvað samsvarar flugrastarflokki loftfarsins,

3) fluglag, auk fluglags sem klifrað/lækkað er í gegnum og þess fluglags sem heimilað hefur verið sé vélin ekki í þeirri hæð,

4) hraða, ef heimilaður af flugumferðarstjórnardeild, og

5) viðbótarþætti, sem krafist er af þeim veitanda flugleiðsöguþjónustu sem ber ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu og er samþykktur af hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi.“

b) Í stað 2. liðar c-liðar kemur eftirfarandi:

„2) kallmerki og beint þar á eftir orðin „Heavy“ eða „Super“, allt eftir því hvað samsvarar flugrastarflokki loftfarsins,“.

15) Eftirfarandi liður SERA.14083 bætist við:

„**SERA.14083 Verklag þegar bilun verður í þráðlausum fjarskiptum**

a) Ef loftfar getur ekki uppfyllt ákvæði a-liðar SERA.8035 skulu flugliðar reyna að koma á sambandi á síðustu rás sem notuð var og, ef það heppnast ekki, á annarri rás sem er viðeigandi fyrir flugleiðina. Ef þessar tilraunir bera ekki árangur skulu flugliðar leitast við að koma á sambandi við:

1) hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild,

2) aðrar flugumferðarþjónustudeildir, eða

3) önnur loftför,

með öllum tiltækum leiðum, þ.m.t. meðal annars gagnatengingu, gervihnattasíma og farsíma, og ef það ber árangur, láta vita að ekki var hægt að koma á sambandi á þeirri rás sem því var úthlutað.

b) Ef fjarskipti frá loftfari, sem búist var við, hafa ekki borist innan tiltekins tíma sem vekur upp grun um bilun í fjarskiptabúnaði, eða ef aðrar flugumferðarþjónustudeildir óska þess, skal flugumferðarstjórinn kalla á loftfarið á þeim tíðnum sem loftfarið er talið halda hlustvörð á og:

1) þegar kögunarþjónusta er veitt skal flugumferðarstjórinn að jafnaði ákvarða hvort móttökubúnaður loftfarsins sé nothæfur og, ef það ber árangur, skal hann halda áfram að veita flugumferðarstjórnarþjónustu með breyttum SSR-kóða/ADS-B-sendingu eða IDENT-sendingu til að fá staðfestingu á flugheimild sem loftfari er veitt,

2) ef það ber ekki árangur skal flugumferðarstjórnardeildin:

i. óska eftir að aðrar flugumferðarþjónustudeildir aðstoði með því að senda kallmerki til loftfarsins og, ef nauðsyn krefur, koma skilaboðunum áleiðis,

ii. óska eftir því að loftför á flugleiðinni geri tilraun til að koma á sambandi við loftfarið og, ef nauðsyn krefur, komi skilaboðunum áleiðis,

iii. tilkynna flugrekandanum/umráðanda loftfarsins, eins fljótt og auðið er, um hvers kyns bilun í fjarskiptum milli loftfara og jarðstöðva,

3) ef tilraunirnar, sem lýst er í i. og ii. lið 2. liðar, misheppnast skal ekki blindsenda loftfari flugheimildir nema að sérstakri beiðni sendanda. Önnur skeyti skulu send með blindsendingu á þeim tíðnum sem talið er að loftfarið haldi hlustvörð á.

c) Ef loftfar getur ekki uppfyllt ákvæði a-liðar SERA.8035 og tilraunirnar til að koma á fjarskiptum, sem lýst er í a-lið SERA.14083, misheppnast skal beita neðangreindu verklagi sem gildir um bilun í þráðlausum fjarskiptum:

1) Þegar loftfar er hluti af flugvallarumferð flugvallar með flugturni skal það fylgjast með fyrirmælum sem kunna að berast með sjónmerkjum.

2) Loftfarið skal stilla ratsjársvarann á starfsháttt A, kóða 7600, og/eða stilla ADS-B-sendinn til að gefa til kynna fjarskiptarof milli loftfars og jarðstöðvar og fylgja verklaginu sem lýst er í 3., 4., 5. og 6. lið, eins og við á.

3) Loftfar í sjónflugi skal halda áfram flugi sínu samkvæmt sjónflugsskilyrðum, lenda á næsta hentuga flugvelli og tilkynna komu sína á sem skjótastan hátt til viðeigandi flugumferðarþjónustudeildar.

4) Að undanskildum ákvæðum 5. liðar skal loftfar í blindflugi:

i. viðhalda síðasta heimilaða hraða og lagi, eða lágmarksflughæð ef hún er hærri, í 20 mínútur eftir:

A) að loftfarinu mistekst að senda tilskilda tilkynningu, eða

B) þann tíma sem ratsjársvarinn er stilltur á kóðann 7600 og/eða ADS-B-sendirinn sendir út viðeigandi tilkynningu um neyðar- og/eða hættuástand ef kögunarþjónusta er veitt,

og eftir það aðlaga lag og hraða í samræmi við skráðu flugáætlunina, eins og henni var breytt með skilaboðum um seinkanir og breytingar á skráðu flugáætluninni,

ii. þegar ratsjárstefning er notuð eða þegar flugumferðarstjórn hefur gefið fyrirmæli um að halda áfram á hliðraðri leið með því að nota svæðisleiðsögu (RNAV):

A) ef tiltekin mörk eru tilgreind: halda áfram að þeim mörkum og fara þá aftur á flugleið gildandi flugáætlunar, að teknu tilliti til gildandi lágmarksflughæðar, eða

B) án tiltekinna marka: fara aftur á flugleið gildandi flugáætlunar eigi síðar en við næsta leiðarmið, að teknu tilliti til gildandi lágmarksflughæðar,

iii. halda áfram samkvæmt gildandi leiðarheimild að viðeigandi tilgreindu leiðsöguvirki eða stöðumiði sem þjónar ákvörðunarflugvellinum og, þegar þess er krafist til að tryggja að farið sé að iv. lið hér að neðan, fljúga biðflug yfir þessu leiðsöguvirki eða stöðumiði þar til byrjað er að lækka flugið,

iv. hefja lækkun frá leiðsöguvirkinu eða stöðumiðinu, sem tilgreint er í iii. lið, á eða sem næst áætluðum aðflugstíma sem síðast var móttekinn og staðfestur eða, ef enginn áætlaður aðflugstími hefur verið móttekinn og staðfestur, á eða sem næst áætluðum komutíma,

v. ljúka blindaðflugi á þann hátt sem gildir fyrir tilgreint leiðsöguvirki eða stöðumið, og

vi. lenda, ef mögulegt er, innan 30 mínútna frá áætluðum komutíma, sem tilgreindur er í iv. lið, eða síðasta staðfesta áætlaða aðflugstíma, hvort sem síðar verður.

5) Loftfar í blindflugi, sem fylgir staðlaðri blindbrottflugsleið eða staðlaðri blindaðflugsleið, skal fylgja verklaginu sem gildir um bilun í þráðlausum fjarskiptum, sem tilgreint er á staðlaða blindbrottflugskortinu (SID) eða staðlaða blindaðflugskortinu (STAR), ef slíkt liggur fyrir.

6) Ef loftfar í blindflugi kemur inn á svæði þar sem eru sjónflugsskilyrði og flugstjóri ákveður að halda áfram að fljúga við sjónflugsskilyrði skal flugmaðurinn stilla á A-starfsháttt, kóða 7601, og lenda á næsta hentuga flugvelli og tilkynna komu sína á sem skjótastan hátt til viðeigandi flugumferðarþjónustudeildar.

d) Veiting flugumferðarstjórnarþjónustu til flugs, sem starfrækt er í viðkomandi loftrými, skal byggjast á þeirri forsendu að loftfar, sem verður fyrir fjarskiptabilun, uppfylli ákvæði c-liðar.

e) Um leið og flugumferðarstjórnardeild verður þess áskynja að loftfar, sem er starfrækt innan ábyrgðarsvæðis flugumferðarstjórnardeildar, virðist hafa orðið fyrir bilun í þráðlausum fjarskiptum skal deildin senda upplýsingar um það til allra viðkomandi flugumferðarþjónustudeilda á flugleiðinni. Ef slíkar upplýsingar eru ekki tiltækar skal flugstjórnarmiðstöðin á því svæði þar sem ákvörðunarflugvöllurinn er staðsettur gera ráðstafanir til að afla upplýsinga um varaflugvöllinn eða varaflugvellina og aðrar viðeigandi upplýsingar, sem eru tilgreindar í skráðu flugáætluninni.

f) Þegar flugumferðarstjórnardeild berast upplýsingar um að loftfar, sem hefur orðið fyrir fjarskiptabilun, hefur aftur komið á fjarskiptum eða sé lent, skal sú deild upplýsa flugumferðarstjórnardeildina á því svæði þar sem loftfarið var starfrækt á þeim tíma sem bilunin átti sér stað og aðrar viðkomandi flugumferðarþjónustudeildir á flugleiðinni, og veita nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar áframhaldandi veitingu flugumferðarstjórnar ef loftfarið heldur áfram flugi sínu.

g) Merkin, sem nota skal þegar bilun verður í fjarskiptum, skulu vera í samræmi við 1. viðbæti.“

16) Liður SERA.14087 fellur brott.

17) Í stað SERA.14090 kemur eftirfarandi:

„**SERA.14090 Sértækar verklagsreglur um fjarskipti**

a) Hreyfing ökutækja

Orðfæri um hreyfingu ökutækja á umferðarsvæði skal vera það sama og notað er fyrir hreyfingu loftfara, að undanskildum akstursfyrirmælum, en í því tilviki skal skipta út orðunum „HALTU ÁFRAM“ („PROCEED“) með orðinu „AKTU“ („TAXI“) í samskiptum við ökutæki.

b) Ráðgjafarþjónusta fyrir flugumferð

Ráðgjafarþjónusta fyrir flugumferð gefur ekki út „heimildir“ heldur einungis „ráðgefandi upplýsingar“ og skal nota orðið „ráðgjöf“ eða „tillaga“ þegar hún ber fram tillögu um aðgerð fyrir loftfar.

c) Upplýsingar um flugrastarflokkana „þung loftför“ („heavy“) og „mjög þung loftför“ („super“)

Við fyrstu þráðlausu talfjarskipti milli slíkra loftfara og flugumferðarþjónustudeilda skulu orðin „heavy“ eða „super“, sem samsvara, eins og við á, flugrastarflokki loftfarsins, lesin upp beint á eftir kallmerki loftfarsins.

d) Verklagsreglur í tengslum við leiðarfrávik vegna veðurs

1) Þegar þörf er á leiðarfráviki vegna veðurs skal flugmaður hefja fjarskipti við flugumferðarstjórn með talfjarskiptum eða um gagnatengingu (CPDLC). Skjót viðbrögð má fá fram, annaðhvort:

i. með því að segja „ÞÖRF Á LEIÐARFRÁVIKI VEGNA VEÐURS“ („WEATHER DEVIATION REQUIRED“) til að gefa til kynna að óskað sé eftir forgangi á rásinni og svari flugumferðarstjórnar, eða

ii. með því að óska eftir leiðarfráviki vegna veðurs með því að nota CPDLC-niðurtengingarskeyti.

2) Ef nauðsyn reynist skal flugmaður hefja fjarskipti með bráðakallinu „PAN PAN“ (æskilegast að endurtaka það þrisvar sinnum) eða með bráðakalli með CPDLC-niðurtengingu.

3) Flugmenn skulu tilkynna flugumferðarstjóra og óska eftir heimild til að víkja frá ferli eða flugþjónustuleið og tilgreina, þegar mögulegt er, umfang fráviksins sem óskað er eftir. Flugliðar skulu nota allar viðeigandi leiðir (þ.e. talfjarskipti og/eða CPDLC-tengingu) fyrir fjarskipti ef víkja þarf frá leið vegna veðurs.

4) Flugmaður skal upplýsa flugumferðarstjóra þegar ekki er lengur þörf á leiðarfráviki vegna veðurs eða þegar því er lokið og loftfarið er aftur komið á heimilaða flugleið.

e) Flugheimildir fyrir staðlaða blindbrottflugsleið og staðlaða blindaðflugsleið

Takmarkanir skulu, eftir atvikum, tilgreindar með ótvíræðum hætti í flugheimildum fyrir staðlaðar blindbrottflugsleiðir (SID) og/eða staðlaðar blindaðflugsleiðir (STAR).“

18) Eftirfarandi liður SERA.14100 bætist við:

„**SERA.14100 Tilkynningar um grun um smitsjúkdóma eða aðra áhættu fyrir lýðheilsu um borð í loftfari**

a) Þegar grunur leikur á um eitt eða fleiri smitsjúkdómstilvik eða annars konar lýðheilsuáhættu um borð í loftfarinu skulu flugliðar loftfars á flugleið tafarlaust tilkynna flugumferðarþjónustudeildinni, sem flugmaðurinn er í samskiptum við, um þær upplýsingar sem taldar eru upp hér að neðan:

1) auðkenningu loftfars,

2) brottfararflugvöll,

3) ákvörðunarflugvöll,

4) áætlaðan komutíma,

5) fjölda einstaklinga um borð,

6) fjölda grunaðra tilfella um borð og

7) eðli lýðheilsuáhættunnar, ef þekkt.

b) Þegar flugumferðarþjónustudeildinni berast upplýsingar frá flugmanni um að grunur leiki á um eitt eða fleiri smitsjúkdómstilvik eða annars konar lýðheilsuáhættu um borð í loftfarinu skal hún, eins fljótt og auðið er, senda skilaboð til flugumferðarþjónustudeildarinnar sem þjónar ákvörðunar-/brottfararflugvellinum, nema ferli séu fyrir hendi til að tilkynna það viðeigandi yfirvaldi, sem ríkið hefur tilnefnt, sem og flugrekanda/umráðanda loftfarsins eða tilnefndum fulltrúa hans.

c) Þegar flugumferðarþjónustudeild, sem þjónar ákvörðunar-/brottfararflugvellinum, tekur á móti tilkynningu um að grunur leiki á um eitt eða fleiri smitsjúkdómstilvik eða annars konar lýðheilsuáhættu um borð í loftfari, frá annarri flugumferðarþjónustudeild eða frá loftfari eða flugrekanda, skal viðkomandi deild, eins fljótt og auðið er, senda skilaboð til opinbers heilbrigðisyfirvalds eða viðeigandi yfirvalds, sem ríkið tilnefnir, sem og til flugrekanda/umráðanda loftfarsins eða tilnefnds fulltrúa hans og rekstraraðila flugvallarins.“

19) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar í lið 1.2.1 kemur eftirfarandi:


„a) neyðarkallið SOS (… — — — … samkvæmt morsstafrófinu), sem er sent með loftskeytasendingu eða annars konar merkjasendingu,“.

b) Lið 3.1 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar í lið 3.1.1 kemur eftirfarandi:

„3.1.1. ***Leiðbeiningar fyrir loftför***“.

2) Í stað myndar A1-1 á eftir töflu AP 1-1 kemur eftirfarandi:



„Mynd A1-1“.

3) Eftirfarandi liður 3.1.3 bætist við:

„3.1.3. ***Leiðbeiningar fyrir ökutæki eða gangandi vegfarendur á flugvallarsvæðinu***

a) Þegar fjarskipti með notkun sjónmerkjakerfis eru talin fullnægjandi, eða ef sjónmerki eru notuð vegna bilunar í þráðlausum fjarskiptum, skulu þau merki sem gefin eru hér á eftir hafa þá merkingu sem tilgreind er í töflunni hér á eftir.

Ljósmerki frá flugumferðarstjórn flugvallarumferðar	Merking
Grænt leiftur	Leyfi til að fara yfir lendingarsvæði eða inn á akbraut
Stöðugt rautt	Nemið staðar
Rautt leiftur	Fara skal af lendingarsvæði eða akbraut og hafa auga með loftförum
Hvítt leiftur	Yfirgefa skal umferðarsvæði í samræmi við staðbundnar leiðbeiningar

b) Við neyðaraðstæður eða ef ekki verður vart við merkin í a-lið skal nota það merki sem gefið er hér á eftir fyrir flugbrautir eða akbrautir sem eru með ljósakerfi og hefur þá merkingu sem tilgreind er í töflunni hér á eftir:

Ljósmerki frá flugumferðarstjórn flugvallarumferðar	Merking
Blikkandi flugbrautar- eða akbrautarljós	Yfirgefa skal flugbrautina og fylgjast með ljósmerki frá turninum“.

20) Í stað liðar 5.3.1 í 2. viðbæti kemur eftirfarandi:

„5.3.1. Flugrekandi/umráðandi loftfars skal tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild jafnskjótt og vitað er að fyrirhuguðu svifi meðalþungs eða þungs mannlauss, frjáls loftbelgs, sem áður hafði verið tilkynnt um samkvæmt lið 5.1, hefur verið aflýst.“

21) Í stað A-liðar í 5. viðbæti kemur eftirfarandi:

„A. **LEIÐBEININGAR UM GERÐ TILKYNNINGA**

FYRIRMYND AÐ SÉRSTÖKUM TILKYNNINGUM FRÁ LOFTFARI (e. *AIREP SPECIAL*)

REITUR	BREYTA	SENDIST Í TALFJARSKIPTUM, eins og við á
—	Kennimerki fyrir tegund skeytis — Sérstök tilkynning frá loftfari	[AIREP] SPECIAL

1. þáttur	1	Auðkenning loftfars	*(auðkenning loftfars)*
	2	Staða	STAÐA (POSITION) (*breiddar- og lengdargráða*) YFIR (OVER) (*leiðarmið*) ÞVERT AF (ABEAM) (*leiðarmið*) *(leiðarmið) (miðun) (fjarlægð)*
	3	Tími	(tími)
	4	Fluglag	FLUGLAG (FLIGHT LEVEL) (*tölur*) eða (*tölur*) METRAR eða FET KLIFUR Í FLUGLAG (CLIMBING TO FLIGHT LEVEL) (*tölur*) eða (*tölur*) METRAR eða FET LÆKKUN Í FLUGLAG (DESCENDING TO FLIGHT LEVEL) (*tölur*) eða (*tölur*) METRAR eða FET
	5	Næsta staða og áætlaður tími yfir stöðumiði	*(staða) (tími)*
	6	Næsta leiðarmið	(*staða*) NÆSTA

2. þáttur	7	Áætlaður komutími	*(flugvöllur) (tími)*
	8	Flugþol	FLUGÞOL (ENDURANCE) (*klukkustundir og mínútur*)
3. þáttur	9	Fyrirbæri sem koma upp eða vart verður við sem krefjast þess að sérstök tilkynning frá loftfari sé útbúin:	
		— Miðlungs ókyrrð	MIÐLUNGS ÓKYRRÐ (TURBULENCE MODERATE)
		— Mikil ókyrrð	MIKIL ÓKYRRÐ (TURBULENCE SEVERE)
		— Miðlungs ísing	MIÐLUNGS ÍSING (ICING MODERATE)
		— Mikil ísing	MIKIL ÍSING (ICING SEVERE)
		— Mikil fjallabylgja	MIKLAR FJALLABYLGJUR (MOUNTAIN WAVE SEVERE)
		— Þrumuveður án hagléls	ÞRUMUVEÐUR (THUNDERSTORMS)
		— Þrumuveður með hagléli	ÞRUMUVEÐUR MEÐ HAGLÉLI (THUNDERSTORMS WITH HAIL)
		— Mikið moldrok/sandbylur	MIKIÐ MOLDRYK *eða* MIKILL SANDBYLUR (DUSTSTORM *eða* SANDSTORM HEAVY)
		— Gosöskuský	GOSÖSKUSKÝ (VOLCANIC ASH CLOUD)
		— Eldvirkni sem er fyrirboði eldgoss eða eldgos	ELDVIRKNI SEM ER FYRIRBOÐI ELDGOSS *eða* ELDGOS (PRE-ERUPTION VOLCANIC ACTIVITY *eða* VOLCANIC ERUPTION)
		Hemlunarskilyrði flugbrautar	
		— Góð	GÓÐ (GOOD)
		— Sæmileg til góð	SÆMILEG TIL GÓÐ (GOOD TO MEDIUM)
		— Sæmileg	SÆMILEG (MEDIUM)
		— Sæmileg til léleg	SÆMILEG TIL LÉLEG (MEDIUM TO POOR)
		— Léleg	LÉLEG (POOR)
		— Lakari en léleg	LAKARI EN LÉLEG (LESS THAN POOR)

1. INNIHALD TILKYNNINGA FRÁ LOFTFARI

1.1. Stöðutilkynningar og sérstakar tilkynningar frá loftfari

1.1.1. Atriði 1. þáttar fyrirmyndarinnar í A-lið eru skyldubundin fyrir stöðutilkynningar og sérstakar tilkynningar frá loftfari, þó sleppa megi reitum 5 og 6. Atriðum 2. þáttar skal eingöngu bætt við, að fullu eða að hluta til, þegar flugrekandi/umráðandi loftfars eða tilnefndur fulltrúi hans fer þess á leit, eða þegar flugstjóri telur þörf á því. Atriði 3. þáttar skulu tekin með í sérstakar tilkynningar frá loftfari.

1.1.2. Aðstæður, sem krefjast útgáfu sérstakrar tilkynningar frá loftfari, skulu valdar af listanum í a-lið SERA.12005.

1.1.3. Ef um er að ræða sérstakar tilkynningar frá loftfari sem innihalda upplýsingar um eldvirkni skal lögð fram tilkynning um eldvirkni eftir flugið með því að nota eyðublaðið um eldvirkni (Model VAR) sem sett er fram í B-lið. Skrá skal öll atriði sem tekið er eftir og þau tilgreind á viðeigandi stað á eyðublaðinu um eldvirkni.

1.1.4. Sérstakar tilkynningar frá loftfari skulu gefnar út eins fljótt og auðið er eftir að vart verður við fyrirbæri, sem krefst þess að sérstök tilkynning frá loftfari sé útbúin.

2. ÍTARLEGAR LEIÐBEININGAR UM GERÐ TILKYNNINGA

2.1. Reitir í tilkynningu frá loftfari skulu skráðir í þeirri röð sem þeir eru tilgreindir í fyrirmyndinni að AIREP SPECIAL-eyðublaðinu.

— KENNIMERKI FYRIR TEGUND SKEYTIS. Gefið tilkynninguna „SPECIAL“ fyrir sérstaka tilkynningu frá loftfari.

1. þáttur

Reitur 1 – AUÐKENNING LOFTFARS. Tilkynnið kallmerki loftfarsins við þráðlaus talfjarskipti eins og mælt er fyrir um í SERA.14050.

Reitur 2 – STAÐA. Tilkynnið stöðu í breiddargráðum (í gráðum með 2 tölustöfum eða gráðum og mínútum með 4 tölustöfum, auk „norður“ eða „suður“) og lengdargráðum (í gráðum með 3 tölustöfum eða gráðum og mínútum með 5 tölustöfum, auk „austur“ eða „vestur“), eða sem leiðarmið auðkennt með kóðuðu kennimerki (2 til 5 rittákn), eða sem leiðarmið auk segulmiðunar (3 tölustafir) og fjarlægð í sjómílum frá leiðarmiðinu. Tilkynnið „ABEAM“ á undan leiðarmiði, ef við á.

Reitur 3 – TÍMI. Tilkynnið tíma á alheimstímasniði í klukkustundum og mínútum (4 tölustafir) nema mælt sé fyrir um að tilgreina tíma í mínútum yfir heila tímann (2 tölustafir) á grundvelli samninga um svæðisbundna flugleiðsögu. Tilkynntur tími skal vera raunverulegur tími loftfarsins þar sem það er staðsett og ekki tíminn þaðan sem tilkynningin eða sendingin er upprunnin. Þegar sérstakar tilkynningar frá loftfari eru gefnar skal tími alltaf tilgreindur á alheimstímasniði í klukkustundum og mínútum.

Reitur 4 – FLUGLAG EÐA FLUGHÆÐ. Tilgreinið fluglag með 3 tölustöfum þegar hæðarmælir er stilltur á málþrýsting. Tilkynnið flughæð í metrum og þar á eftir orðið „METRAR“ („METERS“) eða í fetum og þar á eftir orðið „FET“ („FEET“) þegar hæðarmælir er stilltur á QNH. Tilkynnið „KLIFUR“ („CLIMBING“) við klifur (og þar á eftir fluglagið) eða „LÆKKUN“ („DESCENDING“) (og þar á eftir fluglagið) við lækkun í nýja flughæð eftir að farið er yfir leiðarmið.

Reitur 5 – NÆSTA STAÐA OG ÁÆTLAÐUR TÍMI YFIR STÖÐUMIÐI. Tilkynnið, samkvæmt gildandi verklagsreglum um stöðutilkynningar, næsta stöðumið og áætlaðan tíma yfir slíku stöðumiði, eða áætlaða stöðu sem verður náð einni klukkustund síðar. Staðan skal gefin upp í samræmi við reglurnar um meðhöndlun gagna sem eru tilgreindar í reit 2. Tilkynnið áætlaðan tíma yfir þessari stöðu. Tilkynnið tíma á alheimstímasniði í klukkustundum og mínútum (4 tölustafir) nema mælt sé fyrir um í samningum um svæðisbundna flugleiðsögu að tilgreina eigi tíma í mínútum yfir heila tímann (2 tölustafir).

Reitur 6 – NÆSTA LEIÐARMIÐ. Tilkynnið næsta leiðarmið eftir að „næsta staða og áætlaður tími yfir stöðumiði“ eru tilkynnt.

2. þáttur

Reitur 7 – ÁÆTLAÐUR KOMUTÍMI. Tilkynnið nafn flugvallarins þar sem fyrst er áætlað að lenda og þar á eftir áætlaðan komutíma á þessum flugvelli í klukkustundum og mínútum á alheimstímasniði (4 tölustafir).

Reitur 8 – FLUGÞOL. Tilkynnið „FLUGÞOL“ („ENDURANCE“) og þar á eftir flugþol í klukkustundum og mínútum (4 tölustafir).

3. þáttur

Reitur 9 – FYRIRBÆRI SEM KREFST ÞESS AÐ SÉRSTÖK TILKYNNING FRÁ LOFTFARI SÉ ÚTBÚIN. Tilkynnið eitt af eftirfarandi fyrirbærum sem koma upp eða sem vart verður við:

— Miðlungs ókyrrð sem „MIÐLUNGS ÓKYRRÐ“ („TURBULENCE MODERATE“)

Mikil ókyrrð sem „MIKIL ÓKYRRÐ“ („TURBULENCE SEVERE“)

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

— Miðlungs — Skilyrði þar sem miðlungs miklar breytingar á horfi loftfars og/eða flughæð geta átt sér stað en loftfarið er ávallt undir fullri stjórn. Vanalega verða litlar breytingar á flughraða. Breytingar á aflestri hröðunarmælis nemur 0,5 g til 1,0 g í þyngdarmiðju loftfarsins. Erfiðleikar við að ganga. Farþegar finna fyrir álagi á sætisbelti. Lausir hlutir færast úr stað.

— Alvarleg — Skilyrði þar sem skyndilegar breytingar verða á horfi loftfars og/eða flughæð og getur flugmaður misst stjórn á loftfari í stutta stund. Vanalega verða miklar breytingar á flughraða. Breytingar á aflestri hröðunarmælis nemur yfir 1,0 g í þyngdarmiðju loftfarsins. Farþegar þrýstast kröftuglega við sætisbeltin. Lausir hlutir veltast um.

— Miðlungs ísing sem MIÐLUNGS ÍSING („ICING MODERATE“)

Mikil ísing sem MIKIL ÍSING („ICING SEVERE“)

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

— Miðlungs — Skilyrði þar sem breytingar á stefnu og/eða flughæð geta talist æskilegar.

— Mikil — Skilyrði þar sem breytingar á stefnu og/eða flughæð teljast nauðsynlegar.

— Mikil fjallabylgja sem „MIKIL FJALLABYLGJA“ („MOUNTAIN WAVE SEVERE“)

Eftirfarandi skilgreining gildir:

— Mikil — Skilyrði þar sem meðfylgjandi niðurstreymi er 3,0 m/s (600 fet/mín) eða meira og/eða upp kemur mikil ókyrrð.

— Þrumuveður án hagléls sem „ÞRUMUVEÐUR“ („THUNDERSTORM“)

Þrumuveður með hagléli sem „ÞRUMUVEÐUR MEÐ HAGLÉLI“ („THUNDERSTORM WITH HAIL“)

Eftirfarandi skilgreining gildir:

Tilkynnið eingöngu þrumuveður sem:

— er hulið í mistri, eða

— er hulið inni í skýi, eða

— er víðfeðmt, eða

— myndar skúragarð.

— Mikið moldrok eða sandrok sem „MIKIÐ MOLDROK“ („DUSTSTORM HEAVY“) eða „MIKILL SANDBYLUR“ („SANDSTORM HEAVY“)

— Gosöskuský sem „GOSÖSKUSKÝ“ („VOLCANIC ASH CLOUD“)

— Eldvirkni sem er fyrirboði eldgoss eða eldgos sem „ELDVIRKNI SEM ER FYRIRBOÐI ELDGOSS“ („PRE-ERUPTION VOLCANIC ACTIVITY“) eða „ELDGOS“ („VOLCANIC ERUPTION“)

Eftirfarandi skilgreining gildir:

„Eldvirkni sem er fyrirboði eldgoss“ merkir í þessu samhengi óvenjulega og/eða aukna eldvirkni sem gæti verið fyrirboði eldgoss.

— Góð hemlunarskilyrði sem „GÓÐ HEMLUNARSKILYRÐI“ („BRAKING ACTION GOOD“)

— Sæmileg til góð hemlunarskilyrði sem „SÆMILEG TIL GOÐ HEMLUNARSKILYRÐI“ („BRAKING ACTION GOOD TO MEDIUM“)

— Sæmileg hemlunarskilyrði sem „SÆMILEG HEMLUNARSKILYRÐI“ („BRAKING ACTION MEDIUM“)

— Sæmileg til léleg hemlunarskilyrði sem „SÆMILEG TIL LÉLEG HEMLUNARSKILYRÐI“ („BRAKING ACTION MEDIUM TO POOR“)

— Léleg hemlunarskilyrði sem „LÉLEG HEMLUNARSKILYRÐI“ („BRAKING ACTION POOR“)

— Lakari en léleg hemlunarskilyrði sem „LAKARI EN LÉLEG HEMLUNARSKILYRÐI“ („BRAKING ACTION LESS THAN POOR“)

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

Góð – hraðaminnkun við hemlun er eðlileg miðað við það hemlunarátak sem beitt er á hjólin og stefnustýring er eðlileg.

Sæmileg til góð – hraðaminnkun við hemlun eða stefnustýring er á milli þess að vera „sæmileg“ og „góð“.

Sæmileg – hraðaminnkun er merkjanlega minni miðað við það hemlunarátak sem beitt er á hjólin eða stefnustýring er merkjanlega minni.

Sæmileg til léleg – hraðaminnkun við hemlun eða stefnustýring er mitt á milli þess að vera sæmileg og léleg.

Léleg — hraðaminnkun er talsvert minni miðað við það hemlunarátak sem beitt er á hjólin eða stefnustýring er verulega skert.

Lakari en léleg – Hraðaminnkun við hemlun er hverfandi eða engin miðað við það hemlunarátak sem beitt er á hjólin eða óvissa er um stefnustýringu.

2.2 Upplýsingar, sem eru skráðar á eyðublaðið um eldvirkni, skulu ekki sendar með þráðlausum talfjarskiptum heldur skal flugrekandi/umráðandi loftfars eða flugliði tafarlaust afhenda veðurstofu flugvallar upplýsingarnar við komu á flugvöll. Ef aðgengi að veðurstofu er ekki greiður, skal útfyllt eyðublað afhent í samræmi við svæðisbundna tilhögun sem veðurstofan, veitendur flugumferðarþjónustu og flugrekandi/umráðandi loftfarsins eru sammála um.

3. ÁFRAMSENDING VEÐURUPPLÝSINGA SEM TEKIÐ ER Á MÓTI Í TALFJARSKIPTUM

Við móttöku sérstakra tilkynninga frá loftfari skulu flugumferðarþjónustudeildir áframsenda þær tafarlaust til viðkomandi aðalveðurstofu. Í því skyni að tryggja samlögun tilkynninga frá loftfari í sjálfvirkum kerfum á jörðu niðri skulu efnisþættir slíkra tilkynninga sendir í samræmi við reglur um meðhöndlun gagna sem eru tilgreindar hér á eftir og í þeirri röð sem þeim er lýst.

— VIÐTAKANDI. Skráið stöðina sem kallað er í og, ef nauðsyn krefur, áframsendingu sem þörf er á.

— KENNIMERKI FYRIR TEGUND SKEYTIS. Skráið „ARS“ fyrir sérstaka tilkynningu frá loftfari.

— AUÐKENNING LOFTFARS. Skráið auðkenningu loftfars með notkun reglna um meðhöndlun gagna sem eru tilgreindar í reit 7 í flugáætluninni, án þess að hafa bil á milli kennimerkis flugrekanda/umráðanda loftfarsins og einkennisstafa loftfarsins eða auðkenni flugs, ef það er notað.

1. þáttur

Reitur 0 – STAÐA. Skráið stöðu í breiddargráðum (í gráðum með 2 tölustöfum eða gráðum og mínútum með 4 tölustöfum, auk „N“ eða „S“ án stafbils á milli þeirra) og lengdargráðum (í gráðum með 3 tölustöfum eða gráðum og mínútum með 5 tölustöfum, auk „A“ eða „V“ án stafbils á milli þeirra), eða sem leiðarmið auðkennt með kóðuðu kennimerki (2 til 5 rittákn), eða sem leiðarmið auk segulmiðunar (3 tölustafir) og fjarlægð í sjómílum (3 tölustafir) frá leiðarmiðinu. Tilkynnið „ABEAM“ á undan leiðarmiði, ef við á.

Reitur 1 – TÍMI. Skráið tíma í klukkustundum og mínútum á alheimstímasniði (4 tölustafir).

Reitur 2 – FLUGLAG EÐA FLUGHÆÐ. Skráið „F“ og þar á eftir 3 tölustafi (t.d. „F310“) við skráningu fluglags. Skráið flughæð í metrum og þar á eftir „M“ eða í fetum og þar á eftir „FT“ við skráningu flughæðar. Skráið „ASC“ (lag) við klifur eða „DES“ (lag) við lækkun flugs.

3. þáttur

Reitur 9 – FYRIRBÆRI SEM KREFST ÞESS AÐ SÉRSTÖK TILKYNNING FRÁ LOFTFARI SÉ ÚTBÚIN. Skráið tilkynnta fyrirbærið sem hér segir:

— miðlungs ókyrrð sem „TURB MOD“,

— mikla ókyrrð sem „TURB SEV“,

— miðlungs ísingu sem „ICE MOD“,

— mikla ísingu sem „ICE SEV“,

— mikla fjallabylgju sem „MTW SEV“,

— þrumuveður án hagléls sem „TS“,

— þrumuveður með hagléli sem „TSGR“,

— mikill sandbylur sem „HVY SS“,

— mikið moldrok sem „HVY DS“,

— gosöskuský sem „VA CLD“,

— eldvirkni eða eldgos sem „VA“,

— haglél sem „GR“,

— skúraský sem „CB“.

TÍMASETNING SENDINGA. Eingöngu skráð þegar 3. þáttur er sendur.

4. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM TILKYNNINGAR UM VINDHVÖRF OG GOSÖSKU

4.1. **Tilkynning um vindhvörf**

4.1.1. Þegar tilkynnt er um vindhvörf við fráklifur og aðflug í tengslum við veðurathugun úr loftfari skal tiltaka tegund loftfars.

4.1.2. Þegar tilkynnt hefur verið um vindhvörf við fráklifur eða aðflug, eða þeim hefur verið spáð en gerðu ekki vart við sig, skal flugstjórinn tilkynna það viðeigandi flugumferðarþjónustudeild eins fljótt og auðið er nema ef flugstjórinn er meðvitaður um að viðeigandi flugumferðarþjónustudeild hafi þegar verið upplýst af undanfarandi loftfari.

4.2. **Tilkynning um eldvirkni eftir flugið**

4.2.1. Við komu flugs á flugvöll skal flugrekandi/umráðandi loftfars, eða flugliði, tafarlaust skila fullgerðri skýrslu um eldfjallavirkni til veðurstofu flugvallar, eða, sé ekki auðvelt aðgengi fyrir flugliða komuloftfara að slíkri stofu, skal hið útfyllta eyðublað meðhöndlað í samræmi við svæðisbundna tilhögun sem veðurstofan, veitendur flugumferðarþjónustu og flugrekandi/umráðandi loftfarsins eru sammála um.


4.2.2. Fullgerð tilkynning um eldvirkni sem berst veðurstofu flugvallar skal án tafar send þeirri aðalveðurstofu sem ber ábyrgð á að vakta veður á því flugupplýsingasvæði þar sem eldvirkninnar varð vart.“

22) Í stað 6. viðbætis kemur eftirfarandi:

„6. viðbætir

ÚTFYLLING FLUGÁÆTLUNAR

1. **Fyrirmynd að eyðublaði fyrir flugáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar**



2. **Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs fyrir flugáætlun**

2.1. Almennt

Fara skal nákvæmlega eftir tilskildum sniðum og aðferðum til að setja inn upplýsingar.

Byrja skal á því að setja inn upplýsingar í fyrsta reitinn. Ef umframreitir eru til staðar skal skilja ónotuðu reitina eftir auða.

Setja skal inn allar tímasetningar í fjórum tölustöfum á alheimstíma.

Setja skal inn allan áætlaðan flugtíma í fjórum tölustöfum (klukkustundir og mínútur).

Flugumferðarþjónusta og fjarskiptaþjónusta skulu fylla út *skyggða svæðið á undan reit 3*, nema ábyrgð á sendingu flugáætlunarskilaboða hafi verið falin öðrum.

2.2. Leiðbeiningar um innfærslu upplýsinga að því er varðar flugumferðarþjónustu

Fylla skal út reiti 7–18 og, þegar lögbært yfirvald krefst þess eða ef það telst nauðsynlegt af öðrum ástæðum, reit 19, eins og tilgreint er hér að neðan.

Reitur 7: AUÐKENNING LOFTFARS (AÐ HÁMARKI 7 RITTÁKN)

SETJA SKAL INN eina af eftirfarandi auðkenningum loftfars, sem er að hámarki 7 alstafir og án bandstrika eða tákna:

a) ICAO-kóða flugrekanda/umráðanda loftfarsins og þar á eftir auðkenni flugs (t.d. KLM511, NGA213, JTR25) ef kallmerkið, sem loftfarið á að nota í þráðlausum talfjarskiptum, samanstendur af fjarskiptakallmerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugrekandann/umráðanda loftfarsins og þar á eftir auðkenni flugs (t.d. KLM511, NIGERIA 213, JESTER 25) eða

b) þjóðareinkennisstafi eða alþjóðlegt sammerki (e. *common mark*) og skrásetningarmerki loftfarsins (t.d. EIAKO, 4XBCD, N2567GA), þegar:

   1) kallmerkið, sem loftfarið á að nota í þráðlausum talfjarskiptum, samanstendur eingöngu af þessu auðkenni (t.d. CGAJS) eða það kemur í kjölfar fjarskiptakallmerkis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugrekanda/umráðanda loftfarsins (t.d. BLIZZARD CGAJS),

   2) loftfarið er ekki búið fjarskiptabúnaði.

Reitur 8: FLUGREGLUR OG TEGUND FLUGS (EITT EÐA TVÖ RITTÁKN)

Flugreglur

SETJA SKAL INN einn af eftirfarandi bókstöfum til að tilgreina þann flokk flugreglna sem flugmaðurinn ætlar að fara eftir:

I – ef fyrirhugað er að fljúga allt flugið samkvæmt blindflugsreglum eða

V – ef fyrirhugað er að fljúga allt flugið samkvæmt sjónflugsreglum eða

Y – ef flugið fer upphaflega fram samkvæmt blindflugsreglum en síðan er breytt um flugreglur einu sinni eða oftar eða

Z – ef flugið fer upphaflega fram samkvæmt sjónflugsreglum en síðan er breytt um flugreglur einu sinni eða oftar.

Tilgreina skal í reit 15 á hvaða stigi eða stigum fyrirhugað er að breyta um flugreglur.

Tegund flugs

SETJA SKAL INN einn af eftirfarandi bókstöfum til að tilgreina tegund flugs þegar lögbært yfirvald krefst þess:

S – ef um áætlunarflug er að ræða,

N – ef um er að ræða óreglubundið flutningaflug,

G – ef um er að ræða almannaflug,

M – ef um er að ræða herflug,

X – ef um er að ræða aðra flokka en þá sem tilgreindir eru hér að ofan.

Í reit 18 skal *tilgreina* stöðu flugs eftir bókstafakóðanum „STS“ eða, þegar þörf er á að tilgreina aðrar ástæður fyrir sérstakri notkun flugumferðarþjónustu, tilgreina ástæðuna á eftir bókstafakóðanum „RMK“ í reit 18.

Reitur 9: FJÖLDI OG TEGUND LOFTFARA OG FLUGRASTARFLOKKUR

Fjöldi loftfara (1 eða 2 rittákn)

SETJA SKAL INN fjölda loftfara, ef þau eru fleiri en eitt.

Tegund loftfars (2 til 4 rittákn)

SETJA SKAL INN viðeigandi kennimerki, eins og tilgreint er í skjali nr. 8643, kennimerki tegundar loftfars,

EÐA, ef engu slíku kennimerki hefur verið úthlutað, eða ef um er að ræða fylkingarflug sem samanstendur af fleiri en einni tegund, *SKAL SETJA INN ZZZZ* og TILGREINA í reit 18 (fjölda og) tegund eða tegundir loftfara á eftir bókstafakóðanum TYP/.

Flugrastarflokkur (eitt rittákn)

SETJA SKAL INN skástrik og þar á eftir einn af eftirfarandi bókstöfum til að tilgreina flugrastarflokk loftfarsins:

J – SUPER, til að tilgreina tegund loftfars, eins og tilgreint er í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8643, kennimerki tegundar loftfars, nýjustu útgáfu,

H – HEAVY, til að tilgreina tegund loftfars með 136 000 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða meiri, að undanskildum tegundum loftfara sem taldar eru upp í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 8643 í flokknum SUPER (J),

M – MEDIUM, til að tilgreina tegund loftfars með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er minni en 136 000 kg en meiri en 7000 kg,

L – LIGHT, til að tilgreina tegund loftfars með 7000 kg skráðan hámarksflugtaksmassa eða minni.

Reitur 10: BÚNAÐUR OG GETA

Getan nær yfir eftirfarandi þætti:

a) loftfarið hefur viðeigandi starfhæfan búnað,

b) búnaður og geta samsvara réttindum flugliða og

c) eftir atvikum, heimild frá lögbæru yfirvaldi.

Búnaður og geta fyrir þráðlaus fjarskipti, leiðsögu og aðflug

SETJA SKAL INN einn af eftirfarandi bókstöfum:

N – ef enginn búnaður til fjarskipta/leiðsögu/aðflugs er um borð fyrir áætlaða flugleið eða ef búnaðurinn er óstarfhæfur eða

S – ef staðlaður búnaður til fjarskipta/leiðsögu/aðflugs er um borð fyrir áætlaða flugleið og er starfhæfur og/eða

SETJA SKAL INN einn eða fleiri af eftirfarandi bókstöfum til að tilgreina starfhæfan búnað til fjarskipta/leiðsögu/aðflugs og tiltæka getu:

A	GBAS-lendingarkerfi	**J7**	CPDLC FANS 1/A SATCOM (Iridium)
B	LPV (APV með SBAS)	**K**	MLS
C	Loran C	**L**	ILS
D	DME	**M1**	ATC SATVOICE (INMARSAT)
E1	FMC WPR ACARS	**M2**	ATC SATVOICE (MTSAT)
E2	D-FIS ACARS	**M3**	ATC SATVOICE (Iridium)
E3	PDC ACARS	**O**	VOR
F	ADF		
G	GNSS (hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi). Ef áætlað er að einhver hluti flugsins fari fram samkvæmt blindflugsreglum er vísað til GNSS-móttökubúnaðar sem uppfyllir ákvæði I. bindis í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar	**P1**	CPDLC RCP 400
		P2	CPDLC RCP240
		P3	SATVOICE RCP 400
H	HF RTF	**P4-P9**	Frátekið fyrir RCP
I	Tregðuleiðsaga	**R**	PBN-heimild
J1	CPDLC ATN VDL starfsháttur 2 (VDL Mode 2)	**T**	TACAN
J2	CPDLC FANS 1/A HFDL	**U**	UHF RTF
J3	CPDLC FANS 1/A VDL A-starfsháttur (VDL Mode A)	**V**	VHF RTF
J4	CPDLC FANS 1/A VDL starfsháttur 2	**W**	RVSM-heimild
J5	CPDLC FANS 1/A SATCOM (INMARSAT)	**X**	MNPS-heimild
J6	CPDLC FANS 1/A SATCOM (MTSAT)	**Y**	VHF með möguleika á 8,33 kHz bili milli rása
		Z	Annar búnaður um borð eða önnur geta

Allir alstafir, sem ekki eru tilgreindir hér að ofan, eru fráteknir.

Kögunarbúnaður og -geta

SETJA SKAL INN **N** ef enginn kögunarbúnaður er um borð fyrir áætlaða flugleið eða ef búnaðurinn er óstarfhæfur,

EÐA

SETJA SKAL INN eina eða fleiri af eftirfarandi lýsingum, að hámarki 20 rittákn, til að lýsa starfhæfum kögunarbúnaði og/eða -getu um borð:

A- og C-starfsháttur kögunarsvarratsjár

A – Ratsjársvari — A-starfsháttur (4 tölustafir — 4096 kóðar)

C – Ratsjársvari — A-starfsháttur (4 tölustafir — 4096 kóðar) og C-starfsháttur

S-starfsháttur kögunarsvarratsjár

E – Ratsjársvari — S-starfsháttur, þ.m.t. með getu til að senda auðkenningu loftfars, málþrýstingshæð og stóra gagnaskvettu (ADS-B)

H – Ratsjársvari — S-starfsháttur, þ.m.t. með getu til að senda auðkenningu loftfars, málþrýstingshæð og með getu til bættrar kögunar

I – Ratsjársvari — S-starfsháttur, þ.m.t. með getu til að senda auðkenningu loftfars en ekki málþrýstingshæð

L – Ratsjársvari — S-starfsháttur, þ.m.t. með getu til að senda auðkenningu loftfars, málþrýstingshæð, stóra gagnaskvettu (ADS-B) og með getu til bættrar kögunar

P – Ratsjársvari — S-starfsháttur, þ.m.t. með getu til að senda málþrýstingshæð en ekki auðkenningu loftfars

S – Ratsjársvari — S-starfsháttur, þ.m.t. með getu til að senda bæði málþrýstingshæð og auðkenningu loftfars

X – Ratsjársvari — S-starfsháttur, hvorki með getu til að senda auðkenningu loftfars né málþrýstingshæð

ADS-B (kögun háð leiðsögubúnaði, útvörpun)

B1 – ADS-B með sérstaka ADS-B-út getu á tíðninni 1090 MHz

B2 – ADS-B með sérstaka ADS-B-út og -inn getu á tíðninni 1090 MHz

U1 – ADS-B-út geta með notkun senditækis með almennan aðgang (UAT)

U2 – ADS-B-út og -inn geta með notkun senditækis með almennan aðgang

V1 – ADS-B-út geta með notkun stafrænnar tengingar á metrabylgju í starfshætti 4 (VDL Mode 4)

V2 – ADS-B-út og -inn geta með notkun stafrænnar tengingar á metrabylgju í starfshætti 4

ADS-C (kögun háð leiðsögubúnaði, samningur)

D1 – ADS-C með FANS 1/A getu

G1 – ADS-C með ATN-getu

Alstafir, sem ekki eru tilgreindir hér að ofan, eru fráteknir.

Reitur 13: BROTTFARARFLUGVÖLLUR OG -TÍMI
(8 RITTÁKN)

SETJA SKAL INN fjögurra bókstafa staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir brottfararflugvöllinn, eins og tilgreint er í skjali nr. 7910, *Staðarauðkenni*,

EÐA, ef engu staðarauðkenni hefur verið úthlutað,

SKAL SETJA INN ZZZZ og TILGREINA, í reit 18:

— heiti og staðsetningu flugvallarins á eftir bókstafakóðanum DEP/ eða

— fyrsta stað flugleiðarinnar eða markvitann á eftir bókstafakóðanum DEP/..., ef loftfarið hefur ekki hafið sig til flugs frá flugvelli,

EÐA, ef flugáætlunin er móttekin frá loftfari á flugi,

SKAL SETJA INN „AFIL“ og TILGREINA, í reit 18, fjögurra bókstafa staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, á eftir DEP/, fyrir staðsetningu flugumferðarþjónustudeildarinnar þar sem hægt er að fá viðbótarflugáætlunargögn.

ÞVÍ NÆST, ÁN BILS,

SKAL SETJA INN áætlaðan hlaðfarartíma fyrir flugáætlun sem lögð er fram fyrir brottför,

EÐA raunverulegan eða áætlaðan tíma sem flogið er yfir fyrsta staðinn á flugleiðinni, sem flugáætlunin gildir um, fyrir flugáætlun sem er móttekin frá loftfari á flugi.

Reitur 15: FLUGLEIÐ

SETJA SKAL INN *fyrsta farflugshraðann*, eins og lýst er í a-lið, og *fyrsta farflugslagið*, eins og lýst er í b-lið, án þess að hafa bil á milli þeirra.

ÞVÍ NÆST, á eftir örinni, *SKAL SETJA INN* lýsingu á flugleiðinni eins og lýst er í c-lið.

a) *Farflugshraði (að hámarki 5 rittákn)*

SETJA SKAL INN *raunhraða* fyrir fyrsta eða allan farflugshluta flugsins, sem er gefinn upp í:

kílómetrum á klukkustund, gefnir upp sem K og þar á eftir fjórir tölustafir (t.d. K0830), eða

hnútum, gefnir upp sem N og þar á eftir fjórir tölustafir (t.d. N0485) eða

rétta Mach-tölu, þegar lögbært yfirvald mælir fyrir um það, að næsta hundraðshluta af Mach-einingu, gefin upp sem M og þar á eftir þrír tölustafir (t.d. M082).

b) *Farflugslag (að hámarki 5 rittákn)*

SETJA SKAL INN áætlað farflugslag fyrir alla flugleiðina eða fyrir fyrsta hluta hennar, tilgreint í:

fluglagi, gefið upp sem F, og þar á eftir þrír tölustafir (t.d. F085, F330), eða

stöðluðu metramáli í tugum metra, þegar lögbært yfirvald mælir fyrir um það, gefið upp sem S og þar á eftir fjórir tölustafir (t.d. S1130), eða

flughæð í hundruðum feta, gefin upp sem A og þar á eftir þrír tölustafir (t.d. A045, A100), eða

flughæð í tugum metra, gefin upp sem M og þar á eftir fjórir tölustafir (t.d. M0840), eða

fyrir óstjórnað sjónflug, bókstafirnir VFR.

c) *Flugleið (þ.m.t. breytingar á hraða, fluglagi og/eða flugreglum)*

Flug á tilgreindum flugþjónustuleiðum

SETJA SKAL INN kennimerki fyrir fyrstu flugþjónustuleiðina, ef brottfararflugvöllurinn er staðsettur á flugþjónustuleiðinni eða tengdur við hana,

EÐA, ef brottfararflugvöllurinn er hvorki á flugþjónustuleiðinni né tengdur við hana, bókstafina „DCT“ og þar á eftir staðinn þar sem flugið tengist fyrstu flugþjónustuleiðinni og þar á eftir kennimerkið fyrir flugþjónustuleiðina.

ÞVÍ NÆST

SKAL SETJA INN alla staði þar sem annaðhvort er fyrirhugað að breyta hraða og/eða fluglagi eða flugþjónustuleið og/eða flugreglum,

Í ÖLLUM TILFELLUM SKAL ÞVÍ NÆST SETJA INN

kennimerki næsta hluta flugþjónustuleiðar, jafnvel þótt það sé það sama og það fyrra,

EÐA „DCT“ ef flugið að næsta stað er utan afmarkaðrar leiðar, nema ef báðir staðirnir eru skilgreindir með landhnitum.

Flug utan tilgreindra flugþjónustuleiða

SETJA SKAL INN staði, sem að öllu jöfnu eru ekki í lengri fjarlægð frá hvor öðrum en sem nemur 30 mínútna flugtíma eða 370 km (200 sjómílum), að meðtöldum öllum stöðum þar sem fyrirhugað er að breyta hraða eða fluglagi, ferli eða flugreglum,

EÐA, þegar lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld krefjast þess,

SKAL SKILGREINA feril flugs, sem einkum er starfrækt í austur-vesturátt á milli 70°N til 70°S, með vísun í leiðarmið sem myndast af skurðpunktum á milli hálfra eða heilla breiddargráða og lengdarbauga með 10 gráðu millibili á lengdargráðu. Fyrir flug, sem starfrækt er á svæðum utan þessara breiddargráða, skal skilgreina ferlana með vísun í leiðarmið sem myndast af skurðpunktum á milli breiddargráða og lengdarbauga, sem eru yfirleitt með 20 gráðu millibili á lengdargráðu. Fjarlægðin milli leiðarmiða skal, eftir því sem unnt er, ekki vera meiri en einnar klukkustundar fartími. Ákvarða skal önnur leiðarmið eftir því sem nauðsynlegt er talið.

Fyrir flug, sem einkum er starfrækt í norður-suðurátt, skal skilgreina ferla með vísun í leiðarmið, sem myndast af skurðpunktum á milli heilla lengdargráða og tiltekinna breiddargráða með fimm gráðu millibili.

SETJA SKAL INN „DCT“ milli nokkurra staða í röð nema báðir staðirnir séu skilgreindir út frá landhnitum eða miðun og fjarlægð.

AÐEINS SKAL NOTA atriðin sem tilgreind eru í 1.–5. lið hér að neðan, og *AÐSKILJA* hvern undirlið með bili.

1) Flugþjónustuleið (2 til 7 rittákn)

Kóðaða kennimerkið sem er úthlutað flugleið eða leiðarlegg, þ.m.t., eftir því sem við á, kóðaða kennimerkið sem er úthlutað stöðluðu brottflugs- eða komuleiðinni (t.d. BCN1, Bl, R14, UB10, KODAP2A).

2) Leiðarmið (2 til 11 rittákn)

Kóðaða kennimerkið (2 til 5 rittákn) sem er úthlutað staðnum (t.d. LN, MAY, HADDY),

eða, ef staðnum hefur ekki verið úthlutað kóðað kennimerki skal nota eina af eftirfarandi aðferðum:

— *Eingöngu gráður* (7 rittákn):

tveir tölustafir sem lýsa breiddargráðunni í gráðum og þar á eftir „N“ (norður) eða „S“ (suður), og síðan þrír tölustafir sem lýsa lengdargráðunni í gráðum og „E“ (austur) eða „W“ (vestur). Ef nauðsyn krefur skal setja inn núll til að fá réttan fjölda tölustafa, t.d. 46N078W.

— *Gráður og mínútur* (11 rittákn):

fjórir tölustafir sem lýsa breiddargráðunni í gráðum og mínútum og þar á eftir „N“ (norður) eða „S“ (suður), og síðan fimm tölustafir sem lýsa lengdargráðunni í gráðum og mínútum og „E“ (austur) eða „W“ (vestur). Ef nauðsyn krefur skal setja inn núll til að fá réttan fjölda tölustafa, t.d. 4620N07805W.

— *Miðun og fjarlægð frá viðmiðunarpunkti:*

auðkenning viðmiðunarpunkts og þar á eftir miðun frá viðmiðunarpunktinum með þremur tölustöfum í segulgráðum og síðan fjarlægð frá viðmiðunarpunktinum með þremur tölustöfum í sjómílum. Á heimskautasvæðunum, þar sem lögbært yfirvald ákvarðar að það sé óhentugt að miða við segulgráður, má notast við réttvísandi gráður. Ef nauðsyn krefur skal setja inn núll til að fá réttan fjölda tölustafa, t.d. ætti að gefa upp stað sem er í 180° segulstefnu og í 40 sjómílna fjarlægð frá fjölstefnuvita „DUB“ sem DUB180040.

3) Breyting á hraða eða fluglagi (að hámarki 21 rittákn)

Staðurinn þar sem fyrirhugað er að hefja breytingu á hraða (5% raunhraða eða 0,01 Mach eða meira) eða fluglagi, gefið upp nákvæmlega eins og í 2. lið hér að ofan, og þar á eftir *skástrik og hvort tveggja farflugshraði og farflugslag*, gefið upp nákvæmlega eins og í a- og b-lið hér að ofan, án þess að hafa bil á milli þeirra, *jafnvel þótt aðeins eitt af þessum gildum verði breytt*.

Dæmi: LN/N0284A045

MAY/N0305Fl80

HADDY/N0420F330

4602N07805W/N0500F350

46N078W/M082F330

DUB180040/N0350M0840

4) Breyting á flugreglum (að hámarki 3 rittákn)

Staðurinn þar sem breyting á flugreglum er fyrirhuguð, gefið upp nákvæmlega eins og í 2. eða 3. lið hér að ofan, eftir því sem við á, *og þar á eftir stafbil og annaðhvort:*

VFR, ef breytt er frá blindflugi í sjónflug eða

IFR, ef breytt er frá sjónflugi í blindflug

Dæmi: LN VFR

LN/N0284A050 IFR

5) Farflugsklifur (að hámarki 28 rittákn)

Bókstafurinn C og þar á eftir skástrik; ÞVÍ NÆST sá staður þar sem fyrirhugað er að farflugsklifur hefjist, gefið upp nákvæmlega eins og í 2. lið hér að ofan *og þar á eftir skástrik*; *ÞVÍ NÆST hraðinn sem á að halda meðan á farflugsklifri stendur*, gefið upp nákvæmlega eins og í a-lið hér að ofan *og þar á eftir lögin tvö sem farið verður í gegnum meðan á farflugsklifri stendur*, hvort lag er gefið upp nákvæmlega eins og í b-lið hér að ofan, *eða lagið fyrir ofan þar sem fyrirhugað er að fara í farflugsklifur og þar á eftir bókstafirnir „PLUS“*, án stafbils á milli þeirra.

Dæmi: C/48N050W/M082F290F350

C/48N050W/M082F290PLUS

C/52N050W/M220F580F620

Reitur 16: ÁKVÖRÐUNARFLUGVÖLLUR OG ÁKVARÐAÐUR HEILDARFLUGTÍMI, VARAFLUGVÖLLUR EÐA -FLUGVELLIR ÁKVÖRÐUNARSTAÐAR

Ákvörðunarflugvöllur og heildarflugtími (8 rittákn)

SETJA SKAL INN fjögurra bókstafa staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir ákvörðunarflugvöllinn, eins og tilgreint er í skjali nr. 7910, *Staðarauðkenni*,

EÐA, ef engu staðarauðkenni hefur verið úthlutað,

SKAL SETJA INN *ZZZZ* og *TILGREINA* heiti og staðsetningu flugvallarins í reit 18 á eftir „DEST/“.

ÞVÍ NÆST, ÁN BILS,

SKAL SETJA INN áætlaðan heildarflugtíma.

Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar

SETJA SKAL INN fjögurra bókstafa staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir að hámarki tvo varaflugvelli ákvörðunarstaðar, eins og tilgreint er í skjali nr. 7910, *Staðarauðkenni*, aðskildir með stafbili,

EÐA, ef ekkert staðarauðkenni hefur verið úthlutað varaflugvelli eða varaflugvöllum ákvörðunarstaðar,

SKAL SETJA INN *ZZZZ* og *TILGREINA* heiti og staðsetningu varaflugvallar eða varaflugvalla ákvörðunarstaðar í reit 18 á eftir „ALTN/“.

Reitur 18: AÐRAR UPPLÝSINGAR

Einungis ætti að nota bandstrik eða skástrik eins og mælt er fyrir um hér á eftir.

SKAL SETJA INN **0** (núll) ef aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir,

EÐA, allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar í þeirri röð sem sýnd er hér að neðan, í formi viðeigandi bókstafakóða sem valinn er úr þeim sem eru skilgreindir hér að neðan, þar á eftir kemur skástrik og upplýsingarnar sem á að skrásetja:

STS/ Ástæður þess að þörf er á sérstökum aðgerðum frá flugumferðarþjónustu, t.d. leitar- og björgunaraðgerð, sem hér segir:

ALTRV: flug sem starfrækt er innan frátekinna flughæða,

ATFMX: flug sem lögbært yfirvald hefur samþykkt að sé undanþegið frá ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM),

FFR: slökkvistarf,

FLTCK: flugmælingar til að kvarða leiðsöguvirki,

HAZMAT: flug með hættuleg efni um borð,

HEAD: flug með þjóðhöfðingja um borð,

HOSP: sjúkraflug samkvæmt yfirlýsingu frá læknayfirvöldum,

HUM: flug sem er starfrækt í tengslum við mannúðaraðstoð,

MARSA: flug þar sem hernaðarstofnun tekur ábyrgð á aðskilnaði herloftfara,

MEDEVAC: neyðarsjúkraflug með fólk sem er í lífshættu,

NONRVSM: flug, sem ekki hefur getu til að fljúga í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM-getu), þar sem fyrirhugað er að fljúga í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM-loftrými),

SAR: flug í leitar- og björgunaraðgerðum og

STATE: flug vegna aðgerða á vegum hers, tolls eða lögreglu.

Aðrar ástæður fyrir sérstökum aðgerðum flugumferðarþjónustu skulu tilgreindar með kennimerkinu „RMK/“.

PBN/ Upplýsingar um RNAV- og/eða RNP-getu. Gefa skal upp eins mörg kennimerki hér að neðan og eiga við um flugið, þó ekki fleiri en 8, þ.e. að hámarki 16 rittákn.

FORSKRIFTIR FYRIR SVÆÐISLEIÐSÖGU (RNAV-FORSKRIFTIR)

A1	RNAV 10 (RNP 10)	**C1**	RNAV 2, allir leyfilegir skynjarar
		C2	RNAV 2 GNSS
B1	RNAV 5, allir leyfilegir skynjarar	**C3**	RNAV 2 DME/DME
B2	RNAV 5 GNSS	**C4**	RNAV 2 DME/DME/IRU
B3	RNAV 5 DME/DME		
B4	RNAV 5 VOR/DME	**D1**	RNAV 1, allir leyfilegir skynjarar
B5	RNAV 5 INS eða IRS	**D2**	RNAV 1 GNSS
B6	RNAV 5 LORANC	**D3**	RNAV 1 DME/DME
		D4	RNAV 1 DME/DME/IRU

FORSKRIFTIR FYRIR TILSKILDA NÁKVÆMNI Í FLUGLEIÐSÖGU (RNP-FORSKRIFTIR)

L1	RNP 4	**S1**	RNP APCH
		S2	RNP APCH með BARO-VNAV
O1	Grunn-RNP 1, allir leyfilegir skynjarar		
O2	Grunn-RNP 1 GNSS	**T1**	RNP AR APCH með RF (krafist er sérstakrar heimildar)
O3	Grunn-RNP 1 DME/DME	**T2**	RNP AR APCH án RF (krafist er sérstakrar heimildar)
O4	Grunn-RNP 1, DME/DME/IRU		

Samsetning alstafa, sem ekki er tilgreind hér að ofan, er frátekin.

NAV/ Mikilvæg gögn sem tengjast leiðsögutækjum, sem eru ekki tilgreind undir PBN/, og sem krafist er af hálfu lögbæra yfirvaldsins.

Fyrir neðan þennan bókstafakóða skal setja inn GNSS-leiðréttingu, með stafbili á milli tveggja eða fleiri leiðréttingaraðferða, t.d. NAV/GBAS SBAS.

Ef nákvæmnissvæðisleiðsaga (P-RNAV), sem er samþykkt fyrir loftfarið, reiðir sig eingöngu á VOR/DME til að ákvarða staðsetningu, skal setja inn „EURPRNAV“.

COM/ Tilgreina skal fjarskiptabúnað og -getu sem ekki eru tilgreind í reit 10a.

DAT/ Tilgreina skal búnað og getu fyrir gagnafjarskipti, sem ekki eru tilgreind í reit 10a, eða setja inn „CPDLCX“ til að tilgreina að undanþága hafi verið veitt frá kröfunni um að vera útbúin CPDLC-ATN-B1-kerfi.

SUR/ Tilgreina skal kögunarbúnað og -getu sem ekki eru tilgreind í reit 10b. Tilgreina skal eins margar forskriftir varðandi tilskilda kögunargetu (RSP-forskriftir) og eiga við um flugið, með því að nota kennimerki án stafbils. Ef gefnar eru upp fleiri en ein RSP-forskrift skal aðskilja þær með stafbili. Dæmi: RSP180 RSP400.

Setja skal inn „EUADSBX“, „EUEHSX“, „EUELSX“, eða samsetningu þeirra, til að greina frá undanþágum frá kröfunni um að loftfar sé útbúið SSR-ratsjársvörum í S-starfshætti eða ADS-B-sendum.

DEP/ Ef „ZZZZ“ er fært inn í reit 13 skal tilgreina heiti og staðsetningu brottfararflugvallarins og ef „AFIL“ er fært inn í reit 13 skal tilgreina þá flugumferðarþjónustudeild þar sem hægt er að fá viðbótarflugáætlunargögn. Fyrir flugvelli, sem ekki eru skráðir í viðeigandi flugmálahandbók, skal tilgreina staðsetningu þeirra sem hér segir:

með fjórum tölustöfum sem lýsa breiddargráðum í gráðum og mínútum og þar á eftir „N“ (norður) eða „S“ (suður), síðan koma fimm tölustafir sem lýsa lengdargráðum í gráðum og mínútum og „E“ (austur) eða „W“ (vestur). Ef nauðsyn krefur skal setja inn núll til að fá réttan fjölda tölustafa, t.d. 4620N07805W (11 rittákn).

EÐA, Miðun og fjarlægð frá næsta leiðarmiði, sem hér segir:

Auðkenning leiðarmiðs og þar á eftir miðun frá leiðarmiðinu með þremur tölustöfum í segulgráðum og síðan fjarlægð frá leiðarmiðinu með þremur tölustöfum í sjómílum. Á heimskautasvæðunum, þar sem lögbært yfirvald ákvarðar að það sé óhentugt að miða við segulgráður, má notast við réttvísandi gráður. Ef nauðsyn krefur skal setja inn núll til að fá réttan fjölda tölustafa, t.d. ætti að gefa upp stað sem er í 180° segulstefnu í 40 sjómílna fjarlægð frá fjölstefnuvita „DUB“ sem DUB180040.

EÐA, Fyrsti staður flugleiðarinnar (heiti eða LAT/LONG) eða markvitinn, ef loftfarið hefur ekki hafið sig til flugs frá flugvelli.

DEST/ Ef „ZZZZ“ er fært inn í reit 16, heiti og staðsetning ákvörðunarflugvallarins. Fyrir flugvelli sem eru ekki skráðir í viðeigandi flugmálahandbók skal tilgreina staðsetningu í LAT/LONG eða miðun og fjarlægð frá næsta leiðarmiði, eins og lýst er fyrir DEP/ hér að ofan.

DOF/ Brottfarardagur flugs með sex tölustöfum (ÁÁMMDD, þar sem ÁÁ stendur fyrir ártalið, MM fyrir mánuðinn og DD fyrir daginn).

REG/ Ríkisfang loftfarsins eða alþjóðlegt sammerki og skrásetningarmerki loftfarsins, ef það er annað en auðkenning loftfarsins í reit 7.

EET/ Kennimerki fyrir leiðarmið eða svæðamörk flugupplýsingasvæðis (FIR) og uppsafnaður áætlaður flugtími frá flugtaki að slíkum leiðarmiðum eða svæðamörkum flugupplýsingasvæðis, þegar mælt er fyrir um það á grundvelli samninga um svæðisbundna flugleiðsögu eða af hálfu lögbærs yfirvalds.

Dæmi: EET/CAP0745 XYZ0830

EET/EINN0204

SEL/ SELCAL-kóði fyrir loftför sem eru búin slíkum búnaði.

TYP/ Ef „ZZZZ“ hefur verið fært inn í reit 9 skal tilgreina tegund eða tegundir loftfara, sem skulu aðskildar með einu bili, og þar á undan skal setja inn fjölda loftfara, ef nauðsyn krefur, án stafbils.

Dæmi: TYP/2F15 5F5 3B2

CODE/ Vistfang loftfars (gefið upp sem alstafakóði með 6 rittáknum í sextándakerfi) þegar lögbært yfirvald krefst þess. Dæmi: „F00001“ er lægsta vistfang loftfars í tiltekna umdæminu sem Alþjóðaflugmálastofnunin stjórnar.

DLE/ Seinkun eða biðflug á flugleið: setja skal inn það eða þau leiðarmið á flugleiðinni þar sem áætlað er að seinkun verði og þar á eftir lengd seinkunar í klukkustundum og mínútum með fjórum tölustöfum (kkmm).

Dæmi: DLE/MDG0030

OPR/ ICAO-kóði eða heiti flugrekanda/umráðanda loftfars, ef það er annað en auðkenning loftfarsins í reit 7.

ORGN/ Átta bókstafa vistfang fastastöðvanets flugfjarskipta (e. *AFTN address*) sendanda eða aðrar viðeigandi samskiptaupplýsingar, í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að bera kennsl á sendanda flugáætlunarinnar auðveldlega, eins og krafist er af lögbæra yfirvaldinu.

PER/ Greina skal frá gögnum um afkastagetu loftfars með einum bókstaf, eins og tilgreint er í Verklagsreglum fyrir flugleiðsöguþjónustu — Starfræksla loftfara (PANS-OPS, skjal nr. 8168), I. bindi — Verklag í flugi, ef lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um það.

ALTN/ Heiti varaflugvalla(r) ákvörðunarstaðar, ef ZZZZ er fært inn í reit 16. Fyrir flugvelli sem eru ekki skráðir í viðeigandi flugmálahandbók skal tilgreina staðsetningu í LAT/LONG eða miðun og fjarlægð frá næsta leiðarmiði, eins og lýst er undir DEP/ hér að ofan.

RALT/ Fjögurra bókstafa auðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir varaflugvöll eða -flugvelli á flugleið, eins og tilgreint er í skjali nr. 7910, Staðarauðkenni, eða heiti varaflugvallar eða -flugvalla á flugleið, ef engu öðru auðkenni er úthlutað. Fyrir flugvelli sem eru ekki skráðir í viðeigandi flugmálahandbók skal tilgreina staðsetningu í LAT/LONG eða miðun og fjarlægð frá næsta leiðarmiði, eins og lýst er undir DEP/ hér að ofan.

TALT/ Fjögurra bókstafa auðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir varaflugvöll við flugtak, eins og tilgreint er í skjali nr. 7910, Staðarauðkenni, eða heiti varaflugvallar fyrir flugtak, ef engu öðru auðkenni er úthlutað. Fyrir flugvelli sem eru ekki skráðir í viðeigandi flugmálahandbók skal tilgreina staðsetningu í LAT/LONG eða miðun og fjarlægð frá næsta leiðarmiði, eins og lýst er undir DEP/ hér að ofan.

RIF/ Upplýsingar um flugleiðina að nýja ákvörðunarflugvellinum, þar á eftir fjögurra bókstafa staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugvöllinn. Nýja flugleiðin er með fyrirvara um endurgerða flugheimild meðan á flugi stendur.

Dæmi: RIF/DTA HEC KLAX

RIF/ESP G94 CLA YPPH

RVR/ krafa um lágmarksflugbrautarskyggni fyrir flugið, gefið upp með þremur tölustöfum.

RFP/ upplýsingar um fjölda leiðréttra flugáætlana sem lagðar eru fram á sniðinu „Q“, þar á eftir einn tölustafur sem gefur til kynna fjölda leiðréttinga.

Dæmi: RFP/Q2.

RMK/ Allar aðrar athugasemdir á venjulegu máli þegar lögbært yfirvald krefst þess eða ef það er talið nauðsynlegt.

Reitur 19: VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Flugþol

Á eftir **E**/ *SKAL SETJA INN* fjögurra tölustafa runu sem sýnir flugþol í klukkustundum og mínútum.

Einstaklingar um borð

Á eftir **P**/ *SKAL SETJA INN* heildarfjölda einstaklinga (farþegar og áhöfn) um borð, þegar lögbært yfirvald krefst þess. SETJA SKAL INN „TBN“ (tilkynnist síðar) ef heildarfjöldi einstaklinga er ekki þekktur á tíma skrásetningar.

Neyðarbúnaður og búnaður til að lifa af

R/ (ÞRÁÐLAUS FJARSKIPTI) *STRIKA SKAL YFIR* „U“ ef ekki er hægt að nota UHF á tíðninni 243,0 MHz.
STRIKA SKAL YFIR „V“ ef ekki er hægt að nota VHF á tíðninni 121,5 MHz.
STRIKA SKAL YFIR „E“ ef ekki er hægt að nota neyðarsendi.

S/(BÚNAÐUR TIL AÐ LIFA AF) *STRIKA SKAL YFIR* alla bókstafakóða ef búnaður til að lifa af er ekki um borð.
STRIKA SKAL YFIR „P“ ef búnaður til að lifa af á heimsskautasvæðunum er ekki um borð.
STRIKA SKAL YFIR „D“ ef búnaður til að lifa af á eyðimerkursvæðum er ekki um borð.
STRIKA SKAL YFIR „M“ ef búnaður til að lifa af á hafsvæðum er ekki um borð.
STRIKA SKAL YFIR „J“ ef búnaður til að lifa af á frumskógarsvæðum er ekki um borð.

J/(BJÖRGUNARVESTI) *STRIKA SKAL YFIR* alla bókstafakóða ef björgunarvesti eru ekki um borð.
STRIKA SKAL YFIR „L“ ef björgunarvesti eru ekki útbúin ljósum.
STRIKA SKAL YFIR „F“ ef björgunarvesti eru ekki útbúin endurskinsbúnaði.
STRIKA SKAL YFIR „U“ eða „V“ eða hvort tveggja, eins og í R/ hér að ofan, til að tilgreina að björgunarvesti séu með fjarskiptagetu, sé um slíkt að ræða.

D/(BJÖRGUNARBÁTAR) (FJÖLDI)	*STRIKA SKAL YFIR* „D“ og „C“ ef engir björgunarbátar eru um borð eða *SETJA INN* fjölda björgunarbáta um borð og (BURÐARGETU) — *SETJA SKAL INN* heildarburðargetu, gefin upp sem fjöldi einstaklinga, allra björgunarbáta um borð og (YFIRBYGGINGU) — *STRIKA SKAL YFIR* „C“ ef björgunarbátarnir eru ekki yfirbyggðir og (LIT) — *SETJA SKAL INN* lit björgunarbátanna sem eru um borð.
A/(LITUR OG MERKINGAR LOFTFARS)	*SETJA SKAL INN* lit loftfars og mikilvægar merkingar.
N/(ATHUGASEMDIR)	*STRIKA SKAL YFIR* „N“ ef það eru engar athugasemdir eða *GREINA FRÁ* öllum öðrum búnaði til að lifa af sem er um borð og öllum öðrum athugasemdum varðandi búnað til að lifa af.
C/(FLUGMAÐUR)	*SETJA SKAL INN* nafn flugstjóra.

2.3. Flugáætlunin er lögð fram af

SETJA SKAL INN heiti deildarinnar, stofnunarinnar eða einstaklingsins sem leggur fram flugáætlunina.“

23) Viðbætirinn við viðaukann er felldur brott.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/216 **2025/EES/10/11**

frá 11. janúar 2024

um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 að því er varðar skráða sjúkdóma í lagardýrum og skrána yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 8. gr. og b-lið 4. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða í menn, þ.m.t. reglur um forgangsröðun og flokkun skráðra sjúkdóma sem skipta máli fyrir Sambandið. Þessar reglur um forvarnir og varnir gegn skráðum sjúkdómum gilda um dýrategundir og hópa dýrategunda sem geta borið skráða sjúkdóma með sér, annaðhvort af því að þau eru næm fyrir þeim eða eru smitferjur. Þessar dýrategundir og hópar dýrategunda eru skráð í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ([2]) í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu veitti vísindalega ráðgjöf í vísindalegum álitum sínum frá 1. ágúst 2023 varðandi tegundir fiska ([3]), lindýra ([4]) og krabbadýra ([5]) sem geta verið smitferjur fyrir sjúkdóma sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2016/429.

3) Það er því tímabært og mikilvægt að endurskoða skrána yfir smitferjur fyrir lagarsjúkdómana sem eru skráðir í töflunni sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882, með tilliti til vísindalegrar ráðgjafar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu sem og viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 þar sem sérstaklega er mælt fyrir um að skráin eigi að ná yfir þær dýrategundir eða dýrakyn sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu tiltekinna skráðra sjúkdóma. Samkvæmt vinnuskilgreiningu sem er sett fram í vísindalegum álitum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru tegundir smitferja þær dýrategundir sem sýnt hefur verið fram á að beri með sér sjúkdómsvald skráðs sjúkdóms til smitnæmra tegunda. Slíkar tegundir smitferja valda bersýnilega töluverðri áhættu á útbreiðslu skráðra sjúkdóma.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/216, 12.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/429/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21), ELI: https://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2018/1882/oj

([3]) „Species which may act as vectors or reservoirs of diseases covered by the Animal Health Law: Listed pathogens of fish.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21 (8), 8174.

([4]) „Species which may act as vectors or reservoirs of diseases covered by the Animal Health Law: Listed pathogens of molluscs“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(8), 8173

([5]) „Species which may act as vectors or reservoirs of diseases covered by the Animal Health Law: Listed pathogens of molluscs“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(8), 8172

4) Svo fremi að lögbær yfirvöld aðildarríkja geti haft stjórn á áhættunni sem stafar af þeim tegundum smitferja sem eru tilgreindar í vísindalegum álitum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ætti að skrá þessar tegundir smitferja í fjórða dálk töflunnar sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882. Að auki ætti að fella þær tegundir smitferja sem eru sem stendur skráðar í þeim dálki og sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur ekki tilgreint að hafi sýnt getu til að bera með sér orsakavald skráðs sjúkdóms í lagardýrum til smitnæmra tegunda brott úr þeim dálki. Því ætti að breyta skránni yfir tegundir smitferja fyrir lagarsjúkdóma sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 til samræmis við það.

5) Enn fremur fór Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin nýlega yfir þær lagartegundir sem eru næmar fyrir sýkingu af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens)*. Endurskoðuð skrá yfir dýrategundir sem eru næmar fyrir þessum sjúkdómi er sett fram í grein 11.4.2 í heilbrigðisreglunum um lagardýr ([6]). Þar eð þessi sjúkdómur er sem stendur einnig skráður í töflunni sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 fór framkvæmdastjórnin yfir skýrslu sérstaks hóps Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um tegundir sem eru næmar fyrir sýkingu af völdum sjúkdóma í skrá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar ([7]) sem leiddi til endurskoðuðu skrárinnar yfir dýrategundir sem er sett fram í heilbrigðisreglunum um lagardýr.

6) Í kjölfar yfirferðar framkvæmdastjórnarinnar þykir rétt að breyta skránni yfir dýrategundir og hópa dýrategunda, sem er sett fram í þriðja dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882, að því er varðar sýkingu af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens)*. Með þessari breytingu er tekið tillit til nýjustu vísindaþekkingar og leitast við að ná viðeigandi samleitni við staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar en um leið er enn tekið tillit til fyrri ákvarðana um áhættustjórnun að því er varðar tvær kræklingategundir, þ.e. *Mytilus edulis* og *Mytilus galloprovincialis*.

7) Sú skrá ætti því að endurspegla skrána yfir smitnæmar tegundir sem er sett fram í grein 11.4.2 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr, að undanskildum tegundunum *Mytilus edulis* og *Mytilus galloprovincialis*.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([6]) *Heilbrigðisreglur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr, 25. útgáfa*, 2023

([7]) https://www.woah.org/app/uploads/2022/10/a-ahg-susceptibility-mollusc-marteilia-refringens-nov-dec-2021-may-june-2022.pdf

VIÐAUKI

Í stað lína 51 til 63 varðandi skráða sjúkdóma, flokka skráðra sjúkdóma og skráðar lagardýrategundir í töflunni í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 kemur eftirfarandi:

Heiti skráðs sjúkdóms	Flokkur skráðs sjúkdóms	Skráðar dýrategundir	
		Dýrategundir og hópar dýrategunda	Tegundir smitferja
„Blóðmyndandi drep	A+D+E	*Ameiurus melas, Bidyanus bidyanus, Esox lucius, Galaxias olidus, Gambusia affinis, Gambusia holbrooki, Macquaria australasica, Melanotaenia fluviatilis, Oncorhynchus mykiss, Perca fluviatilis, Sander lucioperca*	
Veirublæði	C+D+E	*Alosa immaculata, Ameiurus nebulosus, Ambloplites rupestris, Ammodytes hexapterus, Aplodinotus grunniens, Centrolabrus exoletus, Clupea harengus, Clupea pallasii pallasii, Coregonus artedii, Coregonus clupeaformis, Coregonus lavaretus, Ctenolabrus rupestris, Cyclopterus lumpus, Cymatogaster aggregata, Dorosoma cepedianum, Danio rerio, Engraulis encrasicolus, Esox lucius, Esox masquinongy, Fundulus heteroclitus, Gadus macrocephalus, Gadus morhua, Gaidropsarus vulgaris,Gasterosteus aculeatus, Labrus bergylta, Labrus mixtus, Lampetra fluviatilis, Lepomis gibbosus, Lepomis macrochirus, Limanda limanda, Merlangius merlangus, Micropterus dolomieu, Micropterus salmoides, Micromesistius poutassou, Morone americana, Morone chrysops, Morone saxatilis, Mullus barbatus, Neogobius melanostomus, Notropis atherinoides, Notropis hudsonius, Oncorhynchus kisutch, Oncorhynchus mykiss, Oncorhynchus mykiss x Oncorhynchus kisutch* hybrids*, Oncorhynchus tshawytscha, Paralichthys olivaceus, Perca flavescens, Pimephales notatus, Pimephales promelas, Platichthys flesus, Pleuronectes platessa, Pomatoschistus minutus, Pomoxis nigromaculatus, Raja clavata, Salmo marmoratus, Salmo salar, Salmo trutta, Salvelinus namaycush, Sander vitreus, Sardina pilchardus, Sardinops sagax, Scomber japonicus, Scophthalmus maximus, Solea senegalensis, Sprattus sprattus, Symphodus melops, Thaleichthys pacificus, Trachurus mediterraneus, Trisopterus esmarkii, Thymallus thymallus, Uranoscopus scaber*	
Iðradrep	C+D+E	*Esox lucius*, *Onchorynchus clarkii*, *Oncorhynchus keta*, *Oncorhynchus kisutch*, *Oncorhynchus masou*, *Oncorhynchus mykiss, Oncorhynchus nerka, Oncorhynchus tshawytscha*, *Salmo marmoratus*, *Salvelinus namaycush*, *Salmo salar*, *Salmo trutta*, *Salvelinus alpinus*, *Salvelinus fontinalis*	

Sýking af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu	C+D+E	*Oncorynchus mykiss, Salmo salar, Salmo trutta*	
Skjónakarpaherpesveiki	E	Öll afbrigði og undirtegundir *Cyprinus carpio* og blendingar *Cyprinus carpio*, t.d. *Cyprinus carpio* × *Carassius auratus*, *Cyprinus carpio* × *Carassius carassius*	*Carassius auratus, Carassius gibelio, Ctenopharyngodon idella, Gymnocephalus cernua, Hypophthalmichthys molitrix, Rutilus rutilus, Tinca tinca*
Sýking af völdum dvergkornadreyra (*Microcytos mackini*)	A+D+E	*Crassostrea gigas, Crassostrea sikamea, Ostrea edulis*	*Crassostrea virginica*
Sýking af völdum perkinsveikisýkils (*Perkinsus marinus*)	A+D+E	*Crassostrea gigas, Crassostrea virginica*	
Sýking af völdum *Bonamia exitiosa*	C+D+E	*Crassostrea ariakensis, Crassostrea virginica, Ostrea puelchana, Ostrea angasi, Ostrea chilensis, Ostrea equestris, Ostrea edulis, Ostrea lurida*	
Sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*)	C+D+E	*Crassostrea ariakensis, Ostrea chilensis, Ostrea edulis*	
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*)	C+D+E	*Chamelea gallina, Ostrea edulis*, *Ostrea stentina, Solen marginatus, Xenostrobus securis*	
Sýking af völdum rauðhalaveiru	A+D+E	*Metapenaeus ensis, Penaeus aztecus, Penaeus monodon, Penaeus setiferus, Penaeus stylirostris, Penaeus vannamei*	*Episesarma mederi, Macrobrachium lanchesteri*’
Sýking af völdum gulhöfðaveikiveiru	A+D+E	*Metapenaeus affinis, Penaeus monodon, Palaemonetes pugio, Penaeus stylirostris, Penaeus vannamei*	
Sýking af völdum hvítblettaveikiveiru	C+D+E	Öll tífætt krabbadýr (ættbálkurinn Decapoda)	

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1229 **2025/EES/10/12**

frá 20. febrúar 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 með því að fastsetja sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri og aðferðir til greiningar á þessum efnum í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 frá 11. desember 2018 um framleiðslu á lyfjablönduðu fóðri, setningu þess á markað og notkun, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/167/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/4 er mælt fyrir um sértæk ákvæði að því er varðar lyfjablandað fóður og millivörur. Víxlmengun í utanmarkhópsfóðri af völdum sýkingalyfja hefur verið tilgreind sem grundvallaratriði í Sambandinu í tengslum við að vernda heilbrigði dýra, heilbrigði manna og umhverfið og komast ætti hjá henni eða halda henni í lágmarki.

2) Í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/4 verður framkvæmdastjórnin að samþykkja framseldar gerðir til að bæta við þá reglugerð með því að fastsetja, að því er varðar 24 efni með örverueyðandi virkni sem eru skráð í II. viðauka við hana (hér á eftir nefnd 24 efni með örverueyðandi virkni), sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri og aðferðir til að greina efni með örverueyðandi virkni í fóðri Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar verða þessar framseldu gerðir, þar sem hámarksgildi fyrir víxlmengun eru fastsett, að byggja á vísindalegu áhættumati sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggis-stofnunin) framkvæmir.

3) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar lagði Matvælaöryggisstofnunin, í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu, mat á hversu hár sérstakur styrkur 24 efna með örverueyðandi virkni, sem leiðir af víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, má vera án þess að það hafi áhrif á uppkomu og/eða val m.t.t. ónæmis að því er varðar efni með örverueyðandi virkni sem skipta máli fyrir heilbrigði manna og dýra (hér á eftir nefnt ónæmi gegn sýkingalyfjum).

4) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnunina einnig um að meta gildi 24 efna með örverueyðandi virkni sem gætu haft áhrif til að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur, að teknu tilliti til þess að horfið var frá notkun sýklalyfja sem fóðuraukefna, annarra en hnislalyfja eða vefsvipungalyfja, í áföngum frá 1. janúar 2006 í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 ([2]). Sérstakt hámarksgildi fyrir hvert efni með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri ætti að vera lægra en gildið sem verður til þess að stuðla að auknum vexti eða auknum afrakstri.

5) Að auki fór framkvæmdastjórnin þess á leit við tilvísunarrannsóknarstofuna, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 (hér á eftir nefnd tilvísunarrannsóknarstofan), að hún mælti með greiningaraðferðum fyrir 24 efni með örverueyðandi virkni í fóðri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1229, 30.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/4/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/2021-03-27).

6) Vegna skorts á gögnum gat Matvælaöryggisstofnunin, í 13 álitum sínum frá 15. september 2021 um hámarksgildi fyrir víxlmengun af völdum 24 efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri ([3]) (hér á eftir nefnd álitin frá 15. september 2021), einungis fastsett sértæka styrkleika varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum fyrir 6 af 24 efnum með örverueyðandi virkni og ekki fyrir allar dýrategundir sem skipta máli. Að auki greindi Matvælaöryggisstofnunin, aftur vegna skorts á gögnum, einungis gildi sem valda áhrifum til að stuðla að auknum vexti eða auknum afrakstri fyrir 14 af 24 efnum með örverueyðandi virkni og ekki fyrir allar dýrategundir sem skipta máli.

7) Í apríl 2022 og febrúar 2023 gaf tilvísunarrannsóknarstofan út tvær skýrslur um greiningaraðferðir og lægstu magngreiningarmörk sem unnt er að ná í fóðri fyrir 24 efni með örverueyðandi virkni ([4]) (hér á eftir nefndar skýrslur frá apríl 2022 og febrúar 2023).

8) Sérstakir styrkleikar sem varða ónæmi gegn sýkingalyfjum sem Matvælaöryggisstofnunin fastsetti fyrir 6 efni með örverueyðandi virkni í álitunum frá 15. september 2021 eru marktækt lægri en lægstu magngreiningarmörkin sem tilvísunarrannsóknarstofan fastsetti í skýrslunum frá apríl 2022 og febrúar 2023. Þetta þýðir í raun að sérstöku styrkleikarnir eru ekki mælanlegir og af þeim sökum geta aðildarríkin ekki framfylgt þeim í samræmi við 2. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([5]).

9) Lægstu gildi 14 efna með örverueyðandi virkni, sem Matvælaöryggisstofnunin gat tilgreint í álitum sínum frá 15. september 2021 að yllu áhrifum til að stuðla að auknum vexti eða auknum afrakstri, eru marktækt hærri en magngreiningarmörkin fyrir sömu efnin og þar af leiðandi geta aðildarríkin mælt þau og framfylgt þeim í samræmi við 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Til að komast hjá því að stuðla að auknum vexti eða auknum afrakstri ættu hámarksgildin fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri að vera undir lægstu gildunum sem valda áhrifum til að stuðla að auknum vexti eða auknum afrakstri.

10) Miklar fjárfestingar og aukinn birgðastjórnunarkostnaður til að fara að hámarksgildum fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri, ef slík gildi eru mjög lág, eru líkleg til að leiða til samdráttar í framleiðslu á lyfjablönduðu fóðri. Að auki er komist að þeirri niðurstöðu í ráðleggingum Lyfjastofnunar Evrópu frá 20. ágúst 2020 „Advice on implementing measures under Article 106(6) of Regulation (EU) 2019/6 of the European Parliament and of the Council ([6]) on veterinary medicinal products – scientific problem analysis and recommendations to ensure a safe and efficient administration of oral veterinary medicinal products via routes other than medicated feed ([7])“ að þetta geti einnig leitt til aukinnar notkunar á aðferðum þar sem önnur efni með örverueyðandi virkni en lyfjablandað fóður eru gefin um munn, s.s. með því að setja þau á yfirborð fóðurs í föstu formi, sem getur aukið áhættuna á ónæmi gegn sýkingalyfjum og vanhæfni til að meðhöndla tilteknar bakteríusýkingar í tilteknum tegundum vegna þess að aðrar íkomuleiðir eru ekki fyrir hendi, t.d. í lagareldi. Hámarksgildin fyrir víxlmengun ættu því ekki að valda skaða fyrir framleiðslu á lyfjablönduðu fóðri, einkum framleiðslu lítilla og meðalstórra verksmiðja sem yrðu í raun útilokaðar frá framleiðslu á lyfjablönduðu fóðri, sem gæti leitt til mögulegra vandamála fyrir lýðheilsu og heilbrigði dýra og velferð. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir víxlmengun sem eru ströng en sem er einnig mögulegt að ná með því að beita góðum starfsvenjum til að lágmarka víxlmengun. Til viðbótar við álitin frá 15. september 2021 bendir sú reynsla sem fengist hefur við beitingu landslaga í aðildarríkjunum til þess að víxlmengunargildi í utanmarkhópsfóðri, sem nemur 1% af virka efninu í lyfjablandaða fóðrinu, sé gott jafnvægi milli hagkvæmni og varna gegn sýkingalyfjaónæmi. Millivörur innihalda hærri styrk virkra efna en lyfjablandað fóður, Þegar utanmarkhópsfóður er framleitt, unnið, geymt eða flutt eftir framleiðslu, vinnslu, geymslu eða flutning á millivörum ætti því að gilda víxlmengunargildi sem nemur 1% af efninu sem afleidda lyfjablandaða fóðrið skal innihalda.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(10), 6852 til 6865.

([4]) Vincent, U., Oliveira Gonçalves, C., Ferrari, L., Bouten, K., Chedin, M., Stroka, J., Pinotti, L. og Von Holst, C., „Determination of 24 antibiotics at trace levels in animal feed by High Performance Liquid Chromatography – Tandem Mass Spectrometry (LC- MS/MS)“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2024, EUR 31818 EN, doi:10.2760/12878, JRC136836.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/6/oj).

([7]) EMA/CVMP/508559/2019.

11) Endurskoða ætti hámarksgildin fyrir víxlmengun fyrir nokkur efni með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri ef ný vísindaleg sönnunargögn verða aðgengileg sem gera það kleift að verjast sýkingalyfjaónæmi enn frekar í utanmarkhópsfóðri með framfylgjanlegum hámarksgildum sem unnt er að ná með því að beita góðum starfsvenjum til að lágmarka víxlmengun.

12) Lyfjablandað fóður eða millivörur sem eru ætlaðar fyrir fiska innihalda oft mun stærri skammta af efnum með örverueyðandi virkni en lyfjablandað fóður eða millivörur sem eru ætlaðar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, önnur en fiska. Að auki voru engin gildi fyrir efni með örverueyðandi virkni sem leiða til þess að stuðla að auknum vexti eða auknum afrakstri tilgreind í álitunum frá 15. september 2021. Því er þörf á strangari sérstökum hámarksgildum fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri sem er ætlað fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, önnur en fiska, þegar víxlmengunin eru upprunnin í lyfjablönduðu fóðri eða millivörum sem eru ætlaðar fyrir fiska, í því skyni að forðast að stuðla að auknum vexti eða auknum afrakstri hjá dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis, öðrum en fiskum. Þar eð aðildarríkin ættu að geta mælt þessi strangari sérstöku hámarksgildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri sem er ætlað fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, önnur en fiska, og framfylgt þeim ætti að fastsetja þau við magngreiningarmörkin.

13) Það ætti að vera tryggt að matvæli sem fást úr dýrum sem eru fóðruð á utanmarkhópsfóðri séu í samræmi við hámarksgildi leifa sem mælt er fyrir um í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([8]). Því ætti að mæla fyrir um strangari sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun fyrir efni með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri í þessari reglugerð, einkum fyrir dýr sem gefa af sér mjólk eða egg og fyrir dýr sem á að slátra fljótlega. Þar eð aðildarríkin ættu að geta mælt þessi strangari sérstöku hámarksgildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri og framfylgt þeim ætti að fastsetja þau við magngreiningarmörkin.

14) Nota ætti greiningaraðferðirnar sem tilvísunarrannsóknarstofan mælti með í skýrslunum frá apríl 2022 og febrúar 2023 sem viðmiðunaraðferðir fyrir greiningu á 24 efnum með örverueyðandi virkni í fóðri. Einungis ætti að heimila staðgönguaðferðir til greiningar þegar þær eru fullgiltar og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna telja að þær séu jafngildar.

15) Rétt þykir að veita opinberum rannsóknarstofum, sem nota greiningaraðferðir fyrir efni með örverueyðandi virkni í fóðri, nægan tíma til að aðlagast magngreiningarmörkunum og sanna hæfni sína til að framkvæma slíkar greiningaraðferðir með almennt viðurkenndum aðferðum, s.s. með faggildingu, traustri innri fullgildingu eða gögnum úr færniprófum sem beinast að tímanlegri fullgildingu. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda 12 mánuðum eftir gildistöku hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð eru fastsett sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri fyrir efni með örverueyðandi virkni sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/4 og greiningaraðferðir fyrir þessi efni með örverueyðandi virkni í fóðri eins og kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/4.

2. gr.

Sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri

1. Sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/4 skulu fastsett:

a) þegar síðasta framleiðslulotan sem er framleidd, unnin, geymd eða flutt áður en utanmarkhópsfóður er framleitt, unnið, geymt eða flutt er lyfjablandað fóður: við 1% af efninu með örverueyðandi virkni sem síðasta framleiðslulotan af lyfjablandaða fóðrinu inniheldur miðað við 12% rakainnihald í utanmarkhópsfóðrinu,

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/37(1)/2023-06-11).

b) þegar síðasta framleiðslulotan sem er framleidd, unnin, geymd eða flutt áður en utanmarkhópsfóður er framleitt, unnið, geymt eða flutt er millivara: við 1% af efninu með örverueyðandi virkni sem lyfjablandaða fóðrið sem fæst úr þessari síðustu framleiðslulotu af millivöru skal innihalda miðað við 12% rakainnihald í utanmarkhópsfóðrinu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu sérstök hámarksgildi fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í utanmarkhópsfóðri sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/4 fastsett við magngreiningarmörkin (LOQ) sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð þegar utanmarkhópsfóðrið er ætlað fyrir eftirfarandi dýr:

a) dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, önnur en fiska, þegar utanmarkhópsfóðrið er framleitt, unnið, geymt eða flutt eftir að lyfjablandað fóður eða millivörur sem eru ætlaðar fyrir lagareldi eru framleiddar, unnar, geymdar eða fluttar,

b) dýr við framleiðslu á eggjum eða mjólk sem er ætluð til manneldis,

c) dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem eru ætluð til slátrunar, á tímabili fyrir slátrun sem svarar til lengsta biðtímans til afurðanýtingar fyrir markdýrategundina.

3. gr.

Aðferðir til að greina efni með örverueyðandi virkni í fóðri

Mælt er fyrir um tilvísunaraðferðir við greiningu til að magnákvarða gildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri fyrir hvert efni með örverueyðandi virkni sem er skráð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/4, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, í viðaukanum við þessa reglugerð.

Þó má nota staðgönguaðferðir til greiningar að því tilskildu að þær séu fullgiltar í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar vísindalegar aðferðarlýsingar, séu hentugar til að greina sömu eða lægri magngreiningarmörk og magngreiningarmörkin fyrir sama efni með örverueyðandi virkni sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð og sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna telja að séu jafngildar.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. maí 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Hámarksgildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri eins og um getur í 2. mgr. 2. gr. og tilvísunaraðferðir við greiningu til að magnákvarða gildi fyrir víxlmengun af völdum efna með örverueyðandi virkni í fóðri eins og um getur í 3. gr.

Íðefnaflokkur	Heiti efnis	CAS-númer[1]	ESB-númer[2]	Fjölgreiniefna-aðferð[a b c]	Tilvísunaraðferð við greiningu [3 4 5]	Hámarksgildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri sem um getur í 2. mgr. 2. gr. (fastsett við magngreiningarmörk (LOQ)) (µg/kg)
Pólýmixín (sýkladrepandi fjölpeptíðefni)	Kólistín	1264-72-8	—	b)	LSE – A – C – SPE – E – LC-MS/MS	150 (kólistín A) 300 (kólistín B)
Pýrimídínlati af díhýdró-fólatredúktasa	Trímetóprím	738-70-5	212-006-2	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	25
Makrólíð	Týlvalósín	63409-12-1	—	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100
	Tilmíkósín	108050-54-0	639-676-2	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100
	Týlósín	1401-69-0	215-754-8	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100
Linkósamíð	Linkómýsín	154-21-2	205-824-6	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	25
Plevrómútilín	Tíamúlín	55297-96-6	259-580-0	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	10
	Valnemúlín	101312-92-9	—	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	50
Penisillín	Amoxisillín	26787-78-0	612-127-4	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	150
	Penisillín V	1098-87-9	—	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	50

Íðefnaflokkur	Heiti efnis	CAS-númer[1]	ESB-númer[2]	Fjölgreiniefna-aðferð[a b c]	Tilvísunaraðferð við greiningu [3 4 5]	Hámarksgildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri sem um getur í 2. mgr. 2. gr. (fastsett við magngreiningarmörk (LOQ)) (µg/kg)
Amínóglýkósíð	Apramýsín	65710-07-8	265-890-7 253-460-1	a)	LSE – A – C – SPE – LC-MS/MS	50
	Neómýsín	1404-04-2	1404-04-2	a)	LSE – A – C – SPE – LC-MS/MS	50
	Parómómýsín	1263-89-4	—	a)	LSE – A – C – SPE – LC-MS/MS	50
	Spektínómýsín	1695-77-8	—	a)	LSE – A – C – SPE – LC-MS/MS	500
Amfeníkól	Flórfeníkól	73231-34-2	642-986-0	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	150
	Tíamfenikól	15318-45-3	239-355-3	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	200
Hnislalyf	Amprólíum	137-88-2	204-458-4	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100
				a)	LSE – A – C – SPE – LC-MS/MS	5
Flúorókínólón	Flúmekín	42835-25-6	255-962-6	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	25
	Oxólínsýra	14698-29-4	238-750-8	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	25
Súlfónamíð	Súlfamónómetoxín	1220-83-3	624-483-8	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	25
	Súlfadímetoxín	122-11-2	204-523-7	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	25

Íðefnaflokkur	Heiti efnis	CAS-númer[1]	ESB-númer[2]	Fjölgreiniefna-aðferð[a b c]	Tilvísunaraðferð við greiningu [3 4 5]	Hámarksgildi fyrir víxlmengun í utanmarkhópsfóðri sem um getur í 2. mgr. 2. gr. (fastsett við magngreiningarmörk (LOQ)) (µg/kg)
Tetrasýklín	Klórtetrasýklín	57-62-5	200-341-7	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100
	Doxýsýklín	564-25-0	209-271-1	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100
	Tetrasýklín	60-54-8	200-481-9	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100
	Oxýtetrasýklín	79-57-2	—	c)	LSE – US – A – C – F – LC-MS/MS eða LC-HRMS	100

1) Upplýsingaþjónusta um íðefni.

2) Evrópusambandsnúmer — ekki fyrirliggjandi fyrir öll efni.

3) Útdráttaraðferðir:

— LSE – útdráttur úr föstum efnum með vökva

— US – notkun úthljóðsbúnaðar

— A – hristing.

4) Hreinsiaðferðir:

— C – skiljun

— SPE – fastfasaútdráttur

— E – uppgufun, endurupplausn

— F – síun.

5) Greiningaraðferðir:

— LC-MS/MS – vökvaskiljun með raðmassagreiningu

— LC-HRMS – vökvaskiljun tengd massagreiningu með mikilli upplausn.

a): Fjölgreiniefnaaðferð fyrir amínóglýkósíð og amprólíum.

b): Fjölgreiniefnaaðferð fyrir pólýmixínkólistín A og B.

c): Fjölgreiniefnaaðferð fyrir trímetóprím, amprólíum, linkómýsín, makrólíð, plevrómútilín, penisillín, amfeníkól, flúorókínólón, súlfónamíð og tetrasýklín.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1685 **2025/EES/10/13**

frá 17. júní 2024

um leyfi fyrir blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum*. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og önnur jórturdýr til mjólkurframleiðslu og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „næringaraukefni“ og virka hópinn „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“. Blandan er ætluð til notkunar eingöngu í fóðurbæti sem samanstendur af hjúpuðum forðastaut með stýrðri losun til að draga úr hættu á doða og forklíniskri blóðkalsíumlækkun.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 29. júní 2022 ([2]) að blanda með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum*, eins og hún er notuð í dýrarannsóknunum sem metnar voru, sé örugg fyrir mjólkurkýr þegar hún er gefin um munn í forðastaut sem inniheldur 500 µg af 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* einu sinni á tímabilinu fyrir burð (frá 9 dögum fyrir burð þar til rétt fyrir burð). Í rannsóknunum á dýrum sem metnar voru var fóðri sem inniheldur viðeigandi magn kalsíums og magnesíums bætt við forðastautinn. Vegna skorts á gögnum gat Matvælaöryggisstofnunin hvorki komist að niðurstöðu um öryggi síðari notkunar annars forðastauts, eins og umsækjandinn mælir með, ef kýrin hefur ekki borið innan 9 daga eftir notkun forðastauts, né um öryggi vegna notkunar hjá jórturdýrum til mjólkurframleiðslu, öðrum en kúm (*Bos taurus*). Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að blandan sé örugg fyrir neytendur og umhverfið og að hún sé ekki ertandi fyrir húð og augu og ekki næmir. Hún taldi að váhrif vegna innöndunar séu ólíkleg við notkun í forðastaut. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun aukefnisins í forðastaut sem inniheldur 500 µg af 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* á tímabili frá 9 dögum fyrir burð þar til rétt fyrir burð geti komið í veg fyrir blóðkalsíumlækkun hjá mjólkurkúm ef það er notað eins og í rannsóknunum á dýrum sem metnar voru. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Umsækjandinn dró síðan umsóknina um leyfi fyrir blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* til baka fyrir öll jórturdýr til mjólkurframleiðslu, að undanskildum mjólkurkúm.

6) Framkvæmdastjórnin telur að virka efnið í fóðuraukefninu sé glýkósýlað 1,25-díhýdroxýkólekalsíferól úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum*. Fóðuraukefnið samanstendur af blöndu sem inniheldur virka efnið sem er stöðgað með maltódextríni eða öðrum hentugum burðarefnum. Blandan er síðan sett í forðastaut sem litið er á sem fóðurbæti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1685, 18.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(8), 7434.

7) Mat á blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar eingöngu í fóðurbæti í formi forðastauts.

8) Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gefa ætti upp, af öryggisástæðum, hámarkslosunarmagn glýkósýlaðs 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóls úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* sem losnar úr forðastautnum í líkama dýranna sem hámarksinnihald í heilfóðri. Með tilliti til þess að glýkósýlað 1,25-díhýdroxýkólekalsíferól er forefni 25-hýdroxýkólekalsíferóls og að Matvælaöryggisstofnunin tók fram í áliti sínu frá 5. júlí 2023 ([3]) varðandi 25-hýdroxýkólekalsíferól, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 146008, að ekki hafi verið hægt að komast að niðurstöðu um húðnæmingarmátt efnisins eða um áhrif þess á öndunarfæri vegna skorts á gögnum, telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi öndunar- og húðverndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins við meðhöndlun efnisins þegar það er sett í forðastaut. Þar eð 25-hýdroxýkólekalsíferól dregur úr verkun 1α-hýdroxýlasa í nýrum telur framkvæmdastjórnin enn fremur að ekki ætti að leyfa notkun á glýkósýluðu 1,25-hýdroxýkólekalsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* samtímis þessu aukefni.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(8), 8168.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli/kg heilfóðurs með að hámarki 12% rakainnihald		
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun. Undirflokkun: D-vítamín								
3a673	Glýkósýlað 1,25-díhýdroxýkólekalsíferól úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum*	*Samsetning aukefnis* Blanda með útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* með a.m.k. 0,005% af glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólekalsíferóli Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Glýkósýlað 1,25-díhýdroxýkólekalsíferól Efnaformúla: $C_{27}H_{44}O_{3-x}(C_6H_{10}O_5)_n$, þar sem n = 1 til 12 CAS-númer: 89457-77-2 Framleitt með etanólútdrætti úr laufum *Solanum glaucophyllum* *Greiningaraðferð* ([1]) — Til að magnákvarða glýkósýlað 1,25-díhýdroxýkólekalsíferól í fóðuraukefninu og í fóðurbæti (forðastaut): — Vökvaskiljun tengd raðmassagreiningu (LC-MS/MS)	Mjólkur-kýr	—	—	0,004	1. Eingöngu skal nota aukefnið til viðbótar í fóðurbæti (í formi forðastauts) til að draga úr hættu á doða og forklíniskri kalsíumlækkun. 2. Notkun aukefnisins skal eingöngu leyfð einu sinni á tímabilinu fyrir burð (frá 9 dögum fyrir burð þar til rétt fyrir burð). 3. Aukefnið skal notað um munn einu sinni í formi forðastauts, með daglegri gjöf af: — minnst 60 g af kalsíumi á hverja kú á einni viku fyrir burð og 84 g á hverja kú til loka þriðju viku mjólkurskeiðs, — minnst 18 g af kalsíumi á hverja kú á einni viku fyrir burð og 26 g á hverja kú til loka þriðju viku mjólkurskeiðs.	8. júlí 2034

							4. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina geymsluskilyrði. 5. Hámarksinnihald samsetninga glýkósýlaðs 1,25-hýdroxýkólekalsíferóls með D_3-vítamín (kólekalsíferól) á hvert kg heilfóðurs: 0,1 mg (2) kólekalsíferól. 6. Ekki skal leyfa notkun aukefnisins og 25-hýdroxýkólekalsíferóls samtímis. 7. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.
(2) 40 IU kólekalsíferól (D_3-vítamín) = 0,001 mg kólekalsíferól (D_3-vítamín).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1723 **2025/EES/10/14**

frá 20. júní 2024

um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni fyrir beitardýr til mjólkurframleiðslu af nautgripa-, sauðfjár- og geitakyni (leyfishafi er International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi hans er GAB Consulting GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni. Umsóknin fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fóðuraukefni fyrir öll beitardýr og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 2. júlí 2020 ([2]) og 14. nóvember 2023 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði sé blanda með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 örugg fyrir alla nautgripi, allt sauðfé og allar geitur til mjólkurframleiðslu, fyrir neytendur og umhverfið þar sem öryggismörk eru 10. Vegna skorts á gögnum gat hún ekki komist að niðurstöðu um öryggi aukefnisins fyrir aðrar tegundir/flokka á beit. Matvælaöryggisstofnunin taldi að blandan með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 væri ekki ertandi fyrir húð og augu en væri ertandi fyrir öndunarveg og öndunarfæranæmir en ekki var hægt að komast að niðurstöðu um húðnæmingarmátt hennar. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að blandan með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 gæti fækkað sníkjuþráðormum á beitilandi fyrir dýr á beit ef hún er notuð við tillagt notkunarmagn sem nemur 3×10^4 dvalgróa/kg líkamsþyngdar á dag. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar fyrir mjólkurkýr, mjólkurkýr af aukategundum nautgripa, mjólkurær og mjólkurhuðnur, meðan matsferlið heldur áfram fyrir önnur beitardýr en mjólkurkýr, mjólkurkýr af aukategundum nautgripa, mjólkurær og mjólkurhuðnur. Rétt þykir, til hagræðingar og vegna eftirlits, að gefa upp skömmtun fyrir blönduna á hvert kíló heilfóðurs og að kveða á um að aukefnið verði notað eingöngu í fóður fyrir mjólkurkýr, mjólkurkýr af aukategundum nautgripa, mjólkurær og mjólkurhuðnur á beit. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1723, 21.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(7), 6208.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21, e8465.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Fjöldi dvalgróa/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (fækkun smitandi þráðormalirfa á beitilandi)									
4d27	International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi er GAB Consulting GmbH	*Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem inniheldur að lágmarki 5×10^5 dvalgróa/g aukefnis Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænleg dvalgró af *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336: Aðferðir sem byggjast á DNA-greiningu. Ákvörðun á heildarfjölda lífvænlegra dvalgróa af *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum: aðferð þar sem notaður er gersveppamannitólagar (YMA) með streptómýsíni og klóramfenikóli og líklegasti fjöldi til ákvörðunar á heildarfjölda.	Mjólkurkýr Mjólkurkýr af aukategundum nautgripa	–	$8{,}5 \times 10^5$	$8{,}5 \times 10^6$	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal eingöngu nota í fóður fyrir beitardýr. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	11. júlí 2034
				Mjólkurær Mjólkurhuðnur		$1{,}3 \times 10^6$	$1{,}3 \times 10^7$		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1727 **2025/EES/10/15**

frá 20. júní 2024

um að taka tiltekin fóðuraukefni af markaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Einkum er í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um reglur um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er lögð sú skylda á framkvæmdastjórnina að hún samþykki reglugerð þar sem þess er krafist að fóðuraukefni verði tekin af markaði sem engar umsóknir, eins og krafist er skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þessum ákvæðum. Að sama skapi ætti að samþykkja reglugerð varðandi fóðuraukefni þar sem umsókn var lögð fram en síðan dregin til baka.

3) Því ætti að taka fóðuraukefnin sem skráð eru í viðaukanum af markaði.

4) Ef um er að ræða fóðuraukefni sem umsóknir hafa eingöngu verið lagðar fram fyrir að því er varðar tilteknar dýrategundir eða -flokka, eða ef umsóknir hafa eingöngu verið dregnar til baka að því er varðar tilteknar dýrategundir eða -flokka, ætti takan af markaði einungis að varða dýrategundir og -flokka sem engin umsókn hefur verið lögð fram fyrir eða sem umsóknin hefur verið dregin til baka fyrir.

5) Rétt þykir að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af aukefnum sem um er að ræða, forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum þar til þær eru uppurnar að því er varðar þær dýrategundir og -flokka þar sem taka af markaði er krafist, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að skyldunni að taka þessar vörur af markaði.

6) Taka vara sem eru skráðar í viðaukann af markaði kemur ekki í veg fyrir að þær verði leyfðar eða falli undir ráðstöfun varðandi stöðu þeirra í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1727, 21.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 255/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/2021-03-27.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/2003-03-31).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Taka af markaði

Fóðuraukefnin sem eru tilgreind í viðaukanum, eins og þau eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, skulu tekin af markaði að því er varðar þær dýrategundir og -flokka sem um getur í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefnunum sem um getur í 1. gr. má áfram setja á markað og nota fram til 11. júlí 2025.

2. Forblöndur, sem eru framleiddar með fóðuraukefnunum sem um getur í 1. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 11. október 2025.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni, sem eru framleidd með fóðuraukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 11. júlí 2026.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Fóðuraukefni sem skal taka af markaði eins og um getur í 1. gr.

1. HLUTI

Fóðuraukefni sem skal taka af markaði að því er varðar allar dýrategundir og -flokka

Auðkennisnúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
	Bragðefni og lystaukandi efni	
	Náttúruleg efni — grasafræðilega skilgreind	
	Citrus sinensis (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Þrepaeimuð appelsínuolía CAS 8028-48-6 FEMA 2822, **önnur en** eftirfarandi form ([1]): — einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 10,5%, d-límóneninnihaldi sem nemur 89-96% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,3% í rokgjarna þættinum [2b143-f], — einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 20,9%, d-límóneninnihaldi sem nemur 79-89% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,6% í rokgjarna þættinum [2b143-f-i], — einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 18%, d-límóneninnihaldi sem nemur 85-95% í rokgjarna þættinum og engu perillaldehýði í rokgjarna þættinum [2b143-f-ii].	Allar tegundir
	Echinacea angustifolia DC.: Roðasólhattartinktúra	Allar tegundir
	Hypericum perforatum L.: Jóhannesarjurtartinktúra CoE-nr. 234	Allar tegundir
	Linum usitatissimum L.: Hörfrætinktúra CoE-nr. 263	Allar tegundir
	Thymus mastichina L.: Spánarblóðbergsolía CAS-nr. 8016-33-9, EINECS-nr. 284-294-8	Allar tegundir

2. HLUTI

Fóðuraukefni sem skal taka af markaði að því er varðar tilteknar dýrategundir og -flokka

Auðkennisnúmer	Aukefni	Dýrategund eða -flokkur
	Rotvarnarefni	
E 270	Mjólkursýra	Jórturdýr með óvirka vömb

([1]) Þrjú form af þrepaeimaðri appelsínuolíu [2b143-f, 2b143-f-i og 2b143-f-ii] hafa verið leyfð með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1421 frá 22. ágúst 2022 um leyfi fyrir pressaðri appelsínuilmkjarnaolíu, eimaðri appelsínuilmkjarnaolíu og þrepaeimuðum appelsínuolíum úr *Citrus sinensis* (L.) Osbeck sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 218. 23.8.2022, bls. 27, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1421/oj).

E 295	Ammóníumformat	Varphænur, gyltur, jórturdýr til mjólkurframleiðslu, gæludýr og dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis
E 327	Kalsíumlaktat	Jórturdýr með óvirka vömb
Litgjafar, að meðtöldum litarefnum		
Aðrir litgjafar		
E 127	Erýtrósín [virkur hópur 2 a (i)]	Skrautfiskar og skriðdýr
Bragðefni og lystaukandi efni		
Náttúruleg efni — grasafræðilega skilgreind		
	Anethum graveolens L.: Dillilmkjarnaolía, CAS-nr. 8006-755, FEMA-nr. 2383, CoE-nr. 42, EINECS-nr. 289-790-8	Allar dýrategundir að undanskildum hundum og köttum
	Angelica sinensis (Oliv.) Diels: Kínahvannartinktúra	Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og köttum
	Boswellia serrata Roxb. ex Colebr.: Reykelsiskjarni	Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum
	Citrus aurantiifolia (Christm.) Swingle: Eimuð súraldinilmkjarnaolía	Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar
	Citrus aurantium L.: Ilmkjarnaolía úr beiskjuappelsínutré, CAS-nr. 8014- 17-3, EINECS-nr. 283-881-6, FEMA-nr. 2855, CoE-nr. 136	Allar dýrategundir, að undanskildum eldiskjúklingum, varphænum, eldiskalkúnum, eldissvínum, spenagrísum, mjólkandi gyltum, kálfum, mjólkurkúm, eldisnautgripum, sauðfé/geitum, hestum, kanínum, laxfiskum, hundum, köttum og skrautfiskum
	Citrus x aurantium L.: Beiskjuappelsínukjarni	Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar
	Citrus limon (L.) Osbeck: Pressuð sítrónuilmkjarnaolía	Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar

	Citrus limon (L.) Osbeck: Leif sem verður til við eimingu pressaðrar sítrónuolíu	Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar
	Citrus reticulata Blanco.: Pressuð mandarínuilmkjarnaolía	Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar
	Citrus sinensis (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Eimuð appelsínuilmkjarnaolía	Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar
	Citrus sinensis (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Pressuð appelsínuilmkjarnaolía	Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar
	Citrus sinensis (L.) Osbeck = *Citrus sinensis* (L.) Pers. = *Citrus aurantium* L. var. dulcis: Þrepaeimuð appelsínuolía, CAS-nr. 8028-48-6, FEMA-nr. 2822, í eftirfarandi formum sem hafa verið leyfð fyrir tilteknar dýrategundir ([2]): — einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 10,5%, d-límóneninnihaldi sem nemur 89-96% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,3% í rokgjarna þættinum, — einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 20,9%, d-límóneninnihaldi sem nemur 79-89% í rokgjarna þættinum og perillaldehýðinnihaldi sem nemur < 0,6% í rokgjarna þættinum, — einkennist af órokgjörnum þætti sem nemur 18%, d-límóneninnihaldi sem nemur 85-95% í rokgjarna þættinum og engu perillaldehýði í rokgjarna þættinum.	— Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar — Hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar — Hestar, kanínur, hundar, kettir, skrautfiskar og skrautfuglar
	Curcuma longa L.: Túrmeriktinktúra	Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum
	Eleutherococcus senticosus (Rupr. et Maxim.) Maxim.: Síberíuginsengrótartinktúra	Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og köttum
	Ferula assa-foetida L.: Púkataðsolía CAS-nr. 9000-04-8, FEMA-nr. 2108, CoE-nr. 196	Allar dýrategundir að undanskildum hundum og köttum

([2]) Þrjú form af þrepaeimaðri appelsínuolíu [2b143-f, 2b143-f-i og 2b143-f-ii] hafa verið leyfð með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1421.

	Litsea cubeba (Lour.) Pers.: Ilmkjarnaolía úr *Litsea cubeba*, CAS-nr. 68855- 99-2, EINECS-nr. 290-018-7, FEMA-nr. 3846, CoE-nr. 491	Allar dýrategundir, að undanskildum eldiskjúklingum, varphænum, eldiskalkúnum, eldissvínum, spenagrísum, mjólkandi gyltum, kálfum, mjólkurkúm, eldisnautgripum, sauðfé/geitum, hestum, kanínum, laxfiskum, hundum, köttum og skrautfiskum
	Panax ginseng C. A. Mey.: Ginsengtinktúra, CoE-nr. 318	Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum og köttum
	Piper nigrum L.: Kjarni úr svartpipar í yfirmarksástandi	Allar dýrategundir að undanskildum hundum og köttum
	Schisandra chinensis (Turcz.) Baill: Tinktúra úr *Schisandra chinensis*	Allar dýrategundir að undanskildum hestum, hundum, köttum, alifuglum og veiðifuglum
	Zingiber officinale Roscoe: Engiferóleóresín CoE-nr. 489	Allar dýrategundir, að undanskildum eldiskjúklingum, varphænum, eldiskalkúnum, spenagrísum, eldissvínum, gyltum, mjólkurkúm, eldiskálfum (staðgöngumjólk), eldisnautgripum, sauðfé og geitum, hestum, kanínum, fiskum og gæludýrum
	Zingiber officinale Roscoe: Engifertinktúra	Allar dýrategundir að undanskildum hestum og hundum
Náttúruleg efni og samsvarandi tilbúin efni		
	CAS-nr. 106-24-1/geraníól/Flavis-nr. 02.012	Sjávardýr:
	CAS-nr. 104-54-1/sinnamýlalkóhól/Flavis-nr. 02.017	Sjávardýr:
	CAS-nr. 4602-84-0/3,7,11-trímetýldódeka-2,6,10-tríen-1-ól/ Flavis-nr. 02.029	Sjávardýr:
	CAS-nr. 122-974/3-fenýlprópan-1-ól/Flavis-nr. 02.031	Sjávardýr:

	CAS-nr. 106-25-2/(Z)-neról/Flavis-nr. 02.058	Sjávardýr:
	CAS-nr. 5392-40-5/sítral/Flavis-nr. 05.020	Sjávardýr:
	CAS-nr. 93-53-8/2-fenýlprópanal/Flavis-nr. 05.038	Sjávardýr:
	CAS-nr. 103-95-7/3-(p-kúmenýl)-2-metýlprópíónaldehýð/ Flavis-nr. 05.045	Sjávardýr:
	CAS-nr. 101-39-3/α-metýlsinnamaldehýð/Flavis-nr. 05.050	Sjávardýr:
	CAS-nr. 104-53-0/3-fenýlprópanal/Flavis-nr. 05.080	Sjávardýr:
	CAS-nr. 621-82-9/sinnamínsýra/Flavis-nr. 08.022	Sjávardýr:
	CAS-nr. 105-87-3/geranýlasetat/Flavis-nr. 09.011	Sjávardýr:
	CAS-nr. 103-54-8/sinnamýlasetat/Flavis-nr. 09.018	Sjávardýr:
	CAS-nr. 106-29-6/geranýlbútýrat/Flavis-nr. 09.048	Sjávardýr:
	CAS-nr. 103-61-7/sinnamýlbútýrat/Flavis-nr. 09.053	Sjávardýr:
	CAS-nr. 105-86-2/geranýlformat/Flavis-nr. 09.076	Sjávardýr:
	CAS-nr. 105-90-8/geranýlprópíónat/Flavis-nr. 09.128	Sjávardýr:
	CAS-nr. 105-91-9/nerýlprópíónat/Flavis-nr. 09.169	Sjávardýr:
	CAS-nr. 2142-94-1/nerýlformat/Flavis-nr. 09.212	Sjávardýr:
	CAS-nr. 141-12-8/nerýlasetat/Flavis-nr. 09.213	Sjávardýr:
	CAS-nr. 2345-24-6/nerýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.424	Sjávardýr:
	CAS-nr. 103-58-2/3-fenýlprópýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.428	Sjávardýr:
	CAS-nr. 2345-26-8/geranýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.431	Sjávardýr:
	CAS-nr. 140-27-2/sinnamýlísóvalerat/Flavis-nr. 09.459	Sjávardýr:
	CAS-nr. 103-59-3/sinnamýlísóbútýrat/Flavis-nr. 09.470	Sjávardýr:
	CAS-nr. 1191-16-9/prenýlasetat/Flavis-nr. 09.692	Sjávardýr:
	CAS-nr. 103-36-6/etýlsinnamat/Flavis-nr. 09.730	Sjávardýr:
	CAS-nr. 103-26-4/metýlsinnamat/Flavis-nr. 09.740	Sjávardýr:
	CAS-nr. 7779-65-9/ísópentýlsinnamat/Flavis-nr. 09.742	Sjávardýr:
Gerviefni		
E 954(iii)	Natríumsakkarín	Spenagrísir

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1730 **2025/EES/10/16**

frá 20. júní 2024

um leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín (leyfishafi er LANXESS Chemical B.V.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „önnur dýraræktaraukefni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 14. nóvember 2023 ([2]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun sé bensósýra örugg fyrir fráfærugrísi og eldissvín, neytendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að bensósýra valdi áhættu við innöndun, sé húðertandi og augnætandi en að ekki væri hægt að komast að niðurstöðu um húðnæmingu vegna skorts á gögnum. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að bensósýra sé áhrifarík sem dýraræktarfóðuraukefni fyrir fráfærugrísi allt að 25 kg að þyngd og fyrir eldissvín. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

5) Í samræmi við a-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([3]) taldi tilvísunarrannsóknarstofan, sem var sett á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, að niðurstöður og tilmæli úr fyrra mati sem varðaði sama virka efnið ([4]) séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að bensósýra uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins. Rétt þykir að kveða á um að ekki skuli nota aukefnið með öðrum gjöfum bensósýru eða bensóata og að það skuli gefið eingöngu vandlega blandað saman við önnur fóðurefni í daglegum skammti. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1730, 21.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21, e8454.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

([4]) Matsskýrsla er aðgengileg á vísindavettvangi Evrópusambandsins (e. *EU Science Hub*) https://joint-research-centre.ec.europa.eu/publications/fad-2010-0029_en.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur: þyngdarauknin eða fóðurstuðull)									
4d211	LANXESS Chemical B.V.	Bensósýra	*Samsetning aukefnis* Bensósýra (≥ 99,9%) Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Bensósýra (einnig þekkt sem bensenkarboxýlsýra og fenýlkarboxýlsýra) $C_7H_6O_2$ CAS-númer: 65-85-0 Hámarksgildi óhreininda: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bífenýl: ≤ 100 mg/kg *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða bensósýru í fóðuraukefninu, forblöndunum og fóðurblöndunum: háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) – EN 17298.	Fráfærugrísir	—	5 000	5 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu, forblöndunum og fóðurblöndunum skal tilgreina eftirfarandi: „Fóðurbætir sem inniheldur bensósýru skal eingöngu gefinn fráfærugrísum ef honum er blandað vel saman við önnur fóðurefni í daglegum skammti“.	11. júlí 2034

								4. Aukefnið skal eingöngu nota fyrir fráfærugrísi allt að 25 kg að þyngd. 5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: Önnur dýraræktaraukefni (lækkun á sýrustigi hlands)									
4d211	LANXESS Chemical B.V.	Bensósýra	*Samsetning aukefnis* Bensósýra (≥ 99,9%) Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Bensósýra (einnig þekkt sem bensenkarboxýlsýra og fenýlkarboxýlsýra) $C_7H_6O_2$ CAS-númer: 65-85-0 Hámarksgildi óhreininda: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bífenýl: ≤ 100 mg/kg *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða bensósýru í fóðuraukefninu, forblöndunum og fóðurblöndunum: háþrýstivökvaskiljun með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) – EN 17298.	Eldissvín	—	5 000	10 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu, forblöndunum og fóðurblöndunum skal tilgreina eftirfarandi: „Fóðurbætir sem inniheldur bensósýru skal eingöngu gefinn eldissvínum ef honum er blandað vel saman við önnur fóðurefni í daglegum skammti“.	11. júlí 2034

								4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1743 **2025/EES/10/17**

frá 21. júní 2024

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1, 4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og -kalkúna, aukategundir alifugla til eldis og skrautfugla og óskað var eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „meltingarbætandi efni“.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 1. febrúar 2023 ([2]) að blanda með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, sé örugg fyrir umhverfið og geti verið áhrifarík hjá eldiskjúklingum, eldiskalkúnum, aukategundum alifugla til eldis og skrautfuglum í notkunarmagni sem nemur 800 TMU/kg. Eftir að mat var lagt á gögn sem umsækjandi hafði nýlega lagt fram komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 30. janúar 2024 ([3]) að blanda með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, sé örugg fyrir marktegundirnar við tillagt notkunarmagn og fyrir neytendur. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, sé ekki ertandi fyrir augu eða húð. Sökum þess hversu prótínríkt virka efnið er ætti aukefnið að teljast öndunarfæranæmir. Matvælaöryggisstofnunin gat ekki komist að niðurstöðu um hvort aukefnið geti verið húðnæmir. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, uppfylli skilyrðin fyrir leyfi sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar fyrir allar tegundir alifugla til eldis og skrautfugla. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1743, 24.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(2), 7873.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8632.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a47	BASF SE	Endó-1,4-beta-mannanasi (EC 3.2.1.78)	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-beta-mannanasa (EC 3.2.1.78), sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149, með virkni að lágmarki: 8 000 TMU/g (1). Fast form og vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betamannanasi (EC 3.2.1.78), sem er framleiddur með *Thermothelomyces thermophilus* DSM 33149 *Greiningaraðferð* (2) Til að ákvarða virkni endó-1,4-betamannanasa í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðurblöndum:	Allar tegundir alifugla til eldis Skrautfuglar	-	800 TMU	-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	14. júlí 2034

			— Ensímhvatað vatnsrof litaðs karóbgalaktóm-annans með endó-1, 4-betamannanasa og síðan ljósmæling.						

(1) Ein eining varmaþolins mannanasa (TMU) er skilgreind sem það magn ensíms sem framleiðir afoxandi kolvetni með afoxandi krafti sem samsvarar 1 μM mannósa úr karóbgúmmíi (0,3 g/100 ml jafnalausn) á mínútu við 50 °C og pH-gildið 3,5.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.en.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1750 **2025/EES/10/18**

frá 24. júní 2024

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 399/2014 ([2]) var blanda með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 (áður flokkunarfræðilega tilgreint sem *Lactobacillus brevis* DSM 23231) leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 15. nóvember 2023 ([3]) að blandan með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 sé áfram örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast öndunarfæranæmir og að á grundvelli rannsókna sem lagðar voru fram um öryggi notenda var sýnt fram á að það er hvorki húð- né augnertandi. Matvælaöryggisstofnunin gat ekki komist að niðurstöðu um húðnæmingarmátt aukefnisins. Hún tók einnig fram að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnisins þar eð umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1750, 25.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: https://eur-lex.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 399/2014 frá 22. apríl 2014 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus brevis* DSM 23231, *Lactobacillus brevis* DSMZ 16680, *Lactobacillus plantarum* CECT 4528 og *Lactobacillus fermentum* NCIMB 30169 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 119, 23.4.2014, bls. 40, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/399/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21, e8461.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 sem fóðuraukefni leiðir að breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 399/2014 fellur færsla 1k20744 um *Lactobacillus brevis* DSM 23231 brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur hana, sem eru framleidd og merkt fyrir 15. júlí 2025 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 15. júlí 2024, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k20744	*Levilactobacillus brevis* DSM 23231	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Levilactobacillus brevis* DSM 23231 í fóðuraukefninu: — Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787) Sanngreining á *Levilactobacillus brevis* DSM 23231: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) – CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 5×10^7 CFU/kg fersks efnis. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	15. júlí 2034

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1755 **2025/EES/10/19**

frá 25. júní 2024

um leyfi fyrir ediksýru, kalsíumasetati og natríumdíasetati sem fóðuraukefni fyrir fiska (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnin ediksýra, kalsíumasetat og natríumdíasetat voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á ediksýru, kalsíumasetati og natríumdíasetati fyrir fiska. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „rotvarnarefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. júlí 2023 ([3]) að ediksýra (og sölt hennar) sé örugg fyrir alla fiska við tillagt hámarksgildi sem nemur 2.500 mg ediksýru/kg heilfóðurs. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í fyrri álitum sínum frá 1. febrúar 2012 ([4]) og 6. maí 2021 ([5]) að ediksýra, natríumdíasetat og kalsíumasetat hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi neytenda eða umhverfið og að áhætta fyrir notendur sem meðhöndla ediksýru fari eftir styrkleika og nái yfir húð, augu og ertingu öndunarfæra (10–25% lausn) og tæringu (> 25% lausn) og að sölt ediksýru séu talin mjög ertandi og valdi einkum áhættu fyrir augu. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ediksýra og sölt hennar geti mögulega virkað sem rotvarnarefni í fóðri. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að ediksýra, kalsíumasetat og natríumdíasetat uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnanna. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1755, 26.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(7), 8176.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2571.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6615.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Ediksýra, kalsíumasetat og natríumdíasetat, sem voru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og forblöndur sem innihalda þessi aukefni, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. janúar 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. júlí 2024, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar ef þær eru ætlaðar fyrir fiska.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 16. júlí 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. júlí 2024 má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir fiska sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 16. júlí 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. júlí 2024 má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir fiska sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: rotvarnarefni								
1a260	Ediksýra	*Samsetning aukefnis* Ediksýra ≥ 99,8% Vökvaform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ediksýra ≥ 99,8% $C_2H_4O_2$ CAS-nr. 64-19-7 Vatn ≤ 0,15% Órokgjörn efni ≤ 30 mg/kg Maurasýra og sölt hennar og annað oxanlegt efni ≤ 0,5 g/kg Framleidd með efnasmíði, þ.m.t. sellulósaframleiðslu (sem aukaafurð) *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða ediksýru sem heildarmagn ediksýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðurblöndum: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Fiskar	-	-	2 500	1. Blanda ólíkra ediksýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu, forblöndunum og tengdu fóðri skal tilgreina eftirfarandi ákvæði um merkingu: „Notkun mismunandi lífrænna sýra samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	16. júlí 2034

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: rotvarnarefni								
1a262	Natríumdía-setat	*Samsetning aukefnis* Natríumdíasetat ≥ 97% Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumdíasetat (vatnsfrítt og tríhýdrat) $NaC_4H_7O_4$ CAS-nr. 126-96-5 Natríumasetat ≥ 58% Ediksýra ≥ 39% Vatn ≤ 2% Maurasýra og sölt hennar og annað oxanlegt efni ≤ 1 g/kg Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða natríum í fóðurauk-efninu: EN ISO 6869: frumeindagleypnimæling (AAS) eða EN 15510: rafgasgeislunargreining (ICP-AES) Til að ákvarða natríumdíasetat sem heildarmagn ediksýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðurblöndum: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Fiskar	-	-	2 500 (sem ediksýra)	1. Blanda ólíkra ediksýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og viðeigandi skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu, forblöndunum og tengdu fóðri skal tilgreina eftirfarandi ákvæði um merkingu: „Notkun mismunandi lífrænna sýra samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	16. júlí 2034

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: rotvarnarefni								
1a263	Kalsíuma-setat (vatnsfrítt og einhýdrat)	*Samsetning aukefnis* Kalsíumasetat ≥ 98,7% Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalsíumasetat ≥ 98,7% $C_4H_6CaO_4$ CAS-nr. 62-54-4 Vatn ≤ 6% Maurasýra og sölt hennar og annað oxanlegt efni ≤ 1 g/kg Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða kalsíum í fóðurauk-efninu: EN ISO 6869: frumeindagleypnimæling (AAS) eða EN 15510: rafgasgeislunargreining (ICP-AES) Til að ákvarða kalsíumasetat sem heildarmagn ediksýru í fóðuraukefni, forblöndum og fóðurblöndum: Jónagreining með rafleiðniskynjun, IC-CD (EN 17294)	Fiskar	-	-	2 500 (sem ediksýra)	1. Blanda ólíkra ediksýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og viðeigandi skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu, forblöndunum og tengdu fóðri skal tilgreina eftirfarandi ákvæði um merkingu: „Notkun mismunandi lífrænna sýra samtímis er óráðleg ef ein eða fleiri þeirra eru notaðar við eða nálægt leyfilegu hámarksinnihaldi“.	16. júlí 2034

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1757 **2025/EES/10/20**

frá 25. júní 2024

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 96/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 96/2013 ([2]) var blanda með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 (áður flokkunarfræðilega tilgreint sem *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139) leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. desember 2023 ([3]) að blandan með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sé áfram örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið væri ekki húðertandi en teljist öndunarfæranæmir. Ekki var hægt að komast að niðurstöðu um augnertingar- eða húðnæmingarmátt þess. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnisins þar eð umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1757, 26.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: https://eur-lex.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 96/2013 frá 1. febrúar 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 og fyrir blöndu með *Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 33, 2.2.2013, bls. 21, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/96/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 21 12, e8511.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sem fóðuraukefni leiðir að breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 96/2013 til samræmis við það.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 96/2013

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 96/2013 fellur færsla 1k20734 um *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur hana, sem eru framleidd og merkt fyrir 16. júlí 2025 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 16. júlí 2024, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k20734	*Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139 í fóðuraukefninu: — Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787) Sanngreining á *Lentilactobacillus buchneri* NCIMB 30139: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) - CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Nota skal aukefnið eingöngu í ferskt efni sem er auðvelt að votfóðursverka (2). 3. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	16. júlí 2034

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/429/oj).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1786 **2025/EES/10/21**

frá 27. júní 2024

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda (leyfishafi er BASF SE) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Blanda með ammóníumklóríði var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda með framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2013 ([2]).

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni (lækkun sýrustigs í hlandi)“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. mars 2022 ([3]) að blandan með ammóníumklóríði sé áfram örugg fyrir jórturdýr, ketti og hunda, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ammóníumklóríð teljist húð- og augnertandi og hugsanlegur öndunarfæranæmir en að það sé ekki húðnæmir. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins. Hún taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir ammóníumklóríð sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með ammóníumklóríði uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1786, 28.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2013 frá 26. júlí 2013 um leyfi fyrir ammóníumklóríði sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr, ketti og hunda (leyfishafi er BASF SE) (Stjtíð. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/725/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(4), 7255.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með ammóníumklóríði sem fóðuraukefni leiðir að fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2013 úr gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndu með ammóníumklóríði, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2013 er felld úr gildi.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (lækkun sýrustigs í hlandi)									
4d8	BASF SE	Ammón-íumklóríð	*Samsetning aukefnis* Blanda með ammóníumklóríði ≥ 99,0% Fast form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ammóníumklóríð ≥ 99,0% NH_4Cl CAS-nr.: 12125-02-9 Natríumklóríð ≤ 0,5% Framleitt með efnasmíði. *Greiningaraðferð* ([1]) Magnákvörðun ammóníumklóríðs í fóðuraukefni: títrun með natríum-hýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 0007) eða títrun með silfurnítrati (sameiginleg sérfræð-inganefnd Matvæla- og landbúnaðar-stofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinna r um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis „ammóníumklóríð“).	Jórturdýr	-	-	5 000/ 10 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Að því er varðar jórturdýr skal nota aukefnið við eftirfarandi skilyrði: — hámarksinnihald sem nemur 5 000 mg af aukefni/kg heilfóðurs á fóðrunartímabili sem er lengra en þrír mánuðir eða — hámarksinnihald sem nemur 10 000 mg af aukefni/kg heilfóðurs á fóðrunar-tímabili sem er ekki lengra en þrír mánuðir 4. Blanda ólíkra ammóníumklóríðsgjafa skal ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri fyrir jórturdýr, ketti og hunda.	18. júlí 2034
				Kettir og hundar			5 000		

								5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1810 **2025/EES/10/22**

frá 1. júlí 2024

um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1113/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1113/2013 ([2]) var blanda með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 (áður flokkunarfræðilega tilgreint sem *Lactobacillus buchneri* DSM 22501) leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. desember 2023 ([3]) að blandan með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 sé áfram örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið við þau skilyrði fyrir notkun sem eru sem stendur leyfð. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið með maltódextrín sem burðarefni sé ekki ertandi fyrir húð eða augu en ætti að teljast öndunarfæranæmir. Ekki var hægt að komast að niðurstöðu um húðnæmingarmátt aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að ekki sé þörf á mati á verkun aukefnisins þar eð umsóknin um endurnýjun leyfis feli ekki í sér tillögu að breytingu á skilyrðum fyrir upprunalega leyfinu eða viðbót við þau sem hefði áhrif á verkun aukefnisins.

5) Tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á fót með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, taldi að niðurstöður og tilmæli úr mati sem framkvæmt var, að því er varðar greiningaraðferð fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 sem fóðuraukefni í tengslum við fyrra leyfi, séu gild og viðeigandi fyrir núverandi umsókn. Í samræmi við c-lið 4. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([4]) er því ekki þörf á matsskýrslu frá tilvísunarrannsóknarstofunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1810, 2.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: https://eur-lex.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1113/2013 frá 7. nóvember 2013 um leyfi fyrir blöndum með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 40027, *Lactobacillus buchneri* DSM 22501, *Lactobacillus buchneri* NCIMB 40788/CNCM I-4323, *Lactobacillus buchneri* LN 40177/ATCC PTA-6138 og *Lactobacillus buchneri* LN 4637/ATCC PTA-2494 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 298, 8.11.2013, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/1113/oj).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8541.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/378/oj).

6) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins. Þessar verndarráðstafanir ættu ekki að hafa ekki áhrif á aðrar kröfur um öryggi starfsfólks samkvæmt lögum Sambandsins.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 sem fóðuraukefni leiðir að breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1113/2013 til samræmis við það.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um, af öryggisástæðum, tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndu með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja endurnýjun á leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun leyfis

Leyfið fyrir blöndunni, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1113/2013

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1113/2013 fellur færsla 1k20738 um *Lactobacillus buchneri* DSM 22501 brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur hana, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. júlí 2025 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 22. júlí 2024, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU/kg fersks efnis			
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður								
1k20738	*Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501 í fóðuraukefninu: — Dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787) Sanngreining á *Lentilactobacillus buchneri* DSM 22501: — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) - CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrateg-undir	-		-	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð- og öndunarvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	22. júlí 2034

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1839 **2025/EES/10/23**

frá 3. júlí 2024

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 með því að fella brott *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. sem gjafa fóðuraukefnisins öxarbrjótsútdráttar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnin öxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis balansae* Engl. eða *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. voru leyfð sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2846 ([2]) til 10 ára.

2) Hins vegar var efnið öxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. ranglega fært í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 þótt það hafi ekki verið með í umsókninni um leyfi.

3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 til samræmis við það. Fyrir skýrleika sakir þykir rétt að skipta út viðaukanum við þá framkvæmdarreglugerð í heild sinni.

4) Til að koma í veg að fóðuraukefnið öxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. sé sett á markað, sem gæti komið til vegna villunnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

5) Til að viðhalda lögmætum væntingum stjórnenda fóðurfyrirtækja vegna leyfis, fyrir mistök, fyrir fóðuraukefninu öxarbrjótsútdrætti úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. ætti að veita stutt umbreytingartímabil til að gera þessum stjórnendum kleift að laga sig að leiðréttingunni sem er innleidd með þessari reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/2846 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2846 frá 20. desember 2023 um leyfi fyrir öxarbrjótsútdrætti úr *Schinopsis balansae* Engl. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir“.

2) Í stað viðaukans kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1839, 4.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2846 frá 20. desember 2023 um leyfi fyrir öxarbrjótsútdrætti úr *Schinopsis balansae* Engl. eða *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 2023/2846, 21.12.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/2846/oj).

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Fóðuraukefnið öxarbrjótsútdráttur úr *Schinopsis lorentzii* (Griseb.) Engl. og forblöndur, fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda það og eru framleidd og merkt fyrir 5. ágúst 2024 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 5. júlí 2024 má áfram setja á markað og nota til 5. janúar 2025.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b2972-ex	Öxarbrjótsút-dráttur	*Samsetning aukefnis* Viðarútdráttur úr *Schinopsis balansae* Engl. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Útdráttur úr þéttum tannínsýrum úr öxarbrjóti Útdráttur sem er fenginn úr viði af *Schinopsis balansae* Engl. með gufu undir þrýstingi, frekari síun, þykkingu og úðaþurrkun þykktu lausnarinnar eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1) Nákvæm skilgreining Þéttar tannínsýrur: 70–87% FEMA-númer: 2972 *Greiningaraðferð* (2) Til að magnákvarða þéttar tannínsýrur (plöntuefnafræðilegt merkiefni) í fóðuraukefninu: óbein þyngdarmæling sútunarefna með því að festa ídræg efnasambönd í létt krómunnu dufti úr húðum – ISO 14088	Eldiskalkúnar	-	-	540	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Blöndun öxarbrjótsútdráttar við önnur plöntuaukefni er leyfð að því tilskildu að magn þéttra tannínsýra í fóðurefnum og fóðurblöndum sé minna en það sem leiðir af notkun staks aukefnis í hámarksmagni eða tillögðu magni fyrir tegund eða flokk dýra. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni.	10. janúar 2034
			Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis	-	-	400		
			Allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps eða til undaneldis	-	-	600		
			Spenagrísir, spenagrísir aukategunda svína og aukategundir svína til eldis	-	-	720		
			Eldissvín	-	-	860		
			Gyltur	-	-	1 050		
			Eldiskálfar (staðgöngumjólk)	-	-	1 680		
			Jórturdýr til eldis, að undanskildu sauðfé og geitum Hestar	-	-	1 580		
			Sauðfé, geitur	-	-	1 580		
			Mjólkurkýr og aukategundir jórturdýra til mjólkurfram-leiðslu, að undanskildum mjólkurám og -geitum.	-	-	1 030		
			Kanínur	-	-	630		
			Laxfiskar og aukategundir fiska	-	-	1 810		
			Skrautfiskar	-	-	3 000		
			Hundar	-	-	1 900		
			Skrautfuglar			317		
			Kettir	-	-	317		

			Aðrar dýrategundir og -flokkar	-	-	317	Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007)
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1989 **2025/EES/10/24**

frá 22. júlí 2024

um leyfi fyrir úndek-10-enali, terpíneólasetati, *d*,l-borneóli, l-karvóni, *d*-kamfóru, *d*,l-ísóbornýlasetati, 3-própýlídenþalíði, fenýlediksýru, metýlsalisýlati, þýmóli, karvakróli, bensóþíasóli, terpínóleni, *d*,l-ísóborneóli, *trans*-mentóni, *d*,l-bornýlasetati, 3-bútýlídenþalíði, fenýlasetaldehýði, fenetýlasesati, fenetýlfenýlasetati, metýlfenýlasetati, etýlfenýlasetati, ísóbútýlfenýlasetati, 3-metýlbútýlfenýlasetati, 2-metoxýfenóli, 2-metoxý-4-metýlfenóli, 4-etýlgvæjakóli, 2-metoxý-4-vínýlfenóli, 4-etýlfenóli, 2-metýlfenóli, 4-metýlfenóli, 2,6-dímetoxýfenóli, fenóli, 2,6-dímetýlfenóli, 2-ísóprópýlfenóli, bensen-1,3-díóli, α-fellandreni, α-terpíneni, γ-terpíneni og l-límóneni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/245 að því er varðar skilmála leyfis fyrir *d*,l-ísómentóni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og breytingar á slíku leyfi. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Efnin úndek-10-enal, terpíneólasetat, *d,l*-borneól, *l*-karvón, *d*-kamfóra, d,l-ísóbornýlasetat, 3-própýlídenþalíð, fenýlediksýra, metýlsalisýlat, þýmól, karvakról, bensóþíasól, terpínólen, *d,l*-ísóborneól, *trans*-mentón, *d,l*-bornýlasetat, 3-bútýlídenþalíð, fenýlasetaldehýð, fenetýlasetat, fenetýlfenýlasetat, metýlfenýlasetat, etýlfenýlasetat, ísóbútýlfenýlasetat, 3-metýlbútýlfenýlasetat, 2-metoxýfenól, 2-metoxý-4-metýlfenól, 4-etýlgvæjakól, 2-metoxý-4-vínýlfenól, 4-etýlfenól, 2-metýlfenól, 4-metýlfenól, 2,6-dímetoxýfenól, fenól, 2,6-dímetýlfenól, 2-ísóprópýlfenól, bensen-1,3-díól, α-fellandren, α-terpínen, γ-terpínen og *l*-límónen voru leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. voru níu umsóknir lagðar fram um leyfi fyrir úndek-10-enali, terpíneólasetati, *d,l*-borneóli, *l*-karvóni, *d*-kamfóru, *d,l*-ísóbornýlasetati, 3-própýlídenþalíði, fenýlediksýru, metýlsalisýlati, þýmóli, karvakróli, bensóþíasóli, terpínóleni, *d,l*-ísóborneóli, *trans*-mentóni, *d,l*-bornýlasetati, 3-bútýlídenþalíði, fenýlasetaldehýði, fenetýlasesati, fenetýlfenýlasetati, metýlfenýlasetati, etýlfenýlasetati, ísóbútýlfenýlasetati, 3-metýlbútýlfenýlasetati, 2-metoxýfenóli, 2-metoxý-4-metýlfenóli, 4-etýlgvæjakóli, 2-metoxý-4-vínýlfenóli, 4-etýlfenóli, 2-metýlfenóli, 4-metýlfenóli, 2,6-dímetoxýfenóli, fenóli, 2,6-dímetýlfenóli, 2-ísóprópýlfenóli, bensen-1,3-díóli, α-fellandreni, α-terpíneni, γ-terpíneni og *l*-límóneni (hér á eftir nefnd efnin sem um er að ræða) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1989, 24.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj).

4) Umsækjandinn óskaði eftir því að efnin sem um er að ræða yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Þess vegna dró umsækjandinn umsóknina til baka að því er varðar drykkjarvatn fyrir öll efnin sem um er að ræða.

5) Notkun á *d,l*-ísómentóni sem fóðuraukefni var leyfð fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/245 ([3]).

6) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) gæfi út álit um hvort leyfið fyrir *d,l*-ísómentóni sem fóðuraukefni uppfylli enn skilyrðin sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 með tilliti til breytingar á skilyrðum leyfisins. Breytingin felur í sér hækkun á tillögðu hámarksgildi fyrir *d,l*-ísómentón í 5 mg/kg fyrir allar dýrategundir. Beiðninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 1. febrúar 2012 ([4]), 6. mars 2012 ([5]), 7. mars 2012 ([6]), 13. júní 2012 ([7]), 13. nóvember 2012 ([8]), 10. mars 2015 ([9]), 8. mars 2016 ([10]), 20. apríl 2016 ([11]), 12. júlí 2016 ([12]) og 26. september 2023 ([13]) að við tillögð notkunarskilyrði séu efnin sem um er að ræða örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Hún tók fram að engin ný gögn um öryggi notenda hefðu verið lögð fram fyrir 2-metoxýfenól, þýmól, 2-metoxý-4-metýlfenól, 4-etýlgvæjakól, 2-metoxý-4-vínýlfenól, 4-etýlfenól, 2-metýlfenól, 4-metýlfenól, karvakról, 2,6-dímetoxýfenól, fenól, 2,6-dímetýlfenól, 2-ísóprópýlfenól og bensen-1,3-díól en að hugsanleg hætta af mismunandi alvarleika væri viðurkennd að því er varðar þessi efni við snertingu við húð og augu og váhrif á öndunarveg. Að því er varðar 3-bútýlídenþalíð og 3-própýlídenþalíð eru þessi efni á öryggisblöðunum sem birgjarnir lögðu fram greind sem ertandi fyrir húð, augu og öndunarveg og hættuleg við inntöku. Að því er varðar fenýlasetaldehýð, fenýlediksýru, fenetýlasetat, fenetýlfenýlasetat, metýlfenýlasetat, etýlfenýlasetat, ísóbútýlfenýlasetat, metýlsalisýlat og 3-metýlbútýlfenýlasetat taldi Matvælaöryggisstofnunin rétt að meðhöndla öll þessi efnasambönd sem ertandi efni fyrir húð, augu og öndunarveg, sem húðnæma og hættuleg við inntöku. Að því er varðar terpíneólasetat taldi hún rétt að meðhöndla það sem ertandi fyrir húð, augu og öndunarveg og sem húðnæmi. Terpínólen, α-fellandren, α-terpínen, γ-terpínen og *l*-límónen ættu að teljast ertandi fyrir húð, augu og öndunarveg og húðnæmar. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að fyrir bensóþíasól, *d,l*-borneól, *d,l*-ísóborneól, *l*-karvón, *trans*-mentón, *d*-kamfóru, *d,l*-bornýlasetat, úndek-10-enal og *d,l*-ísóbornýlasetat séu hættur viðurkenndar varðandi snertingu við húð og augu og váhrif við innöndun og að þau séu flokkuð sem ertandi fyrir öndunarveg. Þar eð efnin sem um er að ræða eru viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að lokum að þeirri niðurstöðu að því teljist ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram. Enn fremur komst Matvælaöryggisstofnunin í áliti sínu frá 26. september 2023 að þeirri niðurstöðu að tillagt hámarksgildi fyrir *d,l*-ísómentón sem nemur 5 mg/kg sé öruggt fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/245 frá 15. febrúar 2018 um leyfi fyrir mentóli, d-karvóni, mentýlasetati, *d,l*-ísómentóni, 3-metýl-2-(pent-2(cis)-enýl)sýklópent-2-en-1-óni, 3,5,5-trímetýlsýklóhex-2-en-1-óni, d-fenkóni, fenkýlalkóhóli, karvýlasetati, díhýdrókarvýlasetati og fenkýlasetati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 53, 23.2.2018, bls. 87, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/245/oj).
([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2573.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(3), 2622.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(3), 2625.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2785.
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2966.
([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4053.
([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4441.
([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4475.
([12]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(8), 4559.
([13]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(10), 8340.

8) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að efnin sem um er að ræða uppfylli skilyrðin fyrir leyfi eins og kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að leyfið fyrir *d,l*-ísómentóni uppfylli enn skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þegar skilmálum þess er breytt að því er varðar hækkun tillagðs hámarksgildis í 5 mg/kg fyrir allar dýrategundir. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnanna sem um er að ræða og breyta skilyrðum fyrir leyfi fyrir *d,l*-ísómentóni. Framkvæmdastjórnin telur að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda efnanna sem um er að ræða.

9) Framkvæmdastjórnin telur að nauðsynlegt sé af öryggisástæðum að fastsetja hámarksinnihald fyrir *l*-karvón, metýlsalisýlat, þýmól og karvakról og að ekki sé hægt að nota þessi aukefni í samsetningu með öðrum aukefnum sem innihalda slík efni. Að því er varðar úndek-10-enal, terpíneólasetat, *d,l*-borneól, *d*-kamfóru, *d,l*-ísóbornýlasetat, 3-própýlídenþalíð, fenýlediksýru, bensóþíasól, terpínólen, *d,l*-ísóborneól, *trans*-mentón, *d,l*-bornýlasetat, 3-bútýlídenþalíð, fenýlasetaldehýð, fenetýlasetat, fenetýlfenýlasetat, metýlfenýlasetat, etýlfenýlasetat, ísóbútýlfenýlasetat, 3-metýlbútýlfenýlasetat, 2-metoxýfenól, 2-metoxý-4-metýlfenól, 4-etýlgvæjakól, 2-metoxý-4-vínýlfenól, 4-etýlfenól, 2-metýlfenól, 4-metýlfenól, 2,6-dímetoxýfenól, fenól, 2,6-dímetýlfenól, 2-ísóprópýlfenól, bensen-1,3-díól, α-fellandren, α-terpínen, γ-terpínen og *l*-límónen er ekki gerð krafa um fastsetningu hámarksinnihalds af öryggisaðstæðum. Til að auðvelda betra eftirlit ætti þó að tilgreina ráðlagt hámarksinnihald á merkimiðanum fyrir aukefnin. Þegar farið er yfir ráðlagt hámarksinnihald ætti að tilgreina tilteknar upplýsingar á merkimiða viðkomandi forblandna.

10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/245 til samræmis við það.

11) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu. Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingu á skilmálum fyrir leyfinu fyrir *d,l*-ísómentóni af öryggisástæðum þykir að auki rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla kröfurnar sem fylgja breytingunni.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/245

Í stað 3. til 5. liðar í dálkinum „Önnur ákvæði“ í færslunni fyrir *d,l*-ísómentón í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/245 kemur eftirfarandi:

„3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg fyrir allar dýrategundir“.

„4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.“

„5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fóðurefni og fóðurblöndur ef magn virks efni í heilfóðri með 12% rakainnihald fer yfir 5 mg/kg fyrir allar dýrategundir.“

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin úndek-10-enal, terpíneólasetat, *d,l*-borneól, *l*-karvón, *d*-kamfóra, *d,l*-ísóbornýlasetat, 3-própýlídenþalíð, fenýlediksýra, metýlsalisýlat, þýmól, karvakról, bensóþíasól, terpínólen, *d,l*-ísóborneól, *trans*-mentón, *d,l*-bornýlasetat, 3-bútýlídenþalíð, fenýlasetaldehýð, fenetýlasetat, fenetýlfenýlasetat, metýlfenýlasetat, etýlfenýlasetat, ísóbútýlfenýlasetat, 3-metýlbútýlfenýlasetat, 2-metoxýfenól, 2-metoxý-4-metýlfenól, 4-etýlgvækjakól, 2-metoxý-4-vínýlfenól, 4-etýlfenól, 2-metýlfenól, 4-metýlfenól, 2,6-dímetoxýfenól, fenól, 2,6-dímetýlfenól, 2-ísóprópýlfenól, bensen-1,3-díól, α-fellandren, α-terpínen, γ-terpínen og *l*-límónen, eins og þau voru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, og fóðuraukefnið *d,l*-ísómentón (kenninúmer: 2b07078), sem var leyft með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/245, og forblöndur sem innihalda þessi fóðuraukefni, sem eru framleidd og merkt fyrir 13. febrúar 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 13. ágúst 2024, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 13. ágúst 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 13. ágúst 2024, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 13. ágúst 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 13. ágúst 2024, má áfram setja á markað og nota þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b05035	Úndek-10-enal	*Samsetning aukefnis* Úndek-10-enal *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Úndek-10-enal Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 90% Efnaformúla: $C_{11}H_{20}O$ CAS-númer: 112-45-8 FLAVIS: 05.035 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina úndek-10-enal í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrateg-undir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblönd-unum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 5 mg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.	13.8.2034

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
							5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni								
2b09830	Terpíneólasetat	*Samsetning aukefnis* Terpíneólasetat *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Terpíneólasetat Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: að lágmarki 97% Efnaformúla: $C_{12}H_{20}O_2$ CAS-númer: 8007-35-0 FLAVIS: 09.830 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina terpíneólasetat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður: — Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.	Allar dýrateg-undir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblönd-unum skal tilgreina geymslu-skilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á hvert kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: 10 mg.“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar ef notkunarmagnið á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið.	13.8.2034

Kenninúmer fóður-aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
19) Uppfæra ætti framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB enn frekar til að taka inn nýjar kröfur sem endurspegla þróun á sviði vísinda- og tækniþekkingar með tilliti til framleiðslu á fjölgunarefni aldinplantna og aldinplöntum og á grundvelli mats Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu á ókvíuðum skaðvöldum. Sú uppfærsla ætti að ná yfir fyrirliggjandi heilbrigðiskröfur fyrir mismunandi flokka fjölgunarefnis og taka inn nýja ókvíaða skaðvalda, sem og ráðstafanir varðandi þessa ókvíuðu skaðvalda, og fella inn kröfur með tilliti til framleiðslustöðvarinnar, framleiðslustaðarins eða framleiðslusvæðisins, til að koma í veg fyrir að neinir skráðir ókvíaðir skaðvaldar séu til staðar á viðkomandi plöntum til plöntunar.

20) Þegar framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB var samþykkt var ekki gerður skýr greinarmunur á efni sem var fyrir hendi í framleiðslustöðvum og fjölgunarefni sem var ætlað til setningar á markað. Að því er varðar heilbrigðiskröfur fyrir hina mismunandi flokka fjölgunarefnis í framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB ætti að gera skýran greinarmun á heilbrigðiskröfum fyrir móðurplöntur og fjölgunarefni sem er til staðar í framleiðslustöðvum og fjölgunarefni sem er ætlað til setningar á markað. Fjölgunarefni sem er ætlað til setningar á markað ætti, við sjónræna skoðun, að vera laust við alla ókvíaða skaðvalda sem eru skráðir í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 fyrir viðkomandi ættkvíslir og tegundir sem málið varðar. Af þessum sökum miðast viðmiðunarmörkin í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 við það að engir ókvíaðir skaðvaldar séu leyfðir. Móðurplöntur og fjölgunarefni af stofnflokkum, vottuðum flokkum og CAC-flokkum (*Conformitas Agraria Communitatis*) sem eru til staðar í framleiðslustöðvum mega sýna einkenni tiltekinna ókvíaðra skaðvalda með því skilyrði að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar varðandi viðkomandi móðurplöntur og fjölgunarefni. Þessar ráðstafanir geta varðað að fjarlægja móðurplönturnar og fjölgunarefnið svo þau séu ekki nálægt öðru fjölgunarefni í sama flokki eða uppræta og, eftir því sem við á, farga viðkomandi efni.

21) Í 10., 16. og 21. gr. og í B-hluta I. viðauka við framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB er vísað til viðmiðunarmarka án tilvísana til þess um hvers konar efni þessi viðmiðunarmörk gilda. Fyrir skýrleika sakir inniheldur IV. viðauki við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 viðmiðunarmörk sem miðast við það að engir ókvíaðir skaðvaldar séu leyfðir á fjölgunarefni aldinplantna og aldinplöntum sem eru ætluð til setningar á markað. Uppfæra ætti 10., 16. og 21. gr. framkvæmdartilskipunar 2014/98/ESB til samræmis við þá nálgun og fella ætti brott viðmiðunarmörk fyrir ókvíaða skaðvalda í B-hluta I. viðauka.

22) Taka ætti nýja ókvíaða skaðvalda inn í I. og II. viðauka við framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB og í III. viðauka við hana ætti að uppfæra tiltekin heiti aldintegunda.

23) Enn fremur ætti að uppfæra kröfurnar sem settar eru fram í IV. viðauka við framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB að teknu tilliti til mats Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu.

24) Tilskipun þessi ætti að öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* til að lögbær yfirvöld og rekstraraðilar í starfsgreininni fái viðeigandi tíma til að undirbúa lögleiðingu hennar og beitingu.

25) Til að gefa lögbærum yfirvöldum og rekstraraðilum í starfsgreininni nauðsynlegan tíma til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar ætti hún að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2020.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 66/401/EBE

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 66/402/EBE

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

Breytingar á tilskipun 68/193/EBE

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 68/193/EBE er breytt eins og fram kemur í III. viðauka við þessa tilskipun.

4. gr.

Breytingar á tilskipun 93/49/EBE

Tilskipun 93/49/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„*3. gr.*

Fjölgunarefni skrautjurta skal, a.m.k. við sjónræna skoðun á framleiðslustað, vera nánast laust við alla þá skaðvalda sem eru skráðir í viðaukanum að því er varðar viðkomandi fjölgunarefni skrautjurta.

Tilvist ókvíaðra skaðvalda sem reglur hafa verið settar um (hér á eftir nefndir „ókvíaðir skaðvaldar“) á fjölgunarefni skrautjurta sem sett er á markað skal, a.m.k. við sjónræna skoðun, ekki fara yfir viðeigandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í viðaukanum.

Fjölgunarefni skrautjurta skal, a.m.k. við sjónræna skoðun, vera nánast laust við alla skaðvalda, aðra en skaðvaldana sem eru skráðir í viðaukanum að því er varðar tiltekið fjölgunarefni skrautjurta, sem draga úr nothæfi og gæðum þess efnis, eða við öll merki um þá eða einkenni þeirra.

Efnið skal einnig vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins, kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis og ókvíaða skaðvalda sem kveðið er á um í framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031 (*), sem og ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB (Stjtíð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4).“

2) Ákvæði 3. gr. a fellur brott.

3) Í stað viðaukans kemur textinn í IV. viðauka við þessa tilskipun.

5. gr.

Breytingar á tilskipun 93/61/EBE

Tilskipun 93/61/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„*3. gr.*

Fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis skal, a.m.k. við sjónræna skoðun á framleiðslustað, vera nánast laust við alla skaðvalda sem eru skráðir í viðaukanum að því er varðar viðkomandi fjölgunar- og plöntunarefni.

Tilvist ókvíaðra skaðvalda sem reglur hafa verið settar um (hér á eftir nefndir „ókvíaðir skaðvaldar“) á fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis sem sett er á markað skal, a.m.k. við sjónræna skoðun, ekki fara yfir viðeigandi viðmiðunarmörk sem sett eru fram í viðaukanum.

Fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis skal við sjónræna skoðun vera nánast laust við alla skaðvalda, aðra en skaðvaldana sem eru skráðir í viðaukanum að því er varðar viðkomandi fjölgunar- og plöntunarefni, sem draga úr nothæfi og gæðum fjölgunar- og plöntunarefnis grænmetis.

Fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis skal einnig vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins, kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis og ókvíaða skaðvalda sem reglur hafa verið settar um, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/2031 (*) og í framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt þeirri reglugerð, þ.m.t. ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB (Stjtíð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4).“

2) Í stað viðaukans kemur textinn í V. viðauka við þessa tilskipun.

6. gr.

Breyting á tilskipun 2002/55/EB

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2002/55/EB er breytt eins og fram kemur í VI. viðauka við þessa tilskipun.

7. gr.

Breyting á tilskipun 2002/56/EB

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2002/56/EB kemur textinn í VII. viðauka við þessa tilskipun.

8. gr.

Breyting á tilskipun 2002/57/EB

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB er breytt eins og fram kemur í VIII. viðauka við þessa tilskipun.

9. gr.

Breyting á framkvæmdartilskipun 2014/21/ESB

Framkvæmdartilskipun 2014/21/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Lágmarksskilyrði fyrir forstofnútsæði

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að forstofnútsæði uppfylli eftirfarandi lágmarksskilyrði:

a) það er komið af móðurplöntum sem eru lausar við eftirfarandi skaðvalda: *Pectobacterium* spp., *Dickeya* spp., *Candidatus* Liberibacter *solanacearum*, *Candidatus* Phytoplasma *solani*, spóluhnýðissýki, Potato leaf roll virus, kartöfluveiru A, kartöfluveiru M, kartöfluveiru S, kartöfluveiru X, og kartöfluveiru Y,

b) fjöldi plantna í ræktun sem er ekki af réttu yrki og fjöldi plantna af mismunandi yrki skal samanlagt ekki vera yfir 0,01%,

c) hámarksfjöldi kynslóða á hverjum akri skal vera fjórar,

d) ókvíaðir skaðvaldar, eða einkenni af völdum viðkomandi ókvíaðra skaðvalda, skulu ekki vera til staðar í forstofnútsæði yfir viðmiðunarmörkum eins og sett er fram í eftirfarandi töflu:

Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Viðmiðunarmörk fyrir tilvist ókvíaðra skaðvalda á plöntum í ræktun fyrir forstofnútsæði
Stöngulveiki (Blackleg) (*Dickeya* Samson *et al*. spp. [1DICKG]; *Pectobacterium* Waldee emend. Hauben *et al*. spp. [1PECBG])	0%
Candidatus Liberibacter *solanacearum* Liefting *et al*. [LIBEPS]	0%
Candidatus Phytoplasma *solani* Quaglino *et al*. [PHYPSO]	0%
Mósaíkeinkenni af völdum veira og einkenni af völdum Potato leaf roll virus [PLRV00]	0,1%
Spóluhnýðissýki [PSTVD0]	0%

Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Viðmiðunarmörk fyrir tilvist ókvíaðra skaðvalda á beinum afkvæmum forstofnútsæðis
Einkenni veirusýkingar	0,5%

2. Aðildarríki skulu kveða á um að setja megi forstofnútsæði á markað sem „ESB-flokkur PTBC“ og „ESB-flokkur PB“ í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum.

3. Samræmi við kröfurnar í b- og d-lið 1. mgr. skal staðfest með opinberri akurskoðun. Í vafatilvikum skal bæta opinberum prófunum á laufblöðum við þessar skoðanir.

Ef aðferðir með örfjölgun (e. *micro-propagation*) eru notaðar skal staðfesta samræmi við a-lið 1. mgr. með opinberri prófun, eða prófun undir opinberu eftirliti, á móðurplöntunni.

Ef aðferðir með einræktarvali eru notaðar skal staðfesta samræmi við a-lið 1. mgr. með opinberri prófun, eða prófun undir opinberu eftirliti, á einræktarstofninum (e. *clonal stock*).“

2) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Lágmarksskilyrði fyrir framleiðslulotur forstofnútsæðis

Aðildarríki skulu sjá til þess að framleiðslulotur forstofnútsæðis uppfylli eftirfarandi lágmarksskilyrði:

a) jarðvegur og aðskotaefni skulu ekki vera fyrir hendi yfir 1,0% miðað við massa,

b) kartöflur sem eru smitaðar af roti, öðru en hringroti eða brúnfúa, skulu ekki vera til staðar í magni sem fer yfir 0,2% miðað við massa,

c) fjöldi kartaflna með ytri útlitsgalla, þ.m.t. afmynduð eða sködduð hnýði, skal ekki vera yfir 3,0% miðað við massa,

d) fjöldi kartaflna sem er smitaður af flatkláða sem þekur meira en þriðjung af yfirborði þeirra skal ekki fara yfir 5,0% miðað við massa,

e) skrælnuð hnýði vegna mikillar ofþornunar eða ofþornunar af völdum silver scurf skulu ekki vera yfir 0,5% miðað við massa,

f) framleiðslulotur forstofnútsæðis skulu uppfylla eftirfarandi kröfur varðandi tilvist ókvíaðra skaðvalda eða sjúkdóma af völdum viðkomandi ókvíaðra skaðvalda eins og sett er fram í töflunni:

Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Viðmiðunarmörk fyrir tilvist ókvíaðra skaðvalda í framleiðslulotum forstofnútsæðis
Candidatus Liberibacter *solanacearum* Liefting *et al*. [LIBEPS]	0%
Ditylenchus destructor Thorne [DITYDE]	0%
Black scurf, sem hefur áhrif á meira en 10% af yfirborði hnýðisins, af völdum *Thanatephorus cucumeris* (A.B. Frank) Donk [RHIZSO]	1,0%
Powdery scab, sem hefur áhrif á meira en 10% af yfirborði hnýðisins, af völdum *Spongospora subterranea* (Wallr.) Lagerh. [SPONSU]	1,0%

g) heildarfjöldi kartaflna, eins og um getur í b- til f-lið, skal ekki vera yfir 6,0% miðað við massa.“

3) Viðaukanum er skipt út eins og fram kemur í IX. viðauka við þessa tilskipun.

10. gr.

Breyting á framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB

Framkvæmdartilskipun 2014/98/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Heilbrigðiskröfur fyrir forstofnmóðurplöntur og forstofngrundvallarefni

1. Forstofnmóðurplöntur eða forstofngrundvallarefni skal, við sjónræna skoðun í starfsstöðvum, á ökrum og fram leiðslulotum, vera laust við ókvíaða skaðvalda sem reglur hafa verið settar um (hér á eftir nefndir „ókvíaðir skaðvaldar“) sem eru skráðir í I. og II. viðauka og falla undir kröfurnar í IV. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund. Ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn skal framkvæma þessa sjónrænu skoðun.

Ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn skal framkvæma sýnatöku og prófun á forstofnmóðurplöntunni eða forstofngrundvallarefninu fyrir sóttkvíuðu skaðvöldunum sem eru skráðir í II. viðauka og falla undir kröfurnar í IV. viðauka með tilliti til viðkomandi ættkvíslar eða tegundar og flokks.

Ef vafi leikur á um tilvist ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í I. viðauka skal ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn framkvæma sýnatöku og prófun á viðkomandi forstofnmóðurplöntu eða forstofngrundvallarefni.

2. Að því er varðar sýnatöku og prófun eins og kveðið er á um í 1. mgr. skulu aðildarríki nota aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar alþjóðlega viðurkenndar aðferðarlýsingar. Ef slíkar aðferðarlýsingar eru ekki fyrir hendi skal ábyrgur opinber aðili nota viðeigandi aðferðarlýsingar sem eru teknar saman á landsvísu. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríki, sé þess óskað, gera þessar aðferðarlýsingar aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

Ábyrgur opinber aðili og, ef við á, birgirinn skal senda sýnin til rannsóknarstofa sem ábyrgi opinberi aðilinn hefur opinberlega samþykkt.

3. Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun fyrir einhverjum af ókvíuðu skaðvöldunum, sem eru skráðir í I. og II. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund, skal birgirinn fjarlægja smituðu forstofnmóðurplöntuna eða forstofngrundvallarefnið úr næsta nágrenni við aðrar forstofnmóðurplöntur og annað forstofngrundvallarefni skv. 3. mgr. 3. gr. eða 3. mgr. 4. gr. eða gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt IV. viðauka.

4. Ráðstafanir til að tryggja samræmi við kröfurnar í 1. mgr. eru settar fram í IV. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund og flokk.

5. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um forstofnmóðurplöntur og forstofngrundvallarefni meðan á frostgeymslu stendur.“

2) Í stað fyrirsagnar 11. gr. kemur eftirfarandi:

„Kröfur um jarðveg fyrir forstofnmóðurplöntur og forstofngrundvallarefni“

3) Í stað 16. gr. kemur eftirfarandi:

„16. gr.

Heilbrigðiskröfur fyrir stofnmóðurplöntur og grundvallarefni

1. Stofnmóðurplanta eða grundvallarefni skal, við sjónræna skoðun á starfsstöðvum, ökrum og framleiðslulotum, vera laust við ókvíaða skaðvalda sem eru skráðir í I. og II. viðauka og falla undir kröfurnar í IV. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund. Ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn skal framkvæma þessa sjónrænu skoðun.

Ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn skal framkvæma sýnatöku og prófun á stofnmóðurplöntunni eða grundvallarefninu fyrir sóttkvíuðu skaðvöldunum sem eru skráðir í II. viðauka og falla undir kröfurnar í IV. viðauka með tilliti til viðkomandi ættkvíslar eða tegundar og flokks.

Ef vafi leikur á um tilvist ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í I. viðauka skal ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn framkvæma sýnatöku og prófun á viðkomandi stofnmóðurplöntu eða grundvallarefni.

2. Að því er varðar sýnatöku og prófun eins og kveðið er á um í 1. mgr. skulu aðildarríki nota aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar alþjóðlega viðurkenndar aðferðarlýsingar. Ef slíkar aðferðarlýsingar eru ekki fyrir hendi skal ábyrgur opinber aðili nota viðeigandi aðferðarlýsingar sem eru teknar saman á landsvísu. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríki, sé þess óskað, gera þessar aðferðarlýsingar aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

Ábyrgur opinber aðili og, ef við á, birgirinn skal senda sýnin til rannsóknarstofa sem ábyrgi opinberi aðilinn hefur opinberlega samþykkt.

3. Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun fyrir einhverjum af ókvíuðu skaðvöldunum, sem eru skráðir í I. og II. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund, skal birgirinn fjarlægja smituðu stofnmóðurplöntuna eða grundvallarefnið úr næsta nágrenni við aðrar stofnmóðurplöntur og annað grundvallarefni skv. 7. mgr. 15. gr. eða 8. mgr. 15. gr. eða gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt IV. viðauka.

4. Ráðstafanir til að tryggja samræmi við kröfurnar í 1. mgr. eru settar fram í IV. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund og flokk.

5. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um stofnmóðurplöntur og grundvallarefni meðan á frostgeymslu stendur.“

4) Í stað fyrirsagnar 17. gr. kemur eftirfarandi:

„Kröfur um jarðveg fyrir stofnmóðurplöntur og grundvallarefni“

5) Í stað 21. gr. kemur eftirfarandi:

„21. gr.

Heilbrigðiskröfur fyrir vottaðar móðurplöntur og vottað efni

1. Vottuð móðurplanta eða vottað efni skal, við sjónræna skoðun á starfsstöðvum, ökrum og framleiðslulotum, vera laust við ókvíaða skaðvalda sem eru skráðir í I. og II. viðauka og falla undir kröfurnar í IV. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund. Ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn skal framkvæma þessa sjónrænu skoðun.

Ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn skal framkvæma sýnatöku og prófun á vottuðu móðurplöntunni eða vottaða efninu fyrir ókvíuðu skaðvöldunum sem eru skráðir í II. viðauka og falla undir kröfurnar í IV. viðauka með tilliti til viðkomandi ættkvíslar eða tegundar og flokks.

Ef vafi leikur á um tilvist ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í I. viðauka skal ábyrgur opinber aðili og, eftir því sem við á, birgirinn framkvæma sýnatöku og prófun á viðkomandi vottaðri móðurplöntu eða vottuðu efni.

2. Að því er varðar sýnatöku og prófun eins og kveðið er á um í 1. mgr. skulu aðildarríki nota aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar alþjóðlega viðurkenndar aðferðarlýsingar. Ef slíkar aðferðarlýsingar eru ekki fyrir hendi skal ábyrgur opinber aðili nota viðeigandi aðferðarlýsingar sem eru teknar saman á landsvísu. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríki, sé þess óskað, gera þessar aðferðarlýsingar aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

Ábyrgur opinber aðili og, ef við á, birgirinn skal senda sýnin til rannsóknarstofa sem ábyrgi opinberi aðilinn hefur opinberlega samþykkt.

3. Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun fyrir einhverjum af ókvíuðu skaðvöldunum, sem eru skráðir í I. og II. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund, skal birgirinn fjarlægja smituðu, vottuðu móðurplöntuna eða vottaða efnið úr næsta nágrenni við aðrar vottaðar móðurplöntur og annað vottað efni skv. 7. mgr. 20. gr. eða 8. mgr. 20. gr. eða gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt IV. viðauka.

4. Ráðstafanir til að tryggja samræmi við kröfurnar í 1. mgr. eru settar fram í IV. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund og flokk.

5. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um vottaðar móðurplöntur og vottað efni meðan á frostgeymslu stendur.“

6) Í stað fyrirsagnar 22. gr. kemur eftirfarandi:

„Kröfur um jarðveg fyrir vottaðar móðurplöntur og vottað efni“

7) Í stað þriðju undirgreinar 2. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„Ef um er að ræða vottaðar aldinplöntur skal ekki framkvæma sýnatöku og prófun nema annað sé tekið fram.“

8) Í stað 26. gr. kemur eftirfarandi:

„26. gr.

Heilbrigðiskröfur fyrir CAC-efni

1. CAC-efni skal, við sjónræna skoðun birgisins á starfsstöðvum, ökrum og framleiðslulotum á framleiðslustigi, vera nánast laust við þá skaðvalda sem eru skráðir í I. og II. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund nema annað sé tekið fram í IV. viðauka.

Birgirinn skal framkvæma sýnatöku og prófun á auðkenndum uppruna efnis eða CAC-efnis fyrir ókvíuðu skaðvöldunum sem eru skráðir í II. viðauka og falla undir kröfurnar í IV. viðauka með tilliti til viðkomandi ættkvíslar eða tegundar og flokks.

Ef vafi leikur á um tilvist ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í I. viðauka skal birgirinn framkvæma sýnatöku og prófun á viðkomandi auðkenndum uppruna efnis eða CAC-efnis.

CAC-fjölgunarefni og CAC-aldinplöntur í framleiðslulotum skal, að framleiðslustigi loknu, einungis sett á markað ef það er, við sjónræna skoðun birgisins, laust við merki eða einkenni um skaðvaldanna sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

Birgirinn skal gera ráðstafanir til að tryggja samræmi við kröfurnar í 1. mgr. samkvæmt IV. viðauka að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund og flokk.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um CAC-efni meðan á frostgeymslu stendur.“

9) Eftirfarandi 27. gr. a er bætt við:

„27. gr. a

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Til viðbótar við kröfurnar um heilbrigði og jarðveg í 9., 10., 11., 16., 17., 21., 22. og 26. gr. skulu fjölgunarefni og aldinplöntur framleidd í samræmi við kröfurnar um framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði sem mælt er fyrir um í IV. viðauka til að takmarka tilvist ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í þann viðauka fyrir viðkomandi ættkvísl eða tegund.“

10) Í stað I. til IV. viðauka kemur textinn í X. viðauka við þessa tilskipun.

11. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 66/401/EBE

Tilskipun 66/401/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað 5. liðar I. viðauka kemur eftirfarandi:

„Nytjaplantan skal vera nánast laus við alla skaðvalda sem draga úr nothæfi og gæðum fræsins.

Nytjaplantan skal einnig vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins, kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis og ókvíaða skaðvalda sem reglur hafa verið settar um (hér á eftir nefndir „ókvíaðir skaðvaldar“) sem kveðið er á um í framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031 (*), sem og ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

Tilvist ókvíaðra skaðvalda á nytjaplöntum og viðkomandi flokkar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur eins og sett er fram í töflunni:

Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Plöntur til plöntunar (ættkvísl eða tegund)	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu forstofnfræs	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu stofnfræs	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu vottaðs fræs
Clavibacter michiganensis ssp. *insidiosus* (McCulloch 1925) Davis *et al.* [CORBIN]	*Medicago sativa* L.	0%	0%	0%
Ditylenchus dipsaci (Kuehn) Filipjev [DITYDI]	*Medicago sativa* L.	0%	0%	0%

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB (Stjtíð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4).“

2) Í stað 3. liðar I. liðar í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Fræið skal vera nánast laust við alla skaðvalda sem draga úr nothæfi og gæðum fræsins.

Fræið skal einnig vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins, kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis og ókvíaða skaðvalda sem kveðið er á um í framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031, þ.m.t. ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

Tilvist ókvíaðra skaðvalda á fræi og viðkomandi flokkar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur eins og sett er fram í töflunni:

Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Plöntur til plöntunar (ættkvísl eða tegund)	Viðmiðunarmörk fyrir forstofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir stofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir vottað fræ
Clavibacter michiganensis ssp. *insidiosus* (McCulloch 1925) Davis *et al.* [CORBIN]	*Medicago sativa* L.	0%	0%	0%
Ditylenchus dipsaci (Kuehn) Filipjev [DITYDI]	*Medicago sativa* L.	0%	0%	0%“

II. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 66/402/EBE

Tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað A-liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„A. ***Oryza sativa***:

Fjöldi plantna sem eru greinilega villtar eða plantna með rauð korn skal ekki vera yfir:

— 0 fyrir framleiðslu stofnfræs,

— 1 á hverja 100 m^2 fyrir framleiðslu vottaðs fræs af fyrstu og annarri kynslóð.“

b) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6. Nytjaplantan skal vera nánast laus við alla skaðvalda sem draga úr nothæfi og gæðum fræsins.

Nytjaplantan skal einnig vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins, kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis og ókvíaða skaðvalda sem reglur hafa verið settar um (hér á eftir nefndir „ókvíaðir skaðvaldar“) sem kveðið er á um í framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031 (*), sem og ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

Tilvist ókvíaðra skaðvalda á nytjaplöntum skal uppfylla eftirfarandi kröfur eins og sett er fram í töflunni:

Sveppir og eggsveppir				
Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Plöntur til plöntunar (ættkvísl eða tegund)	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu forstofnfræs	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu stofnfræs	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu vottaðs fræs
Gibberella fujikuroi Sawada [GIBBFU]	*Oryza sativa* L.	Ekki fleiri en 2 plöntur með einkenni á hverja 200m^2 sjást við akurskoðun á viðeigandi tímabili á dæmigerðu sýni af plöntum í hverri ræktun.	Ekki fleiri en 2 plöntur með einkenni á hverja 200m^2 sjást við akurskoðun á viðeigandi tímabili á dæmigerðu sýni af plöntum í hverri ræktun.	Vottað fræ af fyrstu kynslóð (C1): Ekki fleiri en 4 plöntur með einkenni á hverja 200m^2 sjást við akurskoðun á viðeigandi tímabili á dæmigerðu sýni af plöntum í hverri ræktun. Vottað fræ af annarri kynslóð (C2): Ekki fleiri en 8 plöntur með einkenni á hverja 200m^2 sjást við akurskoðun á viðeigandi tímabili á dæmigerðu sýni af plöntum í hverri ræktun.

Þráðormar				
Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Plöntur til plöntunar (ættkvísl eða tegund)	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu forstofnfræs	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu stofnfræs	Viðmiðunarmörk fyrir framleiðslu vottaðs fræs
Aphelenchoides besseyi Christie [APLOBE]	*Oryza sativa* L.	0%	0%	0%

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 frá 26. október 2016 um verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 228/2013, (ESB) nr. 652/2014 og (ESB) nr. 1143/2014 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 69/464/EBE, 74/647/EBE, 93/85/EBE, 98/57/EB, 2000/29/EB, 2006/91/EB og 2007/33/EB (Stjtíð. ESB L 317, 23.11.2016, bls. 4).“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Fræið skal vera nánast laust við alla skaðvalda sem draga úr nothæfi og gæðum fræsins.

Fræið skal einnig vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins, kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis og ókvíaða skaðvalda sem kveðið er á um í framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031, þ.m.t. ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

Tilvist ókvíaðra skaðvalda á fræi og viðkomandi flokkar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur eins og sett er fram í töflunni:

Þráðormar				
Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Plöntur til plöntunar (ættkvísl eða tegund)	Viðmiðunarmörk fyrir forstofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir stofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir vottað fræ
Aphelenchoides besseyi Christie [APLOBE]	*Oryza sativa* L.	0%	0%	0%
Sveppir				
Gibberella fujikuroi Sawada [GIBBFU]	*Oryza sativa* L.	Nánast lausir við	Nánast lausir við	Nánast lausir við“

b) Eftirfarandi 4. lið er bætt við:

„4. Tilvist sveppa á fræi og viðkomandi flokkar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur eins og sett er fram í töflunni:

Flokkur	Hámarksfjöldi sveppa, s.s. drjóla eða grasdrjólasveppa, í sýni af þeirri þyngd sem er tilgreind í 3. dálki III. viðauka
Kornvörur aðrar en blendingar af tegundinni *Secale cereale*:	
— Stofnfræ	1
— Vottað fræ	3
Blendingar af tegundinni Secale cereale L.	
— Stofnfræ	1
— Vottað fræ	4 (*)

(*) Ef sýni af tilgreindri þyngd inniheldur fimm sveppi, s.s. drjóla eða drjólabrot, eða grasdrjólasveppi skal það teljast vera í samræmi við kröfur ef annað sýni af sömu þyngd inniheldur ekki fleiri en fjóra sveppi.”

III. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 68/193/EBE

Tilskipun 68/193/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað I. viðauka kemur eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM VARÐA NYTJAPLÖNTUR Í RÆKTUN

1. þáttur: Ósvikni, hreinleiki og ræktunarskilyrði

1. Nytjaplöntur í ræktun skulu vera ósviknar og hreinar með tilliti til yrkis og, eftir atvikum, klóns.

2. Ræktunarskilyrði og vaxtarstig nytjaplantna í ræktun skal vera þannig að hægt sé að athuga á fullnægjandi hátt ósvikni og hreinleika nytjaplantna í ræktun með tilliti til yrkis og, ef nauðsyn krefur, klóns, sem og heilbrigðisástand þeirra.

2. þáttur: Heilbrigðiskröfur fyrir ræktunarstöðvar sem eru ætlaðar til framleiðslu á öllum flokkum fjölgunarefnis og fyrir gróðrarstöðvar fyrir alla flokka

1. Þessi þáttur skal gilda um ræktunarstöðvar sem eru ætlaðar til framleiðslu á öllum flokkum fjölgunarefnis og fyrir gróðrarstöðvar fyrir alla þessa flokka.

2. Ræktunarstöðvar og gróðrarstöðvar skulu, við sjónræna skoðun, vera lausar við ókvíaða skaðvalda sem reglur hafa verið settar um (hér á eftir nefndir „ókvíaðir skaðvaldar“) sem eru skráðir í 6. og 7. þætti að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund.

   Taka skal og prófa sýni í ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum fyrir þeim ókvíuðu skaðvöldum sem eru skráðir í 7. þætti að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund. Ef vafi leikur á um tilvist ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í 6. og 7 þætti að því er varðar viðkomandi ættkvísl eða tegund skal taka sýni í ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum og prófa þau.

3. Sjónræn skoðun og, eftir því sem við á, sýnataka og prófun í viðkomandi ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum skulu fara fram skv. 8. þætti.

4. Sýnataka og prófun, eins og kveðið er á um í 2. lið, skulu fara fram á því tímabili ársins sem á best við með tilliti til veðurfarsskilyrða og vaxtarskilyrða vínviðarins og líffræði ókvíaðra skaðvalda sem skipta máli fyrir þann vínvið.

   Að því er varðar sýnatöku og prófun skulu aðildarríki nota aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar. Ef slíkar aðferðarlýsingar eru ekki fyrir hendi skal nota viðeigandi aðferðarlýsingar sem eru teknar saman á landsvísu. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríki, sé þess óskað, gera þessar aðferðarlýsingar aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

   Að því er varðar sýnatöku og prófun á vínvið í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á upphafsfjölgunarefni (e. *initial propagating material*) skulu aðildarríki nota líffræðilegar skráningaraðferðir fyrir vísiplöntur til að meta hvort veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur eru til staðar eða aðrar jafngildar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar.

3. þáttur: Kröfur um jarðveg og framleiðsluskilyrði fyrir ræktunarstöðvar sem eru ætlaðar til framleiðslu á öllum flokkum fjölgunarefnis og fyrir gróðrarstöðvar fyrir alla flokka fjölgunarefnis

1. Vínvið í ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum má einungis planta í jarðveg eða, eftir því sem við á, í potta með ræktunarefni, sem eru lausir við alla skaðvalda sem gætu hýst veirurnar sem eru skráðar í 7. þætti. Staðfesta skal með sýnatöku og prófun að slíkir skaðvaldar séu ekki til staðar.

Sýnatakan og prófunin skulu fara fram með tilliti til veðurfarsskilyrða og líffræði skaðvaldanna sem kunna að hýsa veirurnar sem eru skráðar í 7. þætti.

2. Sýnataka og prófun skulu ekki fara fram ef opinber eftirlitsaðili kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli opinberrar skoðunar, að jarðvegurinn sé laus við alla skaðvalda sem gætu hýst veirurnar sem eru skráðar í 7. þætti.

   Sýnataka og prófun skulu heldur ekki fara fram ef vínviður hefur ekki verið ræktaður í framleiðslujarðveginum í a.m.k. fimm ár og enginn vafi leikur á því að í jarðveginum eru engir skaðvaldar sem gætu hýst veirurnar sem eru skráðar í 7. þætti.

3. Að því er varðar sýnatöku og prófun skulu aðildarríki nota aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar. Ef slíkar aðferðarlýsingar eru ekki fyrir hendi skulu aðildarríki nota viðeigandi aðferðarlýsingar sem eru teknar saman á landsvísu. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríki, sé þess óskað, gera þessar aðferðarlýsingar aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

4. þáttur: Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

1. Ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum skal komið á fót við viðeigandi skilyrði til að koma í veg fyrir alla hættu á smitun af völdum skaðvalda sem gætu hýst veirurnar sem eru skráðar í 7. þætti.

2. Ekki skal koma gróðrarstöðvum á fót innan vínekru eða ræktunarstöðvar. Lágmarksfjarlægð frá vínekru eða ræktunarstöð skal vera þrír metrar.

3. Til viðbótar við kröfurnar um heilbrigði og jarðveg, og framleiðsluskilyrðin í 2. og 3. þætti, skal fjölgunarefni framleitt í samræmi við kröfurnar um framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði sem mælt er fyrir um í 8. þætti til að takmarka tilvist skaðvaldanna sem eru skráðir í þeim þætti.

5. þáttur: Opinberar skoðanir

1. Við árlegar opinberar skoðanir á ræktun skal staðfest að fjölgunarefni sem er framleitt í ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum uppfylli kröfurnar í 2. til 4. þætti.

2. Opinber eftirlitsaðili skal framkvæma þessar opinberu skoðanir í samræmi við 8. þátt.

3. Frekari opinberar skoðanir á ræktun skulu fara fram í tilvikum þar sem deilt er um atriði sem hægt er að taka ákvörðun um án þess að hafa áhrif á gæði fjölgunarefnisins.

6. þáttur: Skrá yfir ókvíaða skaðvalda sem skylt er að kanna hvort eru til staðar með sjónrænni skoðun og, ef vafi leikur á um það, með sýnatöku og prófun skv. 2. lið 2. þáttar

Ættkvísl eða tegund fjölgunarefnis vínviðar, annað en fræ	Ókvíaðir skaðvaldar
***Vitis vinifera* L. sem er ekki ágrætt**	**Skordýr og mítlar** *Viteus vitifoliae* Fitch [VITEVI]
***Vitis* L., annað en *Vitis vinifera* L. sem er ekki ágrætt**	**Skordýr og mítlar** *Viteus vitifoliae* Fitch [VITEVI]
***Vitis* L.**	**Bakteríur** *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* [XANTAM]
***Vitis* L.**	**Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur** *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.* [PHYPSO]

7. þáttur: Skrá yfir ókvíaða skaðvalda sem skylt er að kanna hvort eru til staðar með sjónrænni skoðun og, í tilteknum tilvikum, með sýnatöku og prófun skv. 2. lið 2. þáttar og 8. þætti

Ættkvísl eða tegund	Ókvíaðir skaðvaldar
***Vitis* L. fjölgunarefni annað en fræ**	**Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur** *Arabis* mosaic virus [ARMV00] Grapevine fanleaf virus [GFLV00] Grapevine leafroll associated virus 1 [GLRAV1] Grapevine leafroll associated virus 3 [GLRAV3]
Grunnstofnar *Vitis* spp. og blendingar þeirra, að undanskildum *Vitis vinifera* L.	**Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur** *Arabis* mosaic virus [ARMV00] Grapevine fanleaf virus [GFLV00] Grapevine leafroll associated virus 1 [GLRAV1] Grapevine leafroll associated virus 3 [GLRAV3] Grapevine fleck virus [GFKV00]

8. þáttur: Kröfur sem varða ráðstafanir vegna ræktunarstöðva fyrir *Vitis* L. og, eftir atvikum, gróðrarstöðva eftir flokkum skv. 2. lið 2. þáttar

***Vitis* L.**

1. **Upphafsfjölgunarefni, grunnefni til fjölgunar og vottað efni**

Sjónrænar skoðanir

Opinber eftirlitsaðili skal framkvæma sjónrænar skoðanir í ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum a.m.k. einu sinni á hverju ræktunartímabili með tilliti til allra ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í 6. og 7. þætti.

2. **Upphafsfjölgunarefni**

Sýnataka og prófun

Taka skal sýni úr öllum vínvið í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á upphafsfjölgunarefni, og prófa til að athuga hvort *Arabis* mosaic virus, Grapevine fanleaf virus, Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3 eru til staðar. Þessi sýnataka og prófun skal síðan endurtekin með fimm ára millibili.

Í ræktunarstöðvum sem eru ætlaðar til framleiðslu á grunnstofnum skal, auk sýnatöku og prófunar fyrir veirunum sem um getur í fyrsta undirlið, taka sýni og prófa þau einu sinni fyrir Grapevine fleck-veirunni.

Niðurstöður úr sýnatöku og prófun skulu liggja fyrir áður en viðkomandi ræktunarstöðvar eru samþykktar

3. **Grunnefni til fjölgunar**

Sýnataka og prófun

Taka skal sýni úr öllum vínvið í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á grunnefni til fjölgunar, og prófa til að athuga hvort *Arabis* mosaic virus, Grapevine fanleaf virus, Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3 eru til staðar.

Sýnataka og prófun skulu hefjast þegar ræktunarstöðvar eru orðnar sex ára gamlar og skulu eftir það gerðar með sex ára millibili.

Niðurstöður úr sýnatöku og prófun skulu liggja fyrir áður en viðkomandi ræktunarstöðvar eru samþykktar

4. **Vottað efni**

Sýnataka og prófun

Taka skal sýni úr dæmigerðu hlutfalli vínviðarplantna í ræktunarstöðvum sem eru ætlaðar til framleiðslu á vottuðu efni og prófa til að athuga hvort *Arabis* mosaic virus, Grapevine fanleaf virus, Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3 eru til staðar.

Sýnataka og prófun skulu hefjast þegar ræktunarstöðvar eru orðnar tíu ára gamlar og skulu eftir það gerðar með tíu ára millibili.

Niðurstöður úr sýnatöku og prófun skulu liggja fyrir áður en viðkomandi ræktunarstöðvar eru samþykktar

5. **Upphafsfjölgunarefni, grunnefni til fjölgunar og vottað efni**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði og samkvæmt viðkomandi ókvíuðum skaðvöldum

a) ***Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.***

i. Vínviður skal framleiddur á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al. eða*

ii. engin einkenni *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.* komu fram á vínvið í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu eða

iii. eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt að því er varðar tilvist *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.*:

— allur vínviður í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á upphafsfjölgunarefni og grunnefni til fjölgunar, sem sýnir einkenni *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.* hefur verið upprættur og

— allur vínviður í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á vottuðu efni, sem sýnir einkenni *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.*, hefur a.m.k. verið útilokaður frá fjölgun og

— í tilvikum þar sem fjölgunarefni sem ætlunin er að setja á markað sýnir einkenni *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.* skal meðhöndla alla framleiðslulotu efnisins með heitu vatni, eða annarri viðeigandi meðhöndlun í samræmi við aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar, til að tryggja að það sé laust við *Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.*

b) ***Xylophilus ampelinus* Willems *et al.***

i. Vínviður skal framleiddur á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* eða

ii. engin einkenni *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* komu fram á vínvið í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu eða

iii. eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt að því er varðar tilvist *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.*:

— allur vínviður í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á upphafsfjölgunarefni, grunnefni til fjölgunar og vottuðu efni, sem sýnir einkenni *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* hefur verið upprættur og gera skal viðeigandi hreinlætisráðstafanir og

— vínviður í framleiðslustöðinni sem sýnir einkenni *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* skal meðhöndlaður með bakteríueyði eftir kvistun til að tryggja að hann sé laus við *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* og

— í tilvikum þar sem fjölgunarefni sem ætlunin er að setja á markað sýnir einkenni *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* skal meðhöndla alla framleiðslulotu efnisins með heitu vatni, eða annarri viðeigandi meðhöndlun í samræmi við aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar, til að tryggja að það sé laust við *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.*

c) ***Arabis* mosaic virus, Grapevine fanleaf virus, Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3**

i. Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt að því er varðar tilvist *Arabis* mosaic virus, Grapevine fanleaf virus, Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3:

— engin einkenni þessara veira hafa komið fram á vínvið í ræktunarstöðvum sem eru ætlaðar til framleiðslu á upphafsfjölgunarefni og grunnefni til fjölgunar og

— einkenni þessara veira komu fram á að hámarki 5% af vínvið í ræktunarstöðvum sem eru ætlaðar til framleiðslu á vottuðu efni og þessi vínviður var upprættur og honum fargað eða

ii. allur vínviður í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á upphafsfjölgunarefni, og frumfjölgunarefni, skal alltaf vera í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum til að tryggja að hann sé laus við Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3.

d) ***Viteus vitifoliae* Fitch**

i. Vínviður skal framleiddur á svæðum sem vitað er að eru laus við *Viteus vitifoliae* Fitch eða

ii. vínviður skal græddur á grunnstofna sem eru ónæmir fyrir *Viteus vitifoliae* Fitch eða

— allur vínviður í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á upphafsfjölgunarefni, og allt frumfjölgunarefni skulu alltaf vera í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum og engin einkenni *Viteus vitifoliae* Fitch hafa komið fram á þessum vínvið á síðasta heila ræktunartímabilinu og

— í tilvikum þar sem fjölgunarefni sem ætlunin er að setja á markað sýnir einkenni *Viteus vitifoliae Fitch* skal meðhöndla alla framleiðslulotu efnisins með svælingu, heitu vatni eða annarri viðeigandi meðhöndlun í samræmi við aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar til að tryggja að það sé laust við *Viteus vitifoliae Fitch*.

6. **Staðlað efni**

Sjónrænar skoðanir

Opinber eftirlitsaðili skal framkvæma sjónrænar skoðanir í ræktunarstöðvum og gróðrarstöðvum a.m.k. einu sinni á hverju ræktunartímabili með tilliti til allra ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í 6. og 7. þætti.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði og samkvæmt viðkomandi ókvíuðum skaðvöldum

a) ***Candidatus* Phytoplasma *solani* Quaglino *et al.***

i. Vínviður skal framleiddur á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma solani Quaglino *et al. eða*

ii. engin einkenni Candidatus Phytoplasma solani Quaglino et al. komu fram á vínvið í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu eða

iii. — allur vínviður í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á stöðluðu efni, sem sýnir einkenni *Candidatus* Phytoplasma *solani Quaglino et al.* hefur a.m.k. verið útilokaður frá fjölgun og

— í tilvikum þar sem fjölgunarefni sem ætlunin er að setja á markað sýnir einkenni *Candidatus* Phytoplasma solani Quaglino *et al.* skal meðhöndla alla framleiðslulotu efnisins með heitu vatni, eða annarri viðeigandi meðhöndlun í samræmi við aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar, til að tryggja að það sé laust við *Candidatus* Phytoplasma solani Quaglino *et al.*

b) ***Xylophilus ampelinus* Willems *et al.***

i. Vínviður skal framleiddur á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* eða

ii. engin einkenni Xylophilus ampelinus Willems et al. komu fram á vínvið í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu eða

iii. eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt að því er varðar tilvist Xylophilus ampelinus Willems et al.:

— allur vínviður í ræktunarstöðvum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á stöðluðu efni, sem sýnir einkenni *Xylophilus ampelinus Willems* et al., hefur verið upprættur og gera skal viðeigandi hreinlætisráðstafanir og

— vínviður í framleiðslustöðinni sem sýnir einkenni Xylophilus ampelinus Willems et al. skal meðhöndlaður með bakteríueyði eftir kvistun til að tryggja að hann sé laus við Xylophilus ampelinus Willems et al. og

— í tilvikum þar sem fjölgunarefni sem ætlunin er að setja á markað sýnir einkenni *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.* skal meðhöndla alla framleiðslulotu efnisins með heitu vatni, eða annarri viðeigandi meðhöndlun í samræmi við aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar, til að tryggja að efnið sé laust við *Xylophilus ampelinus* Willems *et al.*

c) ***Arabis* mosaic virus, Grapevine fanleaf virus, Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3**

Einkenni allra veirusjúkdóma (*Arabis* mosaic virus, Grapevine fanleaf virus, Grapevine Leafroll-associated Virus 1 og Grapevine Leafroll-associated Virus 3) hafa komið fram á að hámarki 10% af vínvið í ræktunarstöðvum sem eru ætlaðar til framleiðslu á stöðluðu efni og þessi vínviður hefur verið útilokaður frá fjölgun.

d) ***Viteus vitifoliae* Fitch**

i. Vínviður skal framleiddur á svæðum sem vitað er að eru laus við *Viteus vitifoliae* Fitch eða

ii. vínviður skal græddur á grunnstofna sem eru ónæmir fyrir *Viteus vitifoliae* Fitch eða

iii. í tilvikum þar sem fjölgunarefni sem ætlunin er að setja á markað sýnir einkenni *Viteus vitifoliae Fitch* skal meðhöndla alla framleiðslulotu efnisins með svælingu, heitu vatni eða annarri viðeigandi meðhöndlun í samræmi við aðferðarlýsingar Samtaka um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu eða aðrar aðferðarlýsingar sem eru alþjóðlega viðurkenndar til að tryggja að efnið sé laust við *Viteus vitifoliae Fitch*.“

2) Í stað 4. liðar I. liðar í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„4. Fjölgunarefni skal vera nánast laust við alla skaðvalda sem draga úr nothæfi og gæðum fjölgunarefnisins.

Fjölgunarefni skal einnig vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins og kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis sem kveðið er á um framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031, sem og ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.“

———

IV. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 93/49/EBE

Í stað viðaukans við tilskipun 93/49/EBE kemur eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Bakteríur		
Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Ættkvísl eða tegund fjölgunarefnis skrautjurta	Viðmiðunarmörk fyrir tilvist ókvíaðra skaðvalda á fjölgunarefni skrautjurta
Erwinia amylovora (Burrill) Winslow *et al*. [ERWIAM]	Fjölgunarefni skrautjurta, annað en fræ *Amelanchier* Medik., *Chaenomeles* Lindl., *Cotoneaster* Medik., *Crataegus* Tourn. ex L., *Cydonia* Mill., *Eriobtrya* Lindl., *Malus* Mill., *Mespilus* Bosc ex Spach, *Photinia davidiana* Decne., *Pyracantha* M. Roem., *Pyrus* L., *Sorbus* L.	0%
Pseudomonas syringae pv. *persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie [PSDMPE]	Fjölgunarefni skrautjurta, annað en fræ *Prunus persica* (L.) Batsch, *Prunus salicina* Lindl.	0%
Spiroplasma citri Saglio *et al.* [SPIRCI]	Fjölgunarefni skrautjurta, annað en fræ *Citrus* L., blendingar *Citrus* L., *Fortunella* Swingle., blendingar *Fortunella* Swingle., *Poncirus* Raf., blendingar *Poncirus* Raf.	0%
Xanthomonas arboricola pv. pruni (Smith) Vauterin *et al*. [XANTPR]	Fjölgunarefni skrautjurta, annað en fræ *Prunus* L.	0%
Xanthomonas euvesicatoria Jones *et al*. [XANTEU]	*Capsicum annuum* L.	0%
Xanthomonas gardneri (ex Šutič) Jones et al. [XANTGA]	*Capsicum annuum* L.	0%
Xanthomonas perforans Jones *et al*. [XANTPF]	*Capsicum annuum* L.	0%
Xanthomonas vesicatoria (ex Doidge) Vauterin *et al*. [XANTVE]	*Capsicum annuum* L.	0%
Sveppir og eggsveppir		
Ókvíaðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíaðra skaðvalda	Ættkvísl eða tegund fjölgunarefnis skrautjurta	Viðmiðunarmörk fyrir tilvist ókvíaðra skaðvalda á fjölgunarefni fyrir skrautjurtir
***Prunus domestica* L., *Prunus persica* (L.) Batsch og *Prunus salicina* Lindley**	**Þráðormar** *Longidorus attenuatus* Hooper [LONGAT] *Longidorus elongatus* (de Man) Thorne & Swanger [LONGEL] *Xiphinema diversicaudatum* (Mikoletzky) Thorne [XIPHDI]
***Ribes* L.**	**Þráðormar** *Longidorus elongatus* (de Man) Thorne & Swanger [LONGEL] *Longidorus macrosoma* Hooper [LONGMA] *Xiphinema diversicaudatum* (Mikoletzky) Thorne [XIPHDI]
***Rubus* L.**	**Þráðormar** *Longidorus attenuatus* Hooper [LONGAT] *Longidorus elongatus* (de Man) Thorne & Swanger [LONGEL] *Longidorus macrosoma* Hooper [LONGMA] *Xiphinema diversicaudatum* (Mikoletzky) Thorne [XIPHDI]

IV. VIÐAUKI

Kröfur sem varða ráðstafanir eftir ættkvísl eða tegund og flokki skv. 10. gr. (4. mgr.), 16. gr. (4. mgr.), 21. gr. (4. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.)

Fjölgunarefni skal vera í samræmi við kröfur sem varða kvíaða skaðvalda Sambandsins og kvíaða skaðvalda innan verndaðs svæðis sem kveðið er á um framkvæmdargerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2031 sem og ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

Það skal enn fremur uppfylla eftirfarandi kröfur eftir viðkomandi ættkvísl eða tegund og flokki:

1. ***Castanea sativa* Mill.**

a) **Allir flokkar**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

b) **Forstofnflokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Í tilvikum þar sem undanþága er heimiluð til að framleiða forstofngrundvallarefni á akri við skilyrði án varna gegn skordýrum samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/925 ([1]) skulu eftirfarandi kröfur gilda varðandi *Cryphonectria parasitica* (Murrill) Barr:

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Cryphonectria parasitica* (Murrill) Barr eða

ii. engin einkenni *Cryphonectria parasitica* (Murrill) Barr hafa komið fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í forstofnflokki í framleiðslustöðinni frá upphafi síðasta heila ræktunartímabilsins.

c) **Stofnflokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Cryphonectria parasitica* (Murrill) Barr eða

ii. engin einkenni *Cryphonectria parasitic*a (Murrill) Barr hafa komið fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki í framleiðslustöðinni frá upphafi síðasta heila ræktunartímabilsins.

d) **Vottaður flokkur og CAC-flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í vottuðum flokki og CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Cryphonectria parasitica* (Murrill) Barr eða

ii. engin einkenni *Cryphonectria parasitic*a (Murrill) Barr hafa komið fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki og CAC-flokki í framleiðslustöðinni frá upphafi síðasta heila ræktunartímabilsins eða

([1]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/925 frá 29. maí 2017 um að veita tilteknum aðildarríkjum tímabundna heimild til að votta forstofnsgrundvallarefni tiltekinna tegunda aldinplantna sem eru framleiddar á akri við skilyrði án varna gegn skordýrum og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2017/167 (Stjtíð. ESB L 140, 31.5.2017, bls. 7–14).

iii. fjölgunarefni og aldinplöntur í vottuðum flokki og CAC-flokki, sem sýndu einkenni *Cryphonectria parasitica* (Murrill) Barr, hafa verið upprætt, fjölgunarefni og aldinplöntur sem eftir eru skulu skoðuð vikulega og engin einkenni koma fram í framleiðslustöðinni í a.m.k. þrjár vikur fyrir sendingu.

2. ***Citrus* L., *Fortunella* Swingle og *Poncirus* Raf.**

a) **Forstofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári.

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu á hverju ári til að athuga hvort *Spiroplasma citri* Saglio *et al.* er til staðar. Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu þremur árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með þriggja ára millibili til að athuga hvort *Spiroplasma citri* Saglio *et al.* (ESB einangur) er til staðar.

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu sex árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með sex ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) og *Spiroplasma citri* Saglio *et al.*, sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

b) **Stofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári með tilliti til *Citrus tristeza* virus (ESB einangur), *Spiroplasma citri* Saglio *et al.* og *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley. Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári með tilliti til allra ókvíaðra skaðvalda, annarra en *Citrus tristeza* virus (ESB einangur), *Spiroplasma citri* Saglio *et al.* og *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley, sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

Sýnataka og prófun

Ef um er að ræða stofnmóðurplöntur sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka og prófa sýni úr hverri stofnmóðurplöntu þriðja hvert ár til að athuga hvort *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) er til staðar. Taka skal sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna þriðja hvert ár og prófa til að athuga hvort *Spiroplasma citri* Saglio *et al.* er til staðar.

Ef um er að ræða stofnmóðurplöntur, sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum, skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna á hverju ári fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) og *Spiroplasma citri Saglio et al.* þannig að allar stofnmóðurplöntur séu prófaðar á tveggja ára tímabili. Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) skal taka og prófa sýni úr öllum stofnmóðurplöntum í framleiðslustöðinni. Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna, sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum, sjötta hvert ár á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) og *Spiroplasma citri Saglio et al.*, sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

c) **Vottaður flokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári með tilliti til *Citrus tristeza* virus (ESB einangur), *Spiroplasma citri* Saglio *et al.* og *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley. Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári með tilliti til allra ókvíaða skaðvalda, annarra en *Citrus tristeza* virus (ESB einangur), *Spiroplasma citri* Saglio et al. og *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley, sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

Sýnataka og prófun

Ef um er að ræða vottaðar móðurplöntur, sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum, skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna fjórða hvert ár fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) þannig að allar móðurplöntur séu prófaðar á 8 ára tímabili.

Ef um er að ræða vottaðar móðurplöntur, sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum, skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna á hverju ári fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) þannig að allar stofnmóðurplöntur séu prófaðar á þriggja ára tímabili. Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna, sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum, ef vafi leikur á um hvort skaðvaldar eru til staðar, aðrir en *Citrus tristeza* virus (ESB einangur), sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) skal taka og prófa sýni úr öllum vottuðum móðurplöntum í framleiðslustöðinni.

d) **Stofnflokkur og vottaður flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Citrus tristeza* virus (ESB einangur), *Spiroplasma citri* Saglio et al. og *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley eða

ii. ef um er að ræða fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki sem voru ræktuð í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum komu engin einkenni *Spiroplasma citri* Saglio et al. eða *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley fram á þessu fjölgunarefni og þessum aldinplöntum á síðasta heila ræktunartímabilinu og tekin voru slembisýni úr efninu og prófuð fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) fyrir setningu á markað eða

iii. ef um er að ræða fjölgunarefni og aldinplöntur í vottuðum flokki sem voru ekki ræktuð í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum komu engin einkenni *Spiroplasma citri* Saglio et al. eða *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley fram á þessu fjölgunarefni og þessum aldinplöntum á síðasta heila ræktunartímabilinu og tekin voru sýni úr dæmigerðu hlutfalli efnisins og prófuð fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) fyrir setningu á markað eða

iv. ef um er að ræða fjölgunarefni og aldinplöntur í vottuðum flokki sem voru ekki ræktuð í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum:

— einkenni *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley eða *Spiroplasma citri* Saglio et al. komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og

— tekin voru sýni úr dæmigerðu hlutfalli fjölgunarefnis og aldinplantna í vottaða flokknum og prófuð fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) fyrir setningu á markað og ekki meira en 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni reyndust jákvæð á síðasta heila ræktunartímabilinu. Þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur voru upprætt og þeim fargað tafarlaust. Tekin voru slembisýni úr fjölgunarefni og aldinplöntum í næsta nágrenni og þau prófuð og allt fjölgunarefni og allar aldinplöntur sem reyndust jákvæð voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

e) **CAC-flokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu koma frá auðkenndum uppruna efnis sem reyndist vera, á grundvelli sjónrænnar skoðunar, sýnatöku og prófana, laus við þá ókvíuðu skaðvalda sem eru skráðir í II. viðauka.

Ef auðkenndur uppruni efnis hefur alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli þessa efnis áttunda hvert ár og prófa það fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur).

Ef auðkenndur uppruni efnis hefur ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli þess efnis þriðja hvert ár og prófa það fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur).

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Citrus tristeza* virus (ESB einangur), *Spiroplasma citri* Saglio et al. og *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley eða

ii. ef um er að ræða fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki, sem hafa verið ræktuð í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum, komu engin einkenni *Spiroplasma citri* Saglio et al. eða *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley fram á þessu fjölgunarefni og þessum aldinplöntum á síðasta heila ræktunartímabilinu og tekin voru slembisýni úr efninu og prófuð fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) fyrir setningu á markað eða

iii. ef um er að ræða fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki sem voru ekki ræktuð í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum komu engin einkenni *Spiroplasma citri* Saglio et al. eða *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust og slembisýni voru tekin úr dæmigerðu hlutfalli af efninu og prófuð til að athuga hvort *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) væri til staðar fyrir setningu á markað eða

iv. ef um er að ræða fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki sem voru ekki ræktuð í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum:

— einkenni *Spiroplasma citri* Saglio et al. eða *Plenodomus tracheiphilus* (Petri) Gruyter, Aveskamp & Verkley komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og

— tekin voru sýni úr dæmigerðu hlutfalli fjölgunarefnis og aldinplantna í CAC-flokki og prófuð fyrir *Citrus tristeza* virus (ESB einangur) fyrir setningu á markað og ekki meira en 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni reyndust jákvæð á síðasta heila ræktunartímabilinu. Þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur voru upprætt og þeim fargað tafarlaust. Tekin voru slembisýni úr fjölgunarefni og aldinplöntum í næsta nágrenni og þau prófuð og allt fjölgunarefni og allar aldinplöntur sem reyndust jákvæð voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

3. ***Corylus avellana* L.**

Allir flokkar

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

4. ***Cydonia oblonga* Mill.**

a) **Allir flokkar**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram á síðasta heila ræktunartímabilinu með tilliti til *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* Að því er varðar alla ókvíaða skaðvalda, aðra en *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al*., skulu sjónrænar skoðanir fara fram einu sinni á ári.

b) **Forstofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu fimmtán árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með fimmtán ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en sjúkdómar áþekkir veirum og veirungar sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Í tilvikum þar sem undanþága er heimiluð til að framleiða forstofngrundvallarefni á akri við skilyrði án varna gegn skordýrum samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/925 skulu eftirfarandi kröfur gilda varðandi *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*:

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

ii. fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki í framleiðslustöðinni voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

c) **Stofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna fimmtánda hvert ár á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en sjúkdómum áþekkum veirum og veirungum sem eru skráðir í II. viðauka, og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

d) **Vottaður flokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna fimmtánda hvert ár á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en sjúkdómum áþekkum veirum og veirungum sem eru skráðir í II. viðauka, og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

Sýnataka og prófun á vottuðum aldinplöntum skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar

e) **Stofnflokkur og vottaður flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

ii. fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

f) **CAC-flokkur**

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

ii. fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

5. ***Ficus carica* L.**

Allir flokkar

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

6. ***Fragaria* L.**

a) **Allir flokkar**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári meðan ræktunartímabilið stendur yfir. Sjónræn skoðun skal gerð á laufum *Fragaria* L. ef að því er varðar hvort *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman er til staðar.

Að því er varðar fjölgunarefni og aldinplöntur sem eru framleidd með örfjölgun og sem er haldið við í styttri tíma en þrjá mánuði þarf einungis eina sjónræna skoðun á því tímabili.

b) **Forstofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu einu ári eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir einu sinni á hverju ræktunartímabili með tilliti til tilvistar ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í II. viðauka og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

c) **Stofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa dæmigert sýni af rótum ef *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman finnst á laufum. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus og Tomato black ring virus eru óljós við sjónræna skoðun. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en *Arabis* mosaic virus, *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus, og Tomato black ring virus, sem eru skráðir í I. og II. viðauka, eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. — *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman eða

— engin einkenni *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman komu fram á laufum fjölgunarefnis og aldinplantna í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt sýkt fjölgunarefni og aldinplöntur og plöntur á svæði í a.m.k. 5 m radíus umhverfis þær voru merkt, útilokuð frá uppskeru og setningu á markað og þeim fargað eftir uppskeru á ósýktu fjölgunarefni og aldinplöntum,

— *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King eða

— engin einkenni *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust.

ii. — *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman

— það skal vera hvíldartími, sem skal standa í a.m.k. tíu ár frá því að *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman finnst og þar til næsta plöntun fer fram, og á meðan skal ekki rækta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur eða

— skrá skal sögu framleiðslustöðvarinnar varðandi ræktun og sjúkdóma sem berast með jarðvegi,

— *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King

— það skal vera hvíldartími, sem skal standa í a.m.k. eitt ár frá því að *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King finnst og þar til næsta plöntun fer fram, og á meðan skal ekki rækta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur,

iii. Kröfur varðandi ókvíaða skaðvalda, aðra en *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King og *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman og aðra en veirur:

— Hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu, sem sýndu einkenni einhvers af eftirfarandi ókvíuðum skaðvöldum, skal ekki vera yfir:

— 0,05% ef um er að ræða *Aphelenchoides besseyi*,

— 0,1% ef um er að ræða Strawberry multiplier disease phytoplasma,

— 0,2% ef um er að ræða:

Candidatus Phytoplasma *asteris* Lee *et al*.,

Candidatus Phytoplasma *pruni*,

Candidatus Phytoplasma solani Quaglino *et al.,*

Verticillium albo-atrum Reinke & Berthold,

Verticillium dahliae Kleb,

— 0,5% ef um er að ræða:

Chaetosiphon fragaefolii Cockerell,

Ditylenchus dipsaci (Kuehn) Filipjev,

Meloidogyne hapla Chitwood,

Podosphaera aphanis (Wallroth) Braun & Takamatsu,

— 1% ef um er að ræða *Pratylenchus vulnus* Allen & Jensen og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt og þeim fargað og

— Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki, sem sýna einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus og Tomato black ring virus, skal uppræta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur og farga þeim tafarlaust.

iv. Kröfur varðandi allar veirur:

Einkenni allra veira sem eru skráðar í I. og II. viðauka mega ekki hafa komið fram á nema að hámarki 1% af fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni skulu hafa verið upprætt og þeim fargað tafarlaust.

d) **Vottaður flokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa dæmigert sýni af rótum ef *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman finnst á laufum. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus og Tomato black ring virus eru óljós við sjónræna skoðun. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en *Arabis* mosaic virus, *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus, og Tomato black ring virus, sem eru skráðir í I. og II. viðauka, eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. — *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman

— fjölgunarefni og aldinplöntur í vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman eða

— engin einkenni *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman komu fram á laufum fjölgunarefnis og aldinplantna í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt sýkt fjölgunarefni og aldinplöntur og plöntur á svæðinu í a.m.k. 5 m radíus umhverfis þær voru merkt, útilokuð frá uppskeru og setningu á markað og þeim fargað eftir uppskeru á ósýktum plöntum,

— *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King

— fjölgunarefni og aldinplöntur í vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King eða

— einkenni *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

ii. — *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman

— það skal vera hvíldartími, sem skal standa í a.m.k. tíu ár frá því að *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman finnst og þar til næsta plöntun fer fram, og á meðan skal ekki rækta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur eða

— skrá skal sögu framleiðslustöðvarinnar varðandi ræktun og sjúkdóma sem berast með jarðvegi,

— *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King

— það skal vera hvíldartími, sem skal standa í a.m.k. eitt ár frá því að *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King finnst og þar til næsta plöntun fer fram, og á meðan skal ekki rækta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur,

iii. Kröfur varðandi ókvíaða skaðvalda, aðra en *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King og *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman og aðra en veirur:

— hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunar tímabilinu, sem sýndu einkenni einhvers af eftirfarandi ókvíuðum skaðvöldum, skal ekki vera yfir:

— 0,1% ef um er að ræða *Phytonemus pallidus* Banks,

— 0,5% ef um er að ræða:

Aphelenchoides besseyi Christie,

Strawberry multiplier disease phytoplasma,

— 1% ef um er að ræða:

Aphelenchoides fragariae (Ritzema Bos) Christie,

Candidatus Phlomobacter fragariae Zreik, Bové & Garnier,

Candidatus Phytoplasma *asteris* Lee *et al*.,

Candidatus Phytoplasma australiense Davis *et al.*,

Candidatus Phytoplasma fragariae Valiunas, Staniulis & Davis,

Candidatus Phytoplasma *pruni*,

Candidatus Phytoplasma solani Quaglino *et al.,*

Chaetosiphon fragaefolii Cockerell,

Clover phyllody phytoplasma,

Ditylenchus dipsaci (Kuehn) Filipjev,

Meloidogyne hapla Chitwood Chitwood,

Podosphaera aphanis (Wallroth) Braun & Takamatsu,

Pratylenchus vulnus Allen & Jensen,

Rhizoctonia fragariae Hussain & W.E.McKeen,

— 2% ef um er að ræða:

Verticillium albo-atrum Reinke & Berthold,

Verticillium dahliae Kleb og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim þær voru upprætt og þeim fargað og

— Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun á fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki, sem sýna einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus, og Tomato black ring virus, skal uppræta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur og farga þeim tafarlaust.

iv. Kröfur varðandi allar veirur

Einkenni allra veira sem eru skráðar í I. og II. viðauka komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

e) **CAC-flokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa dæmigert sýni af rótum ef *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman finnst á laufum. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus og Tomato black ring virus eru óljós við sjónræna skoðun. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en *Arabis* mosaic virus, *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus, og Tomato black ring virus, sem eru skráðir í I. og II. viðauka, eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. — *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman eða

— engin einkenni *Phytophthora fragariae* C.J. Hickman komu fram á laufum fjölgunarefnis og aldinplantna í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt sýkt fjölgunarefni og aldinplöntur og plöntur á svæði í a.m.k. 5 m radíus umhverfis þær voru merkt, útilokuð frá uppskeru og setningu á markað og þeim fargað eftir uppskeru á ósýktu fjölgunarefni og aldinplöntum,

— *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King eða

— engin einkenni *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar eða

— einkenni *Xanthomonas fragariae* Kennedy & King komu fram á að hámarki 5% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

ii. Kröfur varðandi veirur:

Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki, sem sýna einkenni Arabis mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry crinkle virus, Strawberry latent ringspot virus, Strawberry mild yellow edge virus, Strawberry vein banding virus, og Tomato black ring virus, skal uppræta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur og farga þeim tafarlaust.

7. ***Juglans regia* L.**

a) **Allir flokkar**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

b) **Forstofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri blómgaðri forstofnmóðurplöntu einu ári eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með eins árs millibili með tilliti til tilvistar ókvíaðra skaðvalda sem eru skráðir í II. viðauka og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

c) **Stofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna á hverju ári á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

d) **Vottaður flokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna þriðja hvert ár á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

Sýnataka og prófun á vottuðum aldinplöntum skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

e) **CAC-flokkur**

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

8. ***Malus* Mill.**

a) **Allir flokkar**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

b) **Forstofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu fimmtán árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með fimmtán ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en sjúkdómar áþekkir veirum og veirungar sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Í tilvikum þar sem undanþága er heimiluð til að framleiða forstofngrundvallarefni á akri við skilyrði án varna gegn skordýrum, í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/925 skulu eftirfarandi kröfur gilda um *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider og *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*:

i. *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í forstofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust,

ii. *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við Erwinia *amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki í framleiðslustöðinni voru skoðuð á síðasta heila ræktunar-tímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

c) **Stofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Ef um er að ræða stofnmóðurplöntur sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna fimmtánda hvert ár og prófa þau til að athuga hvort *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider er til staðar.

Ef um er að ræða stofnmóðurplöntur sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna þriðja hvert ár fyrir *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider; taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna fimmtánda hvert ár á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider og öðrum en sjúkdómum áþekkum veirum og veirungum sem eru skráðir í II. viðauka, og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

d) **Vottaður flokkur**

Sýnataka og prófun

Ef um er að ræða vottaðar móðurplöntur sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna fimmtánda hvert ár og prófa þau til að athuga hvort *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider er til staðar.

Ef um er að ræða vottaðar móðurplöntur sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna á fimm ára fresti fyrir *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider; fimmtánda hvert ár skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna og prófa á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider og öðrum en sjúkdómum áþekkum veirum og veirungum sem eru skráðir í II. viðauka, og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

Sýnataka og prófun á vottuðum aldinplöntum skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar

e) **Stofnflokkur og vottaður flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider,

ii. *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

f) **CAC-flokkur**

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus Phytoplasma mal* Seemüller & Schneider komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider,

ii. *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

9. ***Olea europaea* L.**

a) **Allir flokkar**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

b) **Forstofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu tíu árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með tíu ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

c) **Stofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal sýni af dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna þannig að allar plönturnar séu prófaðar á þrjátíu ára tímabili á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

d) **Vottaður flokkur**

Sýnataka og prófun

Ef um er að ræða móðurplöntur sem eru notaðar til framleiðslu á fræi („fræmóðurplöntur“) skal taka sýni af dæmigerðu hlutfalli þessara fræmóðurplantna þannig að allar plönturnar séu prófaðar á fjörutíu ára tímabili á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum sem eru skráðir í I. og II. viðauka. Ef um er að ræða móðurplöntur, aðrar en fræmóðurplöntur, skal taka sýni af dæmigerðu hlutfalli þessara plantna þannig að allar plönturnar séu prófaðar á þrjátíu ára tímabili á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

e) **CAC-flokkur**

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

10. ***Pistacia vera* L.**

Allir flokkar

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

11. ***Prunus armeniaca* L., *Prunus avium* L., *Prunus cerasifera* Ehrh., *Prunus cerasus* L., *Prunus domestica* L., *Prunus dulcis* (Miller) Webb, *Prunus persica* (L.) Batsch og *Prunus salicina* Lindley**

a) **Forstofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári með tilliti til *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider, Plum pox virus, *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* og *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie (*Prunus persica* (L.) Batsch and *Prunus salicina* Lindley). Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári með tilliti til allra ókvíaðra skaðvalda, annarra en *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider, Plum pox virus, *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* og *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie, sem eru skráðir í I. og II. viðauka.

Sýnataka og prófun

Fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki *Prunus armeniaca* L., *Prunus avium* L., *Prunus cerasus* L., *Prunus domestica* L. og *Prunus dulcis* (Miller) Webb skulu koma af móðurplöntum sem voru prófaðar á síðasta ræktunartímabili og reyndust vera lausar við Plum pox virus.

Forstofngrunnstofnar af *Prunus cerasifera* Ehrh. og *Prunus domestica* L. skulu koma af móðurplöntum sem voru prófaðar á síðasta ræktunartímabili og reyndust vera lausar við Plum pox virus. Forstofngrunnstofnar af *Prunus cerasifera* Ehrh. og *Prunus domestica* L. skulu koma af móðurplöntum sem voru prófaðar á síðustu fimm ræktunartímabilum og reyndust vera lausar við *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider.

Taka skal og prófa sýni úr hverri blómgaðri forstofnmóðurplöntu til að athuga hvort Prune dwarf virus og *Prunus* necrotic ringspot virus eru til staðar einu ári eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með eins árs millibili. Ef um er að ræða *Prunus persica* skal taka og prófa sýni úr hverri blómgaðri forstofnmóðurplöntu til að athuga hvort Peach latent mosaic viroid er til staðar einu ári eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta. Taka skal og prófa sýni úr hverju tré sem er plantað í sérstökum tilgangi til frævunar og, eftir því sem við á, helstu trjám til frævunar í umhverfinu til að athuga hvort Prune dwarf virus og *Prunus* necrotic ringspot virus eru til staðar.

Taka skal sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu fimm árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar á eftir með fimm ára millibili og prófa til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider og Plum pox virus eru til staðar. Taka skal sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu tíu árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar á eftir með tíu ára millibili og prófa til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en Prune dwarf virus, Plum pox virus og *Prunus* necrotic ringspot virus, sem hafa áhrif á tegundina eins og skráð er í II. viðauka, eru til staðar og prófa ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar. Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli forstofnmóðurplantna ef vafi leikur á um hvort *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* er til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Í tilvikum þar sem undanþága er heimiluð til að framleiða forstofngrundvallarefni á akri við skilyrði án varna gegn skordýrum samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/925 skulu eftirfarandi kröfur gilda varðandi *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider, Plum pox virus, *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* og *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie:

i. *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í forstofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki í framleiðslustöðinni skulu einangruð frá öðrum hýsilplöntum. Einangrunarfjarlægð framleiðslustöðvarinnar skal ráðast af svæðisbundnum aðstæðum, tegund fjölgunarefnis, hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider er til staðar á viðkomandi svæði og viðeigandi áhættum sem lögbær yfirvöld mæla fyrir um á grundvelli skoðunar,

ii. Plum pox virus

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við Plum pox virus eða

— engin einkenni Plum pox virus komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í forstofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki í framleiðslustöðinni skulu einangruð frá öðrum hýsilplöntum. Einangrunarfjarlægð framleiðslustöðvarinnar skal ráðast af svæðisbundnum aðstæðum, tegund fjölgunarefnis, hvort Plum pox virus er til staðar á viðkomandi svæði og viðeigandi áhættum sem lögbær yfirvöld mæla fyrir um á grundvelli skoðunar,

iii. *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie eða

— engin einkenni *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í forstofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust,

iv. *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* eða

— engin einkenni *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í forstofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust.

b) **Stofnflokkur, vottaður flokkur og CAC-flokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

c) **Stofnflokkur**

Sýnataka og prófun

i. Móðurplöntur sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna þriðja hvert ár þau til að athuga hvort Prune dwarf virus, *Prunus* necrotic ringspot virus og Plum pox virus eru til staðar. Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna tíunda hvert ár til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider er til staðar.

ii. Móðurplöntur sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna, annarra en þeirra sem eru ætlaðar til framleiðslu á grunnstofnum, til að athuga hvort Plum pox virus er til staðar þannig að allar plönturnar séu prófaðar á tíu ára tímabili.

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna, sem eru ætlaðar til framleiðslu á grunnstofnum, til að athuga hvort Plum pox virus er til staðar og þær skulu vera lausar við þann ókvíaða skaðvald. Taka skal sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna af tegundinni *Prunus domestica* L., sem eru ætlaðar til framleiðslu á grunnstofnum, á síðustu fimm ræktunartímabilunum og þau prófuð til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider er til staðar og þær reynast lausar við þann ókvíaða skaðvald.

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna ef vafi leikur á um hvort *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* er til staðar. Taka skal og prófa sýni af dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna á tíu ára fresti á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider, Prune dwarf virus, *Prunus* necrotic ringspot virus og Plum pox virus, sem eru skráðir í II. viðauka, og prófa ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

— Blómgaðar móðurplöntur

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli blómgaðra stofnmóðurplantna til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider, Prune dwarf virus og *Prunus* necrotic ringspot virus, eru til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist.

Ef um er að ræða *Prunus persica* (L.) Batsch skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli blómgaðra stofnmóðurplantna á hverju ári til að athuga hvort Peach latent mosaic viroid er til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist. Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli trjáa sem er plantað í sérstökum tilgangi til frævunar og, eftir því sem við á, helstu trjám til frævunar í umhverfinu til að athuga hvort Prune dwarf virus og *Prunus* necrotic ringspot virus eru til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist.

— Móðurplöntur sem ekki eru blómgaðar

Taka skal sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna sem eru ekki blómgaðar og hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum og prófa á þriggja ára fresti til að athuga hvort Prune dwarf virus, *Prunus* necrotic ringspot virus og *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider eru til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist.

d) **Vottaður flokkur**

Sýnataka og prófun

i. Móðurplöntur sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna fimmta hvert ár til að athuga hvort Prune dwarf virus, *Prunus* necrotic ringspot virus og Plum pox virus eru til staðar þannig að allar plöntur séu prófaðar á fimmtán ára tímabili. Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna fimmtánda hvert ár til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider er til staðar.

ii. Móðurplöntur sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna á þriggja ára fresti til að athuga hvort Plum pox virus er til staðar þannig að allar plönturnar séu prófaðar á fimmtán ára tímabili.

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna, sem eru ætlaðar til framleiðslu á grunnstofnum, á hverju ári til að athuga hvort Plum pox virus er til staðar og þær skulu vera lausar við þann ókvíaða skaðvald. Sýni hafa verið tekin úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna af tegundunum *Prunus cerasifera* Ehrh. and *Prunus domestica* L., sem eru ætlaðar til framleiðslu á grunnstofnum, á síðustu fimm ræktunartímabilunum og þau prófuð til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider er til staðar og þær reyndust vera lausar við þann ókvíaða skaðvald.

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna ef vafi leikur á um hvort *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* er til staðar. Taka skal og prófa sýni af dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna fimmtánda hvert ár á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider, Prune dwarf virus, *Prunus* necrotic ringspot virus og Plum pox virus, sem eru skráðir í II. viðauka, og prófa ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

— Blómgaðar móðurplöntur

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli blómgaðra, vottaðra móðurplantna til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider, Prune dwarf virus og *Prunus* necrotic ringspot virus eru til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist. Ef um er að ræða *Prunus persica* (L.) Batsch skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra stofnmóðurplantna á hverju ári til að athuga hvort Peach latent mosaic viroid er til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist. Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli trjáa sem er plantað í sérstökum tilgangi til frævunar og, eftir því sem við á, helstu trjám til frævunar í umhverfinu til að athuga hvort Prune dwarf virus og *Prunus* necrotic ringspot virus eru til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist.

— Móðurplöntur sem ekki eru blómgaðar

Taka skal sýni úr dæmigerðu hlutfalli móðurplantna, sem eru ekki blómgaðar og hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum, þriðja hvert ár og prófa til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum*, Prune dwarf virus og *Prunus* necrotic ringspot virus eru til staðar á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist.

e) **Stofnflokkur og vottaður flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Candidatus Phytoplasma prunorum* Seemüller & Schneider komu fram á að hámarki 1% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem plöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við *Candidatus Phytoplasma prunorum* Seemüller & Schneider,

ii. Plum pox virus

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við Plum pox virus eða

— engin einkenni Plum pox virus komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni Plum pox virus komu fram á að hámarki 1% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem plöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við Plum pox virus,

iii. *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie eða

— engin einkenni *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust,

iv. *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* eða

— engin einkenni *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

f) **CAC-flokkur**

Sýnataka og prófun

Fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu vera af auðkenndum uppruna efnis þar sem tekin hafa verið sýni úr dæmigerðu hlutfalli og prófuð á síðustu þremur ræktunartímabilunum og reynst vera laus við Plum pox virus.

CAC-grunnstofnar *Prunus cerasifera* Ehrh. og *Prunus domestica* L. skulu vera af auðkenndum uppruna efnis þar sem tekin hafa verið sýni úr dæmigerðu hlutfalli þeirra og prófuð á síðustu 5 árum og reynst vera laus við *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider og Plum pox virus.

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli fjölgunarefnis og aldinplantna í CAC-flokki ef vafi leikur á um hvort *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* er til staðar.

Taka skal og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli aldinplantna í CAC-flokki, sem ekki sýna nein einkenni Plum pox virus við sjónræna skoðun, á grundvelli mats á áhættu á því að þessar aldinplöntur smitist af þessum ókvíaða skaðvaldi og ef um er að ræða plöntur í næsta nágrenni við þær sem sýna einkenni.

Ef fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki sýna einkenni *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider sem finnast við sjónræna skoðun í ræktunarstöðinni skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki sem eftir er í þeim framleiðslulotum þar sem fjölgunarefni og aldinplöntur með einkenni fundust og prófa til að athuga hvort *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider er til staðar.

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider og plum pox virus, sem eru skráðir í I. og II. viðauka, eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Candidatus* Phytoplasma *prunoru* Seemüller & Schneider komu fram á að hámarki 1% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við *Candidatus* Phytoplasma *prunorum* Seemüller & Schneider eða

— einkenni *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie og *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust,

ii. Plum pox virus

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við Plum pox virus eða

— engin einkenni Plum pox virus komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni Plum pox virus komu fram á að hámarki 1% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við Plum pox virus,

iii. *Pseudomonas syringae* pv. *persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie eða

— engin einkenni *Pseudomonas syringae* pv. *persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Pseudomonas syringae pv. persicae* (Prunier, Luisetti &. Gardan) Young, Dye & Wilkie komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust,

iv. *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* eða

— engin einkenni *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* komu fram á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Xanthomonas arboricola* pv. *pruni* (Smith) Vauterin *et al.* komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

12. ***Pyrus* L.**

a) **Allir flokkar**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

b) **Forstofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu fimmtán árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með fimmtán ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en sjúkdómar áþekkir veirum og veirungar sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Í tilvikum þar sem undanþága er heimiluð til að framleiða forstofngrundvallarefni á akri við skilyrði án varna gegn skordýrum samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/925 skulu eftirfarandi kröfur gilda varðandi *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider og E*rwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*:

i. *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider komu fram í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust,

ii. *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í forstofnflokki í framleiðslustöðinni voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

c) **Stofnflokkur**

Sýnataka og prófun

Ef um er að ræða stofnmóðurplöntur sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna fimmtánda hvert ár og prófa þau til að athuga hvort *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider er til staðar.

Ef um er að ræða stofnmóðurplöntur sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna þriðja hvert ár til að athuga hvort *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider er til staðar; fimmtánda hvert ár skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna og prófa á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider og öðrum en sjúkdómum áþekkum veirum og veirungum, sem eru skráðir í II. viðauka, og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

d) **Vottaður flokkur**

Sýnataka og prófun

Ef um er að ræða vottaðar móðurplöntur sem hafa alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna fimmtánda hvert ár og prófa þau til að athuga hvort *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider er til staðar.

Ef um er að ræða vottaðar móðurplöntur sem hafa ekki alltaf verið í aðstöðu sem er varin fyrir skordýrum skal taka og prófa sýni úr dæmigerðu hlutfalli stofnmóðurplantna fimmta hvert ár til að athuga hvort *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider er til staðar; fimmtánda hvert ár skal taka sýni úr dæmigerðu hlutfalli vottaðra móðurplantna og prófa á grundvelli mats á áhættu á því að þessar plöntur smitist af ókvíuðum skaðvöldum, öðrum en *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider og öðrum en sjúkdómum áþekkum veirum og veirungum, sem eru skráðir í II. viðauka, og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

Sýnataka og prófun á vottuðum aldinplöntum skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar

e) **Stofnflokkur og vottaður flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider komu fram í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við *Candidatus Phytoplasma mali* Seemüller & Schneider,

ii. *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki og vottuðum flokki í framleiðslustöðinni voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

f) **CAC-flokkur**

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider eða

— engin einkenni Candidatus Phytoplasma pyri Seemüller & Schneider komu fram í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprættar og þeim fargað tafarlaust eða

— einkenni *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider komu fram á að hámarki 2% af fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust og dæmigert sýni af einkennalausu fjölgunarefni og aldinplöntum, sem eftir eru í þeim framleiðslulotum þar sem fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni fundust, hefur verið prófað og reynst vera laust við *Candidatus* Phytoplasma *pyri* Seemüller & Schneider,

ii. *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.*

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* eða

— fjölgunarefni og aldinplöntur í CAC-flokki voru skoðuð á síðasta heila ræktunartímabilinu og allt fjölgunarefni og aldinplöntur sem sýndu einkenni *Erwinia amylovora* (Burrill) Winslow *et al.* og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt án tafar og þeim fargað.

13. ***Ribes* L.**

a) **Forstofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári.

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu fjórum árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með fjögurra ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

b) **Stofnflokkur, vottaður flokkur og CAC-flokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

c) **Stofnflokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu, sem sýndu einkenni *Aphelenchoides ritzemabosi* (Schwartz) Steiner & Buhrer, skal ekki vera yfir 0,05% og þetta ræktunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt og þeim fargað.

d) **Vottaður flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu, sem sýndu einkenni *Aphelenchoides ritzemabosi* (Schwartz) Steiner & Buhrer, skal ekki vera yfir 0,5% og þetta ræktunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt og þeim fargað.

14. ***Rubus* L.**

a) **Forstofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári.

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu tveimur árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með tveggja ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

b) **Stofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Ef fjölgunarefni og aldinplöntur eru ræktuð á akri eða í pottum skulu sjónrænar skoðanir fara fram tvisvar á ári.

Að því er varðar fjölgunarefni og aldinplöntur sem eru framleidd með örfjölgun og sem er haldið við í styttri tíma en þrjá mánuði þarf einungis eina sjónræna skoðun á því tímabili.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus eru óljós við sjónræna skoðun. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus, sem eru skráðir í I. og II. viðauka, eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun á fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki, sem sýna einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus eða Tomato black ring virus, skal uppræta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur og farga þeim tafarlaust.

ii. Kröfur varðandi ókvíaða skaðvalda, aðra en *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus:

Hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu, sem sýndu einkenni einhvers af eftirfarandi ókvíuðum skaðvöldum, skal ekki vera yfir:

— 0,1% ef um er að ræða:

Agrobacterium spp. Conn.; *Rhodococcus fascians* Tilford og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt og þeim fargað og

iii. Kröfur varðandi allar veirur:

Einkenni allra veira sem eru skráðar í I. og II. viðauka komu fram á að hámarki 0,25% af fjölgunarefni og aldinplöntum í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

c) **Vottaður flokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus eru óljós við sjónræna skoðun. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en Arabis mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus, sem eru skráðir í I. og II. viðauka, eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun á fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki, sem sýna einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus eða Tomato black ring virus, skal uppræta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur og farga þeim tafarlaust.

ii. Kröfur varðandi ókvíaða skaðvalda, aðra en *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus:

Hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu, sem sýndu einkenni einhvers af eftirfarandi ókvíuðum skaðvöldum, skal ekki vera yfir:

— 0,5% ef um er að ræða *Resseliella theobaldi* Barnes,

— 1% ef um er að ræða:

Agrobacterium spp. Conn.; *Rhodococcus fascians* Tilford og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt og þeim fargað,

iii. Kröfur varðandi allar veirur

Einkenni allra veira sem eru skráðar í I. og II. viðauka komu fram á að hámarki 0,5% af fjölgunarefni og aldinplöntum í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar plöntur í næsta nágrenni sem sýndu einkenni voru upprætt og þeim fargað tafarlaust.

d) **CAC-flokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus eru óljós við sjónræna skoðun. Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar, aðrir en Arabis mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus og Tomato black ring virus, sem eru skráðir í I. og II. viðauka, eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

Ef um er að ræða jákvæða niðurstöðu úr prófun á fjölgunarefni og aldinplöntum í CAC-flokki, sem sýna einkenni *Arabis* mosaic virus, Raspberry ringspot virus, Strawberry latent ringspot virus eða Tomato black ring virus, skal uppræta viðkomandi fjölgunarefni og aldinplöntur og farga þeim tafarlaust.

15. ***Vaccinium* L.**

a) **Forstofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári.

Sýnataka og prófun

Taka skal og prófa sýni úr hverri forstofnmóðurplöntu fimm árum eftir að hún er samþykkt sem forstofnmóðurplanta og þar eftir með fimm ára millibili til að athuga hvort ókvíaðir skaðvaldar, sem eru skráðir í II. viðauka, eru til staðar og ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. viðauka eru til staðar.

b) **Stofnflokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram tvisvar á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Agrobacterium tumefaciens* (Smith & Townsend) Conn

— engin einkenni *Agrobacterium tumefaciens* (Smith & Townsend) Conn komu fram í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu.

ii. *Diaporthe vaccinii* Shear

— fjölgunarefni og aldinplöntur í stofnflokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Diaporthe vaccinii* Shear eða

— engin einkenni *Diaporthe vaccinii* Shear komu fram í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu,

iii. *Exobasidium vaccinii (*Fuckel) Woronin og *Godronia cassandrae* (anamorph Topospora myrtilli) Peck

— Hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í stofnflokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu, sem sýndu einkenni einhvers af eftirfarandi ókvíuðum skaðvöldum, skal ekki vera yfir:

— 0,1% ef um er að ræða *Godronia cassandrae* (anamorph Topospora myrtilli) Peck,

— 0,5% ef um er að ræða *Exobasidium vaccinii* (Fuckel) Woronin og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt og þeim fargað.

c) **Vottaður flokkur og CAC-flokkur**

Sjónræn skoðun

Sjónrænar skoðanir skulu fara fram einu sinni á ári.

Sýnataka og prófun

Sýnataka og prófun skulu fara fram ef vafi leikur á um hvort ókvíaðir skaðvaldar sem eru skráðir í I. og II. viðauka eru til staðar.

d) **Vottaður flokkur**

Kröfur að því er varðar framleiðslustöð, framleiðslustað eða framleiðslusvæði

i. *Diaporthe vaccinii* Shear

— fjölgunarefni og aldinplöntur í vottuðum flokki skulu framleidd á svæðum sem vitað er að eru laus við *Diaporthe vaccinii* Shear eða

— engin einkenni *Diaporthe vaccinii* Shear komu fram í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu.

ii. *Agrobacterium tumefaciens* (Smith & Townsend) Conn, *Exobasidium vaccinii* (Fuckel) Woronin og *Godronia cassandrae* (anamorph Topospora myrtilli) Peck

— hlutfall fjölgunarefnis og aldinplantna í vottuðum flokki í framleiðslustöðinni á síðasta heila ræktunartímabilinu, sem sýndu einkenni einhvers af eftirfarandi ókvíuðum skaðvöldum, skal ekki vera yfir:

— 0,5% ef um er að ræða:

Agrobacterium tumefaciens (Smith & Townsend) Conn; *Godronia cassandrae* (anamorph Topospora myrtilli) Peck,

— 1% ef um er að ræða *Exobasidium vaccinii* (Fuckel) Woronin og þetta fjölgunarefni og þessar aldinplöntur og allar hýsilplöntur nálægt þeim voru upprætt og þeim fargað.“

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1648 **2025/EES/10/28**

frá 23. september 2022

um breytingu á tilskipun 2003/91/EB að því er varðar undanþágu fyrir lífrænt ræktuð yrki grænmetistegunda sem henta til lífrænnar framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([1]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB ([2]) miðar að því að tryggja að yrki grænmetistegunda, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim aðferðarlýsingum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett. Þessar aðferðarlýsingar miða einkum að því að tryggja fylgni við reglur að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda til að staðfesta aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika. Að því er varðar yrki sem falla ekki undir aðferðarlýsingar yrkisskrifstofu Bandalagsins miðar sú tilskipun að því að tryggja að viðmiðunarreglum um prófanir frá Alþjóðasambandinu um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) sé fylgt.

2) Þörf er á að tryggja að framleiðendur geti notað lífrænt ræktuð yrki sem henta til lífrænnar framleiðslu og sem leiða af lífrænni ræktunarstarfsemi. Sum þeirra uppfylla viðmiðanir um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika fyrir öll önnur yrki af sömu tegund en önnur yrki sem eru ætluð fyrir lífræna framleiðslu einkennast af mikilli erfðafræðilegri og svipfarslegri fjölbreytni milli einstakra ræktunareininga.

3) Staðlarnir fyrir einsleitni sem eru skilgreindir í fyrirliggjandi aðferðarlýsingum fyrir aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og í viðmiðunarreglum yrkisskrifstofu Bandalagsins og Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja henta þar af leiðandi ekki fyrir lífrænt ræktuð yrki fyrir lífræna framleiðslu sem einkennast af mikilli erfðafræðilegri og svipfarslegri fjölbreytni.

4) Þar af leiðandi er nauðsynlegt að bjóða upp á þann möguleika að víkja frá fyrirliggjandi aðferðarlýsingum fyrir athugun á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika þannig að þær séu meira aðlagaðar að lífrænt ræktuðum yrkjum sem henta til lífrænnar framleiðslu. Þar af leiðandi ætti að vera mögulegt að aðlaga fyrirliggjandi aðferðarlýsingar fyrir yrkisathugun fyrir tiltekin yrki til að mæta þörfum lífræns landbúnaðar. Því er viðeigandi að víkja frá tilteknum ákvæðum í 1. gr. tilskipunar 2003/91/EB.

5) Aðildarríki ættu að gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu eigi síðar en 31. desember ár hvert, til og með 31. desember 2030, um fjölda umsókna og niðurstöður úr athugunum á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika til að tryggja reglulega endurskoðun á þessum kröfum og meta enn frekar þörfina á að breyta þeim eða fjarlægja eða að beita þeim einnig um aðrar tegundir.

6) Því ætti að breyta tilskipun 2003/91/EB til samræmis við það.

7) Lögbær yfirvöld og viðkomandi rekstraraðilar í starfsgreininni ættu að hafa nægan tíma til að undirbúa sig með fullnægjandi hætti áður en landsákvæði sem lögleiða þessa tilskipun taka gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 261/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/91/EB

Tilskipun 2003/91/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Að því er varðar aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika:

a) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í I. viðauka, uppfylla skilyrðin sem stjórn skrifstofu fyrir plöntuyrki í Bandalaginu (CPVO) mælir fyrir um í „Bókun um prófanir á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika“ og tilgreindar eru í þeim viðauka,

b) skulu tegundirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, fullnægja viðmiðunarreglunum sem Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja samdi um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika og tilgreindar eru í þeim viðauka.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, að því er varðar einsleitni, mega lífrænt ræktuð yrki sem henta til lífrænnar framleiðslu, sem tilheyra tegundum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka, þess í stað uppfylla skilyrðin sem eru tilgreind í B-hluta þess viðauka.

Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skýrslu eigi síðar en 31. desember ár hvert, til og með 31. desember 2030, um fjölda umsókna um skráningu yrkja og niðurstöður úr athugunum á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar þessi lífrænt ræktuðu yrki“.

2) Textanum í viðaukanum við þessa tilskipun er bætt við sem III. viðauka.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2023.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

———

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Skrá yfir tegundir sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 1. gr.

Gulrætur

Hnúðkál

B-HLUTI

Sértæk ákvæði að því er varðar prófanir á aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika fyrir lífrænt ræktuð yrki grænmetistegunda sem henta til lífrænnar framleiðslu

1. **Almenn regla**

Eftirfarandi gildir um lífrænt ræktuð yrki grænmetistegunda sem henta til lífrænnar framleiðslu

1.1. Að því er varðar aðgreinanleika og stöðugleika skulu allir eiginleikar í aðferðarlýsingum og viðmiðunarreglum sem um getur í I. og II. viðauka athugaðir og þeim lýst.

1.2. Að því er varðar einsleitni skulu allir eiginleikar í aðferðarlýsingum og viðmiðunarreglum sem um getur í I. og II. viðauka athugaðir og þeim lýst og eftirfarandi skal gilda um eiginleikana sem eru tilgreindir í 2. lið:

a) þessa eiginleika má meta á vægari hátt,

b) ef kveðið er á um undanþágu frá viðkomandi tæknilegri aðferðarlýsingu fyrir þessa eiginleika í 2. lið skal einsleitni yrkisins vera svipuð og einsleitni sambærilegra yrkja sem eru almennt þekkt í Sambandinu.

2. **Undanþága frá tæknilegum aðferðarlýsingum**

2.1. Gulrætur

Að því er varðar yrki sem tilheyra tegundinni gulrætur (*Daucus carota* L.) mega eftirfarandi eiginleikar sem varða aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika í aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins CPVO-TP/049/3 fyrir yrki sem er prófað víkja frá eftirfarandi kröfum um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar einsleitni:

CPVO nr. 4 – Laufblað: skipting

CPVO nr. 5 – Laufblað: styrkur græns litar

CPVO nr. 19 – Rót: þvermál kjarna miðað við heildarþvermál

CPVO nr. 20 – Rót: litur kjarna

CPVO nr. 21 – Að undanskildum yrkjum með hvítan kjarna; Rót: styrkur litar kjarnans

CPVO nr. 28 – Rót: tímapunktur fyrir lit á oddi

CPVO nr. 29 – Planta: hæð fyrsta sveips við blómgun

2.2. Hnúðkál

Að því er varðar yrki sem tilheyra tegundinni hnúðkál (*Brassica oleracea* L.) mega eftirfarandi eiginleikar sem varða aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika í aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins CPVO-TP/065/1 endursk. fyrir yrki sem er prófað víkja frá eftirfarandi kröfum um aðgreinanleika, einsleitni og stöðugleika að því er varðar einsleitni í viðkomandi tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins:

CPVO nr. 2 – Ungplanta: styrkur græns litar kímblaða

CPVO nr. 6 – Blaðstilkur: staða

CPVO nr. 8 – Blaðka: lengd

CPVO nr. 9 – Blaðka: breidd

CPVO nr. 10 – Blaðka: lögun topps

CPVO nr. 11 – Blaðka: skipting að miðstreng (á neðri hluta laufblaðs)

CPVO nr. 12 – Blaðka: fjöldi skerðinga í blaðrönd (á efri hluta laufblaðs)

CPVO nr. 13 – Blaðka: dýpt skerðingar í blaðrönd (á efri hluta laufblaðs)

CPVO nr. 14 – Blaðka: lögun í þversniði

CPVO nr. 19 – Hnúðkál: fjöldi innri laufblaða.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/908 2025/EES/10/29

frá 17. janúar 2024

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti fastra sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er komið á fót tíu sérfræðinganefndum sem bera ábyrgð á því að leggja fram vísindalegar álitsgerðir Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), hver innan síns verksviðs. Á meðan þessara nefnda er sérfræðinganefnd um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu.

2) Sérfræðinganefndin um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu stendur frammi fyrir erfiðleikum við að hafa stjórn á vinnuálagi sínu, einnig að því er varðar þá sérfræðikunnáttu sem þarf, vegna þess að samfelld þróun á sviði tækni og vísinda hefur aukið flækjustig áhættumatsferlisins ásamt því að þörf er á að samþykkja mörg vísindaleg álit ár hvert.

3) Til samræmis við það lagði Matvælaöryggisstofnunin beiðni fyrir framkvæmdastjórnina 1. ágúst 2023 um að skipta upp sérfræðinganefndinni um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu svo úr verði tvær nýjar nefndir. Markmiðið með þessari skiptingu er að takast á við beiðnir um veitingu vísindalegra álita á sviði ensíma í matvælum sem bíða afgreiðslu í ljósi aukna vinnuálagsins sem og vísindalegs og tæknilegs flækjustigs áhættumatsferlisins, m.a. í þeim tilgangi að styðja við vinnu framkvæmdastjórnarinnar við að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyfð ensím í matvælum, meðan vinnu við málefni sem varða snertiefni matvæla er haldið áfram.

4) Búist er við að stofnun þessara tveggja nýju nefnda bæti rekstrarhagkvæmni og skilvirkni vísindalegs starfs Matvælaöryggisstofnunarinnar sem endurspeglar þróun á sviði tækni og vísinda á viðkomandi sviðum. Verkefni nýju nefndanna ættu að beinast að sviðum ensíma í matvælum og snertiefna matvæla sem krefst ítarlegri sérfræðiþekkingar í samsetningu nefndanna samhliða því að stutt er við skilvirka dreifingu vinnuálags.

5) Því er viðeigandi og nauðsynlegt að skipta sérfræðinganefndinni um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu í tvær nýstofnaðar nefndir, annars vegar „nefnd um ensím í matvælum“ og hins vegar „nefnd um snertiefni matvæla“. Mat á hjálparefnum við vinnslu gæti fallið undir ábyrgð beggja nýstofnuðu nefndanna með hliðsjón af eðli hjálparefnanna við vinnslu sem fjallað er um og fyrirhugaða notkun þeirra. Því er ekki nauðsynlegt að heiti nýstofnuðu nefndanna innihaldi vísun til hjálparefna við vinnslu til að tryggja sveigjanleika við að úthluta mati á þeim til þeirrar nefndar sem er mest viðeigandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/908, 20.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj

6) Yfirstandandi skipunartíma sérfræðinganefndarinnar um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu lýkur 30. júní 2024. Nýju nefndirnar ættu að hefja störf frá og með 1. júlí 2024. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2024.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 178/2002 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fyrstu undirgrein 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er breytt sem hér segir:

1) Í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) nefnd um ensím í matvælum,“

2) Eftirfarandi k-lið er bætt við:

„k) nefnd um snertiefni matvæla.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gildir frá 1. júlí 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/246 **2025/EES/10/30**

frá 16. janúar 2024

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar *Pythium oligandrum* af stofni M1, *Trichoderma atroviride* af stofni AGR2 og *Trichoderma atroviride* af stofni AT10 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Engin tiltekin hámarksgildi leifa hafa verið fastsett fyrir *Pythium oligandrum* af stofni M1, *Trichoderma atroviride* af stofni AGR2 og *Trichoderma atroviride* af stofni AT10. Af þessum sökum gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, fyrir þessi virku efni.

2) Samþykkið fyrir virka efninu *Pythium oligandrum* af stofni M1 var endurnýjað með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2314 ([2]). Við ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([3]) komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að þeirri niðurstöðu ([4]) að tilteknar upplýsingar vantaði að því er varðar fæðutengt áhættumat fyrir neytendur og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Eins og sett er fram í endurnýjunarskýrslunni fyrir þetta virka efni ([5]), í tengslum við áhættumat samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, er *Pythium oligandrum* af stofni M1 ekki sjúkdómsvaldandi fyrir menn, ekki er búist við að það framleiði eiturefni sem skipta máli fyrir heilbrigði manna og áhætta fyrir menn af völdum umbrotsefna er óveruleg. Að teknu tilliti til ritrýninnar á áhættumatinu á varnarefnum með virka efninu *Pythium oligandrum* af stofni M1, endurnýjunarskýrslunnar og 5. gr. og a-, c- og d-liðar 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 er ekki þörf á að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þetta virka efni og því er rétt að færa *Pythium oligandrum* af stofni M1 á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/246, 17.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 263/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

c) vöktun akstursumhverfis með því að greina hluti og atvik, ásamt því að bera kennsl á, flokka og undirbúa viðbrögð (starfræksla og úthugsuð aðgerð),

d) framkvæmd viðbragða við hlutum og atvikum (starfræksla og úthugsuð aðgerð),

e) fyrirhuguð hreyfing (úthugsuð aðgerð),

f) meiri sýnileika með notkun lýsingar, flautu, merkjasendinga eða látbragðs (úthugsuð aðgerð).

3.1.4. Háþróaða truflunarvarakerfið skal ekki afvirkjast sjálfkrafa við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í lið 3.5, en heimilt er að viðvaranir um truflun, sem háþróaða truflunarvarakerfið gefur frá sér, afvirkist sjálfkrafa. Viðvaranir um truflun ættu að endurvirkjast sjálfkrafa um leið og skilyrðin, sem leiddu til þess að þær afvirkjuðust, eru ekki lengur fyrir hendi.

3.1.5. Heimilt er að viðvaranir um truflun, sem háþróaða truflunarvarakerfið gefur frá sér, afvirkist sjálfkrafa við skilyrði þegar viðvörun berst frá öðru hjálparkerfi fyrir ökumenn um yfirvofandi hættu eða hættulegar aðstæður, en þetta er ekki skilyrði fyrir því að háþróaða truflunarvarakerfið afvirkist sjálfkrafa. Viðvaranir um truflun ættu að endurvirkjast sjálfkrafa um leið og skilyrðin, sem leiddu til þess að þær afvirkjuðust, eru ekki lengur fyrir hendi.

3.1.6. Háþróaða truflunarvarakerfið, þ.m.t. viðvaranakerfi notendaskila, skal sjálfkrafa endurheimt í venjulegan notkunarham í hvert sinn sem aðalstýrirofi ökutækisins er virkjaður. Framleiðandi ökutækisins getur innleitt og bætt við öðrum skilyrðum í tengslum við sjálfvirka endurheimt.

3.2. **Umhverfisskilyrði**

3.2.1. Háþróaða truflunarvarakerfið skal starfa með skilvirkum hætti að degi sem nóttu til.

3.3. **Vöktun á truflun ökumanns**

3.3.1. Háþróaða truflunarvarakerfið skal vakta sjónátt ökumanns (e. *driver´s gaze*) innan þýðingarmiklu svæðanna sem um getur í liðum 3.3.1.1–3.3.1.3.

Sjónátt ökumanns telst hefjast frá viðmiðunarpunkti fyrir augu sem er skilgreindur með eftirfarandi hætti:

Að því er varðar ökutæki í flokkum M og N skal viðmiðunarpunktur fyrir augu vera miðja sjónpunkta ökumanns, eins og skilgreint er í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46 ([2]) (um búnað til að auka sjónsvið). Hnit augnpunktsins er því 635 mm lóðrétt yfir R-punkti ökumannssætisins (R-punkturinn hefur þegar verið ákvarðaður með tilliti til viðmiðunarmerkjanna sem framleiðandi ökutækisins hefur tilgreint).

([2]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46 um búnað til að auka sjónsvið: https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/780cbf09-1ec1-11e4-8c3c-01aa75ed71a1.


Að því er varðar ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3, sem byggjast ekki á flokki M_1, getur viðmiðunarpunktur fyrir augu verið augnpunkturinn E2 eins og hann er skilgreindur í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 167 um beint sjónsvið ([3]). Augnpunkturinn E2 er punktur sem táknar miðpunktinn á milli miðju vinstra og hægra auga ökumanns og hann jafngildir fjarlægð frá hælpunkti eldsneytisgjafar um 1163,25 mm á Z-ás og 678 mm aftur á bak á X-ás. Staðsetning augnpunktsins E2 á Y-ásnum er á lóðréttu plani, samsíða lengdarmiðjuplaninu og sker miðju ökumannssætisins.

3.3.1.1. Svæði 1 felur í sér skörun eftirfarandi sviða:

a) þaks ökutækisins,

b) alls svæðis í ökutækinu sem er utan lóðréttu plananna tveggja (að því er varðar sjónarhorn ökumanns fram á við með 0° horni), þar sem einu þeirra er snúið +55° (til hægri) og hinu er snúið –55° (til vinstri) í tengslum við lengdarstefnu ökutækisins, en bæði plönin skerast á viðmiðunarpunkti fyrir augu eins og skilgreint er hér að neðan.

Á myndunum hér að neðan er stýrið vinstra megin.




3.3.1.2. Svæði 2 felur í sér sameiningu eftirfarandi sviða:

a) framrúðu og glugga,

b) 10° horns umhverfis framrúðu og glugga miðað við viðmiðunarpunkt fyrir augu.

Á myndinni hér að neðan er stýrið vinstra megin.



3.3.1.3. Svæði 3 felur í sér sérhvert svæði sem er undir plani, sem er 30° niður á við frá viðmiðunarpunkti fyrir augu ökumanns, og sem hefur víxlverkun við svæði 1 og 2 sem lýst er hér á eftir:


a) sjálfgefið er að sérhvert svæði í svæði 1 er undanskilið frá svæði 3,


b) sjálfgefið er að sérhvert svæði í svæði 2 er undanskilið frá svæði 3,

c) framleiðandi ökutækis getur valið að telja hluta svæðis 1 og/eða 2 með í svæði 3.

([3]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 167 um beint sjónsvið, í gagnasafni 2022–2023 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*): https://unece.org/sites/default/files/2022-10/ECE_TRANS_WP.29_2022_140r1e.pdf.

Á myndinni hér að neðan er stýrið vinstra megin.





(Á neðstu myndinni er sýnt tilvik þar sem neðsti hluti svæðis 2 (framrúða auk 10°) er 30° undir lóðrétta sjónarhorninu)

3.3.1.4. Svæði er alltaf bætt við eða undanskilið frá öðru svæði út frá viðmiðunarpunkti fyrir augu ökumanns. Þetta þýðir að nota þarf hornhnitið en ekki svæðishnitið þegar svæðum er varpað saman.

Að vörpun lokinni er hægt að nota svæðishnitið til að lýsa svæðinu sem myndar útkomuna og einfalda lýsingu þess.

3.3.2. *Viðvaranir og aðstæður sem falla undir háþróaða truflunarvarakerfið*

3.3.2.1. Vara skal ökumanninn við um leið og bæði eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) hraði ökutækisins er a.m.k. 50 km/klst.,

b) sjónátt ökumanns beinist að svæði 3 í að hámarki 3,5 sekúndur við aðstæður sem búist er við. Við aðstæður sem ekki er búist við, sem settar eru fram í lið 1.3 í 3. hluta, geta tímamörk vegna aðstæðna sem búist er við lengst um 1,5 sekúndu til viðbótar.

Þegar skilyrðin, sem tilgreind eru í b-lið, eru prófuð þarf að bæta við meiri jöfnunartíma til að bæta upp fyrir tæknilega mælióvissu.

3.3.2.2. Vara skal ökumanninn við um leið og bæði eftirfarandi skilyrði hafa verið sannprófuð:

a) hraði ökutækisins er a.m.k. 20 km/klst.,

b) sjónátt ökumanns beinist að svæði 3 í að hámarki sex sekúndur við aðstæður sem búist er við. Við aðstæður sem ekki er búist við, sem settar eru fram í lið 1.3 í 3. hluta, geta tímamörk vegna aðstæðna sem búist er við lengst um 1,5 sekúndu til viðbótar.

Þegar skilyrðin, sem tilgreind eru í b-lið, eru prófuð þarf að bæta við meiri jöfnunartíma til að bæta upp fyrir tæknilega mælióvissu.

3.3.2.3. Mæla skal hversu lengi sjónátt ökumanns beinist að svæði 3 þegar háþróaða truflunarvarakerfið er virkt. Þessi tímalengd er mæld óháð hraða ökutækisins, svo lengi sem háþróaða truflunarvarakerfið er virkt og getur mælt hana.

3.3.2.4. Ekki skal endurstilla tímalengdina þegar sjónátt ökumanns beinist að svæði 3 vegna mögulegra gervinga í myndvinnslunni eða þegar sjónátt beinist að svæði 3, út fyrir það og aftur að því í stutta stund. Framleiðandi ökutækis skal ákvarða leyfileg vikmörk fyrir tíma í atburðunum sem lýst er, þar sem lágmark vikmarka fyrir tíma eru 50 millísekúndur (augnrykkir).

3.3.2.5. Framleiðandi ökutækis getur valið að setja lægri kröfur um lágmarkshraða í aðstæðunum sem um getur í liðum 3.3.2.1 og 3.3.2.2.

3.3.2.6. Framleiðandi ökutækis getur notað viðbótaráætlanir til að veita viðvaranir, sem byggjast á viðbótargögnum sem hjálpa kerfinu að túlka atferli ökumannsins, vitsmunalegar truflanir eða nánasta umhverfi innan ökutækisins.

3.4. **Kröfur fyrir notendaskil**

3.4.1. *Eðli viðvörunar*

3.4.1.1. Eins fljótt og auðið er, eftir að viðbragðshegðun hefur átt sér stað, skal ökumaðurinn upplýstur með sjónrænni viðvörun og honum gert viðvart með hljóðrænni viðvörun og/eða snertiskynsviðvörun frá háþróaða truflunar-varakerfinu, sem unnt er að endurtaka með tilbrigðum og magna, þar til skilyrðin, sem sett eru fram í liðum 3.3.2.1, 3.3.2.2 eða 3.3.2.6, eru ekki lengur uppfyllt.

Viðvörunin telst hefjast þegar ökumaðurinn fær hljóðræna viðvörun eða snertiskynsviðvörun.

3.4.1.2. Heimilt er að breyta viðvöruninni sem ökumaðurinn fær til að greiða fyrir áætlun til að veita viðvörun sem byggir á fyrri atburðum, atferli ökumanns, ástandi vega, veðri og öðrum viðeigandi samhengisbundnum upplýsingum. Allar breytingar á viðvörunum verða að uppfylla tæknilegu viðmiðin sem sett eru fram í liðum 3.4.2–3.4.4.2.

3.4.2. *Sjónræn viðvörun*

3.4.2.1. Sjónræn viðvörun skal staðsett þannig að hún sé ökumanninum auðsýnileg og auðgreinanleg að degi til og að nóttu til nýtist hún til að gefa honum viðvaranir í tengslum við athygli, að því tilskildu að hún rugli hann ekki.

3.4.2.2. Sjónræn viðvörun skal vera stöðugt eða blikkandi merki (t.d. gaummerki, sprettiskilaboð o.s.frv.).

3.4.3. *Hljóðræn viðvörun*

3.4.3.1. Ökumaðurinn skal geta auðveldlega greint hljóðrænu viðvörunina.

3.4.3.2. Meirihluti hljóðrænna viðvarana skal falla undir tíðnirófið 200–8 000 Hz og sveifluvíddarbilið 50–90 dB. Framleiðandi ökutækis getur stillt sveifluvíddina með hliðsjón af hávaðastiginu í umhverfinu.

3.4.3.3. Ef talviðvaranir eru notaðar skal orðaforðinn, sem er notaður, vera í samræmi við hvers konar texta sem er notaður sem hluti af sjónrænni viðvörun.

3.4.3.4. Heyranlegi hluti viðvörunarinnar skal vara í a.m.k. þann tíma sem gerir ökumanninum kleift að skilja hana.

3.4.4. *Snertiskynsviðvörun*

3.4.4.1. Snertiskynsviðvörunin skal vera þannig að ökumaðurinn greini hana og skal hún veitt, með beinum eða óbeinum hætti, í gegnum skilflöt sem ætlað er að beina athygli ökumannsins aftur að akstursverkefninu.

3.5. **Viðvörun um bilun í háþróuðu truflunarvarakerfi**

3.5.1. *Varanlegar bilanir*

3.5.1.1. Þegar um er að ræða varanlega bilun í háþróaða truflunarvarakerfinu skal stöðugt sjónrænt viðvörunarmerki um bilun gefið.

3.5.1.2. A.m.k. ein sjálfsprófun á háþróaða truflunarvarakerfinu skal fara fram áður en það er starfhæft. Ef um er að ræða rafgreinanlega bilun skal ökumanni síðan gert viðvart með viðvörunarmerki um bilun.

3.5.1.3. Kerfið skal bera kennsl á ótímabundna skyggingu skynjara og birta viðvörunarmerki um bilun, eins og mælt er fyrir um í lið 3.5.1.1. Skygging skynjara tekur a.m.k. til þess þegar ekkert ljós mælist með skynjaranum þegar háþróaða truflunarvarakerfið er virkt.

3.5.1.4. Bilanir sem virkja viðvörunarmerkið en greinast ekki þegar háþróaða truflunarvarakerfið er óvirkt skulu geymdar eftir greiningu og viðvörunarmerkið skal halda áfram að birtast við ræsingu ökutækisins, í hvert sinn sem aðalstýrirofi ökutækis er virkjaður, eins lengi og bilunin eða gallinn er fyrir hendi.

3.5.2. *Tímabundnar bilanir*

3.5.2.1. Þegar um er að ræða tímabundna bilun sem er ekki rafgreinanleg er heimilt að birta viðvörunarmerkið sem mælt er fyrir um í lið 3.5.1.

3.5.2.2. Ökumaður skal fá upplýsingar um núverandi takmarkanir háþróaða truflunarvarakerfisins og/eða dæmigerðar takmarkanir þess. Takmarkanirnar, sem vísað er til, eru þær sem valda því að virkni háþróaða truflunarvarakerfisins er tímabundið ófullnægjandi þar sem ekki greinist nóg af andlitsfalli ökumanns vegna þátta sem tengjast ökumanni, ökutæki, umhverfi eða öðrum þáttum sem hafa áhrif á frammistöðu háþróaða truflunarvarakerfisins og sem ekki er hægt að meðhöndla sem aðstæður sem ekki er búist við. Framleiðandi ökutækis getur deilt upplýsingunum með markvissum hætti með sjónrænni viðbótarviðvörun og/eða með passífum hætti með skriflegum upplýsingum.

3.6. **Ákvæði um reglubundnar prófanir á akstureiginleikum**

3.6.1. Að því er varðar reglubundnar prófanir á akstureiginleikum ökutækja skal vera mögulegt að sannprófa eftirfarandi þætti háþróaða truflunarvarakerfisins:

a) rétta virkni kerfisins með sjónrænni athugun á stöðu viðvörunarmerkisins um bilun eftir að aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður og með því að skoða allar ljósaperur; ef viðvörunarmerkið um bilun er birt á sameiginlegum fleti (svæði þar sem heimilt er að birta tvær eða fleiri upplýsingaaðgerðir eða -merki, en þó ekki samtímis), verður fyrst að ganga úr skugga um að sameiginlegi flöturinn sé virkur áður en stöðuathugun á bilunarviðvörunarmerkinu fer fram,

b) rétta virkni kerfisins og heilleika hugbúnaðarins, með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis á borð við þann sem mælt er fyrir um í 14. lið I. hluta III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([4]), ef tæknilegir eiginleikar ökutækis gera það mögulegt og nauðsynleg gögn eru gerð aðgengileg. Framleiðendur ökutækja skulu tryggja að tækniupplýsingarnar séu aðgengilegar fyrir rafrænan skilflöt ökutækisins í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 ([5]).

3.6.2. Þegar gerðarviðurkenning fer fram skal í mati á tæknigögnunum, skv. 3. hluta, lýsa í trúnaði þeim úrræðum sem framleiðandi ökutækisins hefur valið til að verja virkni bilunarviðvörunarmerkisins gegn einföldum óheimiluðum breytingum. Að öðrum kosti telst þessi krafa um vörn uppfyllt ef annað kerfi er fyrir hendi til að fylgjast með því hvort háþróaða truflunarvarakerfið starfi rétt.

2. HLUTI

PRÓFUNARAÐFERÐIR FYRIR ÚRTAKSPRÓFANIR GERÐARVIÐURKENNINGARYFIRVALDA OG TÆKNIÞJÓNUSTU Á HÁÞRÓUÐUM TRUFLUNARVARAKERFUM

1. ***Almennar kröfur varðandi úrtaksprófanir***

1.1. Framkvæma skal úrtaksprófanir við skilyrði sem tryggja að háþróaða truflunarvarakerfið sé starfhæft og fært um að birta allar viðvaranir. Herma má eftir skilyrðunum til að greiða fyrir prófuninni.

1.2. **Prófunarbúnaður**

1.2.1. Ökutæki, sem til greina kemur að veita gerðarviðurkenningu, í sjálfgefinni útfærslu.

Í þessu samhengi á sjálfgefin útfærsla við um ökutæki með hreyfanlega hluti (þ.e. sem ökumaður getur breytt án þess að þurfa utanaðkomandi aðstoð) sem geta breytt útsýni ökumanns eða aðgengi að meira rými innan í framrýminu (þ.m.t. þakinu).

Sjálfgefna útfærslan fyrir prófunina skal gera ökumanni kleift að sjá og hafa áhrif á helstu miðpunkta sjónsviðs á svæði 3, eins og sett er fram í lið 1.4.2, og lágmarka umhverfisáhrif eins og sólarljós, vind og rigningu.

1.2.2. Búnaður sem getur ákvarðað birtan hraða prófunarökutækis (raunverulegan eða hermdan) að ± 1 km/klst. til að skrá og staðfesta kröfuna um hraða sem mælt er fyrir um í lið 1.5.1.

1.2.3. Nægilegur fjöldi af aukamyndavélum sem eru staðsettar þannig að þær veita yfirsýn yfir prófunarskilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. lið.

1.3. **Prófunarþættir**

1.3.1. Við prófun skal a.m.k. einn ökumaður sitja í ökumannssætinu.

Ökumaðurinn skal hafa eiginleikana sem mælt er fyrir um í liðum 1.3.1.1–1.3.1.4.

1.3.1.1. Ökumaðurinn skal sitja þannig að stilling sætis og stýrishjóls hæfi honum til aksturs þannig að augun séu í línu við viðmiðunarpunkt fyrir augu, en framleiðandi ökutækis getur valið annað hvort af eftirfarandi:

a) ± 100 mm langsum og ± 50 mm lóðrétt frá viðmiðunarpunkti fyrir augu,

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 frá 17. apríl 2019 um þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir prófun á akstursháefni varðandi þau atriði sem á að prófa, um notkun á þeim prófunaraðferðum sem mælt er með og um að koma á ítarlegum reglum um gagnasnið og málsmeðferðarreglur um aðgang að viðkomandi tæknilegum upplýsingum (Stjtíð. ESB L 108, 23.4.2019, bls. 5).

b) byggt á viðeigandi kröfu til að tilgreina mögulega staðsetningu á augnpunkti ökumanns kringum viðmiðunarpunkt fyrir augu, ásamt því að tryggja að náð sé yfir svæði sem er svipað eða stærra en það sem lýst er í a-lið hér að framan.

1.3.1.2. Hvorki gleraugu né búnaður á höfði, þ.m.t. höfuðfatnaður eða gríma.

1.3.1.3. Engin andlitshár nema augabrúnir.

1.3.1.4. Framleiðandi ökutækis getur valið að heimila að ökumenn hafi einn eða fleiri af eiginleikunum sem settir eru fram í liðum 1.3.1.2 og 1.3.1.3. Framleiðandi ökutækis getur valið að stækka svæðið fyrir augnpunkt ökumanns sem sett er fram í lið 1.3.1.1.

1.4. **Miðpunktar sjónáttar**

1.4.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja til viðeigandi staðsetningu á miðpunktum sjónsviðs sem á að prófa samkvæmt rúmfræðilegum takmörkunum og takmörkunum vegna hönnunar í stýrishúsi ökutækisins sem til greina kemur að veita gerðarviðurkenningu.

1.4.2. Úrtaksprófunin skal ná yfir a.m.k. einn miðpunkt sjónsviðs á öllum eftirfarandi svæðum, ef þau eru til staðar í ökutækinu, og, ef mögulegt er, innan svæðis 3, eins og sett fram í lið 3.3.1.3 í 1. hluta:

a) vinstra hné ökumanns,

b) hægra hné ökumanns,

c) kjöltu ökumanns,

d) fótarými farþega eða svipaða staðsetningu þegar litið er niður að fremra lægra svæðinu í ökutækinu til vinstri eða hægri frá ökumannssætinu,

e) yfirborði farþegasætis eða svipaða staðsetningu þegar litið er niður til vinstri eða hægri frá ökumannssætinu í átt að yfirborðinu, sem ætlað er sem sæti fyrir farþega, geymsla fyrir vörur eða til að greiða fyrir að farþegar geti hreyft sig í ökutækinu,

f) hanskahólfi eða svipaðri staðsetningu í 30° (lóðréttu) horni frá hinni hliðinni (frá ökumannssætinu) í framrými ökutækisins,

g) loftunaropi beint til vinstri við ökumanninn,

h) loftunaropi beint til hægri við ökumanninn,

i) klasa stjórntækja, að frátöldum sjónlínuskjá og skjá sem nær þvert yfir neðsta hluta framrúðunnar,

j) stýrishjóli þegar það er búið tökkum til að stjórna upplýsinga- og afþreyingarkerfi eða hjálparkerfum,

k) gírstöng,

l) stýribúnaði fyrir hitun, loftræstingu og loftjöfnun,

m) skjá fyrir afþreyingarkerfi,

n) miðstokk, sem er fremra svæðið nálægt mælaborðinu ef enginn annar miðpunktur sjónsviðs, sem um getur í a- til m-lið, nær yfir það.

1.4.3. Ef ökumaður er staðsettur fyrir miðju eða nálægt miðju framrýmis og hin hliðin (til hliðar við ökumann) í framrými ökutækis samsvarar tveimur mögulegum svæðum til vinstri eða hægri við staðsetningu ökumanns skal tækniþjónustan velja annað hvort af eftirfarandi:

a) að skipta sjónátt í vinstri og hægri hluta miðpunkts sjónsviðs,

b) einungis ef hægt er að skipta niður fleiri en einum miðpunkti sjónsviðs, að skiptast á að nota vinstri hluta fyrir ákveðinn miðpunkt sjónsviðs og hægri hluta fyrir annan miðpunkt sjónsviðs, til að ná yfir vinstri og hægri hlið minnst einu sinni (fyrir hvora hlið).

1.5. **Hraði við prófun**

1.5.1. Prófa skal alla miðpunkta sjónáttar a.m.k. einu sinni á bilinu 20–35 km/klst. og einu sinni á bilinu 50–65 km/klst.

1.6. **Umhverfisskilyrði**

1.6.1. Framkvæma skal prófanirnar á ökutækinu við raunveruleg eða hermd ytri starfræksluskilyrði að degi og nóttu til.

Kerfi sem dagsljós hefur ekki áhrif á má prófa annaðhvort að degi eða nóttu til.

1.6.1.1. Ef prófun er framkvæmd á prófunarbraut:

a) að degi til: prófun skal hefjast eftir sólarupprás og fyrir sólarlag,

b) að nóttu til: prófun skal hefjast eftir sólarlag og fyrir sólarupprás.

1.6.1.2. Ef um er að ræða prófun sem framkvæmd er í vegaumhverfi sem hermt er eftir:

a) að degi til: skilyrði með dreifðri umhverfislýsingu (ISO 15008: 2017),

b) að nóttu til: skilyrði með lítilli umhverfisbirtu þar sem aðlögunarstig ökumannsins verður aðallega fyrir áhrifum af þeim hluta vegarins fram undan sem framljós ökutækisins lýsa upp og nærliggjandi götuljósum, ásamt birtustigi skjás og mælitækja (ISO 15008: 2017).

1.7. **Ákvörðun á tímamörkum fyrir viðvaranir**

1.7.1. Helstu viðmiðunarmörk fyrir að gefa viðvörun um truflun:

Viðvörun ætti að fara í gang í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í liðum 3.3.2.1 og 3.3.2.2 í 1. hluta, og vöktunarmæliþættirnir eru miðpunktar sjónáttar, sem settir eru fram í lið 1.4.2 í 2. hluta.

2. ***Tilhögun úrtaksprófana***

2.1. Ökumaðurinn skal fá fyrirmæli um virkni kerfisins. Skrá skal fyrirmælin með skýrum hætti í málsskjölin sem framleiðandi ökutækisins afhendir gerðarviðurkenningaryfirvöldum og tækniþjónustu í samræmi við 3. hluta.

2.2. Ef kvarða þarf háþróaða truflunarvarakerfið eftir frumstillingu þess skal kvörðunarferlið fara fram við grunnakst ursaðstæður án nokkurs sem getur valdið truflun.

2.3. **Prófun miðpunkta sjónáttar**

2.3.1. Með aðstoð prófunaraðferðarinnar skal greina í hvert skipti sem sjónátt ökumannsins beinist frá akstrinum í langan og samfelldan tíma. Greining þessara atburða hefst þegar bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) ökutækið greinir hraðann sem á að prófa skv. lið 1.5.1,

b) háþróaða truflunarvarakerfið metur að ökumaðurinn sé ekki annars hugar í a.m.k. 60 sekúndur.

2.3.2. Yfirvaldið, sem ber ábyrgð á gerðarviðurkenningunni, getur valið í hvaða röð miðpunktar sjónsviðs eru prófaðir.

2.3.3. Meðan á prófun stendur ættu aðgerðir ökumanns að takmarkast við þær sem venjulega er gert ráð fyrir á viðkomandi miðpunktum sjónsviðs.

2.3.4. Prófa skal alla miðpunkta sjónsviðs sem eru úthlutaðir svæðunum sem sett eru fram í lið 1.4.2.

2.3.5. Mæling á hverjum einstökum miðpunkti sjónáttar hefst um leið og kerfið metur að ökumaðurinn hafi ekki verið annars hugar í a.m.k. 15 sekúndur.

2.3.6. Framleiðandi ökutækis getur, með gögnunum sem um getur í 3. hluta, látið í té upplýsingar um mikilvægustu atferlin/athafnirnar sem teljast ekki til truflana að því er varðar þessa prófun.

2.3.7. Ökumaðurinn fær þau fyrirmæli að beina sjónátt að miðpunkti sjónsviðs og fylgja kröfunni í lið 2.3.3 eins vel og unnt er.

2.3.8. Sjónátt ökumannsins skal beinast að miðpunkti sjónsviðs þar til viðvörun berst eða a.m.k. þrjár sekúndur eru liðnar af tímanum sem áætlað er að líði þar til viðvörun berst.

2.3.9. Eftir að hver einstakur miðpunktur sjónsviðs hefur verið mældur skal kerfið meta að ökumaðurinn hafi ekki verið annars hugar í a.m.k. 15 sekúndur áður en næsti miðpunktur sjónsviðs er mældur.

3. ***Niðurstöður úr prófun***

3.1. Meðhöndla skal mælingarnar sem falsneikvæðar þegar sjónátt ökumannsins beinist að miðpunkti sjónsviðs sem er innan svæðis 3, eins og sett er fram í lið 3.3.1.3 í 1. hluta, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í lið 3.3.2.1 í 1. hluta og ef engin viðvörun um truflun er gefin innan fjögurra sekúndna (þ.m.t. 0,5 sekúndna jöfnunartíma vegna óvissu).

Mæling getur farið frá því að vera falsneikvæð í „á ekki við“ ef kerfi úr öðru ökutæki gefur frá sér hljóðræna viðvörun eða snertiskynsviðvörun, innan þess tíma sem er áætlaður fyrir háþróað truflunarvarakerfi, sem tengist mati á atferli ökumanns, sem um getur í lið 2.3.6.

3.2. Meðhöndla skal mælingarnar sem falsneikvæðar þegar sjónátt ökumannsins beinist að miðpunkti sjónsviðs sem er innan svæðis 3, eins og sett er fram í lið 3.3.1.3 í 1. hluta, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í lið 3.3.2.2 í 1. hluta og ef engin viðvörun um truflun er gefin innan 6,5 sekúndna (þ.m.t. 0,5 sekúndna jöfnunartíma vegna óvissu).

Mæling getur farið frá því að vera falsneikvæð í „á ekki við“ ef kerfi úr öðru ökutæki gefur frá sér hljóðræna viðvörun eða snertiskynsviðvörun, innan þess tíma sem er áætlaður fyrir háþróað truflunarvarakerfi, sem tengist mati á atferli ökumanns, sem um getur í lið 2.3.6.

4. ***Endurprófunaraðferð til að sía ófullkomið mat á mannlegu atferli***

4.1. Framkvæma verður endurprófunaraðferðina að hámarki tvisvar fyrir hvern miðpunkt sjónsviðs, sem var metinn sem falsneikvæður, í samræmi við lið 3.1, og sem var prófaður á bilinu 50–65 km/klst., og að hámarki tvisvar fyrir miðpunkt sjónsviðs sem var metinn sem falsneikvæður, í samræmi við lið 3.2, og sem var prófaður á bilinu 20–35 km/klst.

4.2. Við framkvæmd endurprófunaraðferðarinnar verður að fylgja þrepunum í prófunaraðferðinni sem sett er fram í liðum 2.1–2.3.9, aðlöguð sem hér segir:

a) í skránni yfir miðpunkta sjónsviðs eru einungis miðpunktar sjónsviðs sem voru áður flokkaðir sem falsneikvæðir,

b) við hverja endurprófun á tilteknum miðpunkti sjónsviðs verður ökumaðurinn að framkvæma aðra aðgerð sem tengist truflun.

Tækniþjónusta getur notað sama eða annan ökumann, að því tilskildu að ökumaðurinn uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.3.1.1–1.3.1.4.

5. ***Lokaniðurstöður úr prófunum***

5.1. Mælingar, sem gerðar eru með endurprófunaraðferðinni, skulu teljast ófullnægjandi ef miðpunktur sjónsviðs er endurprófaður og metinn tvisvar sem falsneikvæður, í samræmi við lið 3.1, og var prófaður á milli 50–65 km/klst. Þegar falsneikvæðum miðpunkti sjónsviðs er breytt í „á ekki við“ eða sannjákvæðan miðpunkt sjónsviðs skal ekki lengur líta á hann sem falsneikvæðan og telst hann ekki vera ófullnægjandi. Ef ein endurprófun hefur farið fram á miðpunkti sjónsviðs og niðurstaðan var falsneikvæð skal önnur endurprófun fara fram.

5.2. Mælingar, sem gerðar eru með endurprófunaraðferðinni, skulu teljast ófullnægjandi ef miðpunktur sjónsviðs er endurprófaður og metinn tvisvar sem falsneikvæður, í samræmi við lið 3.2, og var prófaður á milli 20–35 km/klst. Þegar falsneikvæðum miðpunkti sjónsviðs er breytt í „á ekki við“ eða sannjákvæðan miðpunkt sjónsviðs skal ekki lengur líta á hann sem falsneikvæðan og telst hann ekki vera ófullnægjandi. Ef ein endurprófun hefur farið fram á miðpunkti sjónsviðs og niðurstaðan var falsneikvæð skal önnur endurprófun fara fram.

6. ***Samþykktarviðmiðanir***

6.1. **Sannprófun með úrtaksprófunum á því hvort allar tæknilegar kröfur fyrir háþróuð truflunarvarakerfi séu uppfylltar**

6.1.1. Ófullnægjandi viðmiðun:

Háþróað truflunarvarakerfi skal ekki teljast hafa staðist úrtaksprófunina ef ein eða fleiri mælingar eru ófullnægjandi, í samræmi við 5. lið, á meðal allra miðpunkta sjónáttar, sem settir eru fram í lið 1.4.2 í 2. hluta, sem eru prófaðir í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 2. lið og hugsanlega endurprófaðir í samræmi við 4. lið.

6.1.2. Fullnægjandi viðmiðun:

Háþróað truflunarvarakerfi skal teljast hafa staðist úrtaksprófunina ef ófullnægjandi viðmiðunin, sem sett er fram í lið 6.1.1, er ekki uppfyllt.

3. HLUTI

AÐFERÐIR VIÐ MAT Á TÆKNIGÖGNUM FRÁ FRAMLEIÐANDA ÖKUTÆKIS SEM SKAL LEGGJA FYRIR VIÐURKENNINGARYFIRVÖLD OG TÆKNIÞJÓNUSTU

1. ***Upplýsingamappa***

1.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja upplýsingamöppu fyrir viðurkenningaryfirvaldið og tækniþjónustuna sem inniheldur gögn um frammistöðu háþróaða truflunarvarakerfisins.

1.2. Í upplýsingamöppunni skal vera lýsing á kerfisvirkninni, í samræmi við 2. lið, og fullgildingarferli kerfisins, í samræmi við 3. lið.

1.3. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram lýsingu á takmörkunum kerfisins. Þessar takmarkanir geta verið en takmarkast ekki við þætti sem tengjast ökumanni, ökutæki eða umhverfi og geta dregið úr frammistöðu háþróaða truflunar-varakerfisins.

1.4. Framleiðandi ökutækis skal, innan lýstra takmarkana kerfisins, veita upplýsingar um mat á frammistöðu háþróaða truflunarvarakerfisins, sem byggist á endurteknum prófunum, þar sem lýst er hvernig kerfið er fært um að vakta truflun ökumanns og gefa viðeigandi viðvaranir.

1.5. Afhenda skal gerðarviðurkenningaryfirvaldinu og tækniþjónustunni upplýsingamöppuna áður en úrtaksprófunin, sem sett er fram í 2. lið 2. hluta, er framkvæmd.

2. ***Kerfisvirkni háþróaða truflunarvarakerfisins***

2.1. Í upplýsingamöppunni, þar sem lýst er nákvæmlega hvernig háþróaða truflunarvarakerfið virkar, skal vera eftirfarandi:

a) útskýring á virkjunar-, endurvirkjunar- og afvirkjunaraðgerðum kerfisins, að meðtöldu hraðasviði viðkomandi ökutækis,

b) skrá yfir hvers konar ílag kerfisins sem inniheldur allar breytur sem eru notaðar til að mæla truflun ökumanns,

c) lýsing á því hvernig breyturnar virka og vakta aksturslag, þ.m.t., ef við á, tengslin milli aðalbreytna og aukabreytna/varabreytna,

d) lýsing á viðbragðshegðun í akstri sem kerfið vaktar,

e) lýsing á svæðinu kringum hugsanlegan viðmiðunarpunkt fyrir augu fyrir kerfið og, ef notuð er tilvísun í staðal, svæðið þangað sem búist er við að ökumaður beini augunum, eins og sett er fram í b-lið liðar 1.3.1.1 í 2. hluta,

f) lýsing (textalýsing, skýringarmynd, tækniteiknun eða önnur viðeigandi úrræði) á svæðinu í stýrishúsi ökutækis, sem í kerfinu telst vera svæði 1, 2 og 3, í samræmi við lið 3.3.1 í 1. hluta, til að meta truflun ökumanns,

g) svæðið eða svæðin sem afmarka staðsetningu miðpunkta sjónáttar við úrtaksprófun í stýrishúsi ökutækisins í samræmi við lið 1.4.2 í 2. hluta,

h) skjal með nánari upplýsingum um íhlutina í notendaskilum kerfisins og fyrirhugaðri virkni þeirra, þ.m.t. eftirfarandi:

i. gögn um samræmi við kröfur notendaskila háþróaða truflunarvarakerfisins, í samræmi við lið 3.4 í 1. hluta, og rökstuðning ef framleiðandi ökutækis velur að fylgja ekki tilmælunum sem sett eru fram í lið 3.4.3.2 í 1. hluta,

ii. ef við á, lýsing á aðferðinni til að endurtaka með tilbrigðum eða magna viðvörunarmerkin í tilvikum þar sem ökumaðurinn bregst ekki við truflunarviðvörunum sem eru gefnar.

i) lýsing á því hvernig hægt er að stilla háþróaða truflunarvarakerfið ef ökutækið er aðlagað fyrir ökumann með sérþarfir.

Í upplýsingamöppunni skal einnig vera skrá með lýsingu á kerfistakmörkunum, ásamt gögnum um hvernig þessar takmarkanir hafa áhrif á frammistöðu kerfisins.

2.2. Skráin yfir ílag kerfisins skal einungis afhent viðurkenningaryfirvaldinu eða tækniþjónustunni í því skyni að hún geti sannprófað háþróaða truflunarvarakerfið í tengslum við gerðarviðurkenningu.

2.3. Skráin yfir aukabreytur skal ekki send frá tækniþjónustunni til viðurkenningaryfirvaldsins.

3. ***Fullgilding háþróaða truflunarvarakerfisins***

3.1. Í upplýsingamöppunni, þar sem lýst er nákvæmlega hvernig háþróaða truflunarvarakerfið hafi hlotið fullgildingu innan þeirra takmarkana, sem settar eru fram í h-lið liðar 2.1, skal vera eftirfarandi:

a) gögn um frammistöðu kerfisins sem aflað er í endurteknum prófunum sem eru framkvæmdar með ökumönnum, þ.m.t. upplýsingar um fjölda metinna þátttakenda í prófuninni ásamt lýðfræðilegum upplýsingum þeirra, sem samanstanda af:

i. viðmiðun fyrir þátttöku eða útilokun þátttöku sem var notuð við val á þátttakendum, þar sem tryggt er að kerfið hafi verið skilvirkt, innan takmarkana þess, við val á dæmigerðum hluta íbúa í Sambandinu sem keyra,

ii. yfirlýsingu um hæfi þátttakenda að því er varðar lýðfræðilegan markhóp fyrir ökutækið (t.d. þátttakendur með gilt ökuskírteini til að stjórna ökutækinu sem háþróaða truflunarvarakerfið hefur verið uppsett í).

b) lýsing á prófunarskilyrðum sem voru metin, þ.m.t. upplýsingum um endurtekningar- og samanburðarnákvæmni prófunar,

c) gögn um að kerfið virki á skilvirkan hátt við veðurskilyrði og birtuskilyrði sem takmarka ekki starfrækslu þess;

3.2. Ef fullgilding var framkvæmd á öðru ökutæki skulu gögnin fela í sér upplýsingar sem tengja fullgildingarferlið við kröfur um gerðarviðurkenningu ökutækisins.

3.3. Ef fullgildingarprófunin var framkvæmd í ökuhermi skal framleiðandi ökutækisins skrá takmarkanir hennar með tilliti til raunverulegrar prófunar á opnum vegi í því skyni að prófa háþróaða truflunarvarakerfið. Slík skráning skal fela í sér eftirfarandi:

a) samanburð á aðalílagsgögnum, sem eru notuð fyrir háþróaða truflunarvarakerfið, úr herminum og aðalílagsgögnum frá ökutækinu við raunveruleg skilyrði,

b) greiningu á lögmæti niðurstaðna fullgildingarinnar sem hermt er eftir.

3.4. Ef fullgilding var framkvæmd sem hluti af rannsókn til að ákvarða hvort tæknilegu kröfurnar hafi verið uppfylltar eða til að bæta frammistöðu kerfisins fyrir gerðarviðurkenningu skulu gögnin fela í sér upplýsingar um breyturnar, þ.m.t. ásættanleikasvið, sem framleiðendur ökutækja nota til að fullvissa gerðarviðurkenningaryfirvöld um að háþróaða truflunarvarakerfið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

3.5. **Mat tækniþjónustunnar á upplýsingamöppu og prófunarskýrslu háþróaða truflunarvarakerfisins**

3.5.1. Tækniþjónustan skal tryggja að háþróaða truflunarvarakerfið, sem er uppsett í ökutækinu, sem óskað hefur verið eftir að hljóti gerðarviðurkenningu:

a) uppfylli tæknilegu viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 1. hluta, og

b) hafi staðist úrtaksprófunina, sem mælt er fyrir um í 2. hluta.

———

II. VIÐAUKI

BREYTING Á REGLUGERÐ (ESB) 2019/2144

Í stað línunnar fyrir kröfu E3 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„E3	Háþróaður truflunarvari	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 (*)	Einnig má taka tillit til þess að komið sé í veg fyrir truflun með tæknilegum hætti	C	C	C	C	C	C						

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 frá 13. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu tiltekinna vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi þeirra og um breytingu á þeirri reglugerð (Stjtíð. ESB L 2023/2590, 22.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2590/oj).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1721 **2025/EES/10/37**

frá 19. júní 2024

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar sniðmát fyrir viðurkenningu skynvædds hraðastillingarkerfis, þreytu- og athyglisvarakerfis, atvikarita, búnaðar sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss og háþróaðs truflunarvarakerfis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 ([1]), einkum 7. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 eiga vélknúin ökutæki að vera búin skynvæddum hraðastillingarkerfum, þreytu- og athyglisvarakerfum, atvikaritum, búnaði sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss og háþróuðum truflunarvarakerfum. Til að tryggja samræmda framkvæmd þeirrar reglugerðar er rétt að tilgreina upplýsingarnar sem skipta máli fyrir viðurkenningu hvers og eins þeirra kerfa.

2) Nauðsynlegt er að tryggja samræmda nálgun, einkum að því er varðar sértæku upplýsingarnar sem skipta máli fyrir viðurkenningu hvers og eins þeirra kerfa sem eiga að koma fram í upplýsingaskjalinu, sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ([2]), og í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

3) Enn fremur er þörf á samræmdum sniðmátum fyrir viðurkenningarskjölin til að tryggja skýrleika, fyrirsjáanleika og samræmi upplýsinganna, sem á að veita, og draga þannig úr stjórnsýslubyrði, bæði fyrir framleiðendur og viðurkenningaryfirvöld.

4) Í þessari reglugerð ætti því að mæla fyrir um sniðmát fyrir viðurkenningarskjöl að því er varðar skynvædd hraðastillingarkerfi, þreytu- og athyglisvarakerfi, atvikarita, búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss og háþróuð truflunarvarakerfi.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1721, 20.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/2144/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/858/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sniðmát fyrir upplýsingaskjal og gerðarviðurkenningarvottorð að því er varðar skynvætt hraðastillingarkerfi

1. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í I. hluta I. viðauka, sem upplýsingaskjal fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar skynvædd hraðastillingarkerfi og gerðarviðurkenningu þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar.

2. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í II. hluta I. viðauka, fyrir gerðarviðurkenningarvottorð vélknúinna ökutækja að því er varðar skynvædd hraðastillingarkerfi. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í III. hluta I. viðauka, fyrir gerðarviðurkenningarvottorð skynvæddra hraðastillingarkerfa sem aðskildar tæknieiningar.

2. gr.

Sniðmát fyrir upplýsingaskjal og gerðarviðurkenningarvottorð að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi

1. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í I. hluta II. viðauka, sem upplýsingaskjal fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi.

2. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í II. hluta II. viðauka, fyrir gerðarviðurkenningarvottorð vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi.

3. gr.

Sniðmát fyrir upplýsingaskjal og gerðarviðurkenningarvottorð að því er varðar atvikarita

1. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í I. hluta III. viðauka, sem upplýsingaskjal fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita og gerðarviðurkenningu atvikarita sem aðskildar tæknieiningar.

2. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í II. hluta III. viðauka, fyrir gerðarviðurkenningarvottorð vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í III. hluta III. viðauka, fyrir gerðarviðurkenningarvottorð atvikarita sem aðskildar tæknieiningar.

4. gr.

Sniðmát fyrir upplýsingaskjal og gerðarviðurkenningarvottorð að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengislása

1. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í I. hluta IV. viðauka, sem upplýsingaskjal fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengislása.

2. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í II. hluta IV. viðauka, fyrir gerðarviðurkenningarvottorð vélknúinna ökutækja að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengislása.

5. gr.

Sniðmát fyrir upplýsingaskjal og gerðarviðurkenningarvottorð að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi

1. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í I. hluta V. viðauka, sem upplýsingaskjal fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi.

2. Nota skal sniðmátið, sem mælt er fyrir um í II. hluta V. viðauka, fyrir gerðarviðurkenningarvottorð vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

I. HLUTI

UPPLÝSINGASKJAL FYRIR ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SKYNVÆTT HRAÐASTILLINGARKERFI

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar skynvætt hraðastillingarkerfi (ISA).

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í viðeigandi hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða með A4-sniði. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfin, sem um getur í þessu upplýsingaskjali, eru búin rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti [áður þýtt sem verslunarheiti] (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni, ef það er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki/íhlut/aðskilinni tæknieiningu ([1]):

4.8. Hraðamælir og kílómetramælir

Hraðamælir

4.8.1. Notkunaraðferð og lýsing á drifbúnaði:

4.8.2. Fasti tækis:

4.8.3. Vikmörk mælibúnaðar samkvæmt lið 2.2.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39 (UN/ECE) ([2]):

4.8.4. Heildargírhlutfall, samkvæmt lið 2.2.2 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39, eða jafngildar upplýsingar:

([1]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

([2]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39 — Samræmd ákvæði um viðurkenningu á ökutækjum að því er varðar hraðamælibúnað og kílómetramælibúnað, þ.m.t. uppsetning þess búnaðar (Stjtíð. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 106, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1857/oj).

4.8.5. Skýringarmynd af kvarða hraðamælis eða öðrum álestrarbúnaði:

Kílómetramælir

4.8.6. Tæknistuðull kílómetramælis samkvæmt lið 2.2.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39:

4.8.7. Fjöldi tölustafa:

4.9. Ökuriti: já/nei ([1])

4.9.1. Viðurkenningarmerki:

4.10. Lás á mismunadrifi: já/nei/valkvætt ([1])

6.6. Hjólbarðar og hjól

6.6.2. Efri og neðri mörk snúningsradíusa

6.6.2.1. Ás 1: … mm

6.6.2.2. Ás 2: … mm

6.6.2.3. Ás 3: … mm

6.6.2.4. Ás 4: … mm

6.6.3. Loftþrýstingur í hjólbörðum sem framleiðandi mælir með: … kPa

9.5. Framrúða og aðrar rúður

9.5.1. Framrúða

9.5.1.1. Efni sem eru notuð:

9.5.1.2. Uppsetningaraðferð:

9.5.1.3. Hallahorn:

9.5.1.4. Númer gerðarviðurkenningarvottorðs/-vottorða:

9.5.1.5. Fylgihlutir framrúðu og staðir sem þeir eru festir á ásamt stuttri lýsingu á hvers konar tilheyrandi rafmagns-/rafeindaíhlutum:

12. ÝMISLEGT

12.6. Hraðatakmörkunarbúnaður

12.6.1. Framleiðandi/framleiðendur:

12.6.2. Gerð(ir):

12.6.3. Númer gerðarviðurkenningarvottorðs/-vottorða, ef þau er fyrir hendi:

12.6.4. Hraði eða hraðasvið sem hægt er að stilla hraðatakmörkunarbúnaðinn á: …… km/h

12.6.5. Skynvætt hraðastillingarkerfi

12.6.5.2. Aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir (SLIF):

12.6.5.2.1. Nákvæm lýsing á viðmótinu fyrir aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir:

12.6.5.2.2. Aðferð og tækni til að ákvarða skynjaðar hraðatakmarkanir:

12.6.5.3. Aðgerð til viðvörunar vegna hraðatakmarkana (SLWF):

12.6.5.3.1. Nákvæm lýsing á endurgjafarkerfi fyrir aðgerð til viðvörunar vegna hraðatakmarkana:

12.6.5.3.2. Nákvæm lýsing á sjónrænni viðvörun aðgerðar til viðvörunar vegna hraðatakmarkana, ef við á:

12.6.5.4. Nákvæm lýsing á aðgerð til hraðastýringar (SCF):

12.6.5.5. Gerðarviðurkenningarnúmer skynvædds hraðastillingarkerfis sem aðskilin tæknieining, ef við á:

12.6.6. Aðferðir sem gera kleift að framkvæma reglubundna tækniskoðun á skynvædda hraðastillingarkerfinu:

II. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu/rýmkun/synjun/afturköllun* ([1]) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar skynvætt hraðastillingarkerfi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1958 ([2]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun/synjun/afturköllun* ([1]):

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

([1]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1958 frá 23. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar skynvætt hraðastillingarkerfi þeirra og fyrir gerðarviðurkenningu þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 409, 17.11.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1958/oj).

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lýsing á kerfinu

1.2. Aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir:

1.2.1. Lýsing á viðmótinu fyrir aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir:

1.2.2. Aðferð og tækni til að ákvarða skynjaðar hraðatakmarkanir:

1.3. Aðgerð til viðvörunar vegna hraðatakmarkana:

1.3.1 Nákvæm lýsing á endurgjafarkerfi fyrir aðgerð til viðvörunar vegna hraðatakmarkana:

1.3.2. Nákvæm lýsing á sjónrænni viðvörun aðgerðar til viðvörunar vegna hraðatakmarkana, ef við á:

1.4. Nákvæm lýsing á aðgerð til hraðastýringar

1.5. Gerðarviðurkenningarnúmer skynvædds hraðastillingarkerfis sem aðskilin tæknieining, ef við á:

III. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (AÐSKILIN TÆKNIEINING)

Tilkynning um *veitingu/rýmkun/synjun/afturköllun* [1] á gerðarviðurkenningu gerðar skynvædds hraðastillingarkerfis í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1958 [2], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun/synjun/afturköllun* [1]:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

[1] Strika skal yfir það sem á ekki við.

[2] Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1958 frá 23. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar skynvætt hraðastillingarkerfi þeirra og fyrir gerðarviðurkenningu þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 409, 17.11.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1958/oj).

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Stutt lýsing á gerð aðskilinnar tæknieiningar:

1.1. Aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir:

1.1.1. Lýsing á viðmótinu fyrir aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir:

1.1.2. Aðferð og tækni til að ákvarða skynjaðar hraðatakmarkanir:

2. Aðskilin tæknieining: almenn að hluta/fyrir tiltekna gerð ökutækis ([1])

3. Skrá yfir tilteknar gerðir ökutækja sem aðskilda tæknieiningin hefur verið viðurkennd fyrir (ef við á):

4. Kröfur um uppsetningu:

5. Athugasemdir:

6. Gerðarviðurkenningarmerki og staðsetning þess:

———

II. VIÐAUKI

I. HLUTI

UPPLÝSINGASKJAL FYRIR ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÞREYTU- OG ATHYGLISVARAKERFI

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi (DDAW).

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í viðeigandi hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða með A4-sniði. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfin, sem um getur í þessu upplýsingaskjali, eru búin rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni, ef það er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

12.11. Þreytu- og athyglisvarakerfi

12.11.2. Nákvæm lýsing á þreytu- og athyglisvarakerfi:

12.11.2.1. Aðferð þreytu- og athyglisvarakerfisins til að meta þreytu ökumanns:

12.11.3. Nákvæm lýsing á sjónrænni viðvörun þreytu- og athyglisvarakerfis:

12.11.3.1. Tilvísun í kóða aðferðarlýsingar prófunar sem tækniþjónustan hefur framkvæmt og sem þreytu- og athyglisvarakerfið skal gefa viðvörun um þegar prófunin fer fram:

12.11.4. Ítarleg lýsing á tæknilegu líkindunum eða aðlöguninni sem þörf er á svo unnt sé að virkja þreytu- og athyglis varakerfið:

12.11.5. Aðferðir sem gera kleift að framkvæma reglubundna tækniskoðun á þreytu- og athyglisvarakerfinu:

([1]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

II. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu/rýmkun/synjun/afturköllun* [1] á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1341 [2], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun/synjun/afturköllun* [1]:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

[1] Strika skal yfir það sem á ekki við.

[2] Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1341 frá 23. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi þeirra og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 4, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1341/oj).

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lýsing á kerfinu:

3. Athugasemdir:

———

III. VIÐAUKI

I. HLUTI

UPPLÝSINGASKJAL FYRIR ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ATVIKARITA

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar atvikarita (EDR).

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í viðeigandi hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða með A4-sniði. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfin, sem um getur í þessu upplýsingaskjali, eru búin rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni, ef það er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki/íhlut/aðskilinni tæknieiningu ([1]):

12.16. Atvikariti (EDR)

12.16.2. Teikning(ar) eða ljósmyndir þar sem sýnd er staðsetning og aðferð við uppsetningu atvikarita í ökutæki:

12.16.3. Lýsing á mæliþáttum virkjunar:

12.16.4. Lýsing á öðrum viðeigandi mæliþáttum (geymslurými, viðnámi gegn snöggri hraðaminnkun og aflfræðilegu álagi við alvarlegan árekstur o.s.frv.):

([1]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

12.16.5. Gagnastök og gagnasnið sem geymd eru í atvikarita:

Gagnastak	Tímabils-/ tímaskráning (miðað við tímapunkt núll eða virkjun, þar sem við á)	Gagnasöfnunartíðni (gögn á sekúndu)	Lágmarkssvið	Nákvæmni	Nákvæmnisstig

12.16.6. Leiðbeiningar um hvernig sækja megi gögn úr atvikarita:

12.16.6.1. Lýsing á aðferðinni til að greina frá upplýsingum sem gerð er krafa um samkvæmt b-lið 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 ([2]): handvirkt/sjálfvirkt ([1])

12.16.7. Samræmi við tæknilegu kröfurnar í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 ([3])/reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 169 ([4]) ([1]):

12.16.7.1. Viðurkenningarnúmer reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 160/reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 169 ([1]):

12.16.8. Gerðarviðurkenningarnúmer atvikarita, sem er viðurkenndur sem aðskilin tæknieining, ef við á (færa skal það inn ef viðurkenning fæst ekki samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160/reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 169 ([1]) sem um getur í lið 12.16.7.1):

12.16.9. Aðferðir sem gera kleift að framkvæma reglubundna tækniskoðun á atvikaritanum:

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/545/oj).

([3]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita [2021/1215], röð breytinga nr. 01 (Stjtíð. ESB L 265, 26.7.2021, bls. 3, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2021/1215/oj).

([4]) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 169 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu atvikarita fyrir þung ökutæki [2024/1218] (Stjtíð. ESB L, 2024/1218, 23.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1218/oj).

II. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu/rýmkun/synjun/afturköllun* [1] á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar atvikarita í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 [2], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun/synjun/afturköllun* [1]:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

[1] Strika skal yfir það sem á ekki við.

[2] Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/545/oj).

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lýsing á kerfinu

1.2. Lýsing á aðferðinni til að greina frá upplýsingum sem gerð er krafa um samkvæmt b-lið 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/545:

2. Viðurkenningarnúmer reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 160/reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 169 ([1]):

3. Athugasemdir

III. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (AÐSKILIN TÆKNIEINING)

Tilkynning um *veitingu/rýmkun/synjun/afturköllun* (1) á gerðarviðurkenningu gerðar atvikarita sem aðskilin tæknieining í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 (2), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun/synjun/afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 frá 26. janúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar atvikarita þeirra og vegna gerðarviðurkenningar þeirra kerfa sem aðskildar tæknieiningar og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/545/oj).

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lýsing á kerfinu

1.2. Lýsing á aðferðinni til að greina frá upplýsingum sem gerð er krafa um samkvæmt b-lið 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/545:

2. Viðurkenningarnúmer reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 160/reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 169 ([1]):

3. Athugasemdir

———

IV. VIÐAUKI

I. HLUTI

UPPLÝSINGASKJAL FYRIR ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKJA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR BÚNAÐ SEM GREIÐIR FYRIR UPPSETNINGU ÁFENGISLÁSS

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í viðeigandi hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða með A4-sniði. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni, ef það er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

12.2.4. Búnaður sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss (AIF)

12.2.4.1. Yfirlýsing framleiðanda um að farið hafi verið að kröfum í samræmi við I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 ([2]):

12.2.4.2. Uppsetningarskjal að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss

12.2.4.2.1. Uppsetningarskjalið nær yfir valkosti 3a/3b/3c ([1]) í viðauka C við Evrópustaðal EN 50436-7:2016.

([1]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1243/oj).

II. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu/rýmkun/synjun/afturköllun* [1] á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 [2], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun/synjun/afturköllun* [1]:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

[1] Strika skal yfir það sem á ekki við.

[2] Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2021/1243/oj).

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning skýrslu:
4. Númer skýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lýsing á búnaði sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss:

1.2. Yfirlýsing framleiðanda:

1.3. Uppsetningarskjal:

1.4. Uppsetningarskjalið nær yfir valkosti 3a/3b/3c ([1]) í viðauka C við Evrópustaðal EN 50436-7:2016

3. Athugasemdir:

———

V. VIÐAUKI

I. HLUTI

UPPLÝSINGASKJAL FYRIR ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU VÉLKNÚINNA ÖKUTÆKJA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HÁÞRÓAÐ TRUFLUNARVARAKERFI

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi (ADDW).

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í viðeigandi hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða með A4-sniði. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfin, sem um getur í þessu upplýsingaskjali, eru búin rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni, ef það er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

12.12. Háþróað truflunarvarakerfi

12.12.2. Nákvæm lýsing á háþróuðu truflunarvarakerfi:

12.12.3. Nákvæm lýsing á tæknilegum úrræðum sem eru notuð til að koma í veg fyrir truflun, ef við á:

12.12.4. Aðferðir sem gera kleift að framkvæma reglubundna tækniskoðun á háþróaða truflunarvarakerfinu:

([1]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

II. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu/rýmkun/synjun/afturköllun* [1] á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 [2], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun/synjun/afturköllun* [1]:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Sérheiti (ef það eða þau liggja fyrir):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

[1] Strika skal yfir það sem á ekki við.

[2] Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590 frá 13. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu tiltekinna vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað truflunarvarakerfi þeirra og um breytingu á þeirri reglugerð (Stjtíð. ESB L 2023/2590, 22.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/2590/oj).

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lýsing á kerfinu:

3. Athugasemdir:

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/230 2025/EES/10/38

frá 25. október 2023

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1342 að því er varðar upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 4. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 ([2]) bætir við reglugerð (ESB) 2018/848 að því er varðar reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([3]) að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti.

2) Til að tryggja viðeigandi eftirlit með þriðju löndum sem eru viðurkennd skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er nauðsynlegt að skýra nánar að aðgerðir sem lögbær yfirvöld í þriðju löndum grípa til í kjölfar tilkynningar frá framkvæmdastjórninni um rökstuddan grun um frávik eða brot, að því er varðar samræmi innfluttra lífrænt ræktaðra vara við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, framleiðslustaðla og eftirlitsráðstafanir sem samþykktar eru sem jafngildar, geta falið í sér vettvangsrannsóknir hjá rekstraraðilum. Einnig er nauðsynlegt að tilgreina að lögbæru yfirvöldin ættu að upplýsa framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöðu rannsóknarinnar og aðgerðir sem gripið er til með því að nota sniðmátið í III. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 ([4]).

3) Enn fremur er nauðsynlegt að útfæra nánar ástæðurnar fyrir ráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin á að gera vegna beitingar á eftirliti sínu með viðurkenndum þriðju löndum.

4) Til að tryggja viðeigandi eftirlit með eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru viðurkennd skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðbótarreglur um málsmeðferð við reglulega endurskoðun á viðurkenningu þeirra.

5) Í þeim tilgangi ætti í þessari reglugerð að tilgreina viðbótarupplýsingar sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að leggja fyrir framkvæmdastjórnina vegna beitingar á þessu eftirliti. Í þessari reglugerð ætti einnig að kveða á um möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að skipuleggja áhættumiðaðar vettvangsrannsóknir hjá eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem og um fyrirkomulag við framkvæmd þessara rannsókna. Vegna beitingar á eftirliti framkvæmdastjórnarinnar með eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum er einnig nauðsynlegt að kveða á um athuganir sem inna á af hendi við vottun nýrra rekstraraðila eða hópa rekstraraðila.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/230, 9.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtíð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7).

6) Enn fremur er nauðsynlegt að útfæra nánar ástæðurnar fyrir ráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin á að gera vegna beitingar á eftirliti sínu með viðurkenndum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum.

7) Yfirvöld aðildarríkja hafa öðlast umtalsverða reynslu og sérþekkingu á því sviði að veita innfluttum lífrænt ræktuðum vörum aðgang inn í Sambandið. Framkvæmdastjórnin ætti að geta byggt á reynslu aðildarríkja við athuganir sem eru framkvæmdar við innflutningseftirlit vegna eftirlits með viðurkenndum þriðju löndum, eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum, þ.m.t. mat á rekstrarlegri frammistöðu þeirra. Skipta ætti verkefnum við að aðstoða framkvæmdastjórnina við endurskoðun á viðurkenningum með réttlátum og hlutfallslegum hætti milli aðildarríkjanna, að teknu tilliti til fjölda atkvæða hvers aðildarríkis í nefndinni um lífræna framleiðslu.

8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/1342 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) 2021/1342 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Hafi framkvæmdastjórninni borist tilkynning frá aðildarríki þar sem hún er upplýst um rökstuddan grun um frávik eða brot að því er varðar samræmi innfluttra lífrænt ræktaðra vara við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og framleiðslustaðla og eftirlitsráðstafanir sem samþykktar eru sem jafngildar á grundvelli matsins sem framkvæmt var skal hún tilkynna lögbæru yfirvaldi þriðja landsins um það. Viðkomandi lögbært yfirvald skal rannsaka uppruna fráviksins eða brotsins sem grunur er um og skal, innan 30 almanaksdaga frá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, upplýsa framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöðu rannsóknarinnar og um aðgerðir sem gripið er til, þ.m.t., eins og við á, vettvangsrannsóknir hjá rekstraraðilum, með því að nota sniðmátið sem er sett fram í III. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 (*).

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1698 frá 13. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um málsmeðferð er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt vottuðum rekstraraðilum og hópum rekstraraðila og með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og að því er varðar reglur um eftirlit með þeim og eftirlit og aðrar aðgerðir sem þessi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að annast (Stjtíð. ESB L 336, 23.9.2021, bls. 7).“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 1. mgr. a er bætt við:

„1a. Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það, tímanlega og eigi síðar en innan 30 almanaksdaga, ef breytingar verða á innihaldi tæknilegra málsskjala þess/hans.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórninni er heimilt hvenær sem er að fara fram á frekari upplýsingar frá eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum, þ.m.t. að því er varðar ársskýrsluna. Þessar viðbótarupplýsingar skulu lagðar fram á rafrænu formi.“

c) Eftirfarandi 4. til 7. mgr. er bætt við:

„4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að skipuleggja áhættumiðaðar vettvangsrannsóknir hjá eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum til að meta gæði og skilvirkni eftirlits sem hvert eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili innir af hendi. Þessar rannsóknir er hægt að samræma með viðkomandi faggildingaraðila. Framkvæmdastjórninni geta fylgt óháðir sérfræðingar meðan þessar vettvangsrannsóknir standa yfir.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara fram á frekari upplýsingar, þ.m.t. framlagning einnar eða fleiri skýrslna um sérstakar vettvangsrannsóknir sem eru teknar saman af óháðum sérfræðingum sem hún tilnefnir.

Vettvangsrannsóknir geta náð yfir:

a) heimsókn til skrifstofu eða athafnasvæðis eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila, útvistaðrar þjónustu þeirra og rekstraraðila eða hópa rekstraraðila undir þeirra stjórn í Sambandinu og í þriðju löndum,

b) gagnayfirferð á viðkomandi skjölum þar sem samsetningu, virkni og gæðastjórnun eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila er lýst,

c) gagnayfirferð á starfsmannaskrám, þ.m.t. sannanir um hæfi þeirra, starfsmenntunarskrár, yfirlýsingar um hagsmunaárekstur og skrár yfir mat á og eftirlit með starfsfólki,

d) athugun á skrám rekstraraðila eða hópa rekstraraðila til að sannreyna meðhöndlun á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og kvörtunum, lágmarkstíðni eftirlits, notkun á áhættumiðaðri nálgun við framkvæmd skoðana, framkvæmd framhaldsheimsókna og fyrirvaralausra heimsókna, sýnatökustefnu og skipti á upplýsingum við aðra eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld,

e) endurskoðunarúttekt, sem er skoðun á rekstraraðilum eða hópum rekstraraðila til að sannreyna að farið sé að stöðluðum málsmeðferðarreglum við eftirlit með og áhættumat á eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila og til að sannreyna skilvirkni þess/hans, að teknu tilliti til þess hvernig aðstæður rekstraraðila hafa þróast frá síðustu skoðun á eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila,

f) vitnisúttekt sem er mat á framkvæmd vöruskoðunar á staðnum sem skoðunarmaður frá eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila innir af hendi.

5. Í þeim tilgangi að undirbúa vettvangsrannsóknir hjá eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum getur framkvæmdastjórnin farið fram á upplýsingar frá eftirlitsaðilum og eftirlitsyfirvöldum. Þær upplýsingar verður að leggja fram innan tímabils sem framkvæmdastjórnin ákveður.

6. Hafi framkvæmdastjórninni borist tilkynning frá aðildarríki þar sem hún er upplýst um rökstuddan grun um frávik eða brot að því er varðar samræmi innfluttra lífrænt ræktaðra vara við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og framleiðslustaðla og eftirlitsráðstafanir sem samþykktar eru sem jafngildar á grundvelli matsins sem framkvæmt var skal hún tilkynna eftirlitsyfirvaldi og eftirlitsaðila um það. Eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn skal rannsaka uppruna fráviksins eða brotsins sem grunur er um og skal, innan 30 almanaksdaga frá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, upplýsa framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöðu rannsóknarinnar og um aðgerðir sem eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn grípur til, þ.m.t., eins og við á, vettvangsrannsóknir hjá rekstraraðilum, með því að nota sniðmátið sem er sett fram í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/1698.

7. Áður en eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili vottar nýjan rekstraraðila eða hóp rekstraraðila skal það/hann tryggja, ef fyrra eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili hefur ógilt vottun þessa rekstraraðila eða hóps rekstraraðila tímabundið eða varanlega á síðustu tveimur árum, að rekstraraðilinn eða hópur rekstraraðila hafi tekið á eða vinni að því að taka á ósamræminu sem þessi eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar greindu. Ef eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn getur ekki tryggt að tekið hafi verið á eða verið sé að taka á ósamræminu skal eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn ekki votta viðkomandi rekstraraðila eða hóp rekstraraðila.“

3) Ákvæðum d-liðar 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla færslu þriðja lands af skránni ef:“

b) Í stað iv. liðar kemur eftirfarandi:

„iv. þriðja landið, að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni, samþykkir ekki vettvangsrannsókn eða ef niðurstaða úr vettvangsrannsókn er neikvæð vegna kerfisbundins ágalla á eftirlitsráðstöfunum,“.

c) Eftirfarandi v. lið er bætt við:

„v. hætta er á, í einhverjum öðrum aðstæðum, að neytendur séu blekktir að því er varðar raunverulegt eðli varanna sem þriðja landið vottar.“

4) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) framkvæmdastjórnin getur tekið færslu eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila tímabundið af skránni á grundvelli upplýsinga sem hafa borist eða ef eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn hefur ekki lagt fram fullnægjandi upplýsingar eins og krafist er innan tímabils sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við alvarleika vandamálsins, sem skal ekki vera styttra en 30 dagar, eða ef það/hann hefur ekki samþykkt vettvangsrannsókn,“.

b) Ákvæðum d-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað iii. liðar kemur eftirfarandi:

„iii. eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn hefur ekki tiltækar eða leggur ekki fram allar upplýsingar sem tengjast tæknilegum málsskjölum þess/hans eða eftirlitskerfi, að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni, innan tímabils sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við alvarleika vandamálsins og sem skal ekki vera styttra en 30 dagar eða í samræmi við 1. mgr. a í 2. gr.,“.

ii. Í stað iv. liðar kemur eftirfarandi:

„iv. eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn hefur ekki tiltækar eða leggur ekki fram upplýsingar um rannsóknir á tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum,“

iii. Í stað vi. liðar kemur eftirfarandi:

„vi. eftirlitsyfirvaldið eða eftirlitsaðilinn samþykkir ekki vettvangsrannsókn sem framkvæmdastjórnin fer fram á eða sendir ekki allar upplýsingarnar sem farið er fram á skv. 5. mgr. 2. gr. eða ef niðurstaða úr vettvangsrannsókn er neikvæð vegna kerfisbundins ágalla á eftirlitsráðstöfunum eða“.

5) Eftirfarandi 4. gr. a er bætt við:

„4. gr. a

Aðstoð aðildarríkja við eftirlit

1. Að því er varðar endurskoðun á viðurkenningu þriðju landa í samræmi við 3. gr. skal framkvæmdastjórnin, ef hún óskar eftir aðstoð aðildarríkja, njóta aðstoðar tveggja aðildarríkja sem gegna hlutverki meðskýrslugjafa við athugun á ársskýrslu og öðrum upplýsingum sem hafa borist og við mat á rekstrarlegri frammistöðu þriðju landanna.

2. Að því er varðar endurskoðun á viðurkenningu eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila í samræmi við 2. gr. skal framkvæmdastjórnin, ef hún óskar eftir aðstoð aðildarríkja, njóta aðstoðar tveggja aðildarríkja sem gegna hlutverki meðskýrslugjafa við athugun á ársskýrslu og öðrum upplýsingum sem hafa borist og við mat á rekstrarlegri frammistöðu eftirlitsyfirvaldanna og eftirlitsaðilanna.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að skipta beiðnum um aðstoð í samræmi við 1. og 2. mgr. hlutfallslega niður milli aðildarríkjanna eftir fjölda atkvæða hvers aðildarríkis í nefndinni um lífræna framleiðslu.“

6) Í stað þriðju og fjórðu málsgreinar 5. gr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði 1. gr., 3. gr. og 4. gr. a (1. mgr.) gilda til og með 31. desember 2026.

Ákvæði 2. gr., 4. gr. og 4. gr. a (2. mgr.) gilda til og með 31. desember 2024.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1023 **2025/EES/10/39**

frá 8. apríl 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu laktítóli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur laktítól sem leyft nýfæði.

4) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/450 ([3]) var leyft, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([4]), að setja á markað laktítól sem nýfæði til notkunar í hylkja- eða í töfluformi í fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([5]) og sem eru ætluð fullorðnu fólki.

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1293 ([6]) var leyfið til að nota nýfæðið laktítól rýmkað þannig að það næði yfir duftform við fyrirliggjandi leyft hámarksgildi í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2283.

6) Hinn 31. október 2023 lagði fyrirtækið H.C. Clover Productos y Servicios, S.L. umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu laktítóli. Umsækjandinn óskaði eftir að vökvalykjum, dropaglösum og öðrum svipuðum formum af vökva yrði bætt við sem leyfðum formum laktítóls til notkunar í fæðubótarefni.

7) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Öryggismatið sem liggur til grundvallar leyfinu fyrir

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1023, 9.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/450 frá 13. mars 2017 um leyfi til að setja laktítól á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 69, 15.3.2017, bls. 31, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2017/450/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/1997/258/oj).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/46/oj).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1293 frá 26. september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu laktítóli (Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2018, bls. 2, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/1293/oj).

laktítóli við hámarksgildi sem nemur 20 g/dag í fæðubótarefni er ekki bundið við sérstakt form sem fæðubótarefnin eru gerð aðgengileg neytendum í og þess vegna hefur formið ekki áhrif á öryggissnið nýfæðisins. Þegar leyfið var veitt voru form þessa nýfæðis takmörkuð við hylki, töflur eða duft, einfaldlega vegna þess að þetta voru þau form sem viðkomandi umsækjandi lagði til. Þar eð tillögð notkun í þessari umsókn varðar einungis vökvalykjur, dropaglös og önnur svipuð form af vökva, um leið og leyfðum hámarksgildum fyrir laktítól í fæðubótarefni er viðhaldið, telur framkvæmdastjórnin að skilyrðin fyrir notkun á laktítóli ættu að vera takmörkuð við almennu tilvísunina til fæðubótarefna og forma þeirra sem eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 2002/46/EB. Þetta verður í samræmi við önnur leyfi fyrir nýfæði sem er notað í fæðubótarefni þar sem form fæðubótarefnisins skiptir ekki máli fyrir öryggi nýfæðisins.

8) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að umbeðnar breytingar á skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu laktítóli, með því að bæta við öllum leyfðum formum laktítóls til notkunar í fæðubótarefni, séu í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

9) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir laktítól í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Laktítól	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda það, skal vera „laktítól““	
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk	20 g/dag		

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1611 **2025/EES/10/40**

frá 6. júní 2024

um leyfi til að setja á markað ísómaltúlósaduft sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Hinn 30. apríl 2018 lagði fyrirtækið Evonik Operations GmbH (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að fá að setja ísómaltúlósasýróp (þurrkað) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn óskaði eftir því að nýfæðið yrði notað í stað súkrósa í öll matvæli sem eru ætluð fyrir almenning, að undanskildum ungbarnablöndum og stoðblöndum, unnum matvælum með korn sem uppistöðu og barnamat eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([3])

4) Hinn 21. mars 2019 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á ísómaltúlósasýrópi (þurrkuðu) sem nýfæði.

5) Hinn 29. nóvember 2023 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of isomaltulose syrup (dried) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([4]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

6) Í vísindalegu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að nýfæðið ísómaltúlósasýróp (þurrkað) sé öruggt við tillögð notkunarskilyrði. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar til að ákvarða að ísómaltúlósaduft, við tillögð notkunarskilyrði, uppfylli skilyrðin fyrir setningu þess á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Þar eð nýfæðið er í duftformi er framkvæmdastjórnin þeirrar skoðunar að meira viðeigandi heiti, sem endurspeglar rétt eðli matvælanna, ætti að vera ísómaltúlósaduft.

7) Færa ætti ísómaltúlósaduft á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1611, 7.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 272/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/609/2023-03-21).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2024 22, e8491.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyft er að setja ísómaltúlósaduft á markað innan Sambandsins.

Færa skal ísómaltúlósaduft á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
	Tilgreindur matvælaflokkur	*Hámarksgildi*	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „ísómaltúlósaduft“. 2. Heiti nýfæðisins á merkimiðanum skal fylgja ábendingin „ísómaltúlósi er glúkósa- og frúktósagjafi“.“		
„Ísómaltúlósaduft	Öll matvæli, að undanskildum matvælum og drykkjum sem eru sérstaklega ætluð fyrir ungbörn og smábörn				

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Ísómaltúlósaduft	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er ísómaltúlósaduft, framleitt úr súkrósa með örverufræðilegri aðferð með því að nota *Serratia plymuthica*. Þurrefnisinnihaldið er blanda af ein- og tvísykrum sem eru aðallega samsettar úr ísómaltúlósa (≥ 75%) og trehalúlósa (≤ 13%) og, í minna mæli, glúkósa, frúktósa, súkrósa og fásykrum (snefilmagn). **Eiginleikar/samsetning:** Ísómaltúlósi (% þurrefni): ≥ 75 Trehalúlósi (% þurrefni): ≤ 13 Glúkósi (% þurrefni): ≤ 3 Frúktósi (% þurrefni): ≤ 4 Súkrósi (% þurrefni): ≤ 5 Raki (%): ≤ 7 Aska (%): ≤ 0,05 Prótín (%): < 0,1

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Efnakenni ísómaltúlósa: Efnaheiti (IUPAC): α-D-glúkópýranósýl-(1 → 6)-D-frúktófúranósi Almennt heiti: Ísómaltúlósi CAS-númer: 13718–94-0 Sameindaformúla: $C_{12}H_{22}O_{11}$ Sameindaþyngd: 342,30 g/mól **Efnakenni trehalúlósa:** Efnaheiti (IUPAC): α-D-glúkópýranósýl-(1 → 1)-D-frúktófúranósi Almennt heiti: Trehalúlósi CAS-númer: 51411–23-5 Sameindaformúla: $C_{12}H_{22}O_{11}$ Sameindaþyngd: 342,30 g/mól **Þungmálmar:** Blý (mg/kg): ≤ 0,1 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði: < 100 CFU/g Heildarfjöldi ger- og myglusveppa: < 100 CFU/g *E. coli*: < 10 CFU/g Iðrabakteríur: < 100 CFU/g *Salmonella*: greinist ekki í 25 g CFU: þyrpingamyndandi einingar DM: þurrefni“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2047 **2025/EES/10/41**

frá 29. júlí 2024

um leyfi til að setja á markað fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu. Á grundvelli skilgreiningarinnar sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 teljast hefðbundin matvæli frá þriðja landi vera nýfæði.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdar-reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Hinn 10. október 2019 lagði fyrirtækið WhatIF F&I Pte Ltd (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um þá fyrirætlun sína að setja fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. á markað Sambandsins sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi. Umsækjandinn óskaði eftir því að viðkomandi matvæli yrðu notuð sem slík (soðin fræ) eða sem mjöl og þau eru ætluð fyrir almenning.

4) Tilkynningin er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Gögnin, sem umsækjandinn lagði fram, sýna einkum fram á að fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í Afríku.

5) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynninguna til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 14. september 2023.

6) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja viðkomandi matvæli á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan tímabilsins sem er fastsett í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Hinn 29. janúar 2024 birti Matvælaöryggisstofnunin „Technical Report on the notification of dried seeds and flour thereof of *Vigna subterranea* (L.) Verdc. as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283“ ([3]). Í þeirri skýrslu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi gögn um samsetningu og reynslu vegna umbeðinnar notkunar á fræi og mjöli úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. skapi ekki öryggisvanda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2047, 30.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) EFSA supporting publication 2024:EN-8571.

8) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu fræs og mjöls úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði til samræmis við það.

9) Í skýrslu sinni greindi Matvælaöryggisstofnunin frá því að búast megi við ofnæmisviðbrögðum eftir neyslu á hefðbundnu matvælunum, einkum hjá einstaklingum sem eru næmir fyrir jarðhnetum og sojabaunum. Í skýrslu sinni greindi Matvælaöryggisstofnunin einnig frá því að leggja ætti þurrkuð fræ í bleyti og sjóða fyrir neyslu eins og önnur þurrkuð belgaldin. Því þykir rétt að fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. sem eru gerð aðgengileg neytendum séu merkt á viðeigandi hátt í samræmi við kröfurnar í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Færa ætti fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyft er að setja fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. á markað innan Sambandsins.

Færa skal fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
	Tilgreindur matvælaflokkur	*Hámarksgildi*		
„Fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Ekki tilgreint		1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „Bambara (*Vigna subterranea)* fræ/hnetur/baunir/jarðhnetur“ eða „Bambara (*Vigna subterranea)* fræ/hnetur/baunir/jarðhnetumjöl“ eftir því hvaða form er notað. 2. Á merkingu matvæla sem innihalda hefðbundnu matvælin skal vera yfirlýsing þess efnis að fræ og mjöl úr fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. geti valdið ofnæmisviðbrögðum hjá neytendum sem eru með þekkt ofnæmi fyrir jarðhnetum og sojabaunum. Þessi yfirlýsing skal birtast nálægt listanum yfir innihaldsefni eða, ef listi yfir innihaldsefni liggur ekki fyrir, nálægt heiti matvælanna. 3. Ef fræ eru seld ósoðin skal vera yfirlýsing á merkimiðanum þess efnis að þau skuli lögð í bleyti og soðin fyrir neyslu.“	

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Fræ og mjöl úr fræjum Vigna subterranea (L.) Verdc. (Hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	**Lýsing/Skilgreining:** Hefðbundnu matvælin samanstanda af afhýddum heilum þurrkuðum fræjum *Vigna subterranea* (L.) Verdc. [Ætt: Fabaceae (eða Leguminosae)] eða mjöli sem fæst með nokkrum þrepum, þ.m.t. hitameðhöndlun og mölun fræjanna. Samheiti: *Cryptolobus subterraneus* (L.) Spreng., *Glycine subterranea* L., *Tetrodea subterranea* (L.) Raf., *Voandzeia subterranea* (L.) Thouars. Almenn heiti: Bambara-jarðhneta, Bambara-hneta, Bambara-baun, Bambara-erta, Nyimo-baun.

	Þurrkuð fræ **Dæmigert samsetningarsvið:** Raki: 7–11% Prótín: > 15% Kolvetni: 32–65% Sykrur: < 6,0% Fita: 4–7% Trefjar: 7–31% **Þungmálmar:** Arsen: < 0,05 mg/kg Kadmíum: < 0,02 mg/kg Blý: < 0,05 mg/kg Kvikasilfur: < 0,01 mg/kg **Sveppaeitur:** Summa aflatoxína (B1+B2+G1+G2): < 4 µg/kg Aflatoxín B1: < 2 µg/kg Summa fúmónísína (B1+B2+B3): < 60 µg/kg Deoxýnívalenól: < 0,1 mg/kg Okratoxín A: < 0,5 µg/kg Searalenón: < 0,1 mg/kg **Önnur aðskotaefni eða andnæringarefnaþættir:** Blásýra (þ.m.t. blásýra sem er bundin í sýaníðmyndandi glýkósíð): < 15 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Loftháð miðsækin gró: < 1 gró/g *Alicyclobacillus*: Greinist ekki í 10 g Líkur á *Bacillus cereus*: < 10 cfu/g Kólíbakteríur: < 10 cfu/g E. coli: < 10 cfu/g Salmonella: Greinist ekki í 25 g Staphylococcus aureus: < 10 cfu/g Heildarlíftala: < 5 000 cfu/g Ger- & myglusveppir: < 100 cfu/g **Þurrkað mjöl úr fræjum** **Dæmigert samsetningarsvið:** Raki: 4–7% Prótín: > 15% Kolvetni: 55–75% Sykrur: < 20% Fita: 4–9% Trefjar: 10–30%

	Þungmálmar: Arsen: < 0,05 mg/kg Kadmíum: < 0,02 mg/kg Blý: < 0,05 mg/kg Kvikasilfur: < 0,01 mg/kg **Sveppaeitur:** Summa aflatoxína (B1+B2+G1+G2): < 4 µg/kg Aflatoxín B1: < 2 µg/kg Summa fúmónísíns (B1+B2+B3): < 60 µg/kg Deoxýnívalenól: < 0,1 mg/kg Okratoxín A: < 0,5 µg/kg Searalenón: < 0,1 mg/kg **Önnur aðskotaefni eða andnæringarefnaþættir:** Blásýra (þ.m.t. blásýra sem er bundin í sýaníðmyndandi glýkósíð): < 10 mg/kg Fýtínsýra: < 0,01 g/100 g **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Loftháð miðsækin gró: < 1 gró/g *Alicyclobacillus*: Greinist ekki í 10 g Líkur á *Bacillus cereus*: < 10 cfu/g Kólíbakteríur: < 10 cfu/g E. coli: < 10 cfu/g Salmonella: Greinist ekki í 25 g Staphylococcus aureus: < 10 cfu/g Heildarlíftala: < 1 000 cfu/g Ger- & myglusveppir: < 100 cfu/g cfu: þyrpingamyndandi einingar“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2063 **2025/EES/10/42**

frá 30. júlí 2024

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista Sambandsins yfir leyfðar heilsufullyrðingar.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti einkum að taka tillit til vísindalegra sannana við notkun næringar- og heilsufullyrðinga og stjórnendur matvælafyrirtækja sem nota fullyrðingar ættu að færa rök fyrir þeim. Fullyrðing ætti að vera vísindalega rökstudd með tilliti til allra vísindagagna sem eru tiltæk og með því að vega sönnunargögnin og meta.

3) Í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli senda lögbærum landsyfirvöldum aðildarríkis umsóknir um skráningu heilsufullyrðinga á listann yfir leyfðar fullyrðingar. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda gildar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

4) Matvælaöryggisstofnunin skal skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu innan fimm mánaða frá móttöku beiðni.

5) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingarnar skulu leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggis stofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal þó, í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við þessa athugun einnig taka tillit til allra viðeigandi ákvæða í lögum Sambandsins og annarra lögmætra þátta sem skipta máli í þessu tilliti.

6) Í kjölfar umsóknar frá Silvan Bio Europe BV (hér á eftir nefnt umsækjandinn), sem lögð var fram skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar mónakólín-K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum og viðhald á eðlilegum styrk lágþéttnikólesteróls í blóði (spurning nr. EFSA-Q-2012-00736). Fullyrðingin sem umsækjandinn lagði til var svohljóðandi: „Dagleg inntaka af minnst 2,4 g af SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum, sem svarar til 4,08 mg af mónakólíni-K, stuðlar að því að viðhalda eðlilegu lágþéttnikólesteróli í blóði.“

7) Hinn 24. janúar 2013 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit ([2]) um sönnun á heilsufullyrðingu sem varðar mónakólín K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum og viðhald á eðlilegum styrk lágþéttnikólesteróls í blóði skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Hinn 13. febrúar 2013 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2063, 31.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3084.

8) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í vísindalegu áliti sínu að samkvæmt rannsókn Myers o.fl., 2006 ([3]), hefði innihald mónakólíns K í 2,4 g af SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum átt að vera meira en 4,08 mg. Að beiðni Matvælaöryggisstofnunarinnar skýrði umsækjandinn nánar að blandan úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum sem var notuð í þeirri rannsókn uppfyllti nákvæmu skilgreininguna sem gefin er fyrir SYLVAN BIO rauð gerjuð hrísgrjón og, að teknu tilliti til allra virkra forma, að 2,4 g af SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum innihaldi 8,96 mg af mónakólíni K. Matvælaöryggisstofnunin taldi að þessi rannsókn, með einhverjum aðferðafræðilegum takmörkunum, hafi sýnt áhrif mónakólíns K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum á styrk lágþéttnikólesteróls í blóði í skömmtum sem nema u.þ.b. 9 mg á dag.

9) Að því er varðar rannsóknir Becker o.fl., 2009 ([4]), og Halbert o.fl., 2010 ([5]), tók Matvælaöryggisstofnunin fram að þessar rannsóknir sýndu áhrif mónakólíns K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum grísgrjónum í skömmtum sem nema u.þ.b. 10 mg og 14 mg á dag, eftir því sem við á.

10) Í áliti sínu taldi Matvælaöryggisstofnunin einnig að sönnunargögnin sem umsækjandinn lagði fram staðfesti ekki að mónakólín K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum sé ólíkt mónakólíni K sem er í öðrum blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum að því er varðar áhrif þess á styrk lágþéttnikólesteróls í blóði.

11) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á mónakólíni K í blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum, sem nær yfir SYLVAN BIO rauð gerjuð hrísgrjón, og viðhalds á eðlilegum styrk lágþéttnikólesteróls í blóði. Til að fá fram fullyrtu áhrifin ætti að neyta 10 mg daglega af mónakólíni K úr blöndum úr gerjuðum rauðum hrísgrjónum.

12) Matvælaöryggisstofnunin komst að raun um að hún hefði komist að þessari niðurstöðu án íhlutunarrannsóknar Myers o.fl., 2006, á mönnum sem umsækjandinn hélt fram að nyti einkaleyfisverndar.

13) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í áliti sínu að nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi hafi þegar metið fullyrðingu um mónakólín K úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum og viðhald á eðlilegum styrk lágþéttnikólesteróls í blóði með jákvæðri niðurstöðu árið 2011 ([6]). Í skilyrðunum fyrir notkun fullyrðingarinnar sem fellur undir það álit er einnig kveðið á um daglega inntöku sem nemur 10 mg af mónakólíni K úr einhverri blöndu úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum (sem myndi taka til SYLVAN BIO rauðra gerjaðra hrísgrjóna) til að fá fram fullyrtu áhrifin.

14) Í tengslum við takmarkanir á notkun beggja ofangreindu heilsufullyrðinganna vísaði Matvælaöryggisstofnunin í vísindalegum álitum sínum til samantektar á eiginleikum lyfs fyrir lyf sem innihalda lóvastatín sem eru fáanleg á markaði Sambandsins. Samantekt á eiginleikum lyfs veitir heilbrigðisstarfsfólki upplýsingar um örugga og skilvirka notkun á lyfjum og einkum lyfjum sem innihalda lóvastatín. Í henni er lýst eiginleikum og opinberlega samþykktum skilyrðum fyrir notkun þeirra sem innihalda sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir sem vísa til áhættu á vöðvasjúkdómi/rákvöðvalýsu, sem eykst með samhliða notkun á lóvastatíni með tilteknum öðrum lyfjum, og mælt er gegn því að þungaðar konur og konur með barn á brjósti noti lóvastatín. Matvælaöryggisstofnunin taldi að mónakólín K í laktónformi væri nákvæmlega eins og lóvastatín.

15) Í kjölfar umræðna um þessar takmarkanir á notkun vöktu aðildarríkin máls á hugsanlegum öryggisvanda sem tengdist neyslu á matvælum sem innihalda mónakólín úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum.

([3]) Myers SP, Cheras PA, Brooks L og O'Connor J, 2006, óbirt. „Study on the Safety and Efficacy of Sylvan Red Yeast Rice in Adults with Primary Hypercholesteremia."

([4]) Becker DJ, Gordon RY, Halbert SC, French B, Morris PB og Rader DJ, 2009. „Red yeast rice for dyslipidemia in statin-intolerant patients: a randomized trial." *Annals of Internal Medicine* 150, 830-839, W147-839.

([5]) Halbert SC, French B, Gordon RY, Farrar JT, Schmitz K, Morris PB, Thompson PD, Rader DJ og Becker DJ, 2010. „Tolerability of red yeast rice (2,400 mg twice daily) versus pravastatin (20 mg twice daily) in patients with previous statin intolerance." *American Journal of Cardiology* 105, 198-204.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(7), 2304.

16) Framkvæmdastjórnin taldi, á grundvelli upplýsinganna sem aðildarríkin lögðu fram, að nauðsynleg skilyrði og kröfur sem mælt er fyrir um í 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 ([7]) og 3. og 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 ([8]) væru uppfyllt. Þess vegna hóf framkvæmdastjórnin málsmeðferð skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 varðandi mónakólín í rauðum gerjuðum hrísgrjónum.

17) Í því samhengi fór framkvæmdastjórnin fram á það við Matvælaöryggisstofnunina, í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, að hún skilaði vísindalegu áliti um mat á öryggi mónakólína í rauðum gerjuðum hrísgrjónum.

18) Hinn 25. júní 2018 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit ([9]) um öryggi mónakólína í rauðum gerjuðum hrísgrjónum. Matvælaöryggisstofnunin ítrekaði að mónakólín K í laktónformi væri nákvæmlega eins og lóvastatín, virka innihaldsefnið í nokkrum lyfjum sem eru leyfð í Sambandinu til að meðhöndla kólesterólhækkun. Á þeim tíma var mónakólín K úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum fyrir hendi í fæðubótarefnum í mismunandi ráðlögðu daglegu inntökumagni vegna áhrifa þess á viðhald á eðlilegum styrk lágþéttnikólesteróls í blóði. Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að inntaka mónakólína úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum gegnum fæðubótarefni gæti leitt til áætlaðra váhrifa frá mónakólíni K innan marka lækningaskammta lóvastatíns. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að einkenni aukaverkana af völdum rauðra gerjaðra hrísgrjóna væru svipuð og af völdum lóvastatíns ([10]).

19) Matvælaöryggisstofnunin taldi í vísindalegu áliti sínu að fyrirliggjandi upplýsingar um aukaverkanir sem tilkynnt var um hjá mönnum teldust vera nægar til að álykta að mónakólín úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum, þegar þau eru notuð sem fæðubótarefni, hefðu í för með sér verulegan öryggisvanda við notkun í magni sem nemur 10 mg/dag og að tilkynnt hefði verið um einstök tilvik alvarlegra aukaverkana af völdum mónakólína úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum í innteknu magni sem fór alveg niður í 3 mg/dag. Á grundvelli tiltækra upplýsinga og nokkurra óvissuþátta sem eru undirstrikaðir í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar gat hún ekki, eins og framkvæmdastjórnin fór fram á, veitt ráðgjöf um daglega inntöku mónakólína úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum sem gefur ekki tilefni til áhyggna af skaðlegum áhrifum á heilbrigði að því er varðar almenning og, eftir því sem við á, viðkvæma undirhópa íbúa. Matvælaöryggisstofnunin útskýrði að óvissa ríkti um samsetningu og innihald mónakólína í fæðubótarefnum sem innihalda rauð gerjuð hrísgrjón og að mónakólín úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum væri notað í vörur með mörgum innihaldsefnum þar sem efnisþættirnir hafa ekki verið metnir að fullu sitt í hvoru lagi eða saman. Vegna skorts á gögnum er enn fremur ekki unnt að meta örugga notkun á mónakólínum í tilteknum viðkvæmum neytendahópum og óvissa ríkir um áhrif af neyslu fæðubótarefna, að stofni til úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum, samhliða matvælum eða lyfjum sem letja ensímið (CYP3A4) sem tekur þátt í umbroti mónakólína.

20) Að teknu tilliti til þess að ekki var hægt að fastsetja neina daglega inntöku á mónakólínum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum sem gefur ekki tilefni til áhyggna fyrir heilbrigði manna og að teknu tilliti til verulegra skaðlegra áhrifa á heilbrigði sem tengjast notkun á mónakólínum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum í magni sem nemur 10 mg/dag sem og einstakra tilvika þar sem alvarlegar aukaverkanir fyrir heilbrigði komu fram við magn sem fór alveg niður í 3 mg/dag var notkun á mónakólínum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum í magni sem nemur 3 mg eða meira í hvern skammt af vörunni sem mælt er með til daglegrar neyslu bönnuð með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/860 ([11]). Með þeirri reglugerð breytti framkvæmdastjórnin III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 með því að færa mónakólín úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum yfir í B-hluta þess viðauka „efni sem sæta takmörkunum“. Íblöndun þess í matvæli eða notkun þess við framleiðslu matvæla er þar af leiðandi eingöngu leyfð að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í þeim viðauka.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli (Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 frá 11. apríl 2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli (Stjtíð. ESB L 102, 12.4.2012, bls. 2).

([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 16(8), 5368.

([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(8), 5368, bls. 38.

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/860 frá 1. júní 2022 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar mónakólín úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum (Stjtíð. ESB L 151, 2.6.2022, bls. 37).

21) Þar eð enn er möguleiki á skaðlegum áhrifum á heilbrigði sem tengjast notkun á mónakólínum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum en vísindaleg óvissa er viðvarandi í þessu tilliti og að teknu tilliti til þess að einungis má nota mónakólín úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum í fæðubótarefni og að Matvælaöryggisstofnunin gat ekki ákvarðað umfang notkunar á þessum fæðubótarefnum er notkun mónakólína úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum í fæðubótarefnum í athugun hjá Sambandinu og því skráð í C-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006. Hagsmunaaðilar hafa möguleika á, skv. 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, að leggja gögn fyrir Matvælaöryggisstofnunina, í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 307/2012, sem sýna fram á öryggi mónakólína úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum. Í samræmi við 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 ætti framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um það innan fjögurra ára frá gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/860 hvort leyfa eigi almenna notkun mónakólína úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum, sem eru skráðir í C-hluta III. viðauka, eða hvort færa eigi efnið á skrá í A- eða B-hluta III. viðauka eins og við á, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar varðandi öll framlögð gögn.

22) Þess vegna ætti ekki að leyfa tillögðu heilsufullyrðinguna og bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar heilsufullyrðingar.

23) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjandanum sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við samþykkt þessarar reglugerðar.

24) Hinn 4. mars 2013 lagði umsækjandinn athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina þar sem bent er á að í skilyrðunum fyrir notkun á fullyrðingunni sem sett voru í vísindalega álitinu sé ekki tekið tillit til sönnunargagna um hugsanleg áhrif af styrk mónakólíns K í skammti undir 10 mg á dag á lágþéttnikólesteról í blóði.

25) Í kjölfar beiðni frá framkvæmdastjórninni var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að yfirfara vísindalegu athugasemdirnar sem bárust og Matvælaöryggisstofnunin birti tæknilega skýrslu ([12]) 13. maí 2013 sem svar við athugasemdum umsækjandans.

26) Í skýrslu sinni tók Matvælaöryggisstofnunin fram að rannsóknir Myers o.fl., 2006, og Becker o.fl., 2009, hafi sýnt fram á áhrif mónakólíns K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum á styrk lágþéttnikólesteróls í blóði í skömmtum sem nema u.þ.b. 9 og 10 mg á dag, eftir því sem við á. Eins og fram kemur í álitinu er þetta innan skammtabilsins sem var notað í íhlutunarrannsóknunum tveimur á mönnum (Heber o.fl., 1999, Lin o.fl., 2005) sem Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á til að fastsetja skilyrði fyrir notkun á 10 mg af mónakólíni K á dag fyrir fullyrðingu um mónakólín K úr blöndum úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum almennt og viðhald á eðlilegum styrk lágþéttnikólesteróls í blóði (nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um næringu, nýfæði og fæðuofnæmisvalda, 2011). Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að við setningu skilyrða fyrir notkun taki hún tillit til allra vísindagagna sem eru tiltæk og vegi þau og meti. Í þessu sérstaka tilviki tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til sönnunargagna sem fengust úr tveimur íhlutunarrannsóknum á mönnum (Heber o.fl., 1999, Lin o.fl., 2005) við skammta sem nema u.þ.b. 7,5 og 11,5 mg/dag af mónakólíni K sem og minnsta skammts af lóvastatíni (hreint mónakólín K) sem hefur verið sýnt fram á að dragi ávallt úr styrk lágþéttnikólesteróls í blóði hjá markhópnum (þ.e. 10 mg/dag). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að athugasemdirnar sem bárust breyttu ekki niðurstöðum hennar og ítrekaði álit sitt.

27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tillögðu heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðauka við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar heilsufullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

([12]) Tæknileg skýrsla frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu – „Response to comments on the Scientific Opinion of the EFSA Panel on Dietetic Products, Nutrition and Allergies (NDA) on the scientific substantiation of health claims related to monacolin K in SYLVAN BIO red yeast rice and maintenance of normal blood LDL-cholesterol concentrations pursuant to Article 13(5) of Regulation (EC) No 1924/2006.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

HEILSUFULLYRÐING SEM HEFUR VERIÐ HAFNAÐ

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Mónakólín K í SYLVAN BIO rauðum gerjuðum hrísgrjónum	Mónakólín K úr rauðum gerjuðum hrísgrjónum stuðlar að viðhaldi á eðlilegum styrk lágþéttnikólesteróls í blóði	Q-2012-00736

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2049 **2025/EES/10/43**

frá 30. júlí 2024

um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Hinn 17. desember 2020 lagði fyrirtækið ATK Biotech Co., Ltd. ([3]) (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að fá að setja olíu úr *Schizochytrium* sp. (TKD-1) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn óskaði eftir því að nýfæðið yrði leyft til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([4]). Sá stofn *Schizochytrium* sp. sem umsækjandinn notar og umsóknin varðar er tilgreindur sem stofn TKD-1.

4) Hinn 21. apríl 2021 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á olíu úr *Schizochytrium* sp. (TKD-1) sem nýfæði.

5) Hinn 26. október 2023 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of oil from *Schizochytrium limacinum* (strain TKD-1) for use in infant and follow-on formula as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([5]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2049, 31.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

([3]) Þegar umsóknin var lögð fram var heiti umsækjandans TK Biohealth Co., Ltd. Með bréfi frá 11. apríl 2024 upplýsti umsækjandinn, áður þekktur sem Jiangsu Tiankai Biotechnology Co., Ltd. og TK Biohealth Co., Ltd., framkvæmdastjórnina um að hann hefði flutt framleiðslustað sinn og breytt heiti fyrirtækis síns í ATK Biotech Co., Ltd.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/609/oj).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21, e8414.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að nýfæðið olía sem er framleidd úr stofni TKD-1 sem tilheyrir tegundinni *Schizochytrium limacinum* sé örugg við tillögð notkunarskilyrði. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að tillagt notkunarmagn væri í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og reglugerð (ESB) 2016/127 ([6]) sem bætir við hana. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að fyrirliggjandi gögn bendi til þess að upprunalífveran (*Schizochytrium* sp., stofn TKD-1) tilheyri tegundinni *Schizochytrium limacinum*. Matvælaöryggisstofnunin tók enn fremur fram í áliti sínu að upprunalífveran, sem mat var lagt á í umsókninni, sé *Schizochytrium limacinum* (stofn TKD-1) en ekki ættkvíslin *Schizochytrium* sp. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að olía úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1), þegar hún er notuð við tillögð notkunarskilyrði, uppfylli skilyrðin fyrir setningu hennar á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Rétt þykir að færsla olíu úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) sem nýfæði á skrá Sambandsins yfir nýfæði innihaldi upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Því ætti að færa olíu úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyft er að setja olíu úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) á markað innan Sambandsins.

Olía úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) skal færð á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/127/oj).

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„**Olía úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1)**	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi dókósahexensýru*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr smásæju þörungunum *Schizochytrium limacinum*“.“		
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Olía úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1)**	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er olía sem er unnin úr stofninum TKD-1 úr smásæju þörungategundinni *Schizochytrium limacinum*. **Samsetning:** Dókósahexensýruinnihald: ≥ 35,0% Sýrutala: ≤ 0,5 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala: ≤ 5,0 meq/kg Raki og rokgirni: ≤ 0,05% Ósápanlegir þættir: ≤ 3,5% Transfitusýrur: ≤ 2,0% Óbundnar fitusýrur: ≤ 0,4% p-anísidíntala: ≤ 10“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2061 **2025/EES/10/44**

frá 30. júlí 2024

um leyfi til að setja á markað safa úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Hinn 8. ágúst 2019 lagði fyrirtækið Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um leyfi til að setja safa úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn óskaði eftir því að safi úr stilkum Ashitaba yrði notaður í fæðubótarefni, eins og þau er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([3]), sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, í magni sem nemur að hámarki 780 mg á dag. Nýfæðið er gert aðgengilegt fyrir neytendur sem blanda sem inniheldur u.þ.b. 30% af safa úr stilkum Ashitaba og 70% af sýklódextrínum.

4) Hinn 8. ágúst 2019 fór umsækjandinn þess einnig á leit við framkvæmdastjórnina að vísindalegar rannsóknir sem njóta einkaleyfisverndar og gögn nytu verndar, þ.e.a.s. gögn um lýsingu á eiginleikum safa úr stilkum Ashitaba ([4]), vottorð um hráefni ([5]), greiningaraðferðir ([6]), greiningarvottorð ([7]), tvær prófanir á bakstökkbreytingum hjá bakteríum ([8]) ([9]), smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum ([10]), prófun í glasi á litningabreytingum í spendýrum ([11]), rannsókn á bráðum eiturhrifum um munn hjá rottum ([12]), tvær 90 daga rannsóknir á eiturhrifum um munn hjá rottum (önnur án ([13]) og hin með 90-daga afturbatatímabili ([14])), vefjameinafræðileg samráðsskýrsla um valdar vefjameinafræðilegar niðurstöður

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2061, 31.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/46/oj).

([4]) Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. 2016 (óbirt).

([5]) Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. 2006, 2007, 2014, 2015, 2016 (óbirt).

([6]) Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. 2023 (óbirt).

([7]) Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. 2006, 2009, 2010, 2012, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2020, 2022 (óbirt).

([8]) Krul o.fl. 2002 (óbirt).

([9]) Joshi 2023a (óbirt).

([10]) Joshi 2023b (óbirt).

([11]) De Vogel 2003 (óbirt).

([12]) Prinsen 2002 (óbirt).

([13]) Oda 2006 (óbirt).

([14]) Kukulinski 2013 (óbirt).

sem komu fram í annarri 90-daga rannsókninni á eiturhrifum um munn hjá rottum ([15]) og slembuð, lyfleysustýrð, tvíblind og samhliða hóprannsókn á mönnum ([16]), sem voru lögð fram til stuðnings umsókninni.

5) Hinn 19. desember 2019 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á safa úr stilkum Ashitaba sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

6) Hinn 1. febrúar 2024 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of ashitaba sap as a Novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([17]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að safi úr stilkum Ashitaba sé öruggur fyrir tillagða markhópa við tillögð notkunarskilyrði í magni sem fer ekki yfir 137 mg/dag sem svarar til 35 mg/dag af vörunni eins og ætlunin er að afhenda hana til neytenda. Matvælaöryggisstofnunin tók enn fremur fram að slík inntaka, þó að hún sé undir magninu 780 mg/dag sem umsækjandinn lagði til, veiti fullnægjandi váhrifamörk (MoE) miðað við þau mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) sem fengust í rannsókninni á hálflangvinnum eiturhrifum. Þar af leiðandi eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að safi úr stilkum Ashitaba, þegar hann er notaður í magni sem fer ekki yfir 137 mg/dag í fæðubótarefnum sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, uppfylli skilyrðin fyrir setningu hans á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Matvælaöryggisstofnunin taldi í vísindalegu áliti sínu að hún hefði ekki getað metið nýfæðið og komist að niðurstöðum sínum um öryggi safa úr stilkum Ashitaba án vísindalegra rannsókna og gagna sem lögð voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e.a.s. gögn um lýsingu á eiginleikum safa úr stilkum Ashitaba, vottorð um hráefni, greiningaraðferðir, greiningarvottorð, tvær prófanir á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum, prófun í glasi á litningabreytingum í spendýrum, rannsókn á bráðum eiturhrifum um munn hjá rottum, tvær 90 daga rannsóknir á eiturhrifum um munn hjá rottum (önnur án og hin með 90-daga afturbatatímabili), vefjameinafræðileg samráðsskýrsla um valdar vefjameinafræðilegar niðurstöður sem komu fram í annarri 90-daga rannsókninni á eiturhrifum um munn hjá rottum og slembuð, lyfleysustýrð, tvíblind og samhliða hóprannsókn á mönnum.

9) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna þessara vísindalegu rannsókna og gagna og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þeirra í samræmi við b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Umsækjandinn lýsti því yfir að hann hafi haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í vísindalegar rannsóknir og gögn um lýsingu á eiginleikum safa úr stilkum Ashitaba, vottorð um hráefni, greiningaraðferðir, greiningarvottorð, tvær prófanir á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum, prófun í glasi á litningabreytingum í spendýrum, rannsókn á bráðum eiturhrifum um munn hjá rottum, tvær 90 daga rannsóknir á eiturhrifum um munn hjá rottum (önnur án og hin með 90-daga afturbatatímabili), vefjameinafræðilega samráðsskýrslu um valdar vefjameinafræðilegar niðurstöður sem komu fram í annarri 90-daga rannsókninni á eiturhrifum um munn hjá rottum og slembaða, lyfleysustýrða, tvíblinda og samhliða hóprannsókn á mönnum samkvæmt landslögum þegar hann lagði umsóknina fram og að þriðju aðilar gætu ekki nálgast, notað eða vísað í þessi gögn og þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

11) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Því ættu vísindalegar rannsóknir og gögn um lýsingu á eiginleikum safa úr stilkum Ashitaba, vottorð um hráefni, greiningaraðferðir, greiningarvottorð, tvær prófanir á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, smákjarnaprófun í glasi á spendýrafrumum, prófun í glasi á litningabreytingum í spendýrum, rannsókn á bráðum eiturhrifum um munn hjá rottum, tvær 90 daga rannsóknir á eiturhrifum um munn hjá rottum (önnur án og hin með 90-daga afturbatatímabili), vefjameinafræðileg samráðsskýrsla um valdar vefjameinafræðilegar niðurstöður sem komu fram í annarri 90-daga

([15]) Seely 2011 (óbirt).
([16]) Tomita 2017 (óbirt).
([17]) DOI: 10.2903/j.efsa.2024, 8645; https://doi.org/10.2903/j.efsa.2024, 8645.

rannsókninni á eiturhrifum um munn hjá rottum og slembuð, lyfleysustýrð, tvíblind og samhliða hóprannsókn á mönnum að njóta verndar í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Til samræmis við það ætti eingöngu umsækjandanum að vera heimilt að setja safa úr stilkum Ashitaba á markað innan Sambandsins í 5 ár frá gildistöku þessarar reglugerðar.

12) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir safa úr stilkum Ashitaba og á tilvísun í vísindalegu rannsóknirnar og gögnin sem finna má í skrá umsækjandans eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að síðari umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi.

13) Rétt þykir að færsla safa úr stilkum Ashitaba á skrá Sambandsins yfir nýfæði innihaldi upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í samræmi við skilyrðin fyrir notkun fæðubótarefna sem innihalda safa úr stilkum Ashitaba, sem Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á, er nauðsynlegt að upplýsa neytendur um það með viðeigandi merkimiða að einungis fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, skuli neyta fæðubótarefna sem innihalda þetta nýfæði.

14) Endurgjöf frá nokkrum aðildarríkjum og úr birtum skýrslum sem ekki njóta lengur höfundarverndar virðast benda til að heimilt sé að setja blöndur, sem eru framleiddar úr *Angelica keiskei*-plöntunni, á markað sem lyf. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([18]) gildir þar sem vara, að teknu tilliti til allra eiginleika hennar, getur bæði fallið undir skilgreininguna um „lyf“ eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar og undir skilgreininguna á „vöru“ sem fellur undir reglugerð (ESB) 2015/2283. Ef aðildarríki ákveður að vara sé lyf, í samræmi við tilskipun 2001/83/EB, getur það í því tilliti takmarkað setningu umræddrar vöru á markað í samræmi við lög Sambandsins.

15) Færa ætti safa úr stilkum Ashitaba á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Leyft er að setja safa úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba) á markað innan Sambandsins.

Færa skal safa úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba) á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Einungis fyrirtækinu Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. ([19]) er leyfilegt að setja nýfæðið, sem um getur í 1. gr., á markað í Sambandinu í fimm ár frá 20. ágúst 2024 nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í vísindagögnin sem eru vernduð skv. 3. gr. eða með samþykki Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc.

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2001/83/oj).

([19]) Heimilisfang: 1547 Palos Verdes Mall No 131, Walnut Creek, California 94597, Bandaríkin.

3. gr.

Ekki skal nota vísindalegu rannsóknirnar og gögnin sem eru í umsóknarskránni og uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema með samþykki Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Safi úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba)	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi (gefið upp fyrir safann)*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „safi úr stilkum Ashitaba (*Angelica keiskei*)“. Á merkingu fæðubótarefna sem innihalda safa úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba) skal vera yfirlýsing þess efnis að einungis fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, skuli neyta þeirra.		Leyft 20. ágúst 2024. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: “Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc.”, 1547 Palos Verdes Mall No 131, Walnut Creek, California 94597, Bandaríkin. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. leyfilegt að setja nýfæðið safa úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba) á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Japan Bio Science Laboratory (JBSL)-USA, Inc. Lokadagur gagnaverndar: 20. ágúst 2029“
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti	137 mg/dag			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Safi úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safi úr stilkum Ashitaba)	**Lýsing:** Nýfæðið er seigfljótandi gulur vökvi sem fæst með eðlisrænum aðferðum úr stilkum fullvaxta plantna *Angelica keiskei* (Ashitaba). *Angelica keiskei* er upprunaleg í Japan og er kölluð Ashitaba á japönsku; þaðan kemur tilvísunin safi úr stilkum Ashitaba. Safinn er síðan gerilsneyddur, blandaður með sýklódextrínum í hlutfallinu u.þ.b. 30% af safa úr stilkum Ashitaba og 70% af sýklódextrínum og blandan er síðan dauðhreinsuð, frostþurrkuð og sigtuð. **Uppruni:** *Angelica keiskei (*ættin *Apiaceae)* **Eiginleikar/samsetning safans:** Kalkón (xantóangelól +4-hýdroxýderrisín) (% massi miðað við rúmmál): 1,0–2,25 Kolvetni (%): 5,0–7,5 Vatn (%): 90,0–95,0 Fita (% massi miðað við rúmmál): 0,1–0,3 Prótín (% massi miðað við rúmmál): 0,15–0,45 Summa díhýdrópýranókúmarína af hornlaga gerð (e. *angular-type*): ≤ 10 mg/kg Summa fúranókúmarína: ≤ 100 mg/kg **Þungmálmar:** Blý: ≤ 0,1 mg/kg Arsen: ≤ 0,3 mg/kg Kvikasilfur: ≤ 0,1 mg/kg Kadmíum: ≤ 1,0 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi lífvænlegra örvera við loftháð skilyrði: ≤ 1 000 CFU/g Heildarfjöldi ger-/myglusveppa: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli*: Finnst ekki í 10 g Kólíbakteríur: ≤ 30 CFU/g Salmonella spp.: Finnst ekki í 25 g CFU: Þyrpingamyndandi einingar“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2062 **2025/EES/10/45**

frá 30. júlí 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru sem leyft nýfæði.

4) Samkvæmt 2. mgr. 4.gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]) er heimilt að setja olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru á markað sem nýfæði til notkunar í nokkrar tegundir matvæla.

5) Hinn 30. janúar 2024 lagði fyrirtækið DSM Nutritional Products Ltd. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta nákvæmu skilgreiningunni á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru. Umsækjandinn fór fram á að lækka gildin fyrir dókósahexensýru úr gildinu jafnt eða hærra en 22,5%, sem er sem stendur leyft, í jafnt eða hærra en 15,0%.

6) Umsækjandinn rökstuddi beiðnina um tillagða breytingu á nákvæmu skilgreiningunni með því að hún tengdist bestun gerjunarnæringarefna og skilyrðum við framleiðslu. Sú minnkun á innihaldi dókósahexensýru í vörunni sem af þessu leiðir var fyrirhuguð og gert ráð fyrir henni og er afleiðing af umbótum og bestun við framleiðslu, einkum vegna minni háttar aðlagana í gerjunarfasanum, en önnur framleiðsluþrep eru áfram þau sömu. Umsækjandinn tilgreindi einnig að umbeðin breyting á nákvæmu skilgreiningunni á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru hefði ekki áhrif á öryggi nýfæðisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2062, 31.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/1997/258/oj).

7) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins varðandi breytingu á nákvæmu skilgreiningunni á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru, sem umsækjandinn leggur til, sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Umbeðin breyting á nákvæmu skilgreiningunni varðar lægri gildi dókósahexensýru en Matvælaöryggisstofnunin ([4]) hafði áður metið sem örugg. Þessi endurskoðun á nákvæmu skilgreiningunni á olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru varðar breytingu á einungis einni breytu, magni dókósahexensýru, en aðrar breytur í nákvæmu skilgreiningunni haldast óbreyttar.

8) Upplýsingarnar sem lagðar voru fram í umsókninni og „Scientific Opinion on the extension of use for DHA and EPA-rich algal oil from *Schizochytrium* sp. as a Novel Food ingredient“ frá Matvælaöryggisstofnuninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á nákvæmu skilgreiningunni á nýfæðinu séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

9) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) „Scientific Opinion on the extension of use for DHA and EPA-rich algal oil from *Schizochytrium* sp. as a Novel Food ingredient“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(10), 3843).

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir „olía, auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru, úr *Schizochytrium* sp.“ í töflu 2 (nákvæm skilgreining) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Olía, auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru, úr *Schizochytrium* sp.	Sýrutala: ≤ 0,5 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala (PV): ≤ 5,0 meq/kg olíu Oxunarstöðugleiki: Að því er varðar öll matvæli, sem innihalda olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósahexensýru og eikósapentensýru, skal sýna fram á oxunarstöðugleika með viðeigandi og viðurkenndum landsbundnum/alþjóðlegum prófunaraðferðum (t.d. AOAC (Samtök aðila í efnagreiningu)). Raki og rokgirni: ≤ 0,05% Ósápanlegir þættir: ≤ 4,5% Transfitusýrur: ≤ 1% Dókósahexensýruinnihald: ≥ 15% Eikósapentensýruinnihald: ≥ 10%“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2067 **2025/EES/10/46**

frá 31. júlí 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar að fella færslur SF-001 til SF-010 brott úr skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 18. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 2065/2003 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja reykbragðefni, sem eru færð á skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu (hér á eftir nefnd skrá Sambandsins), á markað í Sambandinu.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 ([2]) er tekin saman skrá Sambandsins og mælt fyrir um leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, forskriftir þeirra og notkunarskilyrði. Leyfin fyrir reykbragðefnunum SF-001 til SF-010 á forstigi framleiðslu giltu í 10 ár frá 1. janúar 2014 og voru endurnýjanleg til 10 ára í senn að fenginni umsókn frá leyfishafa til framkvæmdastjórnarinnar.

3) Að því er varðar reykbragðefnin SF-007 og SF-010 á forstigi framleiðslu voru ekki lagðar fram neinar umsóknir um endurnýjun á leyfinu og leyfið rann út 1. janúar 2024.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2067, 1.8.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2003/2065/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 frá 10. desember 2013 um skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, til notkunar sem slík í eða á matvæli og/eða til framleiðslu á afleiddum reykbragðefnum (Stjtíð. ESB L 333, 12.12.2013, bls. 54, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/1321/oj).

4) Að því er varðar reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 og SF-009 á forstigi framleiðslu voru umsóknir um endurnýjun á leyfi lagðar fram í júní 2022. Framkvæmdastjórnin synjaði um endurnýjun á leyfi fyrir reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 og SF-009 á forstigi framleiðslu með framkvæmdarákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2071 ([3]), (ESB) 2024/2066 ([4]), (ESB) 2024/2073 ([5]), (ESB) 2024/2072 ([6]), (ESB) 2024/2079 ([7]), (ESB) 2024/2078 ([8]), (ESB) 2024/2069 ([9]) og (ESB) 2024/2077 ([10]).

5) Þar eð þessi tíu reykbragðefni á forstigi framleiðslu eru ekki lengur leyfð þykir rétt að fella viðkomandi færslur brott úr skrá Sambandsins.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 til samræmis við það.

7) Í ljósi áhyggna Matvælaöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 og SF-009 á forstigi framleiðslu og einnig þeirrar staðreyndar að reykbragðefni á forstigi framleiðslu eru mikið notuð í margs konar matvæli og að öll leyfi fyrir notkun á reykbragðefnum á forstigi framleiðslu til að gefa reykbragð eða, í sumum tilvikum, fyrir notkun í staðinn fyrir hefðbundið reykingarferli eru útrunnin eða hafa ekki verið endurnýjuð ætti þó að innleiða viðeigandi ráðstafanir, sem eru aðlagaðar að mismunandi notkunarsviðum reykbragðefna á forstigi framleiðslu, til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að finna staðgöngukosti.

8) Það ætti að vera heimilt að setja matvæli í flokkum 1.7. (Ostur og ostaafurðir), 8. (Kjöt), 9.2. (Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr), 9.3. (Fiskhrogn) og samsvarandi undirflokkum, sem þessum reykbragðefnum á forstigi framleiðslu er bætt við og sem samræmast ákvæðum sem mælt var fyrir um fyrir þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu í skrá Sambandsins fyrir 21. ágúst 2024, á markað til 1. júlí 2029 og að þau verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags þar eð notkun á reykbragðefnum á forstigi framleiðslu í eða á slíkum matvælum kemur í staðinn fyrir hefðbundin reykingarferli og aðlögun vinnsluferla getur útheimt verulega fjárfestingu og, í sumum tilvikum, tímafreka stjórnsýslumeðferð.

9) Það ætti að vera heimilt að setja matvæli í öllum öðrum flokkum sem þessum reykbragðefnum á forstigi framleiðslu er bætt í og sem samræmast ákvæðum sem mælt er fyrir um fyrir þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu í skrá Sambandsins fyrir 21. ágúst 2024 á markað til 1. júlí 2026 og að þau verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags til að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem nota þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu, hafi nægan tíma til að aðlaga matvælauppskriftir sínar.

10) Af sömu ástæðu ætti að vera heimilt að setja blöndur sem innihalda þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu og eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar á markað fram að þeim dagsetningum sem settar eru fram fyrir matvælin sem þau eru ætluð fyrir.

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2071 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Scansmoke PB 1110 (SF-001) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2071, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2071/oj).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2066 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Zesti Smoke Code 10 (SF-002) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2066, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2066/oj).

([5]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2073 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Smoke Concentrate 809045 (SF-003) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2073, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2073/oj).

([6]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2072 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Scansmoke SEF 7525 (SF-004) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2072, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2072/oj).

([7]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2079 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir SmokEz C-10 (SF-005) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2079, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2079/oj).

([8]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2078 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir SmokEz Enviro-23 (SF-006) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2078, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2078/oj).

([9]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2069 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir ProFagus-Smoke R709 (SF-008) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2069, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2069/oj).

([10]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2077 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Fumokomp (SF-009) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtíð. ESB L 2024/2077, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2077/oj).

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Færslurnar fyrir SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-007, SF-008, SF-009 og SF-010 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 falla brott.

2. gr.

1. Matvæli sem innihalda reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 eða SF-009 á forstigi framleiðslu, sem samræmast ákvæðunum sem mælt er fyrir um fyrir þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu í skrá Sambandsins fyrir 21. ágúst 2024, má áfram segja á markað og hafa þau áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef þau eru sett á markað fram að eftirtöldum dagsetningum:

a) 1. júlí 2029 að því er varðar matvælaflokka 1.7. (Ostur og ostaafurðir), 8. (Kjöt), 9.2. (Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr), 9.3. (Fiskhrogn) og samsvarandi undirflokka,

b) 1. júlí 2026 að því er varðar alla aðra matvælaflokka.

2. Blöndur sem innihalda reykbragðefni SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 eða SF-009 á forstigi framleiðslu og eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar má setja á markað fram til 1. júlí 2029, til notkunar í þá matvælaflokka sem eru tilgreindir í a-lið 1. mgr., og fram til 1. júlí 2026 fyrir alla aðra matvælaflokka.

Að því er varðar þessa málsgrein merkir „blöndur“ blöndur af reykbragðefnum eða blöndur af einu eða fleiri reykbragðefnum og öðrum innihaldsefnum matvæla, s.s. bragðefnum, matvælaaukefnum, ensímum eða burðarefnum, til að auðvelda geymslu þeirra, sölu, stöðlun, þynningu eða uppleysingu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2101 **2025/EES/10/47**

frá 30. júlí 2024

um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 1. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Hinn 19. mars 2021 lagði fyrirtækið CABIO Biotech (Wuhan) Co., Ltd. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að fá að setja olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn óskaði eftir því að nýfæðið yrði leyft til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([3]). Sá stofn *Schizochytrium* sp. sem umsækjandinn notar og umsóknin varðar er tilgreindur sem stofn CABIO-A-2.

4) Hinn 12. júlí 2021 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) sem nýfæði.

5) Hinn 26. október 2023 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of oil from *Schizochytrium* sp. (strain CABIO-A-2) for use in infant and follow-on formula as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([4]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að nýfæðið olía sem er unnin úr stofninum CABIO-A-2 úr smásæju þörungunum *Schizochytrium* sp sé öruggt við tillögð notkunarskilyrði. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að þar eð tillagt notkunarmagn er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 ([5]) sem bætir við hana væri inntekið magn dókósahexensýru úr

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2101, 31.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/609/oj).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21, e8415.

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/127/oj).

ungbarnablöndum og stoðblöndum, sem innihalda nýfæðið í tillögðu notkunarmagni, innan þess styrkbils sem var fyrirséð í þeirri reglugerð. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að olía úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2), þegar hún er notuð við tillögð notkunarskilyrði, uppfylli skilyrðin fyrir setningu hennar á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Rétt þykir að færsla olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) sem nýfæði á skrá Sambandsins yfir nýfæði innihaldi upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Færa ætti olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1) Leyft er að setja olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) á markað innan Sambandsins.

Olía úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) skal færð á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2) Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„Olía úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2)	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi dókósahexensýru*	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „olía úr smásæju þörungunum *Schizochytrium* sp.“.“		
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013			

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Olía úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2)	**Lýsing/Skilgreining:** Nýfæðið er olía sem er unnin úr stofninum CABIO-A-2 úr smásæju þörungunum *Schizochytrium* sp. **Samsetning:** Dókósahexensýruinnihald: ≥ 35,0% Sýrutala: ≤ 0,5 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala: ≤ 5,0 meq/kg Raki og rokgirni: ≤ 0,05% Ósápanlegir þættir: ≤ 3,5% Transfitusýrur: ≤ 2,0% Óbundnar fitusýrur: ≤ 0,4% p-anísidíntala: ≤ 10“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2102 **2025/EES/10/48**

frá 30. júlí 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa og að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa sem er framleiddur með afleiddum stofni Escherichia coli BL-21 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur bæði 2'-fúkósýllaktósa sem er framleiddur með efnafræðilegum aðferðum og sem er örverufræðilega framleiddur sem leyft nýfæði. Notkunarskilyrði, hámarksgildi og sértækar kröfur varðandi merkingu sem eru sett fram í töflu 1 í viðaukanum við þá reglugerð eru sameiginleg fyrir bæði tilbúinn og örverufræðilega framleiddan 2′-fúkósýllaktósa. Á sama tíma eru í töflu 2 í viðaukanum við þá reglugerð settar fram aðskildar nákvæmar skilgreiningar fyrir 2′-fúkósýllaktósa sem er framleiddur með efnafræðilegum aðferðum („2′-fúkósýllaktósi (tilbúinn)“) og fyrir örverufræðilega framleiddan 2′-fúkósýllaktósa („2′-fúkósýllaktósi (örverufræðilegur uppruni)“).

4) Hinn 30. júní 2021 lagði fyrirtækið Chr. Hansen A/S (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta skilyrðunum fyrir notkun á 2′-fúkósýllaktósa. Umsækjandinn óskaði eftir aukningu á leyfðu hámarksmagni 2′-fúkósýllaktósa í ungbarnablöndur og stoðblöndur, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 609/2013 ([3]), úr 1,2 g/l sem er sem stendur leyft í bæði ungbarnablöndur og stoðblöndur í 3,0 g/l í ungbarnablöndur og í 3,64 g/l í stoðblöndur.

5) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 28. september 2022 og bað hana að leggja fram vísindalegt álit á tillagðri aukningu á leyfðu hámarksmagni 2′-fúkósýllaktósa í ungbarnablöndur og stoðblöndur.

6) Hinn 26. september 2023 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of the extension of use of 2′-fucosyllactose (2′-FL) as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([4]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2102, 31.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/609/oj).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(11), 8334.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að 2′-fúkósýllaktósi væri öruggur þegar hann er notaður í ungbarnablöndur og stoðblöndur í tillögðu hámarksmagni sem nemur 3,0 g/l og 3,64 g/l, eftir því sem við á, og því er rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun á 2′-fúkósýllaktósa.

8) Upplýsingarnar í umsókninni og vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingar á skilyrðum fyrir notkun á 2′-fúkósýllaktósa séu í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

9) Hinn 27. október 2023 lagði umsækjandinn aðra umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um breytingu á nákvæmum skilgreiningum á 2′-fúkósýllaktósa sem er framleiddur með gerjun með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* BL-21. Umsækjandinn óskaði eftir aukningu á leyfðu hámarksmagni inneiturleifa úr því sem er sem stendur leyft, sem er ≤ 100 inneitureiningar (EU)/g (eða ≤ 0,1 EU/mg) af nýfæði fyrir duftformið eða ≤ 100 EU/ml (eða ≤ 0,1 EU/µl) af nýfæði fyrir vökvaformið, í ≤ 10 EU/mg af nýfæði fyrir duftformið eða ≤ 10 EU/µl af nýfæði fyrir vökvaformið.

10) Umsækjandinn óskaði eftir aukningu á magni inneiturleifa í 2′-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með gerjun með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* BL-21, til að aðlaga magnið að því sem er þegar leyft fyrir 2′-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* K-12, sem er leyfður með sömu notkunarskilyrðum, og að öðrum leyfðum fásykrum sem eru eins og í móðurmjólk sem eru einnig leyfðar með sama eða svipað magn inneiturleifa í ungbarnablöndum og stoðblöndum.

11) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins yfir nýfæði um aukningu á inneiturleifum í nákvæmu skilgreiningunni á 2′-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* BL-21, sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Í álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar ([5]), ([6]), ([7]) um aðrar fásykrur sem eru eins og í móðurmjólk sem eru sem stendur leyfðar, með magn inneiturleifa sem nemur ≤ 10 EU/mg af nýfæði og með sömu eða svipuðum notkunarskilyrðum og 2′-fúkósýllaktósi sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* BL-21, var komist að þeirri niðurstöðu að þessi hámarksgildi inneiturleifa væru örugg.

12) Upplýsingarnar í umsóknunum og fyrirliggjandi álit Matvælaöryggisstofnunarinnar gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á skilyrðunum fyrir notkun á 2′-fúkósýllaktósa til að auka hámarksnotkunarmagn hans í ungbarnablöndur og stoðblöndur og breytingarnar á nákvæmu skilgreiningunni á 2′-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með gerjun með því að nota afleiddan stofn *Escherichia coli* BL-21, til að breyta magni inneiturleifa séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

13) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(6), 5717.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(5), 7329.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(6), 8026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir 2′-fúkósýllaktósa í töflu 1 (Leyft nýfæði) kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„2′-fúkósýllaktósi	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi*	1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „2′-fúkósýllaktósi“. 2. Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda 2′-fúkósýllaktósa skal vera yfirlýsing þess efnis að ekki skuli nota fæðubótarefnin ef annarra matvæla með viðbættum 2′-fúkósýllaktósa er neytt sama dag. 3. Á merkimiða fæðubótarefna, sem eru ætluð smábörnum, sem innihalda 2′-fúkósýllaktósa skal vera yfirlýsing þess efnis að ekki skuli nota fæðubótarefnin ef brjóstamjólkur eða annarra matvæla með viðbættum 2′-fúkósýllaktósa er neytt sama dag.“	
	Óbragðbættar, gerilsneyddar og dauðhreinsaðar (þ.m.t. leifturhit-aðar) afurðir sem eru að stofni til úr mjólk	1,2 g/l		
	Óbragðbættar gerjaðar afurðir, að stofni til úr mjólk	1,2 g/l að því er varðar drykkjarvörur		
		19,2 g/kg af öðrum vörum en drykkjarvörum		
	Bragðbættar, gerjaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur	1,2 g/l að því er varðar drykkjarvörur		
		19,2 g/kg af öðrum vörum en drykkjarvörum		
	Mjólkurvöruhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurlíki	1,2 g/l að því er varðar drykkjarvörur		
		12 g/kg af öðrum vörum en drykkjarvörum		
		400 g/kg að því er varðar þurrmjólk-urlíki		
	Kornstangir	12 g/kg		
	Borðsætuefni	200 g/kg		
	Ungbarnablanda eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	3,0 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda		
	Stoðblanda eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	3,64 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda		
	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	12 g/kg af öðrum vörum en drykkjarvörum		
		1,2 g/l að því er varðar matvæli í vökvaformi sem eru tilbúin til notkunar, sett á markað sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í þau samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda		

	Drykkir, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn	1,2 g/l fyrir drykki, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda		
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir		
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	4,8 g/l að því er varðar drykki		
		40 g/kg að því er varðar stangir		
	Brauð og pastavörur með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 828/2014	60 g/kg		
	Bragðbættar drykkjarvörur	1,2 g/l		
	Kaffi, te, (að undanskildu svörtu tei) jurta- og aldinseyði, kaffifífill; kjarni úr tei og jurta- og aldinseyði og kaffifíflum; te, jurta- og aldinseyði og unnar kornvörur sem ætlaðar eru í seyði, sem og blöndur og skyndiblöndur þessara afurða	9,6 g/l — hámarksgildin eiga við um vörurnar tilbúnar til notkunar		
	Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum	3,0 g/dag fyrir almenning		
		1,2 g/dag fyrir smábörn		

2) Í stað færslunnar fyrir 2′-fúkósýllaktósi (örverufræðilegur uppruni) í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) kemur eftirfarandi:

Nákvæm skilgreining				Gagnavernd
	Skilgreining: Efnaheiti: α-L-fúkópýranósýl-(1→2)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi Efnaformúla: $C_{18}H_{32}O_{15}$ CAS-nr.: 41263-94-9 Sameindaþyngd: 488,44 g/mól			2′-fúkósýllaktósi, framleiddur með erfðabreyttum stofni *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13032, leyfður 16. maí 2023. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: „Advanced Protein Technologies Corporation“, 7th Floor GyeongGi-BioCenter, 147, Gwanggyo-ro, Yeongtong-gu, Suwon-si Gyeonggi-do, 16229 Suður-Kórea. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis „Advanced Protein Technologies Corporation“ leyfilegt að setja 2′-fúkósýllaktósa, sem er framleiddur með erfðabreyttum stofni *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13032, á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki „Advanced Protein Technologies Corporation“.
„2′-fúkósýllaktósi (örverufræðilegur uppruni)	**Uppruni:** Erfðabreyttur stofn *Escherichia coli* K-12	**Uppruni:** Erfðabreyttur stofn *Escherichia coli* BL-21	Uppruni: Erfðabreyttur stofn *Corynebacterium glutamicum* ATCC 13032	
	Lýsing: 2′-fúkósýllaktósi er hvítt yfir í beinhvítt duft sem er framleitt með örverufræðilegri aðferð. **Hreinleiki:** 2′-fúkósýllaktósi: ≥ 83% D-laktósi: ≤ 10,0% L-fúkósi: ≤ 2,0% Difúkósýl-D-laktósi: ≤ 5,0% 2′-fúkósýl-D-laktúlósi: ≤ 1,5% Summa sykra (2′-fúkósýllaktósi, D-laktósi, L-fúkósi, difúkósýl-D-laktósi, 2′-fúkósýl-D-laktúlósi): ≥ 90% pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 3,0–7,5 Vatn: ≤ 9,0% Súlfataska: ≤ 2,0% Ediksýra: ≤ 1,0% Prótínleifar: ≤ 0,01% **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 3 000 CFU/g Gersveppir: ≤ 100 CFU/g Myglusveppir: ≤ 100 CFU/g Inneitur: ≤ 10 EU/mg CFU: Þyrpingamyndandi einingar, EU: Inneitureiningar	**Lýsing:** 2′-fúkósýllaktósi er hvítt yfir í beinhvítt duft og fljótandi þykkni (45% ± 5% massi miðað við rúmmál) er litlaus, yfir í eilítið gul, tær vatnslausn. 2′-fúkósýllaktósi er framleiddur með örverufræðilegri aðferð. **Hreinleiki:** 2′-fúkósýllaktósi: ≥ 90% Laktósi: ≤ 5,0% Fúkósi: ≤ 3,0% 3-fúkósýllaktósi: ≤ 5,0% Fúkósýlgalaktósi: ≤ 3,0% Difúkósýllaktósi: ≤ 5,0% Glúkósi: ≤ 3,0% Galaktósi: ≤ 3,0% Vatn: ≤ 9,0% (duft) Súlfataska: ≤ 0,5% (duft og vökvi) Prótínleifar: ≤ 0,01% (duft og vökvi) **Þungmálmar:** Blý: ≤ 0,02 mg/kg (duft og vökvi) Arsen: ≤ 0,2 mg/kg (duft og vökvi) Kadmíum: ≤ 0,1 mg/kg (duft og vökvi) Kvikasilfur: ≤ 0,5 mg/kg (duft og vökvi)	**Lýsing:** 2′-fúkósýllaktósi er hvítt yfir í beinhvítt duft sem er framleitt með örverufræðilegri aðferð. **Hreinleiki:** 2′-fúkósýllaktósi (miðað við þyngd af þurrefni): ≥ 94,0% D-laktósi (miðað við þyngd af þurrefni): ≤ 3,0% L-fúkósi (miðað við þyngd af þurrefni): ≤ 3,0% 3′-fúkósýllaktósi (miðað við þyngd af þurrefni): ≤ 3,0% Difúkósýllaktósi (miðað við þyngd af þurrefni): ≤ 2,0% D-glúkósi (miðað við þyngd af þurrefni): ≤ 3,0% D-galaktósi (miðað við þyngd af þurrefni): ≤ 3,0% Vatn: ≤ 9,0% Aska: ≤ 0,5% Prótínleifar: ≤ 0.005% **Aðskotaefni**: Arsen: ≤ 0,03 mg/kg Aflatoxín M1: ≤ 0,025 µg/kg Etanól: ≤ 1 000 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir**: Heildarlíftala: ≤ 500 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g	

		Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarlíftala: $\leq 10^4$ CFU/g (duft), ≤ 5 000 CFU/g (vökvi) Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g (duft), ≤ 50 CFU/g (vökvi) Iðrabakteríur/kólíbakteríur: ekki fyrir hendi í 11 g (duft og vökvi) Salmonella: neikvætt/100 g (duft), neikvætt/200 ml (vökvi) Cronobacter: neikvætt/100 g (duft), neikvætt/200 ml (vökvi) Inneitur: ≤ 10 EU/mg (duft), ≤ 10 EU/µl (vökvi) Aflatoxín M1: ≤ 0,025 µg/kg (duft og vökvi) CFU: Þyrpingamyndandi einingar, EU: Inneitureiningar	Iðrabakteríur: finnst ekki í 10 g Salmonella: finnst ekki í 25 g *Cronobacter* spp.: finnst ekki í 10 g Inneitur: ≤ 100 EU/g CFU: Þyrpingamyndandi einingar, EU: Inneitureiningar	Lokadagur gagnaverndar: 16. maí 2028.”

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2105 **2025/EES/10/49**

frá 31. júlí 2024

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista Sambandsins yfir leyfðar heilsufullyrðingar.

2) Í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skulu senda lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda gildar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkjanna til upplýsingar.

3) Eftir móttöku umsóknar skal Matvælaöryggisstofnunin skila áliti um viðkomandi heilsufullyrðingu innan fimm mánaða.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingin skuli leyfð, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggis stofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal þó, í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við þessa athugun einnig taka tillit til annarra lögmætra þátta sem skipta máli í þessu tilliti.

5) Í kjölfar umsóknar frá BENEO GmbH, sem lögð var fram skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 varðandi heilsufullyrðingu í skilningi 5. mgr. 13. gr., var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar ísómaltúlósa og hvernig hann stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum (spurning nr. EFSA-Q-2021-00073). Fullyrðingin sem umsækjandinn lagði til var svohljóðandi: „Neysla matvæla/drykkja sem innihalda ísómaltúlósa (Palatinose ™) sem kemur í stað annars sykurs stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum en með hægara vatnsrofi“. Að beiðni Matvælaöryggisstofnunarinnar, en samkvæmt henni er tillag blóðsykurshækkandi kolvetna (þ.m.t. ísómaltúlósa) til orkugæfra efnaskipta ekki háð hraða vatnsrofs í glúkósa, takmarkaðist gildissvið vísindalega matsins, með samþykki umsækjandans, við tillag ísómaltúlósa sem glúkósagjafa til eðlilegra orkugæfra efnaskipta. Markhópurinn er almenningur.

6) Hinn 15. september 2021 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit ([2]) um þá fullyrðingu þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram, að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á ísómaltúlósa og þess að stuðlað væri að orkugæfum efnaskiptum. Þar eð tillagið til orkugæfra efnaskipta einskorðast ekki við ísómaltúlósa heldur gildir um öll meginnæringarefni sem innihalda orku (þ.e. kolvetni, prótín og fitu) sem veita líkamanum efnaskiptanlega orku og allt magn þessara meginnæringarefna myndi stuðla að fullyrtu áhrifunum gat Matvælaöryggisstofnunin þó ekki fastsett skilyrði fyrir notkun á þessari fullyrðingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2105, 1.8.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(10), 6849.

7) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 skulu heilsufullyrðingar byggjast á almennt viðurkenndum rannsóknaniðurstöðum. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1934/2006 skulu heilsufullyrðingar einnig vera sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur við val á heilsusamlegri fæðu. Í því tilliti er þess einnig gerð sú krafa í 2. mgr. 5. gr. að einungis megi nota heilsufullyrðingu ef búast má við að meðalneytendur skilji jákvæðu áhrifin sem koma fram í fullyrðingunni. Synja má leyfis á lögmætan hátt ef heilsufullyrðingar uppfylla ekki aðrar almennar og sértækar kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, jafnvel þó að jákvætt vísindalegt mat frá Matvælaöryggisstofnuninni liggi fyrir. Ekki ætti að nota heilsufullyrðingar sem eru í ósamræmi við almennt viðurkenndar meginreglur um næringu og hollustu. Í þessu tiltekna tilviki myndi notkun slíkrar heilsufullyrðingar senda neytendum mótsagnakennd og ruglandi skilaboð. Ísómaltúlósi er tvísykra sem samanstendur af einni glúkósa- og einni frúktósasameind og þess vegna myndi slík heilsufullyrðing hvetja til neyslu þessara sykra sem landsyfirvöld og alþjóðleg yfirvöld ráðleggja neytendum, á grundvelli almennt viðurkenndrar vísindalegrar ráðgjafar, að taka inn í minna magni.

8) Þar af leiðandi er heilsufullyrðing eins og lýst er hér að framan ekki í samræmi við a-lið annarrar málsgreinar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 þar sem kveðið er á um að notkun næringar- og heilsufullyrðinga eigi hvorki vera tvíræð né villandi. Við þetta má bæta að jafnvel þótt viðkomandi heilsufullyrðing væri einungis leyfð við sérstök notkunarskilyrði og/eða ef henni fylgdu viðbótaryfirlýsingar eða viðvaranir, þá myndi það ekki duga til að draga úr ruglingi hjá neytendum og af þessum sökum ætti ekki að leyfa skráningu hennar á lista Sambandsins yfir leyfilegar heilsufullyrðingar. Sú niðurstaða er einnig í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/8 ([3]) sem inniheldur sömu niðurstöðu varðandi glúkósa og tillag til orkugæfra efnaskipta.

9) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjandanum sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við samþykkt þessarar reglugerðar.

10) Haft var samráð við aðildarríkin í tengslum við fund vinnuhópsins um næringar- og heilsufullyrðingar 11. júlí 2022.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðauka við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar heilsufullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/8 frá 6. janúar 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 6)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

HEILSUFULLYRÐING SEM HEFUR VERIÐ HAFNAÐ

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Ísómaltúlósi	Ísómaltúlósi stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum	Q-2021-00073

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2048 **2025/EES/10/50**

frá 4. júlí 2023

um leiðréttingu á framseldum reglugerðum (ESB) nr. 626/2011, (ESB) 2019/2015, (ESB) 2019/2016 og (ESB) 2019/2018 að því er varðar kröfur um orkumerkingar loftjöfnunarsamstæðna, ljósgjafa, kælitækja og kælitækja sem eru notuð við beina sölu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldum reglugerðum (ESB) nr. 626/2011 ([2]), (ESB) 2019/2015 ([3]), (ESB) 2019/2016 ([4]) og (ESB) 2019/2018 ([5]) voru sett ákvæði um orkumerkingar loftjöfnunarsamstæðna [áður loftræstisamstæðna], ljósgjafa, kælitækja og kælitækja sem eru notuð við beina sölu, eftir því sem við á.

2) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er villa í skilgreiningunni í 47. lið í I. viðauka að því er varðar eininguna fyrir orkunotkun tvístokka loftjöfnunarsamstæða [áður tvístokka loftræstisamstæða].

3) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í mismunandi liðum III. viðauka þar sem fram kemur að námunda eigi upplýsingar um orkunotkun á klukkustund í kWh á 60 mínútum að næstu heilu tölu til að þær komi fram á orkumerkimiðanum fyrir einstokka og tvístokka loftjöfnunarsamstæður.

4) Í framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru villur í mismunandi liðum III. viðauka að því er varðar námundunar regluna fyrir hitunar- og kæliafköst og fyrir orkunýtnimælieiningarnar árstíðabundið orkunýtnihlutfall (SEER), árstíðabundinn nýtnistuðull (SCOP), orkunýtnihlutfall (EER) og nýtnistuðull (COP).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 236, 26.9.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 626/2011 frá 4. maí 2011 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstisamstæðna (Stjtíð. ESB L 178, 6.7.2011, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2015 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar ljósgjafa og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 68).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2016 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar kælitækja og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 102).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2018 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar kælitækja sem eru notuð við beina sölu (Stjtíð. ESB L 315, 5.12.2019, bls. 155).

5) Leiðrétta ætti VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2015 þar sem orðið „rafveitu“ vantar.

6) Leiðrétta ætti IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2015 þar sem að sviðið [0-100] ætti aðeins að vísa til litendurgjafarstuðuls (CRI).

7) Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2016 er villa í VI. viðauka varðandi varmafræðilega mæliþáttinn (r_c) fyrir hólf af gerðinni „2-stjörnu hluti“.

8) Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2018 er villa í IV. viðauka þar sem tilvísun í töflu 4 hefur verið sleppt og þörf er á slíkri tilvísun þannig að skýrt komi fram að engin vikmörk eru leyfileg að því er varðar hitastig.

9) Því ætti að leiðrétta framseldar reglugerðir (ESB) nr. 626/2011, (ESB) 2019/2015, (ESB) 2019/2016 og (ESB) 2019/2018 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 626/2011

Ákvæði I. og III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 626/2011 eru leiðrétt eins og fram kemur í 1. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2015

Ákvæði VI. og IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2015 eru leiðrétt eins og fram kemur í 2. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2016

Ákvæði VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2016 eru leiðrétt eins og fram kemur í 3. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2018

Ákvæði IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2018 eru leiðrétt eins og fram kemur í 4. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á fjórða degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 626/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna „kWh/a“ í skilgreiningunni í 47. lið í I. viðauka kemur „kWh/h“.

2) Í III. viðauka er eftirfarandi liðum breytt sem hér segir:

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— Í stað „námundað upp“ í IX. lið a-liðar í lið 1.1 kemur „námundað“.

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

— [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]

3) Í III. viðauka er eftirfarandi liðum breytt sem hér segir:

— Í stað „að næstu heilu tölu“ í VII. lið a-liðar í lið 4.1 kemur „með einum aukastaf“.

— Í stað „að næstu heilu tölu“ í VII. lið a-liðar í lið 4.3 kemur „með einum aukastaf“.

— Í stað „að næstu heilu tölu“ í VII. lið a-liðar í lið 4.5 kemur „með einum aukastaf“.

— Í stað „að næstu heilu tölu“ í VII. lið a-liðar í lið 5.1 kemur „með einum aukastaf“.

— Í stað „að næstu heilu tölu“ í VII. lið a-liðar í lið 5.3 kemur „með einum aukastaf“.

— Í stað „að næstu heilu tölu“ í VII. lið a-liðar í lið 5.5 kemur „með einum aukastaf“.

4) Í III. viðauka er eftirfarandi liðum breytt sem hér segir:

— Í stað „XY“ í 12. lið iv. liðar í lið 4.2 kemur „X,Y“.

— Í stað „XY“ í 12. lið iv. liðar í lið 4.4 kemur „X,Y“.

— Í stað „XY“ í 12. lið iv. liðar í lið 4.6 kemur „X,Y“.


— Í stað „XY“ í 12. lið iv. liðar í lið 5.2 kemur „X,Y“.

— Í stað „XY“ í 12. lið iv. liðar í lið 5.4 kemur „X,Y“.


— Í stað „XY“ í 12. lið iv. liðar í lið 5.6 kemur „X,Y“.

5) Í III. viðauka ætti að breyta eftirfarandi myndum sem hér segir:


1) Í stað myndarinnar í lið 4.1 kemur eftirfarandi mynd:



2) Í stað myndarinnar í lið 4.2 kemur eftirfarandi mynd:




3) Í stað myndarinnar í lið 4.3 kemur eftirfarandi mynd:




I
II
III
IV
V
VI
VII
VIII

4) Í stað myndarinnar í lið 4.4 kemur eftirfarandi mynd:




5) Í stað myndarinnar í lið 4.5 kemur eftirfarandi mynd:




I
II
III
IV
V
VI
VII
VIII

6) Í stað myndarinnar í lið 4.6 kemur eftirfarandi mynd:




7) Í stað myndarinnar í lið 5.1 kemur eftirfarandi mynd:




I
II
III
IV
V
VI
VII
VIII

8) Í stað myndarinnar í lið 5.2 kemur eftirfarandi mynd:




9) Í stað myndarinnar í lið 5.3 kemur eftirfarandi mynd:




I
II
III
IV
V
VI
VII
VIII

10) Í stað myndarinnar í lið 5.4 kemur eftirfarandi mynd:




11) Í stað myndarinnar í lið 5.5 kemur eftirfarandi mynd:



I
II
III
IV
V
VI
VII
VIII

12) Í stað myndarinnar í lið 5.6 kemur eftirfarandi mynd:



2. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. og IX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2015 er breytt sem hér segir:

1) Í stað „LED- og OLED-ljósgjafa“ í VI. viðauka kemur „LED- og OLED-rafveituljósgjafa“ í eftirfarandi liðum:

   — 11. lið e-liðar 1. liðar,

   — 12. lið e-liðar 1. liðar.

2) Í stað orðalagsins „Litendurgjafarstuðull og R9 [0-100]“ í töflu 9 í IX. viðauka kemur „Litendurgjafarstuðull [0-100] og R9“.

———

3. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2016 er breytt sem hér segir:

Í töflu 7 í 1. lið skal breyta gildinu „2,10“ fyrir varmafræðilega mæliþáttinn (r_c) fyrir hólf af gerðinni „2-stjörnu hluti“ í gildið „1,80“.

———

4. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2018 er breytt sem hér segir:

Í b-lið 2. liðar í IV. viðauka skal textanum:

„— E_{daily} er orkunotkun kælitækisins sem notað er við beina sölu á 24 klst., gefin upp í kWh/24 klst. og námunduð með þremur aukastöfum.“

skipt út fyrir eftirfarandi texta:

„— E_{daily} er orkunotkun kælitækisins sem notað er við beina sölu á 24 klst., gefin upp í kWh/24 klst., námunduð með þremur aukastöfum og mæld samkvæmt hitaskilyrðum í töflu 4 fyrir viðeigandi hitaflokk.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/859 **2025/EES/10/51**

frá 18. mars 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar flokkun efnisins natríumsalisýlats með tilliti til hámarksgildis leifa í matvælum úr dýraríkinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

2) Efnið natríumsalisýlat er tilgreint í þeirri töflu sem leyft efni.

3) Samkvæmt 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 lagði Dopharma B.V. umsókn fyrir Lyfjastofnun Evrópu 30. september 2022 um rýmkun á gildandi færslu fyrir efnið natríumsalisýlat þannig að hún nái yfir kjúklinga.

4) Á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, sem komið var á fót skv. 139. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ([3]), og með tilliti til umsóknarinnar frá Dopharma B.V. mælti Lyfjastofnun Evrópu með því 5. október 2023 að rýmka hámarksgildi leifa fyrir efnið natríumsalisýlat í kjúklingum og ákvarða töluleg hámarksgildi leifa.

5) Lyfjastofnun Evrópu taldi einnig viðeigandi að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir natríumsalisýlat af vefjum úr kjúklingum yfir á vefi úr öðrum alifuglum, öðrum en kalkúnum.

6) Í ljósi álits Lyfjastofnunar Evrópu telur framkvæmdastjórnin rétt að fastsetja tillögð hámarksgildi leifa fyrir natríumsalisýlat í vefjum úr kjúklingum og að yfirfæra þau á aðrar alifuglategundir, aðrar en kalkúna, en takmarka þau við dýr sem ekki gefa af sér egg til manneldis þar eð engin gögn um leifar voru lögð fram fyrir egg.

7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/859, 19.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir lyfjafræðilega virka efnið natríumsalisýlat í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 kemur eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Natríumsalisýlat	Á EKKI VIÐ	Nautgripir, svín	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Til inntöku. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.	ENGIN FÆRSLA
		Allar dýrategundir sem gefa af sér afurðir til manneldis nema fiskar	Hámarksgildis leifa ekki krafist		Eingöngu til staðbundinnar notkunar.	
	Salisýlsýra	Kalkúnn	400 µg/kg 2 500 µg/kg 200 µg/kg 150 µg/kg	Vöðvi Húð og fita í eðlilegum hlutföllum Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis.	Bólgueyðandi lyf/bólgueyðandi lyf, önnur en sterar“.
		Alifuglar aðrir en kalkúnar	250 µg/kg 250 µg/kg 500 µg/kg 1 000 µg/kg	Vöðvi Húð og fita í eðlilegum hlutföllum Lifur Nýru		

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/860 **2025/EES/10/52**

frá 18. mars 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið 17β-estradíól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu. Hún hefur að geyma lyfjafræðilega virku efnin sem eru flokkuð í viðaukunum fjórum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 ([3]) sem var felld úr gildi og í hennar stað kom reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Þegar reglugerð (ESB) nr. 37/2010 var samþykkt var efnið 17β-estradíól, sem var skráð í II. viðauka (skrá yfir efni þar sem hámarksgildi leifa hafa ekki verið ákveðin) við reglugerð (EBE) nr. 2377/90, fært í töflu 1 (leyfð efni) í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010.

3) Í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er kveðið á um að reglugerð (EB) nr. 470/2009 gildi með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins þar sem lagt er bann við notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva handa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis, eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 96/22/EB ([4]).

4) Með tilskipun 96/22/EB er lagt bann við því að gefa alidýrum 17β-estradíól.

5) Þess vegna þykir rétt að fjarlægja efnið 17β-estradíól úr töflu 1 í reglugerð (ESB) nr. 37/2010.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/860, 19.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/470/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/37(1)/oj).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/1990/2377/oj).

([4]) Tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva og um niðurfellingu á tilskipunum 81/602/EBE, 88/146/EBE og 88/299/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1996/22/2008-12-18).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 fellur færslan fyrir 17β-estradíól brott.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1331 **2025/EES/10/53**

frá 28. febrúar 2024

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 að því er varðar að færa forefni fíkniefna, ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM) og önnur efni, á skrá yfir skráð efni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004 frá 11. febrúar 2004 um forefni ávana- og fíkniefna ([1]), einkum 15. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 111/2005 frá 22. desember 2004 um reglur um vöktun viðskipta með forefni ávana- og fíkniefna milli Bandalagsins og þriðju landa ([2]), einkum 30. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 273/2004 er mælt fyrir um ráðstafanir til að vakta viðskipti með forefni fíkniefna innan Sambandsins en reglugerð (EB) nr. 111/2005 gildir um viðskipti með forefni fíkniefna milli Sambandsins og þriðju landa. Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 eru skrár yfir skráð efni sem falla undir nokkrar samræmdar aðgerðir varðandi eftirlit og vöktun sem kveðið er á um í þessum reglugerðum.

2) Lögbær landsyfirvöld hafa tilkynnt um haldlagningu á natríumsalti ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónats (IMDPAM) í tengslum við ólöglega framleiðslu á lyfjum sem innihalda ávana- eða fíkniefni.

3) Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM) er notað til að framleiða 3,4-metýlendíoxýfenýlprópan-2-ón sem er á sama hátt forefni 3,4-metýlendíoxýmetamfetamíns (MDMA) sem er best þekkt undir nafninu alsæla (e. *ecstasy*).

4) MDMA er eitt af algengustu fíkniefnunum sem eru framleidd með ólöglegum hætti í Sambandinu. Vitað er að það veldur umtalsverðri áhættu fyrir heilbrigði manna.

5) Þess vegna ætti að færa ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM) á skrána yfir efni sem eru skráð á vettvangi Sambandsins til að styrkja eftirlit með þeim og vöktun.

6) Auk þess hafa sjö estrar af 2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýru (BMK-glýsíðsýra) og sex estrar af 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýru (PMK-glýsíðsýra)) greinst sem hugsanleg staðgönguefni BMK-glýsíðsýru og PMK-glýsíðsýru við ólöglega framleiðslu á fíkniefnum. Það er auðvelt að hanna þessa estra til að komast hjá þeim eftirlits- og vöktunaraðgerðum sem gilda um BMK-glýsíðsýru og PMK-glýsíðsýru sem eru skráð efni í 1. flokki. Einnig er auðvelt að umbreyta þeim í skráðu efnin tvö. Til að tryggja eftirlit með þeim og vöktun ætti einnig að bæta viðkomandi estrum á skrána yfir skráð efni í reglugerð (EB) nr. 273/2004 og reglugerð (EB) nr. 111/2005.

7) Skráðu efnunum, sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005, er skipt í flokka sem mismunandi aðgerðir gilda um til þess að ná hlutfallslegu jafnvægi á milli þeirrar ógnar sem stafar af hverju tilteknu efni og byrðar á lögmæta verslun. Ströngustu aðgerðirnar varðandi eftirlit og vöktun gilda um efni í 1. flokki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1331, 14.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 47, 18.2.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2005, bls. 1.

8) Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM) og greindir estrar af BMK-glýsíðsýru og PMK-glýsíðsýru skapa verulega ógn fyrir félagslega heilsu og lýðheilsu í Sambandinu. Ekki er vitað um neina löglega framleiðslu á, viðskipti með eða notkun á þeim nema til rannsókna. Það að bæta þessum efnum við í 1. flokk í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 og í 1. flokk í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 væru því fullnægjandi viðbrögð til að koma í veg fyrir notkun þeirra við ólöglega framleiðslu á lyfjum sem innihalda ávana- eða fíkniefni og á sama tíma myndi það ekki hafa í för með sér umtalsvert aukalegt stjórnsýsluálag fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld í Sambandinu.

9) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005 til samræmis við það.

10) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1577 ([3]) var rauður fosfór endurflokkaður í sameinuðu nafnaskránni (SN). Því ætti að breyta SN-númerunum í reglugerðum (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005 til samræmis við það.

11) Með reglugerðum (EB) nr. 273/2004 og (EB) nr. 111/2005 var tilteknum ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni, sem var gerður í Vín 20. desember 1988 og samþykktur með ákvörðun ráðsins 90/611/EBE ([4]), komið sameiginlega í framkvæmd. Í ljósi hinna nánu, efnislegu tengsla milli þeirra valdheimilda sem er að finna í þessum reglugerðum þykir rétt að samþykkja breytingarnar með einni framseldri gerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 273/2004

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 111/2005

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1577 frá 21. september 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. ESB L 361, 30.10.2020, bls. 1).

([4]) Ákvörðun ráðsins 90/611/EBE frá 22. október 1990 um ályktun, af hálfu Efnahagsbandalags Evrópu, í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegum viðskiptum með ávana- og fíkniefni (Stjtíð. EB L 326, 24.11.1990, bls. 56).

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 273/2004 er breytt sem hér segir:

1) Töflunni „1. flokkur“ er breytt sem hér segir:

a) Færslan „metýl-2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlat (BMK-metýlglýsídat)“ fellur brott.

b) Í stað færslunnar „2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýra (BMK-glýsíðsýra)“ kemur eftirfarandi:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýra (BMK-glýsíðsýra) (*)		2918 99 90	25547-51-7

(*) og etýl-, metýl- (CAS-nr. 80532-66-7), própýl-, ísóprópýl-, bútýl-, ísóbútýl-, sek-bútýl- og tert-bútýlestrar hennar með sama SN-númer og BMK-glýsíðsýra.“

c) Færslurnar „etýl 3-(2H–1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlat (PMK-etýlglýsídat)“ og „metýl 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlat (PMK-metýlglýsídat)“ falla brott.

d) Í stað færslunnar „3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýra (PMK-glýsíðsýra)“ kemur eftirfarandi:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýra (PMK-glýsíðsýra)) (*)		2932 99 00	2167189-50-4

(*) og etýl- (CAS-nr. 28578-16-7), metýl- (CAS-nr. 13605-48-6), própýl-, ísóprópýl-, bútýl-, ísóbútýl-, sek-bútýl- og tert-bútýlestrar hennar með sama SN-númer og PMK-glýsíðsýra.“

e) Eftirfarandi færslu er bætt við í skrána yfir efni á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerinu:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM) (*)	Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM)	2932 99 00	

(*) Einnig þekkt sem 5-[2-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)asetýl]-2,2-dímetýl-1,3-díoxan-4,6-díón, samkvæmt Alþjóðasamtökunum um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC).“

2) Í stað SN-númersins 2804 70 00 í færslunni „Rauður fosfór“ í töflunni „Undirflokkur 2A“ kemur SN-númerið 2804 70 10.

———

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 111/2005 er breytt sem hér segir:

1) Töflunni „1. flokkur“ er breytt sem hér segir:

a) Færslan „metýl-2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlat (BMK-metýlglýsídat)“ fellur brott.

b) Í stað færslunnar „2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýra (BMK-glýsíðsýra)“ kemur eftirfarandi:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„2-metýl-3-fenýloxíran-2-karboxýlsýra (BMK-glýsíðsýra) (*)		2918 99 90	25547-51-7

(*) og etýl-, metýl- (CAS-nr. 80532-66-7), própýl-, ísóprópýl-, bútýl-, ísóbútýl-, sek-bútýl- og tert-bútýlestrar hennar með sama SN-númer og BMK-glýsíðsýra.“

c) Færslurnar „etýl 3-(2H–1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlat (PMK-etýlglýsídat)“ og „metýl 3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlat (PMK-metýlglýsídat)“ falla brott.

d) Í stað færslunnar „3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýra (PMK-glýsíðsýra)“ kemur eftirfarandi:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýloxíran-2-karboxýlsýra (PMK-glýsíðsýra) (*)		2932 99 00	2167189-50-4

(*) og etýl- (CAS-nr. 28578-16-7), metýl- (CAS-nr. 13605-48-6), própýl-, ísóprópýl-, bútýl-, ísóbútýl-, sek-bútýl- og tert-bútýlestrar hennar með sama SN-númer og PMK-glýsíðsýra.“

e) Eftirfarandi færslu er bætt við í skrána yfir efni á viðeigandi stað í röð eftir SN-númerinu:

Efni	SN-heiti (ef annað)	SN-númer	CAS-nr.
„Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxý-fenýl)asetýl)malónat (IMDPAM) (*)	Ísóprópýlíden (2-(3,4-metýlendíoxýfenýl)asetýl)malónat (IMDPAM)	2932 99 00	[]

(*) Einnig þekkt sem 5-[2-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)asetýl]-2,2-dímetýl-1,3-díoxan-4,6-díón, samkvæmt Alþjóðasamtökunum um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC).“

2) Í stað SN-númersins 2804 70 00 í færslunni „Rauður fosfór“ í töflunni „2. flokkur“ kemur SN-númerið 2804 70 10.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/905 2025/EES/10/54

frá 27. febrúar 2023

um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar beitingu bannsins við notkun á tilgreindum sýkingalyfjum fyrir dýr eða í afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar inn í Sambandið frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB ([1]), einkum 2. mgr. 118. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ónæmi gegn sýkingalyfjum er mikil ógn við lýðheilsu. Þegar ónæmi þróast gegn sýkingalyfi sem er notað til að meðhöndla tiltekna sýkingu og ekki eru í boði önnur meðferðarúrræði og þetta ónæmi breiðist út eru afleiðingarnar fyrir menn alvarlegar og geta verið lífshættulegar. Heilbrigði manna, heilbrigði dýra og umhverfið eru samtengd. Því er eitt af markmiðum reglugerðar (ESB) 2019/6 að hemja útbreiðslu ónæmis gegn sýkingalyfjum með raunhæfum ráðstöfunum til að stuðla að varfærnislegri og ábyrgri notkun á sýkingalyfjum fyrir dýr.

2) Notkun sýkingalyfja til að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur er hvorki skynsamleg né ábyrg. Víðtækt safn birtra vísindaskrifa hefur sýnt fram á að notkun sýkingalyfja í slíkum tilgangi getur leyst úr læðingi ónæmi gegn sýkingalyfjum. Með reglugerð (ESB) 2019/6 er því lagt bann við því að nota sýkingalyf í þeim tilgangi að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur, þ.m.t. sýkingalyf sem eru ætluð dýrum sem og sýkingalyf sem eru ætluð mönnum.

3) Í reglugerð (ESB) 2019/6 er enn fremur kveðið á um málsmeðferð við að tilgreina tiltekin sýkingalyf sem skulu vera frátekin til að meðhöndla sýkingar í mönnum. Slík lyf skal ekki nota í sýkingalyf sem gefin eru dýrum. Markmiðið með þeirri ráðstöfun er að viðhalda verkun tiltekinna sýkingalyfja sem eru notuð til að meðhöndla sýkingar í mönnum, einkum þeirra sem teljast vera síðasta úrræðið til meðhöndlunar. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1760 ([2]) er mælt fyrir um viðmiðanir um tilgreiningu sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum og skráin yfir sýkingalyf sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum er sett fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 278/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1760 frá 26. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 með því að koma á viðmiðununum um tilgreiningu þeirra sýkingalyfja sem skulu vera frátekin til að meðhöndla tilteknar sýkingar í mönnum (Stjtíð. ESB L 353, 6.10.2021, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1255 frá 19. júlí 2022 um að tilgreina sýkingalyf eða flokka sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtíð. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 58).

4) Einnig ætti að líta á myndun ónæmis gegn sýkingalyfjum út frá alþjóðlegri vídd. Nánar tiltekið er í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 kveðið á um, að því er varðar dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar út frá þriðju löndum inn í Sambandið, að rekstraraðilar í þriðju löndum skuli ekki nota sýkingalyf til að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur og skuli ekki nota tilgreindu sýkingalyfin eða flokka sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á sýkingum í mönnum.

5) Að gefa lyfjablandað fóður er ein af leiðunum til að gefa dýrum lyf um munn. Af þeim sökum ætti bannið við notkun tiltekinna sýkingalyfja, að því er varðar dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar út frá þriðju löndum inn í Sambandið, einnig að gilda þegar slík sýkingalyf eru gefin með lyfjablönduðu fóðri.

6) Traust eftirlitskerfi, að því er varðar dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru fluttar út frá þriðju löndum inn í Sambandið, er nauðsynlegt til að tryggja að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/6. Ekkert sértækt kerfi eftirlits með innflutningi á dýrum eða afurðum úr dýraríkinu er til staðar samkvæmt ramma Sambandsins um dýralyf. Það hefði útheimt verulegt fjármagn og tíma að koma slíku sérhæfðu eftirliti á fót. Þar að auki hefði það leitt til tvíverknaðar hjá lögbærum yfirvöldum og einnig hjá hlutaðeigandi rekstraraðilum. Til að auka skilvirkni og draga úr stjórnsýslubyrði skal nota núverandi ramma Sambandsins um opinbert eftirlit til að sannprófa að dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum séu í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/6. Í þessu skyni var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([4]) breytt með reglugerð (ESB) 2021/1756 ([5]). Af þeim sökum skal sannprófun á því hvort kröfurnar, sem settar eru fram í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, eru uppfylltar fara fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625.

7) Það ætti að koma skýrt fram hvaða sendingar af dýrum eða afurðum úr dýraríkinu sem koma inn í Sambandið falla undir bannið við notkun sýkingalyfja til að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur og um notkun sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum. Í þessari framseldu reglugerð ætti því að kveða á um ítarlegar reglur varðandi bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

8) Mikill meirihluti notkunar sýkingalyfja fyrir dýr (í magni) tengist dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Að auki hafa æ fleiri vísindaleg sönnunargögn komið fram um að notkun sýkingalyfja fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis hafi áhrif á myndun ónæmis gegn sýkingalyfjum. Til að takast á við ónæmi gegn sýkingalyfjum verður því að grípa til sérstakra aðgerða gegn notkun sýkingalyfja fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis. í samræmi við meðalhófsregluna mun slík aðgerð stuðla að því með skilvirkum hætti að takast á við myndun ónæmis gegn sýkingalyfjum út frá alþjóðlegri vídd en lágmarka um leið áhrifin á viðskipti.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1756 frá 6. október 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar opinbert eftirlit með dýrum og afurðum úr dýraríkinu, sem eru flutt út frá þriðju löndum til Sambandsins, til að tryggja að bann við tiltekinni notkun á sýkingalyfjum sé virt og að farið sé að reglugerð (EB) nr. 853/2004 að því er varðar beina afhendingu kjöts af alifuglum og nörturum (Stjtíð. ESB L 357, 8.10.2021, bls. 27).

9) Enn fremur ætti að skýra nánar að bannið við notkun á tilteknum sýkingalyfjum, sem sett er fram í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, varðar dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis sem eru flutt út frá þriðju löndum inn í Sambandið. Til að tryggja réttarvissu ætti að auðkenna viðkomandi dýr og afurðir úr dýraríkinu með tilvísunum í númerin í sameinuðu nafnaskránni í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([6]).

10) Sendingar af viðkomandi dýrum eða afurðum sem eru einungis ætlaðar til umflutnings, sem og viðkomandi afurðir þegar ætlunin er að taka sýni til vörugreiningar og gæðaprófana án setningar á markað, ættu ekki að falla undir þessa reglugerð.

11) Sendingar af viðkomandi dýrum eða afurðum, sem eru fluttar út frá þriðju löndum inn í Sambandið, ættu að uppfylla sömu takmarkanir og gilda í Sambandinu í tengslum við markmiðin sem stefnt er að með 2. mgr. 107. gr. og 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6. Í þeim tilgangi ætti einungis að leyfa komu sendinga af viðkomandi dýrum eða afurðum inn í Sambandið ef þriðju löndin eða svæði þeirra, þar sem þessi dýr eða þessar afurðir eru upprunnar, geta tryggt að farið sé að banninu við notkun sýkingalyfja í þeim tilgangi að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur og við notkun sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum.

12) Færa ætti þriðju lönd eða svæði þeirra sem uppfylla þessar kröfur inn í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman með framkvæmdargerðum í samræmi við 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Færa skal þriðju lönd eða svæði þeirra inn í þá skrá á grundvelli fyrirliggjandi sannana og ábyrgða fyrir því að viðkomandi dýr eða afurðir, sem eru upprunnin í þeim, séu í samræmi við bann Sambandsins við notkun sýkingalyfja í þeim tilgangi að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur og við notkun sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum.

13) Sendingum af viðkomandi dýrum eða afurðum, sem koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem eru skráð í samræmi við 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, ætti einnig að fylgja opinbert vottorð sem staðfestir að farið sé að banni Sambandsins við notkun sýkingalyfja í þeim tilgangi að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur og við notkun sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum.

14) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja, með framkvæmdargerðum í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625, sértækar kröfur um opinberu vottorðin sem krafist er.

15) Rekstraraðilum í þriðju löndum mun verða kunnugt um skilyrðin fyrir komu sendinga af viðkomandi dýrum eða afurðum inn í Sambandið frá og með þeim degi þegar þessi reglugerð er birt. Beiting rammans, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, í reynd mun þó kalla á að frekari framkvæmdarráðstafanir verði samþykktar. Af ástæðum sem varða fyrirsjáanleika og réttarvissu og með það fyrir augum að veita viðkomandi hagsmunaaðilum nægan tíma til að uppfylla kröfur Sambandsins ætti að fresta beitingu skilyrðanna fyrir komu sendinga af dýrum eða afurðum inn í Sambandið sem sett eru fram í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um beitingu bannsins við notkun sýkingalyfja til að stuðla að auknum vexti og til að auka afrakstur og sýkingalyfja sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum fyrir dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru flutt út frá þriðju löndum inn í Sambandið.

([6]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

2. Þessi reglugerð gildir um lifandi dýr, sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem mælt hefur verið fyrir um númer fyrir í sameinuðu nafnaskránni („SN-númer“) í öðrum hluta 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.

Þessi reglugerð gildir einnig um afurðir úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, sem mælt hefur verið fyrir um SN-númer fyrir í 2. til 5. kafla, 15. og 16. kafla í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87 og sem mælt hefur verið fyrir um undirliði fyrir í samræmdu tollskránni undir vöruliðum 3501, 3502 og 3504.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi:

a) gelatín og hráefni til framleiðslu á því, sem um getur í 1. lið I. kafla XIV. þáttar III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([7]),

b) kollagen og hráefni til framleiðslu á því, sem um getur í 1. lið I. kafla XV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

c) mikið unnar afurðir, sem um getur í 1. lið I. kafla XVI. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

d) villt dýr og afurðir sem fást úr þeim,

e) skordýr, froska, snigla og skriðdýr, þ.m.t. afurðir sem fást úr þeim,

f) samsettar afurðir,

g) dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem eru ekki ætluð til manneldis; nema ákvörðunarstaður dýranna eða varanna hafi ekki verið ákveðinn við komuna inn í Sambandið,

h) dýr eða afurðir úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, sem eru einungis umflutt gegnum Sambandið án þess að vera sett á markað,

i) afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis þegar ætlunin er að taka sýni til vörugreiningar og gæðaprófana án setningar á markað.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sýkingalyf“: lyf sem inniheldur eða samanstendur af einu eða fleiri sýkingalyfjum,

2) „lyf“: lyf sem gefið er dýrum, þ.m.t. þegar það er gefið í lyfjablandað fóður eins og það er skilgreint í a-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 ([8]),

3) „dýr sem gefur af sér afurðir til manneldis“: dýr sem gefur af sér afurðir til manneldis eins og það er skilgreint í b-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([9]),

4) „sending“: sending eins og hún er skilgreind í 37. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

5) „umflutningur“: umflutningur eins og hann er skilgreindur í 44. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 frá 11. desember 2018 um framleiðslu á lyfjablönduðu fóðri, setningu þess á markað og notkun, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/167/EBE (Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

3. gr.

Takmarkanir á notkun tiltekinna sýkingalyfja fyrir dýr eða í afurðum sem fást úr þeim sem koma inn í Sambandið

Dýr eða afurðir sem um getur í 2. mgr. 1. gr., sem eru flutt út frá þriðju löndum inn í Sambandið, skulu hvorki hafa fengið né koma af dýrum sem hefur verið gefið eitthvað af eftirfarandi:

a) sýkingalyf sem var notað í þeim tilgangi að stuðla að auknum vexti eða til að auka afrakstur,

b) sýkingalyf sem inniheldur lyf sem er tilgreint í skránni yfir sýkingalyf sem eru frátekin til meðhöndlunar á tilteknum sýkingum í mönnum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1255.

4. gr.

Skilyrði fyrir komu inn í Sambandið

1. Sendingar af dýrum eða afurðum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skulu einungis koma inn í Sambandið ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þær eru upprunnar í þriðja landi eða á svæði þess sem er í skránni yfir lönd sem um getur í 5. gr. og

b) þeim fylgir opinbert vottorð sem um getur í 6. gr. þar sem staðfest er að sendingin sé í samræmi við kröfurnar í 3. gr.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. mega sendingar af dýrum eða afurðum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., koma inn í Sambandið frá þriðju löndum sem eru ekki í skránni sem um getur í 1. mgr. 5. gr. ef þessi þriðju lönd tryggja að sendingar sem koma inn í Sambandið séu upprunnar í aðildarríki eða þriðja landi sem er í skránni.

5. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa hlotið samþykki

1. Skránni sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr. skal komið á fót með framkvæmdargerð sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Ef við á má sameina þá skrá við aðrar skrár sem eru teknar saman skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að færa þriðju lönd inn í skrána í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 127. gr. (a- til d-lið og f- og g-lið 3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625 á grundvelli fyrirliggjandi sannana og ábyrgða fyrir því að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. séu uppfylltar, þ.m.t. upplýsingar sem hafa borist um verklagsreglur sem eru fyrir hendi til að tryggja rekjanleika og uppruna dýra eða afurða sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

3. Í samræmi við 4. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal framkvæmdastjórnin fella tilvísun til þriðja lands eða svæðis þriðja lands brott úr skránni ef skilyrðin fyrir færslu á skrána eru ekki lengur uppfyllt.

6. gr.

Vottun um samræmi við tilskilin ákvæði

1. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi opinberu vottorðin sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2. Opinberu vottorðin mega innihalda nánari upplýsingar sem krafist er í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins um lýðheilsu og heilbrigði dýra.

7. gr.

Eftirlit

Eftirlit til að staðfesta að sendingar af dýrum eða afurðum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og 3. gr., séu í samræmi við tilskilin ákvæði skal framkvæmt í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625.

8. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Skilyrðin fyrir komu sendinga af dýrum eða afurðum inn í Sambandið, sem sett eru fram í þessari framseldu gerð, skulu gilda frá og með 24 mánuðum eftir þann dag þegar framkvæmdargerðin sem um getur í 1. mgr. 6. gr. kemur til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/875 **2025/EES/10/55**

frá 21. mars 2024

um að samþykkja skrá yfir skammstafanir og skýringarmyndir, sem eru sameiginlegar fyrir allt Sambandið, sem nota skal á umbúðir dýralyfja að því er varðar 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB ([1]), einkum 2. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 10. og 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eru settar fram þær upplýsingar sem skulu koma fram á merkingum á innri eða ystu umbúðum dýralyfja. Í 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar er þess krafist að þessar upplýsingar séu auðlæsilegar og auðskiljanlegar eða skuli koma fram í skammstöfunum eða skýringarmyndum sem eru sameiginlegar fyrir allt Sambandið. Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar skal samþykkja skrá yfir skammstafanir og skýringarmyndir sem eru sameiginlegar fyrir allt Sambandið.

2) Umbúðir dýralyfja eru oft litlar og því er takmarkað pláss fyrir merkingar. Notkun skammstafana og skýringarmynda stuðlar að því að allar nauðsynlegar upplýsingar á merkimiðanum séu á skýru og læsilegu sniði. Notkun á sameiginlegum skammstöfunum og skýringarmyndum ætti að stytta textann á merkingum dýralyfja og auðvelda notkun umbúða með mörgum tungumálum.

3) Samræmdar reglur um skammstafanir og skýringarmyndir sem eru sameiginlegar fyrir allt Sambandið, til notkunar á merkingar á innri og ystu umbúðir dýralyfja, ættu að draga úr stjórnsýslubyrði og bæta bæði starfsemi innri markaðarins og framboð á dýralyfjum í Sambandinu.

4) Til að tryggja almennan skilning á skammstöfunum ættu sniðið og leturgerðin sem eru notuð að vera samræmd fyrir allt Sambandið.

5) Einfaldar og skýrar skýringarmyndir ættu að gera merkingarnar auðskiljanlegri. Til að komast hjá hugsanlegum misskilningi ætti að útskýra hvaða merkingu hver skýringarmynd hefur, sem er notuð á merkingu dýralyfs, í óstyttum texta á fylgiseðlinum sem fylgir viðkomandi dýralyfi.

6) Forðast ætti útbreiðslu á mörgum skýringarmyndum fyrir sömu upplýsingarnar til að skapa ekki rugling fyrir dýraeigendur, umsjónarmenn dýra, dýralækna og smásala. Þess vegna ætti ekki að nota aðrar skýringarmyndir en þær sem koma fram í viðaukunum við þessa reglugerð til að koma í staðinn fyrir samsvarandi texta sem er settur fram í viðaukunum. Enn fremur ætti liturinn á skýringarmyndunum í merkingunni að vera samræmdur.

7) Skýringarmyndir ættu að vera aðgreinanlegar með skýrum hætti og læsilegar fyrir dýraeigendur, umsjónarmenn dýra, dýralækna og smásala. Þess vegna ætti að fastsetja sameiginlegar reglur um hvernig skýringarmyndir skulu settar fram á merkingu dýralyfs.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/875, 22.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/6/oj.

8) Dýralyf sem voru leyfð fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda eða sem falla undir umsókn um markaðsleyfi sem liggur fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda gætu verið með skammstafanir eða skýringarmyndir sem uppfylla ekki kröfurnar í þessari reglugerð. Til að tryggja áframhaldandi framboð á þessum vörum er því nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem það ætti að vera leyfilegt að setja þær á markað jafnvel þótt skýringarmyndirnar og skammstafanirnar sem eru notaðar á merkingum þeirra séu ekki í samræmi við þessa reglugerð.

9) Umsækjendur sem hyggjast leggja fram umsókn, annaðhvort um markaðsleyfi eða um breytingu, þurfa nægan tíma til að aðlaga umsóknir sínar til að þær verði í samræmi við ákvæðin í þessari reglugerð. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda 30 dögum eftir gildistöku hennar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Nota má skammstafanirnar og skýringarmyndirnar sem settar eru fram í viðaukunum við þessa reglugerð til að koma í staðinn fyrir skriflegu upplýsingarnar sem krafist er á merkingum á innri og ystu umbúðum dýralyfja sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6. Ekki skal nota aðrar skammstafanir og skýringarmyndir en þær sem eru tilgreindar í viðaukunum við þessa reglugerð í staðinn fyrir þessar skriflegu upplýsingar.

2. gr.

1. Skammstafanirnar og skýringarmyndirnar sem eru settar fram í viðaukunum við þessa reglugerð skulu einungis notaðar til að koma í staðinn fyrir samsvarandi texta sem er settur fram í viðaukunum. Þær skulu ekki notaðar til að koma í staðinn fyrir aðrar upplýsingar varðandi dýralyfið.

2. Útskýra skal hvaða merkingu skammstafanir og skýringarmyndir hafa, sem eru notaðar á merkingu dýralyfs, í óstyttum texta á fylgiseðli viðkomandi dýralyfs.

3. Skammstafanir skulu settar fram á sama sniði og mælt er fyrir um í I. viðauka.

4. Skýringarmyndir skulu:

a) vera í réttu hlutfalli við heildarstærð merkingar á innri eða ystu umbúðum dýralyfja,

b) settar fram á nægilega læsilegu sniði,

c) innihalda svart tákn án frekari sjónrænna þátta, s.s. skyggingu,

d) skera sig greinilega frá lit og framsetningu merkingarinnar á innri eða ystu umbúðum,

e) ekki hafa neikvæð áhrif á læsileika annarra upplýsinga á merkingunni á innri eða ystu umbúðum vegna staðsetningar þeirra.

3. gr.

Dýralyf sem voru leyfð fyrir 11. maí 2024 eða sem falla undir umsókn um markaðsleyfi sem liggur fyrir 11. maí 2024 má setja á markað til 11. apríl 2029, um leið og þau hafa verið leyfð, jafnvel þótt skýringarmyndir og skammstafanir sem eru notaðar á merkingu þeirra séu ekki í samræmi við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. maí 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

SKAMMSTAFANIR

Þegar skammstafanir eru notaðar í samræmi við 1. gr. þessarar reglugerðar skal nota eftirfarandi skammstafanir til að koma í staðinn fyrir eftirfarandi íkomuleiðir á merkingum á innri eða ystu umbúðum dýralyfja:

Íkomuleið	Skammstöfun
Í vöðva	**i.m.**
Í bláæð	**i.v.**
Undir húð	**s.c.**








II. VIÐAUKI


SKÝRINGARMYNDIR

Þegar skýringarmyndir eru notaðar í samræmi við 1. gr. þessarar reglugerðar skal nota skýringarmyndirnar í þessum viðauka til að koma í staðinn fyrir eftirfarandi upplýsingar á merkingum á innri eða ystu umbúðum dýralyfja:

1. ÞÁTTUR

Marktegund


Marktegund	Skýringarmynd
Svín	
Hestar	
Endur	
Nautgripir	
Geitur	
Fiskar	
Sauðfé	
Hundar	
Hænsni	

Kanínur	
Kalkúnar	
Gæsir	
Kettir	
Refir	
Kameldýr	
Dúfur	
Fílar	
Naggrísir	
Slöngur	
Páfagaukar	
Fasanar	
Býflugur	

Skrautfuglar	

2. ÞÁTTUR

Geymsluskilyrði

Geymsluákvæði	Skýringarmynd
Geymist í kæliskáp	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/878 **2025/EES/10/56**

frá 21. mars 2024

um að samþykkja samræmdar reglur um stærð lítilla innri umbúðaeininga dýralyfja eins og um getur í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB ([1]), einkum 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eru settar fram þær upplýsingar sem skulu koma fram á merkingum á litlum innri umbúðaeiningum dýralyfja. Þessar upplýsingar eru takmarkaðar til að tryggja hægt sé að birta allar nauðsynlegar upplýsingar á merkimiðanum á læsilegan hátt.

2) Í samræmi við 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 skal samþykkja samræmdar reglur um stærð lítilla innri umbúðaeininga. Slíkar samræmdar reglur ættu að stuðla að því að draga úr stjórnsýslubyrði fyrir markaðsleyfishafa, bæta starfsemi innri markaðarins og auka framboð á dýralyfjum í Sambandinu.

3) Í samræmi við fyrirliggjandi leiðbeiningar vinnuhóps Lyfjastofnunar Evrópu um gæðarýni á skjölum ætti að líta á hvers konar umbúðir sem eru í beinni snertingu við dýralyfið og með nafnrúmmál að hámarki 50 ml sem litlar innri umbúðaeiningar.

4) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er heimilt að merkja dýralyf á fleiri en einu tungumáli. Sumar umbúðaeiningar með nafnrúmmál sem er meira en 50 ml gætu engu að síður verið of litlar eða þannig í laginu eða útfærðar að það er ekki hægt að koma öllum merkingarupplýsingunum, sem settar eru fram í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, fyrir á þann hátt að þær séu læsilegar á nokkrum þjóðtungum. Í slíkum tilvikum ætti að kveða á um undanþágu frá 50 ml viðmiðunarmörkunum. Til að tryggja að notandinn fái réttar upplýsingar um eiginleika vörunnar ætti þessi undanþága eingöngu að gilda um dýralyf sem eru ávísunarskyld.

5) Dýralyf sem voru leyfð fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda eða sem falla undir umsókn um markaðsleyfi sem liggur fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda uppfylla mögulega ekki kröfurnar í þessari reglugerð. Til að tryggja áframhaldandi framboð á þessum vörum er því nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem það ætti að vera leyfilegt að setja þær á markað jafnvel þótt upplýsingarnar á merkingum þeirra að því er varðar innri umbúðaeiningar séu ekki í samræmi við þessa reglugerð.

6) Umsækjendur sem hyggjast leggja fram umsókn, annaðhvort um markaðsleyfi eða um breytingu, þurfa nægan tíma til að aðlaga umsóknir sínar til að þær verði í samræmi við ákvæðin í þessari reglugerð. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda 30 dögum eftir gildistöku hennar.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/878, 22.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/6/oj.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Eftirfarandi tegundir innri umbúða skulu teljast litlar innri umbúðaeiningar í skilningi 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6:

a) þynnupakkningar með bólum (e. *blisters*) eða ræmum (e. *strips*),

b) lykjur og lítil stakskammtaílát, önnur en lykjur,

c) ílát eða annars konar umbúðir sem eru í beinni snertingu við dýralyfið og með nafnrúmmál að hámarki 50 ml.

2. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. er lögbærum yfirvöldum aðildarríkja eða, ef við á, framkvæmdastjórninni heimilt að líta á innri umbúðaeiningar með mörgum tungumálum sem eru ekki meira en 100 ml að nafnrúmmáli sem litlar innri umbúðaeiningar ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) innri umbúðaeiningin er of lítil eða er þannig í laginu eða útfærð að það er ekki hægt að koma upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, fyrir á þann hátt að þær séu læsilegar og

b) dýralyfið eru flokkað sem ávísunarskylt í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

2. gr.

Dýralyf sem voru leyfð fyrir 11. maí 2024 eða sem falla undir umsókn um markaðsleyfi sem liggur fyrir 11. maí 2024 má setja á markað til 11. apríl 2031, um leið og þau hafa verið leyfð, jafnvel þótt upplýsingarnar á merkingum þeirra að því er varðar innri umbúðaeiningar séu ekki í samræmi við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. maí 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1328 **2025/EES/10/57**

frá 16. maí 2024

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi oktametýlsýklótetrasíloxani (D4), dekametýlsýklópentasíloxani (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxani (D6)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 10. janúar 2018 samþykkti framkvæmdastjórnin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/35 ([2]) um að takmarka setningu oktametýlsýklótetrasíloxans (D4) og dekametýlsýklópentasíloxans (D5) í snyrtivörum, sem eru þvegnar af, á markað. Þessari takmörkun var bætt við sem færslu 70 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

2) Hinn 13. júní 2018 tilgreindi aðildarríkjanefnd Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) að okta metýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) væru sérlega varasöm efni með eiginleika sem mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. Okta-metýlsýklótetrasíloxan (D4) var tilgreint með eiginleika sem þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað. Dekametýlsýklópentasíloxan (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) voru einnig tilgreind með eiginleika sem þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð þegar þau innihalda 0,1% eða meira, miðað við þyngd, af oktametýlsýklótetrasíloxani (D4).

3) Þegar áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar lagði mat á tillöguna um að takmarka setningu oktametýlsýklótetrasíloxans (D4) og dekametýlsýklópentasíloxans (D5) á markað og notkun þeirra, sem var að lokum samþykkt með reglugerð (ESB) 2018/35, var möguleg áhætta af notkun þeirra í snyrtivörur sem á ekki að skola burt eftir notkun ekki útilokuð. Af þessum sökum fór framkvæmdastjórnin fram á það við Efnastofnunina 15. desember 2016 ([3]) að hún tæki saman málsskjöl skv. 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka) með það fyrir augum að setja hugsanlega takmörkun á oktametýlsýklótetrasíloxan (D4) og dekametýlsýklópentasíloxan (D5) í snyrtivörur sem á ekki að skola burt eftir notkun og aðrar vörur fyrir neytendur og til notkunar í atvinnuskyni. Hinn 5. febrúar 2018 fór framkvæmdastjórnin fram á það ([4]) við Efnastofnunina að hún tæki dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) með í málsskjölin skv. XV. viðauka.

4) Hinn 20. mars 2019 lagði Efnastofnunin fram málsskjölin skv. XV. Viðauka ([5]) þar sem sýnt var fram á að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins til að bregðast við áhættu fyrir umhverfið sem stafar af notkun oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) þegar efnin eru losuð í umhverfishólf.

5) Hinn 28. nóvember 2019 samþykkti áhættumatsnefndin álit sitt ([6]) þar sem staðfest var að hættulegar eiginleikar oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) valdi sérstökum áhyggjum fyrir umhverfið þegar efnin eru fyrir hendi í vörum fyrir neytendur og til notkunar í atvinnuskyni sem enda sem losaðar út í bæði vatnsrænt og loftrænt umhverfishólf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1328, 17.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/35 frá 10. janúar 2018 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi okta-metýlsýklótetrasíloxani (D4) og dekametýlsýklópentasíloxani (D5)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 6, 11.1.2018, bls. 45).

([3]) https://echa.europa.eu/documents/10162/13641/echa_commission_request_en.pdf/a0bdbb25-9641-9df1-9511-4208cac224ce.

([4]) https://echa.europa.eu/documents/10162/13641/note_to_echa_annex_xv_d6_en.pdf/722217b2-95c1-a5a0-90c5-82f2afed48f9.

([5]) https://echa.europa.eu/documents/10162/039f5415-d7a2-b279-d270-0d07e18f6392.

([6]) https://echa.europa.eu/documents/10162/44c5f15a-a022-5084-762e-03bbb00599d5.

6) Áhættumatsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að nota ætti heildarlosun oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) út í umhverfið sem mælikvarða á áhættu. Áhættumatsnefndin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun neytenda og fagmanna á snyrtivörum sem á ekki að skola burt eftir notkun og öðrum vörum fyrir neytendur og til notkunar í atvinnuskyni sem innihalda oktametýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) leiði til losunar út í umhverfið þar sem víðtæk útbreidd notkun í snyrtivörur er helsta uppspretta losunar. Áhættumatsnefndin samþykkti mat Efnastofnunarinnar í málsskjölunum skv. XV. viðauka um að áhættunni væri ekki stjórnað á viðeigandi hátt og að losun þessara mjög þrávirku efna sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli og þrávirku efna sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð væri ekki lágmörkuð á vistferli þeirra eins og krafist er í lið 6.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

7) Áhættumatsnefndin komst einnig að þeirri niðurstöðu að tillögð takmörkun væri markviss og mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að lágmarka losun vegna snyrtivara sem á ekki að skola burt eftir notkun og annarra vara fyrir neytendur og til notkunar í atvinnuskyni og til að bregðast við greindu áhættunni með tilliti til árangurs við að draga úr áhættu, framkvæmanleika og á hvaða hátt er unnt að vakta hana.

8) Hinn 12. mars 2020 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit sitt ([7]) þar sem tekið er fram að tillögð takmörkun, eins og áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu breyttu henni, sé mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að draga úr losun oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) út í umhverfið með tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og kostnaðar.

9) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var sammála niðurstöðunum í málsskjölunum skv. XV. viðauka um að fresta beitingu takmörkunarinnar almennt um tvö ár.

10) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var einnig sammála lengri frestum fyrir nokkur sértæk notkunartilvik. Á grundvelli þess tíma sem þörf er á til útskiptingar samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu fimm ára frestun fyrir snyrtivörur sem á ekki að skola burt eftir notkun og lækningatæki. Þar eð möguleg staðgönguefni eða -tækni myndi ekki leiða til heildarminnkunar á áhættunni samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu einnig að fresta takmörkuninni á notkun dekametýlsýklópentasíloxans (D5) sem leysis við þurrhreinsun textílefna, leðurs og loðskinna um 10 ár. Að því er varðar lyf fyrir menn og dýr studdi nefndin um félagshagfræðilega greiningu 7 ára frestun á takmörkuninni. Við þessa 7 ára frestun er tekið tillit til þess tíma sem þarf til að skipta út notkun á oktametýlsýklótetrasíloxani (D4), dekametýlsýklópentasíloxani (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxani (D6) í lyfjum fyrir menn og dýr fyrir staðgönguefni eða -tækni sem og tímans sem þarf fyrir hæfismat og skráningu slíkra vara.

11) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var einnig sammála nokkrum undanþágum sem lagðar voru til í málsskjölunum skv. XV. viðauka. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu samþykkti undanþáguna fyrir setningu dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) á markað til notkunar í tæki til að meðhöndla og annast ör og sár, koma í veg fyrir sár og annast rauf (e. *stoma*). Nefndin um félagshagfræðilega greiningu samþykkti einnig undanþáguna fyrir setningu dekametýlsýklópentasíloxans (D5) á markað til notkunar í atvinnuskyni við hreinsun eða endurgerð á listaverkum og forngripum og að færa inn skýrari lýsingu á þeirri starfsemi á iðnaðarsvæðum sem takmörkunin um setningu oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) gildir ekki um. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var sammála undanþágunni fyrir setningu dekametýlsýklópentasíloxans (D5) á markað og notkun þess sem leysis í kerfi til þurrhreinsunar á textílefni, leðri og loðskinnum við tiltekin skilyrði.

12) Á grundvelli upplýsinga um notkun í blöndur og framfylgdarsjónarmiða var nefndin um félagshagfræðilega greiningu sammála tillögðum nánari útlistunum og frekari undanþágum sem voru lagðar til í málsskjölunum skv. XV. viðauka fyrir tilteknar blöndur sem innihalda oktametýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) sem leifar úr sílíkonfjölliðum.

13) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, meðan á takmörkunarferlinu stóð og framkvæmdastjórnin tók tillit til ráðlegginga þess.

14) Hinn 25. maí 2020 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu fyrir framkvæmdastjórnina.

15) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að það stafi óviðunandi áhætta af losun oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) úr vörum fyrir neytendur og til notkunar í atvinnuskyni og að takmörkunin sem Efnastofnunin lagði til, með breytingunum sem áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu lögðu til, væri mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við þeirri áhættu.

([7]) https://echa.europa.eu/documents/10162/a3e8195a-23d3-5859-6fdc-7805a3148b46.

16) Framkvæmdastjórnin er sammála niðurstöðunni í álitum áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu um að tillögð takmörkun kæmi til fyllingar og væri rökrétt framlenging á fyrirliggjandi takmörkun á setningu oktametýlsýklótetrasíloxans (D4) og dekametýlsýklópentasíloxans (D5) á markað í snyrtivörum, sem eru þvegnar af, sem er að finna í færslu 70 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Í þágu réttarvissu og til að auðvelda lestur ætti að skipta þeirri færslu út í heild sinni.

17) Hagsmunaaðilar ættu að fá nægan tíma til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að tillögðu takmörkuninni. Framkvæmdastjórnin leggur því til almennt tveggja ára frestunartímabil og lengri frestunartímabil fyrir tiltekna notkun. Framkvæmdastjórnin er einnig sammála því að þörf sé á undanþágum fyrir nokkur sértæk notkunartilvik.

18) Að því er varðar frestunartímabilið fyrir snyrtivörur, aðrar en snyrtivörur sem eru þvegnar af, vekur framkvæmdastjórnin athygli á mikilli losun frá þeim vöruflokki og þeirri niðurstöðu áhættumatsnefndarinnar, að því er varðar mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli og þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð, að lengd umbreytingartímabilsins sé, út frá áhættusjónarmiðum, mikilvægast þátturinn þar eð meiri losun eigi sér stað eftir því sem umbreytingartímabilið er lengra. Af þessum sökum ætti að lágmarka losun út í umhverfið á mjög þrávirkum efnum sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli og þrávirkum efnum sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð með stuttu umbreytingartímabili. Framkvæmdastjórnin vekur einnig athygli á verulegum kostnaði á hverju ári fyrir iðnaðinn við að breyta samsetningum á miklum fjölda snyrtivara, annarra en snyrtivara sem eru þvegnar af. Í ljósi kostnaðarhagkvæmni tillögðu takmörkunarinnar fyrir snyrtivörur, aðrar en snyrtivörur sem eru þvegnar af, og að nauðsynlegt er að jafnvægi ríki milli öflugrar verndar fyrir heilbrigði manna og umhverfið með lágmörkun félagslegra og hagrænna áhrifa komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að þriggja ára frestunartímabil fyrir þessar vörur sé viðeigandi.

19) Að því er varðar frestunartímabilið fyrir lækningatæki eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([8]), að teknu tilliti til áhyggjuefna frá iðnaðinum og nokkrum aðildarríkjum varðandi áætlaðan tíma fyrir endurhönnunarþrep, þ.e. að finna staðgöngukost, inna af hendi hæfismatsferli og óska eftir skráningu á nýlega hannaðri blöndu samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/745, telur framkvæmdastjórnin viðeigandi að veita 7 ára frestunartímabil fyrir þessi tæki. Enn fremur er hægt að finna oktametýlsýklótetrasíloxan (D4) og dekametýlsýklópentasíloxan (D5) í styrk yfir 0,1% í nokkrum tækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 ([9]). Þar eð útskipti í tækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi gefa tilefni til svipaðra athugunarefna þykir rétt að veita sama frestunartímabil fyrir þessi tæki.

20) Notkun sem prófefni til notkunar á rannsóknarstofum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi ætti einungis að njóta undanþágu ef hún á sér stað við stýrð skilyrði, eins og um getur í 23. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, án þess að takmarkast við 1 tonn á ári.

21) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 70 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 kemur eftirfarandi:

„70. Oktametýlsýklótetrasíloxan (D4) CAS-nr. 556-67-2 EB-nr. 209-136-7 Dekametýlsýklópentasíloxan (D5) CAS-nr. 541-02-6 EB-nr. 208-764-9 Dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) CAS-nr. 540-97-6 EB-nr. 208-762-8	1. Skal ekki setja á markað a) sem efni eitt og sér, b) sem efnisþátt annarra efna eða c) í blöndum, í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd viðkomandi efnis eftir 6. júní 2026. 2. Skal ekki notað sem leysir við þurrhreinsun textílefna, leðurs og loðskinna eftir 6. júní 2026. 3. Þrátt fyrir þetta: a) að því er varðar oktametýlsýklótetrasíloxan (D4) og dekametýlsýklópentasíloxan (D5) í snyrtivörum, sem eru þvegnar af, gildir c-liður 1. mgr. eftir 31. janúar 2020. Að því er varðar þennan lið merkir „snyrtivörur sem eru þvegnar af“ snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í a-lið 1. mgr. 2. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 (*) sem, við venjuleg notkunarskilyrði, eru þvegnar af með vatni eftir notkun, b) að því er varðar allar aðrar snyrtivörur en þær sem getið er í a-lið 3. mgr. gildir 1. mgr. eftir 6. júní 2027, c) að því er varðar tæki, eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 (**) og í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 (***), gildir 1. mgr. eftir 6. júní 2031, d) að því er varðar lyf, eins og þau eru skilgreind í 2. lið 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB, og dýralyf, eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 (****), gildir 1. mgr. eftir 6. júní 2031, e) að því er varðar dekametýlsýklópentasíloxan (D5) sem leysi við þurrhreinsun textílefna, leðurs og loðskinna gilda 1. og 2. mgr. eftir 6. júní 2034. 4. Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um: a) setningu oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) á markað fyrir eftirfarandi notkun í iðnaði: — sem einliðu við framleiðslu á sílíkonfjölliðu, — sem milliefni við framleiðslu á öðrum sílíkonefnum, — sem einliðu við fjölliðun, — við samsetningu eða (endur)pökkun blandna, — við framleiðslu á hlutum, — við meðferð annars yfirborðs en málma, b) setningu dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) á markað til notkunar í tæki, eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745, til að meðhöndla og annast ör og sár, koma í veg fyrir sár og annast rauf, c) setningu dekametýlsýklópentasíloxans (D5) á markað til notkunar í atvinnuskyni við hreinsun eða endurgerð á listaverkum og forngripum, d) setningu oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) á markað til notkunar sem prófefni til notkunar á rannsóknarstofum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem er framkvæmd við stýrð skilyrði. 5. Ákvæði b-liðar 1. mgr. gilda þó ekki um setningu oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) á markað: — sem efnisþáttar í sílíkonfjölliðu einnar og sér,

— sem efnisþáttar í sílíkonfjölliðu í blöndu sem nýtur undanþágu skv. 6. mgr.

6. Ákvæði c-liðar 1. mgr. gilda þó ekki um setningu blandna á markað sem innihalda oktametýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) sem leifar úr sílíkonfjölliðum við eftirfarandi skilyrði:
   a) oktametýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 1% miðað við þyngd viðkomandi efnis í blöndunni til notkunar við viðloðun, lokun, límingu og steypingu,
   b) oktametýlsýklótetrasíloxan (D4) í styrk sem er jafn eða minni en 0,5% miðað við þyngd eða dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 0,3% miðað við þyngd annars hvors efnisins í blöndunni til notkunar sem varnarhúð (þ.m.t. húðunarefni fyrir skip),
   c) oktametýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 0,2% miðað við þyngd viðkomandi efnis í blöndunni til notkunar sem tæki, eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745 og í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar 2017/746, önnur en tækin sem um getur í d-lið 6. mgr.,
   d) dekametýlsýklópentasíloxan (D5) í styrk sem er jafn eða minni en 0,3% miðað við þyngd í blöndunni eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 1% miðað við þyngd í blöndunni til notkunar sem tæki, eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/745, fyrir tannmát,
   e) oktametýlsýklótetrasíloxan (D4) í styrk sem er jafn eða minni en 0,2% miðað við þyngd í blöndunni eða dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 1% miðað við þyngd annars hvors efnisins í blöndunni til notkunar sem sílíkoninnsóli fyrir hesta eða sem skeifur,
   f) oktametýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 0,5% miðað við þyngd viðkomandi efnis í blöndunni til notkunar sem límhvatar,
   g) oktametýlsýklótetrasíloxan (D4), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 1% miðað við þyngd viðkomandi efnis í blöndunni til notkunar við þrívíddarprentun,
   h) dekametýlsýklópentasíloxan (D5) í styrk sem er jafn eða minni en 1% miðað við þyngd í blöndunni eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 3% miðað við þyngd í blöndunni fyrir hraða framleiðslu frumgerða og mótagerð eða stórvirka notkun sem er stöðguð með kvarsfylliefni,
   i) dekametýlsýklópentasíloxan (D5) eða dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 1% miðað við þyngd annars hvors efnisins í blöndunni til notkunar við púðaprentun (e. *pad printing*) eða framleiðslu á prentpúðum,
   j) dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrk sem er jafn eða minni en 1% miðað við þyngd blöndunnar til notkunar í atvinnuskyni við hreinsun eða endurgerð á listaverkum og forngripum.
7. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki um setningu dekametýlsýklópentasíloxans (D5) á markað til notkunar sem eða um notkun þess sem leysis í nákvæmlega stýrðum lokuðum kerfum til þurrhreinsunar á textílefni, leðri og loðskinnum ef leysiefnið til hreinsunar er endurunnið eða brennt.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

(****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43).“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1682 2025/EES/10/58

frá 4. mars 2024

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar að bæta við unnum húsdýraáburði sem efnisþáttaefniviði í ESB-áburðarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði. ESB-áburðarvörur mega innihalda afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([2]). Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 var endapunkturinn fyrir unninn húsdýraáburð í framleiðsluferlinu ákvarðaður í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1605 ([3]).

2) Í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1009 lagði sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar mat á unninn húsdýraáburð að því er varðar viðeigandi þætti sem ekki var tekið tillit til í þeim tilgangi að ákvarða endapunkt í framleiðsluferlinu ([4]).

3) Unninn húsdýraáburður getur mögulega orðið hluti af verulegum viðskiptum á innri markaðnum þar eð hann er afleidd afurð sem er almennt notuð í lífrænan áburð og jarðvegsbæta. Það að mæla fyrir um kröfur um CE-merki á ESB-áburðarvörur sem innihalda unninn húsdýraáburð myndi auðvelda viðskipti með slíkar vörur á innri markaðnum. Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar komst að þeirri niðurstöðu að innfærsla unnins húsdýraáburðar í efnisþáttaefniviðaflokk 10 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 myndi einnig auðvelda innleiðingu tilskipunar ráðsins 91/676/EBE ([5]) með því að stuðla að flutningi á unnum húsdýraáburði frá svæðum þar sem næringarefnainnihaldið er mikið til svæða þar sem innihaldið er lítið.

4) Unninn húsdýraáburður inniheldur lífrænt efni og næringarefni, einkum köfnunarefni og fosfór, tvö af þremur aðalnæringarefnunum sem eru fastsett í reglugerð (ESB) 2019/1009. Hann hefur sannað jarðræktarlegt gildi sitt við langa sögu um notkun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1682, 13.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1009/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1069/oj).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1605 frá 22. maí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 að því er varðar ákvörðun á endapunktum í framleiðsluferli tiltekins lífræns áburðar og tiltekinna jarðvegsbæta (Stjtíð ESB L 198, 8.8.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2023/1605/oj).

([4]) Huygens, D, „Technical proposals for processed manure as a component material for EU Fertilising Products.“

([5]) Tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nítrata úr landbúnaði (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/676/oj).

5) Til að tryggja að ESB-áburðarvara sem inniheldur unninn húsdýraáburð haldi næringarefnainnihaldi sínu með tímanum, að innihald hans af lífvænlegu illgresisfræi og plöntuæxlikornum sé takmarkað og að dregið sé úr losun næringarefna út í umhverfið við geymslu er nauðsynlegt að gera kröfu um frekari vinnslu umfram þá sem þörf er á til að ná endapunktinum í framleiðsluferlinu Af þeim sökum ætti að vinna unninn húsdýraáburð enn frekar til að hann fari í gegnum sigti með minni möskvastærð en þekkt er fyrir illgresisfræ eða korna hann eða köggla við tiltekin skilyrði sem tryggja að illgresisfræ sé ekki lengur lífvænlegt. Einnig er hægt að nota aðra vinnslu svo fremi að hún tryggi að innihald lífvænlegs illgresisfræs sé takmarkað. Að öðrum kosti er einnig hægt að vinna unna húsdýraáburðinn enn frekar til að hann samræmist einni af viðmiðununum um stöðugleika sem mælt er fyrir um fyrir efnisþáttaefniviðaflokk 3, moltu. Þetta myndi tryggja að efniviðurinn sem verður til sé stöðugur, að niðurbrot haldi ekki áfram eftir að varan er sett á markað og að illgresisfræ verði ekki lengur lífvænlegt eftir myltingarferlið.

6) Mæla ætti fyrir um frekari öryggisviðmiðun til að takmarka innihald 16 fjölhringa, arómatískra vetniskolefna (PAH_{16}) ([6]) sem geta myndast við vinnslu húsdýraáburðar. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 ([7]) er mælt fyrir um kröfur um að draga úr losun PAH_{16}-efna sem efna sem eru framleidd án ásetnings í framleiðsluferlinu en ekki eru innleidd viðmiðunarmörk í slíkum tilvikum. Í ljósi þeirrar miklu áhættu sem skapast við tilvist slíkra mengunarefna í áburðarvörum þykir rétt að innleiða strangari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1021. Mæla ætti fyrir um slík viðmiðunarmörk fyrir efnisþáttaefnivið til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1021 og þau ættu að gilda til viðbótar við öryggisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir samsvarandi vöruvirkniflokk. Til að auðvelda samræmismatsaðferðina og komast hjá óþarfa kostnaði ætti að innleiða möguleikann á að ganga út frá samræmi við þessa kröfu án prófunar þegar það er ljóst, út frá framleiðsluferlinu, að þessi viðmiðunarmörk eru uppfyllt.

7) Unninn húsdýraáburður getur farið í gegnum viðbótarvinnslu til að bæta jarðræktarlegt gildi hans eða öryggi enn frekar. Taka ætti vinnsluaðferðir sem eru sem stendur víða notaðar, s.s. aðskilnaður fastra og fljótandi efna, þurrkun, kögglun og endurheimt næringarefna, með í efnisþáttaefniviðaflokk 10 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009. Vinnsluþrep húsdýraáburðar ættu þó ekki að fela í sér varmaefnafræðileg umbreytingarferli við hátt hitastig eða þrýsting, s.s. þéttingu, vatnshitakolun, hitasundrun, gösun eða brennslu, þar eð slík ferli falla undir aðra efnisþáttaefniviðaflokka vegna sérstaks eðlis ummyndunarferlis efniviðarins.

8) Sem viðbótaröryggisráðstöfun ætti að skrá aukefnin sem þörf er á við vinnslu húsdýraáburðar á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([8]) samkvæmt víðtækum skilyrðum sem þegar er mælt fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009 fyrir aukefni í öðrum efnisþáttaefniviðaflokkum. Þetta myndi tryggja að framleiðendurnir taki tillit til notkunar á aukefnum í áburðarvöru við framkvæmd áhættumatsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og að skráningin sé einnig gerð fyrir efniviði í litlu magni.

9) Enn fremur getur unninn húsdýraáburður verið fáanlegur á staðbundnum mörkuðum í magni sem er umfram eftirspurn. Til að tryggja að langtímageymsla hans við ófullnægjandi skilyrði leiði ekki til skaðlegra áhrifa á umhverfið þykir rétt að takmarka þann tíma sem unnt er að nota hann sem efnisþáttaefnivið fyrir ESB-áburðarvörur.

([6]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1021/oj).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1907/oj).

10) Það ætti að innleiða almennar kröfur um merkingar fyrir ESB-áburðarvörur sem innihalda unninn húsdýraáburð til að upplýsa endanlega notendur um möguleg áhrif á loftgæði sem losun ammoníaks frá notkun unnins húsdýraáburðar getur haft og hvetja þá til að beita viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr slíkum áhrifum.

11) Unninn húsdýraáburður getur innihaldið amínópýralíð eða klópýralíð, efni sem hámarksgildi leifa fyrir matvæli og fóður eru fastsett fyrir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([9]). Notendur ESB-áburðarvara sem innihalda slíkan unninn húsdýraáburð ættu því að vera fyllilega upplýstir að því er varðar tilvist þessara efna þannig að þeir geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að nytjaplöntur, sem af þessu leiða, séu í samræmi við hámarksgildi leifa.

12) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/1009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj).

I. VIÐAUKI

Í stað efnisþáttaefniviðaflokks 10 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 kemur eftirfarandi:

„**EFNISÞÁTTAEFNIVIÐAFLOKKUR 10: AFLEIDDAR AFURÐIR Í SKILNINGI REGLUGERÐAR (EB) NR. 1069/2009**

1. ESB-áburðarvara má innihalda afleiddar afurðir í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 sem hafa náð endapunktinum í framleiðsluferlinu eins og ákvarðað er í samræmi við þá reglugerð og sem eru tilgreindar í eftirfarandi töflu og eins og tilgreint er í henni:

Nr.	Efnisþáttaefniviður	Viðbótarkröfur
	Unninn húsdýraáburður sem uppfyllir skilyrðin í d-lið 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1605 ([1])	1.1. ESB-áburðarvara má einungis innihalda unninn húsdýraáburð ef hann var meðhöndlaður til að ná endapunkti samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 í síðasta lagi 36 mánuðum áður en ESB-samræmisyfirlýsing var undirrituð fyrir viðkomandi vöru og efniviðurinn fór í gegnum viðbótarvinnslu þannig að a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt: a) **a.m.k. 90% af efniviðnum, miðað við þurrmassa, getur farið í gegnum sigti með 0,25 mm möskvum,** b) **efniviðurinn var kornaður undir þrýstingi, kögglaður, þurrkaður við hærra hitastig en 100 °C eða hefur farið í gegnum jafngilt ferli sem tryggir að innihald lífvænlegs illgresisfræs og plöntuæxlikorna í unna húsdýraáburðinum sé ekki meira en 3 einingar/l eða** c) **efniviðurinn uppfyllir a.m.k. eina af viðmiðununum um stöðugleika sem settar eru fram í 5. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 3.** 1.2. Efniviðurinn sem um getur í lið 1.1 getur farið í gegnum eina eða fleiri af eftirfarandi viðbótarvinnslum: a) vinnsluaðferðirnar sem um getur í efnisþáttaefniviðaflokki 2, b) líffræðilega meðhöndlun með nítrun og afnítrun, c) vélrænan aðskilnað á föstum og fljótandi hlutum, d) ferli til að endurheimta næringarefni og/eða lífrænt kolefni án þess að ætlunin sé að umbreyta efniviðnum á annan hátt, e) efnafræðilega vinnslu til að breyta sýrustiginu án þess að ætlunin sé að umbreyta efniviðnum á annan hátt, f) vélræna vinnslu til að fjarlægja vatn og til að umbreyta efniviðnum í duft, korn eða köggla án þess að ætlunin sé að umbreyta efniviðnum á annan hátt. 1.3. Heimilt er að nota aukefni sem þörf er á við vinnsluna sem um getur í liðum 1.1 og 1.2 að því tilskildu að: a) aukefnið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið í efnisþáttaefniviðaflokki 1, b) styrkur aukefna sem þörf er á í sérhverju ferli fari ekki yfir 5% af þyngd unna húsdýraáburðarins eða hlutans sem er notaður sem ílag í viðkomandi ferli. 1.4. Unninn húsdýraáburður skal ekki innihalda meira en 6 mg/kg þurrefnis af PAH_{16} ([2]). 1.5. Unninn húsdýraáburður sem skal nota sem efnisþáttaefnivið í ESB-áburðarvöru skal geymdur þannig að hann sé varinn gegn útfellingu og beinu sólarljósi.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1605 frá 22. maí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 að því er varðar ákvörðun á endapunktum í framleiðsluferli tiltekins lífræns áburðar og tiltekinna jarðvegsbæta (Stjtíð ESB L 198, 8.8.2023, bls. 1).

([2]) Summa naftalens, asenaftýlens, asenaftens, flúorens, fenantrens, antrasens, flúorantens, pýrens, bensó[a]antrasens, krýsens, bensó[b]flúorantens, bensó[k]flúorantens, bensó[a]pýrens, indenó[1,2,3-cd]pýrens, díbensó[a,h]antrasens og bensó[ghi]perýlens.

2. Þegar samræmi við kröfuna sem sett er fram í lið 1.4 er með vissu og óvéfengjanlega uppfyllt vegna eðlis eða vinnslu efnisþáttaefniviðarins eða vinnsluferlis ESB-áburðarvöru er heimilt að ganga út frá slíku samræmi án sannprófunar (s.s. prófunar) í samræmismatsaðferðinni á ábyrgð framleiðandans.“

———

II. VIÐAUKI

Í I. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 er eftirfarandi 7. lið c og 7. lið d bætt við:

„7c. Ef ESB-áburðarvara inniheldur unninn húsdýraáburð eins og um getur í II. hluta, efnisþáttaefniviðaflokki 10, í II. viðauka skal merkimiðinn innihalda upplýsingar um hugsanleg áhrif á loftgæði sem losun ammoníaks frá notkun vörunnar getur haft og hvatningu til notenda um að beita viðeigandi ráðstöfunum til að ráða bót á því.

Ef ESB-áburðarvara inniheldur unninn húsdýraáburð eins og um getur í II. hluta, efnisþáttaefniviðaflokki 10, í II. viðauka skal merkimiðinn innihalda eftirfarandi viðvörun: „Þessi vara getur innihaldið amínópýralíð eða klópýralíð og hana má ekki nota við framleiðslu á plöntum sem eru næmar fyrir þessum efnum, s.s. baunum, smára, linsubaunum, ertum, salati, sólblómum og tómötum. Þessa vöru skal nota á þann hátt að það leiði ekki til þess að farið verði yfir hámarksgildi leifa fyrir matvæli eða fóður sem eru fastsett í samræmi við reglugerð (EB) nr. 396/2005“ eða svipaða viðvörun. Ekki er þörf á slíkri viðvörun fyrir ESB-áburðarvörur sem innihalda unninn húsdýraáburð með í mesta lagi 50 µg af amínópýralíði eða klópýralíði/kg þurrefnis.

7d. Ef ESB-áburðarvara inniheldur efnisþáttaefnivið úr húsdýraáburði skal heildarinnihald köfnunarefnis, sem kemur úr húsdýraáburði, tilgreint.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2462 **2025/EES/10/59**

frá 19. september 2024

um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar úndekaflúoróhexansýru (PFHxA), sölt hennar og skyld efni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Úndekaflúoróhexansýra (PFHxA), sölt hennar og skyld efni ([2]) eru með samsetningu af hættulegum eiginleikum. Úndekaflúoróhexansýra fer langt yfir viðmiðunina fyrir „mjög þrávirkt“ í lið 1.2.1 í XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, er hreyfanleg í vatnsumhverfinu og hefur hugsanleg skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Úndekaflúoróhexansýran sjálf er hvorki skráð né notuð í Sambandinu. Nokkur efni skyld úndekaflúoróhexansýru svo og ammóníumsalt af úndekaflúoróhexansýru eru skráð í Sambandinu með tonnafjöldabil frá einu yfir í meira en 100 tonn á ári. Skyld efni úndekaflúoróhexansýru og ammóníumsalt af úndekaflúoróhexansýru eru víða notuð í mörgum geirum; mikið magn er notað í pappír og pappa til notkunar sem snertiefni matvæla, í textílefni og í slökkvifroðu. Áframhaldandi notkun á söltum úndekaflúoróhexansýru og skyldum efnum, einkum í víðtæka útbreidda notkun, mun leiða til sívaxandi magns í umhverfinu og frekari váhrifa á umhverfið og á menn.

2) Hinn 20. desember 2019 lagði Þýskaland málsskjöl ([3]) (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka) fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 þar sem lagt var til að takmarka framleiðslu og notkun á úndekaflúoróhexansýru, söltum hennar og skyldum efnum einum og sér og setningu á markað og að takmarka notkun þeirra við framleiðslu á öðru efni, sem efnisþætti, í blöndu eða í hlut og setningu á markað, eða notkun þeirra í annað efni, í blöndu eða í hlut, með almennu 18 mánaða umbreytingartímabili. í því skyni að bregðast við áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið lagði Þýskaland til styrkleikamörk sem nema 25 ppb fyrir summu úndekaflúoróhexansýru og salta hennar og 1 000 ppb fyrir summu skyldra efna.

3) Að auki lagði Þýskaland bæði til tímabundnar og ótímabundnar undanþágur vegna tiltekinnar notkunar, að teknu tilliti til félagslegra og hagrænna áhrifa og tiltækileika staðgöngukosta. Að því er varðar notkun úndekaflúoróhexansýru, salta hennar og skyldra efna í slökkvifroðu lagði Þýskaland til skýrslugjafarskyldu fyrir einstakling eða lögaðila sem nýtur góðs af tillögðum undanþágum.

4) Hinn 3. júní 2021 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar (hér á eftir nefnd áhættumatsnefndin) álit sitt þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á að takmörkunin varðandi úndekaflúoróhexansýru, sölt hennar og skyld efni, sem Þýskaland lagði til, væri mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum. Engu að síður telur áhættumatsnefndin að víðtæk takmörkun á vettvangi Sambandsins með vandlega íhuguðum markvissum undanþágum og umbreytingartímabilum væri mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum með tilliti til árangurs, framkvæmanleika og vöktunarmöguleika.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2462, 20.9.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2006/1907/oj.

([2]) Skyld efni úndekaflúoróhexansýru eru efni sem, á grundvelli sameindabyggingar þeirra, teljast hafa getu til að brotna niður eða umbreytast í úndekaflúoróhexansýru. Skrá, sem er ekki tæmandi, yfir efni sem falla undir gildissvið tillögunnar að takmörkuninni er aðgengileg á vefsetri Efnastofnunar Evrópu: https://echa.europa.eu/documents/10162/7da473c1-7f27-df34-9e6a-46152ef10d4b

([3]) https://echa.europa.eu/documents/10162/c4e04484-c989-733d-33ed-0f023e2a200e

5) Áhættumatsnefndin studdi takmörkunina sem Þýskaland lagði til að því er varðar notkun þar sem er ekki mögulegt að innleiða ráðstafanir við áhættustjórnun til að lágmarka losun, einkum víðtæka útbreidda notkun sem varðar neytendur í snertiefni matvæla, í textílefni sem og í slökkvifroðu fyrir opinbert slökkvistarf sem mynda þrjú helstu upptök losunar. Á grundvelli takmarkaðra fyrirliggjandi upplýsinga um skilyrðin fyrir notkun og árangur af ráðstöfunum við áhættustjórnun gat áhættumatsnefndin þó ekki komist að niðurstöðu um hvort tiltekin önnur notkun stuðli að greindu áhættunum, s.s. krómhúðun og slökkvifroða sem er notuð í iðjuverum. Að því er varðar þessa aðra notkun var óvissan um núverandi skilyrði fyrir notkun og árangur af ráðstöfunum við áhættustjórnun of mikil til að komast að niðurstöðu um að takmörkunin sem Þýskaland lagði til væri mest viðeigandi kosturinn við ráðstafanir við áhættustjórnun.

6) Þar að auki studdi áhættumatsnefndin ekki rökstuðninginn fyrir flestum undanþágunum sem Þýskaland lagði til þar eð ófullnægjandi upplýsingar lágu fyrir til að komast að niðurstöðu um að losun frá þessari notkun væri lágmörkuð. Ef takmörkun yrði komið á studdi áhættumatsnefndin þó undanþágur fyrir eftirfarandi notkun þar eð trúverðugar upplýsingar um lágmörkun losunar frá þessari notkun lágu fyrir: hálfleiðarar og búnaður tengdur hálfleiðurum, „epilame“ í úr, húðunarefni fyrir heyrnartæki, ígræðanleg lækningatæki og einangruð milliefni sem eru flutt.

7) Áhættumatsnefndin var sammála styrkleikamörkunum og almenna umbreytingartímabilinu sem Þýskaland lagði til. Áhættumatsnefndin tók einnig fram að það þurfi að þróa staðlaðar greiningaraðferðir fyrir efnin og efniviðina sem falla undir gildissvið takmörkunarinnar sem Þýskaland lagði til. Áhættumatsnefndin komst þó að þeirri niðurstöðu að almennt séð væru greiningaraðferðir fáanlegar á almennum markaði til að vakta váhrif og innleiðingu takmörkunarinnar sem Þýskaland lagði til.

8) Hinn 8. desember 2021 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit sitt þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á að takmörkunin varðandi úndekaflúóróhexansýru, sölt hennar og skyld efni, sem Þýskaland lagði til, væri mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum að teknu tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og kostnaðar af henni. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu taldi að takmörkunin varðandi úndekaflúóróhexansýru, sölt hennar og skyld efni væri almennt séð viðeigandi ráðstöfun til að bregðast við greindu áhættunum. Á grundvelli takmarkaðra fyrirliggjandi upplýsinga um félagsleg og hagræn áhrif og möt á losun gat nefndin um félagshagfræðilega greiningu þó ekki komist að niðurstöðu um hvort skilyrðin fyrir takmörkuninni, eins og nefndin um félagshagfræðilega greiningu breytti þeim, væru í heild sinni mest viðeigandi ráðstafanirnar til að bregðast við greindu áhættunum. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu komst engu að síður að niðurstöðu um félagslegan og hagrænan ávinning og kostnað af takmörkun varðandi tiltekna notkun þar sem upplýsingar um félagsleg og hagræn áhrif voru ekki eins ótryggar Nefndin um félagshagfræðilega greiningu tók tillit til niðurstaðna áhættumatsnefndarinnar um árangur af ráðstöfunum við áhættustjórnun og lágmörkun losunar, varanleika úndekaflúóróhexansýrulosunar í umhverfið, fyrirliggjandi upplýsinga um staðgöngukosti, mögulegs taps á virkni og félagslegra og hagrænna áhrifa. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu komst að þeirri niðurstöðu að takmörkun á notkun í fatnað úr textílefnum fyrir neytendur, slökkvifroðu í opinberu og hreyfanlegu slökkvistarfi, pappír og pappa sem snertiefni matvæla og blöndur fyrir neytendur sé að öllum líkindum ekki óviðeigandi ráðstöfun, með tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og kostnaðar af henni, til að bregðast við áhættunni af þessari notkun og að takmörkun á notkun í snyrtivörur sé að öllum líkindum viðeigandi ráðstöfun, með tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og kostnaðar af henni, til að bregðast við áhættunni af þeirri notkun.

9) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var ekki sammála tillagða almenna 18 mánaða umbreytingartímabilinu. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu taldi að umbreytingartímabilið ætti að vera nógu langt til að tryggja að framleiðendur, innflytjendur og notendur efna, blandna og hluta geti farið að takmörkuninni og aðlagað starfsemi sína þannig að unnt sé að hætta notkun á úndekaflúóróhexansýru, söltum hennar og skyldum efnum í áföngum og skipta þeim út og þannig að aðlögun innan aðfangakeðja sem verða fyrir áhrifum sé möguleg. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu lagði því til almennt 36 mánaða umbreytingartímabil.

10) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, meðan á takmörkunarferlinu stóð og tekið var tillit til álits þess. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu benti á það álit gagnaskiptatorgsins að hægt væri að líta svo að takmörkunin sem Þýskaland lagði til sé framfylgjanleg svo fremi að það sé ljóst hvaða efni falla undir gildissvið takmörkunarinnar og að áreiðanlegar staðlaðar prófunaraðferðir, sem taki til allra tegunda efna sem reglur hafa verið settar um, séu skilgreindar.

11) Hinn 10. maí 2022 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu ([4]) fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Að teknu tilliti til málsskjalanna skv. XV. viðauka og álita áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshag fræðilega greiningu lítur framkvæmdastjórnin svo á að notkun á úndekaflúoróhexansýru, söltum hennar og skyldum efnum og setning þeirra á markað í tilteknum blöndum og í tilteknum hlutum hafi í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem þarf að bregðast við á vettvangi Sambandsins.

13) Framkvæmdastjórnin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tillagða takmörkunin, eins og áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu breyttu henni, væri mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunum að teknu tilliti til þess að gögnin sem voru lögð fram um losun, að draga úr áhættu og félagsleg og hagræn áhrif væru ótrygg. Áhættumatsnefndin tók skýrt fram að tilkynnt megindleg möt á losun væru óáreiðanleg vegna mikils ósamræmis milli mismunandi hluta bakgrunnsskjal álitsins um málsskjölin skv. XV. viðauka ([5]), ófullnægjandi rökstuðnings fyrir þeim ályktunum sem voru dregnar og umtalsverðra eyðna í framlögðum upplýsingum eða í skýrslunni um undirliggjandi aðferðafræði við útreikning fyrir mismunandi geira notkunar.

14) Þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir um tiltæk gögn er framkvæmdastjórnin sammála áhættumatsnefndinni um að losun út í umhverfið og váhrif fyrir menn hafi verið staðfest með fjölda vöktunargagna um umhverfið og menn og að lágmarka ætti framleiðslu á úndekaflúoróhexansýru, söltum hennar og skyldum efnum og notkun á þessum efnum sem leiðir til losunar út í í umhverfið sem er ekki stjórnað á viðeigandi hátt. Framkvæmdastjórnin telur að markviss takmörkun í stað víðtækrar takmörkunar sé mest viðeigandi ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindum áhættum. Framkvæmdastjórnin telur að takmörkunin ætti að beinast að þeirri notkun þar sem áhættumatsnefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri mögulegt að innleiða ráðstafanir við áhættustjórnun til að lágmarka losun og nefndin um félagshagfræðilega greiningu komst að þeirri niðurstöðu að takmörkun á þeirri tilteknu notkun væri að öllum líkindum viðeigandi eða að öllum líkindum ekki óviðeigandi að teknu tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og kostnaðar af henni. Að því er varðar þessa notkun telur framkvæmdastjórnin að áhættunni sé ekki stjórnað á viðeigandi hátt, að staðgöngukostir séu fáanlegir og að félagslegur og hagrænn kostnaður verði að öllum líkindum takmarkaður samanborið við ávinninginn fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

15) Framkvæmdastjórnin telur því nauðsynlegt að samþykkja takmörkun á vettvangi Sambandsins varðandi setningu úndekaflúoróhexansýru, salta hennar og skyldra efna á markað og notkun þeirra í textílefni, leður, loðskinn og húðir í fatnað (s.s. útivistarfatnað á borð við regnúlpur), tengda fylgihluti (s.s. handtöskur) og skófatnað fyrir almenning, pappír og pappa sem eru notaðir sem snertiefni matvæla, blöndur fyrir almenning, snyrtivörur og tiltekna notkun í slökkvifroðu.

16) Framkvæmdastjórnin var sammála styrkleikamörkunum sem Þýskaland, áhættumatsnefndin og nefndin um félagshag-fræðilega greiningu lögðu til.

17) Þó að nefndin um félagshagfræðilega greiningu hafi ekki getað komist að niðurstöðu um umfang félagslegs og hagræns kostnaðar miðað við ávinninginn varðandi textílefni, leður, loðskinn og húðir, önnur en í fatnað og tengda fylgihluti, fyrir almenning telur framkvæmdastjórnin að það ætti einnig að takmarka notkun í þessi efni vegna þess að vísbendingar eru um að verulegt magn af skyldum efnum úndekaflúoróhexansýru kunni að vera notuð; um er að ræða víðtæka útbreidda notkun þar sem áhættunni er ekki stjórnað á viðeigandi hátt; ekki er unnt að lágmarka losun með því að beita ráðstöfunum við áhættustjórnun, eins og áhættumatsnefndin komst að niðurstöðu um, og svo virðist sem staðgöngu-kostir fyrir vatnsfráhrindandi eiginleika séu tiltækir. Viðkomandi vöruflokkar eru m.a. gólfteppi, gólfmottur, glugga-tjöld, rúllugardínur, efni til bólstrunar, textílveggklæðningar og aðrar yfirbreiðslur að meginhluta úr textílefnum (s.s. borðdúkar eða rúmfatnaður). Þetta tekur til viðkomandi vöruflokka í tengslum við flutningastarfsemi og opinbera staði sem og á skrifstofum þar eð gera má ráð fyrir að almenningur heimsæki þessar skrifstofur. Að því er varðar þessa vöruflokka með takmörkun hefur ekki verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að skortur á olíu- og blettafæling-areiginleikum myndi leiða til taps á virkni með verulegum neikvæðum áhrifum. Miðað við möguleg félagsleg og hagræn áhrif sem tengjast tapi á virkni þar sem staðgöngukostir veita ekki fullnægjandi olíu- og blettafælingu telst lengra umbreytingartímabil fyrir textílefni, önnur en í fatnað og tengda fylgihluti, fyrir almenning vera réttlætanlegt.

([4]) https://echa.europa.eu/documents/10162/97eb5263-90be-ede5-0dd9-7d8c50865c7e
([5]) https://echa.europa.eu/documents/10162/5c011606-5891-d26a-03e7-ceba0a35126f

18) Framkvæmdastjórnin telur að tiltekin textílefni, leður, loðskinn og húðir og tengdir fylgihlutir og skófatnaður ættu, þrátt fyrir víðtæka útbreidda notkun á þeim, að njóta undanþágu frá þessari takmörkun þegar ekki er hægt að uppfylla sértækar kröfur um tæknilegan árangur á annan hátt vegna þess að þörf er á slíkum efnum til að uppfylla sértækar kröfur með tilliti til öryggis eða virkni. Við þessar undanþágur er tekið tillit til væntra félagslegra og hagrænna áhrifa og þær gilda um notkun sem staðgöngukostir virðast sem stendur ekki vera fáanlegir fyrir. Hlutir sem njóta undanþágu eru textílefni, leður, loðskinn og húðir og tengdir fylgihlutir og skófatnaður sem eru notuð sem (hlutar af) persónuhlífar innan gildissviðs áhættuflokks III., a-liður, c- til f-liður, h-liður og l-liður I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 ([6]), tæki sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 ([7]) og tæki sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 ([8]). Að auki ættu textílefni í byggingarmannvirki, s.s. himnur fyrir léttar undirstöður eða yfirborð burðarvirkis, styrkingarefni, textílframhliðar undirbygginga (e. *textile façade substructure*), einangrunarefni gegn kulda og hita og textílþaklagnakerfi, að njóta undanþágu þar eð nefndin um félagshagfræðilega greiningu gat ekki komist að niðurstöðu um hvort takmörkun á þessari tilteknu notkun væri að öllum líkindum viðeigandi eða að öllum líkindum ekki viðeigandi að teknu tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og kostnaðar af henni.

19) Hinn 14. janúar 2022 lagði Efnastofnunin fram, fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, málsskjöl ([9]) skv. 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 þar sem lagt var til að takmarka framleiðslu, setningu á markað og notkun á per- og pólýflúoróalkýlefnum (PFAS) í slökkvifroðu (bæði þykkni og slökkvifroðublöndur sem eru tilbúnar til notkunar). Úndekaflúoróhexansýra, sölt hennar og skyld efni falla undir gildissvið þessarar tillögu að takmörkun. Framkvæmdastjórnin telur heppilegra að byggja ákvörðun um að takmarka notkun á úndekaflúoróhexansýru, söltum hennar og skyldum efnum í flestar tegundir notkunar í slökkvifroðu á málsskjölum varðandi takmörkun fyrir öll per- og pólýflúoróalkýlefni (PFAS) í slökkvifroðu. Framkvæmdastjórnin telur þó, þar eð staðgöngukostir eru víða fáanlegir og þegar í notkun til að koma í staðinn fyrir úndekaflúoróhexansýru, sölt hennar og skyld efni í slökkvifroðu sem er notuð við þjálfun og prófun, fyrir opinber slökkvilið og fyrir almenningsflug, að ekki ætti að fresta því að takmarka þessa notkun.

20) Þegar opinber slökkvilið eru við störf geta þau staðið frammi fyrir mismunandi tegundum elds og í mismunandi tegundum starfsstöðva. Til að taka tillit til breytileika við skipulagningu opinberra slökkviliða í öllum aðildarríkjum og til að tryggja öflugar brunavarnir ætti að veita undanþágu frá takmörkuninni varðandi setningu úndekaflúoróhexansýru, salta hennar og skyldra efna á markað og notkun þeirra í slökkvifroðu og slökkvifroðuþykkni fyrir opinber slökkvilið við inngrip í eldsvoða á iðnaðarsvæðum sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB ([10]) og sem nota froðuna og búnaðinn einungis í þeim tilgangi.

21) Framkvæmdastjórnin tók fram að notkun á úndekaflúoróhexansýru, söltum hennar og skyldum efnum, sem fellur ekki undir þessa markvissu takmörkun, komi einnig fram í tveimur öðrum málsskjölum varðandi takmörkun sem bíða afgreiðslu, þ.e. per- og pólýflúoróalkýlefni í slökkvifroðu ([11]) og per- og pólýflúoróalkýlefni til allrar annarrar notkunar ([12]). Framkvæmdastjórnin mun taka til frekari athugunar þörfina á að takmarka þessa notkun á grundvelli rökstuðnings og upplýsinga í þessum málsskjölum og tengdum álitum.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2016/425/oj).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/745/oj).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/746/oj).

([9]) https://echa.europa.eu/documents/10162/4524f49c-ae14-b01b-71d2-ac3fa916c4e9

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2012/18/oj).

([11]) https://echa.europa.eu/documents/10162/4524f49c-ae14-b01b-71d2-ac3fa916c4e9

([12]) https://echa.europa.eu/documents/10162/1c480180-ece9-1bdd-1eb8-0f3f8e7c0c49

22) Framkvæmdastjórnin telur að það ætti að fastsetja undanþágu fyrir öll efni sem er með perflúoróalkýlhóp C_6F_{13}- sem tengist beint brennisteinsatómi (úndekaflúoróhexansýra, sölt hennar og skyld efni) þar eð þessi efni eru bönnuð með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 ([13]).

23) Framkvæmdastjórnin var sammála áhættumatsnefndinni og nefndinni um félagshagfræðilega greiningu um að efni með perflúoróalkýlhóp C_6F_{13}- sem tengist beint súrefnisatómi á einu af kolefnisatómunum sem er ekki staðsett við enda keðjunnar (e. *non-terminal carbon*) ættu að vera undanskilin gildissviði takmörkunarinnar fyrir efni þar eð ekki er hægt að umbreyta þessum efnum í úndekaflúoróhexansýru. Efnafræðileg bygging þeirra er þannig að niðurbrot í karboxýlsýru eða í karboxýlat myndar tvær aðskildar styttri flúoróalkýlkeðjur sem hættur og áhættur af voru ekki metnar í málsskjölunum skv. XV. viðauka.

24) Hagsmunaaðilar og aðildarríki ættu að fá nægan tíma til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að takmörkuninni. Að teknu tilliti til tillagnanna í málsskjölunum skv. XV. viðauka sem og til álita áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu ætti því að fresta beitingu takmörkunarinnar um 18 mánuði fyrir slökkvifroðu sem er notuð við þjálfun, prófun og opinber slökkvistörf, 24 mánuði fyrir textílefni, leður, loðskinn og húðir í fatnað og tengda fylgihluti og skófatnað fyrir almenning, pappír og pappa sem eru notaðir sem snertiefni matvæla, blöndur fyrir almenning og snyrtivörur, 36 mánuði fyrir textílefni, leður, loðskinn og húðir, önnur en í fatnað og tengda fylgihluti fyrir almenning, og 5 ár fyrir slökkvifroðu sem er notuð í almenningsflugi.

25) Af ástæðum sem varða hagkvæmni og fullnustuhæfi ætti takmörkunin ekki að gilda um hluti og blöndur þar sem birgirinn getur sýnt fram á að slíkir hlutir og blöndur hafi verið sett á markað fyrir viðkomandi gildistökudag takmörkunarinnar.

26) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1021/oj).

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er eftirfarandi færslu bætt við:

„79. Úndekaflúoróhexansýra (PFHxA), sölt hennar og skyld efni: a) með línulegan eða greinóttan perflúorópentýlhóp með formúluna C_5F_{11}- sem tengist beint öðru kolefnisatómi sem einum af byggingarþáttunum eða b) með línulegan eða greinóttan perflúóró-hexýlhóp með formúluna C_6F_{13}-. Eftirfarandi efni eru undanþegin þessari tilgreiningu: a) C_6F_{14}, b) C_6F_{13}-C(=O)OH, C_6F_{13}-C(=O)O-X′ eða C_6F_{13}-CF_2-X′ (þar sem X′ = allir hópar, þ.m.t. sölt), c) öll efni með perflúoróalkýlhóp C_6F_{13}- sem tengist beint súrefnisatómi á einu af kolefnisatómunum sem er ekki staðsett við enda keðjunnar.	1. Skulu ekki, frá og með 10. október 2026, sett á markað eða notuð í styrk sem er jafn eða meiri en 25 ppb fyrir summu úndekaflúóró-hexansýru og salta hennar eða 1 000 ppb fyrir summu skyldra efna úndekaflúoróhexansýru, mælt í einsleitu efni, í eftirfarandi: a) textílefni, leður, loðskinn og húðir í fatnað og tengda fylgihluti fyrir almenning, b) skófatnað fyrir almenning, c) pappír og pappa sem eru notaðir sem snertiefni matvæla sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, d) blöndur fyrir almenning, e) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. 2. Skulu ekki, frá og með 10. október 2027, sett á markað eða notuð í styrk sem er jafn eða meiri en 25 ppb fyrir summu úndekaflúóró-hexansýru og salta hennar eða 1 000 ppb fyrir summu skyldra efna úndekaflúoróhexansýru, mælt í einsleitu efni, í önnur textílefni, leður, loðskinn og húðir en í fatnað og tengda fylgihluti, sem um getur í 1. mgr., fyrir almenning. 3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um eftirfarandi: a) persónuhlífar sem eru ætlaðar til að verja notendur gegn áhættum sem falla undir gildissvið áhættuflokks III, a-liður, c- til f-liður, h-liður og l-liður I. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/425, b) tæki sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2017/745, c) tæki sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2017/746, d) textílefni sem eru notuð sem textílefni í byggingarmannvirki. 4. Skulu ekki, frá og með 10. apríl 2026, sett á markað eða notuð í styrk sem er jafn eða meiri en 25 ppb fyrir summu úndekaflúoróhexansýru og salta hennar eða 1 000 ppb fyrir summu skyldra efna úndekaflúoróhexansýru í: a) slökkvifroðu og slökkvifroðuþykkni til þjálfunar og til prófunar, að undanskildum starfrænum prófunum á slökkvibúnaði, að því tilskildu að allri losun sé safnað saman, b) slökkvifroðu og slökkvifroðuþykkni fyrir opinber slökkvilið, nema við inngrip þessarar þjónustu í eldsvoða á iðnaðarsvæðum í starfsstöðvum sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB (*) og hún notar froðuna og búnaðinn einungis í þeim tilgangi. 5. Skulu ekki, frá og með 10. október 2029, sett á markað eða notuð í slökkvifroðu og slökkvifroðuþykkni fyrir almenningsflug (þ.m.t. á flugvöllum fyrir almenningsflug) í styrk sem er jafn eða meiri en 25 ppb fyrir summu úndekaflúoróhexansýru og salta hennar eða 1 000 ppb fyrir summu skyldra efna úndekaflúoróhexansýru.

	6. Ákvæði 1., 2., 4. og 5. mgr gilda ekki um efni með perflúoróalkýlhóp C_6F_{13}- sem tengist beint súrefnisatómi sem eru bönnuð í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 (**). 7. Þrátt fyrir 1. mgr. gildir sú málsgrein ekki um hluti og blöndur sem voru sett á markað fyrir 10. október 2026. 8. Þrátt fyrir 2. mgr. gildir sú málsgrein ekki um hluti sem voru settir á markað fyrir 10. október 2027. 9. Að því er varðar þessa færslu eru skyld efni úndekaflúoróhexansýru efni sem, á grundvelli sameindabyggingar þeirra, teljast hafa getu til að brotna niður eða umbreytast í úndekaflúoróhexansýru.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2012/18/oj).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/1021/oj).“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2564 **2025/EES/10/60**

frá 19. júní 2024

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar samræmda flokkun og merkingu á tilteknum efnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([1]), einkum 5. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er skrá yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2.–5. hluta I. viðauka við þá reglugerð.

2) Tillögur um að innleiða samræmda flokkun og merkingar á tilteknum efnum og að uppfæra eða fella brott samræmdar flokkanir og merkingar á tilteknum öðrum efnum hafa verið lagðar fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skv. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar samþykkti eftirfarandi álit ([2]) varðandi þessar tillögur eftir að hafa tekið til greina athugasemdir sem bárust frá hlutaðeigandi aðilum:

— Álit frá 18. mars 2022 um marglaga pípur úr kolefni (pípulaga tilbúið grafít) með rúmfræðilegu þverm áli pípunnar á bilinu ≥ 30 nm til < 3 μm og lengd sem er ≥ 5 μm og myndhlutfallið er > 3:1, þ.m.t. marglaga nanópípur úr kolefni, MWC(N)T.

— Álit frá 18. mars 2022 um α-metýl-1,3-bensódíoxól-5-própíónaldehýð [1] (*S*)-α-metýl-1,3-bensódíoxól-5-própíónaldehýð,

(2*S*)-3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýlprópanal [2] (*R*)-α-metýl-1,3-bensódíoxól-5-própíónaldehýð, (2*R*)-3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýlprópanal [3].

— Álit frá 18. mars 2022 um asetónoxím.

— Álit frá 18. mars 2022 um (3*E*)-dek-3-en-2-ón.

— Álit frá 18. mars 2022 um 2,3-epoxýprópýlneódekanat.

— Álit frá 18. mars 2022 um própýl-3,4,5-tríhýdroxýbensóat.

— Álit frá 18. mars 2022 um benþíavalíkarbísóprópýl (ISO), ísóprópýl [(*S*)-1-{[(*R*)-1-(6-flúoró-1,3-bensóþíasól-2-ýl)etýl]karbamóýl}-2-metýlprópýl]karbamat.

— Álit frá 18. mars 2022 um hexýlsalisýlat.

— Álit frá 18. mars 2022 um brennistein.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2564, 30.9.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj.

([2]) Álitin eru aðgengileg á eftirfarandi vefsetri: https://echa.europa.eu/registry-of-clh-intentions-until-outcome/-/dislist/name/-/ecNumber/-/casNumber/-/dte_receiptFrom/-/dte_receiptTo/-/prc_public_status/Opinion+Adopted/dte_withdrawnFrom/-/dte_withdrawnTo/-/sbm_expected_submissionFrom/-/sbm_expected_submissionTo/-/dte_finalise_deadlineFrom/-/dte_finalise_deadlineTo/-/haz_addional_hazard/-/lec_submitter/-/dte_assessmentFrom/-/dte_assessmentTo/-/prc_regulatory_programme/-/.

— Álit frá 18. mars 2022 um hvarfmassa *N,N′*-etan-1,2-díýlbis(dekanamíðs) og 12-hýdroxý-*N*-[2-[(1-oxódekýl)-amínó]etýl]oktadekanamíðs og *N,N′*-etan-1,2-díýlbis[12-hýdroxýoktadekanamíðs) [1] hvarfmassa *N,N′*-etan-1,2-díýlbis(dekanamíðs) og 12-hýdroxý-*N*-[2-[(1-oxódekýl)amínó]etýl]oktadekanamíðs [2].

— Álit frá 18. mars 2022 um 2-[etýl[3-metýl-4-[5-nítróþíasól-2-ýl)asó]fenýl]amínó]etanól.

— Álit frá 30. maí 2022 um glýfosat (ISO), *N*-(fosfónmetýl)glýsín.

— Álit frá 2. júní 2022 um silfur í gegnheilu formi: [þvermál agna ≥ 1 mm].

— Álit frá 2. júní 2022 um silfurduft: [þvermál agna > 100 nm < 1 mm].

— Álit frá 2. júní 2022 um silfur í nanóformi: [þvermál agna > 1 nm ≤ 100 nm].

— Álit frá 2. júní 2022 um *S*-metólaklór (ISO), 2-klóró-*N*-(2-etýl-6-metýlfenýl)-*N*-[(2*S*)-1-metoxýprópan-2-ýl]asetamíð, (R_aS_a)-2-klóró-*N*-(6-etýl-o-tólýl)-*N*-[(1S)-2-metoxý-1-metýletýl]asetamíð [inniheldur 80–100% 2-klóró-*N*-(2-etýl-6-metýlfenýl)-*N*-[(2*S*)-1-metoxýprópan-2-ýl]asetamíð og 0–20% 2-klóró-*N*-(2-etýl-6-metýlfenýl) -*N*-[(2*R*)-1-metoxýprópan-2-ýl]asetamíð].

— Álit frá 2. júní 2022 um 2-(dímetýlamínó)-2-[(4-metýlfenýl)metýl]-1-[4-(morfólín-4-ýl)fenýl]bútan-1-ón.

— Álit frá 2. júní 2022 um formaldehýð …%.

— Álit frá 2. júní 2022 um maurasýru ...%.

— Álit frá 2. júní 2022 um díkamba (ISO), 2,5-díklóró-6-metoxýbensósýru, 3,6-díklóró-2-metoxýbensósýru.

— Álit frá 2. júní 2022 um 7-oxabísýkló[4.1.0]hept-3-ýlmetýl-7-oxabísýkló[4.1.0]heptan-3-karboxýlat.

— Álit frá 2. júní 2022 um perediksýru ...%.

— Álit frá 2. júní 2022 um tetranatríum-4-amínó-5-hýdroxý-3,6-bis[[4-[[2-(súlfónatóoxý)etýl]súlfónýl]fenýl]asó]-naftalín-2,7-dísúlfónat [1] Myndefni 4-amínó-5-hýdroxýnaftalen-2,7-dísúlfónsýru, tengd tvisvar við díasóað 2-[(4-amínódífenýl)súlfónýl]etýlvetnissúlfat, natríumsölt [2] dínatríum-4-amínó-5-hýdroxý-3,6-bis{[4-(vínýlsúlfónýl)-fenýl]díasenýl}naftalín-2,7-dísúlfónat [3].

— Álit frá 15. september 2022 um perbórsýru, natríumsalt [1] perbórsýru, natríumsalt, mónóhýdrat [2] perbórsýru ($HBO(O_2)$), natríumsalt, mónóhýdrat [3] natríumperoxóbórat [4] natríumperbórat [5].

— Álit frá 15. september 2022 um perbórsýru ($H_3BO_2(O_2)$), mónónatríumsalt, tríhýdrat [1] perbórsýru, natríumsalt, tetrahýdrat [2] perbórsýru ($HBO(O_2)$), natríumsalt, tetrahýdrat [3] natríumperoxóbórat, hexahýdrat [4].

— Álit frá 15. september 2022 um natríumperoxómetabórat.

— Álit frá 15. september 2022 um trímetýlbórat.

— Álit frá 15. september 2022 um etanþíól,

etýlmerkaptan.

— Álit frá 15. september 2022 um 1*H*-bensótríasól.

— Álit frá 15. september 2022 um metýl-1*H*-bensótríasól.

— Álit frá 15. september 2022 um *N,N′*-metýlendíakrýlamíð.

— Álit frá 15. september 2022 um natríum-3-(allýloxý)-2-hýdroxýprópansúlfónat.

— Álit frá 1. desember 2022 um *tert*-bútýl-2-etýlperoxýhexanóat.

— Álit frá 1. desember 2022 um *n*-hexan.

— Álit frá 1. desember 2022 um bífenýl-2-ól, 2-fenýlfenól, 2-hýdroxýbífenýl.

— Álit frá 1. desember 2022 um kopar [sértækur yfirborðsflötur > 0,67 mm^2/mg].

— Álit frá 1. desember 2022 um hvarfmassa 1,3-díoxan-5-óls og 1,3-díoxólan-4-ýlmetanóls.

— Álit frá 1. desember 2022 um 1,4-díklóró-2-nítróbensen.

— Álit frá 1. desember 2022 um 2,4-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [1] (1α,2α,5α)-2,5-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [2] 2,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [3] 3,5-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [4] 3,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [5] 4,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [6], hvarfmassa 3,5-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýðs og 2,4-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýðs [7] dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [8] dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [9] 1,2,4(eða 1,3,5)-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [10] 1,3,4-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [11] 2,2,4-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [12] 2,4,6-trímetýlsýklóhex-3-enkarbaldehýð [13] ísósýklósítral [14] 3,5,6-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [15] 4,6,6-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [16].

— Álit frá 1. desember 2022 um pýraklóstróbín (ISO), metýl-*N*-(2-{[1-(4-klórófenýl)-1*H*-pýrasól-3-ýl]oxýmetýl}-fenýl)-*N*-metoxýkarbamat.

— Álit frá 1. desember 2022 um díbensóýlperoxíð, bensóýlperoxíð.

— Álit frá 1. desember 2022 um fenprópidín (ISO), (*R*,S)-1-[3-(4-tert-bútýlfenýl)-2-metýlprópýl]píperidín.

3) Framkvæmdastjórninni bárust viðbótarupplýsingar frá hagsmunaaðilum sem véfengja vísindalegt mat sem sett var fram í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 18. mars 2022 um benþíavalíkarbísóprópýl, 2,3-epoxýprópýlneódekanat, marglaga pípur úr kolefni, hexýlsalisýlat, í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 2. júní 2022 um silfur í gegnheilu formi, silfurduft og silfur í nanóformi og í áliti áhættumatsnefndarinnar frá 1. desember 2022 um *n*-hexan og kopar. Framkvæmdastjórnin hefur metið viðbótarupplýsingarnar og ekki talið þær fullnægjandi til að rengja vísindalegu greiningarnar sem er að finna í álitum áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar.

4) Að því er varðar efnið koparflögur (húðaðar með alifatískri sýru) (skrárnúmer 029-019-01-X [3]) ætti að breyta færslunni um að efnið flokkist sem hættulegt fyrir vatnsumhverfi þannig að hún sé í samræmi við almennari færsluna fyrir kopar [sértækur yfirborðsflötur > 0,67 mm^2/mg] (skrárnúmer 029-026-00-0) sem er bætt við í viðaukann.

5) Að því er varðar efnið kornaðan kopar [4] (skrárnúmer 029-024-00-X) ætti að fella brott færsluna þar sem hún fellur undir almennari færsluna fyrir kopar [sértækur yfirborðsflötur > 0,67 mm^2/mg] (skrárnúmer 029-026-00-0) sem er bætt við í viðaukann.

[3] Sjá framangreint álit áhættumatsnefndarinnar frá 1. desember 2022 um kopar [sértækur yfirborðsflötur > 0,67 mm^2/mg].
[4] Á sama stað.

6) Matsgildi bráðra eiturhrifa eru aðallega notuð til að ákvarða flokkun fyrir bráð eiturhrif á heilbrigði manna af völdum blandna sem innihalda efni sem eru flokkuð með tilliti til bráðra eiturhrifa. Innfærsla samræmdra matsgilda bráðra eiturhrifa í færslurnar sem tilgreindar eru í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 auðveldar samræmingu flokkunar á blöndum og veitir eftirlitsyfirvöldum stuðning. Eftir frekara vísindalegt mat hefur matsgildi bráðra eiturhrifa við innöndun verið fengið fyrir fenprópidín (skrárnúmer 612-299-00-0) til viðbótar við þau sem eru lögð til í álitum áhættumatsnefndarinnar fyrir önnur efni. Færa ætti þetta matsgildi bráðra eiturhrifa inn í næstsíðasta dálkinn í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

7) Í stað færslnanna sem svara til skrárnúmeranna 005-017-00-7, 005-017-01-4, 005-018-00-2, 005-018-01-X, 005-019-00-8, 005-019-01-5 koma færslurnar fyrir perbórsýru, natríumsalt [1] perbórsýru, natríumsalt, mónóhýdrat [2] perbórsýru (HBO(O2)), natríumsalt, mónóhýdrat [3] natríumperoxóbórat [4] natríumperbórat [5] (skrárnúmer 005-022-00-4) fyrir perbórsýru (H3BO2(O2)), mónónatríumsalt, tríhýdrat [1] perbórsýru, natríumsalt, tetrahýdrat [2] perbórsýru (HBO(O2)), natríumsalt, tetrahýdrat [3] natríumperoxóbórat, hexahýdrat [4] (skrárnúmer 005-023-00-X) og fyrir natríumperoxómetabórat (skrárnúmer 005-024-00-5) og því ætti að fella þær brott.

8) Í ljósi álita áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar er viðeigandi að taka upp, uppfæra eða fella brott samræmda flokkun og merkingu efnanna sem um er að ræða á grundvelli matsins í þeim álitum og í kjölfar frekari mata.

9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.

10) Ekki ætti að gera þá kröfu að farið sé að nýju eða uppfærðu samræmdu flokkuninni þegar í stað þar eð nauðsynlegt er að veita birgjum tiltekinn frest til að laga merkingar og pökkun efna og blandna að nýju eða uppfærðu flokkuninni og selja fyrirliggjandi birgðir, með fyrirvara um gildandi kröfur samkvæmt reglum. Þessi frestur er einnig nauðsynlegur til að veita birgjum nægan tíma til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja áframhaldandi samræmi við önnur lagaskilyrði sem fylgja þeim breytingum sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð. Þó ætti að gefa birgjum kost á því að beita nýrri eða uppfærðri samræmdri flokkun og að aðlaga merkingar og pökkun til samræmis við það að eigin frumkvæði áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda til að tryggja öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og fyrir umhverfið og til að veita birgjum nægan sveigjanleika.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2026. Frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar er þó heimilt að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1272/2008, eins og henni var breytt með þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslur eru felldar inn í samræmi við samfellda niðurröðun skrárnúmeranna sem samsvara hverri færslu:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„005-022-00-4	perbórsýra, natríumsalt [1] perbórsýra, natríumsalt, mónóhýdrat [2] perbórsýra ($HBO(O_2)$), natríumsalt, mónóhýdrat [3] natríumperoxóbórat [4] natríumperbórat [5]	234-390-0 [1] 234-390-0 [2] - [3] - [4] 239-172-9 [5]	11138-47-9 [1] 12040-72-1 [2] 10332-33-9 [3] - [4] 15120-21-5 [5]	Eldmynd. fast efni 3 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 Augnsk. 1	H272 H360FD H331 H302 H335 H318	HSK03 HSK08 HSK06 HSK05 Hætta	H272 H360FD H331 H302 H335 H318		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,75 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 890 mg/kg líkamsþyngdar Augnsk. 1; H318: C ≥ 22% Augnert. 2; H319: 14% ≤ C < 22%	11“
„005-023-00-X	perbórsýra ($H_3BO_2(O_2)$), mónónatríumsalttríhýdrat [1] perbórsýra, natríumsalt, tetrahýdrat [2] perbórsýra ($HBO(O_2)$), natríumsalt, tetrahýdrat [3] natríumperoxóbórat, hexahýdrat [4]	239-172-9 [1] 234-390-0 [2] - [3] - [4]	13517-20-9 [1] 37244-98-7 [2] 10486-00-7 [3] - [4]	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 SEM-VES 3 Augnsk. 1	H360FD H332 H335 H318	HSK08 HSK05 HSK07 Hætta	H360FD H332 H335 H318		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1,2 mg/L (ryk eða úði) Augnsk. 1; H318: C ≥ 36% Augnert. 2; H319: 22% ≤ C < 36%	11“

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„005-024-00-5	natríumperoxómetabórat	231-556-4	7632-04-4	Eldmynd. fast efni 2 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 Augnsk. 1	H272 H360FD H331 H302 H335 H318	HSK03 HSK08 HSK06 HSK05 Hætta	H272 H360FD H331 H302 H335 H318		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,62 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 730 mg/kg líkamsþyngdar Augnsk. 1; H318: C ≥ 22% Augnert. 2; H319: 14% ≤ C < 22%	11“
„006-104-00-2	marglaga pípur úr kolefni (pípulaga tilbúið grafít) með rúmfræðilegu þvermáli pípunnar á bilinu ≥ 30 nm til < 3 μm og lengd sem er ≥ 5 μm og myndhlutfallið er > 3:1, þ.m.t. marglaga nanópípur úr kolefni, MWC(N)T	—	—	Krabb. 1B SEM-EV 1	H350i H372 (lungu) (innöndun)	HSK08 Hætta	H350i H372 (lungu) (innöndun)		SEM-EV 1, H372: C ≥ 1%, SEM-EV 2, H373: 0,1% ≤ C < 1%“	
„029-026-00-0	kopar [sértækur yfirborðs-flötur > 0,67 mm^2/mg]	231-159-6	7440-50-8	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	HSK09 Varúð	H410		M = 10 M = 1“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„047-004-00-9	silfur í gegnheilu formi: [þvermál agna ≥ 1 mm]	231-131-3	7440-22-4	Eit. á æxl. 2 SEM-EV 2	H361f H373 (taugakerfi)	HSK08 Varúð	H361f H373 (taugakerfi)“			
„047-005-00-4	silfurduft: [þvermál agna > 100 nm < 1 mm]	231-131-3	7440-22-4	Eit. á æxl. 2 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361f H373 (taugakerfi) H400 H410	HSK08 HSK09 Varúð	H361f H373 (taugakerfi) H410		M = 10 M = 10“	
„047-006-00-X	silfur í nanóformi: [þvermál agna > 1 nm ≤ 100 nm]	231-131-3	7440-22-4	Eit. á æxl. 2 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361f H373 (taugakerfi) H400 H410	HSK08 HSK09 Varúð	H361f H373 (taugakerfi) H410		M = 1 000 M = 1 000“	
„603-247-00-8	hvarfmassi 1,3-díoxan-5-óls og 1,3-díoxólan-4-ýlmetanóls	—	—	Eit. á æxl. 1B	H360Df	HSK08 Hætta	H360Df“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„605-042-00-9	α-metýl-1,3-bensódíoxól-5-própíónaldehýð [1] (*S*)-α-metýl-1,3-bensódíoxól-5-própíónaldehýð, (2*S*)-3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýlprópanal [2] (*R*)-α-metýl-1,3-bensódíoxól-5-própíónaldehýð, (2*R*)-3-(1,3-bensódíoxól-5-ýl)-2-metýlprópanal [3]	214-881-6 [1] - [2] - [3]	1205-17-0 [1] 737776-68-0 [2] 737776-59-9 [3]	Húðnæm. 1B	H317	HSK07 Varúð	H317“			
„605-043-00-4	2,4-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [1] (1α,2α,5α)-2,5-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [2] 2,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [3] 3,5-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [4] 3,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [5] 4,6-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [6] hvarfmassi 3,5-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýðs og 2,4-dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýðs [7] dímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [8] dímetýlsýklóhex-3-en-1-	268-264-1 [1] 252-395-6 [2] - [3] 268-263-6 [4] 267-186-5 [5] 253-139-6 [6] - [7] 248-742-6 [8] 272-113-5 [9] 276-055-1 [10] - [11] - [12] 215-833-7 [13] 215-638-7 [14] 266-810-3 [15] - [16]	68039-49-6 [1] 35145-02-9 [2] 6975-94-6 [3] 68039-48-5 [4] 67801-65-4 [5] 36635-35-5 [6] - [7] 27939-60-2 [8] 68737-61-1 [9] 71832-78-5 [10] 40702-26-9 [11] 1726-47-2	Húðnæm. 1	H317	HSK07 Varúð	H317“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
	karbaldehýð [9] 1,2,4(eða 1,3,5)-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [10] 1,3,4-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [11] 2,2,4-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [12] 2,4,6-trímetýlsýklóhex-3-enkarbaldehýð [13] ísósýklósítral [14] 3,5,6-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [15] 4,6,6-trímetýlsýklóhex-3-en-1-karbaldehýð [16]		[12] 1423-46-7 [13] 1335-66-6 [14] 67634-07-5 [15] 6754-27-4 [16]							

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„606-156-00-1	asetónoxím	204-820-1	127-06-0	Krabb. 1B Bráð eit. 4 SEM-VES 3 SEM-EV 2 Augnsk. 1 Húðnæm. 1	H350 H312 H336 H373 (blóðkerfi) H318 H317	HSK08 HSK07 HSK05 Hætta	H350 H312 H336 H373 (blóðkerfi) H318 H317		um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1 100 mg/kg líkamsþyngdar“	
„606-157-00-7	(3*E*)-dek-3-en-2-ón	—	18402-84-1	Bráð eit. 4 Eit. v. ásvelg. 1 Húðert. 2 Langv. eit. á vatn. 2	H332 H304 H315 H411	HSK07 HSK08 HSK09 Hætta	H332 H304 H315 H411	EUH071	við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1,5 mg/L (ryk eða úði)“	
„606-158-00-2	2-(dímetýlamínó)-2-[(4-metýlfenýl)metýl]-1-[4-(morfólín-4-ýl)fenýl]bútan-1-ón	438-340-0	119344-86-4	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360Df H400 H410	HSK08 HSK09 Hætta	H360Df H410		M = 1 M = 1“	
„607-770-00-2	2,3-epoxýprópýlneódekanat	247-979-2	26761-45-5	Stökkbr. 2 Húðnæm. 1A	H341 H317	HSK08 HSK07 Varúð	H341 H317		Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,001%“	
„607-771-00-8	benþíavalíkarbísóprópýl (ISO), ísóprópýl [(*S*)-1-{[(*R*)-1-(6-flúoró-1,3-bensóþíasól-2-ýl)etýl]karbamóýl}-2-metýlprópýl]karbamat	—	177406-68-7	Krabb. 1B Eit. á æxl. 2 Húðnæm. 1 Langv. eit. á vatn. 2	H350 H361fd H317 H411	HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H350 H361fd H317 H411“			
„607-772-00-3	hexýlsalisýlat	228-408-6	6259-76-3	Eit. á æxl. 2 Húðnæm. 1	H361d H317	HSK08 HSK07 Varúð	H361d H317“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„607-773-00-9	7-oxabísýkló[4.1.0]hept-3-ýlmetýl-7-oxabísýkló[4.1.0]heptan-3-karboxýlat	219-207-4	2386-87-0	Stökkbr. 2 SEM-EV 2 Húðnæm. 1	H341 H373 (nefhol) H317	HSK08 HSK07 Varúð	H341 H373 (nefhol) H317“			
„607-774-00-4	tetranatríum-4-amínó-5-hýdroxý-3,6-bis[[4-[[2-(súlfónatóoxý)etýl]súlfónýl]asó]naftalín-2,7-dísúlfónat [1] Myndefni 4-amínó-5-hýdroxýnaftalen-2,7-dísúlfónsýru, tengd tvisvar við díasóað 2-[(4-amínófenýl)súlfónýl]etýl-vetnissúlfat, natríumsölt [2] dínatríum-4-amínó-5-hýdroxý-3,6-bis{[4-(vínýlsúlfónýl)fenýl]-díasenýl}naftalín-2,7-dísúlfónat [3]	241-164-5 [1] - [2] - [3]	17095-24-8 [1] - [2] 100556-82-9 [3]	Næm. öndunarf. 1A Húðnæm. 1	H334 H317	HSK08 Hætta	H334 H317“			
„607-775-00-X	natríum-3-(allýloxý)-2-hýdróxýprópansúlfónat	258-004-5	52556-42-0	Eit. á æxl. 1B Augnsk. 1	H360F H318	HSK08 HSK05 Hætta	H360F H318“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„609-074-00-4	1,4-díklóró-2-nítróbensen	201-923-3	89-61-2	Krabb. 1B	H350	HSK08 Hætta	H350“			
„611-182-00-1	2-[etýl[3-metýl-4-[5-nítróþíasól-2-ýl)asó]fenýl]amínó]etanól	271-183-4	68516-81-4	Húðnæm. 1A	H317	HSK07 Varúð	H317		Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,001%“	
„612-299-00-0	fenprópidín (ISO), (*R*,S)-1-[3-(4-tert-bútýlfenýl)-2-metýlprópýl]píperidín	—	67306-00-7	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 SEM-VES 3 SEM-EV 2 Húðert. 2 Augnsk. 1 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361d H332 H302 H335 H336 H373 (taugakerfi, augu, lungu) H315 H318 H317 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK05 HSK09 Hætta	H361d H332 H302 H335 H336 H373 (taugakerfi, augu, lungu) H315 H318 H317 H410		Innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1,2 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1 330 mg/kg líkamsþyngdar M = 1 000 M = 10 000“	
„613-350-00-X	1*H*-bensótríasól	202-394-1	95-14-7	Langv. eit. á vatn. 2	H411	HSK09 Varúð	H411“			
„613-351-00-5	metýl-1*H*-bensótríasól	249-596-6	29385-43-1	Langv. eit. á vatn. 2	H411	HSK09 Varúð	H411“			
„616-243-00-6	*N,N'*-metýlendíakrýlamíð	203-750-9	110-26-9	Stökkbr. 1B	H340	HSK08 Hætta	H340“			
„617-024-00-8	*tert*-bútýl-2-etýlperoxýhexanóat	221-110-7	3006-82-4	Eit. á æxl. 1B Húðnæm. 1	H360FD H317	HSK08 HSK07 Hætta	H360FD H317“			

2) Í stað færslnanna sem svara til skrárnúmeranna 005-005-00-1, 016-022-00-9, 016-094-00-1, 029-019-01-X, 601-037-00-0, 604-020-00-6, 605-001-00-5, 607-001-00-0, 607-043-00-X, 607-094-00-8, 607-198-00-3, 607-315-00-8, 607-432-00-4, 613-272-00-6, 616-127-00-5 og 617-008-00-0 koma eftirfarandi færslur, eftir því sem við á:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„005-005-00-1	trímetýlbórat	204-468-9	121-43-7	Eldf. vökvi 3 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4*	H226 H360FD H312	HSK02 HSK08 HSK07 Hætta	H226 H360FD H312			11“
„016-022-00-9	etanþíól, etýlmerkaptan	200-837-3	75-08-1	Eldf. vökvi 1 Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H224 H331 H302 H400 H410	HSK02 HSK06 HSK09 Hætta	H224 H331 H302 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 7,1 mg/L (gufa) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 680 mg/kg líkamsþyngdar“	
„016-094-00-1	brennisteinn	231-722-6	7704-34-9	Húðert. 2	H315	HSK07 Varúð	H315“			
„029-019-01-X	koparflögur (húðaðar með alifatískri sýru)			Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 Augnert. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H331 H302 H319 H400 H410	HSK06 HSK09 Hætta	H331 H302 H319 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,733 mg/l (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar M = 10 M = 1“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„601-037-00-0	n-hexan	203-777-6	110-54-3	Eldf. vökvi 2 Eit. á æxl. 2 Eit. v. ásvelg. 1 SEM-VES 3 SEM-EV 1 Húðert. 2 Langv. eit. á vatn. 2	H225 H361f*** H304 H336 H372 (taugakerfi) H315 H411	HSK02 HSK08 HSK07 HSK09 Hætta	H225 H361f*** H304 H336 H372 (taugakerfi) H315 H411“			
„604-020-00-6	bífenýl-2-ól, 2-fenýlfenól, 2-hýdroxýbífenýl	201-993-5	90-43-7	Krabb. 2 Húðæt. 1 Augnsk. 1 Húðnæm. 1B Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H314 H318 H317 H400 H410	HSK08 HSK05 HSK07 HSK09 Hætta	H351 H314 H317 H410		M = 1 M = 1“	
„605-001-00-5	formaldehýð ...%	200-001-8	50-00-0	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 4 Húðæt. 1B Húðnæm. 1A	H350 H341 H330 H302 H314 H317	HSK08 HSK06 HSK05 Hætta	H350 H341 H330 H302 H314 H317	EUH071	við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 100 ppmV (lofttegundir) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar SEM-VES 3, H335: C ≥ 5% Húðæt. 1B; H314: C ≥ 25% Húðert. 2; H315: 5% ≤ C < 25% Augnert. 2; H319: 5% ≤ C < 25%	B, D, F“

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„607-001-00-0	maurasýra … %	200-579-1	64-18-6	Eldf. vökvi 3 Málmæt. 1 Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 Húðæt. 1A Augnsk. 1	H226 H290 H331 H302 H314 H318	HSK02 HSK05 HSK06 Hætta	H226 H290 H331 H302 H314	EUH071	við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 7,4 mg/L (gufa) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar Eldf. vökvi 3; H226: C ≥ 85% Húðæt. 1A, H314: C ≥ 90% Húðæt. 1B, 314: 10% ≤ C < 90% Húðert. 2; H315: 2% ≤ C < 10% Augnsk. 1; H318: C ≥ 10% Augnert. 2; H319: 2% ≤ C < 10%	B“
„607-043-00-X	díkamba (ISO), 2,5-díklóró-6-metoxýbensósýra, 3,6-díklóró-2-metoxýbensósýra	217-635-6	1918-00-9	Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 SEM-VES 3 Augnsk. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 2	H332 H302 H335 H336 H318 H400 H411	HSK07 HSK05 HSK09 Hætta	H332 H302 H335 H336 H318 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 4,0 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1 500 mg/kg líkamsþyngdar M = 1“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„607-094-00-8	perediksýra ...%	201-186-8	79-21-0	Lífr. perox. D Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 3 Húðæt. 1A Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H242 H330 H310 H301 H314 H400 H410	HSK02 HSK06 HSK05 HSK09 Hætta	H242 H330 H310 H301 H314 H410	EUH071	við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,2 mg/L (ryk eða úði) um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 60 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 80 mg/kg líkamsþyngdar SEM-VES 3, H335: C ≥ 1% M = 10 M = 100	B, D, T“
„607-198-00-3	própýl-3,4,5-tríhýdroxýbensóat	204-498-2	121-79-9	Bráð eit. 4 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H302 H317 H400 H410	HSK07 HSK09 Varúð	H302 H317 H410		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 1 700 mg/kg líkamsþyngdar M = 1 M = 1“	
„607-315-00-8	glýfosat (ISO), *N*-(fosfónmetýl)glýsín	213-997-4	1071-83-6	Augnsk. 1 Langv. eit. á vatn. 2	H318 H411	HSK05 HSK09 Hætta	H318 H411“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„607-432-00-4	*S*-metólaklór (ISO), 2-klóró-*N*-(2-etýl-6-metýlfenýl)-*N*-[(2*S*)-1-metoxýprópan-2-ýl]asetamíð, (R_aS_a)-2-klóró-*N*-(6-etýl-o-tólýl)-*N*-[(1*S*)-2-metoxý-1-metýletýl]asetamíð [inniheldur 80–100% 2-klóró-*N*-(2-etýl-6-metýlfenýl)-*N*-[(2*S*)-1-metoxýprópan-2-ýl]asetamíð og 0–20% 2-klóró-*N*-(2-etýl-6-metýlfenýl)-*N*-[(2*R*)-1-metoxýprópan-2-ýl]asetamíð]	—	87392-12-9	Krabb. 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H317 H400 H410	HSK08 HSK07 HSK09 Varúð	H351 H317 H410	EUH066	M = 10 M = 10“	
„613-272-00-6	pýraklóstróbín (ISO), metýl-*N*-(2-{{1-(4-klórófenýl)-1*H*-pýrasól-3-ýl]oxýmetýl}fenýl)-*N*-metoxýkarbamat	—	175013-18-0	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 3 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 SEM-EV 2 Húðert. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361d H331 H302 H335 H373 (lifur, meltingarvegur, nefhol) H315 H400 H410	HSK08 HSK06 HSK09 Hætta	H361d H331 H302 H335 H373 (lifur, meltingarvegur, nefhol) H315 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,58 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 450 mg/kg líkamsþyngdar M = 100 M = 100“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„616-127-00-5	hvarfmassi *N,N′*-etan-1,2-díýlbis(dekanamíðs) og 12-hýdroxý-*N*-[2-[(1-oxódekýl)amínó]-etýl]-oktadekanamíðs og *N,N′*-etan-1,2-díýlbis(12-hýdroxýoktadekanamíðs) [1] hvarfmassi *N,N′*-etan-1,2-díýlbis(dekanamíðs) og 12-hýdroxý-*N*-[2-[(1-oxódekýl)amínó]-etýl]-oktadekanamíðs [2]	430-050-2 [1] - [2]	- [1] - [2]	Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H317 H400 H410	HSK07 HSK09 Varúð	H317 H410		M = 100 M = 10“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merkingar			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir hættumerki, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættusetningar		
„617-008-00-0	díbensóýlperoxíð, bensóýlperoxíð	202-327-6	94-36-0	Lífr. perox. B Augnert. 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H241 H319 H317 H400 H410	HSK01 HSK02 HSK07 HSK09 Hætta	H241 H319 H317 H410		M = 10 M = 10“	

3) Færslurnar sem svara til skrárnúmeranna 005-017-00-7, 005-017-01-4, 005-018-00-2, 005-018-01-X, 005-019-00-8, 005-019-01-5 og 029-024-00-X falla brott.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1696 **2025/EES/10/61**

frá 19. júní 2024

um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu asíbensólar-S-metýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu asíbensólar-S-metýli var endurnýjað með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389 ([2]).

2) Reglugerð (EB) nr. 1107/2009 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([3]) með því að innleiða nýjar viðmiðanir til að greina virk efni sem hafa innkirtlatruflandi eiginleika sem tóku gildi 10. nóvember 2018. Þetta útheimti að umsækjandinn átti að leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að því er varðar innkirtlatruflandi eiginleika asíbensólar-S-metýls.

3) Umsækjandinn lagði fram uppfærð málsskjöl sem og viðbótarupplýsingar í febrúar 2019.

4) Hinn 8. júlí 2021 birti Matvælaöryggisstofnunin ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu asíbensólar-S-metýli ([4]), í tengslum við gögnin til staðfestingar sem umsækjandinn hafði lagt fram, þar sem hún tilgreindi að ekki hafi verið unnt að ljúka mati á innkirtlatruflandi eiginleikum asíbensólar-S-metýls á grundvelli fyrirliggjandi gagna fyrir bæði menn og lífverur utan markhóps og tilgreindi frekari gögn sem voru nauðsynleg til að ljúka matinu.

5) Framkvæmdastjórnin setti því af stað mat á gildandi samþykki fyrir virka efninu í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Umsækjandinn var hvattur til að leggja fram, eigi síðar en í lok júní 2025, viðbótarupplýsingar sem voru nauðsynlegar til að meta hvort asíbensólar-S-metýl uppfyllti ennþá viðmiðanirnar fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í lið 3.6.5 í II. viðauka við þá reglugerð.

6) Hinn 8. september 2023 upplýsti umsækjandinn framkvæmdastjórnina um að frekari rannsóknum varðandi innkirtlatruflandi eiginleika asíbensólar-S-metýls hefði verið hætt og um þá ákvörðun sína um að flokka efnið sjálfur sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B (R1B) samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1696, 20.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389 frá 17. mars 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu asíbensólar-S-metýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2 (Stjtíð. ESB L 73, 18.3.2016, bls. 77, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2016/389/oj).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/605/oj).

([4]) „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance acibenzolar-S-methyl,“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(7), 6687. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2021.6687.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj).

7) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að viðmiðanir fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því telur framkvæmdastjórnin að asíbensólar-S-metýl uppfylli ekki lengur viðmiðanir fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í lið 3.6.5 í II viðauka við þá reglugerð.

8) Því er rétt að afturkalla samþykkið fyrir asíbensólar-S-metýli.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([6]) til samræmis við það og fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/389 úr gildi.

10) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda asíbensólar-S-metýl.

11) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda asíbensólar-S-metýl ætti sá frestur að vera eins stuttur og hægt er og ekki vara lengur en í 12 mánuði frá gildistökudegi þessarar reglugerðar.

12) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu nýrra umsókna um samþykki fyrir asíbensólar-S-metýli skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun samþykkis

Samþykki fyrir virka efninu asíbensólar-S-metýli er afturkallað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 98. lína, asíbensólar-S-metýl, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda asíbensólar-S-metýl sem virkt efni eigi síðar en 10. janúar 2025.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 10. júlí 2025.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

5. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/389 er felld úr gildi.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1718 **2025/EES/10/62**

frá 19. júní 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/617 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metalaxýli-M (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/617 ([2]) var samþykkið fyrir virka efninu metalaxýli-M endurnýjað og notkun á fræjum, sem eru meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda það, takmörkuð.

2) Samþykkið fyrir virka efninu metalaxýli-M, eins og sett er fram í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]), fól í sér hámarksgildi sem nemur 0,18 g/kg fyrir óhreinindin CGA226048 (2-[(2,6-dímetýlfenýl)-(2-metoxýasetýl)-amínó]-própansýra-1-metoxýkarbónýletýlestri) sem og takmörkun að því er varðar meðhöndlun á fræjum, þ.e. að notkun metalaxýls-M er takmörkuð við meðhöndlun á fræjum sem eru ætluð til sáningar í gróðurhúsum.

3) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði Syngenta Crop Protection AG umsókn fyrir tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Belgíu 17. júní 2020 um breytingu á skilyrðunum fyrir samþykki fyrir metalaxýlí-M til að fjarlægja takmörkunina varðandi sáningu fræja og til að uppfæra hámarksgildið fyrir óhreinindin CGA226048 sem þar kemur fram. Tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

4) Tilnefnt skýrslugjafaraðildarríki lagði mat á beiðnina um breytta notkun virka efnisins metalaxýls-M í tengslum við hugsanleg áhrif á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið, í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, og setti saman endurskoðaða matsskýrslu um endurnýjun sem var lögð fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 9. mars 2021.

5) Í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 dreifði Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu mats skýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkja til að fá athugasemdir þeirra og gerði hana aðgengilega almenningi. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 var farið fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjandanum. Belgía lagði mat á viðbótarupplýsingarnar og lagði endurskoðaða matsskýrslu um endurnýjun fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina í apríl 2023.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1718, 20.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar)

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/617 frá 5. maí 2020 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metalaxýli-M og að takmarka notkun á fræjum sem eru meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda það, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 6, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/617/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([4]), að því er varðar hvort búast megi við að breyttu skilyrðin fyrir samþykki fyrir virka efninu metalaxýli-M uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 14. ágúst 2023.

7) Framkvæmdastjórnin lagði viðbót við endurskoðunarskýrsluna um metalaxýl-M og drög að reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 22. maí 2024.

8) Umsækjanda var boðið að leggja fram athugasemdir við viðbótina við endurskoðunarskýrsluna.

9) Staðfest hefur verið að með hámarksgildi sem er lægra en 10 g/kg fyrir óhreinindin CGA226048 (2-[(2,6-dímetýlfenýl)-(2-metoxýasetýl)-amínó]-própansýra-1-metoxýkarbónýletýlestri) séu viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, uppfyllt. Því er rétt að uppfæra hámarksgildið fyrir þessi óhreinindi og að breyta skilyrðunum fyrir samþykki.

10) Að því er varðar takmörkunina varðandi sáningu fræja, í kjölfar niðurstöðu umsóknar um breytingu á skilyrðum fyrir samþykki, óskaði framkvæmdastjórnin eftir því við Matvælaöryggisstofnunina að hún endurskoðaði tiltekin atriði enn frekar og uppfærði áhættumatið. Þessari takmörkun er því sem stendur viðhaldið.

11) Enn fremur er nauðsynlegt að umsækjandinn leggi fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina frekari upplýsingar til staðfestingar varðandi áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa virka efnisins eða umbrotsefna þess í vatni sem er notað til töku drykkjarvatns.

12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/617 og (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/617

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/617 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Alvarez F., Arena M., Auteri D., Leite S. B., Binaglia M., Castoldi A. F., Chiusolo A., Colagiorgi A., Colas M., Crivellente F., De Lentdecker C., De Magistris I., Egsmose M., Fait G., Ferilli F., Gouliarmou V., Halling K., Nogareda L. H., Villamar-Bouza, L. (2023). „Peer review of the pesticide risk assessment of the active substance metalaxyl-M (amendment of approval conditions).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 21 10, 1-21, https://doi.org/10.2903/j.efsa.2023.8373.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/617 kemur eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Metalaxýl-M CAS-nr. 70630-17-0 (R) CIPAC-nr. 580	metýl-N-(metoxýasetýl)-N-(2,6-xýlýl)-DL-alanínat	≥ 920 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefna-fræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftir-farandi: 2,6-dímetýlfenýlamín: hámarksinnihald: 0,5 g/kg 4-metoxý-5-metýl-5H-[1,2]oxaþíól-2,2-díoxíð: hámarksinnihald: 1 g/kg 2-[(2,6-dímetýlfenýl)-(2-metoxýasetýl)-amínó]-própansýra-1-metoxýkar-bónýletýlestri: hámarksinnihald < 10 g/kg	1. júní 2020	31. maí 2035	Þegar efnið er notað í fræmeðhöndlun má eingöngu leyfa meðhöndlun á fræjum sem eru ætluð til sáningar í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metalaxýl-M, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara, — vernd notenda og starfsmanna til að tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd liðdýra utan markhóps, fugla og spendýra. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina uppfært mat á framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar til að staðfesta að innkirtlatruflandi eiginleikar séu ekki fyrir hendi í samræmi við liði 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605, fyrir 26. maí 2022.

					Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni fyrir 10. júlí 2026.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

II. VIÐAUKI

Í stað línu 140, metalaxýl-M, í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„140	Metalaxýl-M CAS-nr. 70630-17-0 (R) CIPAC-nr. 580	metýl-N-(metoxýasetýl)-N-(2,6-xýlýl)-DL-alanínat	≥ 920 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru varasöm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: 2,6-dímetýlfenýlamín: hámarksinnihald: 0,5 g/kg 4-metoxý-5-metýl-5H-[1,2] oxaþíól-2,2-díoxíð: hámarksinnihald: 1 g/kg 2-[(2,6-dímetýlfenýl)-(2-metoxýasetýl)-amínó]-própansýra-1-metoxýkarbónýletýlestri: hámarksinnihald < 10 g/kg	1. júní 2020	31. maí 2035	Þegar efnið er notað í fræmeðhöndlun má eingöngu leyfa meðhöndlun á fræjum sem eru ætluð til sáningar í gróðurhúsum. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metalaxýl-M, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — forskrift fyrir tæknilega efnið sem framleitt er sem verslunarvara, — vernd notenda og starfsmanna til að tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun á fullnægjandi persónuhlífum eftir því sem við á, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd liðdýra utan markhóps, fugla og spendýra. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

						Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina uppfært mat á framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar til að staðfesta að innkirtlatruflandi eiginleikar séu ekki fyrir hendi í samræmi við liði 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605, fyrir 26. maí 2022. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni fyrir 10. júlí 2026.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1892 **2025/EES/10/63**

frá 10. júlí 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amísúlbróm, S-absisínsýru, þíenkarbasón og valífenalat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 193/2014 ([2]) var virka efnið amísúlbróm samþykkt til 30. júní 2024. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 151/2014 ([3]) var virka efnið S-absisínsýra samþykkt til 30. júní 2024. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 145/2014 ([4]) var virka efnið þíenkarbasón samþykkt til 30. júní 2024. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 144/2014 ([5]) var virka efnið valífenalat samþykkt til 30. júní 2024.

2) Virku efnin amísúlbróm, S-absisínsýra, þíenkarbasón og valífenalat eru tilgreind í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([6]).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin amísúlbróm, S-absisínsýru, þíenkarbasón og valífenalat framlengt til 30. september 2024.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1892, 11.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 193/2014 frá 27. febrúar 2014 um samþykki fyrir virka efninu amísúlbrómi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 59, 28.2.2014, bls. 25, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/193/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 151/2014 frá 18. febrúar 2014 um samþykki fyrir virka efninu S-absisínsýru, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 48, 19.2.2014, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/151/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 145/2014 frá 14. febrúar 2014 um samþykki fyrir virka efninu þíenkarbasóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 45, 15.2.2014, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/145/oj)

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 144/2014 frá 14. febrúar 2014 um samþykki fyrir virka efninu valífenalati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 45, 15.2.2014, bls. 7, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2014/144/oj).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 frá 8. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 1,4-dímetýlnaftalín, 6-bensýladenín, asekínósýl, *Adoxophyes orana*-kyrningaveiru, álsúlfat, amísúlbróm, *Aureobasidium pullulans* (stofnum DSM 14940 og DSM 14941), asadíraktín, *Bacillus pumilus* QST 2808, benalaxýl-M, bixafen, búpírímat, *Candida oleophila* af stofni O, klórantranilípról, dínatríumfosfónat, díþíanón, dódín, emamektín, flúbendíamíð, flúómetúrón, flúxapýroxað, flútríafól, hexýþíasox, ímasamox, ipkónasól, ísoxaben, L-askorbínsýru, brennisteinskalk, appelsínuolíu, *Paecilomyces fumosoroseus* af stofni FE 9901, pendímetalín, penflúfen, penþíópýrað, kalsíumfosfónat, prósúlfúrón, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýridalýl, pýríófenón, pýroxsúlam, kínmerak, S-absisínsýru, sedaxan, sintófen, natríumsilfurþíósúlfat, spínetóram, spírótetramat, *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, táflúvalínat, tebúfenósíð, tembótríón, þíenkarbasón, valífenalat og sinkfosfíð (Stjtíð. ESB L 414, 9.12.2020, bls. 10, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2007/oj).

4) Umsóknir og viðbótarmálsskjöl fyrir endurnýjun á samþykki fyrir hverju þessara virku efna voru lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/1740 ([8]) þremur árum fyrir framlengdu lokadagsetninguna fyrir virku efnin. Skýrslugjafaraðildarríkin fyrir amísúlbróm, S-absisínsýru, þíenkarbasón og valífenalat, eftir því sem við á, upplýstu framkvæmdastjórnina um það 3. maí 2023, 11. apríl 2022, 28. júní 2022 og 4. júlí 2022 að þau hefðu athugað lögmæti hverrar umsóknar fyrir sig, einkum heildstæðnina og tímanleikann, og komist að þeirri niðurstöðu að þær væru tækar.

5) Að því er varðar virku efnin þíenkarbasón og valífenalat hafa viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki enn ekki lokið áhættumati skv. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740.

6) Að því er varðar virku efnin amísúlbróm og S-absisínsýru þarf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) meiri tíma til að komast að niðurstöðu sem útheimtir, eftir því sem við á, samráð við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin þarf meiri tíma til að samþykkja ákvörðun um áhættustjórnun í kjölfarið.

7) Því er líklegt að ekki sé unnt að taka ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum áður en viðkomandi samþykkistímabil þeirra renna út 30. september 2024 og þar eð viðkomandi umsækjendur ráða ekki við ástæður fyrir töfunum á málsmeðferðarreglum er varða endurnýjun ætti að framlengja samþykkistímabilin fyrir þessi virku efni til að gera það kleift að ljúka mötum sem krafist er og ljúka viðkomandi málsmeðferð við endurnýjun á samþykki.

8) Að því er varðar virku efnin þíenkarbasón og valífenalat, þar eð viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki hafa enn ekki lokið áhættumati og í ljósi þess tíma sem þarf til að ljúka þeim skrefum sem eftir eru í hverri málsmeðferð við endurnýjun, ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabilum við 29 mánuði.

9) Að því er varðar virku efnin amísúlbróm og S-absisínsýru, þar eð Matvælaöryggisstofnunin þarf meiri tíma til að komast að niðurstöðu um áhættumat á þeim, ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabili fyrir þessi virku efni við 23 mánuði og tvær vikur.

10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Ef framkvæmdastjórnin samþykkir reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma við gildistökudag þeirrar reglugerðar eða sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir samþykkt þessarar reglugerðar, ef sá dagur er síðar. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun samþykkis fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er, eins og við á með tilliti til aðstæðna.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/1740/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 65, S-absisínsýra, kemur „15. september 2026“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 69, amísúlbróm, kemur „15. september 2026“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 70, valífenalat, kemur „1. mars 2027“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 71, þíenkarbasón, kemur „1. mars 2027“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1487 2025/EES/10/64

frá 29. maí 2024

um að skilgreina gagnakröfur vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og um að koma á vinnuáætlun um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru á markaðnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 3. mgr. 25. gr. og 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 er kveðið á um að veita skuli samþykki fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum þegar viðmiðanir fyrir samþykki fyrir virkum efnum, sem mælt er fyrir um í 4. gr. þeirrar reglugerðar, eru uppfylltar. Enn fremur er í 2. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um að almennu reglurnar sem gilda um málsmeðferð við samþykki fyrir virkum efnum, eða endurnýjun þess, sem sett er fram í 5. til 21. gr. þeirrar reglugerðar gildi einnig um eiturdeyfa og samverkandi efni. Að auki er í 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um að skilgreina ætti svipaðar kröfur um gögn vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og þær sem gilda um samþykki fyrir virkum efnum.

2) Að auki og eins og krafist er skv. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að koma á vinnuáætlun um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru þegar á markaðnum. Til að tryggja samræmingu við undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ættu þessar málsmeðferðarreglur að gera það kleift að endurskoða þessa eiturdeyfa og þessi samverkandi efni innan 5 ára frá samþykkt þeirrar vinnuáætlunar.

3) Til að tryggja að hægt sé að endurskoða alla eiturdeyfa og samverkandi efni sem eru þegar á markaðnum þykir rétt að taka fyrst saman skrá yfir eiturdeyfa og samverkandi efni sem þegar eru á markaðnum, fastsetja málsmeðferðarreglur fyrir hugsanlega umsækjendur til að tilkynna að þeir hafi áhuga á að leggja fram umsóknir um samþykki fyrir þessum eiturdeyfum og samverkandi efnum, frest fyrir framlagningu slíkra umsókna og málsmeðferðarreglur um mat á lögmæti umsókna.

4) Til að tryggja samfellu við sérstök skilyrði varðandi vísindaleg möt sem voru fastsett samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([2]) þykir rétt að gera ráð fyrir svipuðum ákvæðum fyrir eiturdeyfa og samverkandi efni. Af þessum sökum ætti að setja reglur þar sem ferlinu við framlagningu sameiginlegra umsókna er lýst nánar og tilgreindar málsmeðferðarreglur varðandi samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fyrir framlagningu, að því er varðar fyrirhugaðar prófanir og rannsóknir sem miða að því að tryggja samþykki fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum, ásamt tilkynningum sem krafist er varðandi rannsóknir sem tilvonandi umsækjendur hefja eða takast á hendur til að færa rök fyrir umsóknum sínum.

5) Í því skyni að halda prófunum á dýrum í lágmarki ættu umsækjendur, þegar mögulegt er, að gera ráðstafanir til að komast hjá prófunum á dýrum og upplýsa Matvælaöryggisstofnunarina um það, sem hluta af tilkynningu þeirra um rannsóknir sem þeir hafa látið framkvæma eða framkvæmt, ef staðgönguaðferðir við prófanir voru notaðar í einhverri rannsókn sem þeir framkvæmdu eða létu framkvæma.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1487, 30.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/2022-11-21.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj).

6) Til að tryggja viðeigandi meðferð á samnýtingu gagna og til að vernda réttindi og hagsmuni umsækjenda og annarra hagsmunaaðila með tilliti til almenns aðgangs að upplýsingum er nauðsynlegt að beita reglunum um gagnavernd og trúnaðarkvöð, sem voru fastsettar í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, um vinnuáætlunina. Í samræmi við meginreglurnar um gagnavernd og trúnaðarkvöð sem er lýst í þeirri reglugerð ætti að gera ráðstafanir til að vernda upplýsingar sem umsækjendur leggja fram þegar vinnuáætluninni er komið á og komið í framkvæmd.

7) Skilgreina ætti svipaðar kröfur um gögn og þær sem gilda um samþykki fyrir virkum efnum fyrir samþykki fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum. Til viðbótar við gagnakröfur sem gilda um samþykki fyrir virkum efnum ætti að gera kröfu um tiltekin viðbótargögn, einkum í tengslum við að sýna fram á verkun eiturdeyfa og samverkandi efna.

8) Í ljósi efnislegra tengsla milli valdheimilda í 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar að skilgreina kröfur um gögn vegna samþykkis fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum og í 26. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar að koma á vinnuáætlun um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru þegar á markaðnum, einkum gildissvið sömu krafna um gögn, þykir rétt að mæla fyrir um þessar reglur sameiginlega í sömu lagagerð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

EFNI

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á:

a) vinnuáætluninni um endurskoðun í áföngum á þeim eiturdeyfum og samverkandi efnum sem eru þegar notuð í plöntuverndarvörur 19. júní 2024 og málsmeðferðarreglur sem tengjast þeirri áætlun,

b) kröfum um gögn sem umsókn um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni þarf að uppfylla.

2. KAFLI

VINNUÁÆTLUN UM ENDURSKOÐUN Í ÁFÖNGUM Á EITURDEYFUM OG SAMVERKANDI EFNUM SEM ERU ÞEGAR Á MARKAÐNUM, SKRÁ YFIR ÞAU OG MÁLSMEÐFERÐARREGLUM VARÐANDI ENDURSKOÐUN Á ÞEIM Í ÁFÖNGUM KOMIÐ Á

2. gr.

Vinnuáætluninni komið á

Vinnuáætluninni um endurskoðun í áföngum á eiturdeyfum og samverkandi efnum, sem eru þegar notuð í plöntuverndarvörur 19. júní 2024, sem sett er fram í I. viðauka er hér með komið á.

3. gr.

Skrá yfir eiturdeyfa og samverkandi efni sem eru þegar á markaðinum

1. Eigi síðar en 19. júlí 2024 skal framkvæmdastjórnin birta, með rafrænum hætti og þannig að almenningur hafi aðgang að henni, skrá yfir öll efni eða blöndur sem framkvæmdastjórninni er kunnugt um að séu notuð sem eiturdeyfar eða samverkandi efni í a.m.k. eina plöntuverndarvöru sem var leyft að setja á markað í a.m.k. einu aðildarríki 19. júní 2024.

2. Eigi síðar en 19. desember 2024 getur sérhver hagsmunaaðili lagt fram tilkynningu um fleiri efni eða blöndur sem eru hugsanlega notaðar sem eiturdeyfar eða samverkandi efni í plöntuverndarvörur sem var leyft að setja á markað í a.m.k. einu aðildarríki 19. júní 2024.

3. Tilkynningin sem um getur í 2. mgr. skal innihalda upplýsingarnar sem um getur í liðum 1.3, 1.4, 1.6 og 1.7 í A-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 283/2013 ([3]) og sönnun fyrir því að tilkynnta efnið eða blandan sé notuð sem eiturdeyfir eða samverkandi efni í a.m.k. eina plöntuverndarvöru sem er leyfð í a.m.k. einu aðildarríki.

Tilkynningin skal send rafrænt til framkvæmdastjórnarinnar á eftirfarandi netfang: sante-secteur-ppp@ec.europa.eu.

4. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjum og Matvælaöryggisstofnuninni í té samantekt á tilkynningum sem berast.

Aðildarríki og Matvælaöryggisstofnunin geta komið athugasemdum sínum til framkvæmdastjórnarinnar innan tveggja mánaða frá þeim degi þegar upplýsingarnar bárust frá framkvæmdastjórninni.

5. Eigi síðar en 19. mars 2025 skal framkvæmdastjórnin uppfæra skrána sem um getur í 1. mgr. að teknu tilliti til eiturdeyfa og samverkandi efna í plöntuverndarvörum sem var leyft að setja á markað í aðildarríkjum 19. júní 2024.

4. gr.

Beiðni um innfærslu í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum

1. Sérhver hagsmunaaðili sem óskar eftir að leggja fram umsókn, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni sem er með í skránni sem um getur í 1. mgr. 3. gr. getur lagt fram beiðni um innfærslu viðkomandi eiturdeyfis eða samverkandi efnis í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum eigi síðar en 19. júní 2025.

Tilkynningin skal send rafrænt til framkvæmdastjórnarinnar á eftirfarandi netfang: sante-secteur-ppp@ec.europa.eu, og skal innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í II. viðauka.

2. Innan eins mánaðar frá móttöku beiðni um innfærslu eiturdeyfis eða samverkandi efnis í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum skal framkvæmdastjórnin tilgreina í skránni sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar að beiðni skv. 1. mgr. þessarar greinar hafi verið lögð fram fyrir viðkomandi efni eða blöndu. Hún skal einnig upplýsa þá aðila sem óska eftir innfærslu eiturdeyfis eða samverkandi efnis í endurskoðunina í áföngum um samskiptaupplýsingar annarra aðila sem hafa óskað eftir innfærslu sama eiturdeyfis eða samverkandi efnis í endurskoðunina.

5. gr.

Þegar eiturdeyfir eða samverkandi efni er ekki fært inn í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum

Ef engin beiðni berst um innfærslu á eiturdeyfi eða samverkandi efni, sem er skráð í skrána sem um getur í 1. mgr. 3. gr., í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum innan frestsins sem er settur fram í 1. mgr. 4. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun þar sem fram kemur að viðkomandi eiturdeyfir eða samverkandi efni sé ekki með í vinnuáætluninni um endurskoðun í áföngum.

6. gr.

Samþykkt vinnuáætlunarinnar

1. Frá og með 19. júlí 2025, að því er varðar sérhvert efni eða blöndu sem framkvæmdastjórnin hefur tilgreint í skránni yfir eiturdeyfa og samverkandi efni, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., að beiðni hafi borist um innfærslu á í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum, skal litið svo á að aðilinn eða aðilarnir sem óska eftir innfærslu eiturdeyfis eða samverkandi efnis, hver um sig eða í sameiningu, sé umsækjandinn um samþykki fyrir þeim eiturdeyfi eða því samverkandi efni í skilningi 7. til 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Eigi síðar en 19. desember 2025 skal framkvæmdastjórnin samþykkja vinnuáætlunina, í kjölfar samráðs við aðildarríkin, með því að breyta I. viðauka við þessa reglugerð, tilgreina eiturdeyfana og samverkandi efnin sem eru með í vinnuáætluninni og tilnefna skýrslugjafaraðildarríki og meðskýrslugjafaraðildarríki fyrir hvert og eitt þeirra.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 283/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi virk efni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/283/oj).

7. gr.

Samnýting gagna, tilkynning um fyrirhugaðar rannsóknir og ráðgjöf fyrir framlagningu

1. Umsækjendur um samþykki fyrir sama eiturdeyfi eða samverkandi efni skulu kosta kapps um að leggja fram sameiginlega umsókn eða samnýta viðeigandi vísindagögn.

2. Eftir breytinguna á I. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við 2. mgr. 6. gr., skulu umsækjendur um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni án tafar tilkynna Matvælaöryggisstofnuninni, í samræmi við 2. mgr. 32. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 178/2002, um heiti og umfang sérhverrar rannsóknar sem þeir láta framkvæma eða framkvæma til stuðnings umsókn um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni sem og um rannsóknarstofu eða prófunarstöð sem framkvæmir þessa rannsókn og um upphafsdag hennar og fyrirhugaðan lokadag.

Umsækjendur um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni skulu, þegar mögulegt er, gera ráðstafanir til að halda prófunum á dýrum í lágmarki. Umsækjendur skulu, sem hluti af tilkynningarferlinu sem getið er í ofangreindri undirgrein, upplýsa Matvælaöryggisstofnunina um það ef staðgönguaðferðir við prófanir voru notaðar í einhverri rannsókn sem þeir framkvæmdu eða létu framkvæma. Tilkynningin skal innihalda upplýsingar um staðgönguaðferðir sem voru notaðar og rökstuðning fyrir notkun þeirra.

3. Umsækjendur um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni geta, í samræmi við 1. mgr. 32. gr. a í reglugerð (EB) nr. 178/2002, óskað eftir ráðgjöf fyrir framlagningu frá Matvælaöryggisstofnuninni þangað til fullkláruð umsókn þeirra er lögð fram. Matvælaöryggisstofnunin skal upplýsa skýrslugjafaraðildarríkið um beiðnina og þau skulu veita almenna ráðgjöf sameiginlega.

8. gr.

Framlagning og innihald umsóknar um samþykki fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum í vinnuáætluninni um endurskoðun í áföngum

1. Eigi síðar en 19. júní 2028 skulu umsækjendur um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni, hver um sig eða í sameiningu, leggja umsókn um samþykki fyrir eiturdeyfum eða samverkandi efnum fyrir skýrslugjafaraðildarríkið. Umsóknin skal vera á stöðluðu gagnasniði samræmda alþjóðlega íðefnagagnagrunnsins (IUCLID) og lögð fram gegnum miðlæga framlagningarkerfið eins og tilgreint er í 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 ([4]).

2. Umsóknin skal innihalda þau gögn sem er krafist fyrir eiturdeyfa og samverkandi efni eins og sett er fram í 11. gr.

9. gr.

Málsmeðferð við mat á því hvort umsóknir varðandi eiturdeyfa og samverkandi efni eru tækar í vinnuáætlunina um endurskoðun í áföngum

1. Skýrslugjafaraðildarríkið skal líta svo á að umsókn sé tæk ef hún uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir:

a) hún var lögð fram fyrir tilgreinda dagsetningu, í samræmi við sniðið og með því að nota miðlæga framlagningarkerfið sem um getur í 1. mgr. 8. gr.,

b) hún inniheldur alla þá þætti sem eru settir fram í 11. gr.,

c) hún inniheldur allar rannsóknir, í heild sinni, sem áður hefur verið tilkynnt um í samræmi við 32. gr. b í reglugerð (EB) nr. 178/2002,

d) viðeigandi þóknun sem skýrslugjafaraðildarríkið ákvarðaði í samræmi við 74. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 hefur verið greidd.

2. Innan 45 daga frá dagsetningunni sem er tilgreind í 1. mgr. 8. gr. skal skýrslugjafaraðildarríkið upplýsa umsækjandann, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina um viðtökudag umsóknar og um lögmæti hennar.

3. Ef umsókn er ekki lögð fram fyrir dagsetninguna sem er sett fram í 1. mgr. 8. gr. skal skýrslugjafaraðildarríkið tafarlaust upplýsa umsækjandann, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina, önnur aðildarríki og Matvælaöryggisstofnunina um að umsóknin teljist ótæk vegna þess að fresturinn var liðinn.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/1740/oj).

4. Ef umsókn er lögð fram fyrir dagsetninguna sem er sett fram í 1. mgr. 8. gr. en uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem eru settar fram í b- eða d-lið 1. mgr. skal skýrslugjafaraðildarríkið, innan eins mánaðar frá viðtökudegi umsóknarinnar, tilkynna umsækjandanum um þá tilteknu þætti sem vantar og veita 14 daga frest til að leggja fram þættina sem vantar gegnum miðlæga framlagningarkerfið sem um getur í 1. mgr. 8. gr.

5. Ef umsókn er lögð fram fyrir dagsetninguna sem er sett fram í 1. mgr. 8. gr. en umsóknin uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í c-lið 1. mgr. skal skýrslugjafaraðildarríkið, í samvinnu við Matvælaöryggisstofnunina, upplýsa umsækjandann um það innan eins mánaðar frá viðtökudegi umsóknarinnar. Umsækjanda skal veittur 14 daga frestur til að leggja fram gildan rökstuðning fyrir því að viðmiðanirnar voru ekki uppfylltar.

6. Ef þættirnir sem vantar sem um getur í 4. mgr., eða gildur rökstuðningur sem um getur í 5. mgr., eru ekki lagðir fram innan 14 daga frestsins skal umsóknin teljast ótæk og ákvæði 5. mgr. 32. gr. b í reglugerð (EB) nr. 178/2002 skulu gilda.

7. Ef umsókn er ekki lögmæt skal skýrslugjafaraðildarríkið tafarlaust upplýsa umsækjandann, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina, önnur aðildarríki og Matvælaöryggisstofnunina um að hún teljist vera ótæk og um ástæðurnar fyrir því.

8. Mat á lögmæti endurframlagðrar umsóknar skal ekki hefjast fyrr en 6 mánaða tímabilinu er lokið, sem getið er í 5. mgr. 32. gr. b í reglugerð (EB) nr. 178/2002, eftir að tilkynnt hefur verið um viðeigandi rannsóknir og/eða framlagningu á rannsóknum, eftir því sem við á.

10. gr.

Gagnavernd og trúnaðarkvöð

1. Þegar prófunar- og rannsóknarskýrslur eru lagðar fram sem hluti af umsókn um leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur eiturdeyfi eða samverkandi efni getur umsækjandinn krafist gagnaverndar skv. 3. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 gilda.

2. Við framlagningu umsóknar um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni geta umsækjendur lagt fram beiðni skv. 1. mgr. 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 um að farið verði með tilteknar upplýsingar, þ.m.t. tiltekna hluta af málsskjölunum, sem trúnaðarmál og skulu tilgreina þá útgáfu af framlögðu upplýsingunum sem trúnaður ríkir um og þá útgáfu sem trúnaður ríkir ekki um.

Ákvæði 2. mgr., 2. mgr. a, 2. mgr. b og 3. mgr. 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 gilda.

3. KAFLI

SKILGREINING Á GAGNAKRÖFUM FYRIR EITURDEYFA OG SAMVERKANDI EFNI

11. gr.

Gagnakröfur fyrir eiturdeyfa og samverkandi efni

Til viðbótar við gagnakröfurnar sem eru settar fram í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skal umsókn um samþykki fyrir eiturdeyfum eða samverkandi efni innihalda:

a) þau gögn sem er krafist fyrir virk efni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 283/2013 og viðbótargögnin sem eru tilgreind í III. viðauka við þessa reglugerð,

b) þau gögn sem er krafist fyrir plöntuverndarvörur samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 ([5]) og viðbótargögnin sem eru tilgreind í III. viðauka við þessa reglugerð,

c) ef við á, auðkenningu á og tillögu um skilgreiningu á efnaleifum með tilliti til áhættumats,

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 85, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2013/284/oj).

d) ef við á, tillögu um flokkun í einn eða fleiri hættuflokka í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([6]),

e) ef við á, rökstuðning fyrir hvers konar misbrestum við eftirlit með fullgildingaraðstoðinni í samræmda alþjóðlega íðefnagagnagrunninum (e. *IUCLID Validation Assistant*),

f) samantektir og niðurstöður úr vísindalegum, ritrýndum, aðgengilegum heimildum, eins og um getur í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,

g) mat á öllum framlögðum upplýsingum sem byggist á nýjustu vísinda- og tækniþekkingu,

h) auðkenningu á og tillögu um allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu,

i) allar upplýsingar sem skipta máli í tengslum við tilkynningu um rannsóknirnar sem krafist er í samræmi við 32. gr. b í reglugerð (EB) nr. 178/2002.

4. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/oj).

I. VIÐAUKI

Skrá yfir eiturdeyfa og samverkandi efni sem eru með í vinnuáætluninni um endurskoðun í áföngum eins og um getur í 2. mgr. 6. gr.

Eiturdeyfar	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Samverkandi efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki

II. VIÐAUKI

Innihald tilkynningar um áhuga á að sækja um samþykki fyrir eiturdeyfi eða samverkandi efni eins og um getur í 1. mgr. 4. gr.

1. **Auðkennisgögn um tilkynningaraðila:**

1.1. framleiðandi efnisins (heiti, heimilisfang, þ.m.t. staðsetning verksmiðju),

1.2. fyrirtæki sem tilkynnir (heiti, heimilisfang o.s.frv.) (ef annað en í 1.1):

1.2.1. kemur fram sem eini fulltrúinn sem framleiðandinn hefur tilnefnt?: Já/Nei.

1.3. Auðkenning tengiliðar sem ber ábyrgð á tilkynningunni og frekari samskiptum:

1.3.1. Heiti.

1.3.1.1. Póstfang.

1.3.1.2. Tölvupóstfang.

1.3.1.3. Aðalsímanúmer.

1.3.1.4. Annað símanúmer.

2. **Auðkenning eiturdeyfis eða samverkandi efnis**

2.1. heiti eiturdeyfis eða samverkandi efnis,

2.2. CAS-númer eiturdeyfis eða samverkandi efnis,

2.3. EB-númer eiturdeyfis eða samverkandi efnis.

III. VIÐAUKI

Viðbótarkröfur um gögn vegna framlagningar umsókna um samþykki fyrir eiturdeyfum og samverkandi efnum eins og um getur í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr.

1. Lýsing á fyrirhuguðum tilgangi með notkun á eiturdeyfinum eða samverkandi efninu og skammtastærð og notkunaraðferð eða tillögð notkun.

2. Mat á eðli og umfangi ávinnings sem fylgir tilvist eiturdeyfisins eða samverkandi efnisins eftir notkun á plöntuverndar vörunni, samanborið við ómeðhöndlað samanburðarsýni og samanborið við notkun á sömu plöntuverndarvöru sem inniheldur ekki eiturdeyfinn eða samverkandi efnið.

3. Samantekt á skýrslum um forprófanir, þ.m.t. rannsóknir í gróðurhúsum og á vettvangi, sem er notuð til að meta virkni eða skammtastærð fyrir eiturdeyfa eða samverkandi efni sem plöntuverndarvara inniheldur þegar lögbært yfirvald óskar eftir því. Þessar skýrslur skulu veita lögbærum yfirvöldum viðbótarupplýsingar til að rökstyðja ráðlagðan skammt af eiturdeyfi eða samverkandi efni og hlutföllin ef nokkrir eru notaðir.

4. Fullnægjandi upplýsingar til að gera það kleift að meta umfang, tímalengd og samkvæmni varna eða verndar eða annarra fyrirhugaðra áhrifa af plöntuverndarvörunni

4.1. Ef um er að ræða eiturdeyfa, eftirfarandi þrjár tegundir rannsókna:

a) rannsókn á áhrifum meðhöndlunar á dæmigerða notkun með plöntuverndarvöru sem inniheldur viðkomandi eiturdeyfi í tengslum við varnir fyrir markplönturnar og áhrif á meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir,

b) rannsókn á áhrifum meðhöndlunar á dæmigerða notkun með sömu plöntuverndarvöru án viðkomandi eiturdeyfis í tengslum við varnir fyrir markplönturnar og áhrif á meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir til að sanna að eiturdeyfirinn útiloki eða dragi úr eiturhrifum plöntuverndarvörunnar á plöntur,

c) rannsókn á áhrifum meðhöndlunar á dæmigerða notkun með sömu plöntuverndarvöru sem inniheldur viðkomandi eiturdeyfi en ekkert virkt efni til að sanna að eiturdeyfirinn hafi enga verkun einn og sér.

4.2. Ef um er að ræða samverkandi efni, eftirfarandi þrjár tegundir rannsókna:

a) rannsókn á áhrifum meðhöndlunar á dæmigerða notkun með plöntuverndarvöru sem inniheldur viðkomandi samverkandi efni í tengslum við varnir gegn marklífverunni og áhrif á meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir,

b) rannsókn á áhrifum meðhöndlunar á dæmigerða notkun með sömu plöntuverndarvöru án viðkomandi samverkandi efnis í tengslum við varnir gegn marklífverunni og áhrif á meðhöndlaðar plöntur eða plöntuafurðir til að sanna að samverkandi efnið auki verkun vörunnar gegn skaðvöldum sem er meðhöndlað gegn,

c) rannsókn á áhrifum meðhöndlunar á dæmigerða notkun með sömu plöntuverndarvöru sem inniheldur viðkomandi samverkandi efni en ekkert virkt efni til að sanna að samverkandi efnið hafi enga verkun eitt og sér.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/324 **2025/EES/10/65**

frá 19. janúar 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, brómúkónasól, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flúópýram, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekópróp-P, mepíkvat, metsúlfúrónmetýl, fosfan og pýraklóstróbín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]). Virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 og virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 sem efni sem ráðgert er að skipta út eru skráð í E-hluta þess viðauka.

2) Virku efnin brómúkónasól, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flútólaníl, mekópróp-P, mepíkvat og pýraklóstróbín eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011. Virku efnin flúópýram og fosfan eru skráð í B-hluta þessa viðauka og virku efnin bensóvindíflúpýr, lambda-sýhalótrín og metsúlfúrónmetýl eru skráð í E-hluta þessa viðauka.

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/114 ([4]) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin búprófesín, mekópróp-P og pýraklóstróbín framlengt til 31. janúar 2024, fyrir virku efnin flúasínam, flútólaníl og mepíkvat til 29. febrúar 2024, fyrir virka efnið bensóvindíflúpýr til 2. mars 2024 og fyrir virku efnin sýflúfenamíð, lambda-sýhalótrín, metsúlfúrónmetýl og fosfan til 31. mars 2024.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/670 ([5]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið brómúkónasól framlengt til 31. janúar 2024.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/324, 22.1.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/114 frá 16. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, búprófesín, sýflúfenamíð, flúasínam, flútólaníl, lambda-sýhalótrín, mekópróp-P, mepíkvat, metíram, metsúlfúrónmetýl, fosfan og pýraklóstróbín (Stjtíð. ESB L 15, 17.1. 2023, bls. 9, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/114/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/670 frá 30. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin brómúkónasól, búprófesín, haloxýfóp-P og naprópamíð (Stjtíð. ESB L 113, 3.5.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2018/670/oj).

5) Samþykkið fyrir virka efninu flúópýrami á að renna út 31. janúar 2024 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 802/2013 ([6]).

6) Umsóknir og viðbótarmálsskjöl fyrir endurnýjun á samþykki fyrir hverju þessara virku efna voru lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([7]). Viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki lýstu því yfir að allar þessar umsóknir væru tækar.

7) Að því er varðar virku efnin bensóvindíflúpýr, brómúkónasól, sýflúfenamíð, flúópýram, lambda-sýhalótrín og metsúlfúrónmetýl hafa viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki enn ekki lokið áhættumati skv. 11. gr. framkvæmdar-reglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

8) Að því er varðar virka efnið fosfan þarf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) meiri tíma til að komast að niðurstöðu sem útheimtir, eftir því sem við á, samráð við sérfræðinga. Enn fremur þarf framkvæmdastjórnin meiri tíma til að samþykkja ákvörðun um áhættustjórnun í kjölfarið.

9) Að því er varðar virka efnið flúasínam óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir framlagningu viðbótarupplýsinga, samkvæmt fyrstu undirgrein 3 mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með fresti til 17. desember 2023.

10) Að því er varðar virku efnin búprófesín, mepíkvat og pýraklóstróbín óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir framlagningu viðbótarupplýsinga, samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Umsækjendur lögðu þessar upplýsingar fram innan frestsins sem Matvælaöryggisstofnunin fastsetti. Þó er þörf á meiri tíma fyrir Matvælaöryggisstofnunina til að leggja mat á upplýsingarnar sem bárust og samþykkja niðurstöðu um hvort búast megi við að virku efnin uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki og fyrir framkvæmdastjórnina til að samþykkja ákvörðun um áhættustjórnun í kjölfarið.

11) Að því er varðar virku efnin flútólaníl og mekópróp-P lagði Matvælaöryggisstofnunin niðurstöður sínar fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin hóf umræður um þessi virku efni hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

12) Þar eð líklegt er að ekki sé unnt að taka ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum áður en viðkomandi samþykkistímabil þeirra renna út 31. janúar 2024, 29. febrúar 2024, 2. mars 2024 og 31. mars 2024 og viðkomandi umsækjendur ráða ekki við ástæður fyrir töfunum á málsmeðferðarreglum er varða endurnýjun ætti að framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin til að gera það kleift að ljúka mötum sem krafist er og ljúka reglunefndarmeðferð við ákvarðanatöku fyrir viðkomandi umsóknir um endurnýjun á samþykki.

13) Þar eð skýrslugjafaraðildarríkin hafa enn ekki lokið áhættumati og í ljósi þess tíma sem þarf til að ljúka þeim skrefum sem eftir eru í hverri málsmeðferð við endurnýjun ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabilum fyrir virku efnin brómúkónasól og sýflúfenamíð við 39 mánuði og fyrir virku efnin bensóvindíflúpýr, flúópýram, lambda-sýhalótrín, og metsúlfúrónmetýl við 29 mánuði.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 802/2013 frá 22. ágúst 2013 um samþykki fyrir virka efninu flúópýrami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 225, 23.8.2013, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/802/oj).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

14) Þar eð Matvælaöryggisstofnunin þarf meiri tíma til að komast að niðurstöðu um áhættumat á virka efninu fosfani sem útheimtir, eftir því sem við á, samráð við sérfræðinga, ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabili fyrir þetta virka efni við 23 mánuði og tvær vikur.

15) Þar eð Matvælaöryggisstofnunin óskaði eftir viðbótarupplýsingum að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 fyrir virka efnið flúasínam og í ljósi þess tíma sem þarf til að ljúka þeim skrefum sem eftir eru í málsmeðferð við endurnýjun ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabili fyrir þetta virka efni við 25 mánuði og tvær vikur.

16) Þar eð Matvælaöryggisstofnunin þarf meiri tíma til að meta viðbótarupplýsingarnar sem henni bárust að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og í ljósi þess tíma sem þarf til að ljúka þeim skrefum sem eftir eru í hverri málsmeðferð við endurnýjun ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabili fyrir virka efnið búprófesín við 22 mánuði og tvær vikur og fyrir virku efnin mepíkvat og pýraklóstróbín við nítján mánuði og tvær vikur.

17) Þar eð beðið er eftir áliti frá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður og í ljósi þess tíma sem þarf til að ljúka hverri málsmeðferð við endurnýjun ætti að fastsetja tímalengd framlengingar á samþykkistímabili fyrir virku efnin flútólaníl og mekópróp-P við 15 mánuði og tvær vikur.

18) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

19) Ef framkvæmdastjórnin samþykkir reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað, mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir samþykkt þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun samþykkis fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja, eins og við á með tilliti til aðstæðna, gildistökudag eins fljótt og unnt er.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:
   1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 57, mekópróp-P, kemur „15. maí 2025“.
   2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 81, pýraklóstróbín, kemur „15. september 2025“.
   3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 187, flútólaníl, kemur „15. júní 2025“.
   4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 189, flúasínam, kemur „15. apríl 2026“.
   5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 191, mepíkvat, kemur „15. október 2025“.
   6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 296, sýflúfenamíð, kemur „30. júní 2027“.
   7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 318, brómúkónasól, kemur „30. apríl 2027“.
   8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 320, búprófesín, kemur „15. desember 2025“.
2. Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:
   1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 28, fosfan, kemur „15. mars 2026“.
   2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 51, flúópýram, kemur „30. júní 2026“.
3. Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:
   1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 3, metsúlfúrónmetýl, kemur „31. ágúst 2026“.
   2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 4, bensóvindíflúpýr, kemur „2. ágúst 2026“.
   3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 5, lambda-sýhalótrín, kemur „31. ágúst 2026“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1734 **2025/EES/10/66**

frá 21. júní 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar að úthluta til aðildarríkjanna mati á virka efninu deltametríni í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ([2]) var mati á virku efnunum deltametríni, díflúfeníkani, epoxíkónasóli, flúoxastróbíni, próþíókónasóli og tebúkónasóli, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun, úthlutað til viðkomandi aðildarríkja og gefinn upp skýrslugjafi og meðskýrslugjafi fyrir hvert virkt efni.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/150 ([3]) var úthlutun matsins á þessum virku efnum breytt og þeim úthlutað til annarra skýrslugjafaaðildarríkja, eftir því sem við á, í kjölfar tilkynningar sem Bretland lagði fram um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

3) Úthlutunin byggist á því sjónarmiði að matið á virku efnunum sem um var að ræða sé á lokastigi og búist er við að sú vinna sem þarf að inna af hendi sé minni háttar. Þess vegna var ekki tilnefnt meðskýrslugjafaraðildarríki fyrir þetta mat.

4) Hinn 28. ágúst 2023 óskaði Matvælaöryggisstofnunin þó eftir viðbótarupplýsingum, skv. 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([4]), um virka efnið deltametrín að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5. og 3.8.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009,

5) Þar eð Svíþjóð er lögbært matsyfirvald fyrir endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu deltametríni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([5]) þykir rétt, með það fyrir augum að greiða fyrir samræmi og skilvirkni í matinu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og reglugerð (ESB) nr. 528/2012, að tilnefna Svíþjóð sem meðskýrslugjafaraðildarríki í tengslum við endurnýjun á samþykki fyrir deltametríni.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1734, 24.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012. bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/686/2023-10-08).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/150 frá 30. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar skýrslugjafaraðildarríki til að meta eftirfarandi virk efni sem eru í plöntuverndarvörum: deltametrín, díflúfeníkan, epoxíkónasól, flúoxastróbín, próþíókónasól og tebúkónasól (Stjtíð. ESB L 27, 31.1..2019, bls. 23. ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/150/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/2020-02-13).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2012/528/2022-04-15).

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað færslunnar fyrir deltametrín í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Deltametrín	AT	SE“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1749 **2025/EES/10/67**

frá 24. júní 2024

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metkónasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. í tengslum við 1. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Metkónasóli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu metkónasóli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 15. mars 2025.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metkónasóli var lögð fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Belgíu og meðskýrslugjafaraðildarríkið Bretland í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) og innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu viðbótarmálsskjöl sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, meðskýrslugjafaraðildarríkið, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman drög að matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórnina 26. febrúar 2018. Í drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun mælti skýrslugjafaraðildarríkið með því að endurnýja samþykkið fyrir metkónasóli.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig drögin að matsskýrslunni um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um þau. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1749, 25.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/1991/414/oj).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB frá 21. ágúst 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum díklórprópi-P, metkónasóli, pýrimetaníli og tríklópýri (Stjtíð ESB L 235, 30.8.2006, bls. 17, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/74/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2012/844/oj).

8) Hinn 12. júlí 2019 óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir því að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar um innkirtlatruflandi eiginleika metkónasóls samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Umsækjandinn lagði fram upplýsingar til að gera Matvælaöryggisstofnuninni kleift að ljúka matinu að því er varðar hvort vísindalegu viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem settar eru fram í lið 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([6]), séu uppfylltar.

9) Í apríl 2022 gerði skýrslugjafaraðildarríkið uppfærð drög að matsskýrslu um endurnýjun aðgengileg fyrir Matvælaöryggisstofnunina, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina. Í uppfærðum drögum sínum að matsskýrslu um endurnýjun tók skýrslugjafaraðildarríkið til athugunar viðbótarupplýsingarnar varðandi viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika og lagði til að samþykkið fyrir metkónasóli yrði endurnýjað.

10) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([7]), sem benda til þess að búast megi við að metkónasól uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 11. júlí 2023.

11) Framkvæmdastjórnin lagði endurnýjunarskýrslu og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 11. og 12. desember 2023 og 30. og 31. janúar 2024, eftir því sem við á.

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, um endurnýjunarskýrsluna. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega og tekið tillit til þeirra.

13) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið metkónasól, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

14) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir virka efninu metkónasóli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda metkónasól. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem sveppaeyðir og plöntuvaxtarstýriefni.

15) Framkvæmdastjórnin telur þó að metkónasól sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Metkónasól telst þrávirkt og eitrað efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3, eftir því sem við á, í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartími metkónasóls í ferskvatni er lengri en 40 dagar og lengri en 120 dagar í ferskvatnsseti, efnið er flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun (2. undirflokkur) samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([8]) og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/l. Það uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

16) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir metkónasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

17) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar og niðurstaðna úr áhættumatinu, er þó nauðsynlegt að kveða á um tiltekin skilyrði og takmarkanir.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/605/2018-04-20).

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023, doi: 10.2903/j.efsa.2023.8141. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1272/2023-12-01).

18) Í ljósi hugsanlegra áhyggjuefna vegna aukinnar útbreiðslu asólþolinna stofna í *A. fumigatus* og með tilliti til varúðarreglunnar þykir einkum rétt að takmarka notkun vara sem innihalda metkónasól eingöngu við þá sem nota efnið í atvinnuskyni.

19) Enn fremur þykir rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar varðandi mat á vatnsmeðhöndlunarferlum í tengslum við leifar virkra efna eða umbrotsefna þeirra í vatni sem er tekið til framleiðslu á drykkjarvatni. Til að auka traust á þessari ákvörðun ætti þar að auki að óska eftir upplýsingum til að staðfesta viðeigandi eiturefnafræðileg viðmiðunargildi sem gilda um tiltekin umbrotsefni og skilgreiningu á leifum fyrir áhættumat.

20) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

21) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 ([9]) er metkónasól skráð sem efni sem ráðgert er að skipta út. Í ljósi endurnýjunar á samþykki fyrir metkónasóli sem efni sem ráðgert er að skipta út og samsvarandi færslu efnisins yfir í E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 ætti að fella færsluna fyrir metkónasól brott úr viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408.

22) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 ([10]) var samþykkistímabilið fyrir metkónasól framlengt til 15. mars 2025 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir virka efnið rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda fyrir þá dagsetningu.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu metkónasóli, eins og það er tilgreint í I. viðauka við þessa reglugerð, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408 frá 11. mars 2015 um framkvæmd 7. mgr. 80. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um að koma á skrá yfir efni sem ráðgert er að skipta út (Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 18, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/408/oj).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/689/oj).

3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408

Færslan fyrir metkónasól fellur brott úr viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
metkónasól CAS-nr.: 125116-23-6 (óskilgreind rúm-efnafræði) CIPAC-nr.: 706	(1RS,5RS:1RS,5SR) -5-(4-klóróbensýl) -2,2-dímetýl-1-(1H-1,2,4-tríasól-1-ýlmetýl) sýklópentanól	≥ 940 g/kg (summa cis- og sniðhverfna) þar sem innihald cis-metkónasóls (CL-354801) er ekki minna en 800 g/kg og ekki meira en 950 g/kg Eftirfarandi óhreinindi skulu ekki fara yfir eftirfarandi gildi í tæknilega efninu: — tólúen: 2 g/kg — etýlsýklóhexan: 2 g/kg	1. september 2024	31. ágúst 2031	Notkun skal takmarkast við þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um metkónasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — mati á váhrifum á neytendur að því er varðar leifar sem kunna að vera fyrir hendi í síðari nytjaplöntum í meginrækt og skiptirækt, — vernd notenda og vegfarenda/íbúa, — vernd lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar: 1. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns, 2. almenna eiturhrifalýsingu fyrir umbrotsefnin M11 og M21 sem á að rannsaka enn frekar til að staðfesta viðeigandi eiturefnafræðileg viðmiðunargildi sem gilda um þau. Enn fremur á að staðfesta tilvist M11 og M21 og hlutfall þeirra í mónóhýdroxýluðum metkónasólefnasamböndum í nytjaplöntum til að staðfesta skilgreiningu á leifum fyrir áhættumat. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríki og Matvælaöryggisstofnunina viðbótarupplýsingarnar sem um getur í 1. lið eigi síðar en 15. júlí 2026 og í 2. lið eigi síðar en 15. júlí 2026.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 134 um metkónasól brott.

2) Í E-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„15	metkónasól CAS-nr.: 125116-23-6 (óskilgreind rúmefnafræði) CIPAC-nr.: 706	(1RS,5RS:1RS,5SR)-5-(4-klóróbensýl)-2,2-dímetýl-1-(1H-1,2,4-tríasól-1-ýlmetýl) sýklópentanól	≥ 940 g/kg (summa cis- og sniðhverfna) þar sem innihald cis-metkónasóls (CL-354801) er ekki minna en 800 g/kg og ekki meira en 950 g/kg Eftirfarandi óhreinindi skulu ekki fara yfir eftirfarandi gildi í tæknilega efninu: — tólúen: 2 g/kg — etýlsýklóhexan: 2 g/kg	1. september 2024	31. ágúst 2031	Notkun skal takmarkast við þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um metkónasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — mati á váhrifum á neytendur að því er varðar leifar sem kunna að vera fyrir hendi í síðari nytjaplöntum í meginrækt og skiptirækt, — vernd notenda og vegfarenda/íbúa, — vernd lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar: 1. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns, 2. almenna eiturhrifalýsingu fyrir umbrotsefnin M11 og M21 sem á að rannsaka enn frekar til að staðfesta viðeigandi eiturefnafræðileg viðmiðunargildi sem gilda um þau. Enn fremur á að staðfesta tilvist M11 og M21 og hlutfall þeirra í mónóhýdroxýluðum metkónasólefnasamböndum í nytjaplöntum til að staðfesta skilgreiningu á leifum fyrir áhættumat. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríki og Matvælaöryggisstofnunina viðbótarupplýsingarnar sem um getur í 1. lið eigi síðar en 15. júlí 2026 og í 2. lið eigi síðar en 15. júlí 2026.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1768 **2025/EES/10/68**

frá 26. júní 2024

um samþykki fyrir grunnefninu *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 18. mars 2021 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Multifolia Sas um samþykki fyrir *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla sem grunnefni til notkunar við plöntuvernd sem þráðormaeyðir á vínvið.

2) Eftir athugun á lögmæti fylgdu umsókninni, sem tekið var við í mars 2021, upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð skv. 4. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu um *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla fyrir framkvæmdastjórnina 9. desember 2022 ([2]).

4) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrslu ([3]) og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 21. mars 2024 og 23. maí 2024, eftir því sem við á.

5) Upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram sýndu fram á að *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla er sem stendur á markaði sem fóður og sem áburður. Auk þess er *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla ekki að mestu notað í þeim tilgangi að vernda plöntur en er gagnlegt við plöntuvernd. Á grundvelli upplýsinganna sem fylgdu umsókninni og tæknilegu skýrslunnar frá Matvælaöryggisstofnuninni er einnig hægt að komast að þeirri niðurstöðu að *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla sé ekki efni sem gefi tilefni til áhyggna. Það býr ekki yfir þeim eðliseiginleika að valda innkirtlatruflunum, taugaeiturhrifum eða ónæmiseitrandi áhrifum og er ekki sett á markað sem plöntuverndarvara. Af þessum sökum uppfyllir *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

6) Ekkert mat sem málið varðar, sem fór fram í samræmi við aðra löggjöf Bandalagsins, lá fyrir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1768, 27.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1107/oj.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2023. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for approval of sainfoin (*Onobrychis viciifolia* var. Perly) dried pellets to be used in plant protection as a nematicide in grapevines“ (EFSA supporting publication 2023:EN-7763, 94 bls., doi:10.2903/sp.efsa.2023.EN-7763).

([3]) „Final Review report for the basic substance *Onobrychis viciifolia* (sainfoin) dried pellets finalised by the Standing Committee on Plants, Animals, Food and Feed on 23 May 2024 in view of the approval of *Onobrychis viciifolia* (sainfoin) dried pellets as basic substance in accordance with Regulation (EC) No 1107/2009.“

7) Eftir athugun á umsókninni og öllum tengdum gögnum má gera ráð fyrir að *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla sem grunnefni.

8) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drög framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

9) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði fyrir samþykkinu.

10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]) til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt sem grunnefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2011/540/oj).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Onobrychis viciifolia (toppespir) í formi þurrkaðra köggla CAS-nr.: Ekki fyrir hendi CIPAC-nr.: Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi	1 000 g/kg Óhreinindi sem skipta máli: Arsen (1 g/kg), kadmíum (0,1 g/kg, króm-VI (0,1 g/kg), kvikasilfur (1 g/kg), nikkel (0,1 g/kg), blý (0,3 g/kg).	17. júlí 2024	Nota skal *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla (PLAN/2024/790 RR rev1), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„26	*Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla CAS-nr.: Ekki fyrir hendi CIPAC-nr.: Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi	1 000 g/kg Óhreinindi sem skipta máli: Arsen (1 g/kg), kadmíum (0,1 g/kg, króm-VI (0,1 g/kg), kvikasilfur (1 g/kg), nikkel (0,1 g/kg), blý (0,3 g/kg).	17. júlí 2024	Nota skal *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um *Onobrychis viciifolia* (toppespir) í formi þurrkaðra köggla (PLAN/2024/790 RR rev1), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2151 **2025/EES/10/69**

frá 17. desember 2020

um reglur um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar á einnota plastvörum sem eru tilgreindar í D-hluta viðaukans við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið ([1]) einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun (ESB) 2019/904 er mælt fyrir um almennar kröfur um merkingar á tilteknum einnota plastvörum sem oft er fargað á óviðeigandi hátt. Merkingin á að upplýsa neytendur um að varan innihaldi plast, um það hvaða úrgangsförgunaraðferðir á að forðast fyrir vöruna og um þau neikvæðu umhverfisáhrif sem fylgja því að dreifa rusli eða öðrum óviðeigandi aðferðum við förgun vörunnar.

2) Með tilskipun (ESB) 2019/904 er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin komi á samræmdum nákvæmum skilgreiningum um merkingar á einnota plastvörum sem eru tilgreindar í D-hluta viðaukans við tilskipunina. Í samræmdu nákvæmu skilgreiningunum um staðsetningu, stærð og hönnun merkingar ætti að taka tillit til þeirra ólíku vöruflokka sem falla þar undir. Tilgreina ætti snið, liti, lágmarksupplausn og leturstærð sem nota á til að tryggja að hver þáttur í merkingunni sé að fullu sýnilegur.

3) Framkvæmdastjórnin lagði mat á fyrirliggjandi merkingar, sem greindar voru með könnun meðal hagsmunaaðila og markaðsyfirliti, til að skilja matskerfið og kröfurnar að baki merkinganna og áhrif þeirra.

4) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við dæmigerða hópa neytenda og framkvæmdi vettvangsprófun til að ganga úr skugga um að merkingarnar séu gagnlegar og auðskiljanlegar og til að forðast villandi upplýsingar.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umbúðir

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „umbúðir“ söluumbúðir og safnumbúðir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 286/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 155, 12.6.2019, bls. 1

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

2. gr.

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar

1. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir dömubindi (innlegg) og fyrir tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir í I. viðauka.

2. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota, í II. viðauka.

3. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum í III. viðauka.

4. Mælt er fyrir um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir drykkjarmál í IV. viðauka.

3. gr.

Tungumál

Upplýsingatextinn á merkingunni skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis þar sem einnota plastvaran er sett á markað.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir dömubindi (innlegg) og fyrir tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir

1. Á umbúðum dömubinda (innleggja) með yfirborðsflöt sem er 10 cm^2 eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítri blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á umbúðir dömubinda (innleggja), sem settar eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Á umbúðum tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir með yfirborðsflöt sem er 10 cm^2 eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítri blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á umbúðir tíðatappa og hólka til að koma tíðatöppum fyrir, sem settir eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

3. Merkingin sem sett er fram í 1. og 2. lið skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

Staðsetja skal merkinguna lárétt á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef lágmarksstærð merkingar kemst ekki fyrir í heild sinni á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða má staðsetja hana að hluta til á tvær hliðar umbúðanna, þ.e. ofan á og á framhlið, eða á framhlið og á hlið, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef ekki hægt að staðsetja merkinguna lárétt vegna lögunar eða stærðar umbúðanna má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar umbúðirnar eru opnaðar í samræmi við leiðbeiningar.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „VARA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

Ef svæðið á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna, þar sem merkingin er staðsett, er minna en 65 cm^2 skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm^2). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera 3 cm x 6 cm (18 cm^2).

c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítri línu.

Upplýsingatextinn „VARA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda upplýsingatextann annaðhvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitinn fyrir neðan fyrsta tungumálið og skal hann í báðum tilvikum sjást greinilega. Ef takmarkað pláss er á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna er í undantekningatilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á umbúðirnar en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0


— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

———

II. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir blautþurrkur

1. Á umbúðum blautþurrka (þ.e. forbleyttra þurrka til persónulegrar umhirðu og heimilisnota) með yfirborðsflöt sem er 10 cm^2 eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítri blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á umbúðir blautþurrka, sem eru settar á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Merkingin skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

Staðsetja skal merkinguna lárétt á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef lágmarksstærð merkingar kemst ekki fyrir í heild sinni á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða má staðsetja hana að hluta til á tvær hliðar umbúðanna, þ.e. ofan á og á framhlið, eða á framhlið og á hlið, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef ekki hægt að staðsetja merkinguna lárétt vegna lögunar eða stærðar umbúðanna má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar umbúðirnar eru opnaðar í samræmi við leiðbeiningar.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „VARA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

Ef svæðið á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna, þar sem merkingin er staðsett, er minna en 65 cm^2 skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm^2). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera 3 cm x 6 cm (18 cm^2).

c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítri línu.

Upplýsingatextinn „VARA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda upplýsingatextann annaðhvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitinn fyrir neðan fyrsta tungumálið og skal hann í báðum tilvikum sjást greinilega. Ef takmarkað pláss er á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna er í undantekningatilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á umbúðirnar en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega.

Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0

— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

———

III. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum

1. Á einingarpakka eins og hann er skilgreindur í 30. lið 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB (einingarpakki) og ytri umbúðum eins og þær eru skilgreindar í 29. lið 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB (ytri umbúðir) fyrir tóbaksvörur með síum með yfirborðsflöt sem er 10 cm2 eða stærri, og umbúðum fyrir síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum með yfirborðsflöt sem er 10 cm^2 eða stærri skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítri blaðsíðunni.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á einingarpakka og ytri umbúðir tóbaksvara með síum og umbúðir fyrir síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum, sem sett eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Merkingin skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

i. Tóbaksvörur með síum

Staðsetja skal merkinguna lárétt á bakhlið ytra yfirborðs einingarpakkans og á ytri umbúðir.

Ef merkingin í lágmarksstærð kemst ekki fyrir lárétt á bakhlið ytra yfirborðs einingarpakkans má snúa henni um 90° og staðsetja hana á bakhlið eða aðra hlið á ytra yfirborði einingarpakkans. Í öllum tilvikum skal hún sjást greinilega.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki á neinn hátt hindra sýnileika viðvörunarmerkinganna sem krafist er samkvæmt tilskipun 2014/40/ESB.

Ekki skal hylja merkinguna í heild eða að hluta til með öðrum merkimiðum eða stimplum.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar einingarpakkinn og ytri umbúðir eru opnuð í samræmi við leiðbeiningar.

ii. Síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum

Staðsetja skal merkinguna lárétt á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef lágmarksstærð merkingar kemst ekki fyrir í heild sinni á framhlið eða ofan á ytra yfirborð umbúða má staðsetja hana lárétt að hluta til á tvær hliðar umbúðanna, þ.e. ofan á og á framhlið eða á framhlið og á hlið, hvort heldur sem er sýnilegra.

Ef ekki hægt að staðsetja merkinguna lárétt vegna lögunar eða stærðar umbúðanna má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

Merkingin skal ekki rifna eða verða ólæsileg þegar umbúðirnar eru opnaðar í samræmi við leiðbeiningar.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „SÍA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

i. Tóbaksvörur með síum

Ef svæðið á bakhlið ytra yfirborðs einingarpakkans er minna en 65 cm^2 skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm^2). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera 3 cm x 6 cm (18 cm^2).

ii. Fyrir síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum

Ef svæðið á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna, þar sem merkingin er staðsett, er minna en 65 cm^2 skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm^2). Í öllum öðrum tilvikum skal merkingin ná yfir a.m.k. 6% yfirborðsflatarins þar sem hún er staðsett. Hámarksstærð merkingar sem krafist er skal vera 3 cm x 6 cm (18 cm^2).

c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítri línu.

Upplýsingatextinn „SÍA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda upplýsingatextann annaðhvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitinn fyrir neðan fyrsta tungumálið og skal hann í báðum tilvikum sjást greinilega. Ef takmarkað pláss er á framhlið eða ofan á ytra yfirborði umbúðanna er í undantekningatilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á umbúðirnar en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð skal vera að lágmarki 5 pt og að hámarki 14 pt. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0

— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

———

IV. VIÐAUKI

Samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar fyrir drykkjarmál

1. Á drykkjarmálum sem eru gerð að hluta til úr plasti skal vera eftirfarandi áprentuð merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að sýna mjóu hvítu línuna, sem afmarkar merkinguna, á hvítri blaðsíðunni.


Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á drykkjarmál sem eru gerð að hluta til úr plasti, sem sett eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.

2. Á drykkjarmálum sem eru gerð að öllu leyti úr plasti skal vera annaðhvort eftirfarandi áprentuð merking eða eftirfarandi greypt/upphleypt merking:



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna er ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur hennar er að skapa andstæðu við hvíta blaðsíðuna.

Þrátt fyrir fyrsta málslið þessa liðar er heimilt að festa merkingu á drykkjarmál sem eru gerð að öllu leyti úr plasti, sem sett eru á markað fyrir 4. júlí 2022, með límmiðum.



Athugasemd: svarta línan sem afmarkar merkinguna og grái bakgrunnurinn eru ekki hluti af merkingunni. Eini tilgangur þeirra er að skapa andstæðu við hvíta blaðsíðuna.

3. Merkingin fyrir drykkjarmál sem eru gerð að hluta til úr plasti skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

i. Hefðbundin drykkjarmál:

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborð drykkjarmálsins og fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ekki skal staðsetja merkinguna undir botni drykkjarmálsins.

ii. Drykkjarmál í formi kampavínsglasa:

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborði drykkjarmálsins, þ.m.t. á efri hluta fótar. Staðsetja skal merkinguna fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ekki skal staðsetja merkinguna undir fæti drykkjarmálsins.

Ef staðsetning merkingar getur ekki verið lárétt vegna lögunar eða stærðar drykkjarmálsins má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

Ekki skal aðskilja reiti merkingarinnar.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera samsett úr tveimur jafnstórum reitum í rauðum og bláum lit sem eru staðsettir hlið við hlið og rétthyrndum svörtum reit sem inniheldur upplýsingatextann „VARA INNIHELDUR PLAST“ og er staðsettur undir jafnstóru reitunum tveimur. Hlutfallið milli hæðar og lengdar á merkingunni skal vera 1:2.

Að því er varðar drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm^2).

Að því er varðar drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,6 cm x 3,2 cm (5,12 cm^2).

c) Hönnun merkingar

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, aðlaga litina, lagfæra eða stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Merkingin skal afmörkuð með mjórri hvítri línu.

Upplýsingatextinn „VARA INNIHELDUR PLAST“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda textann annað hvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitnum fyrir neðan fyrsta tungumálinu og skal í báðum tilvikum vera vel sjáanlegur. Ef takmarkað pláss er á ytra yfirborði drykkjarmálsins er í undantekningatilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á drykkjarmálið en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira. Ef upplýsingatextinn á fleiri tungumálum er staðsettur í rétthyrnda svarta reitnum er hægt að víkja frá hámarksstærðinni sem krafist er fyrir merkinguna.

Nota skal liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0

— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

4. Merkingin fyrir drykkjarmál sem eru gerð að öllu leyti úr plasti skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum lið.

a) Staðsetning merkingar

i. Hefðbundin drykkjarmál

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborð drykkjarmálsins, þar sem hún sést greinilega. Ekki skal staðsetja merkinguna undir botni drykkjarmálsins. Við prentun skal staðsetja merkinguna fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ef um er að ræða riffluð drykkjarmál skal ekki gera merkinguna upphleypta eða greypa hana á rifflurnar.

ii. Drykkjarmál í formi kampavínsglasa

Staðsetja skal merkinguna lárétt á ytra yfirborð drykkjarmálsins, þ.m.t. á efri hluta fótar, þar sem hún sést greinilega. Ekki skal staðsetja merkinguna undir fæti drykkjarmálsins. Við prentun skal staðsetja merkinguna fjarri brúninni til að forðast snertingu við munn neytandans þegar drukkið er. Ef um er að ræða riffluð drykkjarmál skal ekki gera merkinguna upphleypta eða greypa hana á rifflurnar.

Ef staðsetning merkingar getur ekki verið lárétt vegna lögunar eða stærðar drykkjarmálsins má snúa henni um 90° og staðsetja hana lóðrétt.

b) Stærð merkingar

Merkingin skal vera rétthyrnd og hlutföll milli hæðar og lengdar eru 1:2.

Að því er varðar drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,4 cm x 2,8 cm (3,92 cm^2).

Að því er varðar drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira skal lágmarksstærð merkingarinnar vera 1,6 cm x 3,2 cm (5,12 cm^2).

c) Hönnun merkingar

i. Prentuð:

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð með svörtu bleki án þess að bæta við öðrum áhrifaþáttum, hvorki lagfæra né stækka bakgrunninn. Merkingin skal endurgerð í upplausn sem er að lágmarki 300 punktar á tommu þegar hún er prentuð í raunstærð. Nægilega mikil skil ættu að vera á milli merkingar og bakgrunns til að hún sé vel læsileg. Í þessu skyni ætti að prenta útlínur merkingarinnar með einum af eftirfarandi litum:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100

— Rauður: C = 0 / M = 90 / Y = 60 / K = 0

— Blár: C = 60 / M = 0 / Y = 0 / K = 0.

ii. Greypt/upphleypt:

Hönnun merkingarinnar skal endurgerð án þess að bæta við áhrifaþáttum, hvorki lagfæra né stækka bakgrunninn. Hvíta útlínan, eins og hún er sýnd í merkingunni samkvæmt lið 1.2 í þessum viðauka, sýnir línurnar sem skulu greyptar í málið eða gerðar upphleyptar.

Upplýsingatextinn „ÚR PLASTI“ skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira.

Þegar upplýsingatextinn er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna skal staðsetja þýdda textann annað hvort beint fyrir neðan merkinguna eða í rétthyrnda reitnum fyrir neðan fyrsta tungumálinu og skal í báðum tilvikum vera vel sjáanlegur. Ef takmarkað pláss er á ytra yfirborði drykkjarmálsins er í undantekningatilvikum heimilt að staðsetja upplýsingatextann sem er þýddur á annað eða fleiri opinber tungumál aðildarríkjanna annars staðar á drykkjarmálið en eins nálægt merkingunni og unnt er og þar sem hann sést greinilega. Þýddi upplýsingatextinn skal vera í hástöfum og í leturgerðinni Helvetica Bold. Leturstærð fyrir drykkjarmál með rúmmál minna en 500 ml skal vera að lágmarki 5 pt og 6 pt fyrir drykkjarmál með 500 ml rúmmál eða meira.

Við prentun skal nota liti með eftirfarandi litakóða:

— Hvítur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 0

— Svartur: C = 0 / M = 0 / Y = 0 / K = 100.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1944 **2025/EES/10/70**

frá 5. júlí 2024

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar birtingu tilvísana í evrópsku matsskjölin fyrir varmaeinangrunarplötur úr kísiltvíoxíði alsett örholum og stífum einingum úr pólýúretanfrauði til að festa tengihluta við útveggi og aðrar byggingarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE [1], einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar beiðna um evrópskt tæknimat frá framleiðendum hafa samtök tæknimatsstofnana, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, samþykkt 19 evrópsk matsskjöl.

2) Evrópsku matsskjölin, sem samtök tæknimatsstofnana hafa samþykkt, varða tilvísanir í eftirfarandi byggingarvörur:

– varmaeinangrunarplötur úr kísiltvíoxíði alsett örholum (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 040057-00-1201“),

– stífar einingar úr pólýúretanfrauði til að festa tengihluta við útveggi,

– kerfi fyrir plötur úr útþöndu glerkurli, magnesíumoxíði eða öðrum steinefnum, með múrhúð sem borin er á á staðnum, sem notaðar eru sem útveggjaklæðning (kemur í stað tækniforskriftanna „EAD 090019-00-0404“ og „EAD 090119-00-0404“),

– kerfi fyrir plötur sem eru úr samsettu timbri og steypu,

– sement sem byggist á belítkalsíumsúlfóálati og kalsíumsúlfóálati (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 150001-00-0301“),

– tengijárnaskúffur,

– varnir í opum og ysta byrði fyrir flóðvarnir bygginga eða annarra mannvirkja,

– samsettar gólfklæðningar til notkunar utan- og innandyra,

– saumlausa og vistfræðilega flotílögn úr endurnýjanlegu og sjálfbæru efni,

– fjaðrandi gólfefni úr etýlenprópýlendíen(-einliðu) og gúmmíkurli,

– kerfi fyrir smíði bergbolta – kerfi fyrir snittteina,

– trefjaplötur til notkunar í annað en burðarvirki innandyra sem eru gerðar úr endurunnum beðmistrefjum á grunni beðmisleifa frá iðnaði,

– trefjastyrkta fjölliðuteina úr kolefni, gleri, basalti og aramíði til styrktar burðareiningum,

– hitasveigt, óhert gler og lagskipt öryggisgler úr hitasveigðu óhertu gleri,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1944, 11.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/305/oj.

– plastankeri sem eru skrúfuð í loft til að festa ytri varmaeinangrunarkerfi með múrhúð eða einangrunarvörur,

– skrúfuankeri fyrir hita- og þrýstiherta frauðsteypu og létta steypu,

– límdar festingar og þenslufestingar til notkunar í steypu (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 330499-01-0601“),

– tengi fyrir steypustyrktarteina, sem komið er fyrir eftir á, með bætta tengi- og klofningseiginleika,

– byggingarkerfi fyrir þurrt múrverk með lóðréttum einingum.

3) Evrópsku matsskjölin, sem samtök tæknimatsstofnana hafa samþykkt, uppfylla kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011. Því er viðeigandi að birta tilvísanir í þessi evrópsku matsskjöl í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4) Skráin yfir tilvísanir í evrópsku matsskjölin fyrir byggingarvörur er birt samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 ([2]). Fyrir skýrleika sakir ætti að bæta tilvísunum til nýrra evrópskra matsskjala í þá skrá.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 til samræmis við það.

6) Til að gera mögulegt að nota evrópsku matsskjölin eins og fljótt og auðið er og gera framleiðendum, sem hafa þegar undir höndum evrópskt tæknimat, kleift að setja vörur sínar á markað, ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

F*yrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Fyrir hönd forsetans,

Kerstin JORNA

Aðalframkvæmdastjóri

Stjórnarsvið innri markaðar, iðnaðar, frumkvöðlastarfsemi og lítilla og meðalstórra fyrirtækja

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 frá 19. mars 2019 um birtingu evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtíð. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2019/450/oj).

VIÐAUKI

Í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir tilvísunarnúmerum:

„040057-01-1201	Varmaeinangrunarplötur úr kísiltvíoxíði alsett örholum (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 040057-00-1201“)“
„040868-00-0404	Stífar einingar úr pólýúretanfrauði til að festa tengihluta við útveggi“
„090019-01-0404	Kerfi fyrir plötur úr útþöndu glerkurli, magnesíumoxíði eða öðrum steinefnum, með múrhúð sem borin er á á staðnum, sem notaðar eru sem útveggjaklæðning (kemur í stað tækniforskriftanna „EAD 090019-00-0404“ og „EAD 090119-00-0404“)“
„130018-00-0303	Kerfi fyrir plötur sem eru úr samsettu timbri og steypu“
„150001-01-0301	Sement sem byggist á belítkalsíumsúlfóálati og kalsíumsúlfóálati (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 150001-00-0301“)“
„160031-00-0301	Tengijárnaskúffur“
„180002-00-0706	Varnir í opum og ysta byrði fyrir flóðvarnir bygginga eða annarra mannvirkja“
„190014-00-0503	Samsettar gólfklæðningar til notkunar utan- og innandyra“
„190022-00-0503	Saumlaus og vistfræðileg flotílögn úr endurnýjanlegu og sjálfbæru efni“
„190026-00-0502	Fjaðrandi gólfefni úr etýlenprópýlendíen(-einliðu) og gúmmíkurli“
„200077-00-0103	Kerfi fyrir smíði bergbolta – kerfi fyrir snittteina“
„210132-00-0504	Trefjaplötur til notkunar í annað en burðarvirki innandyra sem eru gerðar úr endurunnum beðmistrefjum á grunni beðmisleifa frá iðnaði“
„260023-00-0301	Trefjastyrktir fjölliðuteinar úr kolefni, gleri, basalti og aramíði til styrktar burðareiningum“
„300008-00-0404	„Hitasveigt, óhert gler og lagskipt öryggisgler úr hitasveigðu, óhertu gleri“
„330196-01-0604-v01	Plastankeri sem eru skrúfuð í loft til að festa ytri varmaeinangrunarkerfi með múrhúð eða einangrunarvörur“
„330424-00-0604	Skrúfuankeri fyrir hita- og þrýstiherta frauðsteypu og létta steypu“
„330499-02-0601	Límdar festingar og þenslufestingar til notkunar í steypu (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 330499-01-0601“)“
„332402-00-0601	Tengi fyrir steypustyrktarteina, sem komið er fyrir eftir á, með bætta tengi- og klofningseiginleika“
„340297-00-0203	Byggingarkerfi fyrir þurrt múrverk með lóðréttum einingum“.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1399 **2025/EES/10/71**

frá 10. nóvember 2023

um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, þilja og klæðninga úr gegnheilum viði með tilliti til viðbragða við bruna og um breytingu á ákvörðun 2006/213/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum fyrstu undirgrein 5. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kerfi fyrir flokkun eftir nothæfi byggingarvara, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna, var samþykkt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 ([2]). Þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði eru meðal þeirra byggingarvara sem sú framselda reglugerð tekur til.

2) Í töflu 2 í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/213/EB ([3]) hafa verið ákvarðaðir flokkar, með tilliti til viðbragða við bruna, fyrir þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði. Nauðsynlegt er að skýra skilyrðin, sem sett eru fram í þeirri ákvörðun, varðandi þessar vörur til að takmarka beitingu hennar einungis við ómeðhöndlaðan við.

3) Með prófunum hefur verið sýnt fram á að nothæfi þilja og klæðninga úr gegnheilum viði sé stöðugt og fyrirsjáanlegt með tilliti til viðbragða við bruna, að því tilskildu að þær uppfylli tiltekin skilyrði varðandi lágmarksmeðaleðlismassa viðarins, lágmarksþykkt þversniðsins og endanlega notkun vörunnar, sem og að viðurinn sé ekki meðhöndlaður á neinn annan hátt en með þurrkun í ofni.

4) Þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði ættu því, að uppfylltum þeim skilyrðum, að teljast uppfylla skilyrði tiltekins nothæfisflokks, sem komið var á með framseldri reglugerð (ESB) 2016/364, með tilliti til viðbragða við bruna, án þess að gera þurfi frekari prófanir.

5) Í þágu réttarvissu ætti að fella töflu 2 í viðaukanum við ákvörðun 2006/213/EB brott og í stað hennar ætti að koma viðaukinn við þessa reglugerð um þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði.

6) Til að veita framleiðendum, einkum litlum fyrirtækjum og örfyrirtækjum, nægan tíma til að meta áhrif þessarar reglugerðar á starfsemi þeirra ætti þessi reglugerð að öðlast gildi níutíu dögum eftir að hún er birt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði sem uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í viðaukanum, skulu teljast uppfylla, án prófunar, skilyrði nothæfisflokkanna sem tilgreindir eru í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1399, 22.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 288/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 frá 1. júlí 2015 um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtíð. ESB L 68, 15.3.2016, bls. 4).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/213/EB frá 6. mars 2006 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar viðargólfefni og þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði (Stjtíð. ESB L 79, 16.3.2006, bls. 27).

2. gr.

Tafla 2 og myndir a og b í viðaukanum við ákvörðun 2006/213/EB falla brott og í stað þeirra kemur taflan og myndir a og b sem settar eru fram í viðaukanum.

Líta skal á tilvísanir í töflu 2 og myndir a og b, í viðaukanum við ákvörðun 2006/213/EB, sem tilvísanir í töfluna og myndirnar sem settar eru fram í viðaukanum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

FLOKKAR ÞILJA OG KLÆÐNINGA ÚR GEGNHEILUM VIÐI EFTIR NOTHÆFI MEÐ TILLITI TIL VIÐBRAGÐA VIÐ BRUNA

Vara (11)	Upplýsingar um vöru (5)	Lágmarksmeðal-eðlismassi (6) (kg/m^3)	Lágmarksþykkt, samtals/ lágmark (7) (mm)	Endanleg notkunarskilyrði (4)	Flokkur (3)
Þiljur og klæðningar (1)	Ómeðhöndlaðir viðarbútar með eða án fjaðrar og grópar og með eða án mótaðs yfirborðs	390	9/6	Án loftbils eða með opnu loftbili á bak við	D – s2, d2
			12/8		D – s2, d0
Þiljur og klæðningar (2)	Ómeðhöndlaðir viðarbútar með eða án fjaðrar og grópar og með eða án mótaðs yfirborðs	390	9/6	Með opnu loftbili sem er ≤ 20 mm á bak við	D – s2, d0
			18/12	Án loftbils eða með opnu loftbili á bak við	
Viðarræmuhlutar (8)	Ómeðhöndlaðir viðarbútar sem festir eru á grind (9)	390	18	Umlukið lofti á allar hliðar (10)	D – s2, d0

(1) Fest á viðargrind með lokuðu bili eða fylltu með undirlagi a.m.k. í flokki A2 – s1, d0 með lágmarkseðlismassa 10 kg/m^3 eða fyllt með undirlagi úr sellulósaeinangrun a.m.k. í flokki E með eða án undirliggjandi rakavarnarlags. Viðarvaran skal hönnuð til að vera fest án opinna samskeyta.

(2) Fest á viðargrind með eða án opins loftbils á bak við. Viðarvaran skal hönnuð til að vera fest án opinna samskeyta.

(3) Flokkur sem settur er fram í töflu 1 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/364.

(4) Opið loftbil getur gert loftræstingu á bak við vöruna mögulega en lokað loftbil kemur í veg fyrir slíka loftræstingu. Undirlagið á bak við loftbilið verður að vera a.m.k. í flokki A2 – s1, d0 með lágmarkseðlismassa 10 kg/m^3. Á bak við lokað bil sem er mest 20 mm og með lóðréttum viðarbútum skal undirlagið vera a.m.k. í flokki D – s2, d0.

(5) Samskeyti geta verið af öllum gerðum, t.d. stúfsamskeyti og fjöður og gróp; ómeðhöndlaður viður er efni úr viði sem hefur hvorki verið húðaður né meðhöndlaður á neinn annan hátt en með þurrkun í ofni (eðlisfræðileg meðhöndlun, efnafræðileg meðhöndlun, gegndreyping eða önnur meðhöndlun).

(6) Meðhöndlað skv. EN 13238.

(7) Eins og sýnt er á mynd a. Mótað yfirborð sýnilegu hliðar þiljunnar ekki meira en 20% af yfirborðsfletinum eða 25% ef mælt er bæði á sýnilegu og huldu hlið þiljunnar. Við stúfsamskeyti gildir meiri þykktin við brún samskeytanna.

(8) Rétthyrndir viðarbútar, með eða án rúnnaðra horna sem festir eru láréttir eða lóðréttir á grind og umluktir lofti á allar hliðar og aðallega notaðir nálægt öðrum smíðaeiningum, bæði innan- og utanhúss.


(9) Hámark sýnilegs svæðis (allar hliðar rétthyrndra viðarbúta og viðargrindar) ekki meira en 110% af heildaryfirborðsfletinum, sjá mynd b.

(10) Aðrar smíðaeiningar, sem eru nær viðarræmuhlutanum (að grindinni undanskilinni) en 100 mm, verða að vera a.m.k. í flokki A2 – s1, d0, í 100 – 300 mm fjarlægð í a.m.k. flokki B – s1, d0 og í meira en 300 mm fjarlægð í a.m.k. flokki D – s2, d0.

(11) Gildir einnig um uppstig í stigaþrepi.


Mynd a

Þversnið þilja og klæðninga úr gegnheilum viði



Mynd b

Hámark sýnilegs svæðis viðarræmuhlutar 2n (t + w) + a ≤ 1,10



n = fjöldi viðarbúta á hvern metra

t = þykkt einstakra viðarbúta, í metrum

w = breidd einstakra viðarbúta, í metrum

a = sýnilegt svæði viðargrindarinnar (ef eitthvað) í m^2, á hvern m^2 af viðarræmuhluta.

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/782 **2025/EES/10/72**

frá 4. mars 2024

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar lágmarkskröfur um menntun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([1]), einkum 21. gr. (annarri undirgrein 6. mgr.), 31. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.), 34. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.) og 44. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræmdar lágmarkskröfur um menntun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga eru settar fram í 31., 34. og 44. gr. tilskipunar 2005/36/EB, sem og í liðum 5.2.1, 5.3.1 og 5.6.1 í V. viðauka við þá tilskipun.

2) Í grænbók sinni frá 2011 um nútímavæðingu tilskipunar 2005/36/EB ([2]) staðfesti framkvæmdastjórnin að nauðsynlegt væri að færa samræmdar lágmarkskröfur um menntun til nútímahorfs í áföngum.

3) Landsyfirvöld, háskólastofnanir og fagfélög hafa bent á það, í tengslum við breytingu á tilskipun 2005/36/EB með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB ([3]), að þær starfsgreinar sem falla undir III. bálk III. kafla tilskipunarinnar hafi þróast umtalsvert frá því að lágmarkskröfur um menntun þeirra voru samræmdar.

4) Enda þótt tilskipun 2013/55/ESB hafi að vissu marki endurskoðað samræmdar lágmarkskröfur um menntun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga voru ekki gerðar neinar umtalsverðar breytingar á námsáætlununum, sem taldar eru upp í liðum 5.2.1, 5.3.1 og 5.6.1 í V. viðauka við tilskipun 2005/36/EB, eða á listanum yfir þá þekkingu og færni sem viðkomandi þarf að öðlast á námstímanum, sem mælt er fyrir um í 31. gr. (6. mgr.), 34. gr. (3. mgr.) og 44. gr. (3. mgr.) þeirrar tilskipunar.

5) Þess í stað var framkvæmdastjórninni, með 6. mgr. 21. gr. tilskipunar 2005/36/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2013/55/ESB, framselt vald til að innleiða, í samræmi við 57. gr. c hennar, uppfærslur á lágmarkskröfum um menntun til að laga þær að almennt viðurkenndum framförum á sviði vísinda og tækni, til að endurspegla þróun á lögum Sambandsins sem hafa bein áhrif á hlutaðeigandi starfsgreinar.

6) Framkvæmdastjórnin hefur metið hvort uppfæra ætti lágmarkskröfur um menntun hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga, eins og þær eru settar fram í tilskipun 2005/36/EB, í ljósi almennt viðurkenndra framfara á sviði vísinda og tækni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/782, 31.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 289/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2005/36/oj.

([2]) Grænbók, Nútímavæðing tilskipunarinnar um faglega menntun og hæfi (e. Green Paper, Modernising the Professional Qualifications Directive), COM(2011)367 lokagerð frá 22. júní 2011.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 132, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2013/55/oj).

7) Þrjár rannsóknir hafa verið gerðar til að aðstoða framkvæmdastjórnina við mat sitt. Markmið þessara rannsókna var að kanna þróun menntunarkrafna sem gerðar eru til starfsgreina hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga í öllum aðildarríkjunum og aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA-ríkjunum). Í þeim tilgangi var gögnum safnað á vettvangi Sambandsins og á landsvísu með skrifborðsrannsókn og markvissu samráði við hagsmunaaðila. Gagnasöfnunin beindist að ýmiss konar þróun námskrafna á landsbundnum vettvangi: i. framförum á sviði vísinda og tækni sem hafa áhrif á starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna og lyfjafræðinga, ii. námsáætlunum sem og þekkingu og færni sem ganga lengra en gert er í lágmarkskröfunum um menntun sem mælt er fyrir um í tilskipun 2005/36/EB og sem endurspegla hvers kyns aðlögun að framförum á sviði vísinda og tækni.

8) Samanburðarmat á gögnunum, sem safnað var, var framkvæmt meðan á rannsóknunum stóð. Það beindist að þróun og sameiginlegum þáttum í námskröfum í öllum aðildarríkjum Sambandsins og EFTA-ríkjunum í ljósi almennt viðurkenndra framfara á sviði vísinda og tækni. Í þessu skyni var búin til vinnuskilgreining á „almennt viðurkenndum“ framförum á sviði vísinda og tækni sem samanstóð af framförum á sviði vísinda og tækni sem hafa verið skráðar í a.m.k. 16 aðildarríkjum og EFTA-ríkjum.

9) Niðurstöður rannsóknanna voru kynntar viðkomandi hagsmunaaðilum á vinnufundum og fundum hóps samræmingaraðila um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Á grundvelli endurgjafar voru tekin saman drög að niðurstöðum rannsóknanna þar sem lagðar voru til uppfærslur á lágmarkskröfunum um menntun sem settar eru fram í tilskipun 2005/36/EB að því er varðar námsáætlanir, sem og þekkingu og færni.

10) Í rannsókninni um hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun ([4]) var bent á eftirfarandi almennt viðurkenndar framfarir á sviði vísinda og tækni í námsáætlunum í aðildarríkjum og EFTA-ríkjum sem endurspeglast ekki eða ekki nægilega vel í gildandi lágmarkskröfum um menntun sem settar eru fram í tilskipun 2005/36/EB: fræði einstaklingsmiðaðrar hjúkrunar, stjórnunarfræði innan hjúkrunar, gagnreyndir starfshættir, rafræn heilbrigðisþjónusta og tækninýjungar í tengslum við aðferðir í heilbrigðisþjónustu og hjúkrun.

11) Í rannsókninni um tannlækna ([5]) var bent á eftirfarandi almennt viðurkenndar framfarir á sviði vísinda og tækni í námsáætlunum í aðildarríkjunum og EFTA-ríkjunum sem endurspeglast ekki eða ekki nægilega vel í gildandi lágmarkskröfum um menntun sem settar eru fram í tilskipun 2005/36/EB: ígræðslufræði, öldrunartannlækningar, þverfagleg samvinna við umönnun, lýðtannheilsa – samfélagsleg munnheilsa, stjórnun og rekstur stofa, erfðafræði og genamengjafræði, ónæmisfræði, endurmyndandi læknisfræði/tannlæknisfræði og stafræn tækni í tannlækningum.

12) Í rannsókninni um lyfjafræðinga ([6]) var bent á eftirfarandi almennt viðurkenndar framfarir á sviði vísinda og tækni í námsáætlunum í aðildarríkjunum og EFTA-ríkjunum sem endurspeglast ekki eða ekki nægilega vel í gildandi lágmarkskröfum um menntun sem settar eru fram í tilskipun 2005/36/EB: lyfjalíftækni (e. biopharmaceutical technology) og líftækni (e. biotechnology), erfðafræði og lyfjaerfðafræði, ónæmisfræði, klínísk lyfjafræði, lyfjafræðileg umsjá, félagslyfjafræði, faraldsfræði og lyfjafaraldursfræði, starfshættir í lyfjabúðum, þverfagleg samvinna, meinafræði og lífeðlismeinafræði, heilsuhagfræði og lyfjahagfræði, upplýsingatækni og stafræn tækni.

([4]) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Stjórnarsvið innri markaðar, iðnaðar, frumkvöðlastarfsemi og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, *Mapping and assessment of developments of one of the sectoral professions under Directive 2005/36/EC – Nurse responsible for general care – Final study*, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2020.

([5]) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Stjórnarsvið innri markaðar, iðnaðar, frumkvöðlastarfsemi og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, *Mapping and assessment of developments for sectoral professions under Directive 2005/36/EC – The profession of dental practitioner*, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2022.

([6]) Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Stjórnarsvið innri markaðar, iðnaðar, frumkvöðlastarfsemi og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, *Mapping and assessment of developments for sectoral professions under Directive 2005/36/EC – The profession of pharmacist*, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2022.

13) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringarskjöl ([7]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

14) Því ætti að breyta tilskipun 2005/36/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/36/EB

Tilskipun 2005/36/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 6. mgr. 31. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Nám fyrir hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi fagmaður hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) alhliða þekkingu á þeim vísindagreinum, sem almenn hjúkrun byggist á, þ.m.t. fullnægjandi skilningur á líkamsbyggingu, líffræðilegri starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, svo og á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis,

b) þekkingu á eðli og siðfræði starfsgreinarinnar og meginreglum um heilbrigði og hjúkrun,

c) fullnægjandi klíníska starfsreynslu; velja ber slíka starfsreynslu með hliðsjón af því hvernig hún styður við námið og hún á að vera undir umsjón menntaðra hjúkrunarfræðinga á stöðum þar sem fyrir hendi er viðeigandi fjöldi hæfs starfsfólks og viðeigandi búnaður til umönnunar sjúklinga,

d) hæfni til að taka þátt í verklegri þjálfun heilbrigðisstarfsfólks og reynslu af því að starfa með slíku starfsfólki og fólki úr öðrum starfsgreinum innan heilbrigðisgeirans,

e) hæfni til að veita einstaklingsmiðaða hjúkrun og valdefla sjúklinga, aðstandendur og aðra viðkomandi einstaklinga í tengslum við persónulega umhirðu og að tileinka sér heilbrigða lifnaðarhætti,

f) hæfni til að þróa árangursríka nálgun varðandi forystu og færni til ákvarðanatöku,

g) þekkingu á tækninýjungum í tengslum við aðferðir í heilbrigðisþjónustu og hjúkrun.“

2) Í stað 3. mgr. 34. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Grunnnám í tannlækningum skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem tannlækningar byggja á og góðan skilning á vísindaaðferðum, þ.m.t. aðferðum sem eru notaðar við mælingar á líffræðilegri starfsemi, mat á vísindalega viðurkenndum staðreyndum og greiningu gagna,

b) fullnægjandi þekkingu á líkamsbyggingu, starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, sem og á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis, að svo miklu leyti sem þessir þættir hafa áhrif á tannlækningar,

([7]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

c) fullnægjandi þekkingu á byggingu og hlutverki tanna, munns, kjálka og aðliggjandi vefja, bæði heilbrigðra og sýktra, og hvernig þessir þættir tengjast almennu heilsufari og líkamlegri og félagslegri velferð sjúklings,

d) fullnægjandi þekkingu á klínískum fræðigreinum og aðferðum, sem gefur tannlækninum heillega mynd af göllum, sárum og sjúkdómum í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum og forvörnum, greiningu og meðferð í tannlækningum,

e) hæfilega klíníska starfsreynslu undir viðeigandi umsjón,

f) fullnægjandi þekkingu á stafrænum tannlækningum og góðan skilning á notkun þeirra og öruggri beitingu í reynd.

Með náminu skal hann öðlast nauðsynlega færni til að inna af hendi öll störf er lúta að forvörnum, greiningu og meðferð galla og sjúkdóma í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum.“

3) Í stað 3. mgr. 44. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Nám fyrir lyfjafræðinga skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á lyfjum og þeim efnum sem notuð eru við framleiðslu lyfja,

b) fullnægjandi þekkingu á lyfjagerðarfræði og eðlisfræðilegri, efnafræðilegri, líffræðilegri og örverufræðilegri prófun á lyfjum,

c) fullnægjandi þekkingu á umbroti og verkun lyfja og eiturefna og á notkun lyfja,

d) fullnægjandi þekkingu til að meta vísindaleg gögn er varða lyf svo að viðkomandi sé fær um að veita viðeigandi upplýsingar á grundvelli þessarar þekkingar,

e) fullnægjandi þekkingu á lagalegum jafnt sem öðrum kröfum sem gerðar eru til þeirra sem stunda lyfsölu,

f) fullnægjandi þekkingu á klínískri lyfjafræði og lyfjafræðilegri umsjá, sem og á færni til að beita henni í reynd,

g) fullnægjandi þekkingu og færni hvað varðar lýðheilsu og afleiðingar hennar fyrir heilsueflingu og meðferð sjúkdóma,

h) fullnægjandi þekkingu og færni hvað varðar þverfaglega samvinnu, fagleg vinnubrögð og samskipti,

i) fullnægjandi þekkingu á upplýsingatækni og stafrænni tækni og færni til að beita henni í reynd.“

4) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 4. mars 2026. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 5.2.1 kemur eftirfarandi:

„5.2.1. Námsáætlun fyrir hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun

Nám sem veitir vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skal vera í tveimur hlutum sem hér segir:

A. Fræðileg kennsla

a. Hjúkrun:

— Eðli, siðfræði og undirstöðuatriði varðandi heilbrigði og hjúkrun, þ.m.t. fræði einstaklingsmiðaðrar hjúkrunar

— Undirstöðuatriði hjúkrunar í tengslum við:

  — almenna læknisfræði og sérgreinar læknisfræðinnar

  — almennar skurðlækningar og sérgreinar skurðlækninga

  — ungbarnavernd og barnalækningar

  — mæðravernd

  — geðheilsu og geðlæknisfræði

  — umönnun aldraðra og öldrunarlækningar

— Gagnreyndir starfshættir og rannsóknir á sviði hjúkrunar

b. Almenn heilbrigðisvísindi:

— Líffærafræði og lífeðlisfræði

— Meinafræði

— Bakteríufræði, veirufræði og sníklafræði

— Lífeðlisfræði, lífefnafræði og geislalækningar

— Næringarfræði

— Heilsufræði:

  — forvarnarlæknisfræði

  — heilbrigðisfræðsla

— Líflyfjafræði

c. Félagsvísindi:

— Félagsfræði

— Sálfræði

— Undirstöðuatriði í stjórnunarfræði og rekstri

— Undirstöðuatriði í kennslufræði

— Löggjöf um heilbrigðis- og félagsmál

— Lagalegar hliðar hjúkrunar

d. Vísindi og tækni:

— rafræn heilbrigðisþjónusta

B. Klínísk kennsla

— Hjúkrun í tengslum við:

  — almenna læknisfræði og sérgreinar læknisfræðinnar

  — almennar skurðlækningar og sérgreinar skurðlækninga

  — ungbarnavernd og barnalækningar

  — mæðravernd

  — geðheilsu og geðlæknisfræði

  — umönnun aldraðra og öldrunarlækningar

  — hjúkrun í samfélagsumhverfi

  — einstaklingsmiðaða nálgun

— Vísindi og tækni:

  — Rafræn heilbrigðisþjónusta

Kennsla í einni eða fleirum þessara greina má vera hluti af eða í tengslum við aðrar námsbrautir.

Fræðilega kennslu verður að laga að og samræma klínísku kennslunni á þann hátt að hægt sé að öðlast þá þekkingu og færni sem um getur í þessum viðauka á fullnægjandi hátt.“

2) Í stað liðar 5.3.1 kemur eftirfarandi:

„5.3.1. ***Námsáætlun fyrir tannlækna***

Nám sem veitir formlegan vitnisburð um menntun og hæfi tannlækna skal í það minnsta fela í sér eftirtaldar námsgreinar: Kennsla í einni eða fleirum þessara greina má vera hluti af eða í tengslum við aðrar námsbrautir.

A. Undirstöðunámsgreinar

— Efnafræði

— Eðlisfræði

— Líffræði, erfðafræði og endurmyndandi læknisfræði

B. Námsgreinar er tengjast líffræði læknisfræðinnar og almennri læknisfræði

— Líffærafræði

— Fósturfræði

— Vefjafræði, þ.m.t. frumufræði

— Lífeðlisfræði

— Lífefnafræði (eða lífeðlisfræðileg efnafræði)

— Líffærameinafræði

— Almenn meinafræði

— Líflyfjafræði

— Örverufræði

— Heilsufræði

— Forvarnarlæknisfræði og lýðtannheilsa

— Geislalækningar

— Sjúkraþjálfun

— Almennar skurðlækningar

— Almennar lækningar, þ.m.t. barnalækningar

— Háls-, nef- og eyrnalækningar

— Húð- og kynsjúkdómalækningar

— Almenn sálfræði — sálsýkisfræði — taugameinafræði

— Svæfingalækningar

— Ónæmisfræði

C. Námsgreinar sem tengjast tannlækningum beint

— Tann- og munngervafræði

— Efnisfræði tannlækninga og tækjabúnaður til tannlækninga

— Tannfyllingar

— Forvarnartannlækningar

— Svæfingar, deyfingar og notkun róandi lyfja í tannlækningum

— Sérhæfð skurðlæknisfræði

— Sérhæfð meinafræði

— Klínískar starfsvenjur

— Barnatannlækningar

— Tannréttingar

— Tannhaldsfræði

— Röntgenfræði og myndgreining í tannlækningum

— Bit og starfsemi kjálkans

— Stjórnun og rekstur stofa, fagmennska, siðferði og löggjöf

— Félagslegar hliðar tannlækninga

— Öldrunartannlækningar

— Munnígræðslufræði

— Þverfagleg samvinna við umönnun

— Stafræn tækni í tannlækningum“.

3) Í stað liðar 5.6.1 kemur eftirfarandi:

„5.6.1. ***Nám fyrir lyfjafræðinga***

— Plöntu- og dýralíffræði
— Eðlisfræði
— Almenn og ólífræn efnafræði
— Lífræn efnafræði
— Efnagreining
— Lyfjaefnafræði, þ.m.t. lyfjagreining
— Almenn og hagnýt lífefnafræði (læknisfræðileg)
— Líffærafræði, lífeðlisfræði, meinafræði og lífeðlismeinafræði; íðorðaforði læknisfræðinnar
— Örverufræði
— Líflyfjafræði og lyfjameðferðarfræði
— Lyfjagerðarfræði
— Lyfjalíftækni
— Eiturefnafræði
— Lyfjafræði náttúruefna
— Löggjöf og, eftir því sem við á, siðareglur starfsgreinarinnar
— Erfðafræði og lyfjaerfðafræði
— Ónæmisfræði
— Klínísk lyfjafræði
— Lyfjafræðileg umsjá
— Félagslyfjafræði
— Lýðheilsa, þ.m.t. faraldsfræði
— Starfshættir í lyfjabúðum
— Lyfjahagfræði

Hlutfallið á milli fræðilegs og verklegs náms í hverri grein skal vera með þeim hætti að hæfileg áhersla sé lögð á bóklega námið til að viðhalda því fræðilega yfirbragði sem þarf að vera á námi á háskólastigi.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2000 **2025/EES/10/73**

frá 24. júlí 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1070 til að rökstyðja skýrslugjöf um beitingu hennar og til að gera kleift að nota virk loftnetskerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti ([1]), einkum 2. mgr. 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1070 ([2]) er mælt fyrir um eðlisfræðilega og tæknilega eiginleika þráðlausra aðgangsstaða sem þekja lítið svæði, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 57. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Sú framkvæmdarreglugerð gildir ekki um þráðlausa aðgangsstaði sem þekja lítið svæði með virkt loftnetskerfi.

2) Árið 2022 var Evrópustaðall EN 62232 ([3]) uppfærður til að gera kleift að nota virk loftnetskerfi, þ.m.t. í þráðlausum aðgangsstöðum sem þekja lítið svæði, en tryggja um leið að uppsettar móðurstöðvar séu í samræmi við ráðlögð mörk samkvæmt tilmælum ráðsins 1999/519/EB ([4]) um váhrif á menn af völdum rafsegulsviðs.

3) Til að endurspegla uppfærðan Evrópustaðal EN 62232 ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1070 einnig að gilda um þráðlausa aðgangsstaði sem þekja lítið svæði með virk loftnetskerfi til að greiða fyrir útbreiðslu þráðlausra aðgangsstaða sem þekja lítið svæði með nýjustu tækni í samræmi við þá víðtæku vernd fyrir lýðheilsu sem sett er fram í tilmælum 1999/519/EB. Það ætti ekki að hafa áhrif á frjálsan flutning og notkun á þráðlausum fjarskiptabúnaði í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ([5]).

4) Í samræmi við meginreglurnar um bætta reglusetningu og til að draga úr stjórnsýsluálagi ætti að framlengja skyldubundna skýrslutímabilið fyrir aðildarríkin um beitingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1070 úr einu ári í tvö ár.

5) Til að auðvelda tilkynningarferlið og til að draga úr stjórnsýsluálagi á bæði rekstraraðila sem hafa komið upp þráðlausum aðgangsstöðum sem þekja lítið svæði í flokkum E2 eða E10 og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, ætti að framlengja frestinn sem slíkir rekstraraðilar hafa til að leggja fram tilkynningu til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins varðandi nýju uppsetninguna úr tveimur vikum í einn mánuð til að auka sveigjanleika í málsmeðferð.

6) Ef um er að ræða mörg loftnetskerfi, eða hluta þeirra, sem staðsett eru á sama stað ætti að skýra nánar hvernig eigi að sýna fram á að samanlagt jafngilt alstefnuútgeislað afl (EIRP) sé í samræmi við kröfur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2000, 25.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1070 frá 20. júlí 2020 um tilgreiningu einkenna þráðlausra aðgangsstaða sem þekja lítið svæði skv. 2. mgr. 57. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtíð. ESB L 234, 21.7.2020, bls. 11).

([3]) EN 62232:2022, útgáfa 3.0, *Determination of RF field strength, power density and SAR in the vicinity of base stations for the purpose of evaluating human exposure*.

([4]) Tilmæli ráðsins 1999/519/EB frá 12. júlí 1999 um takmörkun á váhrifum sem almenningur verður fyrir af völdum rafsegulsviðs (0 Hz til 300 GHz) (Stjtíð. ESB L 199, 30.7.1999, bls. 59).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

7) Staðsetning á sama stað ætti að taka til margra loftnetskerfa, eða hluta þeirra, sem tilheyra einum eða fleiri þráðlausum aðgangsstöðum sem þekja lítið svæði, sem eru áfest eða uppsett á sama stað eða sama burðarvirki í þeim tilgangi að senda og taka á móti fjarskiptatíðnimerkjum.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1070 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1070 er breytt sem hér segir:

1) Önnur málsgrein fellur brott í 1. gr.

2) Í stað 3. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Rekstraraðilar, sem hafa komið upp þráðlausum aðgangsstöðum sem þekja lítið svæði í flokkum E2 eða E10 og uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu tilkynna lögbæru landsyfirvaldi innan eins mánaðar frá því að hver aðgangsstaður hefur verið tekinn í notkun um uppsetningu og staðsetningu þessara aðgangsstaða sem og hvort þessir aðgangsstaðir uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í a- eða b-lið 1. mgr.“.

3) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Aðildarríkin skulu hafa reglulega eftirlit með og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar, einkum um beitingu 1. mgr. 3. gr., þ.m.t. um tæknina sem notuð er í þráðlausu aðgangsstöðunum sem þekja lítið svæði og teknir hafa verið í notkun, eigi síðar en 31. desember 2021 í fyrsta sinn og árlega eftir það til 31. desember 2023. Frá og með 1. janúar 2024 skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn eigi síðar en 31. mars 2026. Viðkomandi skýrslur skulu hver um sig taka til tímabils sem nær yfir tvö almanaksár og skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars árið eftir að skýrslutímabilinu lýkur.“

4) Í stað viðaukans kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

A. **Skilyrði sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr.**

1. Heildarrúmmál þess hluta þráðlausa aðgangsstaðarins sem þekur lítið svæði sem sýnilegur er almenningi og þjónar einum eða fleiri notendum fjarskiptatíðnirófs skal ekki vera meira en 30 lítrar.

2. Heildarrúmmál þeirra hluta margra aðskildra þráðlausra aðgangsstaða sem þekja lítið svæði, sem sýnilegir eru almenningi og deila sama grunnvirki með afmarkaðan yfirborðsflöt, svo sem ljósastaur, umferðarljósi, auglýsingaskilti eða biðstöð, skal ekki vera meira en 30 lítrar.

3. Í þeim tilvikum þar sem loftnetskerfi og aðrir þættir þráðlausa aðgangsstaðarins sem þekur lítið svæði, svo sem útvarpstíðnieining, stafrænn gjörvi, geymslueining, kælikerfi, aflgjafi, kaplatengi, greinanetsþættir eða þættir fyrir jarðsamband og festingu, eru sett upp hver fyrir sig skal hver hluti þeirra umfram 30 lítra vera ósýnilegur almenningi.

4. Þráðlaus aðgangsstaður sem þekur lítið svæði skal vera í sjónrænu samræmi við burðarvirkið og í viðeigandi stærð miðað við heildarstærð burðarvirkisins, hafa samræmda lögun, hlutlausa liti til að passa saman við eða renna saman við burðarvirkið og hafa falda kapla og skal ekki, ásamt öðrum þráðlausum aðgangsstöðum sem þekja lítið svæði sem eru þegar uppsettir á sama svæði eða á aðliggjandi svæðum, skapa sjónræna truflun.

5. Þyngd og lögun þráðlausa aðgangsstaðarins sem þekur lítið svæði skal ekki krefjast burðarþolsstyrkingar á burðarvirkinu.

6. Einungis má nota þráðlausan aðgangsstað sem þekur lítið svæði í uppsetningarflokki E10 í rýmum utandyra eða á stórum innandyrasvæðum sem hafa lofthæð sem er a.m.k. 4 metrar.

B. **Kröfur Evrópustaðalsins sem um getur í 1. mgr. 3. gr.**

1. Útbreiðsla þráðlausra aðgangsstaða sem þekja lítið svæði skal vera í samræmi við uppsetningarflokka E0, E2 og E10, eins og sett er fram í töflu 2 í lið 6.2.5 í Evrópustaðli EN 62232:2022 *Determination of RF field strength, power density and specific absorption rate (SAR) in the vicinity of radiocommunication base stations for the purpose of evaluating human exposure*.

2. Ef um er að ræða mörg loftnetskerfi, eða hluta þeirra, sem staðsett eru á sama stað og tilheyra einum eða fleiri þráðlausum aðgangsstöðum sem þekja lítið svæði og falla undir þessa reglugerð, skulu viðmiðanirnar fyrir jafngilt alstefnuútgeislað afl, sem settar eru fram í staðlinum sem um getur í 1. lið, gilda um heildartölu jafngilds alstefnuútgeislaðs afls allra loftnetskerfa sem eru staðsett á sama stað eða hluta þeirra. Ef um er að ræða mörg loftnetskerfi, eða hluta þeirra, sem staðsett eru á sama stað, geta uppsetningaraðilarnir í sameiningu lagt fram gögn um að samanlagt jafngilt alstefnuútgeislað afl sé í samræmi við kröfur, nema kveðið sé á um annað í landslögum.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1012 2025/EES/10/74

frá 7. apríl 2022

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 að því er varðar að setja viðmiðanir um þjónustu- og öryggisstig öruggra og verndaðra bílastæðasvæða og verklagsreglur um vottun þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006 skulu ökumenn sem stunda flutninga á vegum fá daglegan og vikulegan hvíldartíma. Hluta hvíldartímans er oft varið á veginum, einkum í tilvikum þar sem ökumenn stunda millilandaflutninga um langar vegalengdir. Því er afar mikilvægt að ökumenn hafi aðgang að bílastæðasvæðum þar sem þeir geta hvílt sig á öruggan hátt og þar sem viðeigandi aðstaða er til staðar svo þeir geti nálgast þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

2) Í 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006 er sett fram skrá yfir kröfur sem bílastæðasvæði, sem eru aðgengileg ökumönnum sem stunda vöru- og farþegaflutninga á vegum, verða að uppfylla til að verða vottuð sem örugg og vernduð [var áður örugg og áreiðanleg] bílastæðasvæði í tengslum við þjónustu- og öryggisstig slíkra bílastæðasvæða.

3) Í rannsókn framkvæmdastjórnarinnar frá 2019 um örugg og vernduð bílastæðasvæði í Sambandinu ([2]) var umtalsverður skortur á slíkri aðstöðu staðfestur. Framkvæmdastjórnin lagði einnig fram nokkrar tillögur, m.a. að því er varðar staðla um örugg og vernduð bílastæðasvæði og verklagsreglur um vottun.

4) Vegna núverandi skorts á öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum í Sambandinu ætti að hvetja til þróunar á slíkri aðstöðu á vettvangi Sambandsins til að tryggja að ökumenn sem stunda flutninga á vegum hafi aðgengi að þeim hvar sem þeir stoppa á vegum Sambandsins.

5) Til að örva þróun öruggra og verndaðra bílastæðasvæða er nauðsynlegt að þróa sameiginlegan ramma á vettvangi Sambandsins til að tryggja að geirinn hafi aðgang að skýrum og samræmdum upplýsingum um örugg og vernduð bílastæðasvæði í öllu Sambandinu.

6) Til að bæta vinnuskilyrði ökumanna sem stunda flutninga á vegum, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 561/2006, ættu öll örugg og vernduð bílastæðasvæði að hafa sameiginlegt lágmarksþjónustustig, án tillits til öryggisstigs þeirra.

7) Í ljósi fjölgunar afbrota sem tengjast farmflutningum, sem hefur áhrif á ökumenn sem stunda flutninga á vegum, ætti að bæta öryggi þeirra til að tryggja að þeir hvílist áhyggjulaust og koma þar með í veg fyrir uppsafnaða þreytu. Mikilvægt er að veita ökumönnum góð hvíldarskilyrði á öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum til að tryggja umferðaröryggi og draga úr hættu á slysum vegna þreytu.

8) Örugg og vernduð bílastæðasvæði eru nauðsynleg til að ökumenn og flutningafyrirtæki geti varið farm sinn gegn afbrotum sem tengjast farmflutningum. Vegna fjölbreytni fyrirtækjanna og varanna sem fluttar eru gætu flutningafyrirtæki og ökumenn þurft á bílastæðasvæðum með mismunandi öryggisstigum að halda, allt eftir því hvaða vörur þeir flytja. Því ætti að gera ráð fyrir mismunandi tegundum fyrirtækja í viðmiðunum Sambandsins og bílastæðasvæði ættu að hafa mismunandi lágmarksöryggisstig.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 170, 28.6.2022, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

([2]) Rannsókn framkvæmdastjórnarinnar um örugg og vernduð bílastæði fyrir vörubifreiðar (2019) (e. *Commission Study on safe and secure parking places for trucks*). Aðgengilegt á eftirfarandi vefslóð: https://sstpa.eu-study.eu/download/19/final-report/1188/final-report-sstpa-28022019-isbn.pdf

9) Öryggi á bílastæðasvæðum ætti að nást með því að tryggja að viðeigandi öryggisverklagsreglur og -búnaður sé til staðar umhverfis ytri mörk þeirra, á bílastæðasvæðinu sjálfu og við inn- og útakstursleiðir. Einnig ætti að innleiða verklagsreglur fyrir starfsfólk til að tryggja að gerðar séu forvarnarráðstafanir gegn áhættu og til að draga úr afleiðingum í kjölfar atvika þegar þau eiga sér stað.

10) Til að veita notendum öruggra og verndaðra bílastæðasvæða gagnsæi og vissu ættu bílastæðasvæði að vera vottuð af óháðri vottunarstofu í samræmi við verklagsreglur sem ákveðnar eru á vettvangi Sambandsins. Verklagsreglur um vottun fyrir úttektir, endurúttektir eða fyrirvaralausar úttektir á öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum ættu að vera skilgreindar með skýrum hætti til að tryggja að rekstraraðilar bílastæðasvæða viti hvernig þeir eigi að sækja um vottun eða endurvottun. Einnig ætti að tryggja að notaðar séu viðeigandi verklagsreglur þegar í ljós kemur að öruggt og verndað bílastæðasvæði uppfyllir ekki lengur það þjónustu- eða öryggisstig sem það hefur fengið vottun fyrir.

11) Notendur öruggra og verndaðra bílastæðasvæða ættu að hafa aðgang að kvörtunarfyrirkomulagi til að tilkynna um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

12) Vottunarstofur ættu að geta veitt rekstraraðilum úttektarvottorð og einnig látið þær upplýsingar framkvæmdastjórninni í té þannig að skrá yfir örugg og vernduð bílastæðasvæði á viðeigandi opinberu vefsetri sé uppfærð.

13) Til að taka tillit til hraðrar þróunar á sviði stafrænnar tækni og til að bæta stöðugt vinnuskilyrði ökumanna ætti framkvæmdastjórnin að meta vægi þess að endurskoða samhæfðu viðmiðanirnar og verklagsreglurnar um vottun eigi síðar en fjórum árum eftir að þessi gerð hefur verið samþykkt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Öryggis- og þjónustustig

Til að bílastæðasvæði verði vottað sem öruggt og verndað bílastæðasvæði, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006, skal bílastæðasvæði uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

a) allar viðmiðanir um lágmarksþjónustustig sem sett er fram í A-þætti í I. viðauka við þessa reglugerð,

b) allar viðmiðanir um eitt af þeim öryggisstigum sem sett eru fram í B-þætti í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Verklagsreglur um vottun

Vottun bílastæðasvæða sem örugg og vernduð bílastæðasvæði, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006, skal uppfylla viðmiðanirnar og verklagsreglurnar sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Endurskoðunarákvæði

Eigi síðar en 7. apríl 2026 skal framkvæmdastjórnin meta hvort breyta þurfi viðmiðunum og verklagsreglunum um vottun, sem kveðið er á um í I. og II. viðauka, í ljósi núverandi tækniþróunar og til að gera stöðugar umbætur á vinnuskilyrðum ökumanna.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR SAMBANDSINS MEÐ FREKARI UPPLÝSINGUM UM ÞJÓNUSTU- OG ÖRYGGISSTIG ÖRUGGRA OG VERNDAÐRA BÍLASTÆÐASVÆÐA

A. **Lágmarksþjónustustig**

Örugg og vernduð bílastæðasvæði, sem vottuð eru samkvæmt viðmiðunum Sambandsins, skulu uppfylla það lágmarksþjónustustig sem lýst er í töflu 1.

Tafla 1

Kynjavæn hreinlætisaðstaða	— Karlar og konur skulu hafa aðgang að aðskildum og starfhæfum salernum og sturtum. Í sturtunum skal vera heitt vatn. — Aðgengi skal vera að starfhæfum krönum með heitu vatni. Handsápa skal vera til afnota án endurgjalds. — Sorptunnur skulu vera á svæðinu og skulu þær tæmdar reglulega. — Salerni, sturtur og handlaugar skulu þrifin og athuguð daglega með reglulegu millibili. Þrifaáætlun skal vera sýnileg.
Kaup og neysla á matvælum og drykkjarvörum	— Mögulegt skal vera að kaupa snarl og drykki allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. — Matsalur fyrir ökumenn skal vera til staðar.
Fjarskiptatengingar	— Nettenging skal vera fyrir hendi án endurgjalds.
Aflgjafi	— Rafmagnstenglar til einkanota skulu vera til staðar. — Eigi síðar en 31. desember 2026 skal vera til reiðu aðstaða til að tengja kæld ökutæki til flutninga á vegum við raforku.
Tengiliðir og verklagsreglur við neyðarástand	— Skilti skulu sjást greinileg til að tryggja örugga umferð á bílastæðasvæðinu. — Upplýsingar um tengiliði við neyðarástand skulu vera sýnilegar á bílastæðasvæðinu, a.m.k. á opinberu tungumáli landsins og á ensku. Þeim skulu fylgja auðskiljanlegar skýringarmyndir.

B. **Öryggisstig**

1. Örugg og vernduð bílastæðasvæði, sem vottuð eru samkvæmt viðmiðunum Sambandsins, skulu uppfylla þær viðmiðanir sem settar eru fram undir einu af öryggisstigunum sem lýst er í töflum 2–5.

2. Á öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum skal sjá til þess að verklagsreglurnar og búnaðurinn, sem skráður er undir hverju öryggisstigi, sé fullkomlega starfhæfur.

3. Viðmiðanirnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, hafa ekki áhrif á landslöggjöf í tengslum við þau verkefni sem öryggisverðir, með tilskilin réttindi og þjálfun, innanhúss eða utanaðkomandi, verða að inna af hendi. Allir öryggisverðir skulu einnig hafa hlotið viðeigandi þjálfun þegar gerð er krafa um slíkt í landslöggjöfinni.

4. Hversu lengi varðveita má gögn sem safnað er með myndavélavöktun (CCTV) hefur hvorki áhrif á landslöggjöf né löggjöf Sambandsins á því sviði. Það skal gilda um allar skyldubundnar og valfrjálsar kröfur samkvæmt þessum viðmiðunum.

5. Gildi ljósstyrks (lúx), sem eru gefin upp á mismunandi öryggisstigum, skulu vera meðalgildi.

6. Með fyrirvara um landslög, þar sem viðbótarkröfur um þjálfun eru ákvarðaðar, skulu rekstraraðilar öruggra og verndaðra bílastæðasvæða tryggja að starfsfólk þeirra á staðnum og í fjarvinnu, sem stjórna öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum, sem og stjórnandi bílastæðasvæðisins, undirgangist þjálfun um viðmiðanir Sambandsins um örugg og vernduð bílastæðasvæði. Nýtt starfsfólk skal undirgangast þessa þjálfun innan sex mánaða frá því það hefur störf. Þjálfunin skal ná yfir eftirfarandi atriði:

   — þjálfun og eftirlit með starfsfólki,

— atvikastjórnun,

— eftirlit og vöktun,

— tækni.

7. Á öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum skulu vera upplýsingar á staðnum fyrir notendur um hvernig eigi að leggja fram kvörtun hjá viðkomandi vottunarstofu.

a. *Bronsstig*

Tafla 2

BRONSSTIG	
Ytri mörk	— Ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu tryggð með sýnilegum vörnum. Sýnilegu varnirnar skulu vera staðsettar á jörðu niðri til að gefa til kynna ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins og að einungis ökutæki til farmflutninga og ökutæki með leyfi séu heimiluð á bílastæðasvæðinu. — Ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu hafa 15 lúxa lýsingu. — Allur gróður umhverfis ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni.
Bílastæðasvæði	— Á viðeigandi skiltum skal koma fram að einungis ökutæki til farmflutninga og ökutæki sem eru með leyfi séu heimiluð á bílastæðasvæðinu. — Eftirlit á staðnum eða fjareftirlit skal fara fram a.m.k. einu sinni á sólarhring. — Allur gróður á bílastæðasvæðinu skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni. — Allar akreinar ökutækja og gangbrautir á bílastæðasvæðinu skulu hafa 15 lúxa lýsingu.
Innakstur/útakstur	— Inn- og útakstursleiðir örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu hafa 25 lúxa lýsingu. — Við allar inn- og útakstursleiðir á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal setja upp starfhæft eftirlitsmyndavélakerfi með góðum myndgæðum. — Eftirlitsmyndavélakerfið skal taka upp stafrænt og samfellt (a.m.k. fimm ramma á sekúndu) eða byggjast á hreyfiskynjara með fyrir- og eftir-upptöku og hafa myndavélar með dag- og næturstillingum ásamt háskerpuupplausn með 720 myndeindum. — Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal annast venjubundið eftirlit með myndavélavöktun einu sinni í viku og geyma upptökuna úr því í eina viku. Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal athuga virkni eftirlitsmyndavélakerfisins á a.m.k. 48 klukkustunda fresti. — Geyma skal gögnin úr myndavélavöktuninni í 30 daga nema styttra varðveislutímabils sé krafist samkvæmt gildandi landslögum eða löggjöf Sambandsins. Í því tilviki skal lengsta varðveislutímabilið, sem heimilað er samkvæmt lögum, gilda. — Á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal vera fyrir hendi ábyrgð fyrir eftirlitsmyndavélakerfið, þjónustusamningur eða gögn sem sýna fram á eigin viðhaldsgetu. Sérhæfðir tæknimenn skulu ávallt starfrækja eftirlitsmyndavélakerfin á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu.
Verklagsreglur fyrir starfsfólk	— Á grundvelli árlegs áhættumats og með fyrirvara um landslöggjöf, þar sem viðbótarkröfur eru ákvarðaðar, skal öryggisáætlun vera fyrir hendi sem tekur til allra þátta, allt frá forvörnum gegn áhættu og áhættumildun aðgerða til mótvægisaðgerða í samstarfi við löggæsluna. — Tilnefna skal einstakling á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu sem ber ábyrgð á verklagsreglum fyrir starfsfólk ef atvik eiga sér stað. Starfsfólk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins verður ávallt að hafa aðgang að tæmandi skrá yfir löggæslu á staðnum. — Verklagsregla skal vera fyrir hendi fyrir tilvik þar sem óleyfilegum ökutækjum er lagt á örugga og verndaða bílastæðasvæðið. Þessi verklagsregla skal sett fram með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Greiða skal fyrir að starfsfólk og lögregla fái tilkynningu um atvik og afbrot með því að setja fram verklagsreglu með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu.

b. *Silfurstig*

Tafla 3

SILFURSTIG	
Ytri mörk	— Tryggja skal ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins í það minnsta með áþreifanlegri vörn sem hindrar umferð og verður til þess að eingöngu er hægt að komast inn og út af örugga og verndaða bílastæðasvæðinu við tilgreindar inn- og útakstursleiðir. Tryggja skal örugga og verndaða bílastæðasvæðið með samfelldri myndavélavöktun og -upptöku ásamt sýnilegum vörnum. — Eftirlitsmyndavélakerfið skal taka upp stafrænt og samfellt, a.m.k. fimm ramma á sekúndu, eða byggjast á hreyfiskynjara með fyrir- og eftir-upptöku og hafa myndavélar með dag- og næturstillingum ásamt háskerpuupplausn með 720 myndeindum. — Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal annast venjubundið eftirlit með myndavélavöktun á 72 klukkustunda fresti og geyma upptökuna úr því í eina viku. — Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal athuga virkni eftirlitsmyndavélakerfisins á a.m.k. 48 klukkustunda fresti. — Geyma skal gögnin úr myndavélavöktuninni í 30 daga nema styttra varðveislutímabils sé krafist samkvæmt gildandi landslögum eða löggjöf Sambandsins. Í því tilviki skal lengsta varðveislutímabilið, sem heimilað er samkvæmt lögum, gilda. — Á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal vera fyrir hendi ábyrgð fyrir eftirlitsmyndavélakerfið, þjónustusamningur eða gögn sem sýna fram á eigin viðhaldsgetu. Sérhæfðir tæknimenn skulu ávallt starfrækja eftirlitsmyndavélakerfin á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu hafa 20 lúxa lýsingu. — Allur gróður umhverfis ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni.
Bílastæðasvæði	— Á viðeigandi skiltum skal koma fram að einungis ökutæki til farmflutninga og ökutæki sem eru með leyfi séu heimiluð á bílastæðasvæðinu. — Eftirlit á staðnum eða fjareftirlit skal fara fram að lágmarki tvisvar á sólarhring og a.m.k. einu sinni að degi til og einu sinni að nóttu til. — Allar akreinar ökutækja og gangbrautir á bílastæðasvæðinu skulu hafa 15 lúxa lýsingu. — Allur gróður á bílastæðasvæðinu skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni.
Innakstur/útakstur	— Inn- og útakstursleiðir örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu hafa 25 lúxa lýsingu og tryggðar með tálmum. Þessir tálmar skulu búnir tal- og miðakerfi. — Við allar inn- og útakstursleiðir á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal setja upp starfhæft eftirlitsmyndavélakerfi með góðum myndgæðum. Kröfur að því er varðar myndavélavöktun undir liðnum „ytri mörk“ á þessu öryggisstigi skulu einnig gilda um myndavélavöktun við inn- og útakstursleiðir.
Verklagsreglur fyrir starfsfólk	— Á grundvelli árlegs áhættumats, og með fyrirvara um landslöggjöf þar sem viðbótarkröfur eru ákvarðaðar, skal öryggisáætlun vera fyrir hendi til að kanna þá sérstöku áhættu sem örugga og verndaða bílastæðasvæðið stendur frammi fyrir vegna þátta á borð við staðsetningu þess, tegundir notenda, umferðaröryggisskilyrði, afbrotatíðni og almenn öryggissjónarmið. — Tilnefna skal einstakling á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu sem ber ábyrgð á verklagsreglum fyrir starfsfólk ef atvik eiga sér stað. Starfsfólk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins verður ávallt að hafa aðgang að tæmandi skrá yfir löggæslu á staðnum. — Verklagsregla skal vera fyrir hendi fyrir tilvik þar sem óleyfilegum ökutækjum er lagt á örugga og verndaða bílastæðasvæðið. Þessi verklagsregla skal sett fram með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Greiða skal fyrir að starfsfólk og lögregla fái tilkynningu um atvik og afbrot með því að setja fram verklagsreglu með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Notendur skulu hafa aðgang að aðstoð allan sólarhringinn, alla daga vikunnar.

c. *Gullstig*

Tafla 4

GULLSTIG	
Ytri mörk	— Ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu tryggð með áþreifanlegum tálma sem er a.m.k. 1,8 m á hæð. Á milli tálmans og bílastæðasvæðisins skal vera autt svæði sem nemur einum metra. — Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir óvísvitandi tjón á tálmunum. — Ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu hafa 25 lúxa lýsingu. — Á öllum ytri mörkum örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal vera stöðug myndavélavöktun þannig að ekki komi eyður í eftirlitið. — Eftirlitsmyndavélakerfið skal taka upp samfellt, a.m.k. fimm ramma á sekúndu, eða byggjast á hreyfiskynjara með fyrir- og eftir-upptöku og hafa myndavélar með dag- og næturstillingum ásamt háskerpuupplausn með 720 myndeindum. — Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal annast venjubundið eftirlit með myndavélavöktun á 48 klukkustunda fresti og geyma upptökuna úr því í eina viku. — Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal athuga virkni eftirlitsmyndavélakerfisins á a.m.k. 24 klukkustunda fresti. — Geyma skal gögnin úr myndavélavöktuninni í 30 daga nema styttra varðveislutímabils sé krafist samkvæmt gildandi landslögum eða löggjöf Sambandsins. Í því tilviki skal lengsta varðveislutímabilið, sem heimilað er samkvæmt lögum, gilda. — Á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal vera fyrir hendi ábyrgð fyrir eftirlitsmyndavélakerfið eða þjónustusamningur, með a.m.k. einni þjónustuheimsókn á ári frá sérhæfðu fyrirtæki með tilskilin réttindi, eða gögn sem sýna fram á eigin viðhaldsgetu. Sérhæfðir tæknimenn skulu ávallt starfrækja eftirlitsmyndavélakerfin á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Samstilla skal myndavélavöktun og atburði tengda aðgangi með sameiginlegum hugbúnaði sem lætur starfsfólkið vita. — Ef netkerfi bilar skal geyma öll gögn úr eftirlitsmyndavélum og atburði tengda aðgangi á staðnum og hlaða þeim aftur upp þegar tengingunum við miðlægan skráningarbúnað hefur verið komið á aftur. — Allur gróður umhverfis ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni.
Bílastæðasvæði	— Á viðeigandi skiltum skal koma fram að einungis ökutæki til farmflutninga og ökutæki sem eru með leyfi séu heimiluð á bílastæðasvæðinu. — Eftirlit á staðnum eða fjareftirlit skal fara fram að lágmarki tvisvar á sólarhring og a.m.k. einu sinni að degi til og einu sinni að nóttu til. — Akreinar og gangbrautir á bílastæðasvæðinu skulu vera merktar og hafa 15 lúxa lýsingu. — Allur gróður á bílastæðasvæðinu skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni.
Innakstur/útakstur	— Inn- og útakstursleiðir örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu hafa 25 lúxa lýsingu og tryggðar með tálmum, sem eru þannig búnir að ekki sé hægt að fara undir eða yfir þá, auk umferðarljósa. — Við allar inn- og útakstursleiðir á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal setja upp starfhæft eftirlitsmyndavélakerfi með góðum myndgæðum. Inn- og útakstursleiðir skulu útbúnar tækni sem greinir númeraplötur. Upptökur af ökutækjum við inn- og útakstur skulu vistaðar í samræmi við gildandi landslöggjöf eða löggjöf Sambandsins. — Inn- og útakstursleiðir örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu tryggðar með búnaði sem kemur í veg fyrir og greinir átroðning, svo sem með snúningshliði, sem er a.m.k. 1,80 metrar á hæð, fyrir gangandi vegfarendur. Inngangur að þjónustusvæðum, s.s. salernum, veitingastöðum og verslunum, skal útbúinn með þríarmasnúningshliði þegar aðgangur á milli bílastæðasvæðisins og þjónustusvæðisins er óhindraður.

Verklagsreglur fyrir starfsfólk	— Á grundvelli árlegs áhættumats, og með fyrirvara um landslöggjöf þar sem viðbótarkröfur eru ákvarðaðar, skal öryggisáætlun vera fyrir hendi til að kanna þá sérstöku áhættu sem örugga og verndaða bílastæðasvæðið stendur frammi fyrir vegna þátta á borð við staðsetningu þess, tegundir viðskiptavina, umferðaröryggisskilyrði, afbrotatíðni og almenn öryggissjónarmið. — Á grundvelli árlegs áhættumats, og með fyrirvara um landslöggjöf þar sem viðbótarkröfur eru ákvarðaðar, skal áætlun um rekstrarsamfellu vera fyrir hendi. Hún skal innihalda ítarlegar ráðstafanir um hvernig bregðast skuli við atvikum sem valda röskun og hvernig mikilvægri starfsemi sé viðhaldið á meðan atvik á sér stað. Stjórnendur örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu geta sýnt fram á framkvæmd þessara ráðstafana. — Verklagsregla skal vera fyrir hendi fyrir tilvik þar sem óleyfilegum ökutækjum er lagt á örugga og verndaða bílastæðasvæðið. Þessi verklagsregla skal sett fram með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Notendur skulu hafa aðgang að aðstoð allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. — Greiða skal fyrir að starfsfólk og lögregla fái tilkynningu um atvik og afbrot með því að setja fram verklagsreglu með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Tilnefna skal einstakling sem ber ábyrgð á verklagsreglum fyrir starfsfólk. — Stjórnunarkerfi bílastæðasvæðisins skal vera í stakk búið til að taka á móti gagnaflutningum samkvæmt DATEX II.

d. *Platínustig*

Tafla 5

PLATÍNUSTIG	
Ytri mörk	— Ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu varin með samfelldum tálma, sem er a.m.k. 1,8 m að hæð, með vörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að klifra yfir hann. Á milli tálmans og bílastæðasvæðisins skal vera autt svæði sem nemur einum metra. — Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir vísvitandi og óvísvitandi tjón á tálmum. — Ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu hafa 25 lúxa lýsingu. — Á öllum ytri mörkum örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal vera stöðug myndavélavöktun þannig að ekki komi eyður í eftirlitið. — Eftirlitsmyndavélakerfið skal taka upp stafrænt og samfellt, a.m.k. fimm ramma á sekúndu, eða byggjast á hreyfiskynjara með fyrir- og eftir-upptöku og hafa myndavélar með dag- og næturstillingum ásamt háskerpuupplausn með 720 myndeindum. — Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal annast venjubundið eftirlit með myndavélavöktun á 48 klukkustunda fresti og geyma upptökuna úr því í eina viku. — Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal athuga virkni eftirlitsmyndavélakerfisins á a.m.k. 24 klukkustunda fresti. — Geyma skal gögnin úr myndavélavöktuninni í 30 daga nema styttra varðveislutímabils sé krafist samkvæmt gildandi landslögum eða löggjöf Sambandsins. Í því tilviki skal lengsta varðveislutímabilið, sem heimilað er samkvæmt lögum, gilda. — Á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal vera fyrir hendi ábyrgð fyrir eftirlitsmyndavélakerfið eða þjónustusamningur, með a.m.k. tveimur þjónustuheimsóknum á ári frá sérhæfðu fyrirtæki með tilskilin réttindi, eða gögn sem sýna fram á eigin viðhaldsgetu. Sérhæfðir tæknimenn skulu ávallt starfrækja eftirlitsmyndavélakerfin á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Samstilla skal myndavélavöktun og atburði tengda aðgangi með sameiginlegum hugbúnaði sem lætur starfsfólkið vita. — Starfsfólk skal fara yfir atburði sem tengjast öryggi á bílastæðinu, sem nást á eftirlitsmyndavélar, með því að nota veflæga biðlara. Ef netkerfi bilar skal geyma öll gögn úr eftirlitsmyndavélum og atburði tengda aðgangi á staðnum og hlaða þeim aftur upp þegar tengingunum við miðlægan skráningarbúnað hefur verið komið á aftur. — Vöktunar- og neyðarviðbragðamiðstöð, sem er utan svæðisins, skal vakta myndir úr myndavélavöktun (allan sólarhringinn, alla daga vikunnar) í gegnum fjartengingu, nema ef öryggisverðir eru á svæðinu.

	— Eftirlitsmyndavélakerfið skal gefa frá sér viðvörun við átroðning eða ef einhver klifrar yfir tálmann og gefa frá sér viðvörun með hljóð- eða ljósmerki á bílastæðasvæðinu og í vöktunar- og neyðarviðbragðamiðstöðvum. — Allur gróður umhverfis ytri mörk örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni.
Bílastæðasvæði	— Á viðeigandi skiltum skal koma fram að einungis ökutæki til farmflutninga og ökutæki sem eru með leyfi séu heimiluð á bílastæðasvæðinu. — Akreinar og gangbrautir á bílastæðasvæðinu skulu vera merktar og hafa 15 lúxa lýsingu. — Allur gróður á bílastæðasvæðinu skal vera vel hirtur til að tryggja gott skyggni. — Svæðið skal vera mannað eða vaktað með myndbandsvöktun allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. — Kröfur að því er varðar myndavélavöktun undir liðnum „ytri mörk“ á þessu öryggisstigi skulu einnig gilda um myndavélavöktun á bílastæðasvæði.
Innakstur/útakstur	— Inn- og útakstursleiðir á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skulu hafa 25 lúxa lýsingu og tryggðar með hliðum, sem eru þannig búin að ekki sé hægt að fara undir eða yfir þau, eða tálmum, sem eru þannig búnir að ekki sé hægt að fara undir eða yfir þá, auk umferðarpolla. — Við allar inn- og útakstursleiðir á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skal setja upp starfhæft eftirlitsmyndavélakerfi með góðum myndgæðum. Vakta skal inn- og útakstursleiðir, þ.m.t. inn- og útgönguleiðir gangandi vegfarenda, á rauntíma. — Kröfur að því er varðar myndavélavöktun undir liðnum „ytri mörk“ á þessu öryggisstigi skulu einnig gilda um myndavélavöktun við inn- og útakstursleiðir. — Inn- og útakstursleiðir örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu tryggðar með búnaði sem kemur í veg fyrir og greinir átroðning, svo sem með snúningshliði, sem er a.m.k. 1,80 metrar á hæð, fyrir gangandi vegfarendur. Inngangur að þjónustusvæðum, s.s. salernum, veitingastöðum og verslunum, skal útbúinn með þríarmasnúningshliði þegar aðgangur á milli bílastæðasvæðisins og þjónustusvæðisins er óhindraður. — Inn- og útakstursleiðir örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu útbúnar tækni sem greinir númeraplötur. Þegar ökutæki fer út af örugga og verndaða bílastæðasvæðinu skulu öryggisverðir athuga hvort númeraplatan sé í samræmi við auðkenni sannprófunarkerfisins fyrir inn- og útakstur, t.d. með miðum, tækjum til auðkenningar með fjarskiptatíðni (e. *RFID reader*) eða QR-kóðum. Skrár yfir ökutæki, sem koma inn á og fara út af örugga og verndaða bílastæðasvæðinu, skulu vistaðar í samræmi við gildandi landslöggjöf eða löggjöf Sambandsins. — Inn- og útakstursleiðir örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu tryggðar með tveggja þrepa sannprófunarkerfi, sem felur í sér skoðanir á númeraplötu og aðra viðeigandi aðferð sem hefur verið valin á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu, sem myndi gera kleift að sannprófa deili á ökumönnunum og bera kennsl á þá, sem og alla einstaklinga sem fylgja ökumanni og alla aðra einstaklinga sem hafa heimild til að koma inn á bílastæðið. — Ef hliðvarðarskýli er á bílastæðasvæðinu þarf það að geta staðist ytri árás og hafa lokunarbúnað á hurðum hliðvarðarskýlisins.
Verklagsreglur fyrir starfsfólk	— Á grundvelli árlegs áhættumats, og með fyrirvara um landslöggjöf þar sem viðbótarkröfur eru ákvarðaðar, skal öryggisáætlun vera fyrir hendi til að kanna þá sérstöku áhættu sem örugga og verndaða bílastæðasvæðið stendur frammi fyrir vegna þátta á borð við staðsetningu þess, tegundir viðskiptavina, umferðaröryggisskilyrði, afbrotatíðni og almenn öryggissjónarmið. — Á grundvelli árlegs áhættumats, og með fyrirvara um landslöggjöf þar sem viðbótarkröfur eru ákvarðaðar, skal áætlun um rekstrarsamfellu vera fyrir hendi. Hún skal innihalda ítarlegar ráðstafanir um hvernig bregðast skuli við atvikum sem valda röskun og hvernig mikilvægri starfsemi sé viðhaldið á meðan atvik á sér stað. Stjórnendur örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skulu geta sýnt fram á framkvæmd þessara ráðstafana. — Verklagsregla skal vera fyrir hendi fyrir tilvik þar sem óleyfilegum ökutækjum er lagt á örugga og verndaða bílastæðasvæðið. Þessi verklagsregla skal sett fram með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Notendur skulu hafa aðgang að aðstoð allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. — Greiða skal fyrir að öryggisverðir og lögregla fái tilkynningu um atvik og afbrot með því að setja fram verklagsreglu með skýrum hætti á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu. — Tilnefna skal einstakling sem ber ábyrgð á verklagsreglum fyrir starfsfólk. — Nota skal tæknilega notendahandbók. — Innleiða skal verklagsreglur vegna neyðarviðbragða. — Stjórnunarkerfi bílastæðasvæðisins skal vera í stakk búið til að taka á móti gagnaflutningum samkvæmt DATEX II. — Örugg fyrirframbókun í gegnum síma, samskiptaeyðublöð, tölvupóst, smáforrit eða bókunarvettvanga skal vera möguleg. Ef boðið er upp á fyrirframbókun í gegnum smáforrit eða svipuð bókunarkerfi verða gagnasendingar að eiga sér stað á rauntíma.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG VERKLAGSREGLUR UM VOTTUN

A. **Vottunarstofur og þjálfun úttektaraðila**

1. Einungis vottunarstofum og úttektaraðilum, sem uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í þessum viðauka, er heimilt að annast vottun öruggra og verndaðra bílastæðasvæða, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006.

2. Vottunarstofur, sem hafa úttektaraðila sem gera úttektir með það fyrir augum að votta örugg og vernduð bílastæðasvæði í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka, skulu hafa hlotið hópfaggildingu í samræmi við staðalinn ISO 17021.

3. Úttektaraðilar, sem annast vottunarúttektir í því skyni að votta örugg og vernduð bílastæðasvæði, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka, skulu hafa samningsbundin tengsl við vottunarstofuna.

4. Í samræmi við staðalinn ISO 17021 skulu vottunarstofur tryggja að úttektaraðilar, sem annast úttektir í tengslum við vottun öruggra og verndaðra bílastæðasvæða, hafi hlotið viðeigandi þjálfun.

5. Úttektaraðilar vottunarstofa skulu hafa lokið, með fullnægjandi árangri, þjálfun fyrir úttektaraðila varðandi nýjustu útgáfu viðmiðananna, sem settar eru fram í I. viðauka, sem samanstendur af fræðilegum og verklegum hluta.

6. Úttektaraðilar vottunarstofa skulu hafa góða enskukunnáttu og þekkingu á viðkomandi tungumáli aðildarríkisins þar sem þeir annast úttektina.

7. Vottunarstofur, sem óska eftir því að votta örugg og vernduð bílastæðasvæði, skulu framsenda framkvæmdastjórninni skjölin sem sanna að þær uppfylla allar kröfurnar í þessum þætti. Ef vottunarstofan uppfyllir allar viðmiðanirnar, sem settar eru fram í þessum þætti, skal bæta við nafni og samskiptaupplýsingum vottunarstofunnar á opinbera vefsetrið sem um getur í 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006.

B. **Verklagsreglur við vottunarúttektir, fyrirvaralausar úttektir og afturköllun á vottorði öruggs og verndaðs bílastæðasvæðis**

1. Vottunarúttektir á öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum skulu fara fram á staðnum. Rekstraraðilar bílastæðasvæða sem vilja fá vottun í samræmi við viðmiðanir Sambandsins, sem settar eru fram í I. viðauka, skulu fara þess á leit við vottunarstofu um að gera vottunarúttekt á bílastæðasvæðinu.

2. Þremur mánuðum fyrir lok gildistíma vottorðsins skulu rekstraraðilar öruggra og verndaðra bílastæðasvæða, sem óska eftir að endurnýja vottorðið, fara þess á leit við vottunarstofuna, sem þeir velja, að hún geri nýja úttekt. Skipuleggja skal endurvottunarúttekt og kynna niðurstöðurnar fyrir rekstraraðila bílastæðasvæðisins áður en gildandi vottorð fellur úr gildi.

3. Ef vottunarstofan getur ekki framkvæmt umbeðna endurvottunarúttekt vegna sérstakra aðstæðna, sem hvorki vottunarstofan né rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins gat séð fyrir, getur vottunarstofan ákveðið að framlengja gildistíma núverandi vottorðs um allt að sex mánuði. Slíka framlengingu má einungis endurnýja einu sinni.

   Vottunarstofan skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ástæðurnar fyrir slíkri framlengingu og skulu viðeigandi upplýsingar gerðar aðgengilegar á miðlæga, opinbera vefsetrinu, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006.

4. Á gildistíma vottorðsins um örugg og vernduð bílastæðasvæði skal viðkomandi vottunarstofa gera a.m.k. eina fyrirvaralausa úttekt á viðmiðunum sem settar eru fram í I. viðauka.

5. Vottunarstofan skal tilkynna rekstraraðila örugga og verndaða bílastæðasvæðisins um niðurstöður endurvottunarúttekta og fyrirvaralausra úttekta án ótilhlýðilegrar tafar.

6. Ef vottunarstofan, í kjölfar endurvottunarúttektar eða fyrirvaralausrar úttektar, ályktar að örugga og verndaða bílastæðasvæðið uppfylli ekki lengur eina eða fleiri af kröfunum, sem falla undir vottorðið, skal hún tilkynna rekstraraðilanum um misbrestina sem komu í ljós og leggja til ráðstafanir til úrbóta. Vottunarstofan skal gefa rekstraraðilanum kost á því að bregðast við þessum misbrestum innan tímabils sem úttektaraðilinn ákvarðar, með hliðsjón af því hversu alvarlegir misbrestirnir sem komu í ljós eru. Rekstraraðilinn skal upplýsa vottunarstofuna um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið til að ráða bót á þessum annmörkum og veita allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir lok tímabilsins.

7. Vottunarstofan skal meta þær ráðstafanir til úrbóta sem rekstraraðilinn hefur gert innan fjögurra vikna. Ef hún ályktar að örugga og verndaða bílastæðasvæðið fullnægi öllum lágmarkskröfum um þjónustu, sem settar eru fram í I. viðauka, og öllum öryggiskröfum sem falla undir vottorðið skal gefa út nýtt úttektarvottorð fyrir það stig sem óskað er eftir. Ef um er að ræða fyrirvaralausa úttekt gildir sama úttektarvottorðið áfram þar til það fellur úr gildi.

8. Ef vottunarstofan ályktar að allar lágmarkskröfur um þjónustu séu uppfylltar á örugga og verndaða bílastæðasvæðinu, sem settar eru fram í I. viðauka, og öryggiskröfur á öðru öryggisstigi en því sem fellur undir gildandi vottorð, skal gefa út nýtt úttektarvottorð sem endurspeglar viðeigandi öryggisstig. Ef um er að ræða fyrirvaralausa úttekt skal gefa út nýtt úttektarvottorð með viðeigandi öryggisstigi sem hefur sömu lokadagsetningu gildistíma og úttektarvottorðið sem það kemur í staðinn fyrir.

9. Ef vottunarstofan, í kjölfar endurvottunarúttektar eða fyrirvaralausrar úttektar og mats á síðari ráðstöfunum til úrbóta, ályktar að örugga og verndaða bílastæðasvæðið uppfylli ekki lágmarkskröfur um þjónustu eða uppfylli ekki eina eða fleiri af þeim öryggiskröfum sem falla undir gildandi vottorð, skal vottunarstofan afturkalla vottorðið. Vottunarstofan skal án tafar tilkynna það rekstraraðilanum, sem skal bera ábyrgð á því að fjarlægja allar tilvísanir í viðmiðanir Sambandsins um örugg og vernduð bílastæðasvæði á hans svæði.

10. Rekstraraðili örugga og verndaða bílastæðasvæðisins skal eiga þess kost að vísa málinu til vottunarstofunnar, sem framkvæmdi úttektina, ef hann er ósammála niðurstöðum úttektarinnar, í samræmi við staðalinn ISO 17021. Eftir að kæran hefur verið skoðuð getur vottunarstofan ákveðið að afturkalla ekki úttektarvottorðið eða gefa út nýtt úttektarvottorð fyrir annað öryggisstig.

C. **Kröfur sem skal uppfylla eftir úttekt vottunarstofa og miðlun upplýsinga**

1. Eftir hverja árangursríka vottunar- eða endurvottunúttekt skal vottunarstofan tafarlaust gefa út úttektarvottorð til handa rekstraraðila bílastæðasvæðisins og senda afrit án tafar til vottaðs rekstraraðila örugga og verndaða bílastæðasvæðisins og til framkvæmdastjórnarinnar. Hann skal einnig upplýsa framkvæmdastjórnina þegar úttektarvottorð hafa verið afturkölluð eða þegar öryggisstig á öruggum og vernduðum bílastæðasvæðum hefur breyst í kjölfar úttektar. Úttektarvottorðið skal gilda í þrjú ár.

2. Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006 skal framkvæmdastjórnin tryggja að viðeigandi upplýsingar um örugg og vernduð bílastæðasvæði, sem eru vottuð í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, séu aðgengilegar og uppfærðar á miðlæga, opinbera vefsetrinu.

3. Vottunarstofurnar skulu koma á fót kvörtunarfyrirkomulagi á netinu fyrir notendur öruggra og verndaðra bílastæðasvæða.

4. Að því er varðar 4. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 561/2006 skulu vottunarstofur vinna með framkvæmdastjórninni að því að skiptast á upplýsingum og endurgjöf sem safnað hefur verið til að leggja til úrbætur eða nánari útlistun á viðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, ef við á.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/893 **2025/EES/10/75**

frá 21. apríl 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/340 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 50. gr., 53. gr., 62. gr. (14. og 15. mgr.) og 72. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 ([2]) er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð sem varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð.

2) Skortur á sveigjanleika og framboði á flugumferðarstjórum í Sambandinu takmarka afkastagetu evrópska kerfisins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Því er þörf á að aðlaga reglurammann að því er varðar skírteini og starfsréttindi fyrir flugumferðarstjóra.

3) Sökum hraðrar þróunar innan flugiðnaðarins þarf að uppfæra reglugerð (ESB) 2015/340 til að tryggja að hún þjóni tilgangi sínum, sé kostnaðarhagkvæm og í samræmi við kröfur og starfsvenjur sem gilda á alþjóðavísu. Mikilvægt er að innleiða hnökralaust kerfi fyrir starfsréttindi án nokkurrar skörunar. Við uppfærslu á námskránni fyrir grunnþjálfun ætti að tryggja fullnægjandi aðlögun að reglurammanum og rekstrarþörfum.

4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) telur að þjálfun sem herflugumferðarstjórum er nú veitt í aðildarríkjunum gæti tryggt hátt öryggisstig og að sú þjálfun feli í sér sambærilegar kröfur og gilda um þjálfun flugumferðarstjóra í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/340. Því ætti að taka tillit til landsbundinnar þjálfunar herflugumferðarstjóra þegar gefin eru út skírteini til handa flugumferðarstjórum í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 118, 4.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 296/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 frá 20. febrúar 2015 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 (Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2015, bls. 1).

5) Þegar sótt er um umbreytingu á þjóðarskírteini herflugumferðarstjóra er heimilt að gefa út skírteini flugumferðarstjóranema, að því tilskildu að reynsla umsækjanda í grunnherþjálfun uppfylli kröfur um grunnþjálfun, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2015/340, á grunni landsbundinnar umbreytingarskýrslu og eftir að hafa lokið hvers konar viðbótarþjálfun í samræmi við mismunagreiningu á þjálfun sem finna má í þeirri skýrslu.

6) Að því er varðar þá umbreytingu ættu landsbundin vottorð, sem staðfesta að farið sé að viðeigandi landsbundnum hernaðarlegum kröfum, að teljast jafngild þjóðarskírteinum herflugumferðarstjóra.

7) Taka ætti mið af fyrri reynslu af því að veita herflugumferðarstjórn við ákvörðun á námskeiði um deildarviðbótaráritun fyrir umsækjandann í samræmi við 7. lið b-liðar ATCO.D.055 í I. viðauka.

8) Lögbær landsyfirvöld og hermálayfirvöld aðildarríkjanna ættu að vinna saman að því að tryggja skilvirka framkvæmd við að umbreyta þjóðarskírteinum herflugumferðarstjóra í skírteini flugumferðarstjóranema.

9) Í ljósi tækniframfara ætti að uppfæra kröfurnar sem gilda um yfirvöld og eru settar fram í reglugerð (ESB) 2015/340. Auk þess ætti að tryggja samræmi milli krafnanna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2015/340 og krafnanna sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 ([3]), sem og reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([4]), (ESB) nr. 1178/2011 ([5]) og (ESB) nr. 139/2014 ([6]), þar sem yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með flugumferðarstjórum og þjálfunarfyrirtækjum, er í flestum tilvikum sami aðilinn á nokkrum sviðum flugs. Því er í þessari reglugerð kveðið á um „heildarkerfisnálgun“ sem ætti að hafa í för með sér rökræna og tæknilega samræmda nálgun þvert á svið flugs.

10) Samræming reglugerðar (ESB) 2015/340 við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ([7]), að því er varðar tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, ætti að auka réttarvissu og styðja við innleiðingu árangursríkra tilkynningarkerfa fyrir atvik sem hluta af öryggisstjórnun fyrirtækja.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2015/340 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtíð. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

„a) reglur og verklagsreglur um útgáfu, viðhald, breytingu, takmörkun, tímabundna ógildingu eða afturköllun skírteina flugumferðarstjóra og flugumferðarstjóranema og tengdra áritana og viðbótaráritana, þ.m.t. reglur og verklagsreglur vegna umbreytingar á þjóðarskírteinum flugumferðarstjóra, sem fengin eru við herþjónustu, í skírteini flugumferðarstjóra í Sambandinu, og um réttindi og ábyrgðir handhafa þessara skírteina, áritana og viðbótaráritana,“.

2) Í stað a-liðar 2. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„a) flugumferðarstjóranema og flugumferðarstjóra sem sinna verkefnum sínum innan gildissviðs reglugerðar (ESB) 2018/1139,“.

3) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Veiting flugumferðarstjórnarþjónustu

1. Aðeins flugumferðarstjórar, sem hlotið hafa starfsréttindi og skírteini í samræmi við þessa reglugerð, skulu veita flugumferðarstjórnarþjónustu.

2. Aðildarríkjum er heimilt að láta þessa reglugerð gilda um starfslið hersins sem veitir almenningi þjónustu.“

4) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: viðmið sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin samþykkti til að sýna fram á aðferðir til að staðfesta samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar,“.

b) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5) „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur“: annar valkostur en núverandi viðurkennd aðferð til að uppfylla kröfur eða ný aðferð til að staðfesta samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,“.

c) Eftirfarandi 7. lið a og 7. lið b er bætt við:

„7a) „viðurkenning“ (e. *credit*): viðurkenning á þeirri þjálfun sem flugumferðarstjóri gengst undir meðan hann gegnir herþjónustu í því skyni að sækja um skírteini flugumferðarstjóranema sem verður gefið út í samræmi við þessa reglugerð,

7b) „landsbundin umbreytingarskýrsla“: skýrsla sem liggur til grundvallar því að lögbært yfirvald, sem umsókn um útgáfu skírteinis flugumferðarstjóranema er lögð fyrir, viðurkenni fyrri þjálfun flugumferðarstjóra,“.

d) Í stað 11. liðar kemur eftirfarandi:

„11) „leiðbeiningarefni“: efni, sem er ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin gefur út til að útskýra merkingu framseldra gerða eða framkvæmdargerða og sem er notað til að styðja við beitingu reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar,“.

e) Eftirfarandi 14. lið a er bætt við:

„14a) „skírteinisviðbót“ (e. *licence endorsement*): heimild sem er skráð í skírteini og telst hluti þess, þar sem tilgreind eru sérstök starfsréttindi skírteinishafa; þetta er almennt hugtak sem er notað til að lýsa skráningu viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað, kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa, viðbótaráritunar matsmanns og viðbótaráritunar um tungumálafærni í skírteini,“.

f) Í stað 19. liðar kemur eftirfarandi:

„19) „tímabundin vanhæfni til starfa“: tímabundið ástand þar sem skírteinishafi getur ekki neytt réttindanna, sem fylgja skírteininu, þegar áritanir, viðbótaráritanir og heilbrigðisvottorð handhafa eru enn í gildi,“.

g) Eftirfarandi 20. lið a er bætt við:

„20a) „áritun“: heimild sem skráð er í skírteini eða sem er tengd skírteini og er hluti af því þar sem tilgreind eru sérstök skilyrði, réttindi eða takmarkanir sem varða slíkt skírteini,“.

h) Í stað 31. liðar kemur eftirfarandi:

„31) „fullgilding“: ferli þegar námskeiði um deildarheimild, sem tengist áritun eða viðbótaráritun, hefur verið lokið með fullnægjandi hætti, sem veitir skírteinishafa leyfi til að hefja að neyta réttindanna sem tengjast þeirri áritun eða viðbótaráritun.“

5) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Litið skal svo á að skírteini, áritanir og viðbótaráritanir, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi ákvæði landslöggjafar og byggjast á tilskipun 2006/23/EB, og skírteini, áritanir og viðbótaráritanir, sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 805/2011, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

2. Handhafar áritunar fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar í sjónflugi (ADV), sem hafa ekki áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar í blindflugi (ADI), skulu áfram hafa heimild til að veita flugvallarumferð flugumferðarstjórnarþjónustu á flugvelli þar sem hvorki hafa verið gefnar út verklagsreglur um blindaðflug eða blindbrottflug, að því tilskildu að deildarviðbótaráritunin, sem tengist árituninni fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar í sjónflugi, sé haldið í gildi.“

6) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

Breytingar á áritunum og viðbótaráritunum

1. Lögbær yfirvöld skulu breyta heiti áritunar fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar í blindflugi (ADI), sem gefin er út fyrir 4. ágúst 2024, í áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC), eigi síðar en 4. ágúst 2027, á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

2. Lögbær yfirvöld skulu ekki gefa út skírteini með áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar í sjónflugi (ADV) eftir 4. ágúst 2024, nema að því er varðar þá flugumferðarstjóra sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

3. Lögbær yfirvöld skulu ekki gefa út skírteini sem eru með viðbótaráritun fyrir stjórnun loftfara á flugi (AIR), stjórnun umferðar á jörðu niðri (GMC), flugturnsþjónustu (TWR), stjórnun umferðar á jörðu niðri með kögunarbúnaði (GMS), ratsjárstjórnun flugvallar (RAD) og aðflugsstjórnun (TCL) eftir 4. ágúst 2024.

4. Réttindin, sem tengjast viðbótaráritun fyrir stjórnun loftfara á flugi (AIR), stjórnun umferðar á jörðu niðri (GMC) og flugturnsþjónustu (TWR), sem gefin er út fyrir 4. ágúst 2024, skulu verða hluti af réttindum sem gefin eru út í tengslum við áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC). Ef neyting réttinda skírteinishafa takmarkast eingöngu við stjórnun loftfara á flugi eða stjórnun umferðar á jörðu niðri skal það tilgreint í deildarviðbótaráritininni, í samræmi við d-lið ATCO.B.020 í I. viðauka, á þeim tíma sem heiti áritunar fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar í blindflugi (ADI) breytist í flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC), í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

5. Réttindi viðbótaráritunar fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri með kögunarbúnaði (GMS), sem gefin er út fyrir 4. ágúst 2024, skulu verða hluti af réttindum deildaviðbótaráritunar sem tengist árituninni fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar.

6. Lögbær yfirvöld skulu breyta heiti viðbótaráritunar fyrir ratsjárstjórnun flugvallar (RAD), sem gefin er út fyrir 4. ágúst 2024, í viðbótaráritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar með kögunarbúnaði (SUR) á þeim tíma sem heiti áritunar fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar í blindflugi (ADI) er breytt í flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC), í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

7. Réttindi viðbótaráritunar fyrir aðflugsstjórnun (TCL), sem gefin er út fyrir 4. ágúst 2024, skulu verða hluti af réttindum deildarviðbótaráritunar sem tengist áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS) eða áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS).“

7) Eftirfarandi 8. gr. a er bætt við:

„8. gr. a

Umbreyting á þjóðarskírteinum herflugumferðarstjóra í skírteini flugumferðarstjóranema

1. Handhafi þjóðarskírteinis herflugumferðarstjóra, sem aðildarríki gefur út, getur sótt um að því skírteini verði umbreytt í skírteini flugumferðarstjóranema, sem um getur í ATCO.B.001. Umsókn um umbreytingu á skírteini skal send til lögbæra yfirvaldsins í því aðildarríki þar sem umsækjandinn hefur gegnt herþjónustu.

2. Lögbæra yfirvaldið, sem hefur tekið við umsókninni sem um getur í 1. mgr., skal veita umsækjanda viðurkenningu í þeim tilgangi að sýna fram á að hann uppfylli viðeigandi kröfur I. viðauka (ATCO-hluta) í samræmi við landsbundna umbreytingarskýrslu hlutaðeigandi aðildarríkis.

3. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um landsbundnu umbreytingarskýrsluna, sem skal innihalda eftirfarandi:

a) lýsingu á landsbundnum kröfum sem voru til grundvallar útgáfu skírteina herflugumferðarstjóra í því aðildarríki,

b) lýsingu á umfangi þeirra réttinda sem tengjast skírteinum herflugumferðarstjóra sem um getur í a-lið,

c) upplýsingar um þær kröfur í I. viðauka (ATCO-hluta) sem er verið að veita viðurkenningu,

d) upplýsingar um þá viðbótarþjálfun sem umsækjendur skulu gangast undir, þ.m.t. tilskilin próf og mat; tilskilin próf og mat skulu vera í höndum þjálfunarfyrirtækis sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta) og sem hefur fengið vottun til að veita grunnþjálfun í þeim tilgangi að gefa út skírteini flugumferðarstjóranema í samræmi við þessa reglugerð,

e) yfirlýsingu þar sem staðfest er að þegar umsækjandi uppfyllir kröfur um þjálfun, próf og mat, sem lýst er í landsbundnu umbreytingarskýrslunni, jafngildi það því að grunnþjálfuninni, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð til að fá útgefið skírteini flugumferðarstjóranema, sé lokið með fullnægjandi hætti,

f) afrit af öllum viðeigandi fylgiskjölum, þ.m.t. afrit af viðeigandi landsbundnum kröfum og málsmeðferðarreglum, sem sýna hvernig lögbært yfirvald aðildarríkisins hefur ákvarðað þá þætti sem taldir eru upp í a- til e-lið hér að framan.“

8) Ákvæðum I.–IV. viðauka er breytt í samræmi við I.–IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistökudagur og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 4. ágúst 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (ATCO-hluta) við reglugerð (ESB) 2015/340 er breytt sem hér segir:

1. Í stað ATCO.A.010 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.A.010 Umsókn um að skipta um lögbært yfirvald**

a) Eigi skírteinishafi að neyta réttinda deildarviðbótaráritunar í öðru aðildarríki en því sem lögbæra yfirvaldið, sem gaf út skírteinið, er í, skal skírteinishafinn leggja fram beiðni um að skipta um lögbært yfirvald í lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem á að neyta þessara réttinda, á þann hátt sem það yfirvald ákveður. Í þessum tilgangi skulu lögbær yfirvöld sem í hlut eiga veita hvert öðru allar viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að skipta um lögbært yfirvald og framkvæma skipti á skírteininu samkvæmt verklagsreglunum sem um getur í c-lið ATCO.AR.B.001 og ATCO.AR.D.003.

b) Þrátt fyrir a-lið hér að framan er ekki þörf á að skipta um lögbært yfirvald þegar einungis réttinda kennara fyrir flugþjálfa eða matsmanns er neytt í flugþjálfa eða þegar réttinda skírteinis flugumferðarstjóranema er neytt.

c) Til að unnt sé að neyta réttinda skírteinis í öðru aðildarríki en þar sem skírteinið var gefið út verður skírteinishafinn að uppfylla kröfurnar um tungumálafærni, sem um getur í ATCO.B.030, sem aðildarríkið, þar sem neyta á réttindanna, ákveður.“

2. Í stað ATCO.A.015 kemur eftirfarandi:

„ATCO.A.015 Neyting réttinda skírteina og tímabundin vanhæfni til starfa

a) Neyting þeirra réttinda, sem skírteinið veitir, ákvarðast af áritunum og viðbótaráritunum, gildi deildarviðbótaráritana og skírteinisviðbóta sem og heilbrigðisvottorðsins, nema ef ekki er gerð krafa um heilbrigðisvottorð í samræmi við b-lið.

b) Ekki er gerð krafa um heilbrigðisvottorð ef réttindi kennara eða matsmanns er neytt í flugþjálfa.

c) Skírteinishafar skulu ekki neyta réttinda skírteinis síns hafi þeir efasemdir um að þeir geti neytt réttinda þess með öruggum hætti og skulu þeir í slíkum tilvikum tafarlaust tilkynna viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu um tímabundna vanhæfni sína til að neyta réttinda skírteinis síns.

d) Veitendur flugleiðsöguþjónustu mega lýsa yfir tímabundinni vanhæfni skírteinishafa ef þeir verða varir við efasemdir um hæfni skírteinishafa til að neyta réttinda þess með öruggum hætti.

e) Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu þróa og hrinda í framkvæmd hlutlægum og gagnsæjum verklagsreglum, sem eru án mismununar, til að gera skírteinishöfum kleift að lýsa yfir tímabundinni vanhæfni til að neyta réttinda skírteinis síns í samræmi við c-lið, til að lýsa yfir tímabundinni vanhæfni skírteinishafa í samræmi við d-lið, og til að upplýsa lögbær yfirvöld þar um eins og skilgreint er í þessum verklagsreglum.

f) Verklagsreglurnar, sem um getur í e-lið, skulu vera í hæfnisáætlun deildar skv. 13. lið a-liðar ATCO.B.025.“

3. Í stað ATCO.B.001 kemur eftirfarandi:

„ATCO.B.001 Skírteini flugumferðarstjóranema

a) Handhafar skírteinis flugumferðarstjóranema skulu hafa heimild til að veita flugumferðarstjórnarþjónustu í samræmi við áritun eða áritanir og viðbótaráritun eða viðbótaráritanir í skírteini þeirra, undir leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað og til að gangast undir þjálfun fyrir fleiri viðbótaráritanir og deildarviðbótaráritanir.

b) Umsækjendur um skírteini flugumferðarstjóranema skulu:

1) vera a.m.k. 18 ára,

2) innan næstliðinna tólf mánaða áður en umsóknin er lögð fram, hafa lokið grunnþjálfun með viðeigandi árangri, hjá þjálfunarfyrirtæki sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta), sem tengist viðkomandi áritun og viðbótaráritun, ef við á, eins og tilgreint er í 2. þætti D-kafla ATCO-hluta,

3) vera handhafar gilds heilbrigðisvottorðs og

4) hafa sýnt fram á fullnægjandi tungumálafærni í samræmi við kröfurnar í ATCO.B.030.

c) Í skírteini flugumferðarstjóranema skal vera viðbótaráritun um tungumálafærni og a.m.k. ein áritun og ein viðbótaráritun, ef við á.

d) Handhafi skírteinis flugumferðarstjóranema, sem hefur ekki hafið að neyta réttinda þess skírteinis innan eins árs frá útgáfudegi þess eða hefur gert hlé á að neyta þessara réttinda í meira en eitt ár, má aðeins hefja eða halda áfram starfsþjálfun á vinnustað að því er varðar þessa áritun:

1) ef þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta) og sem hefur fengið vottun til að veita grunnþjálfun sem tengist viðkomandi áritun, hefur framkvæmt mat á fyrri hæfni með tilliti til þess hvort handhafi skírteinis flugumferðarstjóranema uppfylli ennþá kröfurnar sem tengjast þeirri áritun og

2) eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af matinu sem um getur í 1. lið d-liðar hér að framan.“

4. Í stað e-liðar ATCO.B.005 kemur eftirfarandi:

„e) Handhafi skírteinis flugumferðarstjóra, sem hefur ekki hafið að neyta réttinda áritunar innan eins árs frá útgáfudegi þess, má aðeins hefja starfsþjálfun á vinnustað að því er varðar þessa áritun:

1) ef þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta) og sem hefur fengið vottun til að veita grunnþjálfun sem tengist viðkomandi áritun, hefur framkvæmt mat á fyrri hæfni með tilliti til þess hvort fyrri hæfni handhafa skírteinis flugumferðarstjóra fullnægi ennþá kröfunum sem tengjast þeirri áritun og

2) eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af matinu sem um getur í 1. lið e-liðar hér að framan.“

5. Í stað ATCO.B.010 kemur eftirfarandi:

„ATCO.B.010 Áritanir flugumferðarstjóra

a) Skírteini skulu innihalda eina eða fleiri eftirfarandi áritanir sem gefa til kynna þá tegund þjónustu sem skírteinishafi hefur heimild til að veita:

1) áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC) sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita flugvallarumferð flugumferðarstjórnarþjónustu,

2) áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (APP) sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita loftförum flugumferðarstjórnarþjónustu í aðflugi, brottflugi eða gegnumferð án þess að nota kögunarbúnað,

3) áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS) sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita loftförum flugumferðarstjórnarþjónustu í aðflugi, brottflugi eða gegnumferð með því að nota kögunarbúnað,

4) áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita loftförum flugumferðarstjórnarþjónustu án þess að nota kögunarbúnað,

5) áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS) sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita loftförum flugumferðarstjórnarþjónustu með því að nota kögunarbúnað.

b) Handhafi áritunar, sem hefur gert hlé á að neyta réttinda, sem tengjast þeirri áritun, í fjögur ár samfellt eða lengur, má aðeins hefja starfsþjálfun á vinnustað að því er varðar þessa áritun:

1) ef þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta), og sem hefur fengið vottun til að veita þjálfun sem tengist árituninni, hefur framkvæmt mat á fyrri hæfni með tilliti til þess hvort handhafi áritunar uppfylli enn skilyrði þessarar áritunar og

2) eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af matinu sem um getur í 1. lið b-liðar hér að framan.“

6. Í stað ATCO.B.015 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.B.015 Viðbótaráritanir**

a) Áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC) getur fylgt viðbótaráritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar með kögunarbúnaði (SUR), sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita flugumferðarstjórn flugvallarumferðar með aðstoð kögunarkerfa.

b) Áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS) getur fylgt ein eða fleiri af eftirfarandi viðbótaráritunum:

1) viðbótaráritun fyrir nákvæmnisaðflugsstjórnun með ratsjá (PAR), sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að stjórna, frá jörðu, nákvæmnisaðflugi loftfara á lokastefnu að flugbraut með nákvæmnisratsjárbúnaði,

2) viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarratsjá (SRA), sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að stjórna, frá jörðu, grunnaðflugi loftfara á lokastefnu að flugbraut með því að nota kögunarbúnað.

c) Áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) getur fylgt viðbótaráritun fyrir úthafsstjórnun (OCN), sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á úthafsstjórnarsvæði, flugumferðarstjórnarþjónustu.

d) Áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnað (ACS) getur fylgt viðbótarskráning fyrir úthafsstjórnun (OCN), sem tilgreinir að skírteinishafi sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á úthafsstjórnarsvæði, flugumferðarstjórnarþjónustu.“

7. Í stað ATCO.B.020 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.B.020 Deildarviðbótaráritanir**

a) Deildarviðbótaráritun skal heimila skírteinishafa að veita flugumferðarstjórnarþjónustu innan tiltekins undirsvæðis, hóps undirsvæða og/eða á vinnustöð sem er á ábyrgð flugumferðarþjónustudeildar.

b) Umsækjendur um deildarviðbótaráritun skulu hafa lokið námskeiði um deildarviðbótaráritun með viðunandi árangri í samræmi við kröfurnar í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta.

c) Sem undantekning frá b-lið er mögulega ekki gerð krafa um áfanga í starfsþjálfun á vinnustað, sem um getur í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta, þegar deildarviðbótaráritunin er gefin út í tengslum við útgáfu bráðabirgðastarfsleyfis starfsþjálfara á vinnustað fyrir sömu deild.

d) Takmarkanir í tengslum við neytingu réttinda áritunar fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC) skulu tilgreindar í deildarviðbótaráritininni.

e) Umsækjendur um deildarviðbótaráritun, sem skipta um lögbært yfirvald, eins og um getur í ATCO.A.010, skulu, til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í b-lið ATCO.B.020, uppfylla kröfurnar í f-lið ATCO.D.060.

f) Lögbæra yfirvaldið má fara fram á að viðbótarkröfum sé fullnægt, að því er varðar flugumferðarstjóra sem veita loftförum, sem eru notuð til flugprófana, flugumferðarstjórnarþjónustu, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í b-lið.

g) Deildarviðbótaráritanir skulu gilda í tiltekið tímabil sem er skilgreint í hæfnisáætlun deildar. Slíkt tímabil skal ekki vera lengra en 3 ár.

h) Við fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími deildarviðbótaráritana hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að matinu lauk með fullnægjandi árangri.

i) Framlengja skal gildistíma deildarviðbótaráritana ef:

1) umsækjandi hefur neytt réttinda skírteinisins í þann lágmarksfjölda klukkustunda sem tilgreindur er í hæfnisáætlun deildar,

2) umsækjandi hefur lokið við upprifjunarþjálfun á gildistíma deildarviðbótaráritunarinnar samkvæmt hæfnisáætlun deildar,

3) hæfni umsækjanda hefur verið metin í samræmi við hæfnisáætlun deildar í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en deildarviðbótáritunin fellur úr gildi.

j) Framlengja skal gildistíma deildarviðbótaráritananna innan næstliðinna þriggja mánaða áður en þær renna út, að því tilskildu að kröfunum, sem settar eru fram í i-lið, sé fullnægt. Í slíkum tilvikum telst gildistíminn frá þeirri lokadagsetningu.

k) Ef gildistími deildarviðbótaráritunar er framlengdur áður en tímabilið, sem kveðið er á um í j-lið, hefst skal gildistíminn hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að matinu lauk með fullnægjandi árangri, að því tilskildu að kröfunum í 1. og 2. lið i-liðar hafi einnig verið fullnægt.

l) Ef deildarviðbótaráritun fellur úr gildi skal handhafi skírteinis ljúka námskeiði um deildarviðbótaráritun með fullnægjandi árangri, í samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta, til að endurnýja viðbótaráritunina.“

8. Í stað ATCO.B.025 kemur eftirfarandi:

„ATCO.B.025 Hæfnisáætlun deildar

a) Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal koma á fót hæfnisáætlun(um) deildar og skal lögbæra yfirvaldið samþykkja hana/þær. Hæfnisáætlun deildar skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

1) gildi deildarviðbótaráritunarinnar/-áritananna í samræmi við e-lið ATCO.B.020,

2) lengsta samfellda tímabilið sem réttinda deildarviðbótaráritunar er ekki neytt á gildistíma hennar; slíkt tímabil skal ekki vara lengur en 90 almanaksdaga,

3) að því er varðar 1. lið i-liðar ATCO.B.020, lágmarksfjölda klukkustunda eða, ef um er að ræða viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarratsjá (SRA) og viðbótaráritun fyrir nákvæmnisaðflugsstjórnun með ratsjá (PAR), lágmarksfjölda aðfluga, sem réttinda deildarviðbótaráritunar er neytt innan tilgreinds tímabils, sem skal ekki vara lengur en 12 mánuði; að því er varðar starfsþjálfara á vinnustað, sem neyta réttinda viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað, skal kennslutíminn vera að hámarki 50% af þeim fjölda klukkustunda sem krafist er við framlengingu gildistíma deildarviðbótaráritunar,

4) verklagsreglur í þeim tilvikum þegar skírteinishafi uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 2. og 3. lið a -liðar,

5) verklagsreglur til að meta hæfni, þ.m.t. mat á viðfangsefnum upprifjunarþjálfunar skv. b-lið ATCO.D.080,

6) verklagsreglur til að athuga bóklega þekkingu og skilning sem þarf til að neyta réttinda áritana og viðbótaráritana,

7) verklagsreglur til að skilgreina efni og undirefni, markmið og þjálfunaraðferðir fyrir síþjálfun,

8) lágmarkslengd og tíðni upprifjunarþjálfunar,

9) verklagsreglur til að athuga bóklega þekkingu og/eða meta verklega færni, sem aflað er í umskiptaþjálfun, þ.m.t. lágmarkskröfur til að standast próf,

10) verklagsreglur í þeim tilvikum þegar viðkomandi stenst hvorki próf né mat, þ.m.t. áfrýjunarferli,

11) starfsréttindi starfsfólks við þjálfun, hlutverk þess og ábyrgð,

12) verklagsreglur til að tryggja að kennarar í verklegum greinum hafi æft kennsluaðferðir í því verklagi sem á að kenna, í samræmi við 3. lið b-liðar ATCO.C.010 og 3. lið b-liðar ATCO.C.030,

13) verklagsreglur um yfirlýsingu og stjórnun, ef um er að ræða tímabundna vanhæfni til að neyta réttinda skírteinis, ásamt því þegar sendar eru upplýsingar til lögbærs yfirvalds í samræmi við e-lið ATCO.A.015,

14) auðkenningu þeirra skráa sem á að geyma og varða sérstaklega síþjálfun og mat í samræmi við ATCO.OR.C.020,

15) verklagsreglur um og ástæður fyrir endurskoðun og breytingu á hæfnisáætlun deildar og framlagningu þessarar áætlunar fyrir lögbært yfirvald. Endurskoða skal hæfnisáætlun deildar a.m.k. á þriggja ára fresti.

b) Til að uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í 3. lið a-liðar, skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu halda skrár yfir þær klukkustundir sem skírteinishafi neytir réttinda sinna samkvæmt deildarviðbótaráritun(um), við störf á undirsvæðum, hópi undirsvæða og/eða á vinnustöðvum á flugstjórnardeild og skulu þessi gögn lögð fyrir lögbær yfirvöld og skírteinishafa, óski þau eftir því.

c) Þegar settar eru verklagsreglurnar, sem um getur í 4. og 13. lið a-liðar, skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu sjá til þess að notað sé fyrirkomulag sem tryggir að skírteinishafar fái sanngjarna meðferð ef ekki er unnt að framlengja gildistíma viðbótaráritana þeirra.“

9. Í stað a-liðar ATCO.B.040 kemur eftirfarandi:

„a) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að nota tiltekna matsaðferð, sem sérhvert lögbært yfirvald samþykkir, og skal hún fela í sér:

1) matsferli,

2) starfsréttindi matsmanna,

3) áfrýjunarmeðferð.“

10. Í stað ATCO.C.015 kemur eftirfarandi:

„ATCO.C.015 Umsókn um viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað

Umsækjendur um útgáfu viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað skulu:

a) vera handhafar skírteinis flugumferðarstjóra með gildri deildarviðbótaráritun,

b) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra í a.m.k. næstliðin tvö ár áður en umsóknin er lögð fram; lögbæra yfirvaldið má ekki stytta þetta tímabil í minna en eitt ár, óski þjálfunarfyrirtækið eftir því og

c) hafa lokið, með viðunandi árangri, námskeiði um verklega kennslutækni innan tólf mánaða áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og kennslufærni eru kennd og metin á viðeigandi hátt.“

11. Í stað ATCO.C.020 kemur eftirfarandi:

„ATCO.C.020 Gildistími viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað

a) Viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað skal gilda í þrjú ár.

b) Mögulegt er að framlengja gildistíma viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað með því að ljúka, með viðeigandi árangri, upprifjunarþjálfun í kennslu í verklegri færni á gildistíma hennar, að því tilskildu að kröfum a-liðar ATCO.C.015 sé fullnægt.

c) Ef viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana, að því tilskildu að kröfunum í a-lið ATCO.C.015 sé fullnægt, ef handhafi viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað hefur, á næstliðnum tólf mánuðum áður en umsókn um endurnýjun er lögð fram:

1) gengist undir upprifjunarþjálfun í kennslu í verklegri færni og

2) staðist hæfnimat sem kennari í verklegum greinum, með viðunandi árangri.

d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu var lokið með viðunandi árangri.

e) Ef kröfum a-liðar ATCO.C.015 er ekki fullnægt má skipta á viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað fyrir kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa, að því tilskildu að tryggt sé að kröfum b-liðar ATCO.C.040 sé fullnægt.“

12. Í stað ATCO.C.030 kemur eftirfarandi:

„ATCO.C.030 Réttindi kennara fyrir flugþjálfa

a) Handhöfum kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa er heimilt að veita verklega þjálfun á flugþjálfa:

1) í verklegum viðfangsefnum á meðan grunnþjálfun stendur yfir,

2) vegna annarrar deildarþjálfunar en starfsþjálfunar á vinnustað og

3) vegna síþjálfunar.

Þegar kennari á flugþjálfa veitir undirbúningsstarfsþjálfun á vinnustað skal viðkomandi hafa eða hafa haft viðeigandi deildarviðbótaráritun.

b) Handhafar kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:

1) a.m.k. tveggja ára reynslu í árituninni sem veita á kennslu í,

2) sýnt fram á þekkingu á nýjustu starfsvenjum,

3) æft kennsluaðferðir í því verklagi sem á að kenna.

c) Sem undantekning frá 1. lið b-liðar:

1) má lögbæra yfirvaldið ekki stytta tveggja ára tímabilið í minna en eitt ár, óski þjálfunarfyrirtækið eftir því,

2) eiga allar áritanir við, að því er varðar undirstöðuþjálfun,

3) má kennari fyrir flugþjálfa veita þjálfun í tilteknum og sérvöldum starfræksluverkefnum, sem hann hefur áritun fyrir, sem á við þessi tilteknu og sérvöldu verkefni, að því er varðar réttindaþjálfun.“

13. Í stað ATCO.C.035 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.C.035 Umsókn um kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa**

Umsækjendur um útgáfu kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa skulu:

a) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra, innan hvaða áritunar sem er, í a.m.k. tvö ár; lögbæra yfirvaldið má ekki stytta þetta tímabil í minna en eitt ár, óski þjálfunarfyrirtækið eftir því og

b) hafa lokið, með viðunandi árangri, námskeiði um verklega kennslutækni innan næstliðinna tólf mánaða áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og kennslufærni eru kennd með bóklegum og verklegum aðferðum og metin á viðeigandi hátt.“

14. Í stað ATCO.C.040 kemur eftirfarandi:

„ATCO.C.040 Gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa

a) Kennaraviðbótaráritunin fyrir flugþjálfa skal gilda í þrjú ár.

b) Framlengja má gildistíma kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa með því að ljúka með viðunandi árangri upprifjunar-þjálfun um verklega kennslufærni og um nýjustu starfsvenjur á gildistímanum.

c) Ef kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana ef handhafi kennara viðbótaráritunar fyrir flugþjálfa hefur, á tólf næstliðnum mánuðum áður en umsókn um endurnýjun er lögð fram:

1) gengist undir upprifjunarþjálfun um verklega kennslufærni og nýjustu starfsvenjur og

2) staðist hæfnimat sem kennari í verklegum greinum, með viðunandi árangri.

d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu var lokið með viðunandi árangri.“

15. Í stað ATCO.C.045 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.C.045 Réttindi matsmanns**

a) Einstaklingur skal aðeins annast mat ef hann hefur viðbótaráritun matsmanns.

b) Handhöfum viðbótaráritunar matsmanns er heimilt að annast mat:

1) á meðan grunnþjálfun fer fram vegna útgáfu skírteinis flugumferðarstjóranema eða vegna útgáfu nýrrar áritunar og/eða viðbótaráritunar, ef við á,

2) á fyrri hæfni að því er varðar d-lið ATCO.B.001, e-lið ATCO.B.005 og b-lið ATCO.B.010,

3) á flugumferðarstjóranemum vegna útgáfu deildarviðbótaráritunar og viðbótaráritunar eða -áritana, ef við á,

4) á flugumferðarstjórum vegna útgáfu deildarviðbótaráritunar og viðbótaráritunar eða -áritana, ef við á, ásamt mati vegna framlengingar á gildistíma og endurnýjunar deildarviðbótaráritunar,

5) á umsækjanda, sem sækir um að vera kennari í verklegum greinum eða matsmaður, þegar tryggt er að viðeigandi kröfum 2.–4. liðar d-liðar sé fullnægt.

c) Handhafar viðbótaráritunar matsmanns skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:

1) a.m.k. tveggja ára reynslu í árituninni og viðbótaráritуninni eða -áritunum, sem þeir munu meta, og

2) sýnt fram á þekkingu á nýjustu starfsvenjum.

d) Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í c-lið, skulu handhafar viðbótaráritunar matsmanns aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar:

1) vegna mats sem leiðir til útgáfu, framlengingar á gildistíma og endurnýjunar deildarviðbótaráritunar, ef þeir eru einnig handhafar deildarviðbótaráritunar sem tengist matinu á næstliðnu tímabili, sem er a.m.k. eitt ár,

2) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfa ef þeir hafa kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa eða viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað og hafa neytt réttinda þeirrar viðbótaráritunar í a.m.k. þrjú ár,

3) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað ef þeir hafa viðbótaráritun fyrir starfsþjálfara á vinnustað og hafa neytt réttinda þeirrar viðbótaráritunar í a.m.k. þrjú ár,

4) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun viðbótaráritunar matsmanns ef þeir hafa neytt réttinda viðbótaráritunar fyrir matsmann í a.m.k. þrjú ár.

e) Við mat, að því er varðar útgáfu og endurnýjun deildarviðbótaráritunar, og til að tryggja eftirlit með starfrækslu á vinnustöð skal matsmaðurinn einnig hafa viðbótaráritun fyrir starfsþjálfara á vinnustað eða að öðrum kosti skal starfsþjálfari á vinnustað með gilda deildarviðbótaráritun, sem tengist matinu, vera viðstaddur.

16. Í stað ATCO.C.055 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.C.055 Umsókn um viðbótaráritun matsmanns**

Umsækjendur um útgáfu viðbótaráritunar matsmanns skulu:

a) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra í a.m.k. tvö ár og

b) hafa lokið með viðunandi árangri námskeiði matsmanns innan tólf mánaða áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og færni er kennd með bóklegum og verklegum aðferðum og metin á viðeigandi hátt.“

17. Í stað ATCO.C.060 kemur eftirfarandi:

„ATCO.C.060 Gildistími viðbótaráritunar matsmanns

a) Viðbótaráritun matsmanns skal gilda í þrjú ár.

b) Framlengja má gildistíma viðbótaráritunar matsmanns með því að ljúka, með viðunandi árangri, upprifjunarþjálfun um matsfærni og nýjustu starfsvenjur á gildistímanum.

c) Ef viðbótaráritun matsmanns hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana ef handhafi viðbótaráritunar matsmanns hefur, á tólf næstliðnum mánuðum áður en umsókn um endurnýjun er lögð fram:

1) gengist undir upprifjunarþjálfun um matsfærni og nýjustu starfsvenjur og

2) staðist hæfnimat sem matsmaður með viðunandi árangri.

d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími viðbótaráritunar matsmanns hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu var lokið með viðunandi árangri.“

18. Í stað ATCO.D.010 kemur eftirfarandi:

„ATCO.D.010 Samsetning grunnþjálfunar

a) Grunnþjálfun, sem ætluð er umsækjanda um skírteini flugumferðarstjóranema eða um útgáfu frekari áritunar og/eða viðbótaráritunar, ef við á, skal samanstanda af:

1) undirstöðuþjálfun, sem felur í sér öll viðfangsefnin, efnin og undirefnin, sem er að finna í 2. viðbæti I. viðauka, og

2) réttindaþjálfun, sem felur í sér a.m.k. eitt eftirfarandi viðfangsefni, efni og undirefni:

i. áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (ADC), sem skilgreind er í 3. viðbæti I. viðauka,

ii. áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (APP), sem skilgreind er í 4. viðbæti I. viðauka,

iii. áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP), sem skilgreind er í 5. viðbæti I. viðauka,

iv. áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS), sem skilgreind er í 6. viðbæti I. viðauka,

v. áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS), sem skilgreind er í 7. viðbæti við I. viðauka.

b) Þjálfun vegna frekari réttinda skal fela í sér viðfangsefnin, efnin og undirefnin, sem eiga við um a.m.k. eina af áritunum sem ákvörðuð er í 2. lið a-liðar.

c) Þjálfun vegna endurvirkjunar áritunar í kjölfar ófullnægjandi mats á fyrri hæfni, samkvæmt b-lið ATCO.B.010, skal sérsniðin í samræmi við niðurstöður þessa mats.

d) Þjálfun vegna viðbótaráritunar skal fela í sér viðfangsefnin, efnin og undirefnin sem þjálfunarfyrirtækið hefur þróað og sem hafa verið samþykkt sem hluti af þjálfunarnámskeiðinu.

e) Til viðbótar við undirstöðuþjálfun og/eða réttindaþjálfun má bæta við viðfangsefnum, efnum og undirefnum sem eru sértæk fyrir starfræna loftrýmisumdæmið eða landsbundnar aðstæður.“

19. Í stað b-liðar í ATCO.D.025 kemur eftirfarandi:

„b) Próftakandi telst hafa staðist bóklegt próf ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið.“

20. Í stað d-liðar ATCO.D.025 kemur eftirfarandi:

„d) Próftakandi telst hafa staðist mat ef hann hefur stöðugt sýnt fram á tilskilda frammistöðu, eins og lýst er í ATCO.D.030, og sýnt af sér það atferli sem krafist er fyrir örugga veitingu flugumferðarstjórnarþjónustu.“

21. Í stað e-liðar ATCO.D.035 kemur eftirfarandi:

„e) Umsækjandi telst hafa staðist mat ef hann hefur stöðugt sýnt fram á tilskilda frammistöðu, eins og lýst er í ATCO.D.040, og sýnt af sér það atferli sem krafist er fyrir örugga veitingu flugumferðarstjórnarþjónustu.“

22. Í stað ATCO.D.040 kemur eftirfarandi:

„ATCO.D.040 Frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar

a) Skilgreina skal frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar og verkefni vegna frammistöðumarkmiða fyrir hvert rétt indaþjálfunarnámskeið.

b) Í frammistöðumarkmiðum réttindaþjálfunar er þess krafist að umsækjandi:

1) sýni fram á getu til að stjórna flugumferð þannig að tryggð sé örugg, skipulögð og hröð þjónusta og

2) geti tekist á við flóknar aðstæður og aðstæður þar sem flugumferð er mikil.

c) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir flugumferðarstjórn flugvallarumferðar tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugvallarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti stjórnunartækni og verklagsreglum flugvallar á flugumferð á flugvelli.

d) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (APP) tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds aðflugsstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti aðflugsstjórnarverklagi, áætlanagerð og verklagsreglum í tengslum við komuflug, biðflug, brottflug og gegnumferð.

e) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS) tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds aðflugsstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði, áætlanagerð og verklagsreglum í tengslum við komuflug, biðflug, brottflug og gegnumferð.

f) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) tryggja að umsækjendur:

1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og

2) beiti aðflugsstjórnarverklagi, áætlanagerð og verklagsreglum á flugumferð svæðis.

g) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar að því er varðar áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS) tryggja að umsækjendur:

Undirefni NAV 2.3 — Búnaður fyrir hæfisbundna leiðsögu

6. VIÐFANGSEFNI: LOFTFÖR

EFNI ACFT 1 — FLUGMÆLAR LOFTFARA

Undirefni ACFT 1.1 — Flugmælar loftfara

EFNI ACFT 2 — GERÐIR LOFTFARA

Undirefni ACFT 2.1 — Flugröst

EFNI ACFT 3 — ÞÆTTIR SEM HAFA ÁHRIF Á AFKASTAGETU LOFTFARA

Undirefni ACFT 3.1 — Þættir sem tengjast klifri

Undirefni ACFT 3.2 — Þættir sem tengjast farflugi

Undirefni ACFT 3.3 — Þættir sem tengjast lækkun flugs

Undirefni ACFT 3.4 — Efnahagslegir þættir

Undirefni ACFT 3.5 — Umhverfislegir þættir

EFNI ACFT 4 — LOFTFARSGÖGN

Undirefni ACFT 4.1 — Gögn um afkastagetu

7. VIÐFANGSEFNI: MANNÞÁTTAFRÆÐI

EFNI HUM 1 — UPPLÝSINGAVINNSLA

Undirefni HUM 1.1 — Vitsmunaþættir og þættir sem hafa áhrif á þá

Undirefni HUM 1.2 — Næmi á aðstæður

Undirefni HUM 1.3 — Ákvarðanataka

EFNI HUM 2 — ÞÆTTIR SEM HAFA ÁHRIF Á HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Undirefni HUM 2.1 — Þreyta

Undirefni HUM 2.2 — Streita

EFNI HUM 3 — HÆTTU- OG MISTAKASTJÓRNUN

Undirefni HUM 3.1 — Rammi fyrir hættu- og mistakastjórnun

Undirefni HUM 3.2 — Hættu- og mistakastjórnun sem er beitt

EFNI HUM 4 — HÓPVINNA

Undirefni HUM 4.1 — Ávinningur af hópvinnu

Undirefni HUM 4.2 — Úrlausn deilumála

EFNI HUM 5 — KERFI

Undirefni HUM 5.1 — Hugtakið kerfi í rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu

EFNI HUM 6 — SAMSKIPTI

Undirefni HUM 6.1 — Skilvirk samskipti

Undirefni HUM 6.2 — Skilvirk endurgjöf

8. VIÐFANGSEFNI: BÚNAÐUR OG KERFI

EFNI EQPS 1 — TALFJARSKIPTI

Undirefni EQPS 1.1 — Þráðlaus fjarskipti

Undirefni EQPS 1.2 — Önnur talfjarskipti

EFNI EQPS 2 — SJÁLFVIRKNI Í FLUGUMFERÐARÞJÓNUSTU

Undirefni EQPS 2.1 — Faststöðvanet flugfjarskipta

Undirefni EQPS 2.2 — Sjálfvirk gagnaskipti

EFNI EQPS 3 — VINNUSTÖÐ FLUGUMFERÐARSTJÓRA

Undirefni EQPS 3.1 — Starfræksla og eftirlit með búnaði

Undirefni EQPS 3.2 — Skjár með upplýsingum um ástand og upplýsingakerfi

Undirefni EQPS 3.3 — Fluggagnakerfi

Undirefni EQPS 3.4 — Notkun kögunarkerfis flugumferðarþjónustu

Undirefni EQPS 3.5 — Þróuð kerfi

EFNI EQPS 4 — FRAMTÍÐARBÚNAÐUR

Undirefni EQPS 4.1 — Ný þróun

EFNI EQPS 5 — TAKMARKANIR OG SKERÐING Á NOTAGILDI BÚNAÐAR OG KERFA

Undirefni EQPS 5.1 — Viðbrögð við takmörkunum

Undirefni EQPS 5.2 — Skerðing á notagildi fjarskiptabúnaðar

Undirefni EQPS 5.3 — Skerðing á notagildi leiðsögutækja

Undirefni EQPS 5.4 — Skerðing á notagildi kögunarbúnaðar

Undirefni EQPS 5.5 — Skerðing á notagildi gagnavinnslukerfa flugumferðarstjórnar

9. VIÐFANGSEFNI: STARFSUMHVERFI

EFNI PEN 1 — KYNNING

Undirefni PEN 1.1 — Námsferð í flugstjórnarmiðstöð

EFNI PEN 2 — LOFTRÝMISNOTENDUR

Undirefni PEN 2.1 — Þeir sem stuðla að aðgerðum flugumferðarþjónustu í almenningsflugi

Undirefni PEN 2.2 — Þeir sem stuðla að aðgerðum herflugumferðarþjónustu

EFNI PEN 3 — TENGSL VIÐ VIÐSKIPTAVINI

Undirefni PEN 3.1 — Veiting þjónustu og kröfur notenda

EFNI PEN 4 — UMHVERFISVERND

Undirefni PEN 4.1 — Umhverfisvernd

10. VIÐFANGSEFNI: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARAÐSTÆÐUR

EFNI ABES 1 — ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND

Undirefni ABES 1.1 — Yfirlit yfir óeðlilegar aðstæður og neyðarástand

EFNI ABES 2 — AUKIN FÆRNI

Undirefni ABES 2.1 — Skilvirkni í samskiptum

Undirefni ABES 2.2 — Komið í veg fyrir andlegt yfirálag

Undirefni ABES 2.3 — Samstarf milli loftfars/jarðstöðvar

EFNI ABES 3 — VERKLAGSREGLUR VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARÁSTANDI

Undirefni ABES 3.1 — Beiting verklagsreglna við óeðlilegar aðstæður og í neyðarástandi

Undirefni ABES 3.2 — Bilun í þráðlausum fjarskiptum

Undirefni ABES 3.3 — Ólöglegt athæfi og sprengjuhótun gegn loftfari

Undirefni ABES 3.4 — Loftfar sem hefur vikið verulega af flugleið eða óþekkt loftfar

Undirefni ABES 3.5 — Vikið af leið

Undirefni ABES 3.6 — Bilun í ratsjársvara

Undirefni ABES 3.7 — Einelti almenningsloftfara“.

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (ATCO.AR-hluta) við reglugerð (ESB) 2015/340 er breytt sem hér segir:

1. Í stað ATCO.AR.A.005 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.A.005 Starfsfólk**

a) Annað hvert ár skulu lögbær yfirvöld leggja fram og uppfæra mat á þeim mannauði sem þarf til að framkvæma eftirlit þeirra á grundvelli greiningar á þeim ferlum sem krafist er í þessari reglugerð.

b) Starfsfólk sem hefur heimild lögbærs yfirvalds til að sinna vottun og/eða eftirliti, skal hafa vald til að inna af hendi a.m.k. eftirfarandi verkefni:

1) að rannsaka skjöl, þ.m.t. skírteini, vottorð, skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefnanna sem krafist er,

2) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

3) að óska eftir skýringum,

4) að fara inn á viðkomandi athafnasvæði og starfrækslusvæði,

5) að framkvæma úttektir og skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir,

6) að gera framfylgdarráðstafanir eða hrinda þeim í framkvæmd, eins og við á.“

2. Í stað ATCO.AR.A.010 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.A.010 Verkefni lögbærra yfirvalda**

Verkefni lögbærra yfirvalda skulu fela í sér:

a) að gefa út, ógilda tímabundið og afturkalla skírteini, áritanir, viðbótaráritanir og heilbrigðisvottorð,

b) að gefa út bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað samkvæmt ATCO.C.025,

c) að gefa út bráðabirgðastarfsleyfi matsmanns samkvæmt ATCO.C.065,

d) að framlengja og endurnýja viðbótaráritanir,

e) að framlengja, endurnýja og takmarka heilbrigðisvottorð í kjölfar tilvísunar fluglæknis eða fluglæknaseturs,

f) að gefa út, framlengja, endurnýja, ógilda tímabundið, afturkalla, takmarka og breyta vottorðum fluglæknis,

g) að gefa út, ógilda tímabundið, afturkalla og takmarka vottorð þjálfunarfyrirtækis og vottorð fluglæknasetra,

h) að samþykkja þjálfunarnámskeið, þjálfunaráætlanir og hæfnisáætlanir deilda, ásamt matsaðferðum,

i) að samþykkja matsaðferðir þegar sýnt er fram á tungumálafærni og staðfesta kröfurnar sem gilda um aðila sem meta tungumálafærni samkvæmt ATCO.B.040,

j) að samþykkja að þörf sé á tungumálafærni á framhaldsstigi (5. stigi) í samræmi við d-lið ATCO.B.030,

k) að hafa eftirlit með þjálfunarfyrirtækjum, þ.m.t. þjálfunarnámskeiðum þeirra og þjálfunaráætlunum,

l) að samþykkja og hafa eftirlit með hæfnisáætlunum deilda,

m) að koma á fót viðeigandi áfrýjunarferli og tilkynningakerfi,

n) að greiða fyrir viðurkenningu og skiptum á skírteinum, þ.m.t. yfirfærslu á skrám flugumferðarstjóra og skilum á gamla skírteininu til lögbæra yfirvaldsins sem gaf það út, samkvæmt ATCO.AR.D.003,

o) að greiða fyrir viðurkenningu á vottorðum þjálfunarfyrirtækja og samþykki námskeiða svo og samþykki á matsaðferð þegar sýnt er fram á tungumálafærni.“

3. Í stað ATCO.AR.A.015 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.A.015 Aðferðir til að uppfylla kröfur**

a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við kröfur framseldu gerðanna og framk væmdargerðanna.

c) Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa Flugöryggisstofnunina um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvöldin nota sjálf eða sem fyrirtæki undir þeirra eftirliti nota til að staðfesta samræmi við þessa reglugerð.“

4. Í stað ATCO.AR.A.020 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.A.020 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar**

a) Lögbært yfirvald skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, innan 30 daga frá því lögbæra yfirvaldinu varð kunnugt um vandamálin.

b) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbæra yfirvaldið veita Flugöryggisstofnuninni, eins fljótt og auðið er, mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi sem eiga rætur sínar að rekja til tilkynninga um atvik og eru geymdar í landsbundnum gagnagrunni þess í samræmi við 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014.“

5. Í stað ATCO.AR.A.025 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.A.025 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

a) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal lögbæra yfirvaldið innleiða kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.

b) Flugöryggisstofnunin skal innleiða kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, einstaklingum eða fyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu.

d) Ráðstafanir, sem gripið er til skv. c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar öllum einstaklingum eða fyrirtækjum sem skulu hlíta þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þessar ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.“

6. Í stað ATCO.AR.B.001 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.B.001 Stjórnunarkerfi**

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi, þ.m.t. að lágmarki:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og aðferðum við að uppfylla kröfurnar í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar; verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,

2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum, þ.m.t. skoðunarmenn vegna skírteina og vottunar. Starfsfólkið skal vera hæft til að inna af hendi störf sem því er úthlutað og hafa nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun, þjálfun í starfi og reglubundna þjálfun í starfi til að tryggja áframhaldandi hæfni; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll tengd verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,

3) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að inna af hendi úthlutuðum verkefnum,

4) ferli til að vakta að stjórnunarkerfið sé í samræmi við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttekt og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun; samræmiseftirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta og

5) einstakling eða hóp einstaklinga, sem bera endanlega ábyrgð á samræmiseftirlitinu gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna fyrir hvert athafnasvið í stjórnunarkerfinu, einn eða fleiri einstaklinga sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.

c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, hvort sem það er innan aðildarríkisins eða í öðrum aðildarríkjum, þ.m.t. skipti á upplýsingum um eftirfarandi:

1) viðeigandi frávik sem koma upp og allar eftirfylgniaðgerðir, sem gripið er til í kjölfar eftirlits með einstaklingum og fyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni og

2) upplýsingar sem eru leiddar af skyldubundnum og valfrjálsum tilkynningum um atvik, eins og krafist er í lið ATCO.OR.B.040.

d) Afrit af verklagsreglunum sem tengjast stjórnunarkerfinu og breytingum þar á skal gert aðgengilegt Flugöryggis-stofnuninni af ástæðum er varða stöðlun.“

7. Í stað a-liðar ATCO.AR.B.005 kemur eftirfarandi:

„a) Ef lögbært yfirvald úthlutar verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með einstaklingum eða fyrirtækjum, sem heyra undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, skal það aðeins úthluta þeim til hæfra eininga. Þegar verkefnum er úthlutað skal lögbært yfirvald tryggja að einingin hafi:

1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og símat á því að hæfa einingin fari að VI. viðauka reglugerðar (ESB) 2018/1139;

þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfest,

2) komið á skjalfestu samkomulagi við hæfu einingunа, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnu narstigi, þar sem tilgreint er með skýrum hætti:

i. verkefnin sem inna á af hendi,

ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja á fram,

iii. tæknileg skilyrði, sem á að uppfylla þegar slík verkefni eru innt af hendi,

iv. tilheyrandi bótaábyrgð og

v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.“

8. Í stað ATCO.AR.B.010 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.B.010 Breytingar á stjórnunarkerfinu**

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa yfir að ráða kerfi til að greina breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Það skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfið verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt til að endurspegla tímanlega allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.“

9. Í stað ATCO.AR.B.015 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.B.015 Skráahald**

a) Lögbær yfirvöld skulu halda skrá yfir öll þau fyrirtækjavottorð, flugstarfaskírteini og vottorð sem þau gefa út.

b) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, starfsréttindi og heimildir starfsfólks þess,

3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í ATCO.AR.B.005, sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) vottunarferli og samfellt eftirlit með vottuðum fyrirtækjum,

5) upplýsingar um námskeið á vegum þjálfunarfyrirtækja,

6) ferli fyrir útgáfu skírteina, áritana, viðbótaráritana og vottorða og fyrir samfellt eftirlit með handhöfum þessara skírteina, áritana, viðbótaráritana og vottorða,

7) samfellt eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum, sem stunda starfsemi innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins, en hafa fengið vottun lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki, eftir samkomulagi milli þessara yfirvalda,

8) frávik, aðgerðir til úrbóta og dagsetningar fyrir lok aðgerða,

9) framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið,

10) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni,

11) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 og

12) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur sem lögbæra yfirvaldið notast sjálft við.

c) Geyma skal skrár í a.m.k. 5 ár og að því er varðar flugstarfaskírteini í a.m.k. 10 ár eftir að síðasta viðbótaráritun skírteinisins fellur úr gildi samkvæmt viðeigandi lögum um gagnavernd.“

10. Í stað a-liðar ATCO.AR.C.001 kemur eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa:

1) samræmi við kröfur, sem gilda um fyrirtæki eða einstaklinga, fyrir útgáfu fyrirtækjavottorðs eða flugstarfa skírteinis, vottorðs, áritunar eða viðbótaráritunar, eftir því sem við á,

2) að viðeigandi kröfur og skilyrði, sem fylgja vottorði þjálfunarfyrirtækisins, séu áfram uppfyllt sem og viðeigandi kröfur þjálfunarnámskeiða, þjálfunaráætlana og hæfnisáætlunum deilda, sem það hefur samþykkt, og kröfur sem eiga við um starfsfólk,

3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, eins og skilgreint er í c- og d-lið í ATCO.AR.A.025.“

11. Eftirfarandi ATCO.AR.D.003 er bætt við:

„**ATCO.AR.D.003 Skipt um lögbært yfirvald**

a) Við móttöku beiðni skírteinishafa um að skipta um lögbært yfirvald skal lögbæra viðtökuyfirvaldið, án ótilhlýðilegrar tafar, fara þess á leit við lögbært yfirvald skírteinishafans að flytja, án ótilhlýðilegrar tafar, öll eftirfarandi gögn:

1) sannprófun skírteinis,

2) afrit af heilbrigðisskýrslum skírteinishafa sem viðkomandi lögbært yfirvald geymir. Heilbrigðisskýrslurnar skulu fluttar sem trúnaðarmál, í samræmi við lið ATCO.MED.A.015 í IV. viðauka (ATCO.MED-hluta), og skulu innihalda samantekt á viðeigandi heilsufarssögu umsækjandans, sem hefur verið staðfest og undirrituð eða auðkennd með rafrænum hætti af læknisfræðilegum sérfræðingi.

b) Lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, skal geyma upprunalegar skrár skírteinishafa um skírteini hans og heilbrigði.

c) Lögbært viðtökuyfirvald skal, án ótilhlýðilegrar tafar, skipta út skírteininu og heilbrigðisvottorðinu að því tilskildu að það hafi móttekið og meðhöndlað öll þau gögn sem tilgreind eru í a-lið. Þegar skírteininu og heilbrigðisvottorðinu er skipt út skal lögbæra viðtökuyfirvaldið án tafar fara þess á leit við skírteinishafann að hann skili inn skírteininu, sem lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, gaf út og tengdu heilbrigðisvottorði.

d) Nýja skírteinið skal innihalda áritanir, viðbótaráritanir, skírteinisviðbætur og allar gildar deildarviðbótaráritanir á skírteininu, þ.m.t. dagsetninguna sem þær eru fyrst gefnar út og hvenær þær falla úr gildi, ef við á.

e) Lögbært viðtökuyfirvald skal tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem annast flutninginn, þegar það hefur skipt út skírteininu og heilbrigðisvottorðinu og skírteinishafinn hefur skilað inn skírteininu og heilbrigðisvottorðinu skv. c-lið. Þar til slík tilkynning hefur verið móttekin ber lögbæra yfirvaldið, sem annast flutninginn, áfram ábyrgð á skírteininu og heilbrigðisvottorðinu sem upprunalega var gefið út til viðkomandi skírteinishafa.“

12. Í stað ATCO.AR.D.005 kemur eftirfarandi:

„ATCO.AR.D.005 Afturköllun og tímabundin ógilding skírteina, áritana og viðbótaráritana

a) Að því er varðar ATCO.A.020 skal lögbært yfirvald ákvarða stjórnsýslumeðferð vegna afturköllunar eða tímabundinnar ógildingar skírteina, áritana og viðbótaráritana.

b) Lögbært yfirvald má ógilda skírteinið tímabundið ef um er að ræða tímabundna vanhæfni til starfa, sem ekki hefur verið ráðin bót á, samkvæmt verklagsreglunum sem um getur í e-lið ATCO.A.015.

c) Lögbæra yfirvaldið skal ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritun eða viðbótaráritun í samræmi við ATCO.AR.C.010, einkum við eftirfarandi aðstæður:

1) ef réttinda skírteinisins er neytt þegar skírteinishafi uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur í þessari reglugerð,

2) ef skírteini, áritun, viðbótaráritun eða vottorð flugumferðarstjóranema eða flugumferðarstjóra er fengið með því að leggja fram fölsuð gögn,

3) ef skrár yfir skírteini eða vottorð eru falsaðar,

4) ef réttinda skírteinis, áritunar/áritana eða viðbótaráritunar/viðbótaráritana er neytt undir áhrifum geðvirkra efna.

d) Ef um er að ræða tímabundna ógildingu eða afturköllun skírteina, áritana og viðbótaráritana skal lögbært yfirvald tilkynna skírteinishafanum og viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu skriflega um þessa ákvörðun og tilkynna skírteinishafanum um rétt sinn til áfrýjunar í samræmi við verklagsreglurnar í m-lið ATCO.AR.A.010.

e) Lögbæra yfirvaldið skal einnig ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritun eða viðbótaráritun við skriflega beiðni skírteinishafa.“

13. Í stað ATCO.AR.E.001 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.E.001 Verklagsreglur um vottunarferli þjálfunarfyrirtækja og útgáfu vottorða**

a) Við móttöku umsóknar um útgáfu vottorðs þjálfunarfyrirtækis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að þjálfunarfyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

b) Lögbæra yfirvaldið getur farið fram á hvers konar úttektir, skoðanir eða mat á þjálfunarfyrirtækinu sem það telur nauðsynlegt áður en það gefur út vottorðið.

c) Ef þjálfunarfyrirtækið, sem er umsóknaraðili, uppfyllir viðeigandi kröfur skal lögbæra yfirvaldið gefa út vottorð með því að nota eyðublaðið í 2. viðbæti II. viðauka.

d) Vottorðið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Starfsemin, sem þjálfunarfyrirtækið hefur heimild til að annast, skal tilgreind í viðhengi við vottorðið.

e) Ekki skal gefa út vottorð ef fyrsta stigs frávik er enn óleyst. Í undantekningartilvikum skal þjálfunarfyrirtækið meta frávik, önnur en fyrsta flokks frávik, og gera nauðsynlegar mildunarráðstafanir og áður en vottorð er gefið út skal lögbæra yfirvaldið samþykkja áætlun um aðgerðir til úrbóta til að leiða frávik til lykta.

f) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við ATCO.OR.B.015 og c-lið ATCO.AR.E.010 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklagið, sem þjálfunarfyrirtækið leggur fram, þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkum breytingum verður hagað og þær tilkynntar.“

14. Í stað b-liðar í ATCO.AR.E.005 kemur eftirfarandi:

„b) Til að skipta um lögbært yfirvald samkvæmt ATCO.A.010 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja eða synja námskeiði um deildarviðbótaráritun í samræmi við b- og e-lið ATCO.B.020 eigi síðar en sex vikum eftir að umsókn um samþykki námskeiðsins er lögð fram og tryggja að meginreglan um bann við mismunun og meðalhófsreglan séu hafðar að leiðarljósi.“

15. Í stað ATCO.AR.E.015 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.AR.E.015 Frávik, aðgerðir til úrbóta og framfylgdarráðstafanir**

a) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina frávik, með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi, og ákvarða framfylgdarráðstafanir, byggt á þeirri áhættu sem er samfara því að þjálfunarfyrirtæki fer ekki að viðeigandi kröfum.

b) Lögbært yfirvald skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar um er að ræða verulegar vanefndir gagnvart kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og þessarar reglugerðar, gagnvart vottorðinu og/eða skilmálum fyrir samþykki eða réttindum þess, sem getur haft í för með sér umtalsverða áhættu fyrir flugöryggi eða dregur að öðru leyti í efa getu þjálfunarfyrirtækisins til að halda starfrækslu áfram.

Fyrsta stigs frávik skal fela í sér en ekki takmarkast við eftirfarandi:

1) veitingu þjálfunar með þeim hætti sem getur haft í för með sér umtalsverða áhættu fyrir flugöryggi,

2) lögbæra yfirvaldinu er ekki veittur aðgangur að húsnæði þjálfunarfyrirtækisins, eins og skilgreint er í ATCO.OR.B.025, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,

3) vottorð þjálfunarfyrirtækisins er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skjöl,

4) sannanir um misferli eða sviksamlega notkun vottorðs þjálfunarfyrirtækis og

5) vöntun á ábyrgðarmanni.

c) Lögbært yfirvald gefur út annars stigs frávik þegar um er að ræða vanefndir gagnvart gildandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og þessarar reglugerðar, eða gagnvart verklagsreglum og handbókum þjálfunarfyrirtækisins, eða gagnvart tegund(um) þjálfunar sem er veitt eða vottorði eða vottorðum.

d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirsvara um hvers konar viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og þessari reglugerð, senda þjálfunarfyrirtækinu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim vanefndum sem komu í ljós.

1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi, og ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fráviksins, þar til þjálfunarfyrirtækinu hefur tekist að grípa til árangursríkra aðgerða til úrbóta.

2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

i. veita þjálfunarfyrirtækinu frest til að framkvæma aðgerðir til úrbóta, sem eru tilgreindar í aðgerðaáætlun sem er viðeigandi fyrir eðli fráviksins og

ii. meta aðgerðina til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem þjálfunarfyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að ráða bót á vanefndunum.

3) Ef þjálfunarfyrirtæki leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það hefur vakið máls á, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna frávika er lokið.

f) Ef hvorki er um að ræða fyrsta né annars stigs frávik er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir.“

16. Í stað 1. viðbætis við II. viðauka kemur eftirfarandi:

„1. viðbætir við II. viðauka

Eyðublað fyrir skírteini

SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA(-NEMA)

Skírteini flugumferðarstjóra(-nema), sem gefið er út í samræmi við þessa reglugerð, skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) Innihald. Atriðisnúmer skal alltaf prenta í tengslum við fyrirsögn atriðis. Atriði I–XI eru „föst atriði“ og atriði XII–XIV eru „breytileg“ atriði sem mega koma fram á aðskildum eða aðskiljanlegum hlutum aðaleyðublaðsins, eins og mælt er fyrir um hér á eftir. Allir aðskildir eða aðskiljanlegir hlutar skulu vera auðþekkjanlegir sem hluti af skírteininu.

1. Föst atriði:

I. Útgáfuríki skírteinis.

II. Titill skírteinis.

III. Raðnúmer skírteinisins með landakóða Sameinuðu þjóðanna (SÞ) fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „skírteini flugumferðarstjóra(-nema)“ og svo talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku letri.

IV. Fullt nafn skírteinishafa (með latnesku letri, jafnvel þótt letur þjóðtungunnar sé annað).

IVa. Fæðingardagur og -ár.

V. Heimilisfang skírteinishafa, ef lögbært yfirvald krefst þess.

VI. Ríkisfang skírteinishafa.

VII. Undirskrift skírteinishafa.

VIII. Lögbært yfirvald.

IX. Vottorð um gildi og leyfi fyrir þeim réttindum sem veitt eru, þ.m.t. hvenær það var fyrst gefið út.

X. Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og dagsetning slíkrar útgáfu.

XI. Innsigli eða stimpill lögbæra yfirvaldsins.

2. Breytileg atriði:

XII. Áritanir og viðbótaráritanir, ásamt síðasta gildisdegi.

XIII. Athugasemdir: viðbótaráritanir um tungumálafærni.

XIV. Aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um.

b) Skírteininu skal fylgja gilt heilbrigðisvottorð, nema þegar einungis réttinda kennara eða matsmanns er neytt í flugþjálfa.

c) Efni. Nota skal hágæðapappír og/eða annað heppilegt efni, þ.m.t. plastkort, til að koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað hefur verið afmáð. Allt sem fært er inn á eyðublaðið eða strikað út af því skal lögbæra yfirvaldið heimila með skýrum hætti.

d) Tungumál. Skírteini skulu rituð á ensku og, ef aðildarríkið gerir kröfu um það, á þjóðtungu(m) og öðrum tungumálum eins og viðeigandi telst.

Heiti lögbærs yfirvalds og merki (enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður)	Kröfur (1)
EVRÓPUSAMBANDIÐ (aðeins enska)	„Evrópusambandið“ fellur brott fyrir ríki utan ESB.
SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA(-NEMA) [enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður] Gefið út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar [enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður] EASA-eyðublað nr. 152, 2. útgáfa	Stærð hverrar blaðsíðu skal vera einn áttundi af A4

(1) Kröfur:
Blaðsíðurnar, sem vísa til leiðbeininga um hvernig eigi að fylla út skírteini flugumferðarstjóra(-nema), eru ætlaðar til notkunar fyrir lögbæra yfirvaldið eða matsmanninn sem hefur sérstakt leyfi til að framlengja eða endurnýja deildarviðbótaráritanir. Lögbæra yfirvaldið skal alltaf færa inn fyrstu útgáfu áritana, viðbótaráritana, viðbótaráritana um tungumálafærni, kennaraviðbótaráritun og viðbótaráritun matsmanns. Lögbæra yfirvaldið eða viðurkenndir matsmenn skulu færa inn framlengingu eða endurnýjun deildarviðbótaráritana.

I	**Útgáfuríki:**	Kröfur:
II	**Titill skírteinis:**	
III	**Raðnúmer skírteinis:**	Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „skírteini flugumferðarstjóra(-nema)“.
IV	**Fullt nafn skírteinishafa:**	
IVa	**Fæðingardagur og -ár:**	Nota skal staðlað snið dagsetninga, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 31.01.2010)
XIV	**Fæðingarstaður:**	
V	**Heimilisfang skírteinishafa, ef lögbært yfirvald krefst þess:** gata, bær, svæði, póstnúmer	
VI	**Ríkisfang skírteinishafa:**	Gefið upp með landskóða SÞ fyrir ríkið
VII	**Undirskrift skírteinishafa:**	
VIII	**Lögbært yfirvald:**	
X	**Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og útgáfudagur**	
XI	**Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvaldsins**	

IX **Gildistími réttinda:**

Skírteinishafi hefur rétt til að neyta réttinda eftirfarandi áritunar eða áritana og viðbótaráritunar eða viðbótaráritana, þegar búið er að fullgilda þau:

Áritun/áritanir	*Fyrsti útgáfudagur:*

Viðbótaráritun eða viðbótaráritanir	*Fyrsti útgáfudagur:*

Kröfur:

Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

Fyrsti útgáfudagur áritunar og/eða viðbótaráritunar skal vera sú dagsetning þegar þeirri þjálfun sem á við þá áritun og/eða viðbótaráritun er lokið með fullnægjandi árangri.

XIIa **Áritanir og viðbótaráritanir, ásamt síðasta gildisdegi**

Skírteinishafi hefur aðeins rétt til að neyta réttinda eftirfarandi áritana og viðbótaráritana á flugumferðarþjónustudeild eða -deildum sem viðkomandi hefur gilda deildarviðbótaráritun eða -áritanir fyrir, eins og talið er upp hér á eftir, ef skírteinishafinn hefur gilt heilbrigðisvottorð:

Deild (auðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) (*)	**Undirsvæði/ Staða** (*)	***Áritun/Viðbótaráritun***	***Lokadagsetning*** (*)	***Undirskrift/stimpill yfirvalds eða númer skírteinis og undirskrift matsmanns***

(*) Á ekki við um skírteini flugumferðarstjóranema

XIIb	**Aðrar viðbótaráritanir:** *Skírteinishafi hefur rétt til að neyta réttinda eftirfarandi viðbótaráritunar eða viðbótaráritana:* *Viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað/ kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfa/viðbótaráritun matsmanns* — *Lokadagsetning*	Kröfur: Á ekki við

XIII	**Athugasemdir:** viðbótaráritun eða viðbótaráritanir um tungumálafærni: [tungumál/stig/lokadagsetning]	Viðbótaráritun eða viðbótaráritanir um tungumálafærni, stig og lokadagsetning skulu einnig tilgreind. Allar viðbótarupplýsingar vegna skírteinis á að færa inn hér.

Skammstafanir

Áritanir flugumferðarstjóra		Kröfur: Á ekki við
ADV	Flugumferðarstjórnarþjónusta flugvallarumferðar í sjónflugi (e. *aerodrome control visual*)	
ADC	Flugumferðarstjórn flugvallarumferðar (e. *aerodrome control*)	
APP	Huglæg aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (e. *approach control procedural*)	
APS	Aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (e. *approach control surveillance*)	
ACP	Huglæg svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (e. *area control procedural*)	
ACS	Svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (e. *area control surveillance*)	
Viðbótaráritanir		
SUR	Flugumferðarstjórn flugvallarumferðar með kögunarbúnaði	
PAR	Nákvæmnisaðflugsstjórnun með ratsjá	
SRA	Aðflugsstjórnun með kögunarratsjá	
OCN	Úthafsstjórnun	
Skírteinisviðbætur		
OJTI	Starfsþjálfari á vinnustað	
STDI	Kennari á flugþjálfa	
Assessor	Matsmaður“.	

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka (ATCO-hluta) við reglugerð (ESB) 2015/340 er breytt sem hér segir:

1. Í stað ATCO.OR.A.001 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.A.001 Gildissvið**

Í þessum hluta, sem settur er fram í þessum viðauka, eru ákvarðaðar kröfur, sem gilda um fyrirtæki sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra og um fluglæknasetur, til að fá og viðhalda vottorði í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og þessa reglugerð.“

2. Í stað ATCO.OR.B.001 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.B.001 Umsókn um vottorð þjálfunarfyrirtækis**

a) Umsóknir um vottorð þjálfunarfyrirtækis skulu lagðar tímanlega fyrir lögbæra yfirvaldið svo lögbæra yfirvaldið geti metið umsóknina. Leggja skal umsóknina fram í samræmi við verklagsreglurnar sem þetta lögbæra yfirvald setur.

b) Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn skulu umsækjendur sýna lögbæra yfirvaldinu fram á hvernig þeir ætli að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2018/1139 og þessari reglugerð.

c) Í umsókn um vottorð þjálfunarfyrirtækis skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

1) nafn og heimilisfang umsækjanda,

2) heimilisfang/heimilisföng starfsstöðvar eða -stöðva (þ.m.t., ef við á, skrá yfir flugumferðarstjórnardeildir), ef það er ekki það sama og heimilisfang umsækjandans í 1. lið,

3) nafn og samskiptaupplýsingar:

i. ábyrgðarmanns,

ii. yfirmanns þjálfunarfyrirtækis, ef hann er annar en aðilinn í i. lið,

iii. einstaklings/einstaklinga, sem þjálfunarfyrirtækið tilnefnir sem tengilið(i) vegna samskipta við lögbæra yfirvaldið,

4) dagsetning sem áætlað er að hefja eða breyta starfsemi,

5) skrá yfir þær tegundir þjálfunar sem á að veita og a.m.k. eitt þjálfunarnámskeið úr hverri tegund þjálfunar sem fyrirhugað er að veita,

6) ábyrgðarmaður skal skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að farið verði að viðeigandi kröfum, þar sem lýsa skal yfir að þjálfunarfyrirtækið muni ávallt fara að kröfunum,

7) ferli stjórnunarkerfis og

8) dagsetning umsóknar.“

3. Í stað ATCO.OR.B.005 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.B.005 Aðferðir til að uppfylla kröfur**

a) Fyrirtæki má beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

b) Ef fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það, áður en til framkvæmda kemur, veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum, sem gætu skipt máli, ásamt útskýringu á því hvernig uppfylla skuli kröfur þessarar reglugerðar.

Fyrirtækið má beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins.“

4. Í stað b-liðar í ATCO.OR.B.010 kemur eftirfarandi:

„b) Til að tryggja að viðeigandi kröfur í D-kafla I. viðauka (ATCO-hluta) séu uppfylltar skal aðeins veita þjálfunarfyrirtæki réttindi til að veita deildar- og/eða síþjálfun ef það:

1) er handhafi vottorðs vegna veitingar flugumferðarstjórnarþjónustu eða

2) hefur komist að sérstöku samkomulagi við veitanda flugumferðarstjórnar.“

5. Í stað ATCO.OR.B.015 kemur eftirfarandi:

„ATCO.OR.B.015 Breytingar á þjálfunarfyrirtæki

a) Eftirfarandi breyting krefst fyrirframsamþykkis áður en hún er framkvæmd nema tilkynnt hafi verið um slíka breytingu og hún meðhöndluð í samræmi við verklag, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir, eins og mælt er fyrir um í c-lið ATCO.AR.E.010:

1) breyting sem hefur áhrif á gildissvið vottorðsins eða skilmála samþykkis fyrirtækisins, eða

2) breyting sem hefur áhrif á aðra þætti í stjórnunarkerfi þjálfunarfyrirtækisins sem skipta máli.

b) Fyrir allar breytingar sem þarfnast fyrirframsamþykkis, í samræmi við a-lið, skal þjálfunarfyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en einhverjar slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum þessarar reglugerðar og að breyta, ef þörf er á, vottorði þjálfunarfyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Þjálfunarfyrirtæki skulu láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ATCO.AR.E.010.

Þjálfunarfyrirtæki skulu starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur mælt fyrir um meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

c) Tilkynna skal lögbæra yfirvaldinu um breytingar á þáttunum, sem um getur í a-lið, sem verða vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, án tafar til að hljóta nauðsynlegt samþykki.

d) Þjálfunarfyrirtækin skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu ef þau hætta starfsemi sinni.“

6. Í stað ATCO.OR.B.020 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.B.020 Áframhaldandi gildi**

a) Vottorð þjálfunarfyrirtækis skal halda gildi sínu svo fremi að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað og þjálfunarfyrirtækið fari að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og þessarar reglugerðar, með tilliti til ákvæðanna sem tengjast meðhöndlun frávika í samræmi við ATCO.OR.B.030.

b) Vottorðinu skal skilað án tafar til lögbæra yfirvaldsins ef það er afturkallað eða allri starfsemi er hætt.“

7. Í stað ATCO.OR.B.030 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.B.030 Frávik**

Eftir móttöku tilkynninga um frávik, sem lögbæra yfirvaldið gefur út í samræmi við ATCO.AR.E.015, skal þjálfunarfyrirtækið:

a) greina frumorsök fráviksins,

b) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta sem lögbæra yfirvaldið samþykkir og

c) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á innleiðingu úrbótanna, eins og það telur fullnægjandi, innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald, eins og skilgreint er í ATCO.AR.E.015.“

8. Í stað ATCO.OR.B.035 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.B.035 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli**

Þjálfunarfyrirtækið skal framkvæma allar öryggisráðstafanir, sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um í samræmi við c- og d-lið ATCO.AR.A.025, sem varða starfsemi þjálfunarfyrirtækisins.“

9. Í stað ATCO.OR.B.040 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.B.040 Tilkynning atvika**

a) Þjálfunarfyrirtæki, sem veita starfsþjálfun á vinnustað, skulu koma á og viðhalda tilkynningarkerfi um atvik, þ.m.t. skyldubundnar og valfrjálsar tilkynningar, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu. Þjálfunarfyrirtæki með staðfestu í aðildarríki og sem veita starfsþjálfun á vinnustað á því yfirráðasvæði sem sáttmálarnir gilda um skulu tryggja að kerfið uppfylli kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdargerðum hennar og í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

b) Þjálfunarfyrirtæki sem veita starfsþjálfun á vinnustað, skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi, og öllum öðrum fyrirtækjum, samkvæmt kröfu aðildarríkisins þar sem þjálfunarfyrirtækið veitir starfþjálfun á vinnustað, um alla öryggistengda atburði eða aðstæður sem verða vegna þjálfunarstarfsemi þeirra sem stofna eða, ef ekki er gripið til aðgerða eða gerðar úrbætur, gætu stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu, einkum slys eða alvarlegt flugatvik.

c) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skulu tilkynningar í samræmi b-lið hér að framan:

1) sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður vart við atburðinn eða aðstæðurnar sem vísað er til í tilkynningunni, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,

2) sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar,

3) hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um.

d) Að því er varðar þjálfunarfyrirtæki sem hafa ekki staðfestu í aðildarríki og veita starfsþjálfun á vinnustað á yfirráðasvæðinu sem sáttmálinn gildir um skulu fyrstu skyldubundnu tilkynningarnar:

1) tryggja að trúnaður hvíli yfir nafni þess sem tilkynnir og einstaklinganna, sem nefndir eru í tilkynningunni, með viðeigandi hætti,

2) sendar inn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður vart við atvikið nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það,

3) sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar og

4) hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem fyrirtækið hefur öðlast vitneskju um.

e) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, þar sem við á, skal fyrirtækið senda inn eftirfylgniskýrslu sem inniheldur upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni og um leið og þær aðgerðir liggja fyrir skulu þær eftirfylgni-skýrslur:

1) sendar viðkomandi aðilum, sem tóku við upphaflegu tilkynningunni í samræmi við b- og c-lið, og

2) sendar inn á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.“

10. Í stað d-liðar ATCO.OR.C.010 kemur eftirfarandi:

„d) Þjálfunarfyrirtæki skal halda skrá yfir kennara í bóklegum greinum þar sem fram kemur viðeigandi fagleg menntun þeirra og hæfi, þ.m.t. staðfesting á því að þeir hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu og mat á kennslutækni ásamt þeim námsgreinum sem þeir hafa réttindi til að kenna.“

11. Í stað b-liðar í ATCO.OR.D.001 kemur eftirfarandi:

„b) viðfangsefni, efni og undirefni vegna viðbótaráritana í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka (ATCO-hluta),“.

12. Í stað ATCO.OR.E.001 kemur eftirfarandi:

„**ATCO.OR.E.001 Fluglæknasetur**

Fluglæknasetur skulu beita ákvæðum ORA.GEN-kafla og ORA.AeMC-kafla VII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 (áhafnarreglugerðin) ([1]), þegar:

a) skipta á út öllum tilvísunum í 1. flokk með tilvísunum í 3. flokk og

b) skipta á út öllum tilvísunum í MED-hluta með tilvísunum í ATCO.MED-hluta.“

———

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka (ATCO.MED)-hluta) við reglugerð (ESB) 2015/340 er breytt sem hér segir:

1. Í stað a-liðar ATCO.MED.A.005 kemur eftirfarandi:

„a) útgáfu, gildistíma, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorðsins, sem krafist er til að neyta réttinda skírteinis flugumferðarstjóra eða skírteinis flugumferðarstjóranema og“.

2. Í stað b-liðar í ATCO.MED.A.020 kemur eftirfarandi:

„b) Til viðbótar við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a-lið, skulu handhafar 3. flokks heilbrigðisvottorðs, án ástæðulausrar tafar og áður en þeir neyta réttinda skírteinis síns, leita ráða fluglæknis ef þeir:

1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð,

2) hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,

3) hafa orðið fyrir alvarlegum líkamsmeiðslum sem valda því að viðkomandi getur ekki neytt réttinda skírteinisins,

4) hafa glímt við hvers konar alvarleg veikindi sem valda því að viðkomandi getur ekki neytt réttinda skírteinisins,

5) vita að þeir eru þungaðir,

6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða læknastofu,

7) þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar.

Í slíkum tilvikum skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn meta heilbrigði skírteinishafa eða flugumferðarstjóranema og skal skera úr um getu viðkomandi til að neyta réttinda sinna áfram.“

3. Í stað a-liðar ATCO.MED.A.030 kemur eftirfarandi:

„a) Umsækjendur um og handhafar skírteinis flugumferðarstjóra eða skírteinis flugumferðarstjóranema skulu hafa 3. flokks heilbrigðisvottorð, nema þegar réttindanna er neytt í flugþjálfa.“

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1028 **2025/EES/10/76**

frá 20. mars 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar skilgreiningu á flóknum, vélknúnum loftförum og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 19. gr. og 13. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ([2]) er mælt fyrir um kröfur um lofthæfi- og umhverfisvottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar almenningsloftfara, s.s. hreyfla, skrúfna og hluta sem á að setja þar upp, að því er varðar reglugerð (ESB) 2018/1139.

2) Í 2. mgr. 140 gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 er þess krafist að framkvæmdarreglurnar, sem samþykktar voru á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([3]), séu aðlagaðar að reglugerð (ESB) 2018/1139 eigi síðar en 12. september 2023. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til að innleiða skilgreininguna á „flóknum, vélknúnum loftförum“.

3) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1358 ([4]) var 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 breytt til að uppfæra tilvísanirnar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Í 5. lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1358 var því ranglega lýst yfir að hann kæmi í stað 3. og 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012. Í raun hefði liðurinn átt að koma í stað 2. og 3. mgr. þeirrar greinar. Skipta ætti núna út 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 í heild sinni til að forðast rugling.

4) Í 6. lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1358 var því ranglega lýst yfir að hann kæmi í stað 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012. Í raun telst 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 mikilvæg fyrir rétta virkni reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 og hefði átt að halda henni. Því ætti að endurinnleiða upprunalega 3. mgr. 8. gr. sem nýja 6. mgr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 26.5.2023, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1358 frá 2. júní 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar framkvæmd hóflegri krafna fyrir loftför sem notuð eru í sport- og tómstundaflugi (Stjtíð. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 7).

5) Í 8. lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1358 var því ranglega lýst yfir að hann kæmi í stað 2. og 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012. Í raun teljast þau ákvæði mikilvæg fyrir rétta virkni reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 og hefði átt að halda þeim. Skipta ætti núna út 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 í heild sinni til að forðast rugling.

6) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið ha er bætt við 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012:

„ha) „flókið, vélknúið loftfar“:

i. flugvél

— með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg eða

— með vottun fyrir hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 eða

— með vottun fyrir starfrækslu með minnst tvo flugmenn í áhöfn eða

— búin þotuhreyfli/-hreyflum eða fleiri en einum skrúfuhverfihreyfli eða

ii. þyrla með vottun:

— fyrir hámarksflugtaksmassa sem er yfir 3175 kg eða

— fyrir hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en níu eða

— fyrir starfrækslu með minnst tvo flugmenn í áhöfn eða

iii. veltihnita.“

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Áframhaldandi gildi tegundarvottorða og tilheyrandi lofthæfivottorða

1. Að því er varðar framleiðsluvörur sem höfðu tegundarvottorð, sem aðildarríki gaf út fyrir 28. september 2003, eða skjal, sem leyfði útgáfu lofthæfivottorðs, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) framleiðsluvaran telst hafa tegundarvottorð, sem er gefið út í samræmi við þessa reglugerð, þegar eftirfarandi gildir:

i. tegundarvottunargrunnurinn var:

— tegundarvottunargrunnur Flugöryggissamtaka Evrópu fyrir framleiðsluvörur sem hafa verið vottaðar samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu, eins og þær eru skilgreindar á upplýsingablaði Flugöryggissamtaka Evrópu eða

— að því er varðar aðrar framleiðsluvörur tegundarvottunargrunnur, eins og hann er skilgreindur á upplýsingablaði tegundarvottorðs hönnunarríkis, ef það hönnunarríki var:

— aðildarríki, nema Flugöryggisstofnunin ákvarði, að teknu sérstöku tilliti til vottunarforskrifta sem í gildi eru og reynslu af notkun þeirra, að slíkur tegundarvottunargrunnur tryggi ekki það öryggisstig sem jafngildir því sem krafist er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og þessari reglugerð eða

— ríki sem aðildarríki hefur gert tvíhliða lofthæfisamning við, eða svipað samkomulag, um fyrirkomulag á vottun framleiðsluvara á grundvelli vottunarforskrifta þess hönnunarríkis nema Flugöryggisstofnunin ákvarði að þær vottunarforskriftir eða reynsla af notkun þeirra eða öryggiskerfi hönnunarríkisins veiti ekki það öryggisstig sem jafngildir því sem krafist er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og þessari reglugerð.

Flugöryggisstofnunin skal gera fyrsta mat á áhrifum ákvæða annars undirliðar með það fyrir augum að skila áliti sínu til framkvæmdastjórnarinnar ásamt hugsanlegum breytingum á þessari reglugerð;

ii. umhverfisverndarkröfurnar voru þær sem mælt var fyrir um í 16. viðauka við Chicago-samninginn, eftir því sem við á um framleiðsluvöruna,

iii. gildandi lofthæfifyrirmæli voru þau sem voru í gildi í hönnunarríkinu,

b) hönnun loftfars, sem var á skrá í aðildarríki fyrir 28. september 2003, telst hafa verið samþykkt í samræmi við þessa reglugerð þegar:

i. grunntegundarhönnun þess var hluti tegundarvottorðsins sem vísað er til í a-lið,

ii. allar breytingar á þessari grunntegundarhönnun, sem ekki voru á ábyrgð handhafa tegundarvottorðsins, höfðu verið samþykktar og

iii. kröfur lofthæfifyrirmælanna, sem gefin voru út eða skráningaraðildarríkið samþykkti fyrir 28. september 2003, höfðu verið uppfylltar, að meðtöldum breytingum á lofthæfifyrirmælum hönnunarríkisins sem skráningaraðildarríkið samþykkti.

2. Að því er varðar framleiðsluvörur, sem voru í tegundarvottun hjá Flugöryggissamtökum Evrópu eða í aðildarríki 28. september 2003, gildir eftirfarandi:

a) taka skal mið af því verki sem lengst er komið ef vottun framleiðsluvörunnar er hafin í nokkrum aðildarríkjum,

b) ákvæði a-, b- og c-liðar 21.A.15 í I. viðauka (21. hluta) skulu ekki gilda,

c) þrátt fyrir 21.B.80 í I. viðauka (21. hluta) skal tegundarvottunargrunnurinn vera sá sami og grunnur Flugöryggis samtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt er um samþykki,

d) staðfesting á hlítni, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, telst vera komin frá Flugöryggisstofnuninni í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a- og d-liðar 21.A.20 í I. viðauka (21. hluta).

3. Ef samþykkisferli vegna breytinga á framleiðsluvörum með landsbundin tegundarvottorð eða jafngildi þess, sem fram fer hjá aðildarríki, er ekki lokið þegar tegundarvottorðið þarf að vera samþykkt í samræmi við þessa reglugerð skulu eftirfarandi skilyrði gilda:

a) taka skal mið af því verki sem lengst er komið ef samþykkisferli er hafið í nokkrum aðildarríkjum,

b) ákvæði 21.A.93 í I. viðauka (21. hluta) skulu ekki gilda,

c) gildandi tegundarvottunargrunnur skal vera sá sami og grunnur Flugöryggissamtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt er um samþykki fyrir breytingu,

d) staðfesting á hlítni, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, telst vera komin frá Flugöryggisstofnuninni í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði 21.B.107 í I. viðauka (21. hluta).

4. Að því er varðar framleiðsluvörur með landsbundin tegundarvottorð eða jafngildi þess, þar sem samþykkisferli vegna hönnunar meiriháttar viðgerðar, sem fer fram hjá aðildarríki, er ekki lokið þegar ákvarðað er að tegundarvottorðið sé í samræmi við þessa reglugerð telst staðfesting á hlítni, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, vera komin frá Flugöryggisstofnuninni í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a-liðar 21.A.433 í I. viðauka (21. hluta).

5. Lofthæfivottorð, sem aðildarríki gefur út og staðfestir samræmi við tegundarvottorð sem ákvarðað er í samræmi við 1. mgr., telst uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.“

2) Eftirfarandi 6. mgr. er bætt við í 8. gr.:

„6. Samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við kröfur og verklagsreglur Flugöryggissamtaka Evrópu og gildir fyrir 28. september 2003, telst samrýmast þessari reglugerð.“

3) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

Framleiðslufyrirtæki

1. Fyrirtæki, sem ber ábyrgð á framleiðslu framleiðsluvara, hluta og búnaðar, skal sýna fram á getu sína í samræmi við ákvæði I. viðauka (21. hluta). Ekki er þess krafist að sýnt sé fram á getu með tilliti til hluta eða búnaðar sem fyrirtæki framleiðir og sem, í samræmi við ákvæði I. viðauka (21. hluta), er hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru, án þess að fylgja þurfi opinbert viðhaldsvottorð (þ.e.a.s. EASA-eyðublað nr. 1).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur framleiðandi, sem hefur höfuðstöðvar í ríki sem er ekki aðildarríki, sýnt fram á getu sína sem handhafi vottorðs, sem það ríki gefur út, fyrir framleiðsluvöruna, hlutann og búnaðinn sem vottorðið varðar, að því tilskildu:

a) að það ríki sé framleiðsluríkið og

b) að Flugöryggisstofnunin hafi ákvarðað að kerfi þess ríkis feli í sér sambærilega óháða athugun á kröfum um samræmi og kveðið er á um í þessari reglugerð, annaðhvort með því að nota sambærilegt kerfi varðandi samþykki fyrirtækja eða með beinni þátttöku lögbærs yfirvalds þess ríkis.

3. Samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við kröfur og verklagsreglur Flugöryggissamtaka Evrópu og gildir fyrir 28. september 2003, telst uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. getur framleiðslufyrirtækið sótt um undanþágur frá kröfunum um umhverfisvernd, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, hjá lögbæra yfirvaldinu.

5. Þrátt fyrir 1. og 2. lið d-liðar 21.B.225 í I. viðauka (21. hluta) er framleiðslufyrirtæki með gilt samþykkisvottorð, sem er gefið út í samræmi við I. viðauka (21. hluta), heimilt til 7. mars 2025 að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfunum í I. viðauka sem voru innleiddar með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 (*).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta fyrir 7. mars 2025 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella það tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

6. Þrátt fyrir 1. lið a-liðar 21.A.125C í I. viðauka (21. hluta) skal ekki gerð krafa um að fyrirtæki, sem framleiðir framleiðsluvörur, hluta eða búnað án samþykkisvottorðs og er handhafi gildrar staðfestingar á samkomulagi, sem gefin er út 7. mars 2023 eða fyrr í samræmi við I. viðauka (21. hluta), uppfylli viðeigandi kröfur I. viðauka sem voru innleiddar með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201.

7. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er einstaklingi eða lögaðila, sem er með höfuðstöðvar í aðildarríki og ber ábyrgð á framleiðslu framleiðsluvara, hluta þeirra og búnaðar í samræmi við 2. mgr. 2. gr., heimilt að sýna í staðinn fram á getu sína í samræmi við I. viðauka b (21. hluta Light).

8. Ekki skal gerð krafa um að sýnt sé fram á getu, skv. 1. eða 2. mgr., þegar framleiðslufyrirtækið eða einstaklingurinn eða lögaðilinn tekur þátt í eftirfarandi framleiðslustarfsemi:

a) framleiðslu hluta eða búnaðar sem, í samræmi við ákvæði I. viðauka (21. hluta), er hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru, án þess að fylgja þurfi opinbert viðhaldsvottorð (þ.e.a.s. EASA-eyðublað nr. 1),

b) framleiðslu hluta sem, í samræmi við I. viðauka b (21. hluta Light), eru hæfir til ísetningar í loftfar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, án þess að fylgja þurfi opinbert viðhaldsvottorð (þ.e. EASA-eyðublað nr. 1),

c) framleiðslu loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfurnar, sem um getur í 3. mgr. 2. gr., og hluta sem eru hæfir til ísetningar í slík loftför. Í slíkum tilvikum skal framleiðslustarfsemin fara fram í samræmi við R-kafla A-þáttar I. viðauka b (21. hluta Light) og vera á vegum framleiðslufyrirtækis eða einstaklings eða lögaðila sem hefur höfuðstöðvar í aðildarríki.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/201 frá 10. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar stjórnunarkerfi og tilkynningarkerfi um atvik, sem hönnunar- og framleiðslufyrirtæki eiga að koma á fót, sem og um verklagsreglur sem Flugöryggisstofnunin skal beita og um leiðréttingu þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 33, 15.2.2022, bls. 7).“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. ágúst 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. mars 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1010 **2025/EES/10/77**

frá 5. júní 2019

um samræmingu á kvöðum um skýrslugjöf á sviði löggjafar í tengslum við umhverfið og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 og (ESB) nr. 995/2010, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB og 2010/63/ESB, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipun ráðsins 86/278/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr., 192. gr. (1. mgr.) og 207. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að mæta þörf fyrir upplýsingar um framkvæmd og reglufylgni ætti að innleiða breytingar á nokkrum lagagerðum Sambandsins, sem tengjast umhverfinu, þar sem tekið er tillit til niðurstaðna úr skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 9. júní 2017 „Actions to Streamline Environmental Reporting and the accompanying Fitness Check of Reporting and Monitoring of EU Environment Policy of 9 June 2017“ (aðgerðir til að einfalda umhverfisskýrslugjöf og tengt gæðaeftirlit með skýrslugjöf og vöktun á umhverfisstefnu ESB frá 9. júní 2017) (hér á eftir nefnt „gæðaeftirlit með skýrslugjöf“).

2) Í þessari reglugerð er leitast við að nútímavæða upplýsingastjórnun og tryggja samræmdari nálgun að lagagerðunum innan gildissviðs hennar með því að einfalda skýrslugjöf til að draga úr stjórnsýslubyrði, efla gagnagrunninn fyrir möt í framtíðinni og auka gagnsæi í þágu almennings, í samræmi við aðstæður í hvert sinn.

3) Nauðsynlegt er að aðgengi að gögnum tryggi að stjórnsýslubyrði á alla aðila verði eins takmörkuð og unnt er, einkum á aðila sem eru ekki á vegum ríkisins s.s. lítil og meðalstór fyrirtæki. Slíkt aðgengi útheimtir virka miðlun á landsbundnum vettvangi, í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([3]) og 2007/2/EB ([4]) og framkvæmdarreglur þeirra, til að tryggja viðeigandi grunnvirki að því er varðar aðgang almennings, skýrslugjöf og upplýsingaskipti milli opinberra yfirvalda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 110, 22.3.2019, bls. 99.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 21. maí 2019.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

4) Gögn og vinnsla aðildarríkja á yfirgripsmiklum og tímanlegum skýrslum eru nauðsynleg til að framkvæmdastjórnin geti vaktað, yfirfarið og metið nothæfi löggjafarinnar í ljósi þeirra markmiða sem stefnt er að í því skyni að byggja á því við frekara mat á löggjöfinni í samræmi við 22. lið samstarfssamningsins milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([5]). Rétt þykir að bæta ákvæðum við nokkrar lagagerðir í umhverfisgeiranum, í þeim tilgangi að gera frekara mat á þeim, á grundvelli gagna sem er safnað við framkvæmdina, e.t.v. að viðbættum frekari vísinda- og greiningargögnum. Í því samhengi er þörf á viðeigandi gögnum sem gera það kleift að meta betur árangur, skilvirkni, mikilvægi, samræmi og virðisauka löggjafar Sambandsins og þess vegna er nauðsynlegt að tryggja viðeigandi skýrslugjafarkerfi sem getur einnig gegnt hlutverki vísa í þessu skyni, bæði fyrir þá sem taka ákvarðanir og fyrir almenning.

5) Það er nauðsynlegt að breyta kvöðum um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í 10. og 17. gr. tilskipunar ráðsins 86/278/EBE ([6]). Einfalda ætti þá skyldu að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og um leið ætti að gera þá kröfu að aðildarríki tryggi meira gagnsæi þar sem tilskildar upplýsingar verða gerðar aðgengilegar á auðveldan hátt með rafrænum hætti og í samræmi við tilskipanir 2003/4/EB og 2007/2/EB, einkum að því er varðar aðgang almennings, upplýsingaskipti og þjónustu. Í ljósi þess hversu mikilvægt það er að gera borgurum Sambandsins kleift að fá skjótan aðgang að umhverfisupplýsingum er nauðsynlegt að aðildarríki geri gögn aðgengileg fyrir almenning eins fljótt og tæknilega er mögulegt með það að markmiði að upplýsingarnar verði tiltækar innan þriggja mánaða eftir lok ársins.

6) Í samræmi við mat frá 13. desember 2016 á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB ([7]) er þörf á að samstilla eindaga fyrir skýrslugjöf um hávaðakort og aðgerðaáætlanir til að gefa nægan tíma til samráðs við almenning um aðgerðaáætlanirnar. Í þessu skyni ætti að fresta eindaga fyrir yfirferð eða endurskoðun á aðgerðaáætlunum, þó aðeins einu sinni, um eitt ár þannig að eindaginn fyrir fjórðu umferð aðgerðaáætlananna verði ekki 18. júlí 2023 heldur 18. júlí 2024. Frá og með fjórðu umferð hafa aðildarríki því u.þ.b. tvö ár á milli þess sem þau gera hávaðakortin og ljúka við yfirferð eða endurskoðun á aðgerðaáætlunum í stað eins árs eins og nú er. Að því er varðar síðari umferðir aðgerðaáætlananna mun síðan 5 ára tímabilið fyrir yfirferð eða endurskoðun hefjast aftur. Til að uppfylla betur markmið tilskipunar 2002/49/EB og til að veita grundvöll til að móta ráðstafanir á vettvangi Sambandsins ætti skýrslugjöf aðildarríkjanna að fara fram með rafrænum hætti. Það er einnig nauðsynlegt að auka þátttöku almennings með því að gera þá kröfu að skiljanlegar, nákvæmar og sambærilegar upplýsingar séu gerðar aðgengilegar öllum en aðlaga þessa skyldu um leið að öðrum lagagerðum Sambandsins, s.s. tilskipun 2007/2/EB, án þess að tvítaka hagnýtar kröfur.

7) Sambandið hefur einsett sér að styrkja gagnagrundvöll tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB ([8]) með gagnsæjum hætti eins og sérfræðingahópur framkvæmdastjórnarinnar um þá tilskipun tókst á hendur. Til þess að stuðla að sambærilegum gögnum ætti framkvæmdastjórnin að þróa leiðbeiningar sem veita sameiginlegan skilning á umhverfistjóni eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar 2004/35/EB.

8) Á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 2016 um framkvæmd tilskipunar 2007/2/EB og meðfylgjandi mats frá 10. ágúst 2016 þykir rétt, með það fyrir augum að einfalda framkvæmd þeirrar tilskipunar og draga úr stjórnsýslubyrði í tengslum við vöktun aðildarríkjanna, að hætta að krefja aðildarríkin um að senda framkvæmda-stjórninni skýrslu þriðja hvert ár og að hætta að krefja framkvæmdastjórnina um að leggja yfirlitsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið vegna þess að gæðaeftirlitið með skýrslugjöfinni staðfesti takmörkuð not fyrir slíkar skýrslur. Engu að síður ætti framkvæmdastjórnin að halda áfram að inna af hendi mat á tilskipun 2007/2/EB á 5 ára fresti og gera þetta mat aðgengilegt öllum.

([5]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([6]) Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjtíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu (Stjtíð. EB L 189, 18.7.2002, bls. 12).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56).

9) Með gæðaeftirliti framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 2016 með náttúrulöggjöf ESB (tilskipanir um fugla og búsvæði), þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB ([9]) og tilskipun ráðsins 92/43/EBE ([10]), var komist að þeirri niðurstöðu að þörf væri á þriggja ára skýrslugjafarferli samkvæmt tilskipun 2009/147/EB. Í raun hefur þó 6 ára skýrslugjafarferli, eins og samkvæmt tilskipun 92/43/EBE, þegar verið beitt í tengslum við tilskipun 2009/147/EB þar sem megináherslan beinist að sama skapi að því að veita uppfærðar upplýsingar um stöðu og þróun tegunda. Þörfin fyrir samstillta framkvæmd tilskipana 92/43/EBE og 2009/147/EB réttlætir þörfina á að laga löggjöfina að sameiginlegri starfsemi með því að tryggja stöðumat á 6 ára fresti en viðurkenna um leið að aðildarríki þurfa ennþá að inna af hendi nauðsynlega vöktunarstarfsemi í tengslum við nokkrar tegundir í yfirvofandi hættu. Þessi sameiginlega starfsemi ætti einnig að auðvelda samantekt skýrslna sem aðildarríki eiga að leggja fyrir framkvæmdastjórnina á 6 ára fresti um beitingu tilskipananna. Til að tryggja mat á framvindu við stefnur ætti að gera þá kröfu að aðildarríki veiti upplýsingar, einkum um stöðu og þróun tegunda villtra fugla, hættu sem steðjar að þeim og álag, varðveisluráðstafanir sem gerðar hafa verið og hvernig net sérstakra verndarsvæða hefur stuðlað að markmiðum tilskipunar 2009/147/EB.

10) Til að auka gagnsæi og draga úr stjórnsýslubyrði er nauðsynlegt að breyta kvöðum um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í 43., 54. og 57. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB ([11]). Nauðsynlegt er að koma á fót miðlægum, leitarbærum gagnagrunni með opnum aðgangi fyrir samantektir um verkefnin, sem ekki eru á tæknimáli, ásamt tengdum afturvirkum mötum og veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þetta framkvæmdarvald nær yfir það að koma á sameiginlegu sniði fyrir framlagningu samantekta um verkefnin, sem ekki eru á tæknimáli, ásamt tengdum afturvirkum mötum sem og sameiginlegu sniði og efni upplýsinga til að leggja fram upplýsingar um framkvæmd og tölfræðilegar upplýsingar. Einnig er nauðsynlegt að í stað tölfræðilegrar skýrslugjafar framkvæmdastjórnarinnar á þriggja ára fresti komi krafa um að framkvæmdastjórnin setji upp og viðhaldi virkum, miðlægum gagnagrunni og birti tölfræðilegar upplýsingar árlega.

11) Í samræmi við niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar varðandi mat á áætlun um markvissa og skilvirka löggjöf frá 13. desember 2017 í tengslum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 ([12]) er nauðsynlegt að breyta eða fella niður þær kvaðir um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Til að auka samræmi við skýrslugjöf samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([13]) ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að ákvarða tegund, snið og tíðni að því er varðar þær upplýsingar sem á að gera aðgengilegar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006 og fella niður skýrslugjafarsniðið sem er sem stendur sett fram í þeirri reglugerð. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([14]). Í ljósi þess hversu mikilvægt það er að gera borgurum Sambandsins kleift að fá skjótan aðgang að umhverfisupplýsingum er nauðsynlegt að aðildarríki og framkvæmdastjórnin geri gögn aðgengileg fyrir almenning eins fljótt og er tæknilega mögulegt með það að markmiði að upplýsingarnar verði tiltækar innan þriggja mánaða eftir lok ársins, þ.m.t. með því að vinna að þessu markmiði með framkvæmdargerð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006. Einnig er nauðsynlegt að breyta 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006 varðandi trúnaðarkvöð til að tryggja aukið gagnsæi í skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar. Til að halda stjórnsýslubyrði fyrir aðildarríki og framkvæmdastjórnina í lágmarki er enn fremur nauðsynlegt að fella niður þær kvaðir um skýrslugjöf, sem mælt er fyrir um í 16. og 17. gr. þeirrar reglugerðar, þar eð upplýsingarnar sem eru veittar samkvæmt þessum kvöðum hafa takmarkað gildi eða eru ekki í samræmi við þarfirnar fyrir stefnuna.

12) Til að bæta og auðvelda aðgang almennings að upplýsingum um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 ([15]) ætti framkvæmdastjórnin að gera gögn, sem aðildarríkin láta í té um framkvæmd þeirrar reglugerðar, aðgengileg öllum með yfirliti, sem tekur til alls Sambandsins, yfir þessi gögn. Til að auka samkvæmni

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtíð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).
([10]) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).
([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33).
([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).
([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).
([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).
([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23).

upplýsinga og til að auðvelda vöktun á framkvæmd þeirrar reglugerðar ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að mæla fyrir um snið og verklagsreglur fyrir aðildarríkin til að gera upplýsingar aðgengilegar og laga ætti tíðni upplýsinganna og fyrir hvaða tímabil á að veita þær að sömu ákvæðum í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2173/2005 ([16]). Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

13) Til að bæta og auðvelda aðgang almennings að upplýsingum um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2173/2005 ætti framkvæmdastjórnin að gera gögn, sem aðildarríkin láta í té um framkvæmd þeirrar reglugerðar, aðgengileg öllum með yfirliti sem tekur til alls Sambandsins. Á grundvelli fenginnar reynslu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna eftir fyrsta ár leyfiskerfisins samkvæmt aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum þarf að uppfæra ákvæði reglugerðar (EB) nr. 2173/2005 í tengslum við skýrslugjöf. Þegar framkvæmdastjórnin beitir framkvæmdarvaldi sínu til að mæla fyrir um snið og verklagsreglur fyrir aðildarríkin m.t.t. þess að gera upplýsingar aðgengilegar ætti hún að njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 11. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur þarf að uppfæra ákvæðin um mat á þeirri reglugerð.

14) Samstilla þarf skýrslugjöf samkvæmt tilskipun ráðsins (EB) nr. 338/97 ([17]) og laga hana að skýrslugjafarkröfunum samkvæmt samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) frá 3. mars 1973 sem Sambandið og aðildarríkin eru aðilar að. Skýrslugjafarkröfunum samkvæmt samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu var breytt á 17. ráðstefnu samningsaðila að samningnum, sem fór fram á árinu 2016, til að aðlaga tíðni skýrslugjafar m.t.t. ráðstafana varðandi framkvæmd samningsins og til að búa til nýtt skýrslugjafarkerfi um ólögleg viðskipti með tegundir sem eru skráðar í samninginn. Þessar breytingar þarf að endurspegla í reglugerð (EB) nr. 338/97.

15) Umhverfisstofnun Evrópu sinnir nú þegar mikilvægum verkefnum við vöktun og skýrslugjöf um umhverfislöggjöf Sambandsins og það ætti að innleiða þessi verkefni með skýrum hætti inn í viðkomandi löggjöf. Að því er varðar aðra hluta umhverfislöggjafarinnar verður fjallað um hlutverk og úrræði Umhverfisstofnunar Evrópu í tengslum við stuðning við framkvæmdastjórnina varðandi skýrslugjöf um umhverfismál eftir að yfirstandandi mati er lokið.

16) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 166/2006, (ESB) nr. 995/2010, (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipunum 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB, 2010/63/ESB og 86/278/EBE til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun ráðsins 86/278/EBE

Tilskipun 86/278/EBE er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðum er bætt við í 2. gr.:

„e) „landgagnaþjónusta“: landgagnaþjónusta eins og hún er skilgreind í 4. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB (*),

f) „landgagnasafn“: landgagnasafn eins og það er skilgreint í 3. lið 3. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).“

([16]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2173/2005 frá 20. desember 2005 um að koma á fót FLEGT-leyfiskerfi fyrir innflutning á timbri til Evrópubandalagsins (Stjtíð. ESB L 347, 30.12.2005, bls. 1).

([17]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau (Stjtíð. EB L 61 3.3.1997, bls. 1).

2) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að haldnar séu uppfærðar skrár og að í þessar skrár sé(u) skráð:

a) magn seyru sem myndast og magn sem er afhent til notkunar í landbúnaði,

b) samsetning og eiginleikar seyrunnar í tengslum við breyturnar sem um getur í II. viðauka A,

c) tegund meðhöndlunar sem fram fer eins og skilgreint er í b-lið 2. gr.,

d) heiti og heimilisföng viðtakenda seyrunnar og staðurinn þar sem nota á seyruna,

e) allar aðrar upplýsingar, að því er varðar lögleiðingu og framkvæmd þessarar tilskipunar, sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té skv. 17. gr.

Nota skal landgagnaþjónustuna til að sýna landgagnasöfnin sem koma fram í upplýsingunum sem eru skráðar í þessum skrám.

2. Almenningur skal fá greiðan aðgang að skránum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir hvert almanaksár, innan átta mánaða frá lokum viðkomandi almanaksárs, á samstæðusniði eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/741/EB (*) eða á öðru samstæðusniði sem kveðið er á um skv. 17. gr. þessarar tilskipunar.

Aðildarríki skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina, með rafrænum hætti, upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

3. Lögbær yfirvöld skulu fá upplýsingar um aðferðir við meðhöndlun og niðurstöður úr greiningum.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. október 1994 um spurningalista varðandi skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd vissra tilskipana um úrgangsmál (framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/692/EBE) (Stjtíð. EB L 296, 17.11.1994, bls. 42).“

3) Í stað 17. gr. kemur eftirfarandi:

„17. gr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald, með framkvæmdargerðum, til að mæla fyrir um snið sem aðildarríkin eiga að nota til að veita upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar eins og krafist er skv. 10. gr Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar skulu birta yfirlit sem tekur til alls Sambandsins, þ.m.t. kort, sem byggist á gögnunum sem aðildarríkin láta í té skv. 10. gr. og þessari grein.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/49/EB

Tilskipun 2002/49/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við 3. gr.:

„w) „gagnasafn“: upplýsingakerfi, sem Umhverfisstofnun Evrópu hefur umsjón með, sem inniheldur upplýsingar um umhverfishávaða og gögn sem eru gerð aðgengileg með landsbundinni skýrslugjöf og upplýsingaskiptatengipunkta undir stjórn aðildarríkjanna.“

2) Í stað 5. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðgerðaáætlanirnar skulu yfirfarnar og endurskoðaðar, ef þörf krefur, þegar stórvægileg breyting á sér stað, sem hefur áhrif á fyrirliggjandi aðstæður, sem valda hávaða, og a.m.k. á 5 ára fresti eftir að þessar áætlanir eru samþykktar.

Yfirferðum og endurskoðunum sem ættu, í samræmi við fyrstu undirgrein, að fara fram á árinu 2023 skal frestað en skulu fara fram eigi síðar en 18. júlí 2024.“

3) Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu tryggja að stefnumarkandi hávaðakort, sem þau hafa gert, og, þar sem við á, samþykkt og aðgerðaráætlanirnar, sem þau hafa gert, séu gerð aðgengileg almenningi og að þeim verði miðlað til almennings í samræmi við viðeigandi lagagerðir Sambandsins, einkum tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB (*) og 2007/2/EB (**), og í samræmi við IV. og V. viðauka við þessa tilskipun, þ.m.t. með fyrirliggjandi upplýsingatækni.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).“

4) Í stað 2. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar á stefnumarkandi hávaðakortum og í samantektum aðgerðaáætlana, sem um getur í VI. viðauka, séu sendar framkvæmdastjórninni innan 6 mánaða frá þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr. eftir því sem við á. Í þessu skyni skulu aðildarríki einungis gefa skýrslu um upplýsingarnar með rafrænum hætti inn í skyldubundið gagnasafn sem framkvæmdastjórnin á að koma á fót með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr. Ef aðildarríki vill uppfæra upplýsingar skal það lýsa muninum á uppfærðu og upphaflegu upplýsingunum og ástæðunum fyrir uppfærslunni þegar það gerir uppfærðu upplýsingarnar aðgengilegar fyrir gagnasafnið.“

5) Í stað 3. liðar í VI. viðauka kemur eftirfarandi:

„3. Kerfi til upplýsingaskipta

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, þróa skyldubundið stafrænt kerfi til upplýsingaskipta til að deila upplýsingum úr stefnumarkandi hávaðakortum og samantektum á aðgerðaáætlunum eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr.“

3. gr.

Breytingar á tilskipun 2004/35/EB

Tilskipun 2004/35/EB er breytt sem hér segir:

1) Í 14. gr. fellur 2. mgr. brott.

2) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

„18. gr.

Upplýsingar um framkvæmd og gagnagrundvöll

1. Framkvæmdastjórnin skal safna upplýsingum frá aðildarríkjum, sem hefur verið miðlað í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB (*), og, eftir því sem þær eru tiltækar, um þá reynslu sem fengist hefur af beitingu þessarar tilskipunar. Þessar upplýsingar skulu innihalda þau gögn sem sett eru fram í VI. viðauka við þessa tilskipun og þeim skal safnað eigi síðar en 30. apríl 2022 og á 5 ára fresti eftir það.

2. Á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin inna af hendi mat á þessari tilskipun og birta það fyrir 30. apríl 2023 og á 5 ára fresti eftir það.

3. Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin þróa leiðbeiningar sem veita sameiginlegan skilning á hugtakinu „umhverfistjón“ eins og skilgreint er í 2. gr.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).“

3) Í stað VI. viðauka kemur eftirfarandi:

„VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR OG GÖGN SEM UM GETUR Í 1. MGR. 18. GR.

Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 18. gr., skulu ná yfir tilvik þar sem umhverfistjón hefur orðið samkvæmt þessari tilskipun, ásamt eftirfarandi upplýsingum og gögnum fyrir hvert tilvik:

1. Tegund umhverfistjónsins, hvenær atvikið átti sér stað og/eða var uppgötvað. Tegund umhverfistjóns skal flokkað sem tjón á vernduðum dýrategundum og náttúrulegum búsvæðum, vatni og landi eins og um getur í 1. lið 2. gr.

2. Lýsing á starfseminni í samræmi við III. viðauka.

Aðildarríki skulu tilgreina allar aðrar upplýsingar, sem skipta máli, um þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þessarar tilskipunar.“

4. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/2/EB

Tilskipun 2007/2/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðar í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Eigi síðar en 31. mars á hverju ári skulu aðildarríki uppfæra, ef nauðsyn krefur, og birta yfirlitsskýrslu. Þessar skýrslur, sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu skulu gera opinberar, skulu innihalda samantekt lýsingar:“

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

2) Í stað 23. gr. kemur eftirfarandi:

„23. gr.

Umhverfisstofnun Evrópu skal birta og uppfæra árlega yfirlit, sem tekur til alls Sambandsins, sem byggist á lýsigögnum og gögnum sem aðildarríkin láta í té gegnum netþjónustur sínar í samræmi við 21. gr. Yfirlit, sem tekur til alls Sambandsins, skal innihalda, eins og við á, vísa fyrir afrakstur, niðurstöður og áhrif þessarar tilskipunar, yfirlitskort Sambandsins og yfirlitsskýrslur aðildarríkja.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2022 og a.m.k. á 5 ára fresti eftir það, inna af hendi mat á þessari tilskipun og á framkvæmd hennar og gera það aðgengilegt öllum. Þetta mat skal m.a. byggjast á eftirfarandi þáttum:

a) reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þessarar tilskipunar,

b) upplýsingum sem aðildarríki hafa safnað, í samræmi við 21. gr., og yfirlitum, sem taka til alls Sambandsins, sem Umhverfisstofnun Evrópu hefur tekið saman,

c) viðeigandi vísindalegum greiningargögnum,

d) öðrum upplýsingum, þ.m.t. viðeigandi vísindaleg greiningargögn sem krafist er á grundvelli viðmiðunarreglna um bætta reglusetningu, einkum með því að styðjast við skilvirka og árangursríka upplýsingastjórnunarferla.“

5. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/147/EB

Tilskipun 2009/147/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu á 6 ára fresti, á sama ári og skýrsluna sem er tekin saman skv. 1. mgr. 17. gr. tilskipunar ráðsins 92/43/EBE (*), um framkvæmd þeirra ráðstafana sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun og helstu áhrifin af þessum ráðstöfunum. Almenningur skal fá aðgang að þessari skýrslu og hún skal einkum innihalda upplýsingar sem varða stöðu og þróun tegunda villtra fugla sem njóta verndar samkvæmt þessari tilskipun, hættu sem steðjar að þeim og álag, varðveisluráðstafanir sem gerðar hafa verið fyrir þá og hvernig net sérstakra verndarsvæða hefur stuðlað að markmiðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákvarða snið skýrslunnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Snið þessarar skýrslu skal lagað að sniði skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 92/43/EBE. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr. a í þessari tilskipun.

(*) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).“

b) Í stað fyrsta málsliðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, semja og birta á 6 ára fresti samantektar skýrslu sem byggð er á upplýsingunum sem um getur í 1. mgr.“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„16. gr. a

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

6. gr.

Breytingar á tilskipun 2010/63/ESB

Tilskipun 2010/63/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 43. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin geta krafist þess að í samantektinni um verkefnið, sem ekki er á tækniháli, sé tilgreint hvort verkefni eigi að fara í afturvirkt mat og, ef svo er, fyrir hvaða tímamörk. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin sjá til þess, frá og með 1 janúar 2021, að samantektin um verkefnið, sem ekki er á tækniháli, sé uppfærð innan 6 mánaða frá því að lokið er við afturvirka matið með niðurstöðum þess.

3. Aðildarríkin skulu, fram til 31. desember 2020, birta samantektir um leyfð verkefni, sem ekki eru á tækniháli, og allar uppfærslur á þeim. Frá og með 1. janúar 2021 skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni á rafrænan hátt samantektir um verkefni, sem ekki eru á tækniháli, til birtingar eigi síðar en 6 mánuðum eftir að þau eru leyfð og allar uppfærslur á þeim.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á sameiginlegu sniði fyrir framlagningu upplýsinganna sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 56. gr. Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar skulu koma á fót og viðhalda leitarbærum gagnagrunni með opnum aðgangi fyrir samantektir um verkefnin, sem ekki eru á tækniháli, og uppfærslur á þeim.“

2) Ákvæðum 54. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar og 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD OG FRAMLAGNINGU TÖLFRÆÐILEGRA GAGNA“

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 10. nóvember 2023 og á 5 ára fresti eftir það, senda upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar til framkvæmdastjórnarinnar, einkum 10. gr. (1.mgr.), 26., 28., 34., 38., 39., 43. og 46. gr.

Aðildarríkin skulu leggja þessi gögn fram og birta þau á rafrænan hátt á sniði sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 4. mgr.

Eigi síðar en 6 mánuðum eftir framlagningu aðildarríkjanna á gögnunum, sem um getur í annarri undirgrein, skulu þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar birta yfirlit, sem tekur til alls Sambandsins, sem byggist á þessum gögnum og uppfæra það reglulega.

2. Aðildarríkin skulu árlega safna saman tölfræðilegum upplýsingum um notkun á dýrum í tilraunum, þ.m.t. upplýsingar um raunverulegan alvarleika tilrauna og um uppruna og tegundir prímata, sem ekki eru af ættkvísl manna, sem notaðir eru í tilraunum, og gera þær aðgengilegar öllum.

Aðildarríkin skulu leggja þessar tölfræðilegu upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina á rafrænan hátt, eigi síðar en 10. nóvember á næsta ári á eftir, á ósamanteknu sniði sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við 4. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og viðhalda leitarbærum gagnagrunni með opnum aðgangi sem inniheldur þessar tölfræðilegu upplýsingar. Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar skulu árlega gera tölfræðilegu upplýsingarnar, sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við þessa málsgrein, aðgengilegar öllum ásamt yfirlitsskýrslu þar að lútandi.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á sameiginlegu sniði og efni upplýsinga til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 56. gr.“

3) Ákvæði 57. gr. falla brott.

7. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 166/2006

Reglugerð (EB) nr. 166/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

Rekstraraðili hverrar rekstrareiningar, þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, sem fer yfir þröskuldsgildin fyrir afkastagetu, sem þar eru tilgreind, skal senda lögbæru yfirvaldi, með rafrænum hætti, upplýsingarnar sem sanngreina rekstrareininguna í samræmi við sniðið, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., nema lögbæra yfirvaldið hafi þegar aðgang að upplýsingunum.

2) Í stað 2. og 3. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu árlega leggja fyrir framkvæmdastjórnina, á rafrænan hátt, skýrslu sem inniheldur öll gögnin, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr., á því sniði og fyrir þá dagsetningu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr. Skýrsluskiladagurinn skal í öllum tilvikum ekki vera síðar en 11 mánuðum frá lokum skýrslugjafarársins.

3. Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar, með aðstoð Umhverfisstofnunar Evrópu, skulu fella upplýsingarnar, sem aðildarríkin gefa skýrslu um, inn í Evrópuskrána yfir losun og flutning mengunarefna innan mánaðar frá því að aðildarríkin ljúka við skýrslugjöfina í samræmi við 2. mgr.“

3) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

„11. gr.

Trúnaðarkvöð

Þegar aðildarríki lítur á upplýsingar sem trúnaðarupplýsingar, í samræmi við 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB (*), skal tilgreina, í skýrslunni sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar fyrir viðkomandi skýrslugjafarár, sérstaklega fyrir hverja rekstrareiningu hvaða upplýsingar er ekki hægt að gera opinberar og gera grein fyrir ástæðum þess.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).“

4) Ákvæði 16. og 17. gr. falla brott.

5) Ákvæði III. viðauka falla brott.

8. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 995/2010

Í stað fyrirsagnar og 1., 2. og 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 995/2010 kemur eftirfarandi:

„Vöktun framkvæmdar og aðgangur að upplýsingum

1. Eigi síðar en 30. apríl á hverju ári skulu aðildarríki gera upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar á næstliðnu almanaksári aðgengilegar almenningi og framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin skal koma á, með framkvæmdargerðum, sniði og verklagsreglum fyrir aðildarríkin til að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

2. Á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., skulu þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar árlega gera yfirlit, sem tekur til alls Sambandsins, sem byggist á þeim gögnum sem aðildarríkin leggja fram aðgengilegt öllum. Við undirbúning þessa yfirlits skulu þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar taka tillit til þeirrar framþróunar sem orðið hefur við gerð og beitingu valfrjálsu FLEGT-samstarfssamninganna, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2173/2005, og framlags þeirra til að lágmarka timbur sem er ólöglega höggvið og timburvörur úr slíku timbri á innri markaðinum.

3. Eigi síðar en 3. desember 2021 og á 5 ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli upplýsinga, einkum upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., og reynslu af beitingu þessarar reglugerðar endurskoða virkni og skilvirkni þessarar

reglugerðar, þ.m.t. að koma í veg fyrir að timbur sem er ólöglega höggvið eða timburvörur úr slíku timbri séu settar á markað. Framkvæmdastjórnin skal einkum taka til athugunar stjórnsýslulegar afleiðingar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ásamt því hvaða vörur falla þar undir. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um niðurstöður endurskoðunarinnar og slíkum skýrslum skulu fylgja, ef nauðsyn krefur, viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.“

9. gr.

Breytingar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2173/2005

Reglugerð (EB) nr. 2173/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

1. Eigi síðar en 30. apríl á hverju ári skulu aðildarríki gera upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar á næstliðnu almanaksári aðgengilegar almenningi og framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á, með framkvæmdargerðum, sniði og verklagsreglum fyrir aðildarríkin til að gera upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðgengilegar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 11. gr.

3. Á grundvelli upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., skulu þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar árlega gera yfirlit, sem tekur til alls Sambandsins, sem byggist á þeim gögnum sem aðildarríkin leggja fram, aðgengilegt öllum.

2) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

Eigi síðar en í desember 2021 og á 5 ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli upplýsinga, einkum upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 8. gr., og reynslu af beitingu þessarar reglugerðar endurskoða virkni og skilvirkni þessarar reglugerðar. Við það skal hún taka tillit til árangurs sem náðst hefur við framkvæmd valfrjálsra samstarfssamninga. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um niðurstöður endurskoðunarinnar á 5 ára fresti og slíkum skýrslum skulu fylgja, eftir því sem við á, tillögur að umbótum á FLEGT-leyfiskerfinu.“

10. gr.

Breytingar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97

Ákvæðum 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 338/97 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-, c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin leggja fram, sem um getur í a-lið, skulu þjónustudeildir framkvæmda stjórnarinnar, eigi síðar en 31. október á hverju ári, gera aðgengilegt öllum yfirlit, sem tekur til alls Sambandsins, um innflutning inn í Sambandið og um útflutning og endurútflutning frá Sambandinu á lifverum af þeim tegundum sem þessi reglugerð gildir um og skulu senda skrifstofu samningsins upplýsingar um þær tegundir sem samningurinn gildir um.

c) Með fyrirvara um 20. gr. þessarar reglugerðar skulu rekstraryfirvöld aðildarríkjanna senda framkvæmdastjórninni, einu ári fyrir hvern fund aðilanna að samningnum, allar upplýsingar, sem varða viðkomandi næstliðið tímabil, sem þörf er á til að semja skýrslurnar sem um getur í b-lið 7. liðar VIII. gr. samningsins, og jafngildar upplýsingar um þau ákvæði þessarar reglugerðar sem falla utan gildissviðs samningsins. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða sniðið fyrir þessa framsetningu með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar.

d) Á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin leggja fram, sem um getur í c-lið, skal framkvæmdastjórnin gera aðgengilegt öllum yfirlit, sem tekur til alls Sambandsins, um framkvæmd og framfylgd þessarar reglugerðar.“

2) Eftirfarandi lið er bætt við:

„e) Fyrir 15. júní ár hvert skulu rekstraryfirvöld aðildarríkjanna senda framkvæmdastjórninni allar upplýsingar, sem varða næstliðið ár, til að semja árlega skýrslu um ólögleg viðskipti sem um getur í ályktun ráðstefnu samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. 11.17 (endursk. CoP17).“

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Þessi reglugerð kemur til framkvæmda á gildistökudegi hennar. Þó gilda ákvæði 7. gr. (2. og 5. mgr.) og 8., 9. og 10. gr. frá 1. janúar 2020 og 1. gr. gildir frá 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2431 **2025/EES/10/78**

frá 24. október 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ([1]), einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 ([2]) eru settar fram kröfur um tæknilegt fyrirkomulag rekstrarsamhæfis landgagnasafna, þ.m.t. skilgreining á kóðaskrám og samsvarandi leyfð gildi sem nota skal fyrir eigindir og tengihlutverk landhlutartegunda eða gagnategunda.

2) Í niðurstöðunum í mati framkvæmdastjórnarinnar á tilskipun 2007/2/EB ([3]) var áhyggjum lýst að því er varðar flækjustig og hagkvæmni þess að framkvæma ákvæði um rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu. Af þessum sökum var reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 endurskoðuð og nokkrar samráðslotur fóru fram með sérfræðingum og niðurstaðan varð sú að þörf væri á nokkrum einföldunum og nánari útlistunum til að greiða fyrir framkvæmd. Með þessari breytingagerð ætti að koma í framkvæmd þeim tæknilegu breytingum og breytingum til einföldunar sem voru greindar, ræddar og samþykktar af nefndinni sem komið var á fót skv. 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB. Gera ætti framkvæmdina auðveldari og minna íþyngjandi án þess að tapa ávinningi af stöðlun og rekstrarsamhæfi.

3) Breyta ætti 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1089/2010 til að skýra nánar að ekki þurfi að gefa upp gildi fyrir eigindir ef þau eru ekki raunverulega til. Enn fremur skýrir þetta hugtakið „voidability“ og sneitt er hjá mistúlkun.

4) Ein meiri háttar einföldun er fjarlæging allra kóðaskráa og tilvikalistagilda úr reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 sem myndi gera það kleift að uppfæra þessi gildi með reglulegri hætti í samræmi við tækni og tækniframfarir. Enn fremur ætti að innleiða samræmingar við kóðaskrár sem komið er á fót í tengslum við aðra löggjöf Sambandsins eða sem alþjóðastofnanir hafa komið á fót. Breyta ætti 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1089/2010 til að vísa til skrár, sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar (Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin) starfrækja með aðstoð frá núverandi sérfræðingahópi, sem staðarins þar sem haldið er utan um gildar kóðaskrár. Þar eð sérheiti tengd lénum þróast eftir því sem tíminn líður myndi þessi breyting gera ferlið við að stýra breytingum í kóðaskrám og gildum þeirra sveigjanlegra og hraðara.

5) Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 ætti að breyta lið 1.3.4, „Önnur viðmiðunarhnitakerfi“, til að leyfa fleiri viðmiðunarhnitakerfi (CRS). Þetta ákvæði myndi draga úr framkvæmdarbyrðinni, t.d. ef aðildarríki bæta landsbundnu viðmiðunarhnitakerfi sínu við skrána yfir studd viðmiðunarhnitakerfi þurfa þau ekki lengur að búa til og viðhalda gögnum bæði í landsbundnu viðmiðunarhnitakerfi sínu og í viðmiðunarhnitakerfi sem krafist er samkvæmt tilskipun 2007/2/EB. Til að draga enn frekar úr framkvæmdar- og viðhaldsbyrðinni ættu þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar (Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin) að koma á fót og starfrækja skrá yfir viðmiðunarhnitakerfi, þ.m.t. skilgreiningu þeirra og ummyndunarvinnslubreytum, með aðstoð frá núverandi sérfræðingahópi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2431, 30.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtíð. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11).

([3]) „Commission staff working document, Evaluation accompanying the document Report from the Commission to the Council and the European Parliament on the implementation of Directive 2007/2/EC of March 2007 establishing an Infrastructure for Spatial Information in the European Community (INSPIRE) pursuant to article 23 (SWD(2016) 273 final“ (vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk, mat sem fylgir skjalinu „Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um framkvæmd tilskipunar 2007/2/EB frá mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) skv. 23. gr. (SWD(2016) 273 lokaútgáfa)).“

6) Innleiða ætti nokkrar minni aðlaganir í I., II., III. og IV. viðauka til að taka tillit til tæknilegrar og vísindalegrar þróunar og til að tryggja að kröfur um landgögn haldist í hendur við þróun í tengdri löggjöf sem tengist þemanu. Mest áberandi er þörfin á samræmingu við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 ([4]) um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([5]) um losun í iðnaði,

7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. „kóðaskrá“: tilvik gagnategundar sem mynda fasta skrá nefndra, nákvæmra gilda,“

b) Ákvæði 7. liðar fellur brott.

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Til miðlunar og flokkunar á landhlutum úr gagnasöfnum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2007/2/EB skulu aðildarríkin nota landhlutartegundirnar, tilheyrandi gagnategundir og kóðaskrár sem skilgreindar eru í II., III. og IV. viðauka við þessa reglugerð fyrir þemun sem gagnasöfnin tengjast.

2. Þegar aðildarríki miðla landhlutum sín á milli skulu þau halda samræmi við skilgreiningarnar og takmarkanirnar sem settar eru fram í viðaukunum og leggja fram gildi fyrir allar eigindir og tengihlutverk sem sett eru fram fyrir viðeigandi landhlutartegundir og gagnategundir í viðaukunum. Aðildarríkjum er heimilt að sleppa gildinu fyrir eigindir sem eru „voidable“ og fyrir tengihlutverk sem ekki eru til gildi fyrir.“

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

3) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Kóðaskrár fyrir landgagnasöfn

1. Í kóðaskránum í þessari reglugerð eru sett fram fjöltyngd samheitasöfn sem nota skal með lykileigindum í samræmi við c-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og starfrækja kóðalistaskrá fyrir grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (hér á eftir nefnd INSPIRE) á vettvangi Sambandsins til að hafa umsjón með gildunum sem eru á kóðaskránum sem um getur í 1. mgr. og gera þau aðgengileg öllum

3. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar frá sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar um INSPIRE við viðhald og uppfærslur á gildum kóðaskrárinnar.

4. Kóðaskrár skulu vera af einni af eftirfarandi tegundum:

a) kóðaskrár með gildi sem einungis samanstanda af gildunum sem tilgreind eru í INSPIRE-kóðalistaskránni,

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

b) kóðaskrár með gildi sem samanstanda af gildunum sem tilgreind eru í INSPIRE-kóðalistaskránni og þrengri gildum sem eru skilgreind af gagnaveitendum,

c) kóðaskrár með gildi sem samanstanda af gildunum sem tilgreind eru í INSPIRE-kóðalistaskránni og viðbótargildum, skilgreindum af gagnaveitendum, á hvaða stigi sem er,

d) kóðaskrár með gildi sem samanstanda af hverjum þeim gildum sem eru skilgreind af gagnaveitendum.

5. Kóðaskrár geta verið stigskiptar. Gildi í stigskiptum kóðaskrám geta haft almennara yfirgildi.

6. Þegar gagnaveitandi tilgreinir gildi, sem er ekki tilgreint í INSPIRE-kóðalistaskránni, fyrir eigind af kóðaskrártegund sem um getur í b-, c- eða d-lið 4. mgr., skulu gildið, skilgreining þess og merking gerð aðgengileg í annarri skrá.“

4) Eftirfarandi 2. mgr. a er bætt við 7. gr.:

„2a. Í sérhverri kóðunarreglu sem er notuð til að kóða landgögn skal einnig tilgreina hvort og hvernig tákna eigi eigindir og tengihlutverk þar sem samsvarandi gildi er til en er ekki að finna í landgagnasöfnum sem aðildarríki viðheldur eða ekki er hægt að leiða það af núverandi gildum með eðlilegum tilkostnaði.“

5) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

8) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. TEGUNDIR SEM SKILGREINDAR ERU Í EVRÓPSKUM OG ALÞJÓÐLEGUM STÖÐLUM

Eftirfarandi sameiginlegar tegundir sem notaðar eru í eigindum eða tengihlutverkum landhlutartegunda eða gagnategunda eru skilgreindar sem hér segir:

1) Fyrir tegundirnar „Any“, „Angle“, „Area“, „Boolean“ , „CharacterString“, „Date“, „DateTime“, „Decimal“, „Distance“, „Integer“, „Length“, „Measure“, „Number“, „Probability“, „Real“, „RecordType“, „Sign“, „UnitOfMeasure“, „Velocity“ og „Volume“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO/TS-staðli 19103:2005 gilda.

2) Fyrir tegundirnar „DirectPosition“, „GM_Boundary“, „GM_Curve“, „GM_MultiCurve“, „GM_MultiSurface“, „GM_Object“, „GM_Point“, „GM_Position“, „GM_Primitive“, „GM_Solid“, „GM_Surface“ og „GM_Tin“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í EN ISO-staðli 19107:2005 gilda.

3) Fyrir tegundina „TM_Duration“, „TM_GeometricPrimitive“, „TM_Instant“, „TM_Object“, „TM_Period“ og „TM_Position“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í EN ISO-staðli 19108:2005/AC:2008 gilda.

4) Fyrir tegundina „GF_PropertyType“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í EN ISO-staðli 19109:2006 gilda.

5) Fyrir tegundirnar „CI_Citation“, „CI_Date“, „CI_RoleCode“, „EX_Extent“, „EX_VerticalExtent“, „MD_Distributor“, „MD_Resolution“ og „URL“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í EN ISO-staðli 19115:2005/AC:2008 gilda.

6) Fyrir tegundina „CV_SequenceRule“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í EN ISO-staðli 19123:2007 gilda.

7) Fyrir tegundina „AbstractFeature“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í EN ISO-staðli 19136:2009 gilda.

8) Fyrir tegundirnar „LocalisedCharacterString“, „PT_FreeText“ og „URI“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í CEN ISO/TS-staðli 19139:2009 gilda.

9) Fyrir tegundina „LC_LandCoverClassificationSystem“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO-staðli 19144-2:2012 gilda.

10) Fyrir tegundirnar „GFI_Feature“, „Location“, „NamedValue“, „OM_Observation“, „OM_Process“, „SamplingCoverageObservation“, „SF_SamplingCurve“, „SF_SamplingPoint“, „SF_SamplingSolid“, „SF_SamplingSurface“ og „SF_SpatialSamplingFeature“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í ISO-staðli 19156:2011 gilda.

11) Fyrir tegundirnar „Category“, „Quantity“, „QuantityRange“ og „Time“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í Robin, Alexandre (ritstj.), *OGC®SWE Common Data Model Encoding Standard, version 2.0.0*, Open Geospatial Consortium, 2011, gilda.

12) Fyrir tegundirnar „TimeValuePair“ og „Timeseries“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í Taylor, Peter (ritstj.), *OGC® WaterML 2.0: Part 1 – Timeseries, v2.0.0*, Open Geospatial Consortium, 2012, gilda.

13) Fyrir tegundirnar „CGI_LinearOrientation“ og „CGI_PlanarOrientation“ skulu skilgreiningarnar sem gefnar eru upp í CGI Interoperability Working Group, *Geoscience Markup Language (GeoSciML), version 3.0.0*, Commission for the Management and Application of Geoscience Information (CGI) of the International Union of Geological Sciences, 2011, gilda.“

2) Ákvæði 3. liðar falla brott.

3) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. SAMEIGINLEGAR KÓÐASKRÁR

4.1. **Lóðrétt staða (VerticalPositionValue)**

Afstæð, lóðrétt staðsetning landhlutar

4.2. **Ástand búnaðar (ConditionOfFacilityValue)**

Ástand búnaðar með tilliti til notkunar hans og þess hvort hann er fullgerður.

4.3. **Landskóði (CountryCode)**

Landskóði eins og skilgreint er í sameiginlegum ritleiðbeiningum milli stofnana (e. *Interinstitutional Style Guide*) sem gefnar eru út af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.

4.4. **Löggjafarstig (LegislationLevelValue)**

Á hvaða stigi réttargerð eða samningur er samþykktur.

4.5. **Hlutverk aðila (PartyRoleValue)**

Hlutverk aðila sem tengjast eða bera ábyrgð á auðlind.

Gildi þessarar kóðaskrár samanstanda af gildunum í kóðaskránum hér á eftir eða öðrum kóðaskrám sem gagnaveitendur tilgreina:

— Hlutverkakóði (CI_RoleCode): Störf sem ábyrgur aðili sinnir.

— Hlutverk tengds aðila (RelatedPartyRoleValue): Flokkun á hlutverkum tengdra aðila.

4.6. **Stöðluð loftslags- og spárheiti (CFStandardNamesValue)**

Skilgreiningar á fyrirbærum sem eru athuguð í veðurfræði og haffræði.

4.7. **Kyn (GenderValue)**

Kyn einstaklings eða hóps einstaklinga.“

4) Í stað liðar 5.3 kemur eftirfarandi:

„5.3. **Kóðaskrár**

5.3.1. *Tegund tengingar (ConnectionTypeValue)*

Tegund tenginga milli mismunandi netkerfa.

5.3.2. *Stefna hlekks (LinkDirectionValue)*

Skrá gilda fyrir stefnur sem tengjast hlekki.“

5) Í stað liðar 7.2.3 kemur eftirfarandi:

„7.2.3. *Kóðaskrár*

7.2.3.1. Heiti ferlisstika (ProcessParameterNameValue)

Kóðaskrá yfir heiti ferlisstika.“

6) Í lið 7.3. er eftirfarandi liðum 7.3.1.8, 7.3.1.9, 7.3.1.10 bætt við:

„7.3.1.8. Hugrænn eiginleiki sem hægt er að athuga (AbstractObservableProperty)

Hugrænn flokkur sem táknar eiginleika (eða fyrirbæri) sem hægt er að athuga.

Þessi tegund er hugræn.

Eigindir gagnategundarinnar „AbstractObservableProperty“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
label	Titill, læsilegur mönnum, fyrir eiginleika sem hægt er að athuga.	CharacterString	

7.3.1.9. Samsettur eiginleiki sem hægt er að athuga (CompositeObservableProperty)

Samsetning margra eiginleika sem hægt er að athuga.

Þessi tegund er undirtegund „AbstractObservableProperty“.

Eigindir gagnategundarinnar „CompositeObservableProperty“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
count	Fjöldi þátta í þessari samsetningu.	Integer	

Tengihlutverk gagnategundarinnar „CompositeObservableProperty“

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Voidability
component	Eiginleikar sem hægt er að athuga sem mynda saman sama eiginleika sem hægt er að athuga, t.d. U,V vindar (e. *U,V winds).*	AbstractObservableProperty	

7.3.1.10. Eiginleiki sem hægt er að athuga (ObservableProperty)

Táknar einn eiginleika sem hægt er að athuga, t.d. hitastig.

Þessi tegund er undirtegund „AbstractObservableProperty“.

Eigindir gagnategundarinnar „ObservableProperty“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
basePhenomenon	Fyrirbærið sem eiginleikar sem hægt er að athuga byggja á	PhenomenonTypeValue	
uom	Mælieiningin	UnitOfMeasure	

Tengihlutverk gagnategundarinnar „ObservableProperty“

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Voidability
restriction	Skorða fyrir eiginleika sem hægt er að athuga.	Constraint	
statisticalMeasure	Tölfræðileg mæling fyrir eiginleika sem hægt er að athuga, t.d. „daglegur meðalhiti“.	StatisticalMeasure“	

7) Ákvæði liðar 7.3.2 falla brott.

8) Í stað liðar 7.3.3 kemur eftirfarandi:

„7.3.3. Kóðaskrár

7.3.3.1. Tegund fyrirbæris (PhenomenonTypeValue)

Kóðaskrá yfir fyrirbæri (t.d. hitastig, vindhraða).

Þessi kóðaskrá samanstendur af gildunum í kóðaskránum hér á eftir eða öðrum kóðaskrám sem gagnaveitendur tilgreina:

— Stöðluð loftslags- og spárheiti (CFStandardNamesValue): Skilgreiningar á fyrirbærum sem eru athuguð í veðurfræði og haffræði, eins og tilgreint er í lið 4.5 í þessum viðauka.

— Heiti stika fyrir þversniðsstak (ProfileElementParameterNameValue): Eiginleikar sem hægt er að athuga til að lýsa þversniðsstakinu, eins og tilgreint er í lið 3.3.8 í IV. viðauka.

— Heiti stika fyrir jarðvegsafleiddan hlut (SoilDerivedObjectParameterNameValue): Eiginleikar sem tengjast jarðvegi, sem má leiða af gögnum um jarðveg og fleira, eins og tilgreint er í lið 3.3.9 í IV. viðauka.

— Heiti stika fyrir jarðvegsþversnið (SoilProfileParameterNameValue): Eiginleikar sem hægt er að athuga til að lýsa jarðvegsþversniði, eins og tilgreint er í lið 3.3.12 í IV. viðauka.

— Heiti stika fyrir jarðvegssýnatökustað (SoilSiteParameterNameValue): Eiginleikar sem hægt er að athuga til að lýsa jarðvegssýnatökustað, eins og tilgreint er í lið 3.3.13 í IV. viðauka.

— Viðmiðunarþáttur ESB vegna loftgæða (EU_AirQualityReferenceComponentValue): Skilgreiningar á fyrirbærum sem varða loftgæði í tengslum við skýrslugjöf samkvæmt löggjöf Sambandsins, eins og tilgreint er í lið 13.2.1.1 í IV. viðauka.

— GRIB-tafla 4.2. frá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni yfir kóða og gaumfána (e. *Code and Flags Table 4.2*) (GRIB_CodeTable4_2Value): Skilgreiningar á fyrirbærum sem eru athuguð í veðurfræði, eins og tilgreint er í lið 13.2.1.2 í IV. viðauka.

— BODC P01 stikanotkun (BODC_P01ParameterUsageValue): Skilgreiningar á fyrirbærum sem eru athuguð í haffræði, eins og tilgreint er í lið 14.2.1.1 í IV. viðauka.

7.3.3.2. Tegund tölfræðifalls (StatisticalFunctionTypeValue)

Kóðaskrá yfir tölfræðileg föll (t.d. hámark, lágmark, meðaltal).

7.3.3.3. Samanburðarvirkir (ComparisonOperatorValue)

Kóðaskrá yfir samanburðarvirkja (t.d. stærri en, minni en, jafnt og).“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 1.3.4 kemur eftirfarandi:

„1.3.4. *Önnur viðmiðunarhnitakerfi*

Ef notuð eru önnur viðmiðunarhnitakerfi en þau sem skráð eru í liðum 1.3.1, 1.3.2 eða 1.3.3 má gera eftirfarandi undantekningar:

1. Tilgreina má önnur viðmiðunarhnitakerfi fyrir tiltekin landgagnaþemu.
2. Aðildarríkin mega skilgreina viðeigandi viðmiðunarhnitakerfi fyrir svæði utan meginlands Evrópu.

Landmælingakóðarnir og -stikarnir sem þarf til að lýsa þessum öðrum viðmiðunarhnitakerfum og til að hægt sé að framkvæma umbreytingar- og vörpunaraðgerðir skulu skráðir og kennimerki búið til í skrá yfir viðmiðunarhnitakerfi sem framkvæmdastjórnin kemur á fót og starfrækir samkvæmt EN ISO-staðli 19111 og ISO-staðli 19127.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar frá sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar um INSPIRE við viðhald og uppfærslur á skránni yfir viðmiðunarhnitakerfi.“

2) Í stað liðar 3.3 kemur eftirfarandi:

„3.3. **Kóðaskrár**

3.3.1. *Málfræðilegt kyn (GrammaticalGenderValue)*

Málfræðilegt kyn örnefnis.

3.3.2. *Málfræðileg tala (GrammaticalNumberValue)*

Málfræðileg tala örnefnis.

3.3.3. *Staða nafns (NameStatusValue)*

Staða örnefnis, þ.e. upplýsingar sem gera kleift að greina hvaða heimildir skal gefa heitinu að því er varðar hvort það er staðlað og/eða staðbundið.

3.3.4. *Tegund nefnds staðar (NamedPlaceTypeValue)*

Tegund nefnds staðar.

3.3.5. *Upprunaleiki (NativenessValue)*

Upprunaleiki örnefnis.“

3) Ákvæði liðar 4.2.3 falla brott.

4) Í stað liðar 4.2.4 kemur eftirfarandi:

„4.2.4. *Kóðaskrár*

4.2.4.1. Stig stjórnvaldsstigskiptingar (AdministrativeHierarchyLevel)

Stig stjórnsýslu innan landsbundinnar stjórnvaldsstigskiptingar. Þessi kóðaskrá sýnir stigið í stigskiptingarpýramída stjórnskipulagsins, sem byggir á rúmfræðilegri hópun yfirráðasvæða og lýsir ekki endilega undirskipun milli tengdra yfirvalda á sviði stjórnsýslu.

4.2.4.2. Réttarstaða (LegalStatusValue)

Lýsing á réttarstöðu og stjórnsýslumörkum.

4.2.4.3. Tæknileg staða (TechnicalStatusValue)

Lýsing á tæknilegri stöðu stjórnsýslumarka.“

5) Í stað liðar 4.3.3 kemur eftirfarandi:

„4.3.3. *Kóðaskrár*

4.3.3.1. Tegund grunnlínubúts (BaselineSegmentTypeValue)

Tegundir grunnlína sem eru notaðar til að mæla breidd landhelginnar.

4.3.3.2. Tegund hafsvæðis (MaritimeZoneTypeValue)

Tegund hafsvæðis.“

6) Í stað annarrar töflu í lið 5.2.1 kemur eftirfarandi:

„Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Voidability
building	Bygging sem staðfangið er gefið eða sem það tengist.	„Building“ í pakkanum „Buildings Base“	voidable
component	Birtir að staðfangshlutinn sé virkur í staðfanginu.	AddressComponent	
parcel	Lóðarspilda sem fær þetta staðfang gefið eða sem það tengist.	CadastralParcel	voidable
parentAddress	Meginstaðfang (aðalstaðfang) (e. *Main (parent) address*) sem þetta (undir-) staðfang er fasttengt.	Address	voidable“

7) Í stað liðar 5.4 kemur eftirfarandi:

„5.4. **Kóðaskrár**

5.4.1. *Rúmfræðiaðferð (GeometryMethodValue)*

Lýsing á hvernig, og af hverjum, þessi landfræðilega staðsetning staðfangsins var búin til eða leidd út.

5.4.2. *Rúmfræðilýsing (GeometrySpecificationValue)*

Upplýsingar sem skilgreina forskriftina sem er notuð til að búa til eða leiða út þessa landfræðilegu staðsetningu staðfangsins.

5.4.3. *Tegund kennimerkis staðgreinis (LocatorDesignatorTypeValue)*

Lýsing á merkingarfræði kennimerkis staðgreinisins.

5.4.4. *Staðgreinisstig (LocatorLevelValue)*

Stigið sem staðgreinirinn vísar til.

5.4.5. *Tegund heitis staðgreinis (LocatorNameTypeValue)*

Lýsing á merkingarfræði heitis staðgreinisins.

5.4.6. *Tegund hluta (PartTypeValue)*

Flokkun hluta heitis samkvæmt merkingu hans í heildarheiti umferðaræðarinnar.

5.4.7. *Staða (StatusValue)*

Núverandi réttmæti raunstaðfangsins eða staðfangshlutans.“

8) Í stað liðar 6.2 kemur eftirfarandi:

„6.2. **Kóðaskrár**

6.2.1. *Stig lóðaskipulags (CadastralZoningLevelValue)*

Stigskipting lóðaskipulags.“

9) Ákvæði liðar 7.3.2 falla brott.

10) Í stað liðar 7.3.3 kemur eftirfarandi:

„7.3.3. *Kóðaskrár*

7.3.3.1. Aðgangstakmarkanir (AccessRestrictionValue)

Tegundir aðgangstakmarkana fyrir flutningaþáttinn.

7.3.3.2. Tegund aðgangstakmörkunar (RestrictionTypeValue)

Mögulegar takmarkanir fyrir farartæki sem hafa aðgang að flutningaþætti.

7.3.3.3. Flutningstegund (TransportTypeValue)

Mögulegar tegundir flutninganeta.“

11) Í stað annarrar töflu í lið 7.4.1.3 kemur eftirfarandi:

„Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Voidability
controlTowers	Mengi flugturna sem tilheyra flugvelli (flugvelli/þyrluflugvelli).	„Building“ í pakkanum „Buildings Base“	voidable“

12) Í stað liðar 7.4.2 kemur eftirfarandi:

„7.4.2. *Kóðaskrár*

7.4.2.1. Flugvallarflokkur (AerodromeCategoryValue)

Mögulegir flugvallarflokkar að því er varðar umfang og mikilvægi flugumferðarþjónustu til og frá flugvellinum.

7.4.2.2. Tegund flugvallar (AerodromeTypeValue)

Kóði sem tilgreinir hvort tiltekið einindi, sem kemur fyrir, sé flugvöllur eða þyrluflugvöllur.

7.4.2.3. Flokkur flugleiðarhlekks (AirRouteLinkClassValue)

Tegund leiðarinnar með tilliti til leiðsögunnar.

7.4.2.4. Tegund flugleiðar (AirRouteTypeValue)

Flokkun leiðarinnar sem flugumferðarþjónustuleiðar eða NAT-ferla (North Atlantic Tracks).

7.4.2.5. Notkunartakmarkanir vegna flugs (AirUseRestrictionValue)

Notkunartakmarkanirnar vegna flugnetshluts.

7.4.2.6. Tegund loftrýmissvæðis (AirspaceAreaTypeValue)

Viðurkenndar tegundir loftrýmis.

7.4.2.7. Tegund flugleiðsögu (NavaidTypeValue)

Tegundir flugleiðsöguþjónustu.

7.4.2.8. Hlutverk punkts (PointRoleValue)

Hlutverk miðjulínupunkts flugbrautarinnar.

7.4.2.9. Tegund flugbrautar (RunwayTypeValue)

Kóði sem gerir greinarmun á flugbrautum fyrir flugvélar og lokaaðflugs- og flugtakssvæðum fyrir þyrlur.

7.4.2.10. Samsetning yfirborðs (SurfaceCompositionValue)

Kóði sem gefur upplýsingar um samsetningu yfirborðs.“

13) Í stað liðar 7.5.2 kemur eftirfarandi:

„7.5.2. *Kóðaskrár*

7.5.2.1. Tegund togbrautar (CablewayTypeValue)

Mögulegar tegundir togbrautarflutninga.“

14) Taflan **Eigindir landhlutartegundarinnar „RailwayLink“** í lið 7.6.1.7 fellur brott.

15) Ákvæði liðar 7.6.2 falla brott.

16) Í stað liðar 7.6.3 kemur eftirfarandi:

„7.6.3. *Kóðaskrár*

7.6.3.1. Gerð járnbrautarhnútu (FormOfRailwayNodeValue)

Mögulegt hlutverk járnbrautahnútu innan járnbrautarnetsins.

7.6.3.2. Tegund járnbrautar (RailwayTypeValue)

Mögulegar tegundir járnbrautaflutninga.

7.6.3.3. Notkun járnbrautar (RailwayUseValue)

Möguleg notkun járnbrauta.

7.6.3.4. Lágmarks- eða hámarksfjöldi teina (MinMaxTrackValue)

Gildi sem gefa upplýsingar um hvort fjöldi teina telst hámarks-, lágmarks- eða meðalfjöldi.

7.6.3.5. Sporvíddarflokkur (TrackGaugeCategoryValue)

Möguleg flokkun járnbrauta að því er varðar nafnvídd spora þeirra.“

17) Ákvæði liðar 7.7.2 falla brott.

18) Í stað liðar 7.7.3 kemur eftirfarandi:

„7.7.3. *Kóðaskrár*

7.7.3.1. Svæðisskilyrði (AreaConditionValue)

Hraðatakmörkun sem fer eftir svæðinu.

7.7.3.2. Gerð vegahnútu (FormOfRoadNodeValue)

Hlutverk vegahnúta.

7.7.3.3. Gerð vegar (FormOfWayValue)

Flokkun byggð á efnislegum eiginleikum veghlekkjarins.

7.7.3.4. Veghluti (RoadPartValue)

Gefur upplýsingar um fyrir hvaða hluta vegarins mælingagildið á við.

7.7.3.5. Vegaþjónustutegund (RoadServiceTypeValue)

Tegundir vegaþjónustusvæða.

7.7.3.6. Flokkur vegyfirborðs (RoadSurfaceCategoryValue)

Gildi sem gefa upplýsingar um hvort vegur er lagður slitlagi eða ekki.

7.7.3.7. Þjónustubúnaður (ServiceFacilityValue)

Þjónustubúnaður sem er mögulega tiltækur á vegaþjónustusvæði.

7.7.3.8. Upptök hraðatakmarkana (SpeedLimitSourceValue)

Möguleg upptök hraðatakmarkana.

7.7.3.9. Tegund ökutækis (VehicleTypeValue)

Mögulegar tegundir ökutækja

7.7.3.10. Veðurskilyrði (WeatherConditionValue)

Gildi sem gefa upplýsingar um veðurskilyrði sem hafa áhrif á hraðatakmarkanir.

7.7.3.11. Hlutverksflokkur vegar (FunctionalRoadClassValue)

Gildi fyrir hlutverksflokkun vega. Þessi flokkun er byggð á vægi hlutverksins sem vegurinn hefur í vegakerfinu.

7.7.3.12. Lágmarks- eða hámarksfjöldi akreina (MinMaxLaneValue)

Gildi sem gefa upplýsingar um hvort fjöldi akreina telst hámarks-, lágmarks- eða meðalfjöldi.

7.7.3.13. Eðli hraðatakmarkana (SpeedLimitMinMaxValue)

Möguleg gildi sem gefa upplýsingar um eðli hraðatakmarkana.“

19) Málsliðurinn „Þessi tegund er hugræn.“ í annarri málsgrein í lið 7.8.1.13 fellur brott.

20) Ákvæði liðar 7.8.2 falla brott.

21) Í stað liðar 7.8.3 kemur eftirfarandi:

„7.8.3. *Kóðaskrár*

7.8.3.1. Ferjunotkun (FerryUseValue)

Sú tegund flutninga sem fer fram með ferju.

7.8.3.2. Gerð vatnaleiðarhnútu (FormOfWaterwayNodeValue)

Hlutverk vatnaleiðarhnútu í vatnaflutninganeti.

7.8.3.3. CEMT-flokkur (CEMTClassValue)

Flokkun skipgengra vatnaleiða samkvæmt ályktun Sambands samgönguráðherra í Evrópu nr. 92/2.“

22) Í stað fyrstu töflu í lið 8.3.1.1 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
geographicalName	Örnefni sem er notað til að auðkenna vatnamælingahlut í raunheiminum. Það leggur til „lykil“ sem tengir skilyrðislaust mismunandi birtingar hlutarins.	GeographicalName	voidable
hydroId	Kennimerki sem er notað til að auðkenna vatnamælingahlut í raunheiminum. Það leggur til „lykil“ sem tengir skilyrðislaust mismunandi birtingar hlutarins.	HydroIdentifier	voidable“

23) Í stað liðar 8.4.2 kemur eftirfarandi:

„8.4.2. *Kóðaskrár*

8.4.2.1. Vatnahnútuflokkur (HydroNodeCategoryValue)

Skilgreinir flokka fyrir mismunandi tegundir hnúta í vatnamælinganeti.“

24) Í stað fyrstu töflu í lið 8.5.1.3 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
area	Stærð vatnasviðsins.	Area	voidable
basinOrder	Númer (eða kóði) sem gefur upp stig greiningar/skiptingar í vatnasviðskerfi.	HydroOrderCode	voidable
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
geometry	Rúmfræði vatnasviðsins, sem yfirborð.	GM_Object	
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
origin	Uppruni vatnasviðsins.	OriginValue	voidable“

25) Í stað síðasta málsliðar í lið 8.5.1.3 kemur eftirfarandi:

„Skorður landhlutartegundarinnar „DrainageBasin“

Vatnasvið ár má ekki vera innan neins annars vatnasviðs.

Rúmfræðileg eigind þarf að vera af gerðinni „GM_Surface eða GM_MultiSurface“.

26) Ákvæði liðar 8.5.3 falla brott.

27) Í stað liðar 8.5.4 kemur eftirfarandi:

„8.5.4. *Kóðaskrár*

8.5.4.1. Þverunartegund (CrossingTypeValue)

Tegundir manngerðra, efnislegra vatnsfallaþverana.

8.5.4.2. Vatnsfræðileg seigla (HydrologicalPersistenceValue)

Flokkar vatnsfræðilegrar seiglu vatnshlots.

8.5.4.4. Tegund strandar (ShoreTypeValue)

Flokkar samsetninga strandsvæðis.

8.5.4.5. Vatnshæð (WaterLevelValue)

Sjávarfallaviðmið/vatnshæð sem dýpi og hæð er miðað við.

8.5.4.6. Uppruni (OriginValue)

Tegund kóðaskrár sem tilgreinir mengi af vatnamælingaflokkuninni „origin“ (náttúrulegir, manngerðir) fyrir mismunandi vatnamælingahluti.“

28) Í stað fyrstu töflu í lið 9.1.1 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
geometry	Rúmfræðin sem skilgreinir mörk verndaða staðarins.	GM_Object	

inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
siteDesignation	Merking (tegund) verndaða staðarins.	DesignationType	voidable
siteName	Heiti verndaða staðarins.	GeographicalName	voidable
siteProtectionClassification	Flokkun verndaða staðarins, byggð á markmiði verndunarinnar.	ProtectionClassificationValue	voidable
thematicId	Þematískt kennimerki hlutar.	ThematicIdentifier	voidable“

29) Í stað töflunnar í lið 9.2.1 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
designation	Raunmerking staðarins.	DesignationValue	
designationScheme	Kerfið sem merkingarkóðinn kemur úr.	DesignationSchemeValue	
percentageUnder-Designation	Hundraðshlutfall staðarins sem fellur undir merkinguna. Þetta er einkum notað vegna flokkunar Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.	Decimal	
legalFoundationDate	Dagsetningin þegar verndaði staðurinn var löglega búinn til. Þetta er dagsetningin þegar raunhluturinn var myndaður, ekki dagsetningin þegar birtingarmynd hans í upplýsingakerfi var búin til.	Date	voidable
legalFoundati-onDocument	Veffangs- eða textavísun í lagagerninginn sem verndaða staðnum var komið á fót með.	CI_Citation	voidable“

30) Liður 9.3. fellur brott.

31) Í stað liðar 9.4 kemur eftirfarandi:

„9.4. **Kóðaskrár**

9.4.1. *Merkingarkerfi (DesignationSchemeValue)*

Kerfið sem er notað til að merkja vernduðu staðina.

Aðildarríkin mega bæta við þessa kóðaskrá.

9.4.2. *Merking (DesignationValue)*

Flokkun og tegund merkingar í mismunandi kerfum.

Þessi kóðaskrá samanstendur af gildunum í kóðaskránum sem tilgreindar eru í liðum 9.4.3–9.4.8 eða öðrum kóðaskrám sem gagnaveitendur skilgreina:

9.4.3. *Merking Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCNDesignationValue)*

Kóðaskrá fyrir flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins.

9.4.4. *Merking þjóðminjaskrár (NationalMonumentsRecordDesignationValue)*

Kóðaskrá fyrir flokkunarkerfi þjóðminjaskrár.

9.4.5. *Merking Evrópunets verndarsvæða (Natura2000DesignationValue)*

Kóðaskrá fyrir flokkunarkerfi Evrópunets verndarsvæða, í samræmi við tilskipun ráðsins 92/43/EBE (*) (vistgerðatilskipunin).

9.4.6. *Merking vegna Ramsar (RamsarDesignationValue)*

Kóðaskrá fyrir flokkunarkerfi samþykktar um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar-samþykktin).

9.4.7. *Merking vegna áætlunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um manninn og lífhvolfið (UNESCOManAndBiosphereProgrammeDesignationValue)*

Kóðaskrá fyrir flokkunarkerfi áætlunarinnar um manninn og lífhvolfið.

9.4.8. *Merking vegna Heimsarfleifðar Menningarmálastofnunar SÞ (UNESCOWorldHeritageDesignationValue)*

Kóðaskrá fyrir flokkunarkerfi Heimsarfleifðar.

9.4.9. *Flokkun verndar (ProtectionClassificationValue)*

Flokkun verndaða staðarins, byggð á markmiði verndunarinnar.

(*) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 1.3.1 kemur eftirfarandi:

„1.3.1. *Kóðaskrár*

1.3.1.1. Tegund hæðareiginleika (ElevationPropertyTypeValue)

Tegund kóðaskrár sem ákvarðar hæðareiginleikann sem hefur verið mældur eða reiknaður út.

1.3.1.2. Yfirborðstegund (SurfaceTypeValue)

Tegund kóðaskrár sem ákvarðar hæðaryfirborðið með tilliti til hlutfallslegrar viðloðunar þess við bert yfirborð jarðarinnar.“

2) Ákvæði liðar 1.5.3 falla brott.

3) Í stað liðar 1.5.4 kemur eftirfarandi:

„1.5.4. *Kóðaskrár*

1.5.4.1. Brotlínutegund (BreakLineTypeValue)

Listi yfir möguleg tegundargildi fyrir brotlínur á grunni eðliseiginleika brotlínunnar [á landhæðaryfirborðinu].

1.5.4.2. Flokkun hæðarpunkts (SpotElevationClassValue)

Möguleg flokkunargildi fyrir hæðarpunkta samkvæmt LAS-lýsingu Myndmælingarfræði- og fjarkönnunar-samtaka Bandaríkjanna (e. *American Society for Photogrammetry and Remote Sensing* (ASPRS)).

1.5.4.3. Tegund hæðarpunkts (SpotElevationTypeValue)

Möguleg gildi fyrir hæðarpunkta sem lýsa sérstæðu á yfirborðinu.

1.5.4.4. Tegund hæðarlínu (ContourLineTypeValue)

Listi yfir mögulega flokka hæðarlína á grunni jafnlengdarstika gagnasafnsins.“

4) Í stað liðar 2.3.2 kemur eftirfarandi:

„2.3.2. *Kóðaskrár*

2.3.2.1. Landgerðarflokkur (LandCoverClassValue)

Kóðaskrá eða flokkun landgerða.“

5) Eftirfarandi tafla bætist við í lið 2.4.1.2:

„**Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „LandCoverUnit“**

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Voidability
dataset	Gagnasafn um landnotkun sem þessi landgerðarhlutur tilheyrir.	LandCoverDataset“	

6) Í stað orðanna „„onlineDescription“ eigind“ í fyrsta málsliðnum í lið 2.6 koma orðin „„externalDescription“ eigind“.

7) Í stað liðar 3.4 kemur eftirfarandi:

„3.4. **Kóðaskrár**

3.4.1. *Brúunaraðferð (InterpolationMethodValue)*

Listi með kóðum sem auðkenna þær brúunaraðferðir sem nota má til að meta réttmyndaþekjur.“

8) Í stað liðar 4.2.3 kemur eftirfarandi:

„4.2.3. *Kóðaskrár*

4.2.3.1. Tegund manngerðrar landmótunarfræðilegrar fitju (AnthropogenicGeomorphologicFeatureTypeValue)

Tegundir manngerðra landmótunarfræðilegra fitja.

4.2.3.2. Tilgangur með borholu (BoreholePurposeValue)

Tilgangurinn með borun holunnar.

4.2.3.3. Tegund safns (CollectionTypeValue)

Tegundir safna af jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum hlutum.

4.2.3.4. Hlutverk efnisþáttar (CompositionPartRoleValue)

Hlutverk efnisþáttar í landfræðilegri einingu.

4.2.3.5. Umhverfi atviks (EventEnvironmentValue)

Hugtök yfir þau jarðfræðilegu umhverfi þar sem jarðfræðileg atvik eiga sér stað.

4.2.3.6. Atvikaferli (EventProcessValue)

Hugtök sem tilgreina ferlið eða ferlin sem áttu sér stað á meðan á atviki stóð.

4.2.3.7. Misgengistegund (FaultTypeValue)

Hugtök sem lýsa tegund formgerðar sem myndaðist við skúffærslu.

4.2.3.8. Tegund fellingarþversniðs (FoldProfileTypeValue)

Hugtök sem tilgreina tegund fellingar.

4.2.3.9. Jarðsögulegt tímabil (GeochronologicEraValue)

Hugtök sem tilgreina viðurkenndar jarðfræðilegar tímaeiningar.

4.2.3.10. Tegund jarðfræðilegrar einingar (GeologicUnitTypeValue)

Hugtök sem lýsa tegund jarðfræðilegrar einingar.

4.2.3.11. Landmótunarfræðileg virkni (GeomorphologicActivityValue)

Hugtök sem gefa til kynna virknistig landmótunarfræðilegrar fitju.

4.2.3.12. Berggerð (LithologyValue)

Hugtök sem lýsa berggerðinni.

4.2.3.13. Kortunarrammi (MappingFrameValue)

Hugtök sem gefa til kynna yfirborðið sem kortlagðri fitju („MappedFeature“) er varpað á.

4.2.3.14. Náttúrulegar landmótunarfræðilegar fitjugerðir (NaturalGeomorphologicFeatureTypeValue)

Hugtök sem lýsa tegund náttúrulegrar landmótunarfræðilegrar fitju.

4.2.3.15. Þematískur flokkur (ThematicClassValue)

Gildi fyrir þematíska flokkun jarðfræðilegra fitja.

4.2.3.16. Þematísk flokkun (ThematicClassificationValue)

Listi yfir þematískar flokkanir jarðfræðilegra fitja.“

9) Í stað liðar 4.3.2 kemur eftirfarandi:

„4.3.2. *Kóðaskrár*

4.3.2.1. Tegund rannsóknaátaks (CampaignTypeValue)

Tegund jarðeðlisfræðilegs rannsóknaátaks.

4.3.2.2. Netheiti (NetworkNameValue)

Heiti jarðeðlisfræðilegs nets.

4.3.2.3. Tegund verkvangs (PlatformTypeValue)

Verkvangur þaðan sem gagnasöfnun fór fram.

4.3.2.4. Tegund þversniðs (ProfileTypeValue)

Tegund jarðeðlisfræðilegs þversniðs.

4.3.2.5. Staða stöðvar (StationRankValue)

Staða jarðeðlisfræðilegrar stöðvar.

4.3.2.6. Tegund stöðvar (StationTypeValue)

Tegund jarðeðlisfræðilegrar stöðvar.

4.3.2.7. Tegund mælingar (SurveyTypeValue)

Tegund jarðeðlisfræðilegrar mælingar eða -gagnasafns.

4.3.2.8. Tegund skára (SwathTypeValue)

Tegund skára í jarðeðlisfræðilegum mælingum.“

10) Í stað liðar 4.4.3 kemur eftirfarandi:

„4.4.3. *Kóðaskrár*

4.4.3.1. Tegund virks brunns (ActiveWellTypeValue)

Tegundir virkra brunna.

4.4.3.2. Tegund veitismiðils (AquiferMediaTypeValue)

Gildi sem lýsa eiginleikum veitismiðilsins.

4.4.3.3. Tegund veitis (AquiferTypeValue)

Tegundir veita.

4.4.3.4. Ástand grunnvatns (ConditionOfGroundwaterValue)

Gildi sem gefa til kynna nálgun við hve miklar breytingar hafa orðið á náttúrulegu ástandi grunnvatns.

4.4.3.5. Vatnsjarðefnafræðileg bergtegund (HydroGeochemicalRockTypeValue)

Gildi sem lýsa vatnsjarðefnafræðilegu ástandi grunnvatnsumhverfisins.

4.4.3.6. Tegund náttúrulegs hlutar (NaturalObjectTypeValue)

Tegundir náttúrulegra vatnajarðfræðilegra hluta.

4.4.3.7. Stöðukóðategund (StatusCodeTypeValue)

Gildi sem lýsa stöðum manngerðra vatnajarðfræðilegra hluta.

4.4.3.8. Stöðugleikastig vatns (WaterPersistenceValue)

Tegundir vatnafræðilegs stöðugleika vatns

4.4.3.9. Selta vatns (WaterSalinityValue)

Kóðaskrá sem tilgreinir seltuflokka vatns.“

———

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðanna „Pakkinn „Vigur““ í inngangsorðunum í lið 1.3.1 koma orðin „Pakkinn „Tölfræðilegar vigureiningar““.

2) Í stað fyrstu töflu í lið 1.3.1.1 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
thematicId	Lýsandi, einkvæmt kennimerki sem er úthlutað til landhluta í skilgreindu upplýsingaþema.	ThematicIdentifier	
country	Kóði landsins sem hluturinn tilheyrir.	CountryCode	
geographicalName	Möguleg örnefni hlutarins.	GeographicalName	
statisticalUnitType	Tegund hagskýrslusvæðis sem er notað við dreifingu.	StatisticalUnitTypeValue	
validityPeriod	Tímabil þegar ákjósanlegt er að nota tölfræðieininguna eða nota hana ekki.	TM_Period	
referencePeriod	Tímabilið þegar gögnunum er ætlað að gefa mynd af svæðaskiptingu innan tölfræðieininga.	TM_Period	
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable“

3) Í stað liðar 1.3.3 kemur eftirfarandi:

„1.3.3. *Kóðaskrár*

1.3.3.1. Tegund rúmfræði (GeometryTypeValue)

Kóðagildin fyrir rúmfræðitegundirnar.

1.3.3.2. Tegund þróunar (EvolutionTypeValue)

Kóðagildin fyrir þróunartegundirnar.

1.3.3.3. Tegund hagskýrslueiningar (StatisticalUnitTypeValue)

Kóðagildin fyrir tegundir hagskýrslueininga.“

4) Í stað alls textans sem kemur á eftir annarri töflu í lið 1.4.1.1 kemur eftirfarandi:

„**Skorður landhlutartegundarinnar „StatisticalGridCell“**

Reiturinn skal liggja innan reitanetsins, í samræmi við breidd og hæð.

Gefa skal upp a.m.k. einn þessara eigindarkóða: „geographicalPosition“, „gridPosition“ eða „geometry“.

Þegar nokkrar framsetningar í rúmi eru gefnar upp (code, geographicalPosition, gridPosition og geometry) skulu þær vera samræmdar.

Kóðinn skal samsettur úr:

1) tveggja stafa landskóða eins og skilgreint er í sameiginlegum ritleiðbeiningum milli stofnana sem gefnar eru út af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins,

2) viðmiðunarhnitakerfishluta, birtum með orðinu CRS, og því næst EPSG-kóðanum (e. *European Petroleum Survey Group*),

3) upplausnar- og staðsetningarhluta:

   — Ef viðmiðunarhnitakerfinu er varpað skal nota orðið RES og þar á eftir upplausn reitanetsins í metrum ásamt bókstafnum m. Því næst skal koma bókstafurinn N og þar á eftir norðunargildið í metrum og bókstafurinn E og þar á eftir austunargildið í metrum.

   — Ef viðmiðunarhnitakerfinu er ekki varpað skal nota orðið RES og þar á eftir upplausn reitanetsins í gráðum-mínútum-sekúndum ásamt orðinu dms. Því næst skal koma orðið LON og þar á eftir lengdargráðugildið í gráðum-mínútum-sekúndum og orðið LAT og þar á eftir breiddargráðugildið í gráðum-mínútum-sekúndum.

Í báðum tilvikum skal uppgefna staðsetningin vera staðsetning neðra horns til vinstri.“

5) Í stað liðar 1.5 kemur eftirfarandi:

„1.5. **Kröfur sem eru sértækar fyrir þema**

1) Rúmfræði tölfræðilegra eininga sem tölfræðileg gögn eru lögð fram fyrir samkvæmt INSPIRE skal einnig, og að lágmarki, gerð aðgengileg. Þessi krafa nær til INSPIRE-þema sem vísa til tölfræðilegra eininga.

2) Ef notkunin er samevrópsk skal nota jafnflatarreitanetið sem er skilgreint í lið 2.2.1 í II. viðauka. Ef notkunin er samevrópsk eru leyfðar viðbótarstærðir netreita 2m, 5m, 20m, 50m, 200m, 500m, 2000m, 5000m, 20 000m, 50 000m.

3) Tölfræðileg gögn skulu vísa til tilheyrandi tölfræðilegrar einingar með ytra kennimerki einingarinnar (inspireId) eða þematísku kennimerki hennar (fyrir vigureiningar) eða með kóða einingarinnar (fyrir reiti í netreitum).

4) Tölfræðileg gögn skulu vísa til tiltekinnar útgáfu tölfræðilegu einingarinnar.“

6) Í stað töflunnar í lið 2.3.1.3 kemur eftirfarandi:

„Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Voidability
parts	Þeir byggingarhlutar sem byggingin er samsett úr.	„BuildingPart“ í pakkanum „Buildings Base“	voidable“

7) Í stað liðar 2.3.3 kemur eftirfarandi:

„2.3.3. *Kóðaskrár*

2.3.3.1. Eðli byggingar (BuildingNatureValue)

Gildi sem gefa til kynna eðli byggingar.

2.3.3.2. Ástand mannvirkis (ConditionOfConstructionValue)

Gildi sem gefa til kynna ástand mannvirkis.

2.3.3.3. Núverandi notkun (CurrentUseValue)

Gildi sem gefur til kynna núverandi notkun.

2.3.3.4. Hæðartilvísun (ElevationReferenceValue)

Skrá yfir mögulega þætti sem taldir eru mæla lóðrétta rúmfræði.

2.3.3.5. Hæðarstaða (HeightStatusValue)

Gildi sem tilgreina aðferðina sem var notuð til að mæla hæð.

2.3.3.6. Lárétt rúmfræðitilvísun (HorizontalGeometryReferenceValue)

Gildi sem gefa til kynna stakið sem talið er mæla lárétta rúmfræði.“

8) Í stað allra tilvika af „RangeType“ í liðum 3.1.3, 3.1.5, 3.1.9, 3.1.10, 3.1.11, 3.1.12, 3.2.1, 3.2.5 kemur „RangeType (eins og skilgreint er í lið 3.2.6)“.

9) Í stað liðar 3.3 kemur eftirfarandi:

„3.3. **Kóðaskrár**

3.3.1. *Meginleiðarlag samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAOHorizonMasterValue)*

Kóðaskrá fyrir auðkenningu meginhluta leiðarlagsins.

3.3.2. *Undirleiðarlag samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAOHorizonSubordinateValue)*

Kóðaskrá með auðkenningum fyrir undirsettar afmarkanir og fitjur innan meginleiðarlaganna og -jarðvegslaganna, sem byggjast á eiginleikum þversniða sem hægt er að athuga á vettvangi og er beitt við lýsingu á jarðvegnum á staðnum.

3.3.3. *FAO-högg (FAOPrimeValue)*

Nota má högg og tvíhögg til að gefa tákni meginleiðarlagsins aukatáknun sem hið lægra af tveimur (högg) eða lægsta af þremur (tvíhögg) leiðarlögum sem hafa forskeyti sem eru nákvæmlega eins samsett úr arabískum tölustöfum og bókstöfum.

3.3.4. *Önnur táknunartegund fyrir leiðarlag (OtherHorizonNotationTypeValue)*

Flokkun leiðarlags samkvæmt tilteknu flokkunarkerfi.

3.3.5. *Önnur tegund jarðvegsheitis (OtherSoilNameTypeValue)*

Auðkenning jarðvegsþversniðsins samkvæmt tilteknu flokkunarkerfi.

3.3.6. *Staða myndunarferlis lags (LayerGenesisProcessStateValue)*

Ábending um hvort ferlið sem er tilgreint í „layerGenesisProcess“ er yfirstandandi eða því er lokið.

3.3.7. *Tegund lags (LayerTypeValue)*

Flokkun lags samkvæmt því hugtaki sem hentar tegund þess.

3.3.8. *Heiti stika fyrir þversniðsstak (ProfileElementParameterNameValue)*

Eiginleikar sem hægt er að athuga til að lýsa þversniðsstakinu.

3.3.9. *Heiti stika fyrir jarðvegsafleiddan hlut (SoilDerivedObjectParameterNameValue)*

Jarðvegstengdir eiginleikar sem leiða má af jarðvegi og öðrum gögnum.

3.3.10. *Tilgangur með jarðvegsrannsókn (SoilInvestigationPurposeValue)*

Kóðaskrá fyrir möguleg gildi sem gefa til kynna ástæðurnar fyrir því að mæling er gerð.

3.3.11. *Tegund jarðvegsskika (SoilPlotTypeValue)*

Kóðaskrá með hugtökum sem tilgreina á hvers konar skika jarðvegsathugunin er gerð.

3.3.12. *Heiti stika fyrir jarðvegsþversnið (SoilProfileParameterNameValue):*

Eiginleikar sem hægt er að athuga til að lýsa jarðvegsþversniðinu.

3.3.13. *Heiti stika fyrir jarðvegssýnatökustað (SoilSiteParameterNameValue)*

Eiginleikar sem hægt er að athuga til að lýsa jarðvegssýnatökustaðnum.

3.3.14. *WRB-sérgreinisstaðsetning (WRBQualifierPlaceValue)*

Kóðaskrá með gildum til að gefa til kynna staðsetningu sérgreinisins með tilliti til WRB-jarðvegsviðmiðunarhópsins. Staðsetningin getur verið framan við jarðvegsviðmiðunarhópinn, þ.e. „forskeyti“ eða aftan við hann, þ.e. „viðskeyti“.“

3.3.15. *WRB-sérgreinar (WRBQualifierValue)*

Kóðaskrá yfir mögulega sérgreina samkvæmt World Reference Base for Soil Resources.

3.3.16. *WRB (WRBReferenceSoilGroupValue)*

Kóðaskrá yfir mögulega viðmiðunarjarðvegshópa (þ.e. fyrsta stigs flokkun samkvæmt World Reference Base for Soil Resources).

3.3.17. *WRB-tilgreinar (WRBSpecifierValue)*

Kóðaskrá yfir mögulega tilgreina.“

10) Í stað liðar 4.3.2 kemur eftirfarandi:

„4.3.2. *Kóðaskrár*

4.3.2.1. HILUCS (HILUCSValue)

Listi yfir landnotkunarflokka sem skal nota í INSPIRE-landnotkun.

4.3.2.2. Flokkun landnotkunar (LandUseClassificationValue)

Skrá yfir landnotkunarflokka sem nota skal í INSPIRE-landnotkun og eru samþykktir landsbundið eða staðbundið.“

11) Í stað töflunnar í lið 4.7.2.1 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
backgroundMapDate	Dagsetning bakgrunnskortsins sem var notað.	DateTime	
backgroundMapReference	Tilvísun í bakgrunnskortið sem var notað.	CharacterString	
backgroundMapURI	Samræmt kennimerki heimildar (URI) sem vísar til þjónustu sem miðlar bakgrunnskortinu.	URI	voidable“

12) Í stað liðar 4.7.3 kemur eftirfarandi:

„4.7.3. *Kóðaskrár*

4.7.3.1. Stig landáætlunar (LevelOfSpatialPlanValue)

Svæðisbundin stigskipting áætlunar.

4.7.3.2. Almennt þrep í ferli (ProcessStepGeneralValue)

Almenn ábending um á hvaða þrepi áætlunargerðar áætlunin er.

4.7.3.3. Eðli reglugerðar (RegulationNatureValue)

Lagalegt eðli landnotkunarábendingarinnar.

4.7.3.4. Tegundarheiti áætlunar (PlanTypeNameValue)

Tegundir áætlana eins og þær eru skilgreindar í aðildarríkjunum.

4.7.3.5. Sértæk viðbótarregla (SpecificSupplementaryRegulationValue)

Flokkur viðbótarreglna sem gefin er upp í sérstöku nafnakerfi fyrir viðbótarreglur sem gagnaveitandinn leggur fram.

4.7.3.6. Viðbótarregla (SupplementaryRegulationValue)

Tegundir skilyrða og skorða í landáætlunum.“

13) Í stað liðar 5.1.6 kemur eftirfarandi:

„5.1.6. *Mæling á ákvörðunarþætti umhverfisheilbrigðis (EnvHealthDeterminantMeasure)*

Hrá mæling sem gerð er á einhverjum stað sem skiptir máli fyrir greiningu á ákvörðunarþætti fyrir heilbrigði manna.

Eigindir landhlutartegundarinnar „EnvHealthDeterminantMeasure“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
location	Staðsetning mælingarinnar.	GM_Object	
type	Tegund ákvörðunarþáttar umhverfisheilbrigðis.	EnvHealthDeterminantTypeValue	
measureTime	Tímabilið þegar mælingin var gerð.	TM_Period	
beginLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifespanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
validFrom	Tímasetningin þegar byrjað verður að nota upplýsingarnar.	DateTime	voidable
validTo	Tímasetningin þegar hætt verður að nota upplýsingarnar.	DateTime	voidable
measure	Ráðstöfun ákvörðunarþáttar umhverfisheilbrigðis.	Measure	
category	Flokkur ákvörðunarþáttar umhverfisheilbrigðis.	MeasureCategoryTypeValue	

Skorður landhlutartegundarinnar „EnvHealthDeterminantMeasure“

Gefa skal upp mælingu á ákvörðunarþætti umhverfisheilbrigðis annaðhvort sem mælingu („eigindin „measure“) eða flokk mælingar (eigindin „category“).“

14) Eftirfarandi liðum 5.1.6a og 5.1.6b er bætt við:

„5.1.6a Hávaðamæling sem ákvörðunarþáttur umhverfisheilbrigðis (EnvHealthDeterminantNoiseMeasure)

Hávaðamæling sem skiptir máli fyrir greiningu á ákvörðunarþætti fyrir heilbrigði manna.

Þessi tegund er undirtegund „EnvHealthDeterminantMeasure“.

Eigindir landhlutartegundarinnar „EnvHealthDeterminantNoiseMeasure“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
Source	Tegund hávaðavalds.	NoiseSourceTypeValue	

5.1.6b Mæling á styrk sem áhrifaþáttur umhverfisheilbrigðis(EnvHealthDeterminantConcentrationMeasure)

Mæling á styrk sem skiptir máli fyrir greiningu á ákvörðunarþætti fyrir heilbrigði manna.

Þessi tegund er undirtegund „EnvHealthDeterminantMeasure“.

Eigindir landhlutartegundarinnar „EnvHealthDeterminantConcentrationMeasure“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
component	Sá efnisþáttur sem mældur er í styrkmælingu.	ComponentTypeValue	
media	Miðillinn sem styrkurinn er mældur í.	MediaTypeValue“	

15) Liðir 5.2.8, 5.2.9, 5.2.10, 5.2.11 falla brott.

16) Í stað liðar 5.3 kemur eftirfarandi:

„5.3. **Kóðaskrár**

5.3.1. *Dánarorsök (CODValue)*

Gögn um dánarorsakir (COD) veita upplýsingar um dauðamynstur og eru mikilvægur þáttur í upplýsingum um lýðheilsu.

5.3.2. *Íðefni (ChemicalValue)*

Heiti efnis.

5.3.3. *Tegund umhverfisheilsuþáttar (ComponentTypeValue)*

Tiltekin tegund þáttar (efni, líffræðileg tegund, o.s.frv.) sem á er gerð samsöfnunarmæling í umhverfishólfi.

5.3.4. *Tegund sjúkdómsmælinga (DiseaseMeasureTypeValue)*

Mismunandi leiðir við skýrslugjöf vegna gagna um sjúkdóma og tengd heilbrigðisvandamál í íbúaþýði.

5.3.5. *Tegund ákvörðunarþáttar umhverfisheilbrigðis (ComponentTypeValue)*

Tegund ákvörðunarþáttar umhverfisheilbrigðis.

5.3.6. *Tegund almenns heilbrigðis (GeneralHealthTypeValue)*

Tegund vísis heilbrigðisástands.

5.3.7. *Tegund heilbrigðisþjónustu (HealthServicesTypeValue)*

Tegund vísis heilbrigðisþjónustu.

5.3.8. *Alþjóðleg sjúkdóma- og dánarmeinaskrá (ICDValue)*

Sjúkdómar eins og þeir eru skilgreindir í alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskránni, 10. endurskoðun.

5.3.9. *Sýnagerð (MatrixValue)*

Tegund vefs úr mönnum eða líkamshólf vegna mælinga á lífmerki.

5.3.10. *Tegund umhverfisheilbrigðismiðils (MediaTypeValue)*

Miðillinn sem styrkur heilbrigðisþáttar er mældur í.

5.3.11. *Tegund hávaðavalds (NoiseSourceTypeValue)*

Tegundagildi fyrir hávaðavalda.

5.3.12. *Aðferðir við tölfræðilega hópun (StatisticalAggregationMethodValue)*

Tegundir tölfræðiaðferða sem eru notaðar til að hópa hrá mæligögn um tölfræðilegu eininguna.“

17) Í stað liðar 6.2.2 kemur eftirfarandi:

„6.2.2. *Kóðaskrár*

6.2.2.1. Tegund fylgikvaðar (AppurtenanceTypeValue)

Flokkun fylgikvaða.

Þessi kóðaskrá samanstendur af gildunum í kóðaskránum hér á eftir eða öðrum kóðaskrám sem gagnaveitendur tilgreina:

— Tegund rafmagnsfylgikvaðar (ElectricityAppurtenanceTypeValue): Flokkun rafmagnsfylgikvaða, eins og tilgreint er í lið 6.3.2.1.

— Tegund olíu-, gas- og íðefnafylgikvaðar (OilGasChemicalsAppurtenanceTypeValue): Flokkun olíu-, gas- og íðefnafylgikvaða, eins og tilgreint er í lið 6.4.2.1.

— Tegund fráveitufylgikvaðar (SewerAppurtenanceTypeValue): Flokkun fráveitufylgikvaða, eins og tilgreint er í lið 6.5.2.1.

— Tegund varmaveitufylgikvaðar (ThermalAppurtenanceTypeValue): Flokkun varmaveitufylgikvaða, eins og tilgreint er í lið 6.6.2.1.

— Tegund vatnsfylgikvaðar (WaterAppurtenanceTypeValue): Flokkun vatnsfylgikvaða, eins og tilgreint er í lið 6.7.2.1.

6.2.2.2. Sértæk tegund fylgikvaðar (ThermalAppurtenanceTypeValue):

Flokkun á fylgikvöðum sem er bundin við óðal.

6.2.2.3. Tegund afhendingar frá veitu (UtilityDeliveryTypeValue)

Flokkun á tegundum afhendingar frá veitum.

6.2.2.4. Tegund veitunets (UtilityNetworkTypeValue)

Flokkun á tegundum veituneta.

6.2.2.5. Tegund viðvörunar (WarningTypeValue)

Flokkun á tegundum viðvarana.“

18) Í stað liðar 6.3.2 kemur eftirfarandi:

„6.3.2. *Kóðaskrár*

6.3.2.1. Tegund rafmagnsfylgikvaðar (ElectricityAppurtenanceTypeValue)

Flokkun rafmagnsfylgikvaða.“

19) Í stað liðar 6.4.2 kemur eftirfarandi:

„6.4.2. *Kóðaskrár*

6.4.2.1. Tegund olíu-, gas- og íðefnafylgikvaðar (OilGasChemicalsAppurtenanceTypeValue)

Flokkun olíu-, gas- og íðefnafylgikvaða.

6.4.2.2. Tegund olíu-, gas- og íðefnavöru (OilGasChemicalsProductTypeValue)

Flokkun olíu-, gas- og íðefnavara.“

20) Í stað liðar 6.5.2 kemur eftirfarandi:

„6.5.2. *Kóðaskrár*

6.5.2.1. Tegund fráveitufylgikvaðar (SewerAppurtenanceTypeValue)

Flokkun fráveitufylgikvaða.

6.5.2.2. Tegund skólps (SewerWaterTypeValue)

Flokkun á tegundundum skólps.“

21) Í stað liðar 6.6.2 kemur eftirfarandi:

„6.6.2. *Kóðaskrár*

6.6.2.1. Tegund varmaveitufylgikvaðar (ThermalAppurtenanceTypeValue)

Flokkun varmaveitufylgikvaða.

6.6.2.2. Tegund varmaafurðar (ThermalProductTypeValue)

Flokkun varmaafurða.“

22) Í stað liðar 6.7.2 kemur eftirfarandi:

„6.7.2. *Kóðaskrár*

6.7.2.1. Tegund vatnsfylgikvaðar (WaterAppurtenanceTypeValue)

Flokkun vatnsfylgikvaða.

6.7.2.2. Tegund vatns (WaterTypeValue)

Flokkun á tegundum vatns.“

23) Í stað liðar 6.8.2 kemur eftirfarandi:

„6.8.2. *Kóðaskrár*

6.8.2.1. Flokkun starfsstöðva umhverfisstjórnunar (EnvironmentalManagementFacilityTypeValue)

Flokkun starfsstöðva umhverfisstjórnunar, t.d. hvað varðar staði og búnað.“

24) Í stað töflunnar í lið 6.9.2.2 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
serviceLocationByAddress	Staðsetning þjónustunnar sem tilvísun í staðfang.	Address	
serviceLocationByBuilding	Staðsetning þjónustunnar sem tilvísun í byggingu.	Bygging í pakkanum Byggingar, tvívídd	
serviceLocationByActi-vityComplex	Staðsetning þjónustunnar sem tilvísun í starfsemisamstæðu.	ActivityComplex	
serviceLocationBy-Geometry	Staðsetning þjónustunnar sem tilvísun í rúmfræði.	GM_Object	
serviceLocationByU-tilityNode	Staðsetning þjónustunnar sem tilvísun í hnútu sem tengist veituneti (vatns-, raforku-, o.s.frv.), t.d. vatnshani eða neyðarsími.	UtilityNode“	

25) Í stað liðar 6.9.3 kemur eftirfarandi:

„6.9.3. *Kóðaskrár*

6.9.3.1. Þjónustutegund (ServiceTypeValue)

Kóðaskrá sem inniheldur flokkun á þjónustu á vegum stjórnvalda.“

26) Í stað fyrstu töflu í lið 7.1.2 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
thematicId	Þematískt kennimerki hlutar.	ThematicIdentifier	voidable
name	Textamerking án sniðtákna fyrir „AbstractMonitoringObject“.	CharacterString	voidable
additionalDescription	Textalýsing án sniðtákna á viðbótar-upplýsingum sem ekki komast fyrir í öðrum eigindum.	CharacterString	voidable
mediaMonitored	Vaktaður umhverfismiðill.	MediaValue	
legalBackground	Lagalegt samhengi þar sem stjórnun og reglusetning fyrir „Abstract-MonitoringObject“ er skilgreind.	LegislationCitation	voidable
responsibleParty	Ábyrgðaraðili fyrir „Abstract-MonitoringObject“.	RelatedParty	voidable
geometry	Rúmfræði sem tengist „Abstract-MonitoringObject“. Ef um færan-legan búnað er að ræða birtir rúmfræðin svæðið sem ætlast er til að verði mælt með búnaðinum.	GM_Object	
onlineResource	Tengill á ytra skjal með frekari upplýsingum um „Abstract-MonitoringObject“.	URL	voidable
purpose	Ástæðan fyrir því að „Abstract-MonitoringObject“ var myndaður.	PurposeOfCollectionValue	voidable“

27) Í stað liðar 7.3 kemur eftirfarandi:

„7.3. **Kóðaskrár**

7.3.1. *Mælikerfi (MeasurementRegimeValue)*

Flokkar fyrir mismunandi gerðir „MeasurementRegime“.

7.3.2. *Miðlar (MediaValue)*

Flokkar fyrir mismunandi miðla.

7.3.3. *Tegund ferlis (ProcessTypeValue)*

Flokkar fyrir mismunandi tegundir ferla.

7.3.4. *Tilgangur með söfnun (PurposeOfCollectionValue)*

Flokkar fyrir mismunandi tilgang samantekta.

7.3.5. *Uppspretta fenginna niðurstaðna (ResultAcquisitionSourceValue)*

Flokkar fyrir mismunandi gerðir „ResultAcquisitionSource“.

7.3.6. *Eðli niðurstaðna (ResultNatureValue)*

Ástand niðurstöðunnar úr athugun.

7.3.7. *Sérhæfð tegund umhverfisvöktunarvirkis (SpecialisedEMFTypeValue)*

Flokkar fyrir mismunandi tegundir „EnvironmentalMonitoringFacilities“.“

28) Í stað liðar 8.2.2 kemur eftirfarandi:

„8.2.2. *Framleiðslumannvirki (ProductionInstallation)*

Staðbundin tæknieining, s.s. vélbúnaður, tæki, áhöld eða búnaður sem er settur upp eða tengdur til notkunar, þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins EB nr. 166/2006 (*) og í I. viðauka eða 1. hluta VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB (**) og öll önnur starfsemi sem tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem þar er tilgreind og gæti haft áhrif á losun og mengun.

Eigindir landhlutartegundarinnar „ProductionInstallation“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
thematicId	Þematískt kennimerki hlutar.	ThematicIdentifier	
pointGeometry	Landeiginleiki landhlutarins.	GM_Point	
surfaceGeometry	Landeiginleiki landhlutarins.	GM_Surface	voidable
name	Opinber nafngift eða eigið eða hefðbundið heiti mannvirkisins.	CharacterString	voidable
description	Lýsandi fullyrðing um mannvirkið.	CharacterString	voidable
status	Staða eða ástand mannvirkisins með tilliti til hlutverks og rekstrarfyrirkomulags til styttri eða lengri tíma.	StatusType	voidable
type	Sérstök tegund mannvirkis, gefur til kynna hvaða hlutverk þarf að uppfylla.	InstallationTypeValue	voidable

Tengihlutverk landhlutartegundarinnar „ProductionInstallation“

Tengihlutverk	Skilgreining	Tegund	Voidability
groupedInstallationPart	Minni mannvirki sem eru tæknilega eða lagalega hluti mannvirkis.	ProductionInstallationPart	voidable

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtíð ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).“

29) Í stað töflunnar í lið 8.2.3 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
thematicId	Þematískt kennimerki hlutar.	ThematicIdentifier	
pointGeometry	Landeiginleiki landhlutarins.	GM_Point	
surfaceGeometry	Landeiginleiki landhlutarins.	GM_Surface	voidable
name	Opinber nafngift eða eigið eða hefðbundið heiti mannvirkishlutans.	CharacterString	voidable
description	Lýsandi fullyrðing um mannvirkishlutann.	CharacterString	voidable
status	Staða eða ástand mannvirkishlutans með tilliti til hlutverks og rekstrarfyrirkomulags til styttri eða lengri tíma.	StatusType	voidable
type	Sérstök tegund mannvirkishluta, gefur til kynna hvaða hlutverk þarf að uppfylla.	InstallationPartTypeValue	voidable
technique	Aðferð til að draga úr styrk mengunarefna vegna losunar frá tæknilegum efnisþætti, oftast reykháfi.	PollutionAbatementTechniqueValue	voidable“

30) Í stað liðar 8.4 kemur eftirfarandi:

„8.4. **Kóðaskrár**

8.4.1. *Tækni til að draga úr mengun (PollutionAbatementTechniqueValue)*

Aðferðir til að draga úr styrk mengunarefna vegna losunar frá tæknilegum efnisþætti, oftast reykháfi.

8.4.2. *Tegund mannvirkis (InstallationTypeValue)*

Gildi sem gefa til kynna rekstrarhlutverk sem mannvirki þarf að uppfylla.

8.4.3. *Tegund mannvirkishluta (InstallationTypeValue)*

Gildi sem gefa til kynna rekstrarhlutverk sem mannvirkishluti þarf að uppfylla.

8.4.4. *Vatnasviðaumdæmi (RiverBasinDistrictValue)*

Kóðakennimerki og/eða heiti sem vatnasviðaumdæmum er úthlutað.

8.4.5. *Tegund framleiðslubyggingar (TypeOfProductionBuildingValue)*

Flokkun á framleiðslu- og iðnaðarbyggingum.“

31) Í stað liðar 9.4 kemur eftirfarandi:

„9.4. **Kóðaskrár**

9.4.1. *Tegund búfjár (LivestockSpeciesValue)*

Flokkun búfjártegunda.

9.4.2. *Lagareldistegund (AquacultureSpeciesValue)*

Flokkun lagareldistegunda.“

32) Í stað liðar 10.3 kemur eftirfarandi:

„10.3. **Kóðaskrár**

10.3.1. *Tegund flokkunar (ClassificationTypeValue)*

Kóðagildi fyrir flokkunartegundir.

10.3.2. *Tegund flokkunarliðar (ClassificationItemTypeValue)*

Kóðagildi fyrir flokkunarliði.

Þessi kóðaskrá samanstendur af gildunum í kóðaskránum hér á eftir eða öðrum kóðaskrám sem gagnaveitendur tilgreina:

— Aldur í 5 ára bilum (AgeBy5YearsValue): Kóðagildi fyrir flokkunarliði aldurs í 5 ára bilum

— Aldur eftir ári (AgeByYearValue): Kóðagildi fyrir flokkunarliðina „aldur eftir ári“, þ.m.t. eitt gildi fyrir hvert eins árs bil. Fyrsta gildið skal vera „0–1“ og vera merkt „0–1“ og skilgreint sem „0 til allt að 1 árs“ og síðasta gildið skal vera „100+“, merkt „100+“ og skilgreint sem „100 ára eða eldri“.

— NACE-kóði (NACECodeValue): Atvinnugreinaflokkun samkvæmt Hagstofu Evrópusambandsins, eins og tilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 og þrengri gildi sem eru skilgreind af gagnaveitendum.

— Kyn (GenderValue): Kyn einstaklings eða hóps einstaklinga, eins og tilgreint er í lið 4.7 í I. viðauka.

10.3.3. *Breyta (VariableValue)*

Kóðagildi fyrir heiti breyta.

10.3.4. *Tölfræðileg mæliaðferð (StatisticsMeasurementMethodValue)*

Kóðagildi fyrir tölfræðilega mæliaðferð.

10.3.5. *Staða tölfræðilegra gagna (StatisticalDataStatusValue)*

Kóðagildi fyrir stöðu.

10.3.6. *Sérstakt gildi (SpecialValue)*

Kóðagildi fyrir sérstök gildi.“

33) Í stað liðar 11.3 kemur eftirfarandi:

„11.3. **Kóðaskrár**

11.3.1. *Kóði fyrir svæðistegund (ZoneTypeCode)*

Flokkun á háu stigi sem skilgreinir tegund stjórnunar-, takmörkunar- eða reglugerðarsvæðis.

11.3.2. *Kóði fyrir sérhæfða svæðistegund (SpecialisedZoneTypeCode)*

Viðbótarflokkunargildi sem skilgreinir tegund sérhæfðs svæðis.

11.3.3. *Umhverfisóðal (EnvironmentalDomain)*

Umhverfisóðal sem hægt er að skilgreina umhverfismarkmið fyrir.“

34) Í stað fyrstu töflu í lið 12.2.1 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
beginLifeSpanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifeSpanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
validFrom	Tímasetning þess þegar þátturinn, sem varð fyrir váhrifum, varð til í raunheiminum.	DateTime	voidable
validTo	Tímasetningin frá og með því að þátturinn, sem varð fyrir váhrifum, hættir að vera til í raunheiminum.	DateTime	voidable“

35) Í stað fyrstu töflu í lið 12.2.2 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
beginLifeSpanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
determinationMethod	Tilgreinir hvort hættusvæðið er afmarkað eftir gerð líkans eða ákvarðað samkvæmt túlkun.	DeterminationMethodValue	
endLifeSpanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
typeOfHazard	Almenn flokkun og sértæk flokkun á tegund hættu af náttúrulegum uppruna.	NaturalHazardClassification	

validityPeriod	Tímamörkin þegar líkanið gildir.	TM_Period	voidable“

36) Í stað fyrstu töflu í lið 12.2.4 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
beginLifeSpanVersion	Dagsetning og tími þegar þessi útgáfa landhlutarins var sett inn eða henni breytt í landgagnasafninu.	DateTime	voidable
endLifeSpanVersion	Dagsetning og tími þegar þessari útgáfu landhlutarins var skipt út eða hún tekin úr landgagnasafninu.	DateTime	voidable
inspireId	Ytra kennimerki landhlutarins.	Identifier	
sourceOfRisk	Almenn flokkun og sértæk flokkun á tegund hættu sem er uppspretta áhættu.	NaturalHazardClassification	
validityPeriod	Takmörkuð tímamörk þegar líkanið mun gilda.	TM_Period	voidable“

37) Í stað töflunnar í lið 12.3.4 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
hazardCategory	Almenn flokkun á tegundum hætta af náttúrulegum uppruna.	NaturalHazardCategoryValue	
specificHazardType	Viðbótarflokkun hættu af náttúrulegum uppruna þar sem tegund hættu er tilgreind nánar samkvæmt nafnakerfi sem er sértækt fyrir þetta gagnasafn.	SpecificHazardTypeValue	voidable“

38) Liður 12.4. fellur brott.

39) Í stað liðar 12.5 kemur eftirfarandi:

„12.5. **Kóðaskrár**

12.5.1. *Flokkur þáttar sem verður fyrir váhrifum (ExposedElementCategoryValue)*

Flokkun á þættinum sem verður fyrir váhrifum.

12.5.2. *Flokkur hættu af náttúrulegum uppruna (NaturalHazardCategoryValue)*

Almenn flokkun á tegundum hætta af náttúrulegum uppruna.

12.5.3. *Sértæk tegund þáttar sem verður fyrir váhrifum (SpecificExposedElementTypeValue)*

Viðbótarnafngift þátta sem verða fyrir váhrifum.

12.5.4. *Sértæk tegund hættu (SpecificHazardTypeValue)*

Viðbótarflokkun hættu af náttúrulegum uppruna.

12.5.5. *Ákvörðunaraðferð (DeterminationMethodValue)*

Kóðaskrá til að lýsa aðferðinni sem er notuð til að ákvarða hættu- eða áhættusvæði.“

40) Í stað liðar 13.1 kemur eftirfarandi:

„13.1. **Skipulag landgagnaþemanna „skilyrði í lofthjúp og veðurfræðilegar landfræðifitjur“**

Tegundirnar sem eru tilgreindar vegna landgagnaþemanna „skilyrði í lofthjúp og veðurfræðilegar landfræðifitjur“ eru skipulagðar í eftirfarandi pökkum:

— Skilyrði í lofthjúp og veðurfræðilegar landfræðifitjur

— Sérhæfðar athuganir (tilgreindar í lið 7.4 í I. viðauka)

— Ferli (tilgreind í lið 7.2 í I. viðauka)

— Eiginleikar sem hægt er að athuga (tilgreindir í lið 7.3 í I. viðauka)

— Tilvísanir í athuganir (tilgreindar í lið 7.1 í I. viðauka)“

41) Í stað liðar 13.2.1 kemur eftirfarandi:

„13.2.1. *Kóðaskrár*

13.2.1.1. Viðmiðunarþáttur ESB vegna loftgæða (EU_AirQualityReferenceComponentValue)

Skilgreiningar á fyrirbærum sem varða loftgæði í samhengi við skýrslugjöf samkvæmt löggjöf Sambandsins.

13.2.1.2. GRIB-tafla 4.2. frá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni yfir kóða og gaumfána (GRIB_CodeTable4_2Value)

Skilgreiningar á fyrirbærum sem eru athuguð í veðurfræði.“

42) Í stað liðar 14.2.1 kemur eftirfarandi:

„14.2.1. *Kóðaskrár*

14.2.1.1. BODC P01 stikanotkun (BODC_P01ParameterUsageValue)

Skilgreiningar á fyrirbærum sem eru athuguð í haffræði.“

43) Í stað liðar 15.1.2 kemur eftirfarandi:

„15.1.2. *Haf (Sea)*

Umfang hafsins á flóði („meanHighWater“).

Þessi tegund er undirtegund „SeaArea“.

Skorður landhlutartegundarinnar „Sea“

Hafið er skilgreint við meðalflóðamörk. Slaka má á þessari skorðu ef ekki er umtalsverður munur á sjávarhæð á milli sjávarfalla.

Landhlutartegundir tegundarinnar „Sea“ skulu eingöngu hafa eitt gildi fyrir eigindina „extent“.“

44) Í stað liðar 15.1.3 kemur eftirfarandi:

„15.1.3. *Straumasvæði í hafi (MarineCirculationZone)*

Hafsvæði sem er skilgreint út frá eðlis- og efnafræðilegum straumamynstrum þess. Vanalega notað fyrir stjórnun og skýrslugjöf um sjávarumhverfið eða umhverfisflokkanir fyrir haf.

Þessi tegund er undirtegund „SeaArea“.

Eigindir landhlutartegundarinnar „MarineCirculationZone“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
zoneType	Tegund straumasvæðis í hafi, t.d. „sedimentCell“.	ZoneTypeValue	

Skorður landhlutartegundarinnar „MarineCirculationZone“

Landhlutartegundir tegundarinnar „MarineCirculationZone“ skulu eingöngu hafa eitt gildi fyrir eigindina „extent“.“

45) Ákvæði liðar 15.1.6 falla brott.

46) Eftirfarandi liður 15.2.4 bætist við:

„15.2.4. Strandbútur (ShoreSegment)

Strandbútur er hluti af strandlengju.

Eigindir gagnategundarinnar „ShoreSegment“

Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
Geometry	Rúmfræði „ShoreSegment“.	GM_Curve	
shoreClassification	Megintegund strandbútsins, fengin úr „ShoreTypeClassificationValue“ kóðaskránni.	ShoreTypeClassificationValue	voidable
shoreStability	Meginstöðugleikategund strandbútarins, fengin úr „ShoreStabilityValue“ kóðaskránni.	ShoreStabilityValue	voidable“

47) Í stað liðar 15.3 kemur eftirfarandi:

„15.3. **Kóðaskrár**

15.3.1. *Tegundaflokkun fyrir hafsvæði (SeaAreaTypeClassificationValue)*

Flokkunartegund fyrir „SeaArea“, t.d. „estuary“, „openOcean“.

15.3.2. *Þekja á hafsbotni (SeaBedCoverValue)*

Tegundir af þekjum sem fyrirfinnast á hafsbotni.

15.3.3. *Flokkun yfirborðs sjávar (SeaSurfaceClassificationValue)*

Tegundir sjávaryfirboðslaga sem finnast á yfirborði sjávar.

15.3.4. *Stöðugleiki strandar (ShoreStabilityValue)*

Stöðugleikategundir strandbúta.

15.3.5. *Flokkun á tegund strandar (ShoreTypeClassificationValue)*

Tegundir strandbúta.

15.3.6. *Tegund svæðis (ZoneTypeValue)*

Tegundir straumasvæða í hafi.“

48) Í stað liðar 16.2 kemur eftirfarandi:

„16.2. **Kóðaskrár**

16.2.1. *Flokkunarstig landsvæðis (RegionClassificationLevelValue)*

Kóðar sem skilgreina flokkunarstig landsvæðisflokksins.

16.2.2. *Landssvæðaflokkunaráætlun (RegionClassificationSchemeValue)*

Kóðar sem skilgreina ýmis líflandfræðileg landsvæði.

16.2.3. *Landsvæðaflokkun (RegionClassificationValue)*

Kóðar sem eru notaðir til að skilgreina ýmis líflandfræðileg landsvæði.

Þessi kóðaskrá samanstendur af gildunum í kóðaskránum hér á eftir eða öðrum kóðaskrám sem gagnaveitendur tilgreina:

— Flokkun lagskiptinga í umhverfinu (EnvironmentalStratificationClassificationValue): Kóðar fyrir umhverfislagskiptingu eftir loftslagi í Sambandinu, eins og tilgreint er í Metzger, M.J., Shkaruba, A.D., Jongman, R.H.G. & Bunce, R.G.H., *Descriptions of the European Environmental Zones and Strata*. Alterra, Wageningen, 2012.

— Flokkun samkvæmt haftilskipuninni (MarineStrategyFrameworkDirectiveClassificationValue): Kóðar fyrir flokkun samkvæmt haftilskipuninni, eins og tilgreint er í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB (*).

— Flokkun samkvæmt Evrópuneti verndarsvæða og líflandfræðilega smaragðsnetinu (Natura2000AndEmeraldBio-geographicalRegionClassificationValue): Kóðar fyrir flokkun líflandfræðilegra landsvæða, eins og tilgreint er í kóðaskránni fyrir líflandfræðileg landsvæði, Evrópa 2011 (e. *Code List for Bio-geographical Regions, Europe 2011*), sem birt er á vefsetri Umhverfisstofnunar Evrópu.

— Flokkun náttúrulegs gróðurs (NaturalVegetationClassificationValue): Kóðar fyrir flokkun á náttúrulegum gróðri, eins og tilgreint er í meginskiptingunum í Bohn, U., Gollub, G., and Hettwer, C., *Map of the natural vegetation of Europe: scale 1:2,500,000, Part 2: Legend*, Bundesamt für Naturschutz (German Federal Agency for Nature conservation), Bonn, 2000.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).“

49) Í stað liðar 17.4 kemur eftirfarandi:

„17.4. **Kóðaskrár**

17.4.1. *Staðbundið heiti sérgreinis (QualifierLocalNameValue)*

Skrá yfir gildi sem tilgreina tengslin á milli heitis með staðbundna notkun og heitis sem er notað á samevrópskum grundvelli.

17.4.2. *Kóði fyrir viðmiðunarvistgerðir (ReferenceHabitatTypeCodeValue)*

Gildi notuð í samevrópsku flokkunarkerfunum fyrir búsvæði.

Þessi kóðaskrá samanstendur af gildunum í eftirfarandi kóðaskrám:

— EUNIS-vistgerðakóði (ReferenceHabitatTypeCodeValue): Flokkun vistgerða samkvæmt gagnagrunni EUNIS um líffræðilega fjölbreytni (Evrópska náttúruupplýsingakerfið (e. *European Nature Information System*)), eins og tilgreint er í EUNIS-vistgerðaflokkuninni sem er gefin út á vefsetri Umhverfisstofnunar Evrópu.

— Kóði samkvæmt vistgerðatilskipuninni (HabitatsDirectiveCodeValue): Flokkun vistgerða samkvæmt I. viðauka við tilskipun 92/43/EBE.

— Kóði samkvæmt haftilskipuninni (MarineStrategyFrameworkDirectiveCodeValue): Flokkun vistgerða samkvæmt töflu 1 í III. viðauka við tilskipun 2008/56/EB.

17.4.3. *Kerfi fyrir viðmiðunarvistgerðir (ReferenceHabitatTypeSchemeValue)*

Þetta gildi skilgreinir hvaða samevrópska flokkunarkerfi fyrir búsvæði hefur verið notað.

17.4.4. *Kóði fyrir staðbundið heiti (LocalNameCodeValue)*

Kennimerki fengið úr einhverju staðbundnu flokkunarkerfi.“

50) Í stað orðanna „RangeType“ þriðju færslu „populationSize“ í töflunni í lið 18.3.2 kemur „RangeType (eins og skilgreint er í lið 18.3.3)“.

51) Í stað liðar 18.4 kemur eftirfarandi:

„18.4. **Kóðaskrár**

18.4.1. *Talningaraðferð (CountingMethodValue)*

Aðferð við að frá fram tölur sem gefa til kynna þéttleika tegundar innan hópunareiningar.

18.4.2. *Talningareining (CountingUnitValue)*

Sú skilgreinda eining sem er notuð til að gefa upp talinn eða áætlaðan fjölda sem gefur til kynna þéttleika tegundar í „SpeciesDistributionUnit“.

18.4.3. *Kóði fyrir staðbundið tegundarheiti (LocalNameCodeValue)*

Tegundarkennimerki fengið úr einhverju staðbundnu flokkunarkerfi.

18.4.4. *Tilvikaflokkur (OccurrenceCategoryValue)*

Þéttleiki stofns tegundarinnar innan „SpeciesDistributionUnit“.

18.4.5. *Stofntegund (PopulationTypeValue)*

Varanleiki stofna, einkum með tilliti til fartegunda innan tiltekinnar tegundardreifieiningar.

18.4.6. *Sérgreinir (QualifierValue)*

Þetta gildi skilgreinir tengslin á milli flokkunarfræðilegra hugtaka staðbundins tegundarheitis og heitis tilvísunartegundarinnar sem gefið er upp með kennimerki tilvísunartegundar eða í tilvísunartegundakerfi.

18.4.7. *Kóði tilvísunartegundar (ReferenceSpeciesCodeValue)*

Tilvísunarskrár sem innihalda tegundakennimerki.

Þessi kóðaskrá samanstendur af gildunum í eftirfarandi kóðaskrám:

— ESB-Nomen kóði (EuNomenCodeValue): Tilvísanaskrár sem innihalda ESB-Nomen-tegundakennimerkin, eins og tilgreint er í grunngerð samevrópsku tegundaskránna sem er aðgengileg í gegnum ESB-Nomen vefgáttina.

— EUNIS-tegundakóði (EunisSpeciesCodeValue): Tilvísanaskrár sem innihalda EUNIS-tegundakennimerkin, eins og tilgreint er í gagnagrunni EUNIS um líffræðilega fjölbreytni, sem er birtur á vefsetri Umhverfisstofnunar Evrópu.

— Kóði samkvæmt náttúrutilskipunum (NatureDirectivesCodeValue): Tilvísanaskrár sem innihalda tegundakennimerki úr náttúrutilskipunum, eins og tilgreint er í tilvísanagáttinni fyrir Evrópunet verndarsvæða (Natura 2000) eins og skilgreint er í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/484/ESB (*).

18.4.8. *Tilvísunartegundakerfi (ReferenceSpeciesSchemeValue)*

Tilvísanaskrár sem skilgreina nafnakerfis- og flokkunarfræðilegan staðal sem hægt er að nota við kortlagningu á staðbundnum heitum og flokkunarfræðilegum hugtökum.

18.4.9. *Dvalarstaða (ResidencyStatusValue)*

Flokkur dvalarinnar sem fyrir kemur eða áætluð stofnstærð innan tiltekinnar hópunareiningar.

(*) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/484/ESB frá 11. júlí 2011 um snið fyrir upplýsingar um svæði innan Evrópunets verndarsvæða (Stjtíð ESB L 198, 30.7.2011, bls. 39).“

52) Í stað töflunnar í lið 19.3.1.3 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
range	Talnasvið sem birtir hæðar- eða dýptarsvið orkuauðlindar.	VerticalExtentRangeType	

scalar	Tala sem birtir hæð eða dýpt orkuauðlindar.	Length“	

53) Í stað liðar 19.3.2 kemur eftirfarandi:

„19.3.2. *Kóðaskrár*

19.3.2.1. Flokkunar- og magnákvörðunarrammi (ClassificationAndQuantificationFrameworkValue)

Gildi fyrir mest notuðu flokkunarkerfin til að flokka og magngreina orkuauðlindir.

19.3.2.2. Jarðefnaeldsneytisflokkur (FossilFuelClassValue)

Gildi sem gefa til kynna hin ýmsu stig jarðefnaeldsneytisauðlinda.

19.3.2.3. Endurnýjanleg orka og úrgangsorka (RenewableAndWasteValue)

Tegundir endurnýjanlegra auðlinda og úrgangsauðlinda.

19.3.2.4. Jarðefnaeldsneyti (FossilFuelValue)

Tegundir jarðefnaeldsneytis.

19.3.2.5. Lóðrétt tilvísun (VerticalReferenceValue)

Gildi sem gefa til kynna viðmiðunarstig lóðrétta umfangsins.“

54) Í stað töflunnar í lið 19.4.2.5 kemur eftirfarandi:

„Eigind	Skilgreining	Tegund	Voidability
calorificValue	Hverri jarðefnaeldsneytisauðlind er lýst út frá varmagildi hennar, þ.e. orkumagninu sem er fáanlegt úr massaeiningu.	CalorificValueType	voidable
quantity	Magn auðlindar samkvæmt sértæku flokkuninni.	FossilFuelMeasure	voidable“
typeOfResource	Tegund jarðefnaeldsneytis.	FossilFuelValue	

55) Í stað liðar 19.5.2 kemur eftirfarandi:

„19.5.2. *Kóðaskrár*

19.5.2.1. Tegund möguleika (PotentialTypeValue)

Tegundir mögulegrar orku frá endurnýjanlegum auðlindum og úrgangsauðlindum.“

56) Í stað liðar 20.3.3 kemur eftirfarandi:

„20.3.3. *Kóðaskrár*

20.3.3.1. Flokkunaraðferð sem er notuð (ClassificationMethodUsedValue)

Kóðar sem gefa til kynna aðferðina sem er notuð til að reikna mælinguna á málmgrýtinu.

20.3.3.2. Hrávörukóði (CommodityCodeValue)

Gildi sem gefa til kynna tegund hrávöru.

20.3.3.3. Möguleg endanleg notkun (EndusePotentialValue)

Gildi sem gefa til kynna mögulega endanlega notkun jarðefnisins.

20.3.3.4. Tegund leitarstarfsemi (ExplorationActivityTypeValue)

Tegundir leitarstarfsemi sem fer fram.

20.3.3.5. Niðurstöður leitar (ExplorationResultValue)

Gildi sem gefa til kynna útkomuna úr leitarstarfseminni.

20.3.3.6. Mikilvægi (ImportanceValue)

Gildi sem gefa til kynna mikilvægi hrávörunnar fyrir jarðefnaauðlindina.

20.3.3.7. Staða námu (MineStatusValue)

Gildi sem gefa til kynna rekstrarlega stöðu námunnar.

20.3.3.8. Hópur jarðefnamyndana (MineralDepositGroupValue)

Gildi sem gefa til kynna hópun jarðefnamyndana á grunni almennra eiginleika þeirra.

20.3.3.9. Tegund jarðefnamyndana (MineralDepositTypeValue)

Gildi sem gefa til kynna um hvers konar jarðefnafyrirkomu eða -myndun er að ræða.

20.3.3.10. Tegund jarðefnafyrirkomu (MineralOccurrenceTypeValue)

Tegund jarðefnis sem kemur fyrir.

20.3.3.11. Tegund námuvinnslu (MiningActivityTypeValue)

Tegund námuvinnslu, vinnslustarfsemi eða framleiðslu.

20.3.3.12. Tegund vinnslustarfsemi (ProcessingActivityTypeValue)

Gildi sem gefa til kynna þá tegund vinnslu sem fer fram meðan á námuvinnslunni stendur.

20.3.3.13. Forðaflokkur (ReserveCategoryValue)

Hve traust áætlunin um forðann er.

20.3.3.14. Auðlindaflokkur (ResourceCategoryValue)

Ábending um hvort auðlindin hefur verið mæld, tilgreind eða ályktuð.“

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2049 **2025/EES/10/79**

frá 14. júlí 2023

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar vörur með viðbættu kvikasilfri sem falla undir framleiðslu-, innflutnings- og útflutningsbann (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 ([1]), einkum 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 skulu útflutningur, innflutningur og framleiðsla í Sambandinu á vörum með viðbættu kvikasilfri, sem settar eru fram í II. viðauka við þá reglugerð, bönnuð frá og með þeim dagsetningum sem settar eru fram í þeim viðauka, að undanskildum vörum sem eru nauðsynlegar til almannavarna og hernaðarnota og vörum til rannsókna, til kvörðunar á tækjabúnaði, eða til notkunar sem viðmiðunarstaðlar.

2) Minamatasamningurinn um kvikasilfur (hér á eftir nefndur „samningurinn“) var gerður af Sambandinu með ákvörðun ráðsins (ESB) 2017/939 ([2]) og öðlaðist gildi 16. ágúst 2017. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. samningins eru útflutningur, innflutningur og framleiðsla á vörum með viðbættu kvikasilfri sem eru skráðar í I. hluta viðauka A við samninginn óheimil eftir tilgreinda tímasetningu þess að notkun á þessum vörum er hætt í áföngum. Í 8. mgr. 4. gr. samningsins er þess krafist að ráðstefna aðila að samningnum endurskoði viðauka A við samninginn eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag hans.

3) Sambandið lagði fram tillögur til breytinga á viðaukum A og B við samninginn með ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/727 ([3]). Á fjórðu ráðstefnu aðila að samningnum sem var haldin 21. til 25. mars 2022 var ákvörðun MC-4/3 um breytingu á I. hluta viðauka A við samninginn með því að bæta átta vörum með viðbættu kvikasilfri í þann viðauka samþykkt. Sú ákvörðun var studd af hálfu Sambandsins með ákvörðun ráðsins (ESB) 2022/549 ([4]).

4) Í A-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852 eru nú þegar skráðir þannemar sem eru notaðir með rúmtaksritum sem ein af vörunum með viðbættu kvikasilfri sem var bætt við í I. hluta viðauka A við samninginn með ákvörðun MC-4/3, sem og sambyggðir flúrlampar með innbyggðri straumfestu (CFL.i) fyrir almenna lýsingu sem eru ≤ 30 vött með kvikasilfursinnihaldi yfir 2,5 mg á hvert ljósastæði. Þar af leiðandi og til að laga reglugerð (ESB) 2017/852 að ákvörðun MC-4/3 er nauðsynlegt að bæta sjö vörum með viðbættu kvikasilfri í A-hluta II. viðauka við þá reglugerð: i. sambyggðir flúrlampar með innbyggðri straumfestu (CFL.i) fyrir almenna lýsingu sem eru ≤ 30 vött með kvikasilfursinnihaldi sem fer ekki yfir 2,5 mg á hvert ljósastæði, ii. kaldskautsflúrperur (CCFL) og flúrperur með utanáliggjandi rafskautum (EEFL) í öllum lengdum fyrir rafeindaskjái, iii. bræðsluþrýstiskynjarar, bræðsluþrýstisendar og bræðsluþrýstinemar, iv. lofttæmisdælur með kvikasilfri, v. jafnvægisstillingarvélar fyrir hjólbarða og þyngdarklossar, vi. ljósmyndafilma og -pappír og vii. drifefni fyrir gervihnetti og geimför.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/852 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 236, 26.9.2023, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1.

([2]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2017/939 frá 11. maí 2017 um gerð Minamatasamningsins um kvikasilfur, fyrir hönd Evrópubandalagsins (Stjtíð. ESB L 142, 2.6.2017, bls. 4).

([3]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/727 frá 29. apríl 2021 um að leggja fram, fyrir hönd Evrópusambandsins, tillögur að breytingum á viðaukum A og B við Minamatasamninginn um kvikasilfur að því er varðar vörur með viðbættu kvikasilfri og framleiðsluferli þar sem kvikasilfur eða kvikasilfurssambönd eru notuð (Stjtíð ESB L 155, 5.5.2021, bls. 23).

([4]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2022/549 frá 17. mars 2022 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins í öðrum hluta fjórða fundar ráðstefnu aðilanna að Minamatasamningnum um kvikasilfur að því er varðar að samþykkja ákvörðun til að breyta viðaukum A og B við þann samning (Stjtíð. ESB. L 107, 6.4.2022, bls. 78).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu 3a er bætt við:

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Frá hvaða degi bannað er að flytja út, flytja inn og framleiða vörur með viðbættu kvikasilfri
„3a. Sambyggðir flúrlampar með innbyggðri straumfestu (CFL.i) fyrir almenna lýsingu sem eru ≤ 30 vött með kvikasilfursinnihaldi sem fer ekki yfir 2,5 mg á hvert ljósastæði.	31.12.2025“

2) Eftirfarandi færslu 6a er bætt við:

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Frá hvaða degi bannað er að flytja út, flytja inn og framleiða vörur með viðbættu kvikasilfri
„6a. Kaldskautsflúrperur (CCFL) og flúrperur með utanáliggjandi rafskautum (EEFL) í öllum lengdum fyrir rafeindaskjái, sem falla ekki undir færslu 6.	31.12.2025“

3) Eftirfarandi færslum 10. og 11. er bætt við:

Vörur með viðbættu kvikasilfri	Frá hvaða degi bannað er að flytja út, flytja inn og framleiða vörur með viðbættu kvikasilfri
„10. Eftirfarandi raf- og rafeindamælitæki að undanskildum þeim sem eru sett upp í stórum búnaði eða búnaði sem er notaður til hárnákvæmra mælinga, ef enginn kvikasilfurslaus valkostur er fáanlegur: a) bræðsluþrýstiskynjarar, b) bræðsluþrýstisendar, c) bræðsluþrýstinemar.	31.12.2025
11. Aðrar vörur með viðbættu kvikasilfri: a) lofttæmisdælur með kvikasilfri, b) jafnvægisstillingarvélar fyrir hjólbarða og þyngdarklossar, c) ljósmyndafilma og -pappír, d) drifefni fyrir gervihnetti og geimför.	31.12.2025“